Lagafrumvörp felld.

1. Prófessorsembætti í læknadeild háskólans.

Á 11. fundi í Nd., 20. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um stofnun nýs prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands [87. mál] (stjfrv., A. 101).

Á 12. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Frv. þetta var lagt fyrir síðasta Alþingi og hlaut þá ekki afgreiðslu, og hefur ríkisstj. orðið ásátt um að leggja frv. nú fyrir þetta þing. Það er fyrir eindregin tilmæli háskólaráðs, að þetta hefur verið gert, sökum þess að það telur knýjandi þörf fyrir aukna kennslukrafta í þeim fræðum, sem hér um ræðir, í lífeðlis- og lífefnafræði. Eftir að prófessorsembætti var stofnað í þessum fræðigreinum, 1937, innrituðust árlega að meðaltali í læknadeild 16 stúdentar, en á síðustu árum hafa árlega innritazt að jafnaði 44 stúdentar í deildina. Árin 1932—37 var nemendafjöldinn í læknadeild að meðaltali 69 stúdentar, en á árunum 1946—51 var stúdentafjöldinn að jafnaði 156. Af þessu má sjá, að afar mikil aukning hefur orðið á nemendafjölda í læknadeild, síðan núverandi prófessor í lífefna- og lífeðlisfræði tók við störfum.

Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt fyrir Háskóla Íslands að geta veitt stúdentum sem mesta og bezta fræðslu í þessum efnum, svo að þeir þurfi að sækja sem minnsta framhaldsfræðslu til útlanda að námi loknu í háskólanum. — Að lokinni þessari umr. legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og menntamálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., 11. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 101, n. 389 og 416).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. er stjórnarfrv., og er efni þess að skipta þeirri kennslu, sem einn prófessor í læknadeild háskólans hefur nú, í tvennt, þ. e. a. s. stofna nýtt embætti í lífeðlis- og lífefnafræði. Þessi ósk er rökstudd allýtarlega í grg. frv.

Menntmn., sem hafði málið til meðferðar, fékk þann háskólakennara, sem hér á hlut að máli, á fund, og útskýrði hann málið og svaraði spurningum. Þær kennslugreinar, sem hann hefur haft með höndum að undanförnu, eru orðnar svo umfangsmiklar, að ótækt þykir að ætla það einum manni. — Meiri hl. menntmn. leggur til, að þetta stjórnarfrv. verði samþ.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Um þetta frv. gegnir sama máli og það, sem síðast var hér til umræðu. Menntmn. hefur klofnað um afstöðu sína til málsins, og er það till. minni hl. n., að málið verði afgreitt með þeirri rökstuddu dagskrá, sem prentuð er í nál. á þskj. 416.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 39. fundi í Nd., 12. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 416 felld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, ÁB, EirÞ, EystJ, HÁ, IngJ, JG, JPálm, JS, JörB, LJós, PÞ, PO.

nei: StJSt, ÁS, EOl, GTh, GÞG, HV, JóhH, JÁ, JR, KS, MJ, SÁ, SG.

SB greiddi ekki atkv.

8 þm. (StgrSt, AE, ÁkJ, BÓ, EmJ, GG, HelgJ, ÓTh) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Þar sem ég sé í þskj. málsins, að hæstv. ríkisstj. hefur orðið ásátt um að leggja til við Alþ., að þetta embætti verði stofnað, þá segi ég nei.

1. gr. samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JR, KS, MJ, SÁ, SG, StJSt, ÁS, EOl, EmJ, GTh, GÞG, HV, JóhH, JÁ.

nei: JörB, LJós, PÞ, PO, SkG, ÁB, EirÞ, HÁ, IngJ, JG, JPálm, JS, SB.

8 þm. (ÓTh, StgrSt, AE, ÁkJ, BÓ, EystJ, GG, HelgJ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 14:9 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það er fsp. til forseta, hvernig beri að skilja það, ef það verður neitað að vísa frv. til 3. umr. Verður þá atkvgr. við 3. umr. umræðulaust? Eða hvernig ber að skilja það?

Forseti (SB): Þá er frv. að sjálfsögðu úr sögunni, ef fellt er að vísa því til 3. umr.

Fellt að vísa frv. til 3. umr. með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, HelgJ, JóhH, JÁ, JR, KS, MJ, SÁ, ÁS, EOl, EmJ, GTh, GÞG.

nei: IngJ, JG, JPálm, JS, JörB, LJós, PÞ, PO, SkG, ÁB, EirÞ, HÁ, SB.

SG, StJSt greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÓTh, StgrSt, AE, ÁkJ, BÓ, EystJ, GG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Þar sem þetta er frv. flutt af stjórninni og heyrir sérstaklega undir einn ráðh., sem verið hefur hér inni í d., en er farinn og enginn ráðherra við, þá vil ég ekki taka þátt í þessari atkvgr. lengur og sit hjá.

Einar Olgeirsson: Þar sem flestöll þau frv., sem hæstv. ríkisstj. hefur flutt fyrir Alþ., eru til bölvunar, þá finnst mér rétt, að þau fáu, sem til einhvers góðs horfa, séu studd af stjórnarandstöðunni, sérstaklega þegar það kemur í ljós, að enginn ráðherra sýnir sig í d. til þess að greiða atkv. með henni. Þess vegna segi ég já.

Að atkvgr. lokinni mælti

Einar Olgeirsson: Ég vildi leyfa mér út frá venjulegum þingræðisreglum að spyrja hæstv. forseta, hvað hann áliti að þyrfti að fella mörg stjórnarfrv. á dag, til þess að ríkisstj. segði af sér.

Forseti (SB): Út af þessari fsp. skal það tekið fram, að forseti telur sér ekki skylt að svara henni.

2. Uppsögn varnarsamnings.

Á 29. fundi í Nd., 20. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og afnám l. um lagagildi hans [160. mál] (þmfrv., A. 262).

Á 31. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Við þm. Sósfl. í þessari hv. d. höfum leyft okkur að leggja fram frv. um, að þeim varnarsamningi, sem gerður hefur verið milli Íslands og Bandaríkjanna, verði sagt upp, og við álítum tíma til þess kominn, að þetta mál sé tekið til alvarlegrar umr. hér á Alþ. og að uppsögn samningsins sé eftir þeirri reynslu, sem þegar hefur af honum fengizt, orðin tímabær.

Ég vil þá fyrst leyfa mér að minna þá hv. þm. á, sem samþ. þennan samning, þegar hann var gerður, fyrst með því að vera kallaðir saman til leynilegra funda í maíbyrjun 1951 til þess að ljá samþykki sitt til brbl. og síðan samþ. hann, þegar Alþ. kom saman fyrir rúmu ári síðan, — ég vil leyfa mér að minna þá á þær forsendur, sem voru í þeirra eigin hugum, þegar samningur þessi var samþ. Þá var því þannig lýst, að yfir Íslandi vofði hætta hernaðarlegrar árásar úr austri og að svo framarlega sem ekki yrði brugðizt skyndilega við og landinu tryggður ameríkur her til varnar, þá væri voðinn vís, og hér kynni að vera skollið yfir rússneskt hernám, áður en nokkrir dagar eða vikur liðu, svo framarlega sem ekki væri þannig búizt við. Og ég þykist alveg vita, að það hefði verið óhugsandi, að svo margir þm. sem léðu samþykki sitt til þessa samnings hafi gert það af öðrum ástæðum en þeim, að þeir hafi lagt trúnað á þessar forsendur. Nú er það orðið svo ljóst sem vera má, að slík „hætta" var ekki fyrir hendi, þegar þessi samningur var gerður. Allan þann tíma, sem þessi samningur hefur verið í gildi, hefur verið hér fámennt „varnarlið", ef svo mætti kalla það. Svo framarlega sem sú hætta hefur vofað yfir 5. og 7. maí 1951, sem hv. þm. var talin trú um, þá hefur hún raunverulega verið allan þennan tíma, og það hefði verið hægt að framkvæma þá árás, sem talað var um, hvenær sem var. Landið var jafnvarnarlaust, þótt þessir amerísku drengir væru að skemmta sér suður á Keflavíkurflugvelli eða hér í Reykjavík, það var jafnvarnarlaust og þegar við vorum hér óvopnaðir sjálfir. Hafi menn þess vegna gert þennan samning í góðri trú, þá er það nú séð, að með þessum samningi er meiri hætta kölluð yfir okkar land en sú ímyndaða hætta, sem reynt var að telja mönnum trú um, að við værum að forðast.

Ég mun síðar koma nánar inn á, hvernig hagar heimsmálunum og hvort hervæðing í okkar landi mundi hafa eitthvert gildi eða vera að einhverju leyti nauðsynleg vegna ástandsins í veröldinni, en það, sem nú verður fyrst og fremst að líta á, það er, hverjar aðstæðurnar séu fyrir okkur hér heima og hvað þessi ársreynsla af amerísku hernámi hafi nú þegar flutt okkur. Ég býst við, að flestir þeir, sem hernámið samþykktu, hafi gert það með nokkrum ugg um, hvaða afleiðingar kynni af því að leiða fyrir land okkar, og nú, þegar hálft annað ár er liðið síðan amerískur her settist hér að aftur, þá á ég bágt með að trúa því, að nokkur maður sé til, sem ekki er smeykari við þetta hernám en hann var, þegar ameríska hernum var boðið hingað heim. Það hefur sýnt sig á þessu ári, sem liðið er, að hættan, sem af dvöl amerísks herliðs í landi okkar stafar, er miklu meiri en þeir, sem voru með samningnum, og þeir jafnvel, sem voru á móti samningnum, gerðu sér í hugarlund.

Hættan fyrir menningu vora er svo ægileg, að spillingin, sem af hernáminu stafar, grípur daglega um sig hjá hærri sem lægri, fyrst og fremst hér í Reykjavík, en líka víðar og víðar um landið. Svo að segja engir hafa getað lokað augunum fyrir þessari hættu. Og því hefur nú þegar verið lýst svo greinilega hér á Alþ. áður og menn hafa orðið svo þegjandi og hugsandi við, að ég ætla fyrir mitt leyti ekki að reyna að endurtaka neitt af þeim lýsingum. Ég veit, að það hefur hvern einasta Íslending sviðið undan frásögnunum, sem birtar eru í erlendum blöðum af því, hvernig spillingin sé að verða í okkar höfuðborg sökum hins ameríska hernáms. Og það þýðir ekki fyrir okkur gagnvart þeirri ógnarmynd, sem dregin er upp af þeirri spillingu, og gagnvart þeim óhróðri, sem reynt er að flytja um land okkar út um heim vegna þess, — það dugir ekki fyrir okkur að stinga höfði í sandinn að dæmi strútsins. Við verðum að þora að horfast í augu við það ástand, sem hér hefur skapazt, og þora að gera ráðstafanir, sem geta bægt þessari spillingu frá okkur. Ég veit þess vegna, að ég þarf ekki að fara fleiri orðum um þá hættu. Þar getur hver stungið hendinni í eigin barm og finnur þá til þess, að hann mundi ekki vilja leiða yfir sína eigin þjóð þá smán og þá ógæfu, sem nú þegar er búið að leiða yfir mörg hundruð af íslenzkum fjölskyldum.

Þá skulum við hins vegar athuga stuttlega, hvernig Bandaríki Norður-Ameríku hafa staðið við þann samning, sem þau gerðu við okkur, og það vitum við öll, að gerð samningsins sjálfs, orðalag hans og samningurinn sjálfur var raunverulega það eina, sem við sem smáþjóð gátum treyst á í viðureigninni við svo stóra þjóð og svo voldugt ríki sem Bandaríki Norður-Ameríku eru.

Hvernig hefur svo þessi samningur verið haldinn? Þessi samningur hefur verið þverbrotinn á okkur. Það hefur ekki verið nokkurt hald í neinu af þeim atriðum, sem áttu að vera okkur til verndar í þessum samningi. Meira að segja það öryggi, sem átti að vera í því, að það væri nú her, en ekki almennt, amerískt, óeinkennisbúið lið, sem hingað kæmi, her, sem heyrði undir heraga og væri í sínum búningi, — meira að segja það atriði í samningnum hefur ekki verið haldið, atriði, sem þykir sjálfsagt að halda, hvar sem her er í heiminum. Í stað þess að reyna að hlífa okkur sem mest við umgengninni við hermennina, þá hafa beinlínis af stjórn ameríska hersins verið gefnar fyrirskipanir og leyfi um það, að amerískir hermenn skuli afklæðast sínum einkennisbúningum, til þess að þeir ættu hægara með að blandast okkar fámennu þjóð og koma fram þeim spillingaráhrifum, sem virðist ætlazt til að þeir hafi hérna og þeir kannske að sumu leyti af eðlilegum hvötum hafa tilhneigingar til að valda. Og þegar slík mál eru rædd hér á Alþ., þá er því aðeins svarað af hálfu stjórnarvaldanna sjálfra, að það séu því miður engir möguleikar til hvorki í samningnum né hægt að skapa lög um það að koma í veg fyrir slíka hluti, rétt eins og Íslendingar geti ekki sjálfir lengur sett þau lög í landi sínu, sem þeim þóknast. Ég býst við, að það særi flesta þá Íslendinga, sem á annað borð finna til sín sem tilheyrandi sérstakri þjóð, en ekki tilheyrandi einhverri ákveðinni hernaðarblokk, að horfa upp á það, sem er að gerast suður á Keflavíkurflugvelli. Ef það hefur sært einhverja af okkar forfeðrum að vera kúgaðir til þess að róa á kóngsbátum frá Suðurnesjum fyrir Bessastaðavaldið í sinni tíð, á meðan þeir fengu ekki að njóta sinna eigin auðlinda, sinna eigin atvinnutækja og vinna fyrir sjálfa sig, þá ætti það að særa okkur núna að horfa upp á hallirnar, sem rísa upp suður á Keflavíkurflugvelli fyrir amerísku liðsforingja og þeirra fjölskyldur, sem búa sig undir að setjast að í okkar landi, á meðan Íslendingum að amerísku undirlagi er bannað að byggja yfir sjálfa sig. Þetta særir okkar þjóðarstolt, að sjá hundruðum saman okkar íslenzka vinnuafl hagnýtt til þess að þræla fyrir útlenda, auðuga menn, á sama tíma sem því er bannað að vinna að því að bæta úr okkar eigin fátækt. Og það mun einhvern tíma koma sá tími, ef við reynumst ekki menn til að binda endi á það ástand, sem nú er að skapast, að afkomendur okkar eiga jafnerfitt með að skilja þessa kynslóð og við eigum stundum með að skilja þá menn, sem áratug eftir áratug og öld eftir öld létu beygja sig undir Bessastaðavaldið.

Í samningnum við Bandaríkjamenn var ákveðið, að hvergi skyldi neitt gert, sem að einhverju leyti tefldi í tvísýnu eða raskaði úrslitayfirráðum Íslands yfir íslenzkum málefnum. En hvað er gert þarna suður á Keflavíkurflugvelli, án þess að okkar íslenzku stjórnarvöld hafi gert nokkurn skapaðan hlut til þess að afstýra því? Það hafa gerzt hlutir eins og þeir, að það hafa raunverulega verið innleidd amerísk lög á Íslandi og verið farið eftir amerískum lögum, án þess að nokkur bókstafur væri til að styðjast við í samningnum, sem gerður var, heldur þvert á móti. Strax á þessu fyrsta ári hafa amerísku yfirvöldin sýnt sig í því að reyna að innleiða hér ameríska réttarfar og amerískar ofsóknir, amerískar aðferðir til þess að brjóta niður lýðræði, amerískar aðferðir til þess að brjóta niður jafnrétti og skoðanafrelsi, fasistiskar ofsóknir Ameríku eftir fyrirmynd óamerísku nefndarinnar. Einn af þeim Íslendingum, sem vann á Keflavíkurflugvelli, kona, sem að öllu leyti þótti óaðfinnanleg í öllu sínu starfi og hlaut meðmæli frá öllum sínum yfirboðurum fyrir starf sitt, fékk á miðju þessu ári uppsagnarbréf úr stöðu sinni, undirskrifað af þeim liðsforingja amerísku hersins, sem hafði með mál hinna íslenzku starfsmanna að gera. Það var ekkert undarlegt atriði, þótt einum manni eða konu væri sagt upp vinnu, það kemur oft fyrir, en það, sem var eftirtektarvert atriði í þessu sambandi, var það, að þessari konu var sagt upp vinnu með skírskotun í ákvæðin amerísk lög, 5. gr. amerísku laga nr. 20534, amerískra laga, sem ákveða svo, að þeir menn eða konur, sem séu í tengdum við eða skyld mönnum, sem tilheyri ákveðnum, pólitískum félögum, skuli ekki mega starfa einhvers staðar, þar sem amerískur her hefur starf með höndum. M. ö. o., íslenzkum aðila var sagt upp vinnu með skírskotun til amerískra laga, sem banna mönnum að vinna, ef einhverjir

þeirra nánustu hafa ákveðnar pólitískar skoðanir. — Í samningnum, sem gerður var við Bandaríkin 5. maí 1951, er tekið fram í viðbætinum um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna, 2. gr., 1. undirdeild, b-lið, með leyfi hæstv. forseta: „Liði Bandaríkjanna og skylduliði liðsmanna á Íslandi ber að virða íslenzk lög og hafast ekkert það að, sem fer í bága við anda þessa samnings, og einkum skulu þeir forðast að hafa nokkur afskipti af íslenzkum stjórnmálum.“ M. ö. o., þegar ameríska liðið kemur til Íslands, er það sérstaklega skuldbundið til þess og sett inn í íslenzk lög, að það skuli ekki dirfast á nokkurn hátt að raska því frelsi og því lýðræði og því jafnrétti, sem hér eigi að ríkja á Íslandi, jafnrétti allra manna, hvaða skoðanir sem þeir hafa, til þess að vinna á þessu landi. Ameríska liðinu var bannað að reyna að hafa nokkra aðgreiningu á mönnum hér heima í þessu efni, og þetta var sett vegna þess, að valdamönnum hérna á Íslandi var kunnugt um, hvers konar ófremdarástand, hvílík harðstjórn, hvílík skoðanaofsókn ríkir í Bandaríkjunum viðvíkjandi slíkum hlutum, og menn vildu ekki, að slíkt væri innleitt hér á Íslandi. En hvað gerist strax á fyrsta ári þessa samnings? Strax á fyrsta ári þessa samnings sýnir lið Bandaríkjanna sig í því að traðka þennan samning undir fótum, að rjúfa hann, að brjóta þau lög, sem sett voru um þennan samning, og gera tilraun til þess að koma á hér á Íslandi samsvarandi skoðanaofsóknum og eiga sér stað í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Ríkisstj. gerði ekkert til þess að afstýra neinu í þessu sambandi. Þvert á móti er vitanlegt, að nú sem stendur fer fram hér á Íslandi víðtæk njósnarstarfsemi af hálfu Ameríkana til þess að njósna um skoðanir Íslendinga, skrá þá að amerískum hætti og reyna á þann hátt að skipta sér af innanlandsmálum Íslendinga, af skoðanamyndunum Íslendinga og af frelsi Íslendinga til að vinna á sínu landi hvar sem þeim þóknast án tillits til þess, hvernig þeir hugsa. M. ö. o., af hálfu Bandaríkjahers, sem segist hingað kominn til þess að verja okkar lýðræði, okkar frelsi, eru strax á fyrsta ári dvalar hans hér á mörgum sviðum þverbrotin þau lög, sem eru um skyldur hans hér, þverbrotinn sá samningur, sem hann gerði, og allt í því skyni að eyðileggja þau mannréttindi, sem hér hafa verið í gildi hjá okkur í þessu landi.

Samtímis slíkum yfirgangi verður svo allur þorri landsmanna fyrir æ þyngri búsifjum af yfirgangi Bandaríkjanna. Ég þarf ekki að lýsa, hvernig verið er að svipta Íslendinga húsnæði tugum saman til þess að koma Ameríkönum alls staðar inn. Ég þarf ekki að lýsa, hvernig að ameríska undirlagi Íslendingum er bannað að byggja yfir sig, meðan verið er að byggja yfir Ameríkana í staðinn og búa til heilar borgir suður á Keflavíkurflugvelli. Og við skulum gera okkur ljóst, að þetta er að gerast aðeins á fyrsta ári samningsins. Hvað er svo í vændum, þegar flotastöð í Hvalfirði er fullbúin; þegar gerð hefur verið höfn og máske ný flughöfn í Þykkvabænum eða einhvers staðar á Suðurlandsundirlendinu; þegar búið er að koma upp herstöðvum um Norðurland, Vesturland og Austurland; þegar amerískur her og allt, sem honum fylgir, er búinn að setjast að á öllum þeim stöðum á okkar stóra landi, sem þeir þykjast þurfa að leggja undir sig til þess að hafa sínar bækistöðvar nægilega sterkar? Það, sem skeð hefur á þessu ári, sem liðið er, er aðeins byrjunin. Þeir, sem gerðu sér vonir um, að það væri engin hætta á ferðum, þegar þeir samþykktu þennan samning fyrir hálfu öðru ári, sjá nú, á hverju við eigum von. Héðan af geta þeir ekki blindandi haldið áfram að þola þetta ástand á okkar landi og leiða yfir það þær hættur, sem nú hlýtur að vera hverjum manni ljóst, að af því mundu stafa. Að vísu hefðum við nú mátt af reynslunni vita það nokkuð fyrir, hvað mundi fylgja ameríska hernámi hér heima og hve mikið við mættum treysta á samninga við þá. Við gerðum samninga við Bandaríkin 1941, og þeir samningar voru rofnir. Bandaríkin neituðu að fara burt með herlið sitt af Íslandi 1945, þegar heimsstyrjöldinni lauk, og hótuðu þá að vera hér áfram í krafti síns skilnings á samningnum, sem var öfugur við skilning Íslendinga, íslenzku ríkisstj. og Alþingis á samningnum. Bandaríkin hótuðu þá að vera hér áfram í krafti síns hervalds, í krafti ofbeldis, og þau gengu ekki inn á að fara í orði kveðnu, fyrr en þau höfðu knúið fram Keflavíkursamninginn og tryggt sér þannig þau ítök áfram, sem þau síðan hagnýttu til þess að koma nýjum herstöðvum á. Við fengum þar fyrstu reynsluna af orðheldni Bandaríkjanna í samningum við þá, og við hefðum átt að geta lært nokkuð af þeirri reynslu. Við fengum aðra reynslu, þegar Keflavíkursamningurinn var gerður. Öll lög um Keflavíkursamninginn voru þverbrotin. Meðan sá samningur átti að heita í gildi, fóru Ameríkanar frá Keflavíkurflugvelli aldrei að íslenzkum lögum. Íslandi var valdið stórtjóni fjárhagslega með því, að ekkert af þeim sköttum og skyldum, sem þeim bar að greiða af innflutningi til varnarliðsins, var greitt. Öll íslenzk löggjöf, viðvíkjandi iðnaði, viðvíkjandi fjárhagsráði, viðvíkjandi heilbrigðisskipun, viðvíkjandi gjaldeyri, var þverbrotin. Við fengum þá reynslu af Keflavíkursamningnum, að engu orði Bandaríkjastjórnar væri treystandi í samningum lítillar þjóðar eins og okkar við hana. Samt var Atlantshafssamningurinn gerður, og þá var því lýst yfir af ríkisstjórn Bandaríkjanna, að það kæmi aldrei til mála, að farið yrði fram á það við Ísland að hafa erlendar herstöðvar á Íslandi á friðartímum. Engu að síður var ekki liðið nema á annað ár, eftir að sá samningur var gerður, þangað til þetta var rofið og Atlantshafssamningurinn notaður sem átylla til þess að knýja fram hernám Íslands í maí 1951, og nú sjáum við, hvernig sá samningur hefur þegar verið rofinn.

Ég held þess vegna, að við verðum nú að horfast í augu við það, að einungis með því að segja upp þessum samningi getum við firrt okkur þeirri hættu, sem yfir okkur hefur verið kölluð með gerð þessa samnings, og ég vil nú, sem ekki er máske alveg óeðlilegt, leyfa mér að fara nokkrum orðum um þær aðstæður, sem ég veit að mörgum hv. þm., þeim sem gert hafa

samninginn í góðri trú, muni hafa verið efst í huga, þegar þeir léðu samþykki sitt til þessa samnings.

Er raunveruleg hætta fyrir hendi á því, að ráðizt verði á Ísland? Ég vil byrja með því að taka það fram sem mína skoðun, að það er aðeins að mínu áliti ein raunveruleg hætta af árás á Ísland, og sú hætta er þegar orðin veruleiki. Það er sú hætta, að Bandaríki Norður-Ameríku leggi hernaðarlega land okkar undir sig, að Bandaríki Norður-Ameríku skapi sér herstöðvar í landi okkar til þess að ráða yfir því og nota það sem herstöð fyrir sig. Þetta er sú eina raunverulega hætta, sem yfir okkur vofir að mínu áliti og hefur yfir okkur vofað og kom ekki sízt í ljós 1. okt. 1945, þegar Bandaríki Norður-Ameríku fóru fram á það að fá hér á Íslandi þrjár herstöðvar til 99 ára, án þess að nota sem átyllu til þeirrar ósvífnu kröfu nokkurn fyrirslátt um vernd lýðræðis, vernd friðar, vernd frelsis eða nokkuð annað slíkt. Þá sýndu þau sig berlega í þeim yfirgangi, sem einkennir slík stórveldi. Síðan þeim var neitað um þær herstöðvar, hefur öll þeirra pólitík gagnvart Íslandi gengið út á það eitt að tryggja sér þessar herstöðvar. Nú þykjast þau undir því yfirvarpi, sem þau síðast notuðu, og í krafti þeirra ítaka, sem þau hafa fengið í okkar landi, fjárhagslega og efnahagslega séð, vera búin að ná því takmarki, sem þau lýstu yfir 1. okt. 1945 og íslenzka þjóðin þá sem einn maður neitaði þeim um.

Það er sagt við þjóðina og það er reynt að hræða hana á því, að í Austur-Evrópu sé voldugt ríki, sem seilist til yfirráða í veröldinni og hafi jafnvel alveg sérstakan augastað á okkar landi og vilji leggja það undir sig. Ég vil nú biðja hv. þm., fyrst það hefur á annað borð orðið þeirra hlutskipti að sitja á Alþingi Íslendinga á örlagaríkustu stundu, sem þessi þjóð á sinni ævi hefur lifað, að reyna að hefja sig upp á dálítið hærri sjónarhól, skoða það, sem er að gerast á okkar tímum og þar með líka á okkar landi, frá sjónarmiði mannkynssögunnar og þróunarinnar sjálfrar, en ekki aðeins í ljósi þess áróðurs og ekki hvað sízt þess blekkingamoldviðris, sem þyrlað er upp á öðrum eins átakatímum og nú eru í veröldinni. Ég þekki máske Sovétríkin meira en flestir af þeim þm., sem nú eiga sæti í þessari hv. d., og ég vil segja þessum hv. þm.: Það, sem er að gerast þar austur frá, er, að verkamenn, bændur og aðrar vinnandi stéttir, sem fyrir 35 árum voru einhver fátækasta og kúgaðasta þjóð veraldarinnar, hafa risið upp, hrint af sér aldagömlu oki keisara, aðals og auðvalds til þess að reyna að skapa nýtt mannfélag á rústum þessa gamla kúgunarskipulags. Þessar þjóðir og þessar vinnandi stéttir hafa á þessum 35 árum upplifað styrjaldir í meira en áratug, þær hafa orðið að taka við landi sínu tvisvar sinnum flakandi í sárum eftir styrjaldir. Það hafa fáar þjóðir og fáar stéttir í heiminum kynnzt betur, hvílík skelfing styrjöld er, en þessar þjóðir hafa gert. Hver einasta fjölskylda í Sovétríkjunum á um sárt að binda eftir síðustu styrjöld. Meðal þeirra, sem heimsóttu Ísland í sovétsendinefnd nú á þessu ári, var einn af þeim vísindamönnum, sem þar var. Sá maður hafði misst tvo bræður sína og föður sinn úr hungri í Leningrad á meðan umsátur fasistanna stóð yfir. Það er vart hægt að tala við nokkurn mann, sem maður hittir í þessu ríki, sem ekki hefur misst einhvern af sínum nánustu, einhvern af sínum beztu vinum fyrir sverðshöggum, kúlum, úr hungri eða eldi eða áþján í þeim hörmungum, sem heimsstyrjöldin var. Og allt þetta land, allt austur að Volgubökkum, var flakandi, rjúkandi auðn, þegar þessar vinnandi stéttir tóku við því aftur til þess að byrja að byggja það upp, og þær hafa verið að byggja það upp síðan. Þær eru ekki aðeins að umskapa sitt þjóðfélag, heldur líka að ráðast í þær stórkostlegustu breytingar á landinu sjálfu, sem mannsandann nokkurn tíma hefur dreymt um. Það er verið að skapa raforkuver, áveitur og stöðuvötn, stöðuvötn við áveiturnar eins og nú við Stalingrad, sem eru 20 sinnum stærri en Þingvallavatn. Það er verið að umskapa sjálfa náttúru landsins, breyta sjálfu loftslaginu, til þess að mönnum geti liðið betur, til þess að þar, sem áður voru eyðimerkur, geti orðið ræktuð lönd, þar sem hægt er að uppskera mat handa fólkinu, svo að fólkið geti búið við allsnægtir.

Ég vil biðja hv. þm. að reyna eitt augnablik að setja sig inn í aðstöðu þeirra manna, verkamanna, bænda og annarra vinnandi stétta, sem eru með hverju ári að skapa sér meira og betra fæði, meira úrval klæða til þess að klæðast í og meira af húsum til þess að búa í, og spyrja sjálfa sig: Hvaða hag getur slíkt fólk haft af styrjöld? Ef Sovétríkin og þær þjóðir, sem þau byggja, hefði langað í styrjöld af einhverri undarlegri drápslöngun, sem fyllti þær þjóðir, þá hefðu þær sannarlega verið búnar að ráðast á, á meðan Bandaríkin og þeirra stjórn hefur ekki gert annað í þrjú ár en að tilkynna, hve varnarlaus Vestur-Evrópa væri fyrir árásum rauða hersins, ef hann kysi að ráðast á okkur. Því fer fjarri, að þarna sé um löngun til árása að ræða. Þær þjóðir, sem gleggst allra hafa fengið að kenna á því og sárast eiga um afleiðingar styrjaldar að binda, mundu sízt af öllum vilja fara út í styrjaldir að nýju. Og það er enginn maður og engin stétt í Sovétríkjunum, sem hefur hag af styrjöld, hag af því að brjóta með styrjöld undir sig aðrar þjóðir í veröldinni. En það er annar hlutur, sem ég veit, að margir þeir menn halda fram, sem segja, að yfir okkur Íslendingum vofi hætta á árásarstyrjöld. Þeir segja, að það sé ný stefna í uppsiglingu með mannkyninu, sósíalisminn eða kommúnisminn, og að það sé gegn þeirri stefnu, sem verði að berjast. Ég vil biðja þá hv. þm., sem kynnu að hafa þá hugmynd, að ef til vill væri nú allt í lagi með þessi Sovétríki, sem reynt er að þyrla svo miklum blekkingum upp um, — ef til vill hefði fólkið, sem þau byggir, engan áhuga fyrir styrjöld, en þá væri eftir þessi ægilega stefna, sósíalisminn, sem hættan stafaði af. Hvað sósíalismann snertir og afstöðu hans í veröldinni, þá vil ég segja við hv. þingmenn: Gagnvart sósíalismanum hjálpar engin styrjöld til þess að reyna að berja hann niður, og til að koma sósíalismanum til hjálpar heldur engin styrjöld.

Við skulum reyna að skilja það þróunarstig mannfélagsins, sem við nú á tímum stöndum á, því að það er ekki í fyrsta skipti nú á þessari öld, að mannkynið upplifir það, að ný mannfélagsskipan sé að ryðja sér til rúms, og um hverja nýja mannfélagsskipan er venjulega ekki rætt á þann veg, að henni sé lýst eins og hún raunverulega er, heldur er henni venjulega í þeim löndum, þar sem hún hefur ekki sigrað, lýst af þeim drottnandi stéttum og flokkum sem því skrímsli, sem hinir ráðandi menn sjá í hverri nýrri mannfélagsskipan, sem sé að ryðja sér til rúms. Ég vil biðja alla þá hv. þm., sem þekkja gang mannkynssögunnar, að rifja það upp fyrir sér, hvernig var um það leyti, sem gamla aðalsskipulagið, gamli „feudalisminn", var að hrynja til grunna með öllum þeim glæsileik, sem hinn forni aðall hafði til að bera, og allri þeirri bændaánauð og öllum þeim skelfingum, sem yfirdrottnun þessa aðals fylgdi. Ég vil minna hv. þm. á, hvernig litið var á byltingu borgarastéttarinnar og það mannfélag, sem þá var að ryðja sér til rúms, kapítalismann. Ég vil minna hv. þm. á, hvers konar grýla það var, sem aðallinn um alla Evrópu skóp af ensku byltingunni um miðja 17. öld, þegar brezkt þing, brezkar vinnandi stéttir með borgarastéttina í broddi fylkingar undir forustu byltingarflokksins, púrítananna, og foringja hans, Cromwells, unnu aðalinn og konungsvaldið í sjö ára borgarastyrjöld og hálshjuggu konunginn í London. Hvílíkri ógn sló ekki á aðal Evrópu á þeim tímum? Hvílík bannfæring var það ekki, sem páfinn og allir konungar kváðu upp yfir þeirri nýju stefnu, sem þá var að ryðja sér til rúms? Ég vil minna á, hvernig allir beztu menn þess tíma stóðu með þeirri byltingu, hvernig mesta skáld Englendinga á þeirri öld og þó að á fleiri öldum sé leitað, John Milton, tók sjálfur að sér að semja varnarritið fyrir aftöku konungsins, sá Milton, sem orti „Paradísarmissi". Ég vil minna hv. þm. á, hvernig aðall Evrópu leit á byltinguna í Bretlandi. Og ég vil minna þá á, hvernig aðallinn og konungarnir í Evrópu litu á rúmri öld síðar, þegar franska byltingin undir forustu Jakobínanna ruddi nútímalýðræðinu braut, knúði fram sigur kapítalismans í Evrópu og lagði grundvöllinn að okkar nútíma demókratíi. Ég vil minna þá á þær skrímslismyndir, þær grýlur, sem skapaðar voru um allan heim til þess að hræða vinnandi stéttirnar um öll lönd á þeirri byltingu, sem væri að eiga sér stað á móti aðlinum og konungsvaldinu í Frakklandi, til þess að reyna í löndum eins og Íslandi og öðrum slíkum að hræða vinnandi stéttirnar frá því að krefjast þess sama réttar sem franska alþýðan þá hafði tekið sér með valdi. Ég vil minna þessa sömu hv. þm. á viðkvæðið, þegar undirokaðir bændur og handverksmenn í núverandi Bandaríkjum Norður-Ameríku hófu uppreisn, lýstu yfir frelsi sínu og börðust árum saman á móti nýlenduher Breta, þangað til þeim tókst að sigra. Þeir menn voru úthrópaðir sem byltingarmenn, eins og þeir voru, — sem menn, sem ætluðu að steypa öllu því góða, sem til væri, eyðileggja allt það frelsi, sem aðallinn nyti, öll þau aldagömlu réttindi, auð og glæsileik, sem yfirstéttirnar hafa átt við að búa. Ég vil minna hv. þm. á, að það hefur aldrei verið knúin fram ný mannfélagsskipun öðruvísi en að þær yfirstéttir, sem hafa óttazt vinnandi stéttirnar, sem voru að brjótast fram til þess að heimta rétt sinn, hafi reynt að útmála það, sem var að gerast, með öllum þeim svörtustu litum, búa til um það argasta óhróður, skapa úr því þá ömurlegustu skrípamynd, sem hægt var að hugsa sér, til þess að menn dæmdu ekki þá nýju mannfélagsskipun, sem var að ryðja sér til rúms, út frá því, sem hún væri, heldur út frá þeim óhróðri, sem gömlu, feigu yfirstéttirnar bjuggu sér til eða fannst skynsamlegt að búa sér til um það nýja, sem var að brjótast fram.

Þegar verkalýður og bændur nútímans eru að skapa sér nýtt mannfélag, þar sem auðurinn ræður ekki lengur yfir mönnunum, heldur mennirnir yfir atvinnutækjunum, þá sjá þær gömlu auðmannastéttir okkar hér í Vestur-Evrópu og Ameríku sinn dóm nálgast. Þær sjá nálgast mannfélag, þar sem auðurinn er ekki lengur valdið, mannfélag af allt öðrum toga spunnið en þau mannfélög, sem við höfum áður kynnzt. Það er mín trú, að sósíalisminn, þetta nýja mannfélag vinnandi stéttanna, muni ryðja sér til rúms í heiminum, eins og kapítalisminn ruddi sér til rúms á sínum tíma og eins og „feudalisminn" eða aðalsskipulagið ruddi sér til rúms þar áður. Mannfélagsþróunin heldur áfram að ganga sinn gang, og það kapítalistiska skipulag, sem við höfum lifað við hér á Íslandi, að vísu bara rúma kynslóð, en í Vestur-Evrópu í nokkrar aldir, á fyrir sér að deyja og hverfa, alveg eins og önnur þau þróunarstig, sem mannkynið hefur staðið á, alveg eins og sósíalisminn á það líka fyrir sér seinna. Það er ekkert, sem fær brotið niður nýja mannfélagsskipun, þegar hún finnur hljómgrunn í hjörtum fólksins og samsvarar þess hagsmunum. Eina spurningin er, á hvern hátt slík ný mannfélagsskipun sigrar, hvort hún sigrar jafnvel með því, að hún verði að standa í harðvítugum borgarastyrjöldum, eins og borgarastéttin varð að gera við aðalinn og eins og verkalýðurinn hefur sums staðar þurft að gera við auðmannastéttina, — eða spurningin er, hve fljótt hún sigrar og í hvaða mynd hún sigrar. Ég álít, að það, sem öllum okkur, sem getum ráðið því sameiginlega, hvaða form framrás mannkynssögunnar tekur á sig nú á tímum, beri fyrst og fremst að hugsa um, það sé, að hið nýja, sem er að brjótast fram í heiminum, fái, svo framarlega sem það á annað borð hefur kraft í sér til að sigra, að sigra í sem friðsamlegastri mynd.

Ég vil minna hv. þm. á, hvernig útkoman er, þegar saman er jafnað þeim þjóðfélögum, sem vinnandi stéttirnar þegar ráða í, og þeim þjóðfélögum, þar sem hið gamla auðvald enn drottnar, ef borinn er saman ávöxturinn af báðum í friðsamlegri samkeppni, að svo miklu leyti sem hún hefur fengið að eiga sér stað. Og ég vil í því sambandi mega benda hv. þm. á aðeins eina tölu, til þess að sú mynd verði okkur nægilega ljós. Ef iðnaðarframleiðsla, sem er eitt bezta táknið um tæknilegar framfarir einnar þjóðar.

— ef iðnaðarframleiðsla Sovétríkjanna annars vegar og Bretlands og Bandaríkjanna hins vegar er borin saman eins og hún var orðin 1951 við það, sem hún var 1929, og ef við segjum, að hún hafi verið 100 hjá öllum þessum 1929, hver er hún þá á síðasta ári? Á síðasta ári, eftir að Sovétríkin hafa orðið að ganga í gegnum ægilegustu styrjöld mannkynssögunnar og fengið mikið af öllu sínu iðnaðarkerfi, öllum sínum borgum, eyðilagt í fjögurra ára styrjöld, en Bandaríkin hins vegar stórgrætt og eflt allt sitt iðnaðarkerfi, án þess að nokkuð af því væri eyðilagt, og þannig haft eingöngu af gróða af styrjöld að segja, — ef iðnaðarframleiðsla Sovétríkjanna 1929 er sett sama sem 100, þá er hún 1951 1200; hún hefur tólffaldazt. Ef iðnaðarframleiðsla Bandaríkjanna er sett 100 1929, þá er hún 200 árið 1951; hún hefur aðeins tvöfaldazt. Ef iðnaðarframleiðsla Stóra-Bretlands er sett 100 1929, þá er hún 160 1951 og hefur því aðeins aukizt um 60%. M. ö. o., okkar gamla auðvaldsskipulag í Vestur-Evrópu og Ameríku svo að segja hjakkar í gamla farinu og getur aðeins eflzt og aukizt á styrjöldum, á manndrápum. Á meðan fleygir þeim þjóðfélögum, þar sem sósíalisminn er kominn á, tæknilega áfram. Við skulum gera okkur það ljóst, að við hér í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum erum að komast í svipaða aðstöðu og Spánn var í á 17. og 18. öld, þegar hann var að dragast aftur úr í allri þróun Vestur-Evrópu, af því að gömul aðalsstétt drottnaði þar og hennar yfirráð og eignarréttur voru fjötur á öllum framleiðslukröftum, sem með þjóðinni bjuggu. Á sama tíma þutu Holland og England, löndin, þar sem borgarastéttirnar höfðu tekið völdin og forustuna, fram úr þessu gamla ríki, sem þá var ríkasta land veraldarinnar. Við höfum upplifað það sama í dag. Sá fjötur, sem yfirráð auðmannastéttarinnar í Vestur-Evrópu og Ameríku eru orðin á framleiðslukröftum þessara stóriðjuþjóða, er að valda því, að þessar þjóðir, sem hafa haft forustu mannkynsins öldum saman, eru að dragast aftur úr vegna úrelts kerfis, sem þær viðhalda. Eins og ég raunar hef mjög greinilega sýnt fram á í grein, sem ég skrifaði 1946, höfðu Bandaríki Norður-Ameríku eftir styrjöldina, ef þau hefðu t. d. tekið upp sósíalistiskt þjóðskipulag, möguleika til þess að fara langt fram úr öllum öðrum þjóðum veraldarinnar, vegna þess að þau höfðu iðnaðarkerfi, sem stóð hærra og gat verið grundvöllur að meiri velmegun en mannkynið hafði þekkt.

Það er ekkert fjær lagi en að ræða í sambandi við þessi mál um þjóðirnar og andstöðu á milli þeirra, hvort þær heita t. d. Bandaríkjamenn eða Rússar eða annað slíkt. Við skulum athuga skipulögin, sem þessar þjóðir búa við, og hvað verður, þegar lengra líður, um þær þjóðir, sem búa undir þeim. Auðvaldsskipulagið í Bandaríkjunum leiddi yfir Bandaríkin 1929 slíka kreppu, að hún var eins og styrjaldarhörmung, — kreppu, þegar 20 milljónir manna voru atvinnulausar og 12 milljónir bænda flosnuðu upp og fóru á vergang. Svo aumt skipulag, sem getur ekki hagnýtt annað eins auðmagn, aðra eins stóriðju og þá, sem Bandaríkjaþjóðin á, fyrir svo dugandi þjóð, ætti ekki skilið að vera til frambúðar. Þjóð, sem gæti baðað í allsnægtum eins og Bandaríkjamenn, verður hvað eftir annað að upplifa atvinnuleysi og hörmungar vegna „of mikilla allsnægta", eins og hefur verið sagt, vegna misskiptingar auðæfanna í raun og veru. Og nú er þetta þjóðfélagsástand í Bandaríkjunum að leiða eina kreppuna til yfir heiminn, og við hér á Íslandi erum að fá smjörþefinn af henni. Atvinnuleysi, söluvandræði, öll fyrirbrigði kreppunnar eru aftur að skella yfir okkur.

Ég vil biðja hv. þm. um að athuga: Hvernig haldið þið nú, að þær þjóðir, sem eiga að dæma og gera upp á milli sósíalismans annars vegar og auðvaldsskipulagsins hins vegar, komi til með að dæma, þegar þær sjá þessa reynslu fyrir sér, sem hér er nú orðin svo greinileg? Nei, við skulum reyna að gera það, sem í okkar valdi stendur, til þess að hindra, að þessi tvö kerfi, þessi tvö mismunandi mannfélög, sem nú eru uppi á jörðinni, nokkurn tíma leiði hesta sína saman í styrjöld til þess að sjá, hvort sé sterkara. Við skulum leggja okkar litla lóð á vogarskálina til þess að sjá um, að það, sem gerist í veröldinni, sé friðsamleg samkeppni á milli þessara mannfélaga og að hver þjóð fái sjálf, öðrum þjóðum óháð, að velja eftir sinni reynslu um, hvaða skipulag henni henti bezt. Við skulum þess vegna gera okkur ljóst, að í þeim átökum um þróun mannfélagsins í veröldinni, sem nú standa yfir, ber okkur að reyna að stuðla að því að hindra, að þau verði útkljáð með vopnum. Og okkar möguleikar til að tryggja í fyrsta lagi rétt okkar Íslendinga til að ráða okkar eigin landi, í öðru lagi rétt okkar til þess að ráða því sjálfir, hvaða þróun þjóðfélagsleg og menningarleg verður í okkar landi, byggjast á því, að við séum einir hér á okkar landi og höfum hér engan erlendan her, en sérstaklega þó einnig á því, að land okkar sé ekki gert að herstöð. Í fyrsta lagi ekki að herstöð til árása fyrir auðvald Bandaríkjanna á þau ríki, sem alþýðan í Evrópu er að byggja sér upp. Í öðru lagi ekki heldur að herstöð fyrir Bandaríki Norður-Ameríku, ef þau kynnu seinna meir að vilja nota land okkar gegn ríkjum Vestur-Evrópu, Englandi eða öðru slíku, ef þeim löndum kynni að lenda saman í styrjöld.

Ég vil nú minna hv. þm. á, að þegar við ræddum um Marshallsamninginn hér 1948, reyndi ég að sýna glögglega fram á, hvernig Marshallsamningurinn væri auk ýmislegs annars liður í köldu stríði Bandaríkjanna gegn auðvaldsríkjum Vestur-Evrópu, Englandi, Frakklandi eða öðrum slíkum, — aðferð Bandaríkjanna til þess að sölsa undir sig nýlendur þessara gömlu, forríku nýlenduríkja og til þess að breyta þeim sjálfum í nýlendur. Það er orðið allgreinilegt síðan og kemur með hverjum deginum betur í ljós það kalda stríð, sem þar á sér stað. Við getum aldrei vitað, hvenær slíkt kalt stríð verður heitt stríð. En eitt er gefið, að ég býst við, að enginn Íslendingur kæri sig um, hverrar skoðunar sem hann er í stjórnmálum, að dragast inn í slíkt stríð. En svo framarlega sem Ameríkumenn eru búnir að byggja hér her-

stöðvar um allt okkar land og búnir á allmörgum árum eða áratugum að efla og margfalda þau ítök, sem þeir hafa náð nú á þessu eina ári, þá held ég, að öllum megi vera nokkurn veginn ljóst, að Ísland hefði enga aðstöðu til að vera sjálfstætt lengur, ef það stæði frammi fyrir slíku vandamáli.

Ef einhver skyldi halda það, að af því að England, Frakkland og Bandaríkin væru í sameiginlegu bandalagi, þá væri alveg óhugsandi, að eftir allmörg ár kynni jafnvel að vera hugsanlegt stríð innbyrðis á milli þessara aðila, þá vil ég minna á, að það eru ekki nema 7 ár síðan Bandaríkin og Sovétríkin voru í bandalagi sín á milli og í styrjöld sameiginlega gegn öðrum aðila. Við skulum, þegar við hugsum um utanríkismál, venja okkur á að líta hægt og rólega á hlutina og láta ekki áróður blinda okkur um það að taka ákvarðanir og afstöðu um örlög lands okkar frá hærri sjónarhól en þeim, sem dæguráróðurinn í blöðunum skapar.

Ef til vill eru einhverjir hv. þm., sem álíta það eðlilegt, að Ísland sé herstöð Bandaríkjanna vegna þess, að það sé verið að berjast í Kóreu. Viðvíkjandi því vil ég segja við hv. þm.: Stríð samsvarandi því, sem á sér stað í Kóreu, mun því miður að öllum líkindum í einu eða öðru formi, hvort sem það verður jafnharðvítugt og ægilegt og þar er reyndin, eiga sér stað mestalla þessa öld. Það, sem er að gerast Asíu og Afríku, er, að þjóðir, sem hafa verið kúgaðar eina öld, tvær aldir eða lengur af yfirstéttum Evrópu og Ameríku, eru nú að hrista af sér okið. Árásarstyrjaldir evrópska auðvaldsins hafa átt sér stað nú í nokkrar aldir gagnvart þjóðum Asíu og Afríku. — Ég vil minna á, að það er ekki heppilegt, að hv. þm. byggi aðgerðir sínar og dóma í stórmálum eins og hernámsmálinu eða öðrum slíkum á álíka þekkingarleysi á alþjóðamálum eins og því, sem hæstv. utanrrh. gerði sig sekan um, þegar hann setti fram þá spurningu til mín hér í þinginu, hvort ég gæti bent sér á nokkurt lýðræðisríki, sem nokkurn tíma hefði farið í nokkurt árásarstríð. Það var um það leyti, sem Holland hafði ráðizt á Indónesíu og Sameinuðu þjóðirnar fordæmt það. En öll saga síðustu alda er saga af árásarstyrjöldum lýðræðisríkjanna í Vestur-Evrópu, hinna borgaralegu, uppvaxandi kapitalisku ríkja, á þjóðir Afríku, Asíu og Ameríku til þess að leggja þessar þjóðir undir sig og arðræna þær. Og árásirnar af hálfu evrópska og ameríska auðvaldsins á Kóreu, Indókína og önnur slík ríki eru síðustu dæmin. Ef við þess vegna ætlum að hafa hér herstöð vegna þess, að suður í Afríku eða austur í Asíu séu kúgaðar lýðræðisþjóðir að berjast á sama hátt og við Íslendingar ef til vill hefðum barizt, hefðum við verið fjölmennari og ekki hefði verið við ofurefli að etja, og á sama hátt og við börðumst stundum á meðan við enn þá höfðum vopn í okkar landi, á 14. og 15. öld og 16. líka, áður en við vorum afvopnaðir. Þessar þjóðir, sem þarna eru að berjast við Frakka, Englendinga, Ameríkumenn og aðra slíka, eru að gera það sama og við, þegar við hristum yfirráð Dana af okkar höndum. Við skulum reyna að setja okkur inn í mál þessara þjóða og reyna að skilja þær. Við skulum ekki láta villa okkur af þeim áróðri, að alls staðar séu kommúnistar að verki. Það er frelsis- og sjálfstæðislöngun þjóðanna, sem er að varpa af þeim erlendu oki.

Þær þjóðir, sem þarna eru í baráttu, munu fara sína leið. Þær munu að lokum sigra í slíku stríði. Það skiptir ekki mestu máli, hvort þessar þjóðir standa á svipuðu mannfélagsstigi og við stóðum sjálfir fyrir rúmum 1000 árum, en þá stóðu ættflokkar saman og blótuðu heiðin goð, eins og svertingjarnir í Kenya gera þann dag í dag, þegar þeir berjast undir forustu ættarhöfðingja sinna, koma saman í sínum lundum á sama hátt og okkar forfeður gerðu, því að það frjálslyndari var kristnin á Íslandi, að blóta mátti, ef það var gert á laun, en hjá Bretum í Kenyalandi eru þeir skotnir niður, ef þeir blóta. Það skiptir ekki mestu máli, hvort þjóðirnar, sem berjast fyrir frelsi sínu, standa á stigi slíkra ættflokka eða standa á stigi gamals aðalsþjóðfélags, þar sem hinn innlendi aðall gengur í lið með útlendum kúgurum og um bændabyltingu er að ræða, eins og í Indókína eða öðrum slíkum löndum, eða hvort þessar þjóðir standa á stigi svipaðra borgaralegra framleiðsluhátta eins og Bandaríkin stóðu á, þegar þau hófu uppreisn sína 1776, eins og t. d. Indónesíumenn stóðu. Það, sem skiptir máli, er hitt, að á hvaða mannfélagsstigi sem þessar þjóðir standa, hvort sem þær eru svartar, gular eða þá hvítar, rísa þær upp gegn þeirri kúgun, sem þær eru beittar, og vilja sjálfar fá að njóta auðlinda síns lands og reka Englendingana burt. Og við skulum ekkert undrast, þó að jafnvel Bretar séu að tala um kommúnisma í Kenya og kommúnisma í Íran. Það er í Bretlandi talað um kommúnisma á Íslandi í dag, vegna þess að Íslendingar gera kröfu til þess að ráða sinni landhelgi sjálfir. Allt, sem heitir, að alþýðan vilji fá að ráða yfir auðlindum síns eigin lands og láta ekki framandi auðvald lengur ausa allsnægtum upp af þeim, heitir kommúnismi á máli þeirra þjóða, sem drottna í Vestur-Evrópu og Ameríku.

Við skulum þess vegna gera okkur ljóst, að ef við ætlum að fara að fórna Íslandi fyrir yfirráð þessara feigu yfirstétta í Vestur-Evrópu og Ameríku, til þess að þær geti viðhaldið nýlendukúgun um allan heim, þá erum við að svíkja alla þá baráttu, sem forfeður okkar hafa háð á móti nýlendukúgun hér, — þá erum við að ljá lið okkar á móti allri þeirri frelsislöngun og allri þeirri frelsisbaráttu, sem þjóðir heimsins heyja fyrir sama takmarki og við börðumst sjálfir fyrir síðustu aldir. Ef við ætlum að ljá land okkar sem herstöð til slíks, þá skulum við gera okkur ljóst, hverjar afleiðingarnar verða. Ef engin stór styrjöld verður í heiminum, sem við skulum vona, að heiminum verði forðað frá, — ef það gengur fyrir sig með átökum, sem standa í áratugi, sú breyting, sú bylting, að þjóðir Asíu og Afríku skapi sér skipulag eftir sínum eigin vilja, og ef Ísland á að vera hernumið allan þann tíma, hvernig verður ástandið þá orðið á okkar landi? Bandaríkjamenn eru nú að flytja inn í okkar land. Þeir eru að setjast

hér að fyrir fullt og allt. Þeir eru að skapa sér hér stórkostleg íbúðarhverfi. Þeir eru að skapa sér hér heila bæi og koma á næstu áratugum, ef þeir byggja hér áfram, til með að áskapa þá framtíð okkar landi, að hér búi tvær þjóðir. Og ég vil minna hv. þm. á örlög þeirra landa, sem hafa orðið að þola það áratugum saman, jafnvel öldum, að framandi þjóð sezt að í þeirra landi. Það er land í Evrópu í dag, sem heitir Rúmenía. Hvernig stendur á nafni þess lands, þjóð þess lands og máli þess lands? Þar bjó slavnesk þjóð, og þar settust að rómverskar hersveitir og sátu þar um svo langan tíma, að að lokum var það land orðið svo rómverskt, að nafn landsins sjálfs og tunga mannanna, sem bjuggu þar, er rómverskt síðan. — Við þekkjum hér hjá nágrönnum okkar í Írlandi og frændum okkar þar, hvernig aðstaðan er þar í Norður-Írlandi. Írland er klofið í dag. Það er meira eða minna ensk þjóð, sem býr í Norður-Írlandi, flutt þangað inn til þess að halda Írum undir okinu.

Ég vil vekja athygli þeirra manna, sem eftir þá reynslu, sem fengin er af ameríska hernum þetta eina ár, ætla að halda áfram að kalla yfir okkur hernám áratugum saman, á því, að þeir eru þar með að gera Ísland meira eða minna að amerísku landi, byggja það ameríkri þjóð og skapa það ástand, að Ísland sé ekki lengur fyrst og fremst byggt Íslendingum. Ég vil minna þá hv. þm. á, sem hafa valdið í þessum efnum, hvað þeir gera okkar þjóð með því. Við höfum, Íslendingar, staðið af okkur tvær ægilegar menningarlegar innrásir í okkar land. Þegar öll yfirstétt Evrópu tók latínuna sem sitt mál, sýkti menn af sama kynstofni sem okkar, þannig að þeir glötuðu tungum sínum og tóku upp rómverskt mál, gerðu enskuna hálfrómverska, þá voru hér á Íslandi menn, sem stóðu á móti þeirri innrás og héldu við okkar tungu á móti allri yfirstétt Evrópu og því tungumáli, sem hún hafði gert að sínu. Og í krafti þess tókst forfeðrum okkar að bjarga tungu okkar og skapa okkar sérstæðu menningu í baráttu við yfirstétt Evrópu, í baráttu við aðalinn, í baráttu við kirkjuaðalinn og í baráttu við tungu og menningu þeirra, latínuna og yfirstéttamenninguna, sem hún var fyrst og fremst tungumálið fyrir. Og ég vil minna hv. þm. á aðra slíka menningarlega innrás, sem við stóðumst. Þegar þýzki aðallinn, þýzka tungan gegnsýrði Norðurlönd og danskan á 15. öldinni varð hálfþýzk mállýzka, — þegar Norðurlandaþjóðirnar, af því að yfirstéttir þeirra lágu hundflatar fyrir yfirstéttum Þýzkalands, glötuðu sínu gamla, norræna máli, þá stóðumst við hér úti á Íslandi með okkar gömlu menningu þrátt fyrir erfiðleika, þrátt fyrir útlend áhrif, þrátt fyrir útlenda embættismenn og útlenda útsendara hingað í okkar land og það framferði, sem þeir höfðu í frammi. Íslenzk menning hefur staðið af sér tvær slíkar árásir erlendrar yfirstéttamenningar. Íslenzk tunga hefur staðið af sér sýkingu, sem flestallar aðrar germanskar þjóðir hafa legið flatar fyrir vegna þess pólitíska ástands, sem þá ríkti hjá þeim.

Nú upplifum við þriðju innrásina í okkar land, þá ægilegustu og hættulegustu. Við upplifum áhrif engilsaxnesku auðvaldsmenningarinnar með einhverja fullkomnustu og útbreiddustu tungu veraldarinnar, með stórkostlega tækni eins og útvarpið, kvikmyndirnar og annað slíkt að vopnum. Og við fáum þessi menningar- og ómenningaráhrif hér inn í landið sjálft, þannig að kvikmyndirnar, útlenda músíkin og öll áhrifin frá þessum þjóðum eru sterkari í sínum upp-eldisáhrifum og áhrifum á æskulýðinn en allir okkar skólar. Og við fáum mennina, sem bera með sér það lakasta, svívirðilegasta og versta úr menningu Bandaríkjanna hingað inn í okkar eigið land, sem ríkari og tekjuhærri menn en nokkra hjá okkar þjóð, — við fáum þá með þeirri aðstöðu, að það er litið upp til þeirra og sótzt eftir kunningsskap þeirra. Við fáum þá hér þannig, að þeim er sköpuð aðstaða sem herraþjóð með sérréttindum og auði, á meðan Íslendingarnir eru settir lægra og lægra í mannfélagsstiganum og brotin á þeim þeirra eigin lög. Við höfum ekki áður þurft að berjast við yfirdrottnun framandi þjóðar þannig, að hún hafi sjálf verið í landinu og byggt landið meira og meira á meðan og komið að slíkum áhrifum menningar sinnar og ómenningar eins og engilsaxneska og sérstaklega ameríska menningin gerir núna. Og við höfum aldrei fengið eins mikið af því versta í menningu neinnar framandi þjóðar og aldrei verið unnið að útbreiðslu þess með annarri eins tækni og nú. Og á sama tíma er að fara fram í landi okkar slík umbylting innanlands, að við erum veikari fyrir en við höfum verið nokkurn tíma á þeim þúsund árum, sem við höfum byggt þetta land. Það er verið að bylta þjóð okkar frá því að vera bændaþjóð, eins og hún hefur verið í þúsund ár, yfir í það að vera bæjaþjóð. Og í þeim bæjum, sem hjá okkur hafa risið upp, hefur sú borgarastétt, sem venjulega hefur tekið, þegar bæir hafa myndazt erlendis, forustuna menningarlega séð í þeim bæjum, ekki haft neina menningarlega, neina þjóðlega forustu til þess að skapa sjálfstæða íslenzka bæjarmenningu, þannig að Íslandi hefur engin stoð verið í borgaralegri bæjarmenningu, eins og flestum öðrum þeim þjóðum hefur verið, sem yfirgefið hafa sína gömlu bændamenningu og skapað sér bæi. Og hér hefur verkalýðshreyfingin á sama tíma ekki heldur borið gæfu til að móta sína menningu, verkalýðshreyfingin ekki borið gæfu til að geta tekið forustu fyrir þjóðinni á þessum þýðingarmiklu tímamótum hennar. M. ö. o., þjóðfélag okkar er eins og opið sár, það er eins og kvika, og á þessu hættulegasta stigi dynur yfir okkur amerískt hernám, sem nú er búið að standa í einu eða öðru formi í áratug og — ef ekki verður sagt upp þessum samningum nú — öll líkindi eru til að komi til með að standa áratugum saman, því að með hverju árinu sem líður verða tök þessa ameríska auðvalds fastari á okkar landi og sýking þeirrar amerísku ómenningar óviðráðanlegri okkar þjóð. Við þurfum að geta hafið baráttuna gegn þessari hættu, sem þarna vofir yfir okkur.

Ég veit, að sumir munu segja: Er íslenzk þjóð virkilega ekki nógu sterk til þess að standa á

móti þessum ómenningaráhrifum? — Ég veit sérstaklega, að stjórnarvöld okkar munu kannske koma til með að segja það við okkur. En ég vil aðeins biðja hæstv. ráðh. að stinga hendinni í eigin barm og sjá, hvað sterkir þeir hafa reynzt í að standa á verði um íslenzk lög og rétt Íslendinga gagnvart ameríska setuliðinu hérna heima og hvort þeir geti þá búizt við, að þegar þeir æðstu í okkar landi standa þannig, reynist ungar stúlkur ráðherrunum betri. Það er aðeins eitt ráð, ef við viljum skapa okkar sérstæðu íslenzku menningu möguleika til þess að lifa áfram og blómgast í friði í okkar landi, og það er að losna við hið ameríska hernám og hinn ameríska her úr landi okkar, segja upp varnarsamningnum svo kallaða og knýja þá til þess að flytja burt. Þótt heiminum verði ekki steypt út í nýja heimsstyrjöld, þá vofir ella yfir okkur með friðsamlegri hersetu eyðilegging á okkar menningu, glötun á okkar þjóðerni. Hvað hins vegar vofir yfir okkur, ef til styrjaldar skyldi koma, því hef ég svo oft lýst, að ég ætla ekki að gera það núna.

Eins og ég tók fram áðan, þá álít ég einu raunverulegu hættuna á styrjöld stafa frá þeirri auðmannastétt, sem nú ríkir í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Það er sízt af öllu vegna þess, að ég álíti Bandaríkjaþjóðina lélega þjóð eða verri en aðrar. Ég veit að vísu, að hún stendur á lægra stigi en okkar íslenzka þjóð menningarlega séð, en það, sem veldur hættunni, sem frá Bandaríkjunum stafar, er, að sú auðmannastétt, sem ræður þar ríkjum, hefur þá reynslu, það sem af er þessari öld, að hún geti því aðeins grætt, að hún leggi í heimsstyrjaldir. Meðan aðrar þjóðir töpuðu mönnum og eignum, græddi ameríska auðvaldið á síðustu styrjöld 50 milljarða dollara. Auðmannastétt Ameríku finnur það, að hún getur ekki lifað, getur ekki grætt án styrjaldar. Morð eru orðin gróðavænlegasti atvinnuvegurinn hjá auðvaldi Bandaríkjanna. Undirbúningur undir morð er orðinn efnilegasta fjárfestingin fyrir auðmannastétt Bandaríkjanna. Það er í þessu undarlega efnahagsfyrirkomulagi, sem hættan liggur fyrir veröldina, og það er það, sem gerir það að verkum, að þjóðir heimsins, sem ekki vilja styrjöld, þurfa að reyna að skapa þessu volduga og ríka auðvaldi, sem ekkert sér nema gróðann og ekkert tignar nema mammon, slíkt aðhald, að það finni, að þjóðir heimsins láta ekki ameríska auðvaldið fá sig út í stríð. Og uppsögn varnarsamningsins svo kallaða af hálfu Íslands mundi vera holl áminning til ameríska auðvaldsins, ekki sízt nú, þegar stríðsóðasti hlutinn af ameríska auðvaldinu er að taka við völdum í Bandaríkjunum. Það mundi vera holl áminning frá lítilli þjóð, sem vill frið. Ég held líka, að slík tilkynning af hálfu Íslands sem í þessu frv. okkar sósíalista felst mundi vera bezt til þess fallin á alþjóðlegum vettvangi að kveðja Íslandi hljóðs á þann hátt, sem mest væri í samræmi við okkar erfð og okkar sögu. Þjóð okkar er eina vopnlausa þjóðin í veröldinni, og við höfðum það hugrekki 1944, þegar við stofnuðum lýðveldið, mitt í ægilegustu styrjöld, sem mannkynið hefur átt í, að lýsa því yfir, að við vildum í trausti á friðarlöngun mannkynsins halda áfram að hafa land okkar óvopnað og vera eina vopnlausa þjóðin í veröld grárri fyrir járnum. Við eigum að halda áfram þeirri stefnu. Við eigum að halda uppi heiðri lands okkar með því að þora að kveðja okkur hljóðs á alþjóðavettvangi, með því að bera friðarorð og sáttarorð á milli þjóðanna, en ekki að ljá land okkar sem drápsker og gera þjóð okkar að litlu peði í taflinu fyrir harðvítugasta mammonsríki heimsins í tilraun þess til þess að leggja veröldina undir sig. Við erum nógu smáir til þess, Íslendingar, nógu valdalausir frá sjónarmiði ofbeldisins og styrkleikans, en nógu viðurkenndir enn sem menningarþjóð til þess, að við ættum að þora að kveðja okkur hljóðs á alþjóðavettvangi, án þess að fyrirverða okkur fyrir smæð okkar, tala sem fulltrúar þeirra smáu í heiminum og segja, að það sé tími til kominn, að þjóðirnar þori að treysta hver annarri, þori að leggja niður vopn sín, þori að taka upp baráttuna fyrir friði.

Á þýðingarmestu tímamótum í sögu okkar reyndi á stjórnmálahæfileika manna á Alþingi Íslendinga meira en nokkru sinni, og ef til vill hefur sjaldan gert eins mikið að því að reyna á þá þar til nú, alla leið síðan. Það var þegar sá kristni siður var að ryðja sér til rúms í landi okkar og gamla heiðnin og það þjóðfélag, sem henni fylgdi, að þoka um sess. Á sama tíma sem öðrum þjóðum var boðuð kristni með því móti, að konungar notuðu sér hana sem tæki til þess að brjóta þjóðirnar undir sig með báli og brandi, þá tókst okkur hér á Íslandi að koma henni friðsamlega á, með samkomulagi innbyrðis. Og stjórnmálavizka þeirra manna, sem þá réðu á Alþingi Íslendinga, varð til þess að skapa grundvöllinn að okkar þjóðveldi, okkar þjóðmenningu og öllu því, sem Ísland síðan á sínum myrku öldum var stoltast yfir. Við þurfum á því að halda í dag, að þeir menn, sem eiga að ráða örlögum þjóðar okkar, hafi svipaða víðsýni til að bera, þori að hugsa sín mál eins og Þorgeir Ljósvetningagoði og aðrir, sem þá réðu úrslitum, gerðu á sínum tíma.

Ég vil aðeins bregða upp einni smámynd af því, hvert verið er að koma áliti okkar Íslendinga úti um heim, ef við ekki stingum við fæti núna. Öldum saman var land okkar þekkt fyrir Snorra Sturluson. Öldum saman stafaði okkar hróður úti um heim af okkar menningu, okkar sögu, af okkar Eddum. Enn sem komið er er amerískum herprestum og dönskum blaðamönnum ekki búið að takast að setja annan stimpil í augum alls heimsins á Ísland, — ekki til fullnustu, þó að verið sé á góðri leið með það og þeir, sem ráðið hafa hér á Íslandi undanfarið, séu að hjálpa þeim til þess. Enn sem komið er er Ísland skoðað menningarland, ekki vegna þess, hvað það hafi verið, heldur vegna þess, hvað það sé, og þá fyrst og fremst vegna eins manns, sem er sá maður, sem í dag varpar mestum ljóma yfir Ísland af öllum núlifandi Íslendingum, Halldór Kiljan Laxness, — sá maður, sem nú er kunnari og Ísland frægara fyrir en það var áður fyrir Snorra. Og hver er afstaðan í dag hjá þeim mönnum, sem fyrirskipa nú, hvað gert skuli á Íslandi? Nýlega kom kona

hér í Reykjavík til ameríska sendiráðsins til þess að biðja um „visum" til Ameríku, til Bandaríkjanna. Það var sagt við hana, að það kæmi ekki til neinna mála, að hún fengi „visum" til Bandaríkjanna, hún umgengist Halldór Kiljan Laxness. Við vitum, að það þarf máske ekki einu sinni svo stóra sök til þess, að mönnum sé neitað um inngöngu í „frelsisins fimbulstorð", eins og Bandaríkin einu sinni voru kölluð. Það er nú svo komið, að flestir þeir menntamenn Íslands af öðrum flokki en Sósfl., sem boðið er í sendiferðir til Sovétríkjanna, þora ekki að fara þangað, þótt þá langi, vegna þess að þeir vita, að þá fengju þeir aldrei að stíga sínum fæti á Ameríku. M. ö. o., ástandið er orðið þannig á Íslandi, að það er bara tímaspursmál, hvenær að undirlagi þessa ameríska valds, sem hér drottnar, verði farið að vega þannig að öllu því dýrasta og bezta, sem íslenzk menning á, að reynt verði að brjóta það niður, — ef til vill ekki með sömu ráðum, en með svipuðum afleiðingum og Hákon gamli beitti í sinni tíð.

Ísland hefur á undanförnum öldum verið land menningarinnar í augum alheimsins, þeirra, sem eitthvað hafa til þess þekkt. Nú erum við að verða herstöð, drápsker og það, sem verra er, í augum alheimsins. Heiður lands okkar, mannorð þjóðar okkar er í veði. Við töpuðum því aldrei, hvorki heiðri okkar né mannorði, þótt við værum kúgaðir í sex aldir og værum ekki sjálfstæð þjóð. Nú er spurningin fyrir okkur, hvort við erum menn til þess að segja: Hingað og ekki lengra, — segja við Bandaríkin: Nú farið þið burt með ykkar her af okkar landi. — Ég — og með mér Sósfl. — álít, að það sé tími til þess kominn, að við gerum þetta, það sé rétt augnablik að gera það nú, það sé nauðsyn fyrir okkar þjóð vegna hennar framtíðar, það sé nauðsyn fyrir okkar þjóð vegna frelsis hennar og vegna heiðurs hennar:

Ég vil leyfa mér að leggja til, að hafður sé sami háttur á um þetta frv. og gert var í fyrra, þegar l., sem hér er lagt til að afnema, voru samþ., það sé kosin sérstök n. til þess að fjalla um það og frv. sé vísað til þeirrar n. nú að aflokinni þessari umr. og til 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Nd., 25. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Fellt að vísa frv. til 2. umr. með 13:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SÁ, ÁkJ, ÁS, EOl, GÞG, JÁ.

nei: PO, SkG, ÁB, EirÞ, EystJ, GG, HÁ, HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JörB, KS.

StJSt, JG, SB greiddu ekki atkv.

12 þm. (LJós, MJ, ÓTh, SG, StgrSt, AE, BÓ, EmJ, GTh, HV, JóhH, JR) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég tel rétt, að þetta mál fái eins og önnur þingmál venjulega þinglega meðferð, og segi þess vegna já.

3. Ferðaskrifstofa ríkisins.

Á 4. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 1. febr. 1936, um ferðaskrifstofu ríkisins [45. mál] (þmfrv., A. 45).

Á 7. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Í l. um ferðaskrifstofu ríkisins er svo ákveðið, að hún hafi ein rétt til þess að starfrækja ferðaskrifstofur fyrir erlenda menn. Þó segir í l., að ráðherra sé heimilt að leyfa erlendum ferðaskrifstofum, sem áður hafa starfað hér, að hafa umboðsmenn hér á landi. Setur þá ráðh. reglur um starfssvið þeirra og eftirlit með þeim. Enn fremur er í l. ákveðið, að heimilt sé að svipta slíka ferðaskrifstofu starfsleyfi, ef reglur, sem þær eiga að fylgja, eru brotnar í verulegum atriðum. Í því frv., sem ég flyt hér á þskj. 45, er lagt til, að þessi ákvæði verði felld burt úr l. Ég bar einnig fram á síðasta þingi frv. um sama efni.

Hér eru starfandi fleiri ferðaskrifstofur en sú, er ríkið rekur. Þessar ferðaskrifstofur annast um ferðalög innlendra manna, bæði hér á landi og utanlands. Þær hafa sambönd við slík fyrirtæki í öðrum löndum og geta veitt Íslendingum, sem fara utan, fyrirgreiðslu á þann hátt að undirbúa ferðalög þeirra um önnur lönd með aðstoð ferðaskrifstofa þar. Þær hafa einnig heimild til að annast um ferðir íslenzkra manna hér á landi, en þeim er aðeins bannað að greiða fyrir útlendingum, sem koma hingað til lands. Þetta virðist óeðlilegt og óþarft. Hverjum sem er er nú frjálst að reka ferðaskrifstofur til að greiða fyrir ferðalögum íslenzkra manna hér á landi og einnig í öðrum löndum, og þá virðist engin skynsamleg ástæða til að banna þeim að aðstoða útlendinga við ferðalög hér á landi.

Þó að þetta frv. verði samþ., getur ferðaskrifstofa ríkisins starfað eins og áður að landkynningu og fyrirgreiðslu ferðafólks, en samkvæmt l., sem hún starfar eftir, á hún að veita fræðslu um landið innanlands og utan, leiðbeiningar um ferðalög hér á landi og hafa á hendi eftirlit með gististöðum og veitingahúsum. Að þessum verkefnum mundi ferðaskrifstofa ríkisins starfa áfram eins fyrir því, þótt þetta frv. yrði samþ., — breytingin sú ein, að hún hefur ekki ein rétt til þess að aðstoða erlenda menn við ferðalög hér á landi. Ég lít svo á, að því aðeins eigi að veita einkarétt til starfsemi á þessu sviði og öðrum, að það sé til hagsbóta fyrir almenning, en ekki verður séð, að slíku sé hér til að dreifa, og því er þetta frv. fram borið. — Ég vil óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 8. fundi í Nd., 14. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til samgmn. með 18 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 45, n. 251 og 256).

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Samgmn. hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Við í meiri hl. n. leggjum til, að frv. verði samþ., en tveir nm. vilja hins vegar láta fella frv., og hafa þeir skilað séráliti um það.

Svo sem frá er skýrt í nál. beggja nefndarhluta, þá leitaði samgmn. umsagnar bæði ferðaskrifstofanna þriggja hér í bænum og einnig Sambands veitingahúsa- og gistihúsaeigenda um frv. Umsagnir bárust frá ferðaskrifstofunum öllum, en hins vegar ekki frá Sambandi veitingahúsa- og gistihúsaeigenda. Svo sem vænta mátti, voru umsagnir ferðaskrifstofanna ekki allar á einn veg. Ferðaskrifstofa ríkisins mælti á móti því, að frv. yrði samþ., en hinar tvær ferðaskrifstofurnar mæltu með því og töldu óeðlilegt, að ríkið ræki ferðaskrifstofu, sem hefði algera einokun á móttöku erlendra ferðamanna eins og nú er í l. um ferðaskrifstofu ríkisins. Bentu þær jafnframt á það, að slíkt skipulag mundi ekki tíðkast hér í neinu nágrannalandi og þó að ríkið ræki ferðaskrifstofur víða, þá væri þeim ferðaskrifstofum fyrst og fremst ætlað að sinna upplýsingastarfsemi um landið á erlendum vettvangi, en ekki beinlínis því verkefni, sem ferðaskrifstofa ríkisins hefur tekið sér hér.

Í l. um ferðaskrifstofu ríkisins er henni veitt einkaaðstaða til þess að sinna móttöku erlendra ferðamanna. Það er þó tekið þar fram, að heimilt sé ráðh. að leyfa erlendum ferðaskrifstofum, sem áður hafa starfað hér á landi, að hafa umboðsmenn hér á landi og setja þá reglur um starfssvið þeirra og eftirlit með starfsemi þeirra. Samkvæmt l. er því gert ráð fyrir því, að vissar undanþágur séu frá þessum einkaréttarákvæðum varðandi ferðaskrifstofuna og nái svoleiðis undanþáguheimildir til erlendra ferðaskrifstofa, sem hafi hér umboðsmenn. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir, að það megi veita undanþágu innlendum ferðaskrifstofum, sem ekki eru aðeins umboðsmenn fyrir erlendar ferðaskrifstofur, heldur starfa hér sjálfstætt. — Meiri hl. n. hefur talið þessa skipun mála óeðlilega, og úr því að ráð er fyrir því gert, að undanþágur séu veittar, og undanþágur munu hafa verið veittar, þá sé í alla staði óeðlilegt að leyfa ekki öðrum aðilum, sem ýmsir hefðu jafnvel enn betri aðstöðu til þess að sinna móttöku erlendra ferðamanna og mynduðu með sér samtök um það, að annast slíka fyrirgreiðslu. Það væri í raun og veru mjög eðlilegt, að ýmsar stofnanir hér á landi, sem einkum sinna verkefnum, sem eru í nánu sambandi við erlendar ferðamannaheimsóknir, hefðu t. d. með sér samstarf um rekstur ferðaskrifstofu, sem vel væri hugsanlegt, og á ég þar við aðila eins og t. d. flugfélögin, Eimskipafélag Íslands, Samband veitingahúsa- og gistihúsaeigenda og ýmsa fleiri, þar sem hægt væri að tengja þetta starf saman á mjög eðlilegan hátt. En ferðaskrifstofa ríkisins getur hins vegar haft það verkefni, sem henni var upphaflega aðallega ætlað, og það er að kynna landið erlendis, sjá um útgáfu bóka og bæklinga um landið og þannig að vekja athygli á því og glæða ferðamannastraum hingað, en að ferðaskrifstofan hafi síðan ein heimild til að veita móttöku þessum ferðamönnum, sem hingað koma, telur meiri hl. óeðlilegt og ekki heppilegt skipulag.

Því hefur verið hreyft af framkvæmdastjóra ferðaskrifstofu ríkisins, að ef einkaréttur ferðaskrifstofunnar að þessu leyti yrði afnuminn, þá mundi það hafa í för með sér stóraukinn rekstrarhalla á ferðaskrifstofu ríkisins, og virðast þau vera meginröksemdirnar gegn því, að þetta frv. nái samþykki. Ég hygg, að í þessu sé ædi mikill misskilningur, vegna þess að reyndin mun vera sú, að ferðaskrifstofa ríkisins hefur ekki haft sérlega miklar tekjur af móttöku erlendra ferðamanna, heldur liggja hennar megintekjur á öðrum sviðum, þannig að þó að dragi eitthvað úr því starfi hennar, þá ætti það ekki að skapa neina sérstaka hættu á því, að rekstrarhalli hennar ykist að mun. Það er nú satt að segja dálítið einkennilegt, að það skuli þurfa að vera mikill rekstrarhalli á ferðaskrifstofu ríkisins, ef aðrir aðilar telja sér fært og telja sig hafa möguleika til að reka ferðaskrifstofur hallalaust. Það er því sameiginleg skoðun nm. meiri hl., að það sé rétt að samþ. þetta frv. með hliðsjón af því ástandi, sem ríkjandi er í þessum málum. Hins vegar óskar einn nm., hv. 2. landsk. þm., sérstaklega tekið fram — svo sem nál. greinir — að fylgi sitt við málið byggist ekki á neinni andstöðu við ferðaskrifstofu ríkisins, hann telji eðlilegt, að hún hafi sömu starfsemi áfram og hún hefur haft, en aðrir nm. í meiri hl. telja aftur mjög vel geta komið til greina að athuga, hvort ekki sé eðlilegt að breyta starfsháttum ferðaskrifstofunnar og jafnvel að leggja ferðaskrifstofuna niður, þó að þeir telji ekki tímabært á þessu stigi og í sambandi við þetta mál að gera till. um það.

Það er því sem sagt till. meiri hl. n., að umrætt frv. um að afnema einkarétt ferðaskrifstofu ríkisins til móttöku erlendra ferðamanna verði samþ.

Frsm. minni hl. (Jón Gíslason): Herra forseti. Eins og fram hefur komið af þeim nál., sem út hafa verið gefin um þetta mál, frv. til l. um breyt. á l. um ferðaskrifstofu ríkisins, þá kemur það fram, að n. hefur ekki orðið alveg á eitt sátt um afgreiðslu málsins. Frsm. meiri hl., hv. 2. þm. Eyf., hefur nú gert grein fyrir afstöðu meiri hl., sem leggur til, að frv. verði samþ. Við, sem erum í minni hl., ég og hv. þm. Dal., höfum gefið út sérstakt nál. á þskj. 256 og prentað þar með sem fskj. bréf frá forstjóra ferðaskrifstofu ríkisins, sem færir þar allmikil rök fram á móti frv.

Við, sem erum í minni hl., lítum þannig á, að aðsókn erlendra ferðamanna hingað til landsins sé ekki svo mikil, að þarna geti verið verkefni fyrir fleiri ferðaskrifstofur til að greiða fyrir þeim mönnum. Það hefur verið í umr. um þetta mál nokkuð bent á það, að meðal annarra þjóða mundi þetta vera algerlega frjálst, en þar tel ég vera dálítið öðru máli að gegna, þar sem fjöldi ferðamanna er mikill og í þessu starfi er

mjög mikið verkefni. Hér á landi hjá okkur er það nú svo, að aðsókn ferðamanna til landsins er enn þá mjög lítil, þótt við vonum, að hún geti orðið meiri með tíð og tíma, til tekna fyrir landið. En enn sem komið er er aðsókn ferðamanna lítil, og virðist ekki vera þar verkefni fyrir marga. Nú sem stendur er það ferðaskrifstofa ríkisins, sem hefur nokkurs konar einkarétt á þessari fyrirgreiðslu. Þó er það nú svo, að önnur ferðaskrifstofa til mun hafa undanþágu og sinna þessu starfi líka, og virðist okkur, að það sé alveg nægilega fyrir þessu séð á þann hátt, að þessar tvær ferðaskrifstofur geri það. Ef fyrirgreiðsla erlendra ferðamanna væri gefin frjáls öllum og það yrðu fleiri aðilar, sem gæfu sig að því og við það vildu fást, þá virðist okkur, að skiptingin á þessu starfi hlyti að verða til þess, að enginn hefði neitt upp úr því, sem máli skipti, og jafnframt mundi það verða til þess, að ríkið yrði að leggja ferðaskrifstofu ríkisins til nokkru meira fé heldur en ella væri, þar sem ekki virðist vera neinn ágreiningur um það, að eftir sem áður ætti ferðaskrifstofan að hafa á hendi upplýsingastarfsemi og landkynningu, svo sem hún hefur haft.

Það er okkar álit, að ef móttaka erlendra ferðamanna færi að einhverju leyti eða kannske að öllu leyti úr höndum ferðaskrifstofunnar, þá missti hún — eins og ég hef sagt — við það allmiklar tekjur, sem ríkissjóður yrði að bæta henni upp á annan hátt til starfsins. Í öðru lagi er það, að ég get ekki séð neina ástæðu til þess, að fyrirgreiðsla fyrir erlendum ferðamönnum yrði betur af hendi leyst, þó að einhver fjöldi manna færi að fást við það starf, heldur yrði jafnvel síðri. En af því að við erum á byrjunarstigi sem ferðamannaland og viljum auka okkar afskipti þar af, þá tel ég, að það sé mjög mikil ástæða til, að móttaka erlendra ferðamanna takist vel, því að það er enginn vafi, að svo fyrst getum við látið okkur detta það í hug, að hingað sæki erlendir ferðamenn og eyði sínu skemmtiferðafé hér hjá okkur, og svo bezt getum við búizt við því, að það komist eitthvað áleiðis, að móttakan sé í fullu lagi. En eins og núna standa sakir, þá tel ég meiri líkur fyrir því, að móttaka erlendra ferðamanna verði í góðu lagi, ef fáir aðilar fást við móttöku erlendra ferðamanna, og sérstaklega ber ég mjög gott traust til ferðaskrifstofunnar til að inna það starf sæmilega af hendi. — Þetta eru nú þær aðalforsendur, sem við í minni hl. höfum fyrir því, að við leggjum til, að frv. verði felld.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Það væri í raun og veru ástæða til þess í sambandi við þetta mál að rifja upp nokkuð sögu þess, en ég mun nú ekki eyða í það mjög miklum tíma. En þó er óhætt að segja það, að þetta mál var hér á sínum tíma talsvert baráttumál á Alþ., og var ferðaskrifstofu ríkisins komið á, þegar sat að völdum samstjórn Framsfl. og Alþfl. á árunum 1934—38, en þáverandi stjórnarandstaða beitti sér mjög hart gegn þessu máli. Ég sé nú ekki ástæðu til þess, a. m. k. ekki enn sem komið er, að rifja upp þá sögu. Hún er mörgum mönnum kunn, sem enn þá eiga setu á þingi. En maður hefði varla við því búizt, að einn af hv. þm. úr þeim flokki, sem upprunalega barðist mjög skelegglega ásamt samstarfsflokki sínum hér á Alþ., mundi nú hefjast handa um að flytja frv. það, sem fyrir liggur. Hitt eru engin undur, þó að hv. Sjálfstfl. að verulegu leyti í samræmi við sína fyrri afstöðu fallist á till. þessa hv. þm. En ég ætla ekki heldur að fara neitt út í það mál að athuga, af hvaða ástæðum þessi hv. þm. hafi nú séð sig knúinn til þess að flytja það frv., sem hér liggur fyrir og mér skilst að vissu leyti brjóta í bága við það, sem hans eigin flokkur hefur fram haldið um skipulag þessara mála á undanförnum árum. En einhverjar ríkar ástæður hljóta það að vera, þegar hann sker sig út úr sínum eigin flokki um þetta mál. Ef til vill getur hann sérstaklega skýrt það hér í umr., hverjar þær ástæður eru.

En þó að sleppt sé nú baráttusögunni um stofnun ferðaskrifstofu ríkisins, þá liggur nær að athuga það atriði, hver reynsla hefur fengizt af rekstri þessarar stofnunar og hvort sú reynsla beri til þess, að breyta eigi um skipulagshætti og taka upp nýjan sið varðandi móttöku erlendra ferðamanna alveg sérstaklega.

Ég vil mjög taka undir það með hv. þm. V-Sk., að ég hygg, að allir þeir, sem til þekkja, hafi komizt að raun um það, að ferðaskrifstofa ríkisins hafi verið ágætlega rekin og það hafi verið hennar gæfa, að hún hefur haft fyrir forstöðumann mjög áhugasaman mann og hæfan. En það er sannast sagna, að örlög slíkra fyrirtækja eins og þeirra, sem stofnað er til af almannavaldinu, fara að verulegu leyti eftir því, hvaða menn veljast til forustunnar, hvort þeir hafa vilja, skilning og hæfni til þess að veita fyrirtækjunum forstöðu og séu trúaðir á það, að fyrirtækin sjálf hafi þjóðfélagslega mikla og góða þýðingu. En ég held, að það sé alveg óhætt að segja, að núverandi forstöðumaður ferðaskrifstofu ríkisins hafi leyst störf sín af hendi á þann veg, að með rökum verði ekki fundið að starfsemi hans. Og ég held, að það megi einnig slá því föstu, að ferðaskrifstofa ríkisins hafi aflað sér mjög mikilla vinsælda, ekki einungis innanlands, þar sem mikið hefur verið til hennar leitað, bæði í sambandi við sérleyfisferðir og orlofsferðir, heldur er mér einnig kunnugt um það, að ferðaskrifstofa ríkisins hefur áunnið sér mikið og gott álit og þakklæti fjölda erlendra ferðamanna, sem við stofnunina hafa skipt. Munu skipta mörgum tugum eða hundruðum þau bréf, sem stofnunin hefur fengið í þakkarskyni fyrir þá fyrirgreiðslu, er hún veitti erlendum ferðamönnum, er leituðu hingað til Íslands. Og þessi ferðaskrifstofa hefur gert meira. Hún hefur verið það eina, sem gert hefur verið hér á landi, svo að verulegu máli skipti, til þess að auglýsa Ísland út á við sem ferðamannaland, til þess að vekja athygli á sögu landsins, á fegurð landsins og á því, hversu margt sé raunverulega hingað að sækja fyrir þá menn, sem vilja hleypa heimdraganum og létta sér upp á skemmtiferðalögum eða á annan hátt til annarra landa.

Sú barátta eða sú málafylgja ferðaskrifstof-

unnar, sem fólgin er í því að auglýsa Ísland á þann veg, sem hún hefur gert, bæði með bæklingum, bréfum, auglýsingum, kvikmyndum og sölu minjagripa og á allan annan hátt, hefur verið mikil landkynning fyrir íslenzku þjóðina, og ég hygg, að sú landkynning hafi heppnazt ágætlega og beinlínis vegna hennar hafi margir til Íslands leitað, og það sem betra er, ekki á neinn hátt verið blekktir af heimsókninni til Íslands. Þetta mikla brautryðjandastarf ferðaskrifstofu ríkisins hefur haft geysilega þýðingu, en það hefur ekki getað náð tilgangi sínum af þeirri ástæðu, er forstöðumaður ferðaskrifstofunnar bendir á í umsögn sinni um frv., sem hér er prentuð sem fylgiskjal með nál. á þskj. 256. Það er annað atriði alveg sérstaklega, sem gerir það að verkum þann dag í dag, að það er örðugra en ætti að vera að koma hingað, svo að vel sé, miklum útlendum ferðamannastraumi, og það er fyrir þær sakir alveg sérstaklega, að skortur er hér mjög tilfinnanlegur á hæfilegum hótelum, vistlegum, en ekki of dýrum, að minnsta kosti sumum hverjum, fyrir útlenda ferðamenn, sem leita til landsins. Og ég held það væri meiri þörf fyrir Alþ. að beita sér að því að reyna að bæta úr þeim vandkvæðum heldur en reyna nú að veikja aðstöðu ferðaskrifstofu ríkisins og á þann veg þakka henni ágætt starf unnið fyrir þjóðina á undanförnum árum. Ég held, að það hefði verið miklu viðkunnanlegra fyrir flm. þessa frv. og aðra áhugamenn um það að fá útlenda ferðamenn til landsins að koma með einhverja skynsamlega og framkvæmanlega till. til þess að bæta úr hinum mjög mikla hótel- eða gistihúsaskorti, sem hér er í landinu og hindrar það, að hingað geti komið ferðamenn eins og gæti ella orðið.

Þegar nú því er slegið föstu, — og ég vona, að enginn vilji draga það í efa, — að ferðaskrifstofa ríkisins hefur verið prýðilega rekin, að hún hefur áunnið sér vinsældir innanlands og utan, þá hljóta menn að spyrja: Hvaða ástæður út frá almennu sjónarmiði og þjóðarhag geta þá legið til þess, að það eigi að svipta hana þeim réttindum, sem hún hefur haft áður að íslenzkum lögum? Ef það hefði komið upp rökstuddur kurr um rekstur stofnunarinnar og ef menn hefðu getað sýnt það svart á hvítu, að hún hefði ekki verið rekin á þá lund, sem í upphafi var til ætlazt, og á þann veg, sem bezt skyldi, þá hefði getað verið eðlilegt að veita öðrum aðilum aukið tækifæri til að vinna að sömu málefnum og ferðaskrifstofa ríkisins hefur unnið að og var stofnuð til þess að vinna að. En þegar því ekki er til að dreifa, verður óhjákvæmilega að leita spurningunni svars á öðrum vettvangi. Hvers vegna er þetta fram komið, og hagur hverra manna getur verið við það bundinn, að ferðaskrifstofan verði þannig svipt þeim rétti, sem til er ætlazt með frv.? Ég held, að það geti varla verið hagur íslenzkra ferðamanna, sem leita eftir aðstoð við orlofsferðir og á annan hátt um ferðalög, því að þeir menn eiga þess nógan kost nú með ferðaskrifstofu ríkisins, með hinni nýju ferðaskrifstofu, sem h/f Orlof rekur, og með ferðafélögunum, sem stofnuð hafa verið víðs vegar um land, að njóta fegurðar landsins í hagnýtum og tiltölulega ódýrum ferðalögum. Þá er aðeins spurningin þetta: Eru það útlendingar, sem mundu frekar koma til landsins, mundu fá betri þjónustu og mundu auka meir hróður Íslands, ef skipt yrði nú um skipulag á ferðaskrifstofunni á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í frv. því, sem hér liggur fyrir? *Í raun og veru get ég svarað þeirri spurningu* þegar neitandi, að það geta engar frambærilegar ástæður verið fyrir hendi um það, að það séu líkur til þess, að útlendir ferðamenn mundu frekar leita til landsins, þó að þessir skipulagshættir væru upp teknir. Og ég held, að það sé enn þá minni ástæða til þess að ætla, að fyrirgreiðsla fyrir þá yrði betri, ódýrari og heppilegri með því móti, að fleiri aðilar eða einstaklingar settu sig sérstaklega niður til þess að reyna að fá útlendinga hingað til landsins. Forstöðumaður ferðaskrifstofunnar hefur í álitsgerð sinni bent réttilega á það, að áður en ferðaskrifstofan kom til skjalanna, þegar ekkert skipulag var á þessum málum, þá voru það nokkrir einstaklingar, eins konar spákaupmenn í því að græða á útlendum ferðamönnum, sem kepptu hver við annan um það að ná í ferðamennina og veita þeim fyrirgreiðslu með það fyrir augum að hafa sem allra mest upp úr þeim í eigin vasa. Ég varð ekki var við það hér, áður en ferðaskrifstofan kom til, að þeir einstaklingar, sem tóku að sér og vildu hafa með höndum að taka á móti útlendum ferðamönnum, gerðu neitt að ráði í þá átt að auglýsa Ísland erlendis sem ferðamannaland, að hæna útlenda ferðamenn að Íslandi, svo að þeir kæmu þangað í stríðum straumum. Og enn síður álít ég, að hægt sé að færa fyrir því frambærileg rök, að hinir útlendu ferðamenn, sem til landsins leituðu áður en ferðaskrifstofan kom til skjalanna, hafi verið þakklátari fyrir þá fyrirgreiðslu, sem þeir fengu hér, heldur en hjá ferðaskrifstofu ríkisins. Ég held, að það sé engin ástæða til þess að ætla það.

Ég mundi því telja, að rökin fyrir þessu málefni séu harla einkennileg. Ég get sagt, eins og ég sagði áðan, að ég skil þau vel út frá vissum sjónarhóli Sjálfstfl., sem telur, að einstaklingar eigi að eiga þess allan kost að ná í eigin vasa í atvinnurekstri sem allra mestu og að löggjöfina eigi ekki við það að miða að skipuleggja atvinnureksturinn á þann hátt, að hann verði sem hagnýtastur, heldur eigi einstaklingarnir að sjá um það, að sjálfsögðu með þá höfuðhugsun að leiðarljósi að fá sem mest upp úr krafsinu. En ég skil það ekki heldur vel, að fulltrúi íslenzkra kommúnista í n. skyldi nú falla inn á þessa línu hinnar frjálsu samkeppni Sjálfstfl. Mætti hann þó vera minnugur, þar sem hann hefur ferðazt til Rússlands, að þar mun vera ferðaskrifstofa, sem heitir „Inturist", og ég held, að það sé ekki sérstaklega mikil ástæða til að ætla, að á því verði breyt., á meðan ríkir það stjórnarkerfi í Rússlandi, sem nú er. Ég veit ekki, — kynni þó að geta skilið það, ef djúpt væri kafað, — hvers vegna flokkur hv. þm. telur nú ástæðu til þess að leggja sérstaklega lag sitt í þessu máli við þann flokk, sem hefur það sér til gildis að vernda hagsmuni einstaklinganna

í atvinnurekstri yfirleitt, hvað sem viðkemur sérstaklega hag fjöldans og almennings.

Hæstv. forseti hefur gefið mér vinsamlega vísbendingu um það, að nú muni fundi lokið, en ég hafði ekki alveg lokið máli mínu og mundi því vilja halda því eilítið áfram, þegar málið verður tekið fyrir að nýju. [Frh.]

Forseti (SB): Ég bið hv. þm. afsökunar á, að ég þarf að trufla hann í ræðu hans, en það er vegna þess, að fyrirhugað er ferðalag þingmanna úr bænum á ákveðnum tíma. Umr. um 5. dagskrármálið er frestað og það tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 30. fundi í Nd., 21. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Stefán Jóh. Stefánsson [frh.]: Herra forseti. Ég skal nú ekki bæta ýkja mörgu við það, sem ég sagði í fyrri hluta ræðu minnar hér um þetta mál í gær, þar sem ég þóttist hafa gert nokkra grein fyrir því af minni hálfu, hvers vegna ég væri andstæður því frv., sem hér liggur fyrir. Ég vildi aðeins sem eins konar lokaorð í sambandi við þetta mál draga það saman, sem ég hef áður sagt, eða sérstaklega varpa fram þeirri spurningu, sem Rómverjar hinir fornu gerðu: Qui bono — hverjum til góðs — ætti að vera að samþ. það frv., sem hér liggur fyrir? Ég þóttist hafa fært rök fyrir því, að ég gæti ekki séð, að þjóðfélaginu sjálfu, félagsheildinni, væri nokkur greiði gerður með því að samþ. frv. og gefa þá fleirum kost á að reyna sig og keppa með mismunandi hætti um það að veita fyrirgreiðslu útlendum ferðamönnum, sem til landsins koma, vegna þess að ég þóttist hafa slegið því föstu með nokkuð ríkum rökum, að ferðaskrifstofa ríkisins hefði gegnt þessu hlutverki prýðilega, svo að ekki væri undan kvartað, hvorki af hálfu ríkisins sjálfs, sem rekur þessa stofnun, né af hálfu þeirra viðskiptavina, er sérstaklega hafa til ferðaskrifstofunnar leitað í þessum efnum, þ. e. erlendra ferðamanna. Þvert á móti hafði ég fulla vitneskju um það, að erlendu ferðamennirnir höfðu yfirleitt lokið lofsorði á ferðaskrifstofuna fyrir fyrirgreiðslu hennar. En hvað er þá yfirleitt unnið með þessu, að gefa einhverjum örfáum mönnum tækifæri til þess að reyna sig frekar en áður við að taka á móti erlendum ferðamönnum? Reynslan, sem áður var í þessum efnum, sýndi það greinilega, að það var óheppilegt. Það var slegizt um ferðamennina, eins og maður getur sagt, allt að því eins og hungraður seppi um bein. Það var leitað eftir því að ná í þá til þess að aðstoða þá hér á landi. Stundum voru þeir flekaðir meira að segja af ábyrgðarlitlum mönnum, sem voru nógu tungumjúkir til þess að ná sambandi við þá. Og upp úr því höfðu útlendingarnir það eitt, að þeir fengu minni og lakari fyrirgreiðslu en ella, en urðu að greiða meira fé fyrir.

Ég er hræddur um, að í sama farið mundi falla að nýju, ef breytt yrði hér um skipulagshætti og ferðaskrifstofan ætti ekki ein að annast um þetta, eins og hefur verið síðan l. um þetta efni öðluðust gildi. Ég sé því sem sagt ekki, að þetta frv. þjóni neinum nytsamlegum tilgangi, heldur sé það eingöngu flutt til þess að gefa kannske örfáum mönnum færi á því að reyna sig í eins konar spákaupmennsku viðkomandi móttöku erlendra ferðamanna, og tel ég, að það yrði frekar til þess að varpa skugga á Ísland og heimsóknir erlendra manna til landsins heldur en það öfuga. Ferðaskrifstofan hefur sinnt þessu hlutverki sínu; hún getur það, og verkefnið er sannarlega ekki svo víðtækt, að þörf sé á því að leiða fleiri menn að því sérstaklega, hvetja þá til þess að reyna að fá sér aukaaura með því að ná í erlenda ferðamenn og veita þeim atbeina hér á landi.

Ég mun svo ekki hafa þessi orð mín lengri, en enda með því, eins og ég hef áður lýst í ræðu minni, að ég legg fyrir mitt leyti eindregið til, að frv., sem fyrir liggur, verði fellt.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð til viðbótar þeim glöggu rökum, sem hv. 8. landsk. þm. hefur flutt fram gegn þessu frv.

Flm. þess er hv. þm. V-Húnv., einn áhugasamasti sparnaðarmaður þessarar hv. d. Það hefur hvað eftir annað komið í ljós, að hv. þm. V-Húnv. virðist hafa sérstakan áhuga á því, að útgjöld ríkissjóðs séu sem allra lægst. Hann kvartar mjög undan kostnaði við ýmsar stofnanir og segist jafnan vera mjög fús til þess að leggja sérhverri sparnaðartill. lið sitt. Með tilliti til þessa mikla og kunna sparnaðaráhuga hv. þm. V-Húnv. kom bæði mér og öðrum mjög undarlega fyrir sjónir, þegar þetta frv. birtist frá hendi hans.

Hvað felst í þessu frv.? Í því felst það, að heimilt skuli vera að stofna fleiri ferðaskrifstofur til þess að taka á móti erlendum ferðamönnum við hlið ferðaskrifstofu ríkisins. Þessum nýju ferðaskrifstofum skulu þó engar skyldur lagðar á herðar til neins konar landkynningar eða auglýsingastarfsemi fyrir landið. Þær eiga einungis að hafa skilyrði til þess að hafa viðskipti við þá ferðamenn, sem hingað koma af því, að þeim er þegar kunnugt um landið sem ferðamannaland, og hafa áhuga á því að komast hingað. Nái þetta frv. fram að ganga, má búast við því, að 2—3 slíkar ferðaskrifstofur taki til starfa. Þessi viðskipti, sem hingað til hafa verið í höndum ferðaskrifstofunnar einnar, munu þannig skiptast á að minnsta kosti 2, 3 eða 4 aðila.

Ferðaskrifstofa ríkisins er ríkisfyrirtæki, og reikningar þess eru birtir í fjárlögum. Í fjárlögum fyrir næsta ár er kostnaður þessarar skrifstofu talinn 853 þús. kr. Þar af eru 588 þús. kr. skrifstofukostnaður, aðallega launagreiðslur; 100 þús. kr. eru kostnaður við landkynningu; 75 þús. kr. eru kostnaður á Keflavíkurflugvelli; 10 þús. kr. hóteleftirlit, sem ferðaskrifstofunni er skylt að inna af hendi; 20 þús. kr. upplýsingaskrifstofa á Akureyri; 10 þús. kr. minjagripir; og upplýsingaskrifstofa í London til kynningar á landinu 50 þús. kr.

Til þess að standa undir þessum kostnaði, sem er þannig að mjög verulegu leyti landkynn-

ingarkostnaður til þess að hæna erlenda ferðamenn að landinu, eru ferðaskrifstofunni áætlaðar tekjur að upphæð 685 þús. kr. af viðskiptum sínum við hina erlendu ferðamenn, þannig að nettókostnaðurinn er aðeins 168 þús. kr. Nú liggur alveg í augum uppi, að ef stofnaðar verða fleiri ferðaskrifstofur, þá hlýtur ferðaskrifstofan að missa tilsvarandi í tekjum, því að ekki er við því að búast, að fleiri ferðamenn komi hingað til landsins einungis vegna þess, að fleiri ferðaskrifstofur eru stofnaðar, ef þeim er engin skylda lögð á herðar til að kynna landið og hvetja þannig fleiri ferðamenn til þess að koma til landsins. Afleiðingin yrði því sú, að tekjur þær, sem hingað til hafa orðið af komu erlendra ferðamanna til landsins, 685 þús. kr., mundu skiptast á 2, 3 eða 4 aðila. Og ferðaskrifstofan mundi þannig ekki halda nema helmingi, þriðjungi eða fjórðungi af þessum tekjum, auðvitað með þeim árangri, að rekstrarhallinn af ferðaskrifstofunni mundi vaxa sem þessu svarar, þar eð í frv. er ekki gert ráð fyrir því, að neinni af þeim skyldum, sem á ferðaskrifstofunni hvíla, verði af henni létt. Bein afleiðing af samþykkt þessa frv. yrði því sú, að útgjöld ríkisins mundu vaxa um nokkur hundruð þús. kr., nokkurn veginn samsvarandi tekjum þeirra einkaferðaskrifstofa, sem stofnaðar yrðu. Það kom mér mjög undarlega fyrir sjónir, að einmitt sparnaðarpostulinn, hv. þm. V-Húnv., skyldi gerast til þess að flytja slíkt frv., sem ylli hækkun á fjárlögum næsta árs um hvorki meira né minna en nokkur hundruð þús. kr. Segja mætti, að sök sér hefði verið, ef hv. þm. hefði lagt það til, að í staðinn fyrir réttinn til að mega skipta við erlenda ferðamenn og hafa hagnað af þeim viðskiptum, þá skyldi þessum nýju ferðaskrifstofum vera skylt að annast nokkra landkynningu. En þeim er ekki ætlað að taka á sig neinar slíkar skyldur. Þeim er aðeins ætlað að hafa hagnaðinn af viðskiptunum. Eftir sem áður á ríkið að standa undir allri kynningarstarfseminni með ferðaskrifstofu ríkisins. Það mætti líka segja, að það hefði verið svolítið vit í því að leggja beinlínis til, — eins og mér skilst raunar að sé skoðun sumra sjálfstæðismannanna í hv. n., — að ferðaskrifstofan sé lögð algerlega niður og hætt verði að leggja nokkurt fé í það að kynna landið erlendis, að gera viðskiptin við erlenda ferðamenn að hreinum einkaviðskiptum. Það væri að færa þessi utanríkisviðskipti á hreinan viðskiptagrundvöll. Mætti segja, að í því væri að minnsta kosti samkvæmni, þó að ég teldi það að vísu vera mjög óheppilegt og að það sé óhjákvæmilegt og nauðsynlegt fyrir ríkið að leggja talsvert fé, jafnvel enn þá meira en nú er gert, í það að kynna landið erlendis og hvetja erlenda ferðamenn til þess að koma hingað. Þeir peningar skila sér aftur til þjóðarbúsins, þótt þeir skili sér ef til vill ekki beint í ríkissjóðinn.

Það, sem hér er um að ræða, er hins vegar alls ekki þetta. Það, sem hér er um að ræða, er að láta útgjöldin til landkynningarstarfseminnar haldast og eftir sem áður hvíla á ferðaskrifstofunni, en svipta hana tekjum, flytja hluta af tekjum hennar yfir í vasa nokkurra manna, sem hafa áhuga á því að græða á viðskiptum við útlenda ferðamenn, án þess þó að vilja taka á sig nokkrar skyldur í því sambandi. Það er þetta, sem er hið versta og varhugaverðasta við þetta frv. Og það er þetta, sem mér kemur mjög á óvart að skuli vera till. einmitt hv. þm. V-Húnv., hins kunna og ötula sparnaðarpostula. Það var þetta, sem ég vildi benda sérstaklega á. Hv. 8. landsk. þm. hefur þegar gert svo glögga grein fyrir nytsemi ferðaskrifstofunnar, fyrir því, hversu vel hún hefur innt sín störf af hendi, fyrir því, hversu mikils trausts hún hefur aflað sér meðal viðskiptamanna sinna, bæði erlendra og innlendra, fyrir því, hversu ágætrar forustu skrifstofan hefur notið síðan hún var stofnuð, að ég sé ekki ástæðu til að endurtaka neitt af því, en vildi vonast til þess, að hv. þm., einmitt þeir, sem hafa sérstakan áhuga á því, að útgjöld ríkisins séu ekki aukin að óþörfu, hugleiði þetta frv. alveg sérstaklega og þá vonandi með þeim árangri, að þeir snúist gegn því.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki sérstaklega að fara að taka upp hanzkann fyrir flm. þessa frv. Það væri eðlilegt, að hann svaraði sjálfur fyrir sitt mál, og ég geri ráð fyrir, að hann muni væntanlega gera það. En það eru aðeins nokkur orð vegna ummæla, sem fram hafa komið hér frá hv. 8. landsk. og hv. 3. landsk., sem ég vil ekki láta hjá líða að svara lítillega, vegna afstöðu meiri hluta þeirrar n., sem hafði þetta mál til meðferðar, og þeirra röksemda, sem lágu fyrir afstöðu þeirra að mæla með samþykkt frv.

Ég hafði nú satt að segja aldrei gert ráð fyrir því, eða það var að minnsta kosti ekki af n. hálfu — neins nm., geri ég ráð fyrir — búizt við því, að það yrði svo mjög hávaðasamt um þetta mál, það er nú ekki í eðli sínu það mikið stórmál. En það er þó ef til vill skiljanlegt, að þeir hv. Alþfl.-menn tveir, sem talað hafa gegn frv., hafi farið svo geyst sem þeir hafa gert, vegna þess að það er öllum hv. þdm. kunnugt, að þetta mál um einokun ferðaskrifstofunnar á þessu sviði er þeim að sjálfsögðu mikið hjartans mál, svo sem öll önnur mál, er til einokunar horfa, og er því ekkert við því að segja, þótt þeir rísi mjög harkalega gegn frv. En það voru nokkur atriði, sem mér virtust vera fram sett af nokkrum misskilningi hjá báðum þessum hv. ræðumönnum.

Vil ég þá fyrst og fremst víkja að því, sem hv. 3. landsk. sagði hér áðan um tekjur ferðaskrifstofunnar og tekjumissi hennar, ef þetta frv. yrði samþ. Hann las hér upp úr fjárlagafrv. þær tekjur, sem gert væri ráð fyrir að ferðaskrifstofa ríkisins hefði á næsta ári, og mér skildist, eftir ummælum hans að dæma, að hann gerði ráð fyrir því, að ef hún missti sína einkaréttaraðstöðu til móttöku erlendra ferðamanna, þá mundu þessar tekjur rýrna að verulegu leyti. Þetta er að miklu leyti misskilningur. Mjög lítill hluti af tekjum ferðaskrifstofunnar stafar beinlínis af móttöku erlendra ferðamanna, heldur eru tekjur hennar til komnar á allt annan hátt. Ferðaskrifstofan heldur uppi

margvíslegri starfsemi hér innanlands, ferðalögum mörgum, sem öllum mun kunnugt um, hún hefur hér verzlun starfandi, og hún hefur mikla þjónustu fyrir áætlunarbifreiðar. Af þessu öllu hefur hún meginhlutann af sínum tekjum, en alls ekki af móttöku erlendra ferðamanna; það eru hverfandi litlar tekjur, sem af þeim eru. Ég geri ráð fyrir því, að fastakostnaður ferðaskrifstofunnar og það mannahald, sem þar þarf að vera, geri svo mikið mótvægi á móti þeim tekjum, að ekki sé hægt að segja, að tekjur hennar af erlendum ferðamönnum séu nema tiltölulega mjög litlar, nema segja megi, að minjagripasalan komi þar til. En það útilokar auðvitað ekki, að ferðaskrifstofa ríkisins geti haldið uppi minjagripasölu og haft verzlun með þá, almenna verzlun, eins og hún nú hefur, þó að hún veiti ekki móttöku erlendum ferðamönnum. Ég hygg því, að það sé á verulegum misskilningi byggt, að það mundi auka útgjöld ríkisins, svo að hundruðum þúsunda skipti, eins og hv. 3. landsk. sagði, ef þetta frv. yrði samþ.

Ég skal ekkert vefengja það, að ferðaskrifstofa ríkisins hafi gott orð á sér, bæði hér innanlands og erlendis, enda þakka ég henni það út af fyrir sig ekki sérstaklega. En það hefur engin reynd á það komið, hvort aðrar skrifstofur gætu ekki fengið alveg jafngott orð og ferðaskrifstofan, en hún er eini aðilinn, sem hefur haft til þess aðstöðu hingað til. Ég hygg hins vegar, að því miður hafi ferðaskrifstofan ekki sinnt því verkefni sem skyldi að kynna landið erlendis.

Ég vék að því hér í minni frumræðu, að það mundi vera svo málum háttað varðandi fyrirgreiðslu erlendra ferðamanna í flestum nálægum löndum, að ríkið hefði fyrirgreiðslu um það efni, en sú fyrirgreiðsla væri aðallega fólgin í upplýsingastarfsemi um landið, en aftur á móti væru í öllum þessum löndum starfandi ferðaskrifstofur, annaðhvort starfræktar af einstaklingum eða í sambandi við ýmiss konar félög, t. d. flugfélög, skipafélög eða aðra slíka aðila, sem mjög eðlilegt er að hafi slíka fyrirgreiðslu með höndum.

Sannleikurinn er því sá, að ef ætti að tryggja hag ferðaskrifstofunnar peningalega séð, svo að maður víki að því máli aftur, þá væri auðvitað nauðsynlegt að banna að starfrækja aðrar ferðaskrifstofur hér, sem halda uppi ferðalögum innanlands. Meðan það er ekki gert, þá eru að sjálfsögðu skertir mjög mikið möguleikar ferðaskrifstofunnar til þess að geta staðið undir öllum sínum rekstri. En afstaða meiri hl. n. byggðist á því hvað fjármálin snerti, að hann taldi ekki óeðlilegt, að ferðaskrifstofan gæti eins starfað að þessum málum, eftir sem áður, þó að þessari einokun væri aflétt. Úr því að aðrir aðilar teldu sér mögulegt að reka ferðaskrifstofur með hagnaði, þá ætti ekki að þurfa að vera svo mjög mikill halli á ferðaskrifstofu ríkisins, sem hefur óneitanlega þá sérstöðu eftir sem áður, að hún hefur þegar náð í mörg sambönd, sem alls ekki er hægt að ætla að hún muni missa, ef hún á annað borð rækir sitt verkefni eins og vera ber, þótt aðrir keppinautar komi til.

Ég vil sérstaklega víkja að því í ræðu hv. 8. landsk., að hann sagði, að það væri að sjálfsögðu eðlilegt sjónarmið sjálfstæðismanna að leggja til, að þessari einokun væri aflétt, vegna þess að þeir vildu auðvitað, að einstaklingar fengju aðstöðu til þess að græða á þessari þjónustu. Hingað til hefur þetta ekki verið svo sérlega gróðavænleg þjónusta, eftir því sem legið hefur hér fyrir Alþ. um rekstrarafkomu ferðaskrifstofunnar þrátt fyrir hennar einokunaraðstöðu, að það séu nú miklar líkur til þess, að einstaklingar rökuðu saman fé á því að starfrækja ferðaskrifstofu. En það kann ef til vill að verða svo, og þá er ekki nema vel, að það verði sú sama breyting á þessu og varð t. d. með annað mikið ástfóstur Alþfl., áætlunarbifreiðarnar, á sínum tíma, sem voru starfræktar með stórkostlegum halla, og síðasta árið, sem þær voru starfræktar, var gert ráð fyrir því í áætlun um rekstur þeirra næsta ár, að hallinn á þeim mundi verða allt að einni milljón. Þessar áætlunarbifreiðar voru seldar og ríkið losnaði við rekstur þeirra, og mér er ekki kunnugt um annað en að rekstur þeirra hafi gengið mjög sæmilega síðan og ekki hlaðizt á ríkissjóðinn neinn baggi af þeim sökum. Ég held, að enginn harmi það, að svo hafi til tekizt og að sú ráðstöfun hafi verið gerð, og ef það gæti skilað sama árangri að létta einokuninni af ferðaskrifstofunni, þá held ég, að það væri mjög skynsamlegt, að það væri gert. — Að öðru leyti hirði ég svo ekki að ræða þetta mál. Það er, eins og ég sagði í upphafi máls míns, eðlilegt, að frsm. þess og flm. hafi orð fyrir málinu sjálfu og ástæðunum fyrir því, að hann ber það fram. Ég ætla mér ekki að svara fyrir það, en ég taldi aðeins rétt að segja þessi orð vegna afstöðu meiri hl. n. og sem frsm. hans.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég hef ekki mörgu að svara úr ræðu hv. 2. þm. Eyf., sem hér talaði síðast. Hann sagði í upphafi máls síns, að hér væri ekki um stórmál að ræða. Ég er nú þeirrar skoðunar, að hér sé um nokkuð stórt mál að ræða, hvort eigi að fara að rífa niður kerfi og stofnun að einhverju leyti, sem byggð hefur verið upp með góðum árangri á alllöngu árabili. En tilætlunin er að höggva skarð í múrinn, sem umlykur þessa stofnun, ef svo mætti segja, og það kemur fram í nál. meiri hl., að tveir hv. sjálfstæðismenn eru líka þeirrar skoðunar, að leggja ætti ferðaskrifstofu ríkisins niður með öllu. Það er þess vegna að mínu viti fyrsta skrefið í þá átt, sem stíga á með frv., sem hér er til umr. í dag, og það er frá mínu sjónarmiði séð mjög hættulegt skref. Það má alltaf tala um og hljómar illa í eyrum margra Íslendinga að tala um einokun, enda er það óspart notað af andstæðingum þeirra manna, sem vilja koma á öðrum skipulagsháttum í þjóðfélaginu en nú gilda. Frá mínu sjónarmiði er það eftirsóknarvert að reyna að koma því svo fyrir, að þjóðfélagið sjálft og kjörnir trúnaðarmenn þess hafi með höndum mörg þau atriði, sem eru þannig löguð, að ætla má, að þjóðinni sé fyrir beztu, að þau séu í höndum þjóðfélagsins sjálfs, en ekki í höndum einstaklinga. Og ég hygg, að eitt af því sé ferðaskrifstofa ríkisins og verkefni

þau, sem henni er gert að inna af höndum með löggjöf þeirri, er um hana gildir.

Þó að segja megi, að víðast hér í nágrannalöndunum séu ekki slíkar ferðaskrifstofur, sem séu alveg eins og ferðaskrifstofa ríkisins, þá er það samt svo, að á Norðurlöndum eru járnbrautirnar alls staðar eign ríkisins, og ferðaskrifstofur þeirra, sem eru þá eins konar ríkisskrifstofur, hafa með höndum mjög mikla fyrirgreiðslu í ferðalögum, ekki einungis innanlands, heldur á milli landa, og má því segja, að ríkisjárnbrautirnar á Norðurlöndum annist að verulegu leyti það, sem ferðaskrifstofu ríkisins er ætlað að annast um. En vegna þess að hér er högum svo háttað, a. m. k. enn sem komið er, að það er tiltölulega fámennur hópur útlendinga, sem leitar hingað til landsins í því skyni að skemmta sér eða er í verzlunarerindum eða öðru slíku, þá þykir mér langeðlilegast, að það sé ein stofnun, sem ekki hafi einstaklingsgróða í huga, er hafi með höndum að greiða götu þessara manna, sem til landsins koma á þann veg, sem nú hef ég lýst. Fyrir ferðaskrifstofunni vakir ekkert annað og á ekki að vaka annað en að reyna að fá sem flesta erlenda gesti til landsins og sjá um það, að þeir geti unað sínum högum vel, eftir því sem bezti kostur er á hér á landi. Það er ekki aðalsjónarmiðið að græða á þessum útlendu ferðamönnum, heldur að þjóðfélagið sem heild græði á þeim á þann hátt, að þeir verji einhverjum hluta af þeim peningum, sem þeir hafa til umráða, hér í landinu til kaupa á fæði, húsnæði og minjagripum og mörgu öðru, sem þeir kynnu að girnast, þegar þeir væru hingað komnir. En hins vegar þarf að sjá um, að allt, sem fyrir þá væri gert til þess að hæna þá að landinu, yrði sem aðgengilegast og til þess lagað, að fleiri kysu að ferðast til landsins.

Hv. 2. þm. Eyf. sagði, að ferðaskrifstofa ríkisins hefði ekki sinnt því verkefni sem skyldi, hvað varðar landkynningu. Ég held nú satt að segja, að ferðaskrifstofan hafi gert æði mikið í því efni, en hafi orðið að sumu leyti að takmarka það af þeim ástæðum, að þess er ekki kostur að hvetja útlendinga til að koma hingað í svo stórum stíl sem æskilegt væri annars vegna skorts á hótelum eða gistihúsum og öðrum verustöðum hér á landi. Á meðan svo er háttað, að slíkt vantar, þá er það kannske bjarnargreiði við landið og íslenzku þjóðina að reyna að fá hingað stórkostlega hópa erlendra ferðamanna, sem svo yrðu fyrir vonbrigðum, þegar þeir kæmu til landsins og ættu þess ekki nægan og sæmilegan kost að fá almennilega gistingu og dvöl í landinu. En að öðru leyti hygg ég, að ferðaskrifstofa ríkisins hafi eiginlega gert það, sem mest og bezt er hægt að gera til landkynningar, og hafi í því efni leitað eðlilegs samstarfs t. d. við flugfélögin. Og ég veit ekki betur en að ferðaskrifstofa ríkisins og Flugfélag Íslands reki nú skrifstofu í Lundúnum, þar sem veittar eru allar þær upplýsingar, sem frekast er unnt, um ferðalög til Íslands og menn hvattir til þess að leita þangað í sínum skemmtiferðalögum, eftir því sem kostur er á að veita mönnum viðtöku. Hygg ég, að ferðaskrifstofan hafi farið þar rétt að, eins og yfirleitt í starfsemi sinni.

Hv. 2. þm. Eyf. sagði, að hann teldi ekki miklar líkur til þess, eftir því sem högum væri nú háttað, að margir einstaklingar gætu haft af því uppgripagróða að taka á móti útlendum ferðamönnum, og ég er honum sammála um það. Að minnsta kosti álít ég, að gróðinn yrði ekki mikill með öðru móti en því, að reynt yrði að rýja ferðamennina, ef ég má svo segja, óhæfilega af einstaklingum, sem tækju á móti þeim hér. En það mundi brátt hefna sín, því að það spyrðist og menn mundu síður leita til landsins. Og það er einmitt æði mikill kjarnapunktur í þessu máli, að ekki er til margskipta sú fyrirgreiðsla, sem á að veita erlendum ferðamönnum hér á landi, og eðlilegt, að stofnun, sem starfað hefur að því um alllangt skeið og það með mestu sæmd og prýði, geti annað því áfram og það sé bara óheppilegra fyrir þjóðfélagið í heild, að því sé otað að einstaklingum til þess að reyna þar að maka krók sinn, sem svo yrði kannske til óhagræðis fyrir þjóðarheildina þegar til lengdar léti.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um málið meira en ég nú hef gert, en ég hef í fyrri ræðu minni lýst þeim ástæðum, sem valda því, að ég er eindregið andvígur frv., sem hér liggur fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 31., 32. og 33. fundi í Nd., 24. og 25. nóv., 2. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 4. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. felld með 16:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, MJ, PO, SÁ, SkG, ÁS, BÓ, EOl, GTh, JóhH, JS, JÁ, JR, SB.

nei: JörB, PÞ, SG, StJSt, StgrSt, ÁB, EirÞ, EmJ, EystJ, GG, GÞG, HÁ, HV, HelgJ, JG, JPálm.

KS, ÁkJ greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÓTh, AE, IngJ) fjarstaddir.

Frv. þar með fallið.

4. Sala og útflutningur á vörum.

Á 4. fundi í Sþ., 9. okt., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 12. febr. 1940, um sölu og útflutning á vörum* [54. mál] (þmfrv., A. 54).

Á 8. fundi í Nd., 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Þetta frv., sem ég hef leyft mér að leggja fram ásamt hv. 2. landsk. þm., fjallar um breyt. á lögum

nr. 11 12. febr. 1940, um sölu og útflutning á vörum. Á þeirri lagasetningu frá 12. febr. 1940 byggist nú allt það einokunarvald, sem ríkisstj. landsins hefur á útflutningi á íslenzkum afurðum. Og eins og hv. þm. vita, þá hefur engin tilslökun verið gerð á þessu valdi ríkisstj. yfir útflutningnum, þó að hins vegar hafi mikið verið um það talað — og á sumum sviðum ofur lítið af því framkvæmt — að skapa nokkru meira frelsi, a. m. k. í orði kveðnu, um innflutninginn. Þessi lög voru sett í byrjun síðustu heimsstyrjaldar með tilliti til þess að reyna að tryggja afstöðu Íslands þá út á við viðvíkjandi útflutningnum og sjá um, að þær vörur, sem Ísland ætti, færu ekki út úr landinu, án þess að það fengist þá sem tiltölulega bezt verð fyrir þær, og enn fremur þurfti þá líka að gera ýmsa samninga við erlend ríki til þess að tryggja það að koma okkar vörum burt frá landinu, og ríkisstj. áleit þess vegna, að hún þyrfti að hafa þetta vald í sínum höndum, og fékk það. Þá var raunverulega gengið út frá því, að þessi lög mundu falla úr gildi, þegar stríðinu lyki. Hins vegar héldust þessi lög nokkru lengur, sérstaklega eftir að fiskábyrgðin kom til greina, vegna þess að það þótti að ýmsu leyti eðlilegt, að ríkisstj., sem tæki á sig ábyrgð á öllum útflutningsvörunum, hefði um leið nokkurt vald yfir því, hvernig þær væru seldar, og var það ekki óeðlilegt.

Nú er öllum kunnugt, hvað Ísland á mikið undir útflutningnum, þar sem upp undir helmingurinn af öllu því, sem við framleiðum og vinnum í landinu, er flutt út, og hvernig afkoma landsbúa þess vegna er alveg sérstaklega undir því komin, hvort eins mikið er unnið að útflutningnum og eins mikið framleitt og kraftar eru til í landinu og hvort öll þau tækifæri, sem landið hefur út á við til þess að koma sínum afurðum í verð, eru hagnýtt. Og ég held það sé engum efa bundið, að það hljóti allir að vera sammála um, að það sé sjálfsagður hlutur fyrir Íslendinga að einbeita öllum þeim kröftum, sem á annað borð hafa áhuga fyrir því að fást við útflutninginn, að því að framleiða sem mest og að selja sem mest erlendis, og að þetta verði að gerast án tillits til þess, hvers konar hagkerfi eða hvers konar lönd og þjóðskipulög það eru, sem við seljum til, og án tillits til þess, hvers konar verðlagssvæði það eru, sem við seljum til. Og eins og hv. þm. er kunnugt, þá er um allmörg verðlagssvæði þannig að ræða í heiminum. Á sumum verðlagssvæðum er máske gefið minna t. d. fyrir þá vöru, sem við flytjum út, en vörurnar, sem við þurfum að kaupa, eru þar aftur ódýrari. Á öðrum verðlagssvæðum er máske gefið hærra fyrir þá vöru, sem við þurfum að flytja út, og sumar vörur, sem við þurfum þar að kaupa, dýrari. En almennt mun þetta samt vera þannig, að ef hægt er að hagnýta viðskiptin við öll verðlagssvæðin á skynsamlegan hátt, þá er hægt að ná á þeim öllum mjög praktískum viðskiptum, ef fylgt er þar eftir með kunnáttu á því, hvaða vörur sé hentast að kaupa frá hverju svæði og hvaða íslenzkar vörur sé hentast að selja til hvers svæðis.

Þetta frv. miðar þess vegna í fyrsta lagi að því að gefa öllum þeim, sem áhuga hafa á og möguleika til að efla okkar útflutning og koma okkar útflutningsvörum í verð, tækifæri til þess; skapa m. ö. o. nokkurt frelsi á þessu sviði í staðinn fyrir þá algeru einokun, sem nú á sér stað.

Eins og ég minntist á áðan, þá var það að mörgu leyti eðlilegt, á meðan ríkið tók að sér að ábyrgjast útflutningsverðið á fiskinum, að ríkið gæti þá líka ráðið allmiklu um söluna. Það var ekki nema eðlilegt, þegar ríkið ef til vill átti að borga svo skipti millj. kr. fyrir fisk, sem ekki seldist á nægilega háu verði, að ríkisstj. áskildi sér íhlutun um, hvernig fiskurinn væri seldur, og hefði jafnvel sjálf með höndum sölu á honum. Nú hefur hins vegar fiskábyrgðin verið afnumin. Það þýðir m. ö. o., að sá maður, sem framleiðir fisk á Íslandi, hefur enga tryggingu frá ríkinu fyrir því, að hann fái kostnaðarverð fyrir þennan fisk. Engu að síður, þó að þessi fiskframleiðandi hafi enga tryggingu fyrir því, að hann fái kostnaðarverð fyrir sína vöru, þá getur ríkisstj. neitað honum um það að koma þessari eign sinni í verð, neitað honum um það að selja þessa vöru út úr landinu. Og sem stendur er ástandið þannig, að svo og svo mikið af mönnum í landinu, sem framleiða fisk, fær ekki frelsi til þess að selja þennan fisk erlendis, fær ekki frelsi til þess að vinna að því að koma honum í verð erlendis og kaupa fyrir hann aftur nauðsynjar til landsins. Þetta getur m. ö. o. þýtt það, að svo og svo mikið af mönnum, sem lagt hafa sína vinnu í það og sitt fé að framleiða slíka vöru, er neytt til þess að sitja uppi með vöruna, láta falla á hana mikinn kostnað, láta hana jafnvel skemmast á endanum í höndunum á sér eða verða óseljanlega, — eða láta allar vöruskemmur hjá sér, hvort sem það eru hraðfrystihús, saltfisksgeymslur eða annað, fyllast og verða að hætta að framleiða, eins og nú hefur átt sér stað í stórum stíl, og það allt saman án þess, að ríkisstj., sem neitar mönnum um það frelsi, sem þeir þurfa að hafa til þess að geta selt sínar afurðir, hafi nokkra ábyrgð á þessum hlutum. Eins og ég gat um áðan, þá var það að vissu leyti eðlilegt, að ríkisstj. hefði slíkt vald, meðan hún tók að sér ábyrgð á sölu fisksins. Þegar ein ríkisstj. hins vegar sleppir því að taka á sig þessa ábyrgð, þá á hún ekki heldur að svipta eigendur fisksins réttinum og frelsinu til að selja. Ef fiskframleiðandinn á sjálfur að hafa ábyrgð á sínum fiski og bera sjálfur tapið af því, ef ekki er hægt að selja, eða tapið af því, ef hann stöðvar sína útgerð, þannig að hann þori ekki að framleiða meira, þá verður hann líka sjálfur að hafa valdið til þess að mega selja hann eða a. m. k. að reyna það. Meðan fiskábyrgðin er ekki tekin upp aftur, sem ég fyrir mitt leyti hef oft látið í ljós, að ég áliti skynsamlegt og alveg sjálfsagt fyrirkomulag, svo framarlega sem ríkisstj. heldur áfram að hafa í sínum höndum einokunarvald yfir fiskútflutningnum, þá er þess vegna óviðunandi annað en að þeir menn, sem vinna að því að framleiða fiskinn í landinu eða setja sitt fjármagn í það, hafi frelsi til þess að selja hann

erlendis. Undanfarin ár hefur sem sé ríkisstj. verið ábyrgðarlaus í þessum efnum, en valdið hins vegar verið hjá ríkisstj., og slíkt skapar alltaf vandræðaástand, verður alltaf grundvöllur að meira eða minna gerræðislegri misnotkun á valdi, eða þá að því, að ekki eru notuð þau tækifæri, sem fyrir hendi eru til þess að greiða götu fyrir íslenzka útflutningnum, og það þá venjulega með þeim afleiðingum, að meiri eða minni stöðvun í útflutningnum hljótist af.

Eins og við vitum allir, þá hefur það verið svo upp á síðkastið, að sú hæstv. ríkisstj., sem nú situr að völdum, hefur svo að segja einbeitt sér að því og auðsjáanlega trúað á það sem höfuðstefnu í þessum málum, að það bæri fyrst og fremst að selja allar íslenzkar útflutningsvörur fyrir pund og dollara og raunverulega væri ekkert annað peningar heldur en pund og dollarar — og jafnvel pund og dollarar væru ekki einu sinni fyrst og fremst peningar til að kaupa vörur til landsins, heldur væri svo að segja takmark í sjálfu sér að öðlast þessa mynt. Hins vegar vitum við ósköp vel, að það, sem við þurfum að gera við okkar fiskútflutning, er að kaupa nauðsynjavörur inn í landið aftur í staðinn, og þess vegna getur það verið alveg jafnpraktískt fyrir okkur, stundum meira að segja praktískara, að selja okkar vörur á þann hátt, að við getum keypt aðrar vörur þar í staðinn, þó að við þurfum að gera það í öðrum myntum en pundum eða dollurum. Hæstv. ríkisstj. virðist hins vegar auðsjáanlega hafa trúað á það, máske að nokkru leyti eftir ráðleggingu síns efnahagsráðunauts, að það væri í þeim löndum, sem geta greitt í pundum og dollurum, alltaf nægur markaður fyrir allt það, sem Ísland getur framleitt. Það höfum við hins vegar rekið okkur á, að er síður en svo rétt, enda var það þegar sagt fyrir 1947—48, þegar Marshallaðstoðin hófst, að það mundi lítill markaður verða fyrir íslenzkan fisk í Vestur-Evrópu eftir 1950, og mátti þess vegna alltaf ganga út frá því fyrir alla þá, sem til þekktu í þessu, að við mundum, þegar að þeim tíma kæmi, þurfa að vera búnir að koma okkur upp öruggum mörkuðum í ýmsum öðrum löndum. Nú hefur það líka sýnt sig, hvernig farið hefur með þann markað, sem við um tíma höfðum í Englandi, Hollandi, Belgíu, Frakklandi, þ. e. Vestur-Evrópulöndunum, og nú virðist ríkisstj. seint og síðar meir vera að sjá það, að það mundi hafa verið heppilegra að fara fyrr inn á að gefa Íslendingum möguleika til þess að afla sér markaða fyrir okkar framleiðslu sem víðast. Einbeitingin að því að framleiða svo að segja einvörðungu okkar fisk til sölu til þeirra landa, sem geta borgað pund og dollara, hefur reynzt háskasamleg fyrir landið. Sökum þessarar einbeitingar höfum við á undanförnum árum sleppt því að vinna að öflun markaða úti um allan heim, sem við hefðum getað náð í í stórum stíl. Og við höfum látið okkar keppinauta, Norðmenn og aðra slíka, sópa greipar svo að segja um þessa markaði, komast inn til þessara landa, einmitt á sama tíma sem þessi lönd höfðu hvað mesta þörf fyrir fiskinn og við hefðum getað unnið þann markað fyrir okkar vörur, sem eru hvað gæði snertir alltaf mun betri en þeirra. Nú hins vegar rekum við okkur á það og höfum sérstaklega orðið áþreifanlega fyrir barðinu á því nú á þessu ári, að markaðirnir í Vestur-Evrópu hvað hraðfrysta fiskinn snertir hrynja, og hefur þess vegna verið dregið stórkostlega úr okkar framleiðslu á þessari aðalútflutningsvöru okkar, og möguleikarnir til þess að hagnýta okkar togara til stórkostlegrar framleiðslu á því sviði með því að láta þá leggja upp í frystihúsin um allt land hafa ekki verið hagnýttir, m. a. vegna þess, að öll frystihús hafa verið full og ríkisstj. talið mönnum trú um, að það væri mjög erfitt að selja meira, og ekki gefið mönnum rétt til þess að gera það. Við erum sem sé vegna rangrar verzlunarstefnu í þessum efnum komnir í erfiðleika, sem hafa hindrað framleiðsluna stórum fyrir okkur nú í ár og gert okkur ókleift að hagnýta þá stórkostlegu möguleika, sem Ísland hefur, í fyrsta lagi vegna þeirra tækja, sem við eigum, togara- og bátaflotans og okkar fiskiðjuvera, sem geta framleitt mörg hundruð millj. kr. meira verðmæti en þau hafa framleitt í ár eða í fyrra, og í öðru lagi hafa ekki verið hagnýttir þeir möguleikar, sem staðið hafa til boða á undanförnum árum með markaði úti um allan heim, og í því sambandi vil ég greinilega taka fram, að ég á þar jafnt við markaði í þeim kapítalistisku löndum eins og þeim sósialistisku. Ég efast ekki um, að það hafi verið jafnlítið hagnýttir ýmsir þeir markaðir, sem við gætum haft í Brazilíu og Afríku, eins og þeir hafa verið vanræktir í Austur-Evrópu. Og það er enginn efi á því, að þrátt fyrir ýmislegt, sem álasa mætti íslenzkri verzlunarstétt fyrir, þá hefði það verið okkar þjóð miklu hentugra á undanförnum árum, að allur sá fjöldi manna, sem í verzlunarstéttinni starfar, hefði fengið að beita sínum kröftum að því að reyna að afla íslenzkum fiski markaðs úti um allan heim, heldur en að einbeita þeim öllum saman við slagsmálin um leiðina upp á Skólavörðustíg, og það hefði verið eitthvað nær að láta keppa við Norðmenn í öllum löndum heimsins um að koma okkar fiski inn heldur en að skapa stöðugt umsátursástand árum saman, eins og verið hefur, um alla þá í fjárhagsráði eða gjaldeyrisnefndum, sem veitt hafa leyfi til innflutnings. Slíkt var hægt með því að rýmka um útflutninginn og gefa mönnum leyfi til þess að fá að flytja út. Og þetta frv., sem við leggjum hér fram, var einmitt upprunalega hugsað sem praktísk till. um, hvernig hæstv. ríkisstj. og Alþingi gætu út frá þeirri stefnu, sem í orði kveðnu á að ríkja nú, komið slíku fyrir. Þetta frv. er ekki neitt prinsipmál. Það er aðeins og hefur aldrei verið flutt öðruvísi en sem praktísk tillaga um, hvernig, miðað við núverandi aðstæður, miðað við það t. d. að hafa ekki fiskábyrgð og annað slíkt, væri hentugast að koma þessum málum fyrir.

Þegar ég flutti þetta frv. fyrst hér á Alþingi 1950, þá lét ég fylgja með því frv. allýtarlega grg. og sýndi fram á möguleika, sem ég vissi að væru fyrir hendi um markaði fyrir íslenzkar afurðir í Austur-Þýzkalandi. Það frv. mitt þá var þá á þskj. 23 á þinginu 1950, og þar var birt allýtarleg grg. um viðskiptamöguleikana við

Austur-Þýzkaland. Ég sýndi þá fram á, að það væri hægt að selja til Austur-Þýzkalands íslenzkar vörur, og hafði í höndunum og lagði fram og lét fylgja með þessu frv. bréf frá verzlunarmálaráðuneyti Þýzkalands um, hvers konar vöruskiptum væri hægt að koma þarna á, að það væri hægt að selja íslenzkar vörur fyrir um 2 millj. dollara eða um 32 millj. íslenzkra króna og kaupa í staðinn ýmsar vörur, sem eru líka taldar hér upp, þar sem fyrst er talin vefnaðarvara, rafmagnsvara, byggingarvara, járn, gler og glervörur og annað slíkt. Og það varð aldrei neinn maður til að bera brigður á það, að þessir möguleikar væru fyrir hendi. Hæstv. ríkisstj. hins vegar gaf út ýmsar yfirlýsingar út af þessu til þess að reyna að hnekkja þessu. Ég gaf út yfirlýsingu þá á móti, sem ég birti líka í þessari grg., og skoraði á ríkisstj. að gera gangskör að því að leyfa samninganefndum íslenzkra aðila að fara út til Þýzkalands til þess að semja og sýndi fram á, hvernig bæði Danir, Svíar og Norðmenn væru að semja við Þýzkaland. Hæstv. ríkisstj. gerði aldrei neitt í þessum málum nema koma með yfirlýsingar gagnvart þjóðinni, blekkjandi yfirlýsingar til að reyna að draga úr trú almennings á það, að þessir möguleikar væru fyrir hendi. Ég gat sýnt, að það var hægt að gera þetta 1950, og hafði lagt sannanirnar á borðið. Ég vissi, að það var hægt að gera þetta líka í fyrra, og ég veit, að það er hægt að gera þetta í ár. Og ég veit, að nú, þegar hæstv. ríkisstj. er búin að koma sölumálum á hraðfrysta fiskinum og öðru í öngþveiti með vitlausri stjórnmálastefnu og með því að hirða ekki nokkurn skapaðan hlut um allar þær aðvaranir, sem hún hefur fengið, þá getur hún ekki lengur lokað augunum fyrir því, að þessir möguleikar eru til og liggja jafnvel á borðinu fyrir henni núna. Og það væri raunar æskilegt að fá upplýsingar um það, hvort hæstv. ríkisstj. sé orðin sannfærð um það nú, að það sé hægt að selja hraðfrystan fisk, 2 þús. tonn, 3 þús. tonn, og jafnvel meira af vörum til Austur-Þýzkalands og fá þaðan nýtar vörur í staðinn. Ég býst nú við, að hæstv. ríkisstj. mundi ekki nú svara þessu með sama yfirlætinu eins og hún gerði og sams konar yfirlýsingum eins og hún kom með 1950, þegar hún lýsti því yfir, að hún hefði sótzt eftir að fá í Austur-Þýzkalandi sykur, fóðurvörur og rúgmjöl, — nokkrar þær vörur, sem hún sízt gat fengið þar, — og látið svo við það sitja að vera ekkert að athuga með aðrar vörur, sem ég lagði nákvæmlega fyrir þá að hægt væri að útvega. Á þeim tveim árum, sem t. d. þessir möguleikar ekki hafa verið hagnýttir, hafa allar Norðurlandaþjóðirnar gert mikil viðskipti bara við þetta eina land, og er þetta þó ekki nema lítið land, sem þarna er um að ræða, en land, sem ég veit að getur tekið miklu meira en 2 eða 3 þús. tonn af íslenzkum hraðfrystum fiski, land, sem raunverulega er og hefur verið einn af okkar beztu fiskmörkuðum hér áður fyrr, ef það er notað. Berlín og Saxland, þessi iðnaðarsvæði Þýzkalands, hafa alltaf verið miklar fiskætur, ekki sízt á íslenzka fiskinn, sem fluttur var til Þýzkalands fyrir stríð. Ég minnist aðeins á þetta núna vegna þess, að þetta er dæmi, sem mér er persónulega vel kunnugt um og ég hef áður lagt hér fyrir til þess að reyna að fá hæstv. ríkisstj. til þess að hugsa um þessi mál, en ég veit, að það munu vera mörg lönd, sem eins er ástatt um. Og mér finnst það ákaflega hart, ef það þarf að skaða þjóðina um 50—60 millj., máske upp í 200 millj. kr. á hverju ári með því að sleppa að framleiða verðmæti, sem við getum selt erlendis, bara vegna þess að landsmönnum er ekki gefið frelsi til þess að fá að flytja út úr landinu þær vörur, sem þeir treysta sér til þess að selja sjálfir.

Ég er, eins og hv. þm. er kunnugt, ekki á móti ríkisafskiptum, en vilji ein ríkisstj. taka að sér að stjórna þjóðarbúskap, þá verður hún að gera það með því að hafa ábyrgð á því, sem hún gerir. Ef ein ríkisstj. hér á Íslandi ætlar að taka að sér að hafa valdið um allan útflutning Íslendinga, þá á hún að segja við landsmenn: Þið megið allir framleiða eins mikið og þið getið af fiskafurðum. Við tryggjum ykkur þetta hér ákveðna verð, og við tökum alla framleiðsluna og seljum hana. — Ef ein ríkisstj. treystir sér ekki til að gera þetta, þá á hún að gefa landsmönnum frelsi til þess að mega framleiða og selja eins og þeir bezt geta sjálfir. Aftur á móti er nauðsynlegt, að með slíku frelsi sé haft visst og ákveðið eftirlit, og við höfum þess vegna í þessu frv. reynt að bóka í hverri einstakri grein þess eftirlit ríkisins til þess að tryggja almenningshag í þessum efnum, eins og ég nú skal athuga og skýra stuttlega. Ég vonast sem sé til þess, að hv. þm. geti verið mér sammála um það, að möguleikarnir séu nægir fyrir hendi í heiminum til þess að selja allt það, sem Íslendingar geta framleitt, og að svo fremi sem ein ríkisstj. tekur ekki að sér að tryggja slíkt, þá sé rétt að gefa landsmönnum sjálfum frelsi til þess að reyna það. Hins vegar þurfi af hálfu ríkisstj. að hafa visst eftirlit með, að þetta frelsi sé ekki misnotað, og út á það að tryggja slíkt eftirlit ganga þessar einstöku brtt., sem við flytjum við hverja af þessum greinum. Ég skal taka það fram þeim þm. til skýringar, sem ekki hafa kynnt sér lögin sjálf, að ef þetta frv. yrði samþ. eins og það liggur fyrir, þá hljóða lögin alveg eins og það er, þar er hverri grein breytt.

Í 1. gr. er slegið föstu, að það sé frjálst að bjóða til sölu og selja og flytja út íslenzkar afurðir með þeim takmörkunum, sem þessi lög ákveða eða ákveðnar eru í öðrum lögum um gjaldeyrisverzlun. Það þýðir sem sé gjaldeyriseftirlit, menn verða að skila gjaldeyrinum, en annars afnemur þetta þau gömlu lagaákvæði, að það megi ekki selja vöru eða bjóða út nema með leyfi ríkisstj.

Þá segir í 2. gr., að ríkisstj. sé heimilt að auglýsa lágmarksverð á hverri vöru, sem út er flutt, og hver útflytjandi sé skuldbundinn til þess að bjóða ekki út eða selja undir því lágmarksverði. Eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, þá var sú hætta í þeirri gömlu frjálsu samkeppni hér heima fyrrum, að menn áttu til að undirbjóða hver annan, og enn fremur hitt, að þegar margir voru seljendur, þá leit þannig út fyrir útlendum kaupanda, er hafði tilboð frá

mörgum stöðum, ef máske sama magnið af vöru var boðið út á mörgum stöðum og máske af mörgum seljendum til sama kaupandans, að það væri miklu meira magn á markaðnum heldur en raunverulega var. Þetta gat valdið því, að verð þess vegna félli, án þess að ástæður væru til. Til þess að koma í veg fyrir þetta er í þessum lögum ríkisstj. heimilað að ákveða lágmarksverð á íslenzkri vöru. Eins og gefur að skilja, er slíkt lágmarksverð af hálfu ríkisstj. ákveðið með tilliti til þess verðs, sem fáanlegt er á hverjum tíma. Hæstv. núverandi ríkisstj. hefur t. d. raunverulega framkvæmt þennan hlut á vissan hátt. Í hvert skipti sem útflytjandi nú biður um leyfi til þess að flytja út, þá spyr ríkisstj., hvaða verði hann geti selt á, eða segir jafnvel: Það má þá ekki selja fyrir lægra verð heldur en þetta og þetta. — Ég vil aðeins geta þessa vegna þess, að einstaka sinnum hafa menn svona meira í grini heldur en í alvöru verið að segja, að það væri nú *nógu* þægilegt, ef ríkisstj. gæti bara sagt: Þetta þurfum við Íslendingar nú að fá fyrir okkar vöru, og þetta er lágmarksverð, — þótt ekki nokkur lifandi maður í heiminum geti borgað það. Og náttúrlega dettur engum manni í hug neitt slíkt nema einstöku blöðum kannske. Það, sem hér er um að ræða, er, að ríkisstj. með sínum samböndum við þá, sem sérþekkingu hafa, eða með aðstoð sinna sérfræðinga ákveður, hvað óhætt sé á hverjum tíma með tilliti til erlends markaðs að setja sem lágmarksverð á vöru. En þegar lágmarksverð er sett á íslenzka vöru, þá skapast þeir erfiðleikar, að verðið er mismunandi á hinum ýmsu stöðum í heiminum. Það er annað verð í Bandaríkjunum en í Englandi, annað verð á Spáni en á Ítalíu, annað verð í Hollandi en í Tékkóslóvakíu o. s. frv. Og við hvað á þá ríkisstj. að miða lágmarksverð? Getur hún farið að miða það við hvert land út af fyrir sig? Ég álít, að það mundi vera eðlilegast fyrir Ísland, ef við eigum að reyna að skapa frjálsa verzlun á þessum sviðum, að miða lágmarksverð á útflutningsvörunni við eitt ákveðið verðlagssvæði. Við skulum segja t. d., að ef ríkisstj. ákveður að miða við brezka verðlagssvæðið, þá segir hún: Jú, það er leyfilegt að flytja út íslenzka vöru, miðað við það verð, sem við álítum nú að fáist í Bretlandi, — og tilkynnir það verð og segir um leið: Hins vegar munum við miða alla verðlagningu á innlendum vörum og hámarksverð þar við þetta sama verðlagssvæði, — og kem ég að því betur síðar, hvað það muni þýða í praktískri framkvæmd. M. ö. o.: Á Íslandi sjálfu getur helzt ekki gilt nema eitt verðlagssvæði. Það þýðir, að þegar við ætlum að reyna að ákveða hér samfellt verðlag, þá verði þess vegna að miða við eitthvert af þeim verðlagssvæðum, sem við skiptum við.

Í 3. gr. er síðan ákveðið, að svo framarlega sem ríkisstj. gerir samning við önnur ríki um sölu ákveðinnar vörutegundar þangað, þá sé henni heimilt að ákveða, að ekki megi bjóða til þess ríkis eða selja þangað það magn af vörutegundum, sem hún hefur samið um sölu á. M. ö. o.: Ríkisstj. hefur eftir sem áður, þrátt fyrir samþykkt þessara l., möguleikann til þess að gera samninga við ákveðið ríki um svo og svo mikið magn af vöru, sem hún selur út úr landinu, og þá geta engir aðrir aðilar farið að undirbjóða ríkisstj. eða á nokkurn hátt orðið til þess, beint eða óbeint, að spilla fyrir þeirri sölu. Þar hefur hún alveg sitt gamla vald, svo framarlega sem hún hefur sjálf samið um ákveðið magn af vöru til slíks lands.

Í 4. gr. er ákveðið, að svo fremi sem útflytjandi selji ekki vörur sínar gegn frjálsum gjaldeyri né upp í samninga samkv. viðskiptasamningum ríkisstj., þá sé honum heimilt að kaupa í staðinn vörur til innflutnings, svo fremi sem innflutningur slíkra vara sé ekki bannaður samkv. 5. gr. frv. Þá komum við að því atriði, sem snertir það, sem oft er hér mikið um rætt, sem sé vöruskiptin eða clearing-kerfið eða annað slíkt. Nú skulum við segja, að það sé selt til einhvers lands samkv. slíku kerfi, þ. e. selt upp í vörur, sem keyptar eru ýmist í einu lagi eða smátt og smátt á móti. Og hvernig hefur nú hátturinn raunverulega verið undanfarið í verzlun hvað þetta snertir? Hann hefur verið þannig, að þegar selt hefur verið til clearing-landanna, þá hefur t. d. hraðfrysti fiskurinn verið seldur á mun hærra verði en hann hefur verið seldur til Belgíu og Bretlands. Hraðfrysti fiskurinn hefur þá jafnan verið seldur á framleiðslukostnaðarverði, jafnvel stundum yfir það. Varan, sem keypt hefur verið í staðinn, hefur hins vegar verið keypt stundum á nokkru hærra verði en hún hefði verið keypt t. d. í Bretlandi eða Bandaríkjunum. Þegar samsvarandi fiskur hins vegar hefur verið seldur t. d. til Bretlands, þá hefur hann máske verið seldur 30% undir framleiðsluverði, og útflytjandinn hefur síðan með bátaútvegsgjaldeyriskerfinu bætt sér upp þetta 30% tap á sölunni til Bretlands með því að fá að leggja á helminginn af andvirði þeirra vara, sem hann kaupir inn í staðinn, 60% álagningu, sem kölluð er bátaútvegsgjaldeyrir. Afleiðingin af þessu hefur verið sú, að sumpart hafa komið vörur frá þessum löndum með þessu sérstaka leyfi, og það hefur verið bein einokun á innflutningi þeirra vara, bátaútvegsgjaldeyrisvaranna. Hins vegar hafa svo komið inn vörur fyrir hinn helminginn, sem ekki var bátaútvegsgjaldeyrir, sem hafa þá verið keyptar fyrir punda- eða dollaragjaldeyri, sem fenginn er með því að selja vörur 30% undir framleiðsluverði, og eru síðan seldar hérna heima með venjulegu móti. Á sama tíma hafa svo verið keyptar fyrir íslenzku vöruna, sem seld hefur verið í clearinglöndunum á framleiðslukostnaðarverði, samsvarandi vörur og vörurnar frá Englandi og Bandaríkjunum, sem ekki lentu undir bátaútvegsgjaldeyrinum, heldur frjálsa hluta gjaldeyrisins þar, og síðan hefur átt að selja vörurnar frá clearinglöndunum í samkeppni við þær hérna heima. Með þessu móti hefur allt verðlag ruglazt á þessum hlutum, þannig að menn hér heima hafa ekki getað dæmt um það, hvar er heppilegast að verzla frá þjóðarbúskap Íslendinga séð.

Hvernig væri nú hægt að koma þessu fyrir, svo framarlega sem það ætti að vera jafneðlilegt fyrir íslenzkan einstakling að kaupa sína vöru t. d. frá einhverju clearing-landi og fyrir

þjóðarbúið í heild að skipta við það? Það eðlilegasta væri, ef 2. og 4. gr. í þessu frv. væru framkvæmdar og bátaútvegsgjaldeyriskerfið afnumið. Útflytjandinn, sem selur sína vöru hvort heldur er til Bretlands, Bandaríkjanna, Tékkóslóvakíu eða til annars lands, verður til allra landanna að selja að minnsta kosti á sama lágmarksverðinu, sem ríkisstj. ákveður og við skulum segja t. d. að sé miðað við brezkt verðlagssvæði. Þegar þessir aðilar síðan kaupa inn í staðinn eða hafa sín skipti við heildsala eða S. Í. S. hér heima, þá verða þeir að kaupa inn í þessum löndum, hvort það er Bretland, Bandaríkin eða clearing-löndin, og jafna sjálfir á milli sín verðmismuninum, þ. e. útflutningsverðinu á íslenzka fiskinum og innkaupsverðinu á vörunni, sem þeir kaupa í þessum löndum. Ef maður, sem flytur út fisk til Bretlands eða Bandaríkjanna, fær þar 30% minna en kostnaðarverð, þá verður hann að leggja þessi 30% á þá vöru, sem hann kaupir fyrir þessi pund og þessa dollara, sem aflað hefur verið á þennan dýra hátt, þegar hún er flutt hér inn í landið, til þess að ná þannig sínum kostnaði, og hann er látinn gera það núna á vissan hátt með bátaútvegsgjaldeyrinum. Maðurinn, sem selur til Austur-Evrópulandanna eða annarra clearing-landa og fær þar framleiðslukostnaðarverð eða jafnvel hærra, verður, þegar hann kaupir vörur frá þessum löndum, að lækka þá vöru til þess að geta keppt við þá vöru, sem kemur ef til vill á ódýrara verði frá Bretlandi eða Bandaríkjunum. Og vörutegundirnar, sem streyma inn í landið frá þessum mismunandi verðlagssvæðum, verða að jafnast þannig í samkeppninni hér heima. Engum manni getur haldizt uppi að selja út úr landinu með tapi, öðruvísi en þannig, að hann tryggi sér þá jafnhliða að fá það bætt upp erlendis. Þannig kemur það greinilega í ljós fyrir þjóðina, hvar viðskiptin eru heppilegust, en um leið notast til fulls allir þeir möguleikar, sem hér væru, hvort heldur væri á almennum, frjálsum markaði í auðvaldslöndunum eða á markaði clearing-landanna eða annarra slíkra, til þess að koma út íslenzkum afurðum. Og 4. gr. miðast við það að gera þessa verðjöfnun að lögum. Þar er síðan ákveðið, þegar keypt er inn t. d. frá clearing-löndunum: „Eigi þarf innflutningsleyfi fyrir innflutningi vara, sem þannig eru keyptar, en tilkynna skal fjárhagsráði vörutegundir, verð, magn og komutíma. Skulu vörur þessar verðlagðar samkv. venjulegum álagningarreglum og einnig heimilt, ef þörf þykir, að setja á þær sama hámarksverð í smásölu og gildir um samsvarandi vörutegundir keyptar inn í landið fyrir frjálsan gjaldeyri, enda sé lágmarksverð samkv. 2. gr. miðað við sama verðlagsgrundvöll.“ — Það hafa stundum orðið deilur um þessi atriði, en eins og ég vona að menn skilji, mundi með þessu móti vera tryggt, að á markaði hér heima mundu þessir aðilar fyllilega fá að keppa og verðlagssvæðið íslenzka að jafna þann mismunandi verðlagsgrundvöll, sem væri í þeim ýmsu löndum, sem við skiptum við. Enn fremur segir þarna: „Þyki þörf á slíku, skal það hámarksverð auglýst sem almennt smásöluverð viðkomandi vörutegunda.“ Undir sumum kringumstæðum gæti þetta vafalaust þýtt, að þeir menn, sem seldu til sumra landa, þar sem erfitt væri að afla okkur markaða, mundu um tíma, ef þeir keyptu inn vörur frá þessum löndum aftur í staðinn og það væru frekar óhagstæð viðskipti, verða að leggja að sér, þeir mundu verða að taka mjög lítinn hagnað á slíkum viðskiptum og tryggja þannig það, sem þeir byggjust við að yrðu okkar framtíðarviðskipti, með því að fórna augnablikshagsmunum sínum fyrir framtíðarhagsmuni. Enn fremur segir þarna í 4. gr.: „Afhenda skal gjaldeyriseftirlitinu sölu- og kaupreikninga allra slíkra vöruskipta, og er því skylt að athuga, að ekki sé framinn gjaldeyrisflótti með slíkum vöruskiptum.“ M. ö. o.: Hvað snertir þá almenningshagsmuni, sem þarna eiga í hlut, að viðskipti við vöruskiptalöndin yrðu ekki til að hækka verðlagið í landinu, þá væri með framkvæmd þessarar greinar komið í veg fyrir það.

Það er einn hlutur, sem ég vil greinilega taka fram, vegna þess að það hafa oft komið fram undarlegar skoðanir hér í hv. deild í sambandi við þetta efni. Það hafa komið þær skoðanir fram, að viðskipti við clearing-löndin væru okkur óhagstæðari en viðskiptin við frjálsu verzlunarlöndin. Þessi viðskipti virðast því aðeins óhagstæð, að bátaútvegsgjaldeyrisskipulagið sé notað til þess að bæta upp útflytjendunum allt það tjón, sem þeir bíða á því að selja fiskinn til Bretlands og annarra slíkra landa, þar sem hann er seldur undirverði og bátaútvegsgjaldeyrisfyrirkomulagið þannig notað til þess að dylja raunverulega fyrir þjóðinni tapið á viðskiptunum við þau lönd. Hins vegar vil ég benda á, og það væri raunverulega full ástæða til þess að gera nokkra gangskör að því að athuga það betur, að bátaútvegsgjaldeyrisfyrirkomulagið hefur verið notað til þess að leggja bátaútvegsgjaldeyri á vörur frá clearing-löndunum, vörur frá löndum, sem greiða fullt framleiðsluverð fyrir freðfiskinn, þannig að það er enginn réttur til þess að leggja neitt bátagjaldeyrisgjald á þann lið. Þegar freðfisksútflytjendur fá framleiðsluverð fyrir sína vöru, þá eiga þeir, eins og bátaútvegsgjaldeyriskerfið raunverulega var hugsað, engan rétt á því að heimta neina extra álagningu á þá vöru, en sannleikurinn er, að þetta hefur verið framkvæmt á þann hátt, að það hefur verið lagt sérstakt aukagjald á vörurnar frá clearing-löndunum til þess að gera þær ósamkeppnisfærar hér heima við vörurnar frá frjálsu verzlunarlöndunum og til þess að dylja fyrir þjóðinni tapið á viðskiptunum við Belgíu og Bretland.

Þetta er eitt af því, sem hægt er að dylja í öllum þeim glundroða af mismunandi innflutningskerfum, sem nú er beitt á Íslandi. Það er hægt að dylja þetta og fara í svoleiðis skollaleik og blindingaleik og blekkingaleik frammi fyrir alþýðu manna, að hún hafi ekki hugmynd um, hvar heppilegast sé fyrir hana að verzla, eða hvort vara er raunverulega þjóðhagslega séð dýr frá þessu landi eða ódýr frá öðru, því að það eina, sem við getum raunverulega miðað við, er alls ekki peningaverð hérna heima, held-

ur hitt, hvað við fáum — næstum því eins og við reiknuðum á landsvísu — í hverju landi fyrir hverja einingu af þeim afurðum, sem við flytjum út.

Ég hef nú oft áður reynt að skýra þessar uppástungur, sem í þessu frv. felast, fyrir hv. þm., og ég hef að vísu orðið var við það, að þetta frv. hefur aldrei sætt neinum mótmælum og það hefur aldrei verið hægt að fá fram eina einustu aths. við það hér á þingi, ekki einu sinni í fjhn., eða nein rök um, að þetta kerfi geti ekki gengið. Þetta frv. var afgr. frá fjhn. í fyrra, án þess að nokkur í fjhn. treysti sér til þess að segja nokkurn skapaðan hlut á móti því, en meðnm. mínir vildu ekki heldur taka afstöðu með því. Vera má, að nú væri nokkur annar grundvöllur fyrir hv. þm. til að taka afstöðu til þessa máls með tilliti til þess efnahagsástands, sem núna ríkir í landinu. Og þó að það sé seint, þar sem þetta er nú þriðja þingið, sem þetta mál hefur verið flutt á, þá gæti það þó að minnsta kosti, að mínu áliti, afstýrt ýmsum skaða á næstunni, ef það væri gert.

Í 5. gr. er ríkisstj. heimilað að banna innflutning á vissum vöruflokkum, sem álitið er að þjóðin hafi ekki efni á að flytja inn. Ég á með þessu við það, að það sé ekki rétt, meðan þjóðin þarf á annað borð að neita sér um að hafa frjálsan innflutning á vörum, að láta flytja svo og svo mikið af óþarfavörum til landsins, og með þessu væri ríkisstj. gefin heimild til að banna bókstaflega innflutning á slíkum vörum. Hins vegar væri leyft að flytja til landsins alveg frjálst allar þær nauðsynjavörur, sem aldrei væri eðlilegt að takmarka þannig, matvörur, vefnaðarvörur, byggingarvörur eða annað slíkt, og við settum þessa grein eiginlega inn upphaflega vegna þess, að það hefur stundum þótt, að einmitt frá clearing-löndum væri reynt að flytja inn hina og þessa óþarfavöru, og að vísu hefur nú sama gilt, sérstaklega í ríkum mæli upp á síðkastið, um frjálsu verzlunarlöndin, en þessi heimild ætti að vera til, og eins og allir sjá, gæti hún verið mjög heppileg, ef rétt væri notuð.

Í 6. gr. er gengið út frá, að sams konar rétt til þess að kaupa aftur fyrir sínar vörur, sem fluttar eru út, skuli menn ekki aðeins hafa viðvíkjandi fiskútflutningnum, sem hér er gengið út frá, heldur hafi menn, ef þeir fara að flytja út íslenzkar iðnaðarvörur t. d., sem ekki hafa verið fluttar út áður, rétt til þess að ráðstafa gjaldeyrinum fyrir þær, eins og gert er ráð fyrir að menn hafi almennt eftir 4. gr. Ég efast ekki um það, að íslenzkur iðnaður hefur fyllilega möguleika á því að stunda útflutning í stórum stíl, svo framarlega sem hann aðeins hefur fullt frelsi til þess. Og það er til það mikið af verksmiðjum hér á Íslandi, sem hvað tækni snertir og vinnuaðferðir eru fyllilega sambærilegar við erlendar verksmiðjur, að svo framarlega sem þessar verksmiðjur eru reknar af fullum krafti, — og þegar ég tala um fullan kraft, þá meina ég með tveimur vöktum að minnsta kosti og árið um kring, — þá geta þær náttúrlega orðið margfalt samkeppnisfærari en þær eru núna, en það þýðir, að slíkar verksmiðjur verða að fá að flytja inn hráefni ótakmarkað, án þess að þurfa að spyrja nokkurn aðila að því, og það þýðir, að þær verða að fá að geta ráðstafað sínum gjaldeyri til að flytja inn slík hráefni.

Nú sem stendur er íslenzkur iðnaður, sumpart með ráðstöfunum ríkisstj. og sumpart með ráðstafanaleysi hennar, meira eða minna eyðilagður. Öll sú gífurlega framleiðslugeta, sem í honum felst, fæst ekki hagnýtt með þeim aðferðum, sem nú eru, að menn þurfi að hafa svo að segja í hverju iðnfyrirtæki tvo forstjóra, annan til þess að hanga yfir gjaldeyrisnefndinni eða fjárhagsráði til þess að reyna að blekkja út úr henni einhver leyfi, til þess að láta síðan verksmiðjurnar ganga einhvern hluta af árinu og venjulega þá næstum því með tapi og til þess að framleiða vöru, sem sé framleidd á þann allra ópraktískasta hátt, gera fólkið svo þess á milli atvinnulaust og reka það út á gaddinn. Með slíku móti er alls ekki hægt að reka nýtízku iðnað, svo að nokkurt vit sé í. — Og með þessari 6. gr. væri gengið út frá því að gefa íslenzkum iðnaði möguleika til þess að geta þannig keypt sér hráefni inn fyrir vörur, sem hann flytur út, án þess að þurfa að spyrja nokkur yfirvöld að því. Og ég get nú satt að segja ekki séð, hvað ætti að vera í vegi fyrir slíku, nema það sé eitt af því, sem uppálagt sé í sambandi við þann innflutning, sem hér hefur verið framkvæmdur fyrir pund og dollara á erlendum iðjuvarningi, nema því aðeins að það sé bókstaflega uppálagt að eyðileggja íslenzka iðnaðinn með þessu.

Þetta frv. fer sem sé í stuttu máli fram á, að fyrst ríkisstj. tekur ekki að sér að tryggja ábyrgðarverð á útflutningsvörunum, þá fái þjóðin að reyna að bjarga sér sjálf, fái frelsi til þess, með því eftirliti þó, sem í þessu frv. er tryggt að ríkisstj. geti haft í sínum höndum, gegn því annars vegar, að hægt sé að selja íslenzkar vörur erlendis fyrir allt of lágt verð, og gegn því hins vegar, að hægt sé að nota aðstöðuna til þess að fara að okra á almenningi hérlendis. Ég vil nú vonast til þess, með tilliti til þess ástands, sem nú er komið í landinu, að þetta frv. finni nú náð fyrir augum okkar hv. þingdeildar, og vil leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 54, n. 450).

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Fjhn. hefur klofnað um þetta mál eins og raunar á tveimur þingum áður, og það hefur gerzt með sama hætti og þá, að hv. meiri hluti fjhn. hefur ekki almennilega treyst sér til þess að taka afstöðu í þessu máli, og nál. er ekki komið frá honum enn þá.

Ég þarf ekki að gera ýtarlega grein fyrir þessu máli frá minni hálfu, ég hef gert það bæði í því nál., sem er prentað á þskj. 450, enn fremur

í framsögu um þetta mál. Innihald frv. er í stuttu máli það, að íslenzkum þegnum sé heimilt að selja íslenzkar afurðir erlendis með þeim takmörkunum, sem segir í 2., 3. og 4. gr. laganna, þ. á m., að hæstv. ríkisstj. geti á hverjum tíma auglýst lágmarksverð á þeim íslenzkum afurðum, sem út eru fluttar, og hámarksverð á þeim vörum, sem inn eru fluttar, og leiðir þá af sjálfu sér, að hún mundi gera þetta hvort tveggja með hliðsjón af þeim markaðsmöguleikum hvað verð snertir, sem hún álítur vera fyrir hendi á hverjum tíma, eftir að hafa rannsakað það.

Því er oft haldið fram hvað snertir þau lönd, sem við sérstaklega seljum vörur á grundvelli jafnvirðiskaupa, að það sé um dýrari vörur að ræða frá þeim löndum. En þetta er ekki nema í sumum tilfellum rétt. Þjóðhagslega séð er í flestum tilfellum um ódýrari og betri vörukaup að ræða í slíkum löndum. M. ö. o., þau lönd, sem greiða okkur nokkurn veginn framleiðsluverð fyrir fiskinn, láta okkur hafa vörur á móti, og jafnvel þótt þær væru í sumum tilfellum dýrari en þær vörur, sem kæmu t. d. frá Bretlandi, þar sem við seljum fiskinn 30% undir verði, þá væri það þjóðhagslega séð heppilegra, á meðan þessi 30% eru ekki numin burt, að kaupa í jafnvirðisviðskiptalöndunum. Hins vegar er það svo í ákaflega mörgum tilfellum, að vörurnar, sem við kaupum frá þessum jafnvirðislöndum, eru á heimsmarkaðsverði, þó að við hefðum fengið hærra verð fyrir fiskinn í þeim en við fáum t. d. í Bretlandi. Þegar ástandið er eins og það er nú, að ríkisstj. og hennar málgögn lýsa því yfir, að við liggjum með ⅔ af freðfisksframleiðslunni óselt, séum búnir að yfirfylla saltfisksmarkaðinn á Ítalíu fyrir næsta ár, þannig að þar liggi birgðir, sem nægi fyrir ⅘ hlutum af saltfisksneyzlu á Ítalíu, þá virðist það satt að segja undarlegt, að það skuli ekki geta fengizt leyfi til þess, að Íslendingar megi sjálfir, án afskipta ríkisstj. að öðru leyti en þetta verðkontrol snertir, sjá um sölu á sínum afurðum og kaup á þeim vörum, sem leyft er að flytja inn í landið. Ég sá nú nýlega t. d., að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur uppgötvað það, að það mundi vera markaður fyrir íslenzkan fisk í Afríku og Asíu og víðar. Hann er búinn að vera í mörg ár bæði fyrir harðfisk, saltfisk og freðfisk, og það er talað um það núna eins og einhverja uppgötvun, að það eigi að fara í markaðsleit til þessara landa, en á sama tíma liggur allt við hruni hérna heima út af því, að mönnum er talin trú um, að það sé ekki hægt að selja okkar framleiðslu. Á sama tíma er algerlega neitað þeim till., sem hér liggja fyrir í þinginu, eins og þessu frv. um, að Íslendingar fái sjálfir að annast þessa sölu, þar sem ríkisstj. þó væri gefið þetta veigamikla vald, að hún setur lágmarksverð á íslenzku vöruna, sem hún miðar við einhvern ákveðinn markað, og hámarksverð á þá vöru, sem inn er flutt. Ef ríkisstj. gerir slíkt, þá hlyti hún að miða í báðum tilfellum við verðlag ákveðins gjaldeyrissvæðis. Við skulum segja, að hún miðaði við t. d. sterlingspundasvæðið eða við dollarasvæðið. Þá setur hún sitt lágmarksverð þannig, ef hún miðaði t. d. við sterlingspundasvæðið, að lágmarksverðið fyrir freðfiskinn er það verð, sem hann er seldur á til Bretlands, og það þýðir, að þeir menn, sem selja sinn fisk til Bretlands, verða þá sjálfir að sjá um að kaupa vörur frá því landi í staðinn og selja þær samkeppnisfæru verði hér heima, þannig að það um leið borgi sig fyrir þá. Þeir, sem selja til annarra landa fyrir hærra verð, njóta þess þá í vöruinnkaupum frá þeim löndum og jafna þannig skiptin, og þegar þessar vörur síðan koma hingað heim, miðað við hámarksverðið á því, sem gildir á brezka verðlagssvæðinu, þá jafnar þetta sig út sjálft.

Ég hef minnzt á það í sambandi við þetta frv., að það sé raunverulega undarlegt, að hæstv. ríkisstj. skuli þó a. m. k. ekki geta séð af einokun sinni hvað snertir þau lönd, sem ekkert er selt til.

Í 3. gr. frv. stendur:

„Nú gerir ríkisstj. samning við önnur ríki um sölu ákveðinna vörutegunda þangað, og er henni þá heimilt að ákveða, að eigi megi bjóða til þess ríkis, selja þangað eða flytja það magn af vörutegundum, sem hún hefur samið um sölu á, nema að fengnu leyfi hennar og með þeim skilyrðum, er hún setur.“

Við skulum segja, að ríkisstj. sjái um eða láti annast um sölu á saltfiski til Ítalíu, til Grikklands eða Spánar. Hún gerir ákveðinn viðskiptasamning við þessi lönd, og hún fær eftir þessari grein heimild til þess að banna öðrum að selja til þessara landa, — og má ég nú spyrja: Er það þá ekki nóg fyrir þær einokunarklíkur, sem nú sem stendur sitja að saltfiskinum og skipta honum á milli sín, í þessu tilfelli S. Í. F. og S. Í. S., — er ekki nóg fyrir þær að hafa öll þessi lönd, sem Íslendingar nú hafa selt til? Hvers vegna mættu þá ekki öll önnur lönd vera frjáls? Eða hvað snertir freðfiskinn, — eða hvað snertir þorskalýsið, sem ég veit ekki betur en menn liggi með og þykist ekki geta selt, þó að það sé vel hægt að selja það? Ég verð að segja það, að það eru ákaflega undarlegir hlutir að halda þessu svona í harðvítugum einokunargreipum eins og gert er, og ég fæ ekki séð, hvaða afsökun yfirleitt hæstv. ríkisstj. getur talið fram í þessu sambandi. Það er ekki verið að fara fram á í þessu frv. neinar uppbætur til sjávarútvegsins. Það er ekki verið að fara fram á neinn bátagjaldeyri eða neitt slíkt. Það er hægt að selja allar íslenzkar afurðir án bátagjaldeyris. Það er enginn annar aðili en ríkisstj., sem ákveður það, að það er selt núna til landa, sem við verðum að selja 30% undir framleiðsluverði, og tekur svo ólöglega af þjóðinni 60 millj. kr. á ári til þess að bæta upp tapið á því að selja til þessara aðila. Það er ákaflega hart, að það skuli hér þing eftir þing vera fellt frv., þar sem farið er fram á að gefa fiskútflytjendum rétt til þess að selja án bátaútvegsgjaldeyrisálags og kaupa vörur inn í landið án bátaútvegsgjaldeyrisálags. Og svo er þjóðinni talin trú um, að það sé ekki hægt að hækka kaupið hérna á Íslandi, sem er ekkert nema ósannindi. Það er hægt að verða við því, og það tafarlaust, að hækka kaupið um þau 15% í

grunnkaup, sem verkalýðurinn fer fram á, og borga á það dýrtíðaruppbót. Og hvernig í ósköpunum stendur á því, að ein ríkisstj. dirfist að neita útvegsmönnum þessa lands um frelsi til þess að mega selja sínar vörur án bátaútvegsgjaldeyris, borga það kaup, sem þeir semja um við verkalýðsfélögin, og flytja inn vörur hingað til þessa lands aftur og selja þær hér í samkeppni við hvaða vörur aðrar sem er? Ég vil bara vekja athygli á því, að sú ríkisstj., sem heldur svona einokunargreipum um atvinnulíf landsins, tekur á sig alla ábyrgð á því, að vörurnar skuli ekki vera seldar út úr landinu. Það er hún, sem ákveður það, að þær skuli seldar út úr landinu um 30% undir framleiðsluverði. Það er þessi sama ríkisstj., sem síðan stöðvar allt atvinnulíf hérna með því að neita verkalýðnum um eðlilegar kauphækkanir og neita útvegsmönnum um frelsi til þess að selja þessar vörur og kaupa inn í landið aftur — og það þó að henni sé gefin heimild til að setja lágmarksverð á vöruna, þegar út er flutt, til þess að koma í veg fyrir óeðlilega samkeppni og svindl með gjaldeyri, og réttur til þess að setja hámarksverð á vöru, þegar inn er flutt, til þess að koma í veg fyrir óeðlilega hækkun á vöruverði. Ég veit hins vegar, að hv. meiri hluti stjórnarflokkanna mun vafalaust ekki frekar en venjulega kinoka sér neitt við að fella þetta frv. Það hefur verið drepið þing eftir þing. Það eina, sem ekki má snerta við í þessu landi, eru einokunarfjötrarnir á útflutningnum.

Þegar ég lagði þetta frv. upprunalega fyrir 1950, þá fylgdi grg. frá mér, þar sem ég m. a. lagði fyrir tilboð um verzlunarviðskipti við Austur-Þýzkaland upp á 32 millj. kr. Því var ekki sinnt frekar en öðru. Núna er byrjað að afskipa, — Brúarfoss mun afskipa nú freðfiski til Austur-Þýzkalands. Þau verzlunarviðskipti eru byrjuð. Ríkisstj. er bara búin að hindra þau í tvö ár — líkast til þrjú ár. Ég veit ekki fyrir víst, hvað verðið er á freðfiskinum til Austur-Þýzkalands núna. Ég býst við, að það sé einhvers staðar milli 130 og 140 sterlingspund, á sama tíma sem við seljum á 80 sterlingspund til Bretlands. Það er 50 sterlingspunda munur á tonninu. Ég vil vekja athygli á, að munurinn, sem þarna er á, gerir náttúrlega margfalt meira en að bæta upp allar þær kröfur, sem verkalýðurinn gerir til kaupgjalds nú sem stendur. Ég verð að segja það, að það er undarleg tilhneiging hjá einni ríkisstj., ef fulltrúar verkamanna og fulltrúar atvinnurekenda fara fram á að fá að vera lausir við, að ríkisstj. hafi nokkur afskipti af atvinnulífinu og sölu á íslenzkum afurðum út úr landinu og kaupum inn í landið önnur en að setja hámarksverð og lágmarksverð, að hún skuli þing eftir þing fella slíka till., á sama tíma sem hún treystir sér ekki til þess að gera þetta sjálf. Ég mundi verða manna fyrstur til að vera með því, að ríkisstj. annaðist þessa hluti, ef hún sæi um þá eða tryggði með fiskábyrgð fiskimönnunum sitt ákveðna verð, sæi um að selja allar okkar fiskafurðir og sæi um nægar vörur inn í landið í staðinn. En fyrst því er ekki að fagna og hæstv. ríkisstj. hefur ekki treyst sér til þess að gera þetta, þá á hún ekki heldur lengur að halda í þetta einokunarvald, sem hún hafði. Sá siðferðislegi réttur til þessa einokunarvalds féll burt, þegar fiskábyrgðin var afnumin. Það var eðlilegt, að þessi ríkisstj. tæki við af öllum fiskframleiðendum þeirra fiski og ráðstafaði honum sjálf og seldi hann, meðan hún tók sjálf að sér að standa í ábyrgð fyrir verðinu til útvegsmanna og sjómanna á fiskiskipum. Það var alveg sjálfsagður hlutur. Það var ómögulegt að hafa það öðruvísi. En það er ekki hægt fyrir eina ríkisstj. að neita því að taka ábyrgð á fiskverðinu, en segja samt: Ja, þú mátt ekki framleiða, þú mátt ekki flytja út, þú mátt ekki selja, þú mátt ekki kaupa vörur inn í landið til að selja þær í frjálsri samkeppni. — Það brýtur í bága við öll lögmál, viðskiptaleg og siðferðisleg, sem eiga að gilda í okkar þjóðfélagi, og það gengur ekkert þjóðfélag með einokun, sem byggist á einkavaldi ríkisstj. og réttleysi almennings og allra, sem eiga sína afkomu undir sjálfum sér.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta frv. Ég mæli eindregið með því, að það sé samþykkt. Það er nú í þriðja skipti, sem það liggur hérna fyrir, og ástandið í landinu er þannig, að það hefði verið hægt að forða því ástandi, svo framarlega sem þetta frv. hefði verið samþykkt fyrr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Nd., 18. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. felld með 16:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁ, ÁkJ, ÁS, EOl.

nei: HÁ, IngJ, JG, JPálm, JörB, KS, MJ, PÞ, PO, SÁ, StJSt, StgrSt, BÓ, EirÞ, EystJ, SB.

15 þm. (GTh, GÞG, HV, HelgJ, JóhH, JS, JR, LJós, ÓTh, SG, SkG, AE, ÁB, EmJ, GG) fjarstaddir.

Frv. þar með fallið.

5. Skipun læknishéraða.

Á 25. fundi í Nd., 13. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 24. marz 1944, um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna [145. mál] (þmfrv., A. 225).

Á 26. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 24 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Við höfum þrír þm. þessarar d. leyft okkur að bera

fram á þskj. 225 frv. til l. um, að Egilsstaðahéraði verði skipt í tvö læknishéruð. Flm. ásamt mér eru hv. 1. þm. S-M. og hv. 2. landsk. þm. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að Egilsstaðalæknishéraði á Fljótsdalshéraði sé skipt í tvö læknishéruð, og má gera ráð fyrir, að í hvoru læknishéraði verði þá milli 800—900 manns. Í frv. er gert ráð fyrir, að báðir héraðslæknarnir, sem ætlazt er til að sitji að Egilsstöðum, annist í félagi starfrækslu sjúkrahússins, sem þegar er þar á staðnum, og að sá héraðslæknirinn, sem er eldri í starfi, verði yfirlæknir við sjúkrahúsið. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að með samþykki landlæknis og samkv. reglum, sem hann kann að setja þar um, megi hafa sameiginlega lyfjabúð fyrir báða lækna héraðanna. Og sem bráðabirgðaákvæði er tekið fram í frv., að núverandi héraðslæknir, sem situr að Egilsstöðum, haldi þeirri íbúð í læknisbústaðnum, sem hann hefur nú.

Þetta frv. er að efninu til kunnugt hv. þm. frá síðasta þingi. Þá kom fram í d. frv. til l. um skiptingu á einu læknishéraði á Norðurlandi, og undir meðferð málsins fluttum við sömu þm. brtt., þar sem lagt var til að skipta Fljótsdalshéraði í tvö læknishéruð. Hv. þd. féllst á þessa brtt. og afgr. málið þannig út úr d., en eins og þd. er kunnugt um, þá fékk málið ekki afgreiðslu í Ed. og var vísað frá með rökstuddri dagskrá, þar sem m. a. var gert ráð fyrir, að málið yrði tekið upp á þessu þingi, ef nauðsyn krefði. Hv. þdm. munu frá síðasta þingi vera í minni þær ástæður, sem ég flutti þá fram um nauðsyn þess að skipta Egilsstaðalæknishéraði í tvö læknishéruð.

Það er kunnugt, að Fljótsdalshérað hafði tvo lækna og var tvö læknishéruð þangað til 1945. Með samþykkt l. nr. 8 frá 1944 var ákveðið, að Fljótsdalshérað skyldi framvegis verða eitt læknishérað. Íbúar Fljótsdalshéraðs voru þá þegar mjög margir andvígir þeirri breytingu. Þeir bentu á, að það hefðu áður verið tveir læknar á Fljótsdalshéraði og sýnt sig þá, að það var lágmark þeirrar læknisþjónustu, sem um gat verið að ræða. Þeir bentu á, að það væri fjarri öllu lagi að treysta því, þótt l. nr. 8 frá 1944 gerðu ráð fyrir, að héraðslæknirinn að Egilsstöðum, sem átti samkv. l. að þjóna öllu Fljótsdalshéraði, fengi einlægt aðstoðarlækni. Þá bentu menn á, að það væri ofætlun að gera ráð fyrir því, að einn reyndur læknir gæti annað öllum læknisstörfum í þessu víðlenda og erfiða héraði, þar sem vegalengd milli yztu bæja við sjó til innstu dalabyggða væri hátt á annað hundrað km og héraðið væri þar að auki sundurskorið af stórvötnum og að vetrarlagi mjög erfitt umferðar vegna snjóþyngsla. Það var einnig bent á það af íbúum héraðsins, að það næði ekki nokkurri átt að gera ráð fyrir því, að það sjúkrahús, sem stóð þá til samkv. l. að reisa að Egilsstöðum, væri hægt að nýta til gagns fyrir héraðsbúa með því að hafa aðeins einn fullreyndan lækni, sem þyrfti að sinna sjúkraferðum um allt þetta víðlenda hérað jafnframt umsjá á sjúkrahúsinu, því að jafnvel þótt svo yrði, að einlægt væri til staðar aðstoðarlæknir, þá væri ekki hægt að gera ráð fyrir því, að það fengist fastur maður í það embætti, enda ekki til þess ætlazt, heldur yrðu það menn, sem kæmu og færu, og yfirleitt yrðu óreyndir læknakandidatar fengnir til starfsins eða jafnvel að það þyrfti að lúta að því að notast við læknaskólanema. Það var þess vegna spá manna strax heima í héraðinu, þegar þessi breyt. átti sér stað, að tvö læknishéruð voru sameinuð í eitt á Fljótsdalshéraði, að það mundi strax sýna sig, að slíkt væri óhafandi, og það kom fljótt í ljós.

Strax eftir að l. frá 1944 tóku gildi í ársbyrjun 1945, var horfið að því að byggja að Egilsstöðum, þar sem læknirinn átti að hafa búsetu, læknisbústað ásamt myndarlegu sjúkraskýli. Læknisbústaðurinn var hafður það stór, að auk íbúðar fyrir héraðslækninn var þar ætluð viðunandi íbúð fyrir aðstoðarlækni. En það sýndi sig fljótt, þegar til kastanna kom, að þessi lagabreyt. frá 1944 var óheillaráð. Fyrsti aðstoðarlæknirinn til héraðsins kom ekki fyrr en á miðju ári 1946, og síðan hafa samtals 7 aðstoðarlæknar, hver um tiltölulega stuttan tíma, verið þar starfandi. Og það hefur farið eftir spá manna, að það hafa yfirleitt verið læknakandidatar, sem hafa fengizt um stuttan tíma til þess að fá sína nauðsynlegu þjálfun og hafa síðan horfið frá héraðinu til þess að taka við sjálfstæðu læknisstarfi annars staðar. Það hafa sem sagt einlægt verið óreyndir menn, sem hafa valizt til þess að vera aðstoðarlæknar hjá héraðslækninum að Egilsstöðum. En það hefur ekki einu sinni orðið svo, að aðstoðarlæknir hafi verið úrtakalaust í héraðinu. Það hefur þráfaldlega komið fyrir, að héraðslæknirinn hefur orðið einn að sinna öllum störfum, bæði að fara allar sjúkravitjanir um þetta erfiða og víðlenda hérað, auk þess sem hann hefur þurft að hugsa um sjúklinga á sjúkrahúsinu að Egilsstöðum. Það má nærri geta, hvort sjúkrahúsið út af fyrir sig hefur getað notið sín á þennan hátt. Vöntun aðstoðarlæknanna hefur verið mjög tilfinnanleg yfirleitt, en allra tilfinnanlegust þegar það hefur komið fyrir, sem tvisvar hefur skeð, að hann hefur vantað að vetrarlagi.

Það er því staðreynd, að það verður ekki hægt að una við það lengur, að Fljótsdalshérað sé eitt læknishérað með aðstoðarlækni með höppum og glöppum. Þess vegna er þetta frv. fram komið, þar sem lagt er til, að Fljótsdalshéraði verði skipt í tvö læknishéruð með tveimur föstum héraðslæknum, búsettum að Egilsstöðum. Frv. er flutt samkvæmt einróma áskorun íbúa Fljótsdalshéraðs og þ. á m. héraðslæknisins sjálfs, sem gera verður ráð fyrir að kunni bezt að dæma um, hvað lágmark er í þessum efnum.

Ef á það er litið, hvaða kostnaðarauki fylgir því að skipta læknishéraðinu, þá verður að gera ráð fyrir því, að hann verði mjög lítill og í raun og veru enginn hvað snertir laun, gangandi þó út frá því, að aðstoðarlæknir sé einlægt til staðar, en vegna þess að aðstoðarlæknir hefur ekki einlægt verið í starfi, þá hefur þurft að greiða slíkum manni minna en þarf að greiða föstum lækni.

Það hafa ýmsir bent á, að læknisbústaðurinn, sem nú er að Egilsstöðum, sé tæplega nógu stór,

til þess að hægt sé að láta tveim læknum í té viðunandi íbúð. Það er vitað, að héraðslæknirinn hefur mjög góða íbúð í bústaðnum, og enn fremur, að aðstoðarlækninum er ætluð fjögurra herbergja íbúð til afnota. Það má vel vera, að reynslan verði sú, að þar þurfi einhverju við að bæta og það verði þá aðallega sá kostnaður, sem af þessari breyt. kann að leiða. Vera má, að það þurfi þó, þegar stundir líða, að láta öðrum héraðslækninum í té betri íbúð en hann hefur nú að að hverfa í læknisbústaðnum, sem nú er fyrir hendi.

Ég reifaði þetta mál nokkuð á síðasta þingi og tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið á þessu stigi. Ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en þessi d. taki á málinu með vinsemd og skilningi. Hún gerði það á síðasta þingi og afgreiddi það tafalítið frá sér, og það er ekki við hana að sakast, þótt málið fengi ekki lokaafgreiðslu þá. Ég vil svo mælast til þess, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Jón Pálmason: Herra forseti. Á síðasta Alþ. flutti hv. heilbr.- og félmn. þessarar d. frv. um breyt. á þeim l., sem hér er lagt til að breyta, á þann veg að skipta Blönduóshéraði í tvennt. Þetta frv. var flutt að tilhlutun hæstv. forsrh., sem jafnframt er heilbrmrh., og samkv. ósk minni fyrir hönd héraðsbúa, þeirra sem eru í hinu fyrirhugaða Höfðahéraði. Þessu frv. var, eins og síðasti ræðumaður, hv. 2. þm. N-M., tók fram, breytt þannig hér í meðferð þessarar hv. deildar, að inn í það var bætt einnig skiptingu á Egilsstaðahéraði, og á þann veg var þetta frv. samþ. hér í þessari hv. deild og sent Ed., en varð ekki afgreitt þar.

Nú hef ég leyft mér að flytja hér brtt. við það frv., sem fram hefur verið lagt um skiptingu Egilsstaðahéraðs, sem fer fram á þessa sömu ósk, að skipta Blönduóshéraði í tvö læknishéruð, þar sem Höfðahreppur og Skagahreppur verði nýtt læknishérað, en það eru nú orðið nokkuð fjölmennar sveitir. Það skal tekið fram, eins og hér var greinilega að vikið á síðasta þingi, að allir telja það sjálfsagt þar heima í héraði og auðvitað hvarvetna annars staðar, að þó að þessi skipting fari fram, þá verði sameiginlegt það sjúkrahús, sem nú er byrjað að byggja á Blönduósi. Ég vildi flytja þessa brtt. nú þegar, til þess að hún lægi strax fyrir þeirri hv. nefnd, sem fær frv. til meðferðar og auðvitað verður hv. heilbr.- og félmn., og ég vænti þess, að frá henni sé sama skilnings og velvilja að vænta til þessarar breyt. eins og var í fyrra, þar sem hún flutti frv. um það eitt, sem mín brtt. fer fram á. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til nú að fjölyrða frekar um brtt., en veit, að henni verður jafnframt frv. vísað til hv. nefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 20 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 19. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., 20. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 225, n. 522 og 553, 238).

Frsm. meiri hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið alllengi til athugunar hjá heilbr.- og félmn., og niðurstaðan um afgreiðslu málsins varð sú, að n. klofnaði við afgreiðslu þess, þannig að einn nm. skipar minni hl. n. og hefur skilað sérstöku áliti.

N. kvaddi á sinn fund til viðræðu um málið 1. flm. frv. og landlækni. Það kom í ljós, þegar tekið var að ræða málið, að nokkur skoðanamunur varð um það milli flm. annars vegar og landlæknis hins vegar. Þegar n. hafði málið til umr., varpaði landlæknir fram þar þeirri hugmynd, að í stað þess að skipta læknishéraðinu á Egilsstöðum, eins og frv. fer fram á, þá yrði málið afgr. á þann hátt að breyta ákvæðum laga um aðstoðarlækna og að skipaður yrði sérstakur aukalæknir í Egilsstaðahéraði. Eftir að þessi hugmynd kom fram, tók n. að vinna að því að leysa málið á þennan hátt, og eru brtt. þær, sem meiri hl. n. flytur á þskj. 522, miðaðar við að afgr. málið á þennan hátt. Meiri hl. n. telur sig hafa ástæðu til að ætla, að flm. frv. sætti sig við afgreiðslu málsins í þessu formi.

Efni þeirra brtt., sem meiri hl. n. ber fram, er fólgið í 1. tölul. brtt., þannig að í stað þess, að frv. gerir ráð fyrir því að skipta Egilsstaðahéraði í tvö læknishéruð, verði skipaður sérstakur aukalæknir, er sé sjálfstæður, starfandi læknir og sitji í Egilsstaðaþorpi og hafi sömu launakjör og skyldur til að gegna sjúklingum eins og héraðslæknir. Aðrir liðir brtt. eru formsatriði, sem leiðir af þeirri efnisbreytingu, sem ég hef nú gert grein fyrir.

Hv. þm. A-Húnv. hafði borið fram brtt. við frv., og er sú brtt. prentuð á þskj. 238. Heilbr.- og félmn. hefur ekki tekið afstöðu til þeirrar brtt., en verði till. meiri hl. n. um þetta mál samþ., þá leiðir það af þeim, að frv. verður gerbreytt bæði að efni og formi. Brtt. hv. þm. A-Húnv. er að sjálfsögðu stíluð við frv. eins og það var borið fram í öndverðu, en nái það samþykki hér í hv. d., sem meiri hl. n. leggur til, þá liggur í augum uppi, að brtt. hv. þm. A-Húnv. fellur tæplega að því formi, sem þá yrði á málinu. Ég tel því eðlilegast og vildi mælast til þess fyrir hönd meiri hl. n., að hv. þm. A-Húnv. léti brtt. sína að minnsta kosti ekki koma til atkv. við þessa umr. málsins, heldur yrði séð, hvort brtt. n. næði samþykki eða ekki, og yrði þá séð, í hvaða formi d. afgr. þetta mál. Ég er nú raunar þeirrar skoðunar, að bezt færi á, ef hv. þm. A-Húnv. gæti fallizt á það, að brtt. hans yrði að fullu tekin aftur sem brtt. við þetta frv., en málið þá fremur tekið upp sem sjálfstætt mál síðar, en vitanlega gæti það þá komið til athugunar og ákvörðunar við 3. umr. málsins.

Frsm. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég hef ekki getað átt samleið með hv. meðnm. mínum um afgreiðslu þessa máls. En svo sem frsm. meiri hl. n. hefur gert grein fyrir, er upphaflega lagt til í frv. þessu, að Egilsstaða-

héraði sé skipt í tvö læknishéruð. Meiri hl. n. hefur hins vegar gert á frv. þá breyt. að leggja til, að læknunum í Egilsstaðahéraði verði fjölgað í tvo, á þann hátt, að héraðslæknirinn verði að vísu aðeins einn, en við hlið hans verði skipaður sérstakur aukalæknir í læknishéraðinu. Ástæður til þess, að ég hef ekki getað orðið samferða meðnm. mínum í máli þessu, eru þessar:

Það hafa ekki verið færð fyrir því sterk rök, að meiri ástæða sé til þess að fjölga læknum í Egilsstaðahéraði en í fjölmörgum öðrum læknishéruðum landsins. Egilsstaðahérað er ekki stærra, ekki fjölmennara en algengt er um læknishéruð, sem þykja af hæfilegri stærð, en í því eru um 1750 manns. Fjölmörg læknishéruð eru miklu stærri, miklu fólksfleiri, svo sem Sauðárkróks-, Blönduós- og Húsavíkurhéruð, og mjög mörg eru svipuð að fólksfjölda. Fólksfjöldinn gerir því ekki nauðsynlegt, að fjölgað sé læknum í Egilsstaðahéraði. Samgöngur í héraðinu eru ekki heldur þannig, að af þeim sökum beri til þess brýna nauðsyn að skipta læknishéraðinu eða fjölga þar læknum umfram önnur læknishéruð, þar eð Egilsstaðalæknishérað er greiðfært yfirferðar. Þar er t. d. um enga fjallvegi að fara og allar meginár brúaðar. Það, sem hér er því um að ræða, er spurningin um það, hvort yfirleitt eigi að fjölga héraðslæknum í landinu eða ekki. Ég skal í sjálfu sér engan dóm á það leggja. Ef meiri hluti Alþ. og hæstv. ríkisstj. telja sig hafa fjárráð til þess að fjölga héraðslæknum í landinu, þá á að sjálfsögðu að fara fram á því athugun, hvar brýnust þörf sé fyrir nýjan héraðslækni. Og ég er sannfærður um, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir félmn. hafa legið í málinu, að sú athugun leiddi í ljós, að brýnust þörf fyrir hinn nýja lækni væri ekki í Egilsstaðahéraði. Það er því alveg augljóst mál, að ef þetta frv. í upphaflegri mynd eða hinni breyttu mynd nær fram að ganga, þá mun rigna yfir hið háa Alþ. tillögum eða frumvörpum um fjölgun lækna annars staðar á landinu, og mun verða hægt að rökstyðja þær till. betur en þessi till. er rökstudd. Það er þegar komin fram ein till. á þskj. 238 frá hv. þm. A-Húnv., og ég sé nú raunar ekki, að hægt sé að standa gegn þeirri till., ef hið upphaflega frv. eða till. meiri hl. n. nær fram að ganga, því að mér finnst að ýmsu leyti mega færa sterkari rök fyrir þeirri till. heldur en flutt hafa verið fram fyrir frv. og áliti meiri hl. Það hefur að vísu verið sagt, að ekki muni hljótast af þessu mjög verulegur aukakostnaður, þar eð þegar sé í lögum ákvæði um aðstoðarlækni í Egilsstaðahéraði, og það er rétt, svo að vera má, að af samþykkt þessa frv. eins mundi ekki hljótast mjög verulegur aukakostnaður. En kostnaðaraukinn, sem hlytist af samþykkt frv., fælist fyrst og fremst í því, að önnur héruð mundu með réttu geta talið sig eiga að sigla í kjölfar þessa frv., og það mundi kosta ríkissjóð mjög verulegar fjárfúlgur. Það segir sig sjálft, að ýmis héruð mundu telja sig hafa brýnan hag af því að fá lækni í héraði sínu fjölgað, m. a. vegna starfrækslu sjúkrasamlaganna þar, og má sem sagt búast við því, að allmikið af slíkum kröfum kæmi fram þegar á þessu þingi og áreiðanlega á næstu þingum, ef þetta mál nær fram að ganga.

Nú má að vísu segja, að það sé ekki hlutverk stjórnarandstöðunnar hér að halda sparsemiskenningum að hæstv. ríkisstj., og einmitt með tilliti til þess þykir mér dálítið undarlegt, að stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. í heilbr.- og félmn. skuli hafa mælt með því, að slíkt frv. og þetta næði fram að ganga, jafnvel þótt í nokkuð breyttri mynd sé, og þykir mér það stinga allmikið í stúf við afstöðu sumra hv. nm. og raunar ríkisstj. í heild, ef hún reynist standa með þessu frv., því að það eru ekki nema tvær eða þrjár vikur síðan annars vegar var sumpart vísað frá og hins vegar fellt í þessari hv. d. frv. um fjölgun embætta, einmitt með þeim rökstuðningi, að fjárhagur ríkissjóðs væri með þeim hætti, að mjög varhugavert væri að fjölga embættum. Hér var um að ræða prófessorsembætti við læknadeild háskólans, sem þó var í sjálfu sér alls ekki á móti mælt að nauðsynlegt væri að stofna, enda hafði sjálf ríkisstj. gerzt flm. að því frv., — og það var um að ræða annað prófessorsembætti við háskólann, í lagadeildinni, sem ríkisstj. sjálf hafði einnig flutt frv. um. Má því geta nærri, að ekki hefur það verið algerlega að ástæðulausu flutt. En báðum þessum frv. var komið fyrir kattarnef, öðru með samþykkt rökstuddrar dagskrár, hinu þannig, að það var beinlínis fellt til 3. umr. Þar eð rökstuðningurinn var í báðum tilfellunum sá, að það bæri að gæta hinnar fyllstu varúðar í sambandi við fjölgun embætta, kemur það nokkuð á óvart, að nú, tveim eða þrem vikum síðar, skuli þessi sparnaðaráhugi, sem þarna kom fram, allt í einu dottinn af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. og nú skuli ekkert vera við það að athuga, þó að nýtt embætti sé stofnað, og menn skuli jafnvel líka loka augunum fyrir því, að þessi embættisstofnun hlýtur að kalla á tillögur um fjöldamörg önnur embætti nú þegar á þessu þingi og áreiðanlega á hinum næstu eða næsta. Hér finnst mér því skjóta nokkuð skökku við, og ég hef viljað leggja til við hv. d., að hún hviki að svo stöddu ekki frá þeirri sparnaðarbraut, sem hún hélt inn á, um leið og hún vék frá hinum tveim frv. um stofnun embætta, sem til umr. voru hér fyrir tveim eða þrem vikum, heldur haldi áfram á þessari braut a. m. k. út þetta þing. Á næsta þingi mætti þá athuga öll þessi nýju frv. aftur. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram rökstudda dagskrá í málinu á þskj. 553. Hún er í raun og veru í fyllsta samræmi við þá rökstuddu dagskrá, sem samþykkt var fyrir skömmu, og leyfi ég mér að vænta þess, að hv. þdm. hafi ekki skipt um skoðun hvað það snertir, að ríkissjóði sé nauðsyn á að halda vel á fé sínu, og samþykki því þessa dagskrá eins og þeir samþykktu dagskrána, sem náði fram að ganga fyrir rúmum tveim vikum.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég verð nú að láta í ljós dálitla undrun yfir afstöðu hv. heilbr.- og félmn. varðandi mína brtt. á þskj. 238, og það er sérstaklega vegna þess, hvernig forsaga

þessa máls er. Hún er sú, að á síðasta Alþ. flutti þessi sama n., hv. heilbr.- og félmn., frv. um það, sem mín brtt. fjallar um, og það frv. var flutt í samráði við hæstv. heilbr.- og félmrh. og landlækni og eftir beiðni minni. Þetta frv. var samþ. með breytingu hér í þessari hv. d., en dagaði uppi í hv. Ed. Nú virðist, þegar flutt er frv. um aðra læknishéraðaskiptingu og ég flyt þessa brtt. þar við, að þá hefði átt að liggja ljóst fyrir, að þessi hv. þn., heilbr.- og félmn., sem flutti þetta mál í fyrra og fylgdi því drengilega fram, hefði að sjálfsögðu átt að taka mína till. fyrst og fremst inn í, um leið og hún gerir brtt. við frv., og skeyta það þá saman.

Ég skal ekki fara mikið inn á það að ræða þær brtt., sem hér koma frá meiri og minni hl. hv. n., því að það er í sjálfu sér ekki mikið viðkomandi minni brtt. En eins og tekið er fram af hv. 3. landsk., þá er það augljóst mál, að það eru miklu meiri rök, sem fyrir því liggja að skipta Blönduóshéraði, heldur en að skipta Egilsstaðahéraði, og sýndi það sig líka á síðasta þingi, að bæði viðkomandi ráðh. og landlæknir mæltu með því, en a. m. k. landlæknir virðist mæla gegn því, að Egilsstaðahéraði sé skipt. En ég vil út af tilmælum hv. frsm. heilbr.- og félmn. gjarnan verða við þeirri ósk n., úr því sem komið er, að biðja ekki um atkv. um mína brtt., nema því aðeins að bæði brtt. meiri hl. n. og dagskrártill. minni hl. n. verði felldar, því að ef það er nú hvort tveggja gert, þá á mín brtt. að sjálfsögðu við frv. Verði hins vegar brtt. meiri hl. hv. n. samþykktar, þá er það rétt hjá hv. frsm., að það þarf nokkuð að breyta formi á minni brtt. frá því sem hún nú er, því að hún er stíluð við frv. eins og það nú liggur fyrir.

Það eitt vil ég segja í sambandi við ræðu hv. 3. landsk., minni hl. n., að mér þykir ekki viðeigandi að gera samanburð á því að fjölga prófessorum við háskólann og hinu að sinna nauðsynlegum beiðnum um það, að fólkið úti á landsbyggðinni geti notið læknishjálpar. Og það er ekkert ósamræmi í því hjá hv. þdm. hér, þó að þeir hafi fellt að fjölga prófessorum við háskólann, að samþ. nú að fjölga eitthvað héraðslæknunum í landinu. Ekki sízt þess vegna mun ég að sjálfsögðu greiða atkv. gegn hans dagskrá og tel það ekki að neinu leyti ósamræmi í afstöðu hvorki minni né annarra hv. þdm.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að ég tel, að hv. nefndarmeirihluti hafi gengið of skammt í till. sínum. Ég veit, að eins og till. eru, þá eru þær, eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, að verulegu leyti runnar undan rifjum landlæknis, sem á seinni árum hefur ætíð verið þrándur í götu nauðsynlegra lagfæringa, þegar um hefur verið að ræða að fá einhverja leiðréttingu á læknamálum Fljótsdalshéraðs. Ég skal hins vegar játa, að það er veruleg umbót frá því, sem er, að fá fastan aukalækni í stað ungra og óreyndra aðstoðarlækna, sem einlægt hafa verið og verða væntanlega áfram að koma og fara. En mér er ljóst, að ýmsir annmarkar eru á þessu fyrirhugaða fyrirkomulagi, sem hv. nefndarmeirihluti leggur til, og ég óttast, að reynslan sýni, að þetta verði ekki viðunandi lausn. Ég skal hins vegar játa, að það, sem ég segi um það efni, er meira hugboð mitt heldur en rökstudd skoðun. En hins vegar vil ég vona, að það reynist svo, að hv. nefndarmeirihluti og landlæknir hafi hér fundið þá leið til úrlausnar í þessum málum, sem allir geta sæmilega við unað í framtíðinni.

Okkur flm. er ljóst, að á þessu þingi er, úr því sem komið er, ekki að vænta betri úrlausnar í þessu máli en þeirrar, sem felst í tillögum hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. Við munum því sætta okkur við þær og eigum þá eftir þá einu ósk, að málinu verði hraðað svo, að það geti orðið afgreitt á þessu þingi. Um till. hv. minni hl. skal ég vera fáorður. Ég verð að segja það, að mig undrar í raun og veru afstaða hv. 3. landsk. Þessi hv. þingdeild afgreiddi í fyrra samhljóða miklu róttækari breytingu í þessu efni en nú er um að ræða, og ég vil fullyrða, að þessi hv. þm. hafði þá ekki sérstöðu í málinu. Ég sé í raun og veru ekki ástæðu til að fara út í að ræða þau fjarstæðukenndu rök, sem hv. 3. landsk. færir fram í nál. sínu og gerði sömuleiðis í ræðu sinni áðan. En rökrétt afleiðing af þeim fjarstæðukennda málflutningi er auðvitað ekki rökstudd dagskrá, heldur algerlega órökstudd. Ég vil benda hv. þm. á það, að hér er ekki um að ræða að stofna nýtt embætti. Hér er aðeins um að ræða, að í staðinn fyrir aðstoðarlækna, sem hafa átt að vera á Egilsstöðum, á að koma fastur aðstoðarlæknir. Hér er ekki heldur um neina launabreytingu að ræða eða sérstakan aukakostnað fyrir ríkissjóð, því að það er gert ráð fyrir því, að þessi aðstoðarlæknir gangi inn í þau launakjör, sem þessir læknar hafa notið, nema þá að því leyti sem slíkur aðstoðarlæknir, ef hann verður lengi í embætti, fær hærri laun vegna lengri þjónustu. Hér er ekki heldur um það að ræða að skapa aukakostnað vegna íbúðar. Það eina, sem kemur til mála í sambandi við íbúð, eins og málum er nú háttað samkv. till. meiri hl. hv. heilbr.- og félmn., er það, að væntanlegur aukalæknir fái, vitanlega öllum að meinalausu, að njóta þeirrar íbúðar, sem nú er þegar til í læknisbústað Egilsstaðahéraðs og er notuð af aukalæknunum. Rökstudda dagskráin er því vindhögg og gersamlega út í bláinn í sambandi við þetta mál, en það örlar á gremju hjá hv. 3. landsk. þm. yfir afgreiðslu annars máls, sem er algerlega óskylt þessu máli, eins og hv. þm. A-Húnv. tók fram. Ég vil því, eins og ég hef getið, aðeins lýsa því yfir, að eftir atvikum látum við flm. þessa frv. okkur líka þær till., sem hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. ber hér fram.

Frsm. meiri hl. (Páll Þorsteinsson): Hin rökstudda dagskrá, sem hv. minni hl. heilbr.- og félmn. flytur og hefur gert grein fyrir, er byggð á því, að í kjölfar þessa frv., sem hér er til umr., hljóti það að fara, að mörg ný embætti verði stofnuð. Ég tel ástæðu til að fara um þetta örfáum orðum og gera grein fyrir því, hvernig mér virðist málið liggja fyrir og að þessi rökstudda dagskrá fái ekki með öllu staðizt.

Ég ætla, að það hafi verið árið 1942, að lagaákvæði voru sett um aðstoðarlækna héraðs-

lækna. En 1944 eru tvö læknishéruð í Múlasýslu sameinuð og læknisbústaðurinn ákveðinn á Egilsstöðum. Jafnframt því að þetta er gert árið 1944, eru endurskoðuð lagaákvæðin um aðstoðarlæknana, og samkv. gildandi lögum eru þessi ákvæði um aðstoðarlæknana þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er að verja úr ríkissjóði fé til að greiða laun allt að 5 aðstoðarlæknum héraðslækna í fjölmennum læknishéruðum, þar sem ekki eru starfandi læknar aðrir en héraðslæknar.“ Um launagreiðslur til þessara manna er vísað í 10. gr. launalaga, og kem ég að því síðar. „Landlæknir semur við héraðslækna um vist og kjör aðstoðarlækna og skal að jafnaði leitast við að vista a. m. k. einn aðstoðarlækni í hverjum landsfjórðungi. Egilsstaðahérað skal ganga fyrir öðrum héruðum um aðstoðarlækna.“

Þetta er fellt í lög 1944, um leið og læknishéruðin voru þar sameinuð. Í 10. gr. launalaga, sem vitnað er til um launagreiðslur til þessara manna, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

Héraðslæknar í héruðum 3. flokks hafa að launum 10200 kr. Það eru grunnlaun, eins og þau voru ákveðin fyrir gengisbreytinguna. — Héraðslæknar í héruðum 2. flokks hafa í grunnlaun 7200—9600 kr. — Héraðslæknar í héruðum 1. flokks hafa í grunnlaun 6000—7800 kr. — Aðstoðarlæknar héraðslækna, sbr. l. nr. 52 1942, hafa 9600 kr., þ. e. a. s. hámarkslaun héraðslækna í 2. flokks héruðum.

Af þessu er auðsætt, að það var ætlun löggjafans þegar 1944, að Egilsstaðahérað skyldi ganga fyrir öðrum læknishéruðum um aðstoðarlækna og að laun þeirra væru eins og hámarkslaun héraðslækna í 2. flokks héruðum. Og í trausti þess, að þannig yrði þetta í framkvæmd, mun sameiningin hafa átt sér stað, sem gerð var í Múlasýslu 1944. En því miður hefur reynslan orðið sú, að aðstoðarlæknarnir hafa ekki setið að Egilsstöðum að staðaldri, og af því mun sá áhugi vera sprottinn, sem að baki þessu máli liggur. Fyrsti aðstoðarlæknirinn kom ekki fyrr en á miðju ári 1946, en alls hafa sjö læknakandidatar sinnt aðstoðarlæknisstörfum á Egilsstöðum frá þeim tíma til þessa dags. Sá fyrsti dvaldist á Egilsstöðum 15 mánuði, en þurfti á þeim tíma að hverfa frá um skeið til að þjóna öðru læknishéraði vegna forfalla læknisins þar. Annars hafa flestir aðstoðarlæknarnir verið 6—10 mánuði í starfi, og hefur héraðið alloft verið aðstoðarlæknislaust og tvisvar sinnum að vetrarlagi, en þessar upplýsingar tek ég úr grg. frv. Þrátt fyrir það að lagaákvæðin um, að Egilsstaðahérað skuli ganga fyrir öðrum héruðum um aðstoðarlækni, hafi verið í gildi 8 ár, þá hefur reynslan orðið þessi. Það, sem reynt er að tryggja með þessu frv. og þeim till., sem meiri hl. heilbr.- og félmn. stendur að, er það, að á þessu verði sú breyting, að í Egilsstaðahéraði verði að staðaldri tveir læknar. Sameiningin var á sínum tíma gerð í trausti þess, að svo yrði, og til þess hefur verið ætlazt, að ríkið launaði þarna að staðaldri fastan aðstoðarlækni, svo að ný útgjöld vegna þessa máls eiga ekki að verða stórvægileg frá því, sem ætlað hefur verið, og er það von okkar, sem stöndum að áliti meiri hl. n., að verði þetta frv. afgreitt í því formi, sem við höfum lagt til, þá leiði reynslan í ljós, að með því fáist veruleg bót í læknaskipun á Fljótsdalshéraði frá því, sem verið hefur nú um sinn.

Frsm. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. 2. þm. N-M. var óvenjulega stórorður í hinni stuttu ræðu sinni áðan. Hann talaði um fjarstæðukenndan málflutning, hann talaði um órökstudda dagskrá og ýmislegt því um líkt, sem gerir það að verkum, að ég ætla að leyfa mér að fara fáeinum orðum um ræðu hans og afstöðu hans í málinu yfirleitt. Ég býst við því, að þessi gremja, sem kom fram í ræðu hans, eigi sér tvær orsakir; annars vegar þá, að hann hefur orðið fyrir þeim dálítið undarlegu örlögum að flytja frv., sem enginn í heilbr.- og félmn. vildi taka undir óbreytt, — ekki einu sinni þeir tveir flokksbræður hans, sem sæti eiga í n., og má nokkuð af því marka, hvers eðlis frv. var, að það skyldi ekki hljóta betri undirtektir en þetta. Ég geri ráð fyrir, að gremjan eigi í fyrsta lagi svolitla stoð sína í þessu. Í öðru lagi á hún vafalaust rót sína að rekja til þess, að hann hefur sjálfur ásamt — svo undarlega vill til — hv. frsm. heilbr.- og félmn. fyrir skömmum tíma, rúmum 5 vikum, lagt til að afgreiða tvö önnur embættamál með rökst. dagskrá, svo að segja alveg efnislega samhljóða þeirri, sem ég legg hér nú fram, og kom þá vilja sínum fram. En hinn 9. des. 1952 var í nál. lagt til að afgreiða 20. mál þingsins, sem var frv. um að fjölga um einn kennara í laga- og hagfræðideild háskólans, með svo hljóðandi rökst. dagskrá, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem rekstrarútgjöld ríkisins eru þegar orðin mjög há og ástæða er til að gæta fyllstu varfærni um fjölgun embætta, telur deildin ekki rétt að lögfesta þetta frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Undir þetta skrifa Páll Þorsteinsson, fundaskr., frsm., og Halldór Ásgrímsson.

M. ö. o.: Þeir tveir sömu menn, sem hér eru nú að leggja til að fjölga embættum — að leggja til stofnun nýs læknisembættis, hafa 9. des. 1952, eða fyrir um það bil 6 vikum, lagt til, að frv. um embættastofnun yrði vísað frá með tilliti til fjárhags ríkissjóðs. Og þeir létu raunar ekki við þetta sitja, því að þann sama dag — þeir voru stórvirkir þann dag, þeir ágætu flokksbræður og félagar í þessu máli — lögðu þeir einnig fram aðra rökst. dagskrá í sams konar máli, sem varðaði læknakennara, og hún hljóðar svona — með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem auka þarf húsnæði læknadeildar Háskóla Íslands, ef sérstakur prófessor í líf- eðlis- og lífefnafræði tekur þar til starfa, með því að hann fái til afnota húsnæði það, sem Húsmæðrakennaraskóli Íslands hefur nú til afnota, en ekki er tryggt, að húsmæðrakennaraskólinn fái annað húsnæði, og þar sem rétt er að gæta fyllstu varfærni um fjölgun embætta, vill deildin ekki lögfesta þetta frv., en tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Páll Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Halldór Ásgrímsson.“

Ég get í sjálfu sér vel skilið, að þessum sömu ágætu þm. líði ekki reglulega vel, þegar þeir eftir 6 vikur þurfa að standa hér hvor á eftir öðrum og mæla með því, að nýtt embætti sé stofnað, en mæla á móti dagskrá, sem að efni til er nákvæmlega samhljóða þeirri dagskrá, sem þeir hafa undirskrifað og lagt fyrir Alþ. fyrir skömmum tíma. Þetta er velviljaðasta skýringin, sem ég get gefið á því, með hverjum hætti ræða hv. 2. þm. N-M. hér áðan var. Hann gat þess, og raunar hv. þm. A-Húnv. líka, að hann vildi ekki bera saman það að fjölga héraðslæknisembættum í sveit og fjölga læknakennurum við háskólann. Um það er náttúrlega það að segja, að því aðeins fá hinar dreifðu byggðir góða lækna, að sómasamlega sé séð fyrir læknakennslunni, en það verður ekki talið gert að óbreyttri þeirri skipun, sem nú er hvað snertir kennslu í mjög mikilvægum greinum, þar sem allt of mikil kennsluskylda er lögð á einn af kennurunum, þannig að ekki verður nægilega vel séð fyrir hinni fyllstu fræðslu læknaefnanna um þau mál, sem þar er um að ræða. Ég er raunar engan veginn ámælisverður fyrir stuðning við það mál, vegna þess að það var flutt af sjálfri ríkisstj., og ef þessir hv. stuðningsmenn ríkisstj. eru því máli mjög andvígir og telja flutning þess mjög ámælisverðan, þá skulu þeir fyrst og fremst beina skeytum sínum að sinni eigin ríkisstj., en ekki að mér.

Þá hafa hinir tveir undirskrifendur hinna tveggja dagskrártill. fyrir miðjan desember báðir lagt á það nokkuð mikla áherzlu, að hér verði ekki um verulegan kostnaðarauka að ræða fyrir ríkissjóð, þar sem í gildi séu lagaákvæði um aðstoðarlækni í Egilsstaðahéraði. Þetta er rétt, enda tók ég það fram þegar í ræðu minni áðan, en jafnframt gat ég þess þá, sem ég skal endurtaka núna, að kostnaðaraukinn, sem af þessu mun hljótast fyrir ríkissjóð, kemur ekki þegar í stað, heldur kemur hann þegar fram koma nýjar till. um ný læknisembætti í kjölfar þessa frv., því að það er gersamlega óhjákvæmilegt. Alþ. getur ekki afgreitt þetta mál þannig að fjölga læknum í Egilsstaðahéraði, en fella síðan till. hv. þm. A-Húnv. um skiptingu Blönduóshéraðs, því að Blönduóshérað á meiri rétt á tveim læknum samkvæmt öllum hlutlausum dómum um það mál heldur en Egilsstaðahérað. Það væri gersamlega útilokað, ef einhverri sanngirni og einhverju viti ætti að beita við afgreiðslu héraðslæknamálsins yfirleitt, að neita a. m. k. 5—6 héruðum, sem þegar í stað mundu heimta nýjan lækni, um skiptingu á þeirra læknishéruðum. Nái þetta mál fram að ganga, er því alveg augljóst, að það koma þegar í stað fram kröfur um 5, 6 eða 7 ný læknishéruð, sem ekki er hægt að standa gegn með nokkurri skynsemi, með nokkru réttlæti, ef þetta mál nær fram að ganga. Það getur vel verið, að ríkissjóður sé talinn hafa efni á því að fjölga héraðslæknum svo verulega. Það er annað mál, og það er fyrst og fremst verkefni ríkisstj. og fjmrh. að segja til um það. En verði héraðslæknum fjölgað um einn, þá á það auðvitað að lenda á þeim stað í landinu, í því læknishéraðinu, þar sem mest þörf er fyrir hann, en tilviljun á ekki að ráða því, hvar hann lendir, og þetta er auðvitað kjarni málsins. — Í dagskránni eða í afstöðu minni felst í sjálfu sér engin andstaða gegn því, að héraðslæknum sé fjölgað, heldur einungis lögð áherzla á, að eigi að fjölga þeim, þá sé þeim fjölgað á þeim stað, þar sem brýnust þörf verður talin fyrir þá með réttu.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég skal vera fáorður, því að það er raunverulega ekkert nýtt, sem kom fram í ræðu hv. 3. landsk. þm. frá því, sem hann hafði áður sagt. Hann staðfesti enn þá á ný þær fjarstæður, sem voru í málflutningi hans. Ég hélt nú, að hann hefði látið sér vel líka þann fróðleik, sem hv. þm. A-Sk. veitti honum. Það má segja, að ég hefði kannske átt að veita honum eitthvað af þeim fróðleik, en ég taldi það ástæðulaust. Ég ætlaði, að prófessorinn vissi betur en hann hefur látið í sínu nál. og sínum ræðum.

Ég skal aðeins nefna eitt dæmi í sambandi við nál. hans, sem sýnir, hvað málflutningur hans er í raun og veru undirstöðulaus. Hann er að gera samanburð á ýmsum aðstæðum í ýmsum læknishéruðum, þ. á m. í sambandi við erfiðleika á að ferðast um þau, og hann segir, að í Egilsstaðahéraði sé ekki um neinn fjallveg að fara. Þetta væri nú gott, ef satt væri. En ég held, að hv. 3. landsk. verði þungt fyrir skóflunni, ef hann ætlar að gera það að láglendi, þar sem er nú yfir fjöll að fara í ferðalögum um Egilsstaðahérað. Ég ætla þá að fræða hann um það, sem ég hélt að þyrfti ekki, að það er milli 50 og 60 km vegalengd yfir að fara um heiðar og fjöll í Egilsstaðalæknishéraði, og ef hann vill fá enn fyllri fræðslu, sem ég geri ráð fyrir að hann sé vanur að gefa úr sínum prófessorsstól, þegar hann er að fræða nemendur sína, þá skal þess getið, að hér er um að ræða leiðina úr Jökuldal alla leið til Víðidals á Fjöllum. Hugsið ykkur nú, þegar hv. 3. landsk., prófessor í hagfræði, vanur að virða tölur og aðrar staðreyndir, virðir þetta mál ekki meira en það, að hann telur óþarfa að rifja upp svona einfalda hluti í landafræðinni, — þá hluti, sem afi hans, Gísli í Húsey í Hróarstungu, sá mæti maður, þurfti ekki að fara í skóla til að vita. Hér er bara eitt dæmi tekið af málflutningi og rökstuðningi hv. þm. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að ég sé að eltast við fjarstæðurnar í löngum málflutningi í nál. og ræðum þessa hv. þm., og þarf ég ekki að afsaka það, þó að ég endurtaki það, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, að málflutningur hv. þm. væri fjarstæðukenndur, sem rökrétt hlyti að enda í röklausri dagskrártill. En ef hv. þm. óskar eftir frekari fræðslu um Egilsstaðalæknishérað, þá skal ég reyna að verða við þeim tilmælum.

Frsm. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hv. 2. þm. N-M. bauð mér fræðslu um staðhætti í Egilsstaðalæknishéraði. Ég kæri mig ekki um meiri fræðslu af því tagi, sem hann veitti hér áðan, því að hún er mjög óábyggileg og ég mundi engum manni veita slíka fræðslu. Ég hygg, að vafasamur málstaður hans í þessu máli hafi

mjög litað fræðslu hans í þessu efni, og tel ég mig þar tala mjög varlega og vinsamlega í hans garð. Ef hann leyfir sér að kalla leiðina úr Jökuldal og út í Víðidal á Fjöllum fjallveg, þá notar hann orðið fjallvegur í talsvert annarri merkingu en hér tíðkast, því að hér er um að ræða heiði, jafnvel heiðadrög, en alveg tvímælalaust ekki fjallveg í þeim venjulega skilningi, sem lagður er í það orð og a. m. k. mundi vera lagður í það orð, þegar talað er um leiðir í öðrum læknishéruðum. Það er áreiðanlegt, að það eru ekki sambærileg samgönguskilyrði í Egilsstaðalæknishéraði og fjölmörgum öðrum læknishéruðum í landinu. Egilsstaðalæknishérað er auðvelt yfirferðar. Egilsstaðalæknishérað er eitt í hópi þeirra læknishéraða, sem eru auðveldust yfirferðar af læknishéruðum í landinu, þar sem samgöngur eru þar einna beztar. Þetta er líklega eina leiðin, sem segja má að um geti verið að ræða verulegar torfærur á á vetrum sökum snjóa, en að kalla þessa leið fjallveg er fjarstæða, og hefði hv. þm. N-M. átt að spara sér þessa kennslu í landafræði, því að hún er hvorki honum til vegsauka né málinu til framgangs.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég skal játa það, og ég gerði mér það ljóst í upphafi, að ég get ekki þrýst fræðslu minni inn á hv. 3. landsk., og verður við það að sitja, þó að hann vilji vera áfram í villu og svima. Hann segir, að upplýsingar mínar í landafræði, er varða læknishérað Egilsstaða, séu mjög villandi. Ég held mig við staðreyndir. Ég sagði, að um fjöll og heiðar væri að fara tiltekna vegalengd, og það er rétt, og ég legg það ekki fyrir hv. prófessorinn, en ég bara bið hann um að kynna sér þetta, t. d. með því að fara í næsta sumarfríi sínu um þessar heiðar og fjöll og vita, hvort ég skýri ekki rétt frá, og ég held, að ef hv. 3. landsk., prófessor í hagfræði, kennir ekki sínum nemendum meiri fjarstæður og staðleysur en ég hef verið að reyna að bjóða honum upp á í þessum fáu orðum mínum, þá megi hann vel við una, hvað hann ber á borð fyrir sína nemendur. Þetta er sem sagt staðreynd. Það eru ekki orðnir miklir möguleikar á því að bjóða hv. þm. að fara að vetrarlagi um Möðrudalsfjöll, en fyrir 10—20 árum mundi ég hafa reynt að stuðla að því, að þáverandi mjög duglegur póstur, sem ferðaðist frá Egilsstöðum til Grímsstaða á Fjöllum, hefði leyft hv. 3. landsk. þm. að ferðast með sér, og ætla ég, að þá hefði hv. þm. sannfærzt um, að leiðin væri meira en heiðadrög. Hitt er annað mál, að ég hefði ekki hér lofað því, að nefndur póstur hefði tekið hv. þm. í umsjá sína, því að ég býst við, að honum hefði ekki litizt fjallgöngumannlega á nemandann. En ég mundi nú hafa reynt samt að stuðla að þessu, en ég skora á hv. þm. að sannfærast á næsta sumri af eigin raun.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Nd., 21. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti (SB): Það mun nú vera hæpið, að hægt sé að koma fram atkvgr. um 1. dagskrármálið, þar sem þeir hv. þdm., sem eiga sæti í fjvn., eru ekki viðstaddir. Atkvgr. um málið verður þess vegna frestað og það tekið af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 22. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 553 felld með 15:6 atkv.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég vildi fara fram á það við hæstv. forseta, að það færi fram fyrst atkvgr. um till. n., vegna þess að ef þær verða samþ., þá er frv. orðið breytt og þarf að breyta formi á minni till., enda þótt ég haldi fast við hana, og ég treysti hv. n. til þess að taka till. til meðferðar fyrir 3. umr., ef hennar brtt. verða samþ. nú. Verði þær hins vegar felldar, óska ég eftir, að mín till. komi til atkv.

Forseti (SB): Það er nú að vísu svo, að brtt. hv. þm. A-Húnv. hljóðar um það, að á undan 1. gr. komi ný gr., en brtt. hv. n. eru um það, að í stað 1. og 2. gr. komi inn ný gr. Ef ekki koma andmæli gegn því, að fyrst verði bornar upp brtt. hv. n., þá mun verða orðið við þeirri ósk hv. þm.

Brtt. 522,1 (ný 1. gr., í stað 1. og 2. gr.) samþ. með 19:3 atkv.
— 238 tekin aftur.
— 522,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
3. gr., (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 522,3 (ný 4. gr., verður 3. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 522,4 (brbákv. falli burt) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 522,5 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 1942, um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Á 56. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 580, 588).

Jón Pálmason: Herra forseti. Sú brtt., sem ég bar hér fram við 2. umr. varðandi skiptingu á Blönduóshéraði, var vegna breytinga, sem gerðar voru á frv. við þá umræðu, tekin aftur til 3. umr., en nú hef ég leyft mér að flytja hana aftur, og er hana nú að finna á þskj. 588. Ég hef ekki fengið neina yfirlýsingu frá hv. heilbr.- og félmn. um það, hvort hún mæli með þessari till. eða ekki, en að sjálfsögðu reikna ég með því sem eðlilegum hlut, að hv. n. mæli með till., vegna þess að hún flutti hana óskipt að efni til á síðasta þingi, og var þetta mál samþykkt ásamt fleiri atriðum varðandi læknaskipunina — ég held mótatkvæðalaust — hér í þessari hv. d., en dagaði uppi í hv. Ed. Ég hef áður fært rök fyrir þessu máli og sé ekki ástæðu til að

endurtaka þau, en vænti þess, að hv. þm. geti fallizt á að samþykkja þessa brtt.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég hafði nú hálfvegis vænzt þess, að hv. þm. A-Húnv. tæki brtt. sína algerlega til baka, eftir að frv. okkar þremenninganna um skiptingu Egilsstaðalæknishéraðs er raunverulega alveg úr sögunni og eftir er aðeins frv., sem miðar að því einu að reyna að tryggja íbúum Egilsstaðalæknishéraðs betri afnot og öruggari af þeim læknum, sem þeir lögum samkv. eiga rétt til að hafa.

Brtt. hv. þm. virðist mér eiga illa við frv., eins og það er nú orðið, og þar sem þessi hv. þd. hefur að þessu sinni vísað á bug eftir till. heilbr.- og félmn. skiptingu Egilsstaðalæknishéraðs, þá fæ ég ekki skilið, að hv. d. telji eðlilegt að samþykkja nú inn í frv. skiptingu á öðru læknishéraði. Ég tel, að hv. þm. A-Húnv. viti eða megi vita, að ef þetta frv. fer nú á síðustu dögum þingsins þannig til hv. Ed., að um skiptingu læknishéraðs er að ræða, þá sé það í raun og veru forsending, og dugir í því sambandi að vitna til meðferðar hv. Ed. á þessu máli á síðasta þingi. Ef hv. þm. heldur fast við, að brtt. hans komi til atkvæða, og ef hann fær hana samþ., þá tel ég, að hann muni bera það eitt úr býtum að hindra, að þetta Alþ. afgr. frv., sem inniheldur aðeins sjálfsagða og útlátalausa tilraun til umbóta í læknamálum Fljótsdalshéraðs, og þessu fær hann þá áorkað án þess að koma áhugamáli sínu nokkuð meira áleiðis en nú er. Ég vil því f. h. flm. þessa máls skora mjög eindregið á hv. þm. A-Húnv. að beita því, sem ég tel sjálfsagða sanngirni, og taka aftur brtt. sína. Mér virðist það vera tiltölulega útlátalítið, ef litið er á málið eins og það horfir við nú. En ef þess er ekki kostur, þá vænti ég, að hv. þd. meti málavextina eins og þeir horfa nú við og samþ. ekki brtt. inn í frv.

Jón Pálmason: Herra forseti. Út af ræðu hv. 2. þm. N-M. vil ég taka þetta fram:

Í fyrsta lagi er þess að geta, eins og fram hefur komið bæði á síðasta þingi og nú, að nokkuð öðru máli er að gegna um skiptingu þeirra læknishéraða, sem hér er um að ræða. Á síðasta þingi var það eitt flutt af hv. heilbr.- og félmn. að skipta Blönduóshéraði, og það var gert að tilhlutun hæstv. fors.- og heilbrmrh. og með meðmælum landlæknis, hvort tveggja eftir minni ósk. Sú brtt., sem þá kom inn í þetta og samþykkt var hér um skiptingu á Egilsstaðahéraði, mun hafa orðið til þess, að þetta mál dagaði uppi. Annars hefði það sjálfsagt verið samþykkt hiklaust hér á þingi í fyrra. Það, sem er ólíku saman að jafna að þessu leyti, er í fyrsta lagi það, að Blönduóshérað er töluvert miklu fjölmennara hérað en Egilsstaðahérað, og þó einkum hitt, að til þess var ætlazt, þótt Egilsstaðahéraði væri skipt, að báðir læknarnir sætu á sama stað.

Varðandi það, að samþykkt þessarar till. minnar mundi hafa í för með sér, að frv., eins og það er nú orðið, dagaði uppi í hv. Ed., get ég náttúrlega ekki fullyrt neitt, en vona, að ekki þurfi að koma til þess. Ég vil þess vegna halda fast við mína till. og vænti þess, að þessi hv. d. verði í samræmi við það, sem hún var á síðasta þingi, því að hún samþykkti þá einróma þá skipun, sem hér er farið fram á í minni brtt. Og ég vil víkja að því, að hvorugt málið er í raun og veru stofnun nýs embættis, vegna þess að eins og til er ætlazt, þá er aðstoðarlæknir í báðum viðkomandi héruðum. Það er aðeins um það að ræða varðandi mína till., að sá maður, sem nú er aðstoðarlæknir á Blönduósi, verði héraðslæknir í Höfðahéraði og sitji þar. Og það eru mjög sterkar óskir hjá þeim þar út frá að hafa lækni hjá sér. — Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki fara út í það að meta þessi læknamál út af fyrir sig eða gera upp á milli, hvar meiri réttur er, þegar um er að ræða skiptingu á Blönduóslæknishéraði og Egilsstaðahéraði. Það er að vísu rétt frá skýrt af hv. þm. A-Húnv., að skipting á Blönduóshéraði var borin fram af heilbr.- og félmn. á síðasta þingi, en ég vil minna hv. þm. á það, að sú sama n. tók gilda og mælti með þeirri brtt., sem kom þá inn í málið um skiptingu Egilsstaðalæknishéraðs, svo að ég ætla, að þar sé nú ekki allur munur á um afstöðu hv. heilbr.- og félmn. í málinu. Að Blönduóshérað sé fjölmennara og þar af leiðandi meiri nauðsyn að skipta því, má vel vera, en ef ég á að segja nokkuð um málið frá því sjónarmiði, þá satt að segja undrar mig, að á sama tíma og vitað er, að á Blönduósi er verið að byggja stórt og myndarlegt sjúkrahús, þá komi till. þaðan úr héraði um að skipta læknishéraðinu og flytja annan lækninn, sem hv. þm. segir að sé þar sem aðstoðarlæknir, yfir til Höfðakaupstaðar. Ég hélt, að krafan yrði sú, að við Blönduóssjúkrahús yrðu tveir fullgildir læknar, eftir að búið væri að byggja sjúkrahúsið og taka það til rekstrar. En aðalatriðið í þessu máli, eins og horfir nú, er, eins og ég benti á áðan, hvort hindra eigi framgang frv. eins og það liggur nú fyrir með því að samþykkja inn í það brtt., sem vel getur átt rétt á sér, en sjáanlegt er að nær ekki fram að ganga á þessu þingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 57. fundi í Nd., 27. jan., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 588,a samþ. með 17:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, *og sögðu*

já: StJSt, ÁkJ, ÁB, EmJ, GTh, GÞG, HV, HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, KS, MJ, SÁ, SB.

nei: SG, SkG, ÁS, EOI, EirÞ, EystJ, GG, HÁ, JG, JörB, LJós, PÞ.

JÁ, PO greiddu ekki atkv.

4 þm. (StgrSt, AE, BÓ, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 588,b samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf hér-

aðslækna, og á l. nr. 52 1942, um breyt. á þeim lögum.

Á 57. fundi í Ed., 28. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 634).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 10 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 30. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 634, n. 677, 676).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er komið hingað frá hv. Nd. og var upphaflega um það að skipta Egilsstaðalæknishéraði í tvö læknishéruð, vestra og eystra Egilsstaðahérað. Í meðferð hv. Nd. tók frv. fyrst þeim breyt., að héraðinu yrði ekki skipt, heldur skyldi í Egilsstaðahéraði skipa aukalækni, er yrði sjálfstæður starfandi læknir og sæti í Egilsstaðaþorpi, og var frv. þannig eftir 2. umr. í Nd. En við 3. umr. var í Nd. bætt inn í það ákvæði um skiptingu Blönduóslæknishéraðs í Blönduóshérað og Höfðahérað, og er frv. í þeirri mynd nú eins og það liggur hér fyrir á þskj. 634, m. ö. o., hefur inni að halda ákvæði um skiptingu Blönduóshéraðs í tvö héruð og um það, að í Egilsstaðahérað skuli skipaður aukalæknir.

Heilbr.- og félmn. ræddi þetta frv. á tveimur fundum og ræddi um málið við flm. þess, sem eru þm. af Austurlandi. Það gat ekki myndazt neinn meiri hl. um afgreiðslu þessa máls, eins og kemur fram í nál. því, sem ég hef gefið út á þskj. 677, og menn hafa eiginlega skipzt í eins marga hluta og hugsanlegt er með 5 manna n. og eins og hugsanlegt er með jafnlítið frv. og hér liggur fyrir.

Það er till. mín, að frv. verði breytt í það horf, sem það var eftir 2. umr. í Nd., og byggi ég þá till. mína m. a. á þeirri afstöðu, sem tekin var hér í hv. d. á síðasta þingi varðandi skiptingu læknishéraða, en þessi d. leit þannig á, að það mál þyrfti meiri athugunar við en það hafði þá fengið, og að því er ég bezt veit hefur ekki verið nein athugun gerð á því síðan. Ég tel því ekki rétt, að d. fallist á það núna að skipta læknishéruðum eða fjölga læknishéruðum, fyrr en einhver athugun hefur farið fram, sem væri í anda þeirrar dagskrártill., sem hér var samþ. á síðasta þingi. Af þessum ástæðum legg ég til, að fyrri gr. frv., eins og það kom hingað frá Nd., verði felld niður, en frv. verði samþ. í þeirri mynd, sem það var, er það kom til 3. umr. í Nd., m. ö. o., að það verði veitt heimild til þess að skipa aukalækni í Egilsstaðahéraði, en það felur ekki í sér neina skiptingu læknishéraðsins.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta. Nál. tekur í rauninni fram það, sem þarf að segja um málið, og skýrir afstöðu einstakra nm. að öðru leyti en því, að eins og kemur fram, þá er von á nál. frá hv. þm. Barð. Aðrir hafa ekki hugsað sér að gefa út nál., nema þær brtt., sem hafa komið hér frá hv. 7. landsk., sem á sæti í n., og ásamt honum hv. 6. landsk., sem ekki á sæti í n. Ég leyfi mér sem sagt að leggja til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem ég legg til í nál. mínu á þskj. 677.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Ég flyt ásamt hv. 6. landsk. þm. brtt. við þetta frv., sem er að efni til á þá leið, að nýtt læknishérað verði stofnað í Kópavogshreppi. Það hefur orðið allmikill dráttur á því, að þetta frv. væri afgr. í Nd., en mér þótti ekki rétt að flytja sérstakt frv. um þetta efni, þar sem von var á því, að þetta frv. kæmi til þessarar d.

Í Kópavogshreppi er nú búsett um 2300 manns og fjölgar stórlega með hverju ári. Á þessu ári má búast við, að fjölgi um 500 manns eða þar yfir, svo að í lok þessa árs verði þar um 3000 manns. Hreppurinn er mjög víðlendur. Honum tilheyra bæir upp með Suðurlandsbrautinni, leiðinni austur yfir fjall, og þar og jafnvel í byggðinni, sem þéttust er, kemur oft fyrir, að það er mjög kvartað yfir því, að fólk eigi erfitt með að fá lækna héðan frá Reykjavík til læknisvitjana.

Fyrir nokkrum árum var stofnað nýtt læknishérað, Álafosslæknishérað, og er hluti af Kópavogshreppi tilheyrandi því. Með brtt. okkar er gert ráð fyrir því, að þessi hluti Álafosshéraðs verði sameinaður hinu nýja Kópavogshéraði, en það eru m. a. sveitabæirnir uppi í hreppnum, sem eru þar, og það er ekki sízt þaðan, sem óskir eru uppi um það, að skipun þessara læknamála þarna í hreppnum verði breytt. Það er af þeim ástæðum, að það þarf formlega að gera breyt. á þeim tvennum l., sem þetta frv. er um að breyta, og l. um stofnun Álafosslæknishéraðs að auki. En það er aðeins að forminu til, sem þessi brtt. er nokkuð flókin; efni hennar er, eins og ég hef getið um, mjög einfalt, að stofna þarna nýtt læknishérað. Það mál hefur verið rætt við landlækni og borgarlækninn í Reykjavík, en þessi byggð tilheyrir nú Reykjavíkurlæknishéraði, en í stað héraðslæknis í Reykjavík er nú borgarlæknir, sem hefur mjög miklum störfum að gegna, sérstaklega við heilbrigðiseftirlit, svo að full ástæða virðist vera til þess — og er til þess frá hans sjónarmiði meira að segja — að stofna þarna nýtt læknishérað. Þó að þessi till. hafi ekki verið send til umsagnar landlækni né borgarlækninum í Reykjavík, þá má ég segja, að þessir embættismenn eru henni báðir samþykkir í aðalatriðum, þó að vera kynni, að landlæknir t. d. hefði einhverja till. aðra að gera um nákvæmari mörk þessa fyrirhugaða læknishéraðs. En með því að með þessu frv. er verið að stofna ný læknishéruð, þá hefur okkur flm. þessarar brtt. þótt rétt að koma nú þegar á framfæri þessu máli, sem áreiðanlega verður ekki kveðið niður, því að eftir því sem fjölgar í Reykjavík og í Kópavogshreppi og hér í nærliggjandi sveitum, þá er víst, að það verður

mjög örðugt fyrir borgarlækninn í Reykjavík að gegna svo feiknalega mannmörgu héraði, því að störf hans eru orðin mjög yfirgripsmikil vegna heilbrigðiseftirlitsins, og það er af þeim sökum, að hann mun vera þessu máli meðmæltur.

Ég vænti, að ef þessi hv. d. vill gera þær breyt. á skipun læknishéraða, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þá muni hún einnig vilja fallast á að taka þessa brtt. til greina og samþ. hana.

Forseti (BSt): Það hefur nú enginn kvatt sér hljóðs. (Gripið fram í.) Ef hv. þm. hefur till. að gera viðvíkjandi meðferð málsins, þá væri rétt, að það væri tekið sérstaklega. (Gripið fram í.) Hv. þm. Barð. tekur til máls, en ég óska þess, af því að fundartíminn er í raun og veru liðinn, að það sé tekið sérstaklega, ef það er um meðferð málsins, en ekki farið út í efnið nú.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Eins og ég tjáði hæstv. forseta áðan, þá hefur mér ekki gefizt tími til þess að koma á prent nál. um þetta mál fyrr en nú eftir hádegi í dag. Nál. er í prentun, og ég mundi mjög óska eftir því, að hæstv. forseti frestaði þessari umr. þangað til nál. væri komið. Ef hann verður við þeirri ósk minni, mun ég fresta minni ræðu og bíð því eftir að heyra þann úrskurð.

Forseti (BSt): Það var fyrir tilmæli, að ég tók þetta mál á dagskrá, ætlaði að hafa það á þeirri dagskrá, sem útbýtt var prentaðri, en það hafði nú fallið niður á skrifstofunni. Mér skildist, að um þetta væri samkomulag. *(Gripið fram í:* Það er fimmklofin nefnd.) Það virðist nú vera þvert á móti. (Gripið fram í.) En það er líklega ekki fleiri nál. að vænta samt. Ég lít nú svo á, að tvö séu komin í sjálfu sér. Mun ég verða við þessum tilmælum. Er umr. frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Ed., 31. jan., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 634, n. 677 og 687, 676).

Frsm. 2. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Eins og ég minntist á í gær í sambandi við þetta mál, þá var það nú afgreitt þannig úr heilbr.- og félmn. í þessari hv. d., að n. fimmklofnaði. Það eru í henni fimm nm., og hver hafði sína sérstöku afstöðu til málsins. Að vísu hafa ekki nema tveir nm. gefið út nál., en það er þegar ljóst, að þannig var málið afgreitt frá hv. n. Það ber nú ljóst vitni um það, að þetta mál þyrfti frekari athugunar við, og í sambandi við þetta vil ég einnig leyfa mér að minna hv. formann n. á, að það var einnig verið að afgreiða hér annað mál, 121. mál, úr n., en það er frv. til laga um breyt. á nákvæmlega sömu lögum, og hefði verið langeðlilegast, að þessum tveimur málum hefði verið steypt saman, ef þau eiga að ná fram að ganga á annað borð. Það er ákaflega óviðkunnanlegt, að það sé verið að samþykkja tvö frv. um breyt. á sömu lögum á sama þingi, og ég tel það út af fyrir sig engin vinnubrögð að hafa þann hátt á, en um það hefur nú víst ekki heldur fengizt neitt samkomulag.

Ég vil í sambandi við þetta mál leyfa mér að upplýsa, að það lá einnig fyrir á síðasta Alþ., og þá var gefið út nál. á þskj. 661 frá heilbr.- og félmn. þessarar hv. d., en í henni áttu þá sæti nákvæmlega sömu menn og m. a. einnig sami formaður, og mér þykir rétt hér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp það nál., sem þá var gefið út um málið. Það er mjög stutt og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum og m. a. kallað til sín landlækni og enn fremur flutningsmenn að þeirri brtt., sem borin var fram á þskj. 231 og samþykkt var í Nd., en þeir telja mikla nauðsyn bera til þess, að Egilsstaðalæknishéraði verði skipt í tvö læknishéruð, eins og fyrir er mælt í 2. gr. frv. Landlæknir tjáði sig hins vegar andvígan þessari skipan málanna og telur það ekki til bóta fyrir íbúa héraðsins, að hún verði lögtekin. Af þeim gögnum, sem n. hefur haft aðgang að, og þeim upplýsingum, sem gefnar voru, þykir rétt, að málið fái betri undirbúning, og leggur nefndin því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

Í trausti þess, að ríkisstj. láti athuga fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis, á hvern hátt bezt verði séð fyrir læknisþjónustu í Blönduóshéraði og Egilsstaðahéraði, og leggi fram frv. um það, ef nauðsyn þykir, fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Og undir þessu nál. er öll n. óklofin. Nú er það sýnilegt, að síðan þetta skeði hefur hæstv. ríkisstjórn ekki látið gera nokkurn skapaðan hlut í þessu máli, og verður það að skoðast sem bein yfirlýsing frá hæstv. ríkisstj. um, að hún telji enga þörf á þeirri breytingu, sem hér er farið fram á. Mér er kunnugt um, að m. a. landlæknir er enn þá jafnandvígur því, að skipt sé læknishéraðinu í Egilsstaðahéraði og það verði gert að tveimur læknishéruðum, og ég sé enga nauðsyn bera til þess að setja þar upp sérstakan aukalækni, eins og farið er fram á í frv. nú eftir 3. umr. í hv. Nd., því að samkvæmt lögum er ætlazt til þess, að það sé aðstoðarlæknir í Egilsstaðahéraði, og það hefur einnig verið þar aðstoðarlæknir um langt árabil. Það hefur verið sagt, að það sé ekki hægt að fá þar lækni að staðaldri, en ég sé ekki, hvað það ætti að vera til bóta fyrir héraðið, hvort maðurinn er kallaður aukalæknir eða hann er kallaður aðstoðarlæknir. Ég sé ekki, að það breyti nokkrum sköpuðum hlut. Eins og frv. liggur hér fyrir nú, er það ekki nokkur lausn á þeim málum, sem hér er deilt um.

Ég vil einnig í sambandi við Blönduóshérað leyfa mér að benda á, að síðan þetta mál var hér á þingi, hefur verið hafizt handa um að byggja stórt og mikið sjúkrahús á Blönduósi, hús, sem búizt er við að kosti a. m. k. 5—6 millj. kr. Það atriði var mjög rætt í n. á s. l. þingi, og það voru þá skoðanir uppi í n. um, að það væri mjög vafasamur greiði, sem gerður væri fyrir Blönduóshérað almennt, að fara að kljúfa héraðið í sundur og setja nýjan lækni á Skagaströnd eða fyrir nokkurn hluta héraðsins,

eins og ætlazt er til að sé gert nú, og til þess þar með að veikja aðstöðuna til að koma upp raunverulega sterkri og góðri heilsugæzlustofnun á Blönduósi. Og þessi stefna að kljúfa læknishéruðin, í hvert skipti sem fólksfjölgun verður þar, og á sama tíma að vera að eyða stórkostlegu fé til þess að koma upp stórum, myndarlegum sjúkrahúsum, sem þurfa ekki einn, heldur helzt þrjá eða fjóra lækna, ef á að reka þau með nokkrum myndarskap og vera nokkuð til bóta heilsugæzlunni, er náttúrlega algerlega óviðeigandi. Og það er fyrir þetta álit mitt og fyrir þær umræður, er ég hef átt við heilbrigðisstjórnina út af þessum atriðum, að ég get ekki verið með að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir nú. Það er líka alveg ljóst, að ef þetta frv. er samþykkt nú óbreytt, þá er ýtt undir það að kljúfa fleiri læknishéruð í tvo eða fleiri parta, stofna fleiri ný læknishéruð, byggja fleiri nýja læknisbústaði. Það er m. a. hér á ferðinni brtt. frá hv. 7. landsk. (FRV) um að setja upp nýtt læknishérað í Kópavogi, og hún er ekki síðasta till., sem kemur fram í sambandi við ný læknishéruð, ef þessi stefna er tekin, og í sambandi við það vil ég þá einnig leyfa mér að benda á, að ríkið sér sér ekki fært í dag að leggja fram nauðsynlegt fé til þess að byggja læknisbústaði og sjúkrahús og sjúkraskýli í þeim héruðum, sem þegar eru í landinu. Samþykkt á þessu frv. mundi því hafa það í för með sér, að krafizt yrði að byggja læknisbústað og sjúkraskýli á Skagaströnd, læknisbústað og sjúkraskýli á Egilsstöðum, þar sem læknisbústaður og sjúkraskýli eru fyrir, svo og læknisbústað í Kópavogi og sjúkraskýli þar, ef sú till. verður samþykkt, og þannig má halda áfram, og ég tel, að það sé lítil fyrirhyggja í því að samþ. þessi mál þannig nú. Ég álít, að þessi mál séu slík, að breytingar á gildandi lögum um læknishéruð ættu að koma frá hæstv. ríkisstj., þegar henni að rannsökuðu máli þykir nauðsynlegt að setja einhvers staðar upp nýtt læknishérað, og að þá sé það jafnframt athugað gaumgæfilega, hvort það sé ekki jafnmikið til óhagræðis fyrir aðra íbúa héraðanna en þá, sem beinlínis fá læknisbústaðina, en að það verði ekki gert á þann hátt, sem hér er lagt til, að órannsökuðu máli.

Ég legg því til, að þetta mál verði afgreitt með rökstuddri dagskrá á þann hátt, sem fram kemur á þskj. 687, sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem ríkisstj. hefur ekki séð ástæðu til að leggja fram frv. um breytingar á læknaskipun landsins á þessu þingi, þrátt fyrir þá rökstuddu dagskrá, sem samþykkt var á síðasta þingi, sbr. þskj. 661, lítur d. svo á, að ekki sé aðkallandi að stofna ný læknisembætti á þessu ári með þeim aukakostnaði, sem þau hljóta að hafa í för með sér, og í trausti þess, að ríkisstj. láti athuga það fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþ., á hvern hátt bezt verður fyrir komið læknisþjónustu í héruðum þeim, sem hér um ræðir, og geri síðan till. um þá skipan málanna fyrir næsta Alþ., tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Það hafa ekki verið færðar fyrir því neinar þær ástæður, sem ég get tekið gildar, að mínir hv. meðnm., 4 að tölu, hafa breytt um skoðun á þessu máli. Og í nál. hv. form. n. kemur ekki heldur fram neinn rökstuðningur fyrir því, að hér sé um nauðsyn að ræða. Ég hygg, að það sé af velvilja til flokksmanns hv. þm. miklu frekar en af nokkrum öðrum ástæðum, að hann leggur til, að málið sé afgreitt þannig, en ég legg til, að það verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, eins og ég þegar hef lýst hér að framan.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Eins og nál. hv. 1. minni hl. á þskj. 647 ber með sér, þá er n. í raun og veru fimmklofin í þessu máli, og er nú varla hægt að gera ráð fyrir frekari klofningi í fimm manna n. Eins og í þessu nál. segir, þá er ég samþykkur 1. gr. frv., en andvígur 2. gr. Enn fremur hef ég óbundnar hendur um að greiða atkvæði brtt., sem fram kunna að koma, og hef ég þá fyrst og fremst í huga brtt., sem orðuð var um stofnun sérstaks læknishéraðs í Kópavogshreppi.

Ég skal játa það, að það eru ýmis rök, sem mæla með dagskrártill. hv. þm. Barð. á þskj. 687, þar sem hæstv. ríkisstj. hefur algerlega látið undir höfuð leggjast að láta fara fram þá athugun á skipun læknishéraða, sem gert var ráð fyrir í dagskrártill. þeirri, sem samþykkt var hér á síðasta þingi. Ástæðan til þess, að ég hef þó mælt með því, að 1. gr. frv. yrði samþykkt, er sú, að mér er persónulega um það kunnugt, að ákaflega sterk rök hníga að því, að nauðsynlegt sé að stofna sérstakt læknishérað í Höfðakauptúni eða Höfðahéraði, eins og það er nefnt hér í frv. Þar er nú að vaxa upp talsvert myndarlegt þorp, og fjarlægðin á milli þeirra tveggja þorpa, sem í sýslunni eru, Blönduóss og Höfðakauptúns, er það mikil, að það veldur sjúkrasamlaginu og meðlimum þess mjög tilfinnanlegum kostnaði að þurfa að sækja lækni hvenær sem er inn á Blönduós. Ég veit, að það er mjög almennur áhugi fyrir því í þessum hluta héraðsins, að þessi skipting sé gerð, og álít, að þau rök, sem hafa verið fram borin í því máli, sýni og sanni, að nauðsyn sé á þessari skiptingu.

Hv. þm. Barð. taldi, að með því að skipta héraðinu verði gerð óhægari aðstaða í sambandi við byggingu sjúkrahúss á Blönduósi, sem nú mun vera byrjað á. Ég get ekki verið hv. þm. sammála um þetta. Ég geri ráð fyrir því, að sjúkrahúsið verði notað alveg jafnt af þeim hluta héraðsins, sem fellur undir Höfðahérað, þó að skiptingin fari fram, eins og að héraðinu óskiptu. Um fjárframlög þaðan veit ég ekki sjálfur með vissu, en ég geri ráð fyrir, að enginn munur yrði á þeim, hvor leiðin sem farin yrði í þessu efni. Ég verð að draga mjög í efa, að á Blönduósi kæmu til með að sitja sem starfsmenn sjúkrahússins 3—4 læknar. Ég tel, að eftir byggingu hins myndarlega sjúkrahúss á Akureyri og með þeim sjúkrahúsum, sem til eru hér í Reykjavík nú, og væntanlegri aukningu á þeim, þá væri óhyggilegt að reisa svo stór og viðamikil sjúkrahús úti um land, að þar þyrfti 3—4 fasta lækna, enda hygg ég, að sú stærð, sem þar er miðað við, fyrir innan við 30 sjúklinga, mundi ekki krefjast slíks.

Ég fæ því ekki séð út af fyrir sig, að sjúkrahúsbyggingin þurfi neinu að valda um það, að hennar vegna sé ástæða til þess að draga enn að skipta þessu stærsta læknishéraði á landinu eins og gert er ráð fyrir í frv.

Um 2. gr. frv. um það að setja sjálfstæðan aukalækni í Egilsstaðahérað gildir að minni hyggju allt annað. Málum er nú þannig skipað á Egilsstöðum, að þar situr fastur héraðslæknir og með honum aðstoðarlæknir. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að í ýmsum héruðum landsins ætti einmitt þessi skipun vel við, að héraðslæknirinn hefði fastan aðstoðarlækni, þannig að ef héraðið er viðáttumikið, þá væru líkur til þess, að ekki væru báðir læknarnir fjarverandi samtímis. En á samstarfi og sambúð tveggja lækna, sem báðir eru sjálfstæðir læknar og báðir eigin húsbændur, ef svo mætti segja, hljóta jafnan að verða margir annmarkar, eins og landlæknir, sem ég veit að er þessari skipan andvígur, hefur mjög greinilega bent á. Þarna er sjúkrahús, og það getur verið ágreiningsefni, hvor eigi að hafa forstöðu og ábyrgð sjúkrahússins eða sjúkraskýlisins og vera læknir þess. Sjúkrasamlög eru starfandi um héraðið allt, og getur það einnig valdið nokkrum átökum, ef kæmi til að velja á milli lækna í því sambandi, sem vel getur komið til, og bezt að geta strax í byrjun komizt hjá öllu slíku. Þar sem eru fleiri sjálfstæðir læknar, þó að praktiserandi séu, eins og er t. d. í Keflavík og fleiri stöðum, þar sem svipað háttar um, þá hefur þegar komið í ljós, að það eru nokkur vandkvæði á því að tryggja það samstarf, sem nauðsynlegt er og æskilegt á milli lækna, með þeim hætti, að hver um sig sé sjálfstæður læknir og starfi án sambands við hinn. Ég tel því, að ekki sé ástæða til að gera þær breyt. á læknaskipan í Egilsstaðahéraði, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Mér er ekki kunnugt um, hvernig þetta mál stendur í d. Ég kysi sem sagt helzt, að frv. yrði afgreitt þannig, að 2. gr. yrði felld niður og 1. gr. ein yrði að l., en er því hins vegar andvígur, að 2. gr. verði samþ. Ég áskil mér því rétt til undir umr. að taka til athugunar, eftir því hvernig mér virðist horfa með afgreiðslu málsins, hvort ég gæti fallizt á dagskrá hv. þm. Barð. Það fer nokkuð eftir því, hvað mér virðist líklegt að verði hér ofan á í hv. d. við lokaatkvgr., en það vil ég taka fram, að ef sú dagskrártill. yrði samþ., þá teldi ég, að það væri mjög nauðsynlegt, að í sambandi við þá athugun á læknaskipun og skiptingu landsins í læknishéruð, sem væntanlega fer fram, væri einnig athugað um þörf sjúkrahúsa og hver stærð væri heppilegust á þeim stöðum, þar sem sjúkrahús eru ekki komin upp, því að það skiptir verulegu máli, í nánu sambandi við þær sjúkrahúsbyggingar, sem nú eru að rísa upp hér í höfuðstaðnum, og fjórðungsspítalann, sem nú má heita fullgerður á Akureyri.

Frsm. 1. minni hl. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Ég vil fyrst leyfa mér að leiðrétta misskilning, sem fram hefur komið hjá hv. þm. Barð. um það, að hér liggi fyrir og séu á dagskrá í dag tvennar brtt. við sömu l. Mál það, sem við erum hér að ræða nú, er um breyt. á l. nr. 44 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, en hitt málið, sem hv. þm. mun eiga við, er 121. mál, en það er um breyt. á l. nr. 30 frá 1933, um sjúkrahús o. fl., og er allt annar lagaflokkur. Ég vil leiðrétta það, því að með bezta vilja yrði þessu ekki steypt saman.

Út af máli því, sem hér liggur fyrir, vil ég segja það, að ég tel mína afstöðu vera fullkomlega í samræmi við það, sem hún var hér á síðasta þingi, þó að ég vilji láta samþ. það, að skipaður verði aukalæknir í Egilsstaðahéraði, því að það mundi ekki verða til þess að breyta læknisskipuninni, heldur er það eiginlega nánast annað form á því að hafa aðstoðarlækni heldur en verið hefur. En það er nú búið að þrautreyna það um margra ára skeið, hvað erfitt er þar austur á Héraði að hafa aðstoðarlækni, og það svo, að fólkið, sem á við þetta að búa, telur ekki við það unandi lengur og hefur því stöðugt verið að reyna að gera tilraunir til þess að fá úr því bætt. Nú hafði m. a. þessi hv. d. hér ekki litið á það sem mögulegt að skipta læknishéraðinu, og þá var einmitt í samráði við landlækni gerð sú breyt., sem hér liggur fyrir varðandi Egilsstaðahérað, og var gengið frá þeirri breyt. af heilbr.- og félmn. Nd. Ég vil leggja áherzlu á það, að landlæknir var með í ráðum um þessa breyt. Það bendir ekki til þess, að hann sé málinu andvígur, að hann skuli hafa átt þátt í því. Og ég hygg, að menn ættu að spara sér allar áhyggjur út af þeim erfiðleikum, sem kunni að verða á starfi læknanna þar eystra, aukalæknis og aðallæknis, þangað til þeir erfiðleikar sýna sig, vegna þess að það má þá að minnsta kosti segja það, að þeir erfiðleikar, sem búið er við núna, séu svo miklir, að þeir muni tæpast verða meiri, þó að sú breyt. verði gerð, sem hér er gert ráð fyrir. — Ég leyfi mér svo að ítreka það, að ég óska þess, að hv. d. samþ. mína till., sem hefur m. a. þann kost, að hún gerir ekki ráð fyrir heildarbreyt. á læknaskipuninni.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hef ekki átt þess kost að fylgjast til hlítar með umr., svo að mér verður að meta það til afsökunar, ef ég spyr um það, sem ef til vill er þegar búið að segja frá hér. En ég minnist þess, að það mun hafa verið ráðgert síðast, þegar hliðstæð mál voru til umr. hér í d., að fram færi allsherjar endurskoðun á læknaskipun. Nú er ég ekki svo kunnugur því, hvað þeirri endurskoðun líður, en mér finnst þó mjög mikilsvert að fá vitneskju um það, áður en afstaða er tekin til þess máls, sem hér um ræðir, því að óneitanlega er hér verið að ræða um það að ráðgera stofnun allmargra nýrra sjálfstæðra embætta og þess vegna eðlilegt, að menn fái vitneskju um það, hvað heildarendurskoðun líður, áður en afstaða er tekin til þeirra embættastofnana. Auk þess minnist ég þess, að í hv. Nd. voru felld frv. um fjölgun kennara við háskólann, bæði í lagadeild og læknadeild, þó að viðurkennt væri af öllum, að út af fyrir sig sé þörf á þeim embættismönnum. Enda er það t. d. greinilegt, að lagadeildin hefur sama kennara-

fjölda í lögfræði eins og lagaskólinn hafði, þegar hann var stofnaður fyrir meira en 40 árum með örfáum nemendum, en hefur nú nemendur — ég veit ekki hvað mörgum sinnum fleiri, sjálfsagt 10—20 sinnum fleiri en í fyrstu var, svo að það er engin von til þess, að sú stofnun geti komizt af með sama kennarafjölda og þá var. Eins er mér frá skýrt, að það sé mikil nauðsyn á þeirri aukningu á starfsliði læknadeildarinnar, sem ráðgerð var í því frv., sem um það fjallaði. Það er þess vegna enginn efi á því, að þetta þing hefur ekki treyst sér til þess að stofna ný embætti í þeim mikilsverðu greinum, sem ég þarna drap á. Auðvitað er þeirri þjónustu gegnt á einn eða annan hátt, sem þessir nýju embættismenn eiga að inna af höndum, og segja má þess vegna, að heimurinn farist ekki, þó að ákveðið hafi verið í Nd. að láta það bíða um sinn. Alveg eins er um þau læknaembætti, sem hér um ræðir, að það eru einhverjir menn, sem þessum störfum gegna, og þess vegna geri ég ráð fyrir, að ekki þurfi allt um koll að keyra, þó að bið verði á því þangað til heildarendurskoðun lýkur, að þessi embætti verði stofnuð. Það er þess vegna síður en svo af illvilja við það málefni, sem hér liggur fyrir, að mér finnst, að fara megi um það með svipuðum hætti og varðandi þessa embættafjölgun við háskólann, sem ég tel ekki síður mikils virði en þá breyt. á læknaskipuninni, sem er ráðgerð í þessu frv. En mér finnst það miklu máli skipta og nauðsyn, að glöggar fregnir berist um það til þessarar d., hvað endurskoðuninni líður, áður en við tökum afstöðu í málinu.

Þá minnist ég þess einnig frá fyrri þingum, að það þótti síður en svo neyðarúrræði, heldur mjög ráðlegt einmitt frá læknislegu sjónarmiði að hafa tvo lækna starfandi saman. Ég minnist þess, að það var talað um það sem sérstaka framför í heilbrigðismálum að hafa þann hátt á t. d. á Héraði, á Egilsstöðum, að tveir læknar gætu unnið saman, þannig að annar gæti þá gegnt sjúklingum heima á staðnum, en hinn farið í ferðir um héraðið, og eins hygg ég að hafi verið ráðgert að hafa þetta á Blönduósi og að því er ég hygg fleiri stöðum. Mér finnst, að áður en frá þessu sé breytt, sé mikil nauðsyn að fá glögga umsögn fróðustu manna um það, hvað breytzt hafi í eðli heilbrigðismála frá því að okkur var talin trú um það fyrir 2—3 árum, að það væri mikil framför að koma þessari skipan á, ef það á nú að vera orðin lífsnauðsyn að afnema hana aftur. Eins og ég sagði, hef ég ekki til hlítar fylgzt með þessum umr., þó að ég hafi heyrt nokkuð af þeim, og ég hef ekki heyrt rök fyrir því, að ástæða sé til að gera á þessu svo snögga breyt. sem sumir vilja nú. Mér finnst þvert á móti, að öll rök hljóti að hníga að því, að þetta mál sé íhugað betur.

Eins finnst mér varðandi Kópavog, að þó að það sé rétt, að þar sé svo mikill fjöldi manna nú, að ekki sé ósanngjarnt, að þeir óski eftir að fá sérstakan lækni, þá vil ég spyrja um það mér til fróðleiks: Er ekki meginfjöldi Kópavogsbúa nú þegar í sjúkrasamlagi, og eiga þeir ekki kost á því að njóta sjúkrasamlagslækna eins og aðrir menn hér í bænum og nágrenni bæjarins, og mundi héraðslæknir í Kópavogi vera betri lausn á vanda þessara manna heldur en það, að þeir geti valið úr sjúkrasamlagslæknum og þannig hver fengið þann, sem honum hentar bezt? Það kann að vera, að þetta hvíli að einhverju leyti á misskilningi hjá mér, en þá er fróðlegt að fá það leiðrétt. Ég er ekki reiðubúinn til þess að taka afstöðu til þeirrar till. fyrr en ég fæ nánari skýringar á þessu atriði.

Frsm. 2. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil nú í fyrsta lagi viðurkenna þá leiðréttingu, sem kom fram frá hv. 8. þm. Reykv. (RÞ), að tilvísun mín hafði ekki verið rétt í þau lög, sem ég ræddi um, og viðurkennist það hér með.

Út af því, sem hæstv. ráðh. spurði um, þá hefur ekkert komið til n., sem upplýsir það, hvað líður allsherjarendurskoðun þessarar löggjafar. (Gripið fram í.) Hún var ekki fyrirskipuð af þinginu. Ég held, að það hafi aðeins verið bent á það. En það má segja, að það hafi verið fyrirskipað af þingi í fyrra að athuga alveg sérstaklega þessi mál, því eins og ég tók fram áðan og kemur fram í mínu nál., þá var það fyrirskipun frá þinginu, að hæstv. ríkisstj. og heilbrigðisstj. skyldu láta athuga þessi sérstöku mál, Blönduós, Skagaströnd og Egilsstaði, og það hefur ekkert komið út úr þeirri rannsókn eða þeim athugunum. Ég hygg, að málið hafi alls ekki verið athugað.

Ég tek mjög undir það, sem hæstv. ráðh. sagði og ég raunar tók fram áðan, að það sé ekki eðlilegt eða rétt að láta skipta svona neinum læknishéruðum nema með forgöngu frá heilbrigðisstjórninni, því að það er svo margt, sem rekst hér á í þessum málum, og er engan veginn rétt að fara þar eftir óskum einstakra manna, sem af því hafa hag að fá lækni rétt við húsdyrnar. Ég vil m. a. taka hér samanburð á Blönduósi annars vegar eða Skagaströnd og Patrekshéraði. Patreksfjörður hefur nú álíka sjúkrahús, eftir því sem hv. 4. þm. Reykv. upplýsir, að sjúkrahúsið á Blönduósi eigi að vera, þ. e. um 30 rúm. Patreksfjörður hefur núna 39 rúma sjúkrahús, og við það er einn læknir og einn aðstoðarlæknir. Þessi héraðslæknir á að gegna héraðslæknisstörfum yfir mjög erfiða fjallgarða til Barðastrandar og yfir sjó og fjallgarða í Rauðasandshreppinn, og ég hygg, að þær vegalengdir séu margfalt meiri frá sjálfu læknissetrinu þar heldur en á milli Skagastrandar og Blönduóss, sem aðeins mun vera um 25 km, að mér skilst, og upphleyptur akvegur alla leið, sem væntanlega er einnig bílfær flesta vetur. Hinn læknirinn á að sækja yfir fjallgarða og yfir sjó, og það hefur þótt miklu heppilegra í því héraði að hafa sjúkrahúsið á Patreksfirði, búa vel að því og hafa þar tvo lækna, þar sem annar gæti alltaf sinnt sjúkrahúsinu, en hinn verið á ferðalagi, og þar er hvorki skipaður aukalæknir né annar sérstakur jafnrétthár læknir á þeim stað, heldur þetta haft sameiginlegt og hefur reynzt alveg prýðilega.

Þá vil ég einnig leyfa mér að benda á, að samkv. bæði þskj. 225, þ. e. frv. eins og það var upphaflega borið fram, og samkv. ákveðnum ummælum allra flm. hjá heilbr.- og félmn., þá

sætta þeir sig engan veginn við, að frv. nái fram að ganga eins og það nú er eftir 3. umr. í hv. Nd., á þskj. 634. Og þess er að vænta, að þegar á næsta þingi komi alveg ákveðin krafa um það, að ef frv. verður samþ. eins og það er á þskj. 634, þá verði 2. gr. frv. breytt á næsta þingi í það sama horf sem 1. gr. er nú á þskj. 225. Þetta er hv. form. n. vel kunnugt um og öllum nm. Þetta deiluatriði er því engan veginn leyst, þó að frv. sé samþykkt nú eins og það er á þskj. 634. Þeir hafa hins vegar lýst því yfir, að þeir sætti sig við, að frv. verði samþ. eins og það er á þskj. 580, og það er í það horf, sem hv. 8. þm. Reykv. er að reyna að fá frv. En það er eingöngu gert til þess að geta náð takmarkinu síðar meir, af því að hér sé búið að fá fótfestu um það, að nú sé kominn hér fastur aukalæknir og það sé ekki nema eðlilegt og rétt, að hann sé einnig síðar gerður að föstum héraðslækni á þessum sama stað, þegar hvort sem er er búið að byggja undir hann læknisbústað, því að það er alveg áreiðanlegt, að ef ekki á að byggja læknisbústað undir þann aukalækni, sem hér um ræðir, þá er engin ástæða til þess að breyta lögunum, því að það var eitt af því, sem viðkomandi aðilar færðu fram á síðasta þingi, að það væri ómögulegt að láta læknana búa í sama húsi, vegna þess að annar læknirinn hefði svo og svo stóra íbúð, en aukalæknirinn eða aðstoðarlæknirinn hefði miklu minni íbúð, sem hann mundi aldrei beygja sig undir að hafa, og þess vegna yrði að byggja þar nýjan læknisbústað. Þetta þótti mér rétt að láta koma fram hér í þessu máli.

Ég geri ráð fyrir, að hæstv. forseti beri fyrst upp mína rökstuddu dagskrá. Það er sýnilegt, að ef hún verður felld, þá verður borin upp brtt. á þskj. 677. Er það ekki rétt? *(Forseti:* Þú meinar á undan 1. gr.) Já, á undan 1. gr. *(Forseti:* Jú, jú.) Já, þá verður hún borin upp á undan 1. gr. Verði sú till. felld og 1. gr. samþ., sem vel getur orðið, þá er sýnilegt, að skipt er héraðinu í Húnavatnssýslu og stofnsett er læknishérað á Skagaströnd, en ekkert raskað Egilsstaðahéraði. Þessi afgreiðsla er möguleg. Að vísu þarf þá málið aftur að fara til hv. Nd., og það kynni vel að vera, að það annaðhvort dagaði þar uppi eða því yrði breytt aftur og þessi grein sett inn á ný. Fyrir mína parta mundi ég miklu frekar styðja að því, að nýtt embætti yrði sett upp á Skagaströnd, þó að ég sé því alveg andvígur, með þeim rökum, sem ég hef þegar sett fram í sambandi við þetta mál, heldur en að það sé verið að gera þær ráðstafanir í Egilsstaðahéraði, sem hér er ætlazt til að gera, því að ég veit, að þær eru hvorki til þess að fullnægja þörf héraðsbúa né vilja flm. og eru ekkert annað en áfangi að því, sem þeir ætla sér að ná síðar, en það er að skipta héraðinu í tvö héruð, því að það er það, sem þeir hafa alltaf stefnt að og munu stefna enn að, að skipta héraðinu í tvö héruð og fá tvo lækna og tvo læknisbústaði á sama stað í héraði.

Ég skal svo ekki vera að tefja þessar umr., en ég vænti þess, að mín dagskrá verði samþ. Ég hygg, að það sé það bezta fyrir málið í heild.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Það er nú aðeins stutt mál. Það er aðallega út af fyrirspurn hæstv. dómsmrh. varðandi brtt. okkar hv. 6. landsk. þm. (GÍG) um læknishérað í Kópavogi.

Hæstv. ráðh. spurði, hvort þar væri ekki sjúkrasamlag, þannig að íbúarnir ættu kost á að velja þá sömu lækna og Reykvíkingar. Þetta er að vísu svo. Það er í Kópavogi starfandi sjúkrasamlag, sem allir eiga að vera í samkv. lögum, en það hefur komið í ljós, að það eru miklir erfiðleikar á því oft og tíðum að fá þá lækna, sem starfa hér í Reykjavík og eru búsettir þar, þegar á þarf að halda, og þótt jafnvel í brýnustu tilfellum sé. Enn fremur veldur þetta íbúum í Kópavogshreppi, sem er mjög víðlendur, allmiklum kostnaði og óþægindum, meðan svo er, að enginn læknir er búsettur þar í byggðinni.

Í hreppnum eru margir bæir, sem eru alllangt frá Reykjavík og nokkuð jafnvel frá aðalbyggðinni, og byggðahverfi, t. d. við Vatnsenda og Lögberg, sem eiga mjög erfitt með að ná til lækna, þegar á þarf að halda, og mér er ekki grunlaust um, að þess vegna sé misbrestur á því, að menn séu þar í sjúkrasamlögum, og verða sumir að leita fremur til læknis í Álafosshéraði, þó að hann sé líka búsettur hér, og þess vegna er það, að eðlilegt væri, að þeir bæir í hreppnum, sem enn eru nú samkv. lögum í Álafosshéraði, yrðu í Kópavogshéraði, ef læknir væri þar búsettur.

Ef héraðslæknir væri búsettur í Kópavogi, þá mundi leiða af því fyrst og fremst það hagræði fyrir íbúana alla, sem skipta þúsundum og fjölgar stöðugt, að það væri auðveldara að ná til læknis, þar sem héraðslæknirinn yrði vitanlega búsettur þar í byggðinni. Í öðru lagi ættu þeir kost á ódýrari þjónustu, m. a. vegna þess, að þá giltu héraðslæknataxtar um þá þjónustu og bílferðir eða ferðir þess læknis yrðu mun styttri til allra þeirra, sem hann þyrfti að gegna. En í þriðja lagi, og það var nú það, sem ég ræddi sérstaklega um í framsöguræðu fyrir brtt. minni, er svo heilbrigðiseftirlitið, sem nú heyrir undir borgarlækni í Reykjavík. Það hefur verið unnið að því, síðan borgarlæknisembættið í Reykjavík var stofnað, að koma hér á ströngum reglum um heilbrigðiseftirlit og verið sýnd virðingarverð viðleitni til þess að koma því í framkvæmd, svo að sambærilegt sé við fyrirkomulag þeirra mála í borgum. En það er alveg augljós nauðsyn á því, að sömu reglur og sama heilbrigðiseftirlit gildi í fjölmennum byggðum í næsta nágrenni Reykjavíkur vegna daglegs sambands við bæinn. Það eru miklir erfiðleikar á því fyrir borgarlækni í Reykjavík að koma þessu á í nágrenni bæjarins, sem að vísu heyrir undir hann sem embættismann, og það þarf talsverða starfskrafta til að halda uppi því eftirliti og þeirri þjónustu, sem þörf er á í því sambandi, svo að ég hef leyft mér að fullyrða, að einmitt borgarlæknirinn í Reykjavík mundi beinlínis vera því mjög meðmæltur, að Kópavogsbyggðin væri tekin undan hans umdæmi og þar væri settur sérstakur héraðslæknir.

Það er ekki nokkur vafi á því, að það verður

fyrr eða síðar að gera breyt. á skipun þessara mála í Reykjavík og nágrenni. Íbúum Reykjavíkur fjölgar, eins og allir vita, mjög ört. Þar er einn embættismaður, sem á að halda uppi mjög nákvæmu heilbrigðiseftirliti og sjá um, að því sé haldið uppi, og eins og ég sagði áðan, er fyllsta nauðsyn á því, að það sé einnig í þeim byggðum, sem næstar eru Reykjavík, en þar fjölgar íbúum svo ört, að það getur skipt þúsundum á hverju ári, sem þar bætist við af fólki alveg á næstu árum, svo að ég er alveg viss um, að fyrr eða síðar verður horfið að því ráði að gera þá breyt. á skipun þessara mála, sem við hv. 6. landsk. þm. leggjum til, eða aðra sambærilega. Það má vera, að menn kynni að greina þar eitthvað á um nákvæma takmörkun þess svæðis, sem væri tekið og gert að sérstöku læknishéraði, en það er algert aukaatriði. Það mundi koma í ljós, hvort viðkomandi heilbrigðisyfirvöld, eins og landlæknir og borgarlæknirinn í Reykjavík, vildu gera aðrar till. um það en ég og meðflm. minn að brtt., sem fyrir liggur, leggjum nú til, en okkur virðist hún eðlileg, og ég held, að borgarlæknirinn í Reykjavík t. d. mundi telja hana eðlilega. En það er í mínum augum ekkert höfuðatriði, hvort þessi breyt. verður gerð árinu fyrr eða síðar.

Ég efast ekki um, að ef heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. vildi afla sér upplýsinga um þetta frá landlækni og borgarlækninum í Reykjavík, þá mundu þær fáanlegar mjög fljótt. Það þyrfti ekki annað en að óska þess, að þeir mættu á einum fundi stutta stund til þess að upplýsa það, að þessi tilhögun, sem hér er lögð til, væri ekki á móti þeirra ráði í neinum aðalatriðum a. m. k. Eins og þetta mál liggur fyrir, þá get ég ekki séð, að það hafi verið sýnt fram á ríkari nauðsyn á breyt. á skipun læknishéraða í þeim héruðum, sem eru nú í því frv., sem hér liggur fyrir, heldur en ég hef sýnt hér fram á, að er á nýskipun á læknishéruðunum hér í Reykjavík og Kópavogi.

Þessi hv. d. taldi í fyrra rétt að afgreiða þetta sama mál á þann hátt að óska eftir nánari athugun á því af hálfu heilbrigðisyfirvaldanna, fyrst og fremst fyllri rökum, nákvæmari tillögum um skipun þessara mála í þeim héruðum, sem í frv. er nú gert ráð fyrir að breyta tilhögun um. En þær upplýsingar, sem þessi hv. d. óskaði þá eftir, virðast ekkert liggja fremur fyrir nú en þá. Ef ekki er sýnt fram á ríka nauðsyn þess að breyta nú þegar læknisskipun í Egilsstaðahéraði og Blönduóshéraði, sem mér virðist nú ekki hafa verið sýnt fram á, þá get ég ekki séð, að það kalli fremur að nú, eins og málin liggja fyrir, að breyta læknisskipuninni um þau héruð og stofna til nýrra embætta, heldur en í því héraði, sem ég hef sérstaklega flutt till. um, Kópavogshéraði. Ég gæti vel fallizt á, að þessu máli væri enn frestað og þess krafizt, að þær upplýsingar og till., sem þessi hv. d. óskaði eftir í fyrra, kæmu fram, því að ég tel það ekkert höfuðatriði hvað Kópavog snertir, eins og ég sagði áður, hvort það yrði horfið að þeirri skipun, sem við leggjum til. Það er að vísu hægt að upplýsa afstöðu heilbrigðisyfirvaldanna og viðkomandi embættismanna til þess máls nú þegar á mjög stuttum tíma, en það er ekki höfuðatriði. En ef á að breyta skipun læknishéraða að ekki meira athuguðu máli og með ekki fyllri upplýsingum og rökum en fyrir liggja, þá álít ég, að Kópavogshérað geti alveg eins komið til greina eins og hin héruðin, sem hér er rætt um.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka bæði hv. þm. Barð. og hv. 7. landsk. þm. fyrir þau gögn, sem þeir lögðu fram í þessu máli og mér finnst mjög hníga að því, að samþykkja beri rökstuddu dagskrána, — að málið liggi ekki þannig fyrir enn þá, að það sé hægt að taka um það fullnaðarákvörðun af hv. d. eða að það sé yfirleitt verjandi.

En mér finnst þó, vegna þess að ekki er öruggt, að hún verði samþykkt, rétt að ræða nokkru nánar um þá till. að setja sérstakan héraðslækni í Kópavog. Eins og ég sagði áðan, þá er enginn vafi á því, að mannfjöldi í Kópavogi er svo mikill, að út af fyrir sig væri mjög eðlilegt, að þar starfaði sérstakur héraðslæknir, en það, sem þvælist fyrir mér, er þetta, hvort líklegt sé eða hugsanlegt, að sá maður geti fengið nóg að starfa.

Hv. 7. landsk. drap á það um menn í byggðahverfum, t. d. upp við Elliðavatn, Vatnsenda og jafnvel enn þá ofar, nærri Lækjarbotnum, að vafasamt væri, að þeir gætu fengið sjúkrasamlagslækna úr Reykjavík til þess að fara þangað upp eftir. Þetta kann út af fyrir sig að vera rétt, — ég skal ekki um það dæma, er því ekki nógu kunnugur, — en hitt virðist mér greinilegt, að það muni vera auðveldara oft og tíðum fyrir lækna úr Reykjavík að komast einmitt á þessa staði, sérstaklega á þá staði, sem eru fyrir ofan Elliðavatn, heldur en fyrir mann, sem væri búsettur í Kópavogi. Það er beinlínis um styttri og greiðfærari leið að ræða úr Reykjavík á þessa afskekktustu staði heldur en er um að ræða fyrir mann í Kópavogi.

Til viðbótar þessu kemur það, að íbúarnir þarna eru í sjúkrasamlagi og eiga þar að vera, og mundu þeir þá ekki eftir sem áður halda áfram að velja sér sjúkrasamlagslækna hér í Reykjavík? Eða er meiningin að banna þeim að velja sér slíka lækna, og mundi þá ekki leiða af því réttarsviptingu þeim til handa, þannig að þeir teldu sig verr setta en áður? Ef ekki væri um slíkt bann að ræða, heldur ættu menn kost á því að velja — við skulum segja úr 70 manna hóp — þann, sem hverjum líkar bezt, er þá ekki greinilegt, að af því mundi leiða, að héraðslæknirinn mundi hafa sáralitlum störfum að gegna? Það er að vísu rétt, sem hv. 7. landsk. þm. sagði, að hér í Reykjavík er sérstakur borgarlæknir, sem fyrst og fremst annast heilbrigðis- og eftirlitsstörf, en ekki venjuleg læknisstörf. En ég minnist þess frá þeim tíma, er ég var borgarstjóri hér í Reykjavík og verið var að stofnsetja embætti borgarlæknis, að það var einmitt mjög illa séð af heilbrigðisstjórninni, að það embætti væri sett á stofn. Þá taldi heilbrigðisstjórnin, að það væri alveg nóg að hafa sérstakan héraðslækni. Það mundi vera allsendis óþarft að hafa tvo slíka lækna til að

annast ýmiss konar heilbrigðiseftirlit. Í Reykjavík voru þó þá í kringum 50 þús. manns, — nú kringum 60 þús., — og það fékkst samþykkt, aðallega fyrir forgöngu heilbrigðisstjórnarinnar, að embætti borgarlæknis og héraðslæknis var sameinað, eftir að hinn ágæti maður, Magnús Pétursson, lét af héraðslæknisstörfum, og nú starfar borgarlæknir einn, ásamt að því er ég hygg aðeins einum aðstoðarlækni og einhverju af eftirlitsmönnum og skrifstofufólki. En með þetta er hægt að komast af í þessum víðlenda bæ, sem er þó með upp undir 60 þús. manns, ýmist búsetta hér eða dveljandi meginhluta ársins. Það eru þó ekki nema fáar þúsundir, ef það skiptir þúsundum, sem í Kópavogi eru, þannig að ég efast mjög um, að sérstakur heilbrigðiseftirlitslæknir, sem starfi þar fyrir utan 70 sjúkrasamlagslækna, sem teygja þangað sínar klær héðan úr Reykjavík, gæti haft nóg að starfa, þannig að menn mundu lenda í vandræðum með það embætti, áður en langt um liði. En eins og ég segi, þá er ég ekki þessu kunnugur, og það kunna að vera fleiri viðhorf í málinu, sem verður að íhuga, en ég vildi benda á þetta til styrktar því, að það er rétt að samþ. hina rökstuddu dagskrá, af því að mér sýnist það augljóst, að af öllum þeim læknisembættum, sem hér er verið að tala um að bæta við, þá sé þó einna ríkust ástæðan til að setja héraðslækni í Kópavog, því að þar er langflest fólkið.

Haraldur Guðmundsson: Ég mun ekki lengja umræður, herra forseti. Það var út af ummælum hæstv. dómsmrh. í fyrri ræðu hans, þar sem hann spurði, hvað hefði breytzt t. d. í Húnavatnssýslu eða í Blönduóshéraði, frá því að mest var rætt í hv. Nd. um kostina á því fyrirkomulagi að hafa tvo lækna í víðlendustu héruðunum. Sú breyting hefur á orðið síðan þessar umræður fóru fram, að Höfðakauptún eða Skagastrandarkauptún hefur vaxið upp og hefur nú, ætla ég, nálægt 400 manna íbúatölu, og það er örðugt og af því leiðir mjög verulegan kostnað fyrir svo fjölmennt þorp að þurfa jafnan að sækja lækni upp undir 25 km leið. Það er sú meginástæða, sem liggur til þess, að svo fast er sótt eftir því að skipta héraðinu, og ég ætla, að það sé ástæðan til þess, að landlæknir mælir með því, að svo sé gert, jafnvel þó að ekki sé búið að framkvæma þá endurskoðun á skipun læknishéraða, sem allir eru sammála um að sé æskileg.

Að því er Kópavog snertir, þá er það rétt, sem hæstv. ráðh. tók fram, að meðlimir sjúkrasamlagsins í Kópavogi leita yfirleitt til læknanna hér í Reykjavík og hafa samning við félagið hér um læknishjálp. Sá samningur er í höfuðatriðum ekki ósvipaður þeim samningi, sem sjúkrasamlagið hér í Reykjavík hefur gert við læknana, en þó er sá munur á, að sérstakur aukakostnaður fellur á vegna bílferða suður í Kópavog, vegna fjarlægðarinnar, sem þangað er. Væri sérstakur héraðslæknir skipaður í þetta hérað með búsetu í Kópavogshreppi, þá ættu héraðsbúar rétt á því, að hann gegndi kalli fyrir venjulegan héraðslæknistaxta, sem er stórum lægri en sú greiðsla, sem embættislausir læknar, praktíserandi læknar hér í Reykjavík taka fyrir sín störf. Ég skal náttúrlega ekki um það fullyrða, hvort meginhluti Kópavogsbúa mundi notfæra sér þetta og halda sig að héraðslækninum, en mér þykir ákaflega líklegt, ef vel tækist til um val á þeim manni, að það mundi mikill hluti þeirra gera, af þeirri einföldu ástæðu, að það er auðveldara að ná til læknisins og það er kostnaðarminna að vitja hans heldur en að sækja praktíserandi læknana hingað inn í Reykjavík. Kópavogur er orðinn það stórt hérað, hátt á þriðja þús. manns, að það er auk þessa nauðsynlegt að hafa þar mann í ráðum með allar heilbrigðisframkvæmdir í kauptúninu og annað þess háttar. Það er ekki fullt starf, — það er rétt hjá hæstv. dómsmrh., — en kauptúninu er nauðsynlegt í sambandi við framkvæmd heilbrigðismálanna að hafa þar mann, sem getur verið þeirra ráðunautur í því efni og aðstoðað þá við samningu reglugerða og eftirlit með því, að þeim sé framfylgt.

Ég hef, síðan ég talaði hér áðan, reynt að kynna mér nokkuð afstöðuna til þessa máls hér í deildinni og þykist sjá fram á það, að ekki séu neinar líkur til, að fram nái að ganga skipting Blönduóshéraðs, sem er nú það atriði í frv., sem ég legg áherzlu á, og mun ég því greiða atkv. með till. til rökstuddrar dagskrár frá hv. þm. Barð. og sjá, hvernig hún fer, en að öðru leyti vísa ég um afstöðu mína í nefndarálitið á þskj. 677.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Það voru, herra forseti, tvö atriði í ræðu hv. 4. þm. Reykv., sem mér virðist þurfa að svara nokkru nánar eða gera nánari grein fyrir. Í fyrsta lagi segir hann, að það sé ódýrara að sækja héraðslækni, sem sé búsettur í Kópavogi, heldur en praktíserandi lækni hér í Reykjavík. Nú vil ég spyrja: Kemur það í einn stað niður, þó að mennirnir séu í sjúkrasamlagi og séu að sækja sinn sjúkrasamlagslækni? Og er þá engu að síður ódýrara fyrir þá að sækja héraðslækni, þó að þeir séu í sjúkrasamlagi hjá öðrum manni? Og er þá yfirleitt ástæða fyrir þá að vera áfram í sjúkrasamlaginu með þeim hætti að leyfa þeim að hafa aðgang að læknunum hér í Reykjavík? Verður þetta ekki að vera með þeim hætti, ef héraðslæknir er þarna settur og ætlunin er, að hann taki að verulegu leyti við því að gegna störfum, að þeim sé þá jafnframt bannað að njóta læknanna hér í Reykjavík, því að annars mundu þeir í raun og veru fá tvöfaldan rétt á við flesta aðra? En ef þeim er bannað að sækja sjúkrasamlagslækna hér í Reykjavík, þá virðist mér, að mennirnir verði fyrir réttarskerðingu, en ekki réttaraukningu.

En svo er annað atriði, sem ég ætlaði að spyrja um, og það er það: Er ekki nú þegar a. m. k. einn læknir búsettur í Kópavogi, og gildir þá þessi dýrleiki á sókn lækna til Reykjavíkur einnig um hann? Nægir ekki að borga honum minna en Reykjavíkurlæknunum, ef hann er sóttur og ef menn njóta þess að vera sjúkrasamlagsmeðlimir hjá honum?

Haraldur Guðmundsson: Mér þykir skylt að

svara fyrirspurnum hæstv. ráðherra. Fyrri fyrirspurninni ber að svara á þá leið, að sjúkrasamlög yfirleitt hafa héraðslæknana fyrir sína samlagslækna, og þá vinna héraðslæknarnir eftir taxta héraðslækna, sem er mun lægri að sjálfsögðu heldur en taxti embættislausra lækna. Um það, hve mikill hluti af Kópavogsbúum mundi kjósa að skipta við héraðslækninn og hafa hann fyrir sinn samlagslækni, þori ég ekki að fullyrða. Ég tel engar líkur til þess, að samlagið mundi banna sínum meðlimum að leita til lækna í Reykjavík, en þá er náttúrlega á valdi þess að ákveða, hve mikinn hluta af þeim kostnaði það greiði. Að því er snertir búsetu einhvers embættislauss læknis í Kópavogshéraði nú, þá get ég ekki upplýst um það. Samningurinn er við Læknafélag Reykjavíkur um greiðslur fyrir læknisvitjanir og bíla í því sambandi, og ég hygg, að sama taxtaákvæði gildi, hvort sem læknirinn er búsettur nálægt Kópavogslæknishéraði, í því eða í hinum endanum á Reykjavík, sem fjærst liggur. Ég held, að það sé einn allsherjartaxti, sem gildi án tillits til þeirrar vegarlengdar, sem hver einstakur læknir kann að fara í hvert skipti. — Ég ætla, að ég hafi nú svarað spurningum hæstv. ráðherra.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 687 felld með 8:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÍG, HG, StgrA, ÞÞ, BBen, BrB, FRV, GJ.
nei: HermJ, KK, LJóh, PZ, RÞ, SÓÓ, VH, BSt.
1 þm. (JJós) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Hv. Alþ. hefur áður kosið þriggja manna mþn. til að gera þetta verk. Í henni voru Vilmundur landlæknir, Magnús Pétursson og borgarstjórinn í Reykjavík. Alþ. hefur áður fjórum sinnum spurt um, hvort það væri komið nál. frá þessum mönnum. Það hefur alltaf verið sagt, að það væri von á því. Það var í fyrra samþ. til ríkisstj. þál. um að ýta á þetta og semja sjálf frv., ef þessi n. fæst ekki til þess. Ríkisstj. hefur vanrækt það. Og þó að ég treysti ríkisstj. til margs, þá er hún búin að sýna það tómlæti og þá vanrækslu í þessu, að það þýðir ekki að vísa því til hennar, og þess vegna segi ég nei.

Brtt. 676,1 felld með 8:7 atkv.
— 677,1 felld með 10:6 atkv.
1. gr. samþ. með 8:5 atkv.
2. gr. samþ. með 9:5 atkv.
3.—4. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Brtt. 676,2—3 komu ekki til atkv.
— 677,2 kom ekki til atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Fellt að vísa frv. til 3. umr. með 8:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, KK, LJóh, PZ, RÞ, SÓÓ, VH, BSt.
nei: HG, StgrA, ÞÞ, BBen, BrB, FRV, GJ, GÍG.
1 þm. (JJós) fjarstaddur.

6. Eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana.

Á 40. fundi í Ed., 15. des., var útbýtt:
Frv. til l. um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana [187. mál] (þmfrv., A. 455).

Á 41. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég skal verða við tilmælum hæstv. forseta um að ræða ekki mjög þetta mál hér. Ég get látið nægja að vísa að mestu leyti til grg. Þar er tekið fram, hvers vegna frv. er fram borið, og vil ég leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 455, n. 661 og 680).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það hefur nú alltaf komið betur og betur í ljós, hversu rík þörf er á því að setja upp öruggt eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana. Raddir meðal almennings eru að verða sí og æ háværari um það, að gerðar séu róttækar ráðstafanir til þess að spara eins og hægt er í rekstri ríkisins og ríkisstofnana, og það er að verða skoðun manna almennt, að slíkum sparnaði sé ekki hægt að koma á, svo að neinu nemi, nema með því að setja einhvers konar eftirlit með rekstrinum. Þetta gildir ekki einungis hér hjá okkur Íslendingum, heldur hafa þessar raddir einnig komið mjög fram í öðrum löndum, og vil ég vísa í því sambandi í þær samþykktir, sem gerðar hafa verið í Þingmannasambandinu, en þar er sagt, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er skylda þjóðþingsins að hafa sjálft á hendi eftirlit með gjöldum ríkisins, enda er lokareikningur ríkissjóðs háður samþykki þess.“ Þar er enn fremur sagt: „Frv. eða skýrslu frá hlutaðeigandi fjármálanefnd ber að leggja fyrir þjóðþingið í síðasta lagi tveim árum eftir lok fjárhagsársins, og ber að ræða það mál í heyranda hljóði. — Lokareikning ber að leggja fram í sama formi og fjárlög þau, er hann svarar til, í því skyni að gera virkt eftirlit auðveldara.“ Enn fremur segir: „Nú kveður þjóðþingið sérfræðinga sér til aðstoðar við framkvæmd eftirlitsins, svo sem ráðsmann ríkisins, aðalendurskoðanda eða aðra, og skulu þeir vera óháðir framkvæmdavaldinu og hafa þá aðstöðu, að þeir geti leyst skyldur sínar af hendi algerlega hlutdrægnislaust.“ Þar segir enn fremur: „Ráðherrar þeir, sem hlut eiga að máli, skulu bera ábyrgð á öllum misfellum, er slíkt eftirlit kann að leiða í ljós, og ber þeim skylda til að gefa þinginu

nauðsynlegar skýringar.“ Og enn fremur: „Á fjárhagsári því, sem fjárlögin gilda, gæti þingið, eftir því sem unnt væri, komið á eftirliti þingsins með því að hlutast til um, að framkvæmdavaldið fylgist jafnharðan með ríkisgreiðslum, og með kosningu þingnefndar til þess að hafa gætur á, hvernig áætlun fjárlaganna er fylgt. — Þing Þingmannasambandsins lætur þá von í ljós, að bráðlega verði til umr. tekin þau vandamál, sem sífellt fer fjölgandi og varða rétt þjóðþinganna til eftirlits með fjármálum stofnana og fyrirtækja, sem rekin eru á ábyrgð hins opinbera eða eiga rétt á, að ríkið hlaupi undir bagga með.“

Þetta eru samþykktir, sem gerðar voru í Bern og sýna, að það er víðar en hér á landi, sem álitið er, að brýna nauðsyn beri til þess að setja á eftirlit á líkan hátt og farið er fram á með því frv., sem hér liggur fyrir.

Það var einnig viðurkennt 1949 af báðum hv. d. Alþingis, að þessi nauðsyn væri þá fyrir hendi, og frv., sem þá var borið fram og fór í líka átt og það frv., sem hér um ræðir, komst í gegnum 5 umr. í Alþ. Ágreiningur var enginn um stefnu frv. út af fyrir sig, heldur eingöngu um það, hvernig velja skyldi eftirlitsmanninn. Á því strandaði framkvæmd málsins á því þingi. Þegar ég svo samdi það frv., sem hér liggur fyrir, þá hélt ég mér við þau aðalverkefni, sem ákveðin voru í frv. frá 1949 og höfðu þá náð samþykki, en breytti nokkuð þeim ákvæðum, sem ágreiningur varð um, þ. e. því, hvernig velja skyldi eftirlitsmanninn. Samkvæmt mínum till. er ætlazt til, að eftirlitsmaðurinn sé valinn af fjvn. á 2. fundi, er hún kemur saman eftir hverjar kosningar, og að hann skuli aðeins valinn til fjögurra ára. Geri ég það beinlínis vegna þess, að ég tel, að hér sé um svo vandasamt verk að ræða, að það sé engan veginn rétt að skipa í það mann á sama hátt og embættismenn eru almennt skipaðir, þar sem þá væri ekki hægt að láta hann víkja frá þessu starfi, hvernig sem hann rækti það, nema til kæmu einhver sérstök afglöp. Annars mundi hann sitja í embættinu unz hann væri kominn yfir aldurstakmarkið. Ég tel það mjög óheppilegt og miklu heppilegra, að fjvn. eða Alþ., sem ég geri nú ekki að ágreiningsefni, kjósi manninn til starfsins, og getur Alþingi þá ávallt fylgzt með því, hvernig hann rækir starfið. Og það er einmitt þess vegna, sem ég legg til, að starfstíminn verði ekki ákveðinn í hvert skipti lengur en 4 ár, til þess að það væri þá ávallt hægt að skipta um eftirlitsmanninn, ef hann hefði ekki rækt sitt starf eins og Alþ. og ríkisstj. telja að rækja beri það.

Þá hef ég einnig hér í frv. gert till. um það, að í starfið sé aðeins valinn þm. Er það byggt á þeim staðreyndum, að ég tel, að eftirlitsmaðurinn hafi miklu sterkari aðstöðu til þess að koma fram þeim umbótum, sem hann telur að þurfi að koma fram á ríkisrekstri almennt, ef hann situr sjálfur á þingi og hefur þannig beint samband við alla þm., heldur en ef hann situr fyrir utan þingið og verður að sækja undir annaðhvort hæstv. ríkisstj. á hverjum tíma eða Alþ. án þess að eiga þar sæti sjálfur til að koma á endurbótum, sem hann telur nauðsynlegar.

Þetta eru aðalástæðurnar fyrir því, að ég hef sett inn í frv. þessi ákvæði, sem ég hef hér lýst.

Hv. fjhn. ræddi þetta mál á allmörgum fundum. Raunverulega var mjög lítill eða jafnvel enginn ágreiningur í n. um það, að nauðsynlegt væri að koma á því eftirliti, sem hér um ræðir, og er það raunverulega alveg í samræmi við það, sem áður hefur skeð hér á Alþ., og ég veit ekki nema það hefði tekizt að fá fullkomna eiringu um afgreiðslu málsins í hv. fjhn., ef menn hefðu talið, að það væri mögulegt að koma þessu máli í gegnum báðar d. þingsins, þegar svo er liðið á þingtímann, en það taldi hv. minni hl. ógerlegt, til þess stæðu engar vonir, að unnt væri að koma málinu fram á svo skömmum tíma, það sé brátt komið að þingslitum og þess vegna taldi hann betra fyrir málið í framtíðinni að afgreiða það með vinsamlegri og rökstuddri dagskrá, eins og sést á þskj. 680. Ég tel hins vegar, að málið sé svo merkilegt, að það sé þess virði og engum vandkvæðum bundið að fresta heldur þingslitum en láta þetta mál ekki ná fram að ganga á þessu þingi. Ég veit um mörg önnur stórmál, sem afgr. hafa verið hér á Alþ. á skemmri tíma en enn er eftir af þingi, og ef það væri vilji hæstv. ríkisstj. að koma málinu áfram, þá sé ég ekki, að það eitt þyrfti að tefja málið, að ekki séu eftir nema fáir dagar til þingloka. Hitt er svo annað mál, að ef ekki er hægt að fá um það samkomulag bæði í hæstv. ríkisstj. og hjá meiri hl. Alþ., þá standa að sjálfsögðu ekki til þess neinar vonir. En ég hygg, m. a. eftir því, sem um þetta hefur verið rætt í hv. fjhn. þessarar d., sem hefur haft samband við alla flokkana í þinginu um málið, að þá standi mjög miklar vonir til þess, að það sé hægt að koma málinu fram á þessu þingi, þótt svo sé áliðið, þegar vitað er, hve mikil nauðsyn er til þess að gera hér umbætur á.

Þetta mál var sent til endurskoðunardeildar fjmrn. til umsagnar, og er umsögnin birt sem fskj. með þskj. 661. Ég held, að það verði nú ekki séð á umsögninni, að endurskoðunardeildin sé andvíg málinu út af fyrir sig. Hins vegar telur hún, að hún sé að vinna að því smám saman að koma á betri og bættari árangri af starfi sínu, eftir því sem henni vinnst tími til að gefa fleiri stofnunum sérstakan gaum í því skyni að koma á samræmi. Við, sem setið höfum í fjvn., höfum nú ekki orðið þess varir, að þessi fjölmenna stofnun, sem nú er þó það fjölmenn, að ekki veitti af því einnig að hafa eftirlit með hennar störfum, hafi unnið nokkuð á í þessum málum síðan hún var gerð svo fjölmenn sem hún er í dag. Ég hef ekki orðið var við það sem form. fjvn., að frá henni sérstaklega hafi komið neinar till. til n. um skipulagsbreyt. til bóta í neinni stofnun eða hjá neinum embættismanni, og ég hef ekki heldur séð, að þegar ágreiningur hefur verið um aukningu í embættum hjá hinum mismunandi ráðuneytum, þá hafi sá ágreiningur verið sendur til endurskoðunardeildarinnar, til þess að hún segði sitt álit um þau mál. Þessi ágreiningur hefur að minnsta kosti tvö undanfarin þing verið sendur til fjvn., sem vegna stöðu sinnar hefur enga aðstöðu til þess að geta dæmt um það, hvort það sé rétt að fjölga

þar mönnum eða fækka, því að til þess þyrfti hún að starfa allt árið. En ef settur væri upp slíkur eftirlitsmaður eins og hér er gert ráð fyrir, þá gæti hann að sjálfsögðu leiðbeint ráðuneytunum í sambandi við slík mál hvenær sem væri, vegna þess að það væri hans sérstaka verk að kynna sér þau mál, kynna sér, hvort nauðsynlegt sé að bæta við starfskröftum eða hvort hægt væri að fækka þeim með betra skipulagi.

Ég þykist ekki þurfa að ræða langt mál í sambandi við þetta frv. Það er þm. vel kunnugt frá fyrri þingum, var þá mjög rætt frá öllum hliðum. Þar að auki er öllum hv. þm. svo kunnugt, hversu mikil nauðsyn er að koma þessu starfi á til þess að koma á endurbótum í hinum ýmsu stofnunum, að ég sé ekki ástæðu til þess að ræða það miklu frekar. Ég skal hins vegar ljúka máli mínu með því að benda á, að það veltur að sjálfsögðu mjög mikið á því, hvers konar maður velst í starfann. En ég ber engar áhyggjur fyrir því, þó að hópurinn sé takmarkaður við tölu hv. þingmanna, að þá finnist ekki þar margir hæfir menn til þess að gegna þeirri stöðu, sem hér um ræðir, svo að ég get ekki fallizt á, að það eitt, að ekki sé hægt að velja menn til starfans, sem séu hæfir í hann, ætti að verða málinu að falli. Ég vil nú vænta þess, að þetta mál nái hér fram að ganga, og ef það er sýnilegt, að hv. d. fellst á till. og lætur málið ganga til 3. umr. og fellir þá rökstuddu dagskrá, sem hér er fram komin, þá vildi ég mega vænta þess, að hægt væri að taka upp samkomulag við hæstv. ríkisstj. og hæstv. forseta um að haga svo störfum, að það sé hægt að fá þetta mál samþ. í báðum d. þingsins áður en til þingslita kemur.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 706, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Frv. þetta er alls ekki flutt að tilefnislausu. Til þess er fullt tilefni. Að því leyti er ég fullkomlega samþykkur flm. og frsm. meiri hl. fjhn. Rekstur ríkisins hefur á síðustu árum færzt mjög í aukana. Talið er, að nálega ¼ hluti af þjóðartekjunum leggi leið sína í gegnum ríkissjóðinn. Fyrirtækjum ríkisins hefur fjölgað mjög og þau þanizt út. Þetta hlýtur að valda ráðdeildarsömum þegnum þjóðfélagsins áhyggjum. Menn spyrja, hvernig verði við komið skynsamlegu og öruggu eftirliti á þjóðarbúinu, og menn svara á ýmsa vegu. Hv. þm. Barð. stingur með frv. þessu upp á, að sú fjvn., sem fyrsta Alþ. eftir reglulegar kosningar kýs, kjósi á 2. fundi sínum eftirlitsmann með rekstri ríkisins og stofnana þess. Kosning hans gildi kjörtímabilið og í raun og veru 6 mánuði í viðbót. Hann hafi skrifstofustjóralaun, skrifstofu og starfslið, eftir því sem þurfa þykir, og starfi sem fulltrúi fjvn. og Alþ.

Við hv. 1. þm. Eyf. gátum ekki fallizt á það í fjhn. að mæla með samþykkt þessa frv., eins og það liggur fyrir, á þessu þingi. Við höfum gert grein fyrir ástæðum okkar fyrir því í minnihlutaáliti á þskj. 680. Við viðurkennum þörfina fyrir aukið eftirlit, en teljum ekki rétt að fara svo geyst að stofna að ekki betur athuguðu máli dýrt embætti með skrifstofuhaldi og þjónustuliði. Við teljum rétt, að athugað sé, áður en til þess komi, hvort ekki eru til ódýrari ráð. Nóg virðist orðið til af embættum í landinu og yfirdrifið margir menn meðal þjóðarinnar, sem stunda skrifstofustörf. Við bendum á, að til athugunar sé, hvort ekki væri rétt að færa út verksvið yfirskoðunarmanna þeirra, sem Alþ. kýs til þess að endurskoða reikninga ríkisins og stofnana þess. Þeir hafa haslað sér furðulega þröngt starfssvið. Í þeirra starfi horfir eftirlit mjög vel við. Ég sé líka á bréfi því frá aðalendurskoðanda ríkisins, sem prentað er með áliti meiri hl., að aðalendurskoðandinn álítur heppilegt, að eftirlitsmaðurinn sé úr hópi yfirskoðunarmannanna. Við bendum einnig á það, að rétt geti verið að auka eftirlitsstörf endurskoðunardeildarinnar, og síðan við skiluðum áliti okkar, hef ég fengið upplýsingar um, að aðalendurskoðanda ríkisins, hr. Einari Bjarnasyni, hefur beinlínis verið falið að hafa umsjón og eftirlit með rekstrarkostnaði embætta, stofnana eða fyrirtækja, sem tekin eru á fjárlög. Hæstv. núv. menntmrh. var fjmrh. um áramótin 1949—50, og í febrúar, nánar til tekið 28. febr. 1950, gaf hann út erindisbréf til aðalendurskoðandans, hr. Einars Bjarnasonar, og það erindisbréf er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Yður er hér með falið, hr. aðalendurskoðandi, að hafa umsjón og eftirlit með rekstrarkostnaði embætta, stofnana eða fyrirtækja, sem tekin eru í fjárlög eða standa beint undir stjórn einhvers ráðuneytisins. Um framkvæmd starfsins skal þetta tekið fram:

1) Komið skal upp fullkominni spjaldskrá yfir rekstrarkostnað viðkomandi aðila 31. des. 1949 og síðan sé skráin endurnýjuð og leiðrétt um áramót eða oftar, ef þörf krefur.

2) Sá maður, sem valinn verður til eftirlitsins, skal sjálfur kynna sér einstök atriði rekstrarins, svo sem starfsaðferðir, vinnutíma, afköst starfsmanna, fjarvistir, hvort þörf er allra starfsmanna o. s. frv. Enn fremur um húsnæði, aukavinnu, bifreiðakostnað og ýmsan annan kostnað.

3) Eftirlitið á að ná til allra kostnaðarliða og alls þess, sem áhrif hefur á kostnaðinn. Er í því efni bent á nauðsyn þess, að allar stærri stofnanir hafi vinnuklukku, er sýni, hversu reglulega starfsmenn komi til vinnu. Er til þess ætlazt, að eftirlitið nái einnig til þessa og að fylgzt sé með því, hvernig vinnubrögðin eru að þessu leyti.

4) Verði eftirlitið þess vart, að embætti eða stofnanir auki starfsmannafjölda sinn eða rekstrarkostnað að öðru leyti án samþykkis fjmrn., ber strax að tilkynna það ráðh.

5) Eftirlitinu ber að gera till. til ráðh. um sparnað á rekstrarkostnaði, hvar sem því verður við komið að dómi eftirlitsins að vandlega athuguðu máli, og skal fylgja grg. tillögunum. Þess er óskað, að eftirlitið taki til starfa svo fljótt sem verða má.“ — Þetta er dags. 28. febr. 1950. Þá er eftirlitsmaður skipaður með framangreindu bréfi.

Eins og þetta bréf ber með sér, er því eftirlitið, sem hv. flm. frv. vill koma á, að nokkru leyti til í höndum aðalendurskoðandans og endurskoðunardeildarinnar. Ef þess hefur gætt of lítið, sem mér finnst nú satt að segja vera, þá virðist liggja beint við að herða þar á reipunum, bæta benzíni á vélina. Og víst er, að það er alls ekki rétt að samþ. frv. það, sem hér liggur fyrir, fyrr en eftir athugun á þessu. Ekkert vit er í því að hlaða embætti ofan á embætti eða negla embætti við embætti.

Við minnihlutamennirnir bendum enn fremur á, að þótt fjvn. kysi ekki úr sínum hópi slíkan fulltrúa sem frv. gerir ráð fyrir, fastan og dýran mann, sem hefði skrifstofuhald, gæti verið æskilegt, að hún tæki þátt í eftirliti því, sem öllum kemur sennilega saman um að efla beri, og gerði það með því t. d. að hafa starfandi fulltrúa úr sínum hópi milli þinga við og við til þess að rannsaka fjárhagsmálefni og gera tillögur um úrbætur. Þörfin fyrir slíkt þarf ekki að vera viðvarandi. Hún er vitanlega mest eftir útþenslutímabil eins og það, sem nú hefur verið um skeið.

Við teljum augljóst, að þótt frv. þetta sé um mikilsvert mál, þá eigi ekki að samþ. það nú og sé varla greiði gerður að reyna að ýta því lengra í gegnum þingið og láta það daga þar uppi, heldur vísa því til ríkisstj. til meiri og betri athugunar en hægt er að koma við hér eftir á þessu þingi og með þeim fyrirmælum, að ríkisstj. skuli undirbúa málið fyrir næsta Alþ., eins og dagskrártill. okkar hljóðar um. Í bréfum þeim, sem meiri hl. lætur fylgja áliti sínu, kemur glöggt fram, að bréfritararnir mæla með stefnu frv., en ekki með frv. eins og það er. Yfirskoðunarmennirnir segja: „Við álítum, að aukið eftirlit mundi gagnlegt, ef til slíkra starfa velst heppilegur maður, og teljum við, að heppilegra mundi, að tryggilegar væri búið um ráðningu hans en ákvæði 2. gr. frv. benda til.“ Aðalendurskoðandinn segir t. d.: „Maður, sem skipaður er til eftirlitsins, verður að mega treysta því, að hann fái að halda stöðu sinni, ef hann gegnir henni óaðfinnanlega. Að öðrum kosti er hæpið, að völ sé á hæfum manni í stöðuna. Því virðist óheppilegt það ákvæði frv., að eftirlitsmanninn skuli kjósa til eins kjörtímabils í einu. — Ekki verður séð, að þm. séu betur fallnir til þessa starfa en aðrir. Líklegra virðist að vænta megi betri árangurs af manni, sem ekki gefur sig opinberlega að stjórnmálum.“ Enn fremur segir aðalendurskoðandinn: „Tillögur sínar tel ég heppilegra að eftirlitsmaðurinn leggi fyrir ríkisstj. en fjvn., og yrðu þær þá ræddar á ráðherrafundi, en ríkisstj. tæki ákvörðun um framkvæmd þeirra. Virðist ástæðulaust að fela þingnefnd þennan þátt framkvæmdastjórnarinnar, eins og áður segir, enda situr sú nefnd ekki að störfum nema meðan Alþingi situr og hefur þá nægum störfum að sinna í þágu löggjafarinnar. — Ef gert er ráð fyrir því, að eftirlitsmaðurinn yrði kosinn á þann hátt, sem í frv. segir, virðist ekki óeðlilegt, að hann verði jafnframt einn af yfirskoðendum ríkisreikninganna, en jafnvel þótt hann yrði skipaður af ríkisstj. til eftirlitsstarfans, virðist að ýmsu leyti heppilegt, að hann yrði sjálfkjörinn einn af yfirskoðunarmönnunum. Það mundi styrkja aðstöðu hans gagnvart báðum aðilum, Alþ. og ríkisstj., og auðvelda samstarfið við þingnefndirnar, sem svo mjög ríður á.“ Mér skilst enn fremur, að báðir þeir hv. þm., sem skipa meiri hl. fjhn. og skila áliti með flm., muni hugsa sér að leggja fram brtt. við frv. Allt þetta ber að einum og sama brunni um það, að málið þarf miklu meiri athugunar. Þess vegna tel ég heppilegast að afgreiða það á þessu þingi með þeirri dagskrá, sem við minnihlutamennirnir leggjum til, með því að ráðstafanir verði gerðar til þess, að það verði rækilega undirbúið af ríkisstj. fyrir næsta Alþ. Ég tel málið eiga slíkan undirbúning skilið.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Mál þetta, sem hér liggur fyrir, þó að það sé í nýju formi, er gamall kunningi d. Það var búið hér að ræða mjög mikið og koma með ályktanir um málið áður fyrr, — mig minnir 1949, — og með harðfylgi fékkst það þá fram í gegnum d. í nokkuð annarri mynd en það er borið hér fram, en dagaði uppi — að mig minnir — í Nd. Ég tel yfirleitt mikla nauðsyn á því, að þetta starf eða embætti sé stofnað, en venjulega er það, þegar mikilvæg störf eru falin einni og sömu persónu, þá er nær allt komið undir því, að takist að velja þar réttan mann á réttan stað. Um þetta mál er það að segja, að heppnist að fá mann, skýran, atorkusaman og laginn, hógværan að vissu marki, en þó ákveðinn, ef í hart skerst, þá tel ég, að hér sé mikill áfangi kominn með það vandamál, sem hefur verið hinn mikli starfsmannafjöldi og hvernig starfi hefur verið háttað í ýmsum stofnunum. En það er sennilegt, að slíkur maður verði vandfundinn og seint fenginn, sá maður, sem er gallalaus, hvort sem er við þetta starf eða ýmis önnur mikilsvarðandi störf. Ég taldi rétt og sjálfsagt að fylgja frv., jafnvel þó að kæmi fram till. um að afgr. málið með dagskrá. Ég segi fyrir mig, að ég er alveg með dagskránni út af fyrir sig, ef ekki er von um að þoka málinu lengra, en ég vil með samþykkt frv. sýna enn betur minn vilja og mína skoðun á því, hver nauðsyn sé að ýta þessu máli sem lengst fram. Og enginn skal skilja það þannig, þó að ég segi nei við rökstuddu dagskránni, að ég vilji ekki koma málinu sem lengst fram. Við, sem greiðum atkv. á móti rökstuddu dagskránni, viljum lengra fram með þetta frv. heldur en hinir, sem verða með dagskránni, að ég hygg.

Ég játa það, að því miður eru nokkur líkindi til þess, þar sem frv. þetta er svona seint fram komið, að það sé andvana fætt. En af því að ég var hv. flm. ekki alveg sammála um málið og ég veit ekki, hvort gefst kostur á því framar að láta sína skoðun í ljós um það, þá gat ég ekki sneitt hjá því að koma hér fram með brtt., eins og ég hafði líka boðað með fyrirvara, og þessar brtt., sem ég tel óþarft að vera mjög að þjarka um hér á þessum tíma, þar sem ef til vill kemur ekki til atkv. um þær einu sinni, eru yfirleitt fólgnar í því, að fjvn. hafi minna eða nær ekkert um að segja veitingu þessa starfs og ekki heldur um framkvæmd þess nema að

litlu leyti, þar sem honum er ætlað samkv. mínum till. að vinna og starfa með n., er hún situr, en ekki undir n. Hann á ekki að ganga undir henni, hann á að koma þar sem jafn henni fyrir stjórnarinnar hönd *(Gripið fram í:* Fulltrúi hennar.) eftir mínum till. Hann er ekki fulltrúi hennar, heldur sjálfstæður, því að hann skal vera n. til aðstoðar um öll þau mál, er lúta að sparnaði í rekstri ríkisins og ríkisstofnana og sitja fundi n., þegar hún óskar þess. Það tel ég alveg rétt og sjálfsagt, að samvinna sé milli hv. n. og þessa manns. En ég gat ekki verið með því, að nokkurra manna n. velji alveg þennan mann, heldur taldi ég, að Alþ. Íslendinga ætti að gera það sjálft, og er ég þó í vafa um það, hvort ekki væri það ríkisstj. verk að velja þennan mann. Það getur komið til álita. En ég kaus hitt til þess að koma á móti hv. flm. og ýmsum nm. í þessu. Ég tel, að hann eigi að sitja allt kjörtímabilið, og er það kannske það skemmsta. Ég hefði heldur verið á því að hafa ákveðinn árafjölda og lengri en kjörtímabilið væri, hvað sem liði alþingiskosningum, og vel mundi ég greiða atkvæði með því, að það væri til að mynda 6 ára starfstímabil, sem þessi maður hefur, enda þótt styttra kjörtímabil sé hjá Alþ., sem getur verið stundum 1—2 ár. Ég sem sagt álít heppilegra, að það sé ríkisstj. eða þá a. m. k. Alþ., sem hafi yfirráðin yfir þessum manni, en hann fari ekki að verða eins og nokkurs konar starfsmaður hjá fjvn., sem sum árin gerir ekki nema skjótast saman. Ég veit það, að hennar tilraunir, — og henni er nokkur vorkunn að ýmsu leyti, — til að verða hvekkur í hvers manns koppi eru náttúrlega gerðar í góðri meiningu og ætlunin er að rétta við það, sem hallast, en það eru ýmsar skoðanir um það, hvernig það hefur tekizt, og sem sagt hef ég mína skoðun um það fyrir mig sjálfan, og ég tel ekki ástæðu til þess að veita henni, þeirri ágætu n., sem hún kallar sjálfa sig, neitt alveldi í þessu máli.

Umr. frestað.

Á 63. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Ed., 3. febr., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 455, n. 661 og 680, 706).

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. meiri hl. um þetta frv. með fyrirvara, og ég vildi aðeins gera grein fyrir þessum fyrirvara.

Ég mæli með frv. vegna þess, að ég álít, að það mætti verða mikið gagn að slíku embætti, ef í það velst hæfur og dugandi maður. Annars er verr farið en heima setið, og þessi tilraun mundi að öðrum kosti verða alger misheppnun. Afstaða mín til þess, hvort stofna beri þetta embætti eða ekki, fer eingöngu eftir því, hvort svo reynist, að dugandi maður sé fáanlegur í embættið, eða þá að samkomulag geti orðið í fjvn. um að velja slíkan mann í embættið, en samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því, að það sé fjvn., sem velur manninn í embættið. Þess vegna vil ég, að ákvæðið um þessa embættisstofnun verði aðeins heimildarákvæði, og vil áskilja mér og mínum flokki rétt til þess að vera á móti embættisstofnuninni, ef ekki reynist unnt að fá samkomulag um hæfan og dugandi mann í starfið.

Sömuleiðis álít ég, að ekki eigi að gera það að skilyrði fyrir veitingu embættisins, að viðkomandi sé alþm. Hins vegar er rétt, að Alþ. eða fjvn. velji manninn í embættið. Ég tel fráleitt, að ríkisstj. veiti slíkt embætti, því að embættismaður sem þessi þarf að vera eins óháður framkvæmdavaldinu og kostur er.

Þetta eru í stuttu máli ástæðurnar fyrir fyrirvara mínum og einnig fyrir því, að ég get ekki verið með rökstuddu dagskránni.

Ef málið kemst til 3. umr., þá mun ég bera fram brtt. í samræmi við það, sem ég hef nú sagt.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það bréf, sem hv. frsm. minni hl. las hér upp um daginn, þegar hann talaði gegn þessu frv., sem hér er til umræðu, held ég að sanni nú bezt þörfina fyrir því, að málunum sé skipað eins og ég legg til í mínu frv.

Mér þykir nú dálítið einkennilegt, að endurskoðunardeildin, sem fékk þetta mál til meðferðar, skyldi ekki minnast á þetta skjal í sinni umsögn, og því einkennilegra þykir mér, að endurskoðunardeildin skuli hafa leynt fjvn. því og einnig hæstv. ráðh., að fyrirskipað hafi verið slíkt eftirlit sem fram kemur í bréfi dags. 28. febr. 1950, því að mér er alveg ókunnugt um það, að sá eftirlitsmaður, sem raunverulega hefur verið fengið þetta verk, eða endurskoðunarskrifstofan hafi gert minnstu tilraun til þess að hafa nokkra samvinnu við fjvn. um þessi mál eða látið hana vita um það, að verið væri að vinna að þeim málum samkvæmt því bréfi, sem fyrir liggur hér. Ég verð að segja, að ákaflega hefur verið hljótt um þessa stofnun, sem fyrirskipuð hefur verið samkvæmt bréfi frá 28. febr. 1950, að hvorki alþm., fjvn. né ríkisstj. eða nokkur embættismaður skuli hafa orðið þess var. Og ég held, að það sé ekki hægt að leggja fram öruggara gagn um, að svona á ekki að skipa málinu í framtíðinni, heldur en hv. frsm. minni hl. hefur gert hér með þessu skjali. Ég held, að það sé skýrasta sönnun þess, að rökstuddu dagskrána á ekki að samþykkja.

Ég verð að segja það, að ég virði mjög vel þá viðleitni, sem fram hefur komið hjá hæstv. viðkomandi ráðh. á sínum tíma, sem hefur skipað þessum málum þannig, sem hér hefur verið gert, en hins vegar harma ég það mjög, að núverandi hæstv. ríkisstj. skuli ekki hafa rekið meira á eftir þessum framkvæmdum en gert hefur verið.

Hér er í 1. lið til þess ætlazt, að endurskoðunardeildin komi upp fullkominni spjaldskrá yfir rekstrarkostnað viðkomandi aðila frá 31. des. 1949 og síðan sé skráin endurnýjuð og leiðrétt um hver áramót eða oftar, ef þörf þykir. Ég vildi nú gjarnan spyrja þann hæstv. ráðh., sem hér er staddur nú, hvort þetta muni hafa verið gert og hversu langt sé komið þessum sérstaka hluta — eða hvort þetta hefur líka verið

fullkomlega vanrækt eins og önnur fyrirmæli í þessu bréfi.

Þá segir hér einnig, að sá maður, sem valinn verður til eftirlitsins, skuli sjálfur kynna sér einstök atriði rekstrarins, svo sem starfsaðferðir, vinnutíma, afköst starfsmanna, fjarvistir, hvort þörf er allra starfsmanna o. s. frv. Enn fremur um húsnæði, aukavinnu, bifreiðakostnað og ýmsan annan kostnað. Síðan þessi fyrirmæli hafa verið gefin, hefur á hverju ári hér ýmist við afgreiðslu fjárlaga eða í umræðum um sérstök þingmál verið sí og æ fundið að því m. a., hversu eftirvinna hafi verið mikil, og nýlega birti ég hér skýrslur, sem höfðu legið fyrir fjvn., sem sönnuðu m. a., að í einu fyrirtæki er á þriðju millj. kr. varið til eftirvinnu. Í mörgum öðrum fyrirtækjum hefur verið varið svo gífurlegum fjárhæðum til eftirvinnu, að það má segja, að það sé raunverulega hreint hneyksli, og það hafa verið lögð fullkomin sönnunargögn á borðið um það, að margir af þessum mönnum, sem þannig eru að afla sér aukagreiðslu úr ríkissjóði, hafa stórkostlega vanrækt sín störf, — og samt hefur fyrir nærri þremur árum verið gefið hér út stjórnarráðsbréf til ákveðinnar stofnunar, sem vinnur í sjálfu fjármálaráðuneytinu, og ákveðnum manni falið að gæta þess, að slíkur sé ekki reksturinn í stofnununum. Hvað er hér eiginlega á ferðinni? Hefur þessi maður þá aldrei verið valinn í eftirlitið? Og hefur þá endurskoðunardeildinni aldrei verið falið að vinna þessi störf? Ég verð að segja, að eftir þessum gögnum, sem fyrir liggja hér, þá verður maður að líta svoleiðis á, að henni hafi verið falið að gera það, því að m. a. segir aðalendurskoðandi, sem hefur átt að meðtaka þetta bréf hér, að það sé smátt og smátt verið að koma þessu í lag. En ég verð að segja, að það gengur ákaflega smátt og smátt, ef þetta er þriggja ára árangur, að engar umbætur sjást í neinni stofnun, nema síður sé, og að aldrei er minnzt á þessi mál við þá menn, sem samkvæmt þingskyldu sinni ber að athuga öll þessi gögn og gagnrýna þau og fá samkomulag um annan og betri og hagkvæmari rekstur.

Ég vil viðurkenna það, að það er engan veginn rétt að stofna það embætti, sem hér um ræðir, með slíkum árangri. Það vil ég viðurkenna bæði með hv. 1. landsk. og fleirum. Það er einmitt ástæðan fyrir því, að ég þekki þennan rekstur allan, þennan þunglamalega gang ákveðinna embættismanna, sem vita, að þeir geta setið í sínu embætti, hvernig sem það er leyst af hendi yfirleitt, á meðan þeir geta tuggið smjör, — ég þekki þetta ákaflega vel af minni reynslu hér í Alþingi, og það er þess vegna, sem ég vil ekki að einmitt þessu starfi sé þannig fyrir komið. Þetta starf á ekki að vera neinn atvinnuvegur fyrir viðkomandi aðila, sem í það verður settur, heldur á þetta að vera raunhæft starf, og það er þess vegna, sem ég hef óskað eftir, að það verði í beinu sambandi við fjvn. og við Alþ., svo að þar geti verið fullkomið samráð á milli frá ári til árs.

Hér segir enn fremur í 3. tölul., að eftirlitið eigi að ná til allra kostnaðarliða og alls þess, sem hefur áhrif á kostnaðinn. Er í því efni bent á nauðsyn þess, að allar stærri stofnanir hafi vinnuklukku, er sýni, hversu reglulega starfsmenn komi til vinnu. Er til þess ætlazt, að eftirlitið nái einnig til þeirra og fylgzt sé með því, hvernig vinnubrögðin eru af hendi leyst. Ég vildi nú mega spyrja: Hefur þessu sjálfsagða atriði verið skipað svo sem fyrir er mælt hér, eða er ekkert eftirlit með endurskoðunardeildinni, ekki einu sinni frá hæstv. ráðh., að hún geri þessi verk eins og hann hefur fyrirskipað? Ég hygg, að það væri ekki neitt þrekvirki, hvorki af ráðuneytinu né hæstv. ríkisstj., að komast að raun um það, hvort þessari fyrirskipun hafi verið hlýtt og þessi verk framkvæmd. Ég hygg, að a. m. k. á þeim stöðunum, þar sem langmest er eftirvinna, — og mæli það ekki að ófyrirsynju, — þar hafi þessari skipun ekki verið komið á. Þessi skipun var komin á í sumum stofnunum hér áður, m. a. landssímanum, og það hefur verið þar lengi síðan, en ég þori að fullyrða, að það er síður en svo, að því hafi verið komið á í öllum stofnunum ríkisins síðan þetta bréf var gefið út.

Þá er sagt hér, að verði eftirlitið þess vart, að embætti eða stofnanir auki starfsmannafjölda sinn eða rekstrarkostnað að öðru leyti án samþykkis fjmrn., beri strax að tilkynna það ráðherra. Ég vil nú spyrja: Hafa öll þau ágreiningsatriði, sem risið hafa upp á milli ráðuneytanna í sambandi við skipun embættismanna eða starfsliðs í stofnunum, verið borin undir þennan ágæta eftirlitsmann, sem skipaður hefur verið hér samkvæmt bréfi frá 28. febr. 1950? Hafa allir þeir mannahelmingar, sem vakið hafa ágreining hér í Alþ., sbr. ummæli hv. þm. Ísaf. á s. l. ári, þar sem hann ræddi mjög um eina þrjá eða fjóra helminga, sem hefðu verið settir inn í fjárlögin á því ári, — hafa þeir allir fengið jákvætt samþykki þessa endurskoðanda, sem hér um ræðir? Ég verð að halda það af þeirri reynslu, sem ég hef af þessum málum, að ekkert af þeim deiluatriðum, sem send hafa verið til fjvn. í sambandi við mannfjölgun, hafi gengið í gegnum þennan hreinsunareld, og ég vil benda á, að allt fram að síðasta degi hefur verið sótt mjög á til fjvn. frá ýmsum stofnunum í landinu, m. a. frá landssímanum og ýmsum öðrum stofnunum, um að fá flutt mikinn fjölda af starfsmönnum á milli flokka vegna þess kapphlaups, sem er um það að fá hærri laun og minni vinnutíma, en fjvn. vísaði öllu slíku frá sér sem eðlilegt er. Mér þætti mjög fróðlegt að vita, hvaða afstöðu aðalendurskoðandinn hefur til þessara mála. A. m. k. hafa ekki komið frá honum nein gögn, hvorki neikvæð né jákvæð, til fjvn. um þessi mál.

Og svo stendur hér: „Eftirlitinu ber að gera till. til ráðh. um sparnað á rekstrarkostnaði, hvar sem því verður við komið að dómi eftirlitsins að vandlega athuguðu máli, og skal fylgja grg. tillögunum.“ Hafa þessar till. komið, og hafa þær þá verið stöðvaðar hjá hæstv. ráðherrum, því að til Alþ. hafa þær ekki komið? Mér er ekki kunnugt um, að síðan 28. febr. 1950 hafi ein einasta till. komið til fjvn. eða Alþ. um sparnað í rekstri ríkisins, þrátt fyrir það að hér hefur verið fyrirskipað, að þessi stofnun skuli

taka að sér þetta verk. Þá hefur annaðhvort valizt í þetta gersamlega óhæfur maður, sem ég vil nú ekki viðurkenna, því að ég þekki persónulega einmitt þann mann, sem er aðalendurskoðandi hér og hefur forustu fyrir stofnuninni, og ég á ákaflega bágt með að trúa því, að hann hafi vanrækt svo gífurlega það verk, sem honum hefur verið hér falið, nema því aðeins að það hafi skeð, sem mér þykir miklu líklegra, að þessari fyrirskipun, sem hér um ræðir, hafi verið kippt til baka af annarri yngri fyrirskipun, og þætti mér mjög mikils vert, að það yrði upplýst. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að jafnprýðilegur maður og aðalendurskoðandi ríkisins hafi látið undir höfuð leggjast að gera þær framkvæmdir, sem hér eru lagðar fyrir hann með bréfi 28. febr. 1950. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á og læt segja mér það oftar en einu sinni, að hann hafi brugðizt svo trausti þjóðarinnar og sinna yfirmanna, að hann hafi gersamlega látið vera með að framkvæma nokkuð af því. En þá væri ákaflega fróðlegt að fá upplýst, hver er ástæðan fyrir því, að þetta hefur ekki verið framkvæmt. Er það fyrirskipun frá hæstv. fjmrh., sem stofnunin liggur undir? Ég vildi nú vænta þess, að hv. frsm. minni hl., sem leggur til, að málinu sé vísað frá, upplýsi það, úr því að hann gerði okkur öllum þann greiða að grafa upp þetta bréf, sem enginn okkar vissi að væri til og ég er honum mjög þakklátur fyrir. Og mig furðar náttúrlega ekkert á því, þó að aðalendurskoðandinn skyldi ekki senda n. bréfið eða afrit af því, því að það er hrópandi ásökun á stofnunina í sambandi við þetta mál, sem ekki verður undir neinum kringumstæðum hreinsuð af stofnuninni, nema fram komi yfirlýsing frá hæstv. ríkisstj. um það, að hún sé sammála um að láta ekki verkin vera framkvæmd eins og hér um ræðir. Allt þetta sannar það, að ekki má samþykkja hina rökstuddu dagskrá, því að sé það það raunverulega í þessu máli, að hæstv. núverandi ríkisstj. hafi stöðvað eftirlitið, sem að áliti þáverandi hæstv. ráðh. var svo nauðsynlegt sem hér kemur fram í þessu bréfi, þá má ekki undir neinum kringumstæðum vísa þessu máli með rökstuddri dagskrá til þeirrar sömu ríkisstj. Það er fullviðurkennt hér skjallega, að þörfin sé knýjandi, og það er alveg sýnilegt, að viðkomandi hæstv. ráðh. hefur sett sig mjög inn í þessi mál á þeim tíma, sem hann skrifar þetta bréf, og ég er alveg viss um, að 90% af íslenzku þjóðinni er honum sammála um, að svona þarf einmitt að taka á þessum málum. En hver er þá ástæðan fyrir, að þetta hefur ekki verið gert? Er það hræðsla við það, að það geti komið fyrir, að einhverjum væri ýtt úr óþörfu starfi? Er það það, sem hefur ráðið hér gangi málanna? Eða er það eitthvert annað vald, sem hefur stöðvað þetta sjálfsagða eftirlit? Og ef það er svo, þá endurtek ég einmitt það, að það er alveg nauðsynlegt, að þau séu ekki hinar ráðandi ríkisstj., sem ráði yfir þessum málum, heldur Alþ. sjálft. Það styrkir mig í þeirri skoðun, sem ég hafði áður, að fjvn. á hverjum tíma á að velja þennan mann, — engir aðrir aðilar. Það er ekki verið að taka valdið af Alþ. fyrir því. Hitt er svo annað mál, að fjvn. er þar í nánum tengslum við bæði alla hv. alþm. og við flokkana, og að sjálfsögðu yrði aldrei í þetta valinn maður, sem meiri hl. alþm. væri ekki sammála um, þó að n. væri falið að gera það, en það er miklu eðlilegra, að hún ráði fram úr þeim málum og beri ábyrgð á þeim, heldur en að hann sé kosinn af öllu þinginu.

Ég mun ekki gera það að neinu deiluatriði, þó að frv. yrði við 3. umr. breytt í heimildarlög, eins og hv. 1. landsk. þm. hefur stungið upp á. Ég get vel fellt mig við það, því að ég er þess alveg viss, að ef væri gefin sú heimild, sem rætt er hér um, þá mundi engin fjvn. taka á sig þá ábyrgð að nota hana ekki. Það er ég hárviss um. Ég þekki ákaflega vel eftir 8 ára starf í fjvn., hversu það hefur verið nauðsynlegt að haga þar þannig störfum, að einhver hugmynd fengist um, hvernig þessar stofnanir eru reknar, og ég þekki ákaflega vel, hvaða erfiðleika fjvn. hefur haft við að fá viðkomandi forstjóra hinna margvíslegu stofnana til þess að skilja, að það hefur ekki verið til að gagnrýna þeirra gerðir eða nein árás á þeirra gerðir, þó að fjvn. hafi viljað fá upplýsingar um starfræksluna, fundið að því, sem nauðsynlegt var og þurfti að finna að, og óskaði eftir fullkomnu samkomulagi og samstarfi við þessa aðila, sem ávallt og ævinlega hefur brugðizt, af því að þeir vita, að fjvn. sjálf hefur ekkert framkvæmdavald. Þetta veit nú hv. frsm. minni hl. eins vel og ég. Hann hefur sjálfur margviðurkennt í n., að þótt þetta starf sé engan veginn skemmtilegt starf, þá sé það nauðsynlegt og það hafi tvímælalaust markað nokkra stefnu, það hafi verið spyrnt við fótum. En honum er eins kunnugt um það og mér, að árangurinn hefur því miður ekki orðið sem skyldi, og það er beinlínis vegna þess, að þegar þessir menn eru komnir úr fjvn.-herberginu, þá skjóta þeir sér undir valdaleysi fjvn. annars vegar og viljaleysi ríkisstj. á hverjum tíma til þess að koma í framkvæmd þeim till., sem fjvn. á hverju ári ber fram og óskar að séu framkvæmdar í sambandi við breyt. í starfræksl u ríkisins.

Ég held, að þjóðin hafi ekki lokuð augun fyrir þeirri stefnu í þessum málum, sem augsýnileg er, því að það er alveg sjáanlegt, að ef ekki er breytt hér um og tekin önnur og betri stefna, þá hefur þetta Alþ. ekkert annað að gera hér í náinni framtíð heldur en að leggja skatta á þegnana til þess að geta staðið undir sívaxandi kostnaði við ríkisreksturinn með síminnkandi vinnu og afköstum hjá embættismönnum þjóðarinnar. Og þá er það orðið aumt hlutskipti Alþ., ef það hefur ekki nema þetta tvennt að starfa hér, annars vegar að leggja þunga skatta á þjóðina, einstaklinga og atvinnuvegi, og hins vegar að taka og skipta þessu fé á milli þeirra manna, sem slá æ sterkari varnargirðingu um sína hagsmuni, eins og er sýnilegt, að hér er verið að gera.

Ég vildi því vænta þess, að frv. yrði samþ., og þó að nokkuð sé liðið á þingtímann, þá fái það svo mikið fylgi hér, að það nái fram að ganga, því að það er áreiðanlega mikil þörf á því, að þessum málum sé skipað á annan hátt en nú er gert.

Umr. frestað.

Á 65. fundi í Ed., s. d., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 680 felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VH, HG, HermJ, KK, PZ, RÞ, BSt.

nei: SÓÓ, StgrA, ÞÞ, BBen, BrB, FRV, GJ, JJós.

2 þm. (GÍG, LJóh) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 8:7 atkv.

Brtt. 706,1 (ný 2. gr.) samþ. með 10:3 atkv.

— 706,2 (3. gr. falli niður) samþ. án atkvgr.

4.—6. gr. (verða 3.—5. gr.) samþ. með 6:4 atkv.

Brtt. 706,3 samþ. með 9:2 atkv.

7. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 8:2 atkv.

8.—11. gr. (verða 7.—10. gr.) samþ. með 7:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Fellt að vísa frv. til 3. umr. með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÓÓ, ÞÞ, BBen, BrB, GJ, JJós, LJóh.

nei: StgrA, VH, HG, HermJ, KK, PZ, RÞ, BSt.

FRV greiddi ekki atkv.

1 þm. (GÍG) fjarstaddur.

Lagafrumvörp afgreidd með rökstuddri dagskrá.

1. Áfengislög.

Á 4. fundi í Sþ., 9. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til áfengislaga [33. mál] (stjfrv., A. 33).

Á 6. fundi í Ed., 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hinn 28. apríl 1951 skipaði ég eftirtalda menn til að endurskoða áfengislög landsins, þá Gústaf A. Jónasson skrifstofustjóra, formann nefndarinnar, Brynleif Tobíasson áfengismálaráðunaut, Jóhann G. Möller forstjóra, Ólaf Jóhannesson prófessor og Pétur Daníelsson hótelstjóra. Nefnd þessi hefur nú lokið störfum og samið frv. að nýjum áfengislögum, og legg ég frv. fram sem stjfrv. óbreytt eins og mér barst það frá nefndinni. Það er að vísu svo, að ég hef átt tal við formann nefndarinnar, skrifstofustjórann í dómsmrn., og áfengismálaráðunautinn, Brynleif Tobíasson, um einstaka þætti málsins, meðan stóð á samningu frv. Það var þó meir af tilviljun heldur en að svo væri háttað, að öll ákvæði frv. væru tekin upp til umr. okkar á milli. Eins átti ég þess kost að renna augunum yfir frv. í heild nokkru áður en því var skilað til ráðuneytisins og ræddi eftir það nokkur atriði málsins við skrifstofustjórann og áfengismálaráðunautinn, en engu að síður er frv. algerlega nefndarinnar verk, en ekki till. mínar né ríkisstj., og ríkisstj. í heild er því óbundin af frv., og sjálfur tel ég, að einstökum atriðum frv. sé betra að breyta frá því, sem það er hér lagt fram, þrátt fyrir það að ég telji frv. í heild vera til bóta frá því, sem verið hefur.

Helztu nýmæli frv. og breytingar frá eldri lögum eru þau, að í 1. gr. er það tekið fram, að tilgangur laganna skuli vera sá að stuðla að hóflegri meðferð áfengis og vinna gegn misnotkun þess. Slík stefnuyfirlýsing er ekki í núgildandi lögum. Ákvæðið er því nýtt og hefur þýðingu sem almenn stefnuyfirlýsing, en einnig sem lögskýringaratriði, þannig að ef vafi er á, hvernig skilja beri einstök fyrirmæli l., þá ber að hafa hliðsjón af þessari almennu stefnuyfirlýsingu, sem þarna er gefin.

Í 2. gr. er skilgreining á sterkum drykkjum og léttum vínum. Slík skilgreining hefur eigi áður verið í lögum, en rétt þótti að setja hana sérstaklega, þar sem sá möguleiki er til samkv. frv., að settar verði reglur um veitingasölu léttra vína, en bannað verði að hafa sterk vín til sölu á almennum veitingahúsum.

Þá er það nýmæli og eitt hið helzta í frv., að ríkisstj. er gefin heimild til að veita Áfengisverzlun ríkisins leyfi til að brugga hér áfengt öl. Slíkt leyfi getur ríkisstj. þó því aðeins gefið, að hún hafi áður borið það efni undir atkv. allra kosningabærra manna í landinu og hafi meiri hluti þeirra, sem þátt tóku í atkvgr., goldið fyrirhugaðri leyfisveitingu jákvæði, sbr. 7. gr. frv. Upp í þá grein frv. hafa einnig verið tekin l. nr. 11 1952, um bruggun áfengs öls handa varnarliðinu hér á landi. — Ég vil taka það fram út af þessari till., að ef ástæða þykir til að setja slík ákvæði í l., sem ég á þessu stigi skal ekki taka afstöðu til, — þetta er till. n., en ekki mín, — þá tel ég sjálfsagt, að um það sé tekin ákvörðun á Alþ., hvort þjóðaratkvgr. skuli fara fram, en ekki af ríkisstj. Ég mundi sem ráðh. ekki óska eftir slíkri heimild og geri ráð fyrir, að ég mundi ekki beita henni. Ef Alþ. þannig telur ástæðu til, að um þetta fari fram þjóðaratkvgr., þá sé beinlínis sú ákvörðun tekin með l., en ekki látin vera á valdi ráðh.

Þá er samkvæmt gildandi áfengislögum ríkisstjórninni heimilt að undangenginni atkvgr. að setja á stofn áfengisútsölur í kaupstöðum og kauptúnum. Í frv. er lagt til, að þessi heimild sé bundin við kaupstaði, enda hefur engin áfengisútsala verið staðsett utan kaupstaðar fram til þessa. Ef frv. verður að l., verður óheimilt að stofnsetja áfengisútsölu í kauptúni.

Þá er ákvæði um héraðabönn tekið upp í frv. og gert ótvíræðara en áður. Þau ákvæði eru nú nokkuð óljós og látin vera komin undir mati ríkisstj. á því, hvort millirikjasamningar standi í vegi fyrir slíkri atkvæðagreiðslu. Að áliti utanrrn. eru engir slíkir samningar nú í gildi, sem mundu hindra héraðabönn. En langeðlilegast er einnig um þetta, að það sé beinlínis tekið fram og settar ákveðnar reglur um það, hvenær

slíkar atkvgr. séu látnar fara fram, en ekki látið vera undir óvissu mati ríkisstj., enda er sannleikurinn sá, að mjög er efasamt, að meiri hl. Alþ. hafi, þrátt fyrir núverandi lagaákvæði um þetta, ætlazt til þess, að þessi héraðabönn væru sett á, og er því nauðsynlegt, að úr þessu sé skorið beinlínis af löggjafanum á þann veg, sem gert er með þessu ákvæði, og tel ég fyrirmælið til bóta.

Í 12. gr. frv. eru fyrirmæli varðandi leyfi veitingahúsa til vínveitinga. Felst í þeim ákvæðum mikil breyting frá gildandi lögum. Samkv. 11. gr. gildandi áfengislaga er dómsmrh. heimilt að veita einu veitingahúsi í Reykjavík leyfi til veitinga á áfengum drykkjum, sem til landsins má flytja. Í frv. felst að því leyti rýmkun, að ekki er í því gert ráð fyrir, að heimildin sé eingöngu bundin við eitt veitingahús. Síðan sú takmörkun var sett, hefur orðið mikil fjölgun t. d. hér í Reykjavík og ástand í veitingamálum allt annað en þá var, og því er ekki að leyna, að þessi takmörkun við eitt veitingahús hefur orðið til þess, að einstakar leyfisveitingar til vínveitinga á ákveðnum skemmtunum hafa verið veittar oftar en æskilegt væri, og hefur það valdið töluverðri deilu, sem ekki skal rakin hér, en það er ljóst, að undirstaða þess, hversu þau leyfi eru nú orðin fleiri en áður, er einmitt þetta, að hinar föstu vínveitingar eru bundnar við aðeins eitt veitingahús í bænum, og að halda því er nánast sagt óframkvæmanlegt eins og nú háttar. Það verður því um þessi efni að setja nýjar reglur. Það má deila um það, hvort frv. hafi í þeim efnum hitt rétt meðalhóf. Það liggur til athugunar hjá Alþ., en um hitt verður ekki deilt, að á nýjum reglum er þörf, og n. hefur sett þær reglur, sem hér eru lagðar til, að mjög athuguðu máli. Frv. gerir sem sagt ráð fyrir, að í kaupstöðum, þar sem áfengissala er á annað borð, geti dómsmrh. veitt veitingahúsi eða veitingahúsum leyfi til vínveitinga, þegar eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:

a) að veitingahúsið hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki;
b) að veitingahúsið sé að dómi stjórnar Sambands gisti- og veitingahúsaeigenda 1. flokks. Geta samkv. þessum fyrirmælum aðeins komið til greina fullkomin og 1. flokks veitingahús;
c) að eigi sé greitt þjórfé, þjónustugjald, af sölu áfengra drykkja né veitingahúsið launi starfsfólk sitt með hundraðsgjaldi af sölu þeirra. Þetta bann við þjórfé af áfengum drykkjum er hér algert nýmæli og er sjálfsagt sett til þess, að dregið sé úr hvöt einstaklinga til að halda víni að mönnum, ef svo má segja.

Loks er það skilyrði, að leitað sé umsagnar áfengisvarnaráðs, bæjarstjórnar og áfengisvarnanefndar í þeim kaupstað, sem í hlut á, áður en veitingahúsi er veitt leyfi til vínveitinga.

Samkv. frv. er aðalreglan sú, að leyfi til vínveitinga verði ekki veitt veitingahúsum utan kaupstaða. Frá þeirri meginreglu er þó gert ráð fyrir undantekningu. Þegar telja má, að veitingahúsrekstur utan kaupstaða sé aðallega vegna erlendra ferðamanna, er dómsmrh., að fengnu samþykki áfengisvarnaráðs og uppfylltum öðrum skilyrðum, heimilt að veita slíkum veitingastað leyfi til vínveitinga. Slíkar leyfisveitingar eru jafnan bundnar samþykki áfengisvarnaráðs. Ég geri ráð fyrir og hef af því fregnir, að n. hafi sérstaklega haft hér í huga flugstöð eins og á Keflavíkurflugvelli, en þar háttar þannig til, eins og menn vita, að óheimilt er að veita áfenga drykki, og er það, eins og þeim, sem nokkuð hafa ferðazt með flugvélum, er kunnugt, sjaldgæft, að slíkt sé bannað á flugstöðvum. Þvert á móti er það víðast gert að nokkrum mun og er ein af tekjulindum flugstöðvanna til að standa undir óhjákvæmilegum kostnaði og hefur að sjálfsögðu engin áhrif á almennan drykkjuskap í landinu, þar sem þarna eiga eingöngu eða að langmestu leyti í hlut erlendir ferðamenn.

Samkv. frv. eru leyfi veitingahúsa til vínveitinga bundin tímatakmörkun. Verða þau eigi veitt til lengri tíma en 4 ára í senn. Verði áfengisútsala lögð niður í kaupstað samkv. fyrirmælum 10. gr. frv., verður vínveitingaleyfi veitingahúss í þeim kaupstað ekki framlengt að gildistíma loknum. Leyfið skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði, sem hann hefur, þegar honum er veitt leyfið. Þá má binda vínveitingaleyfi þeim skilyrðum, sem dómsmrh. og áfengisvarnaráð telja nauðsynlegt. Nánari fyrirmæli um vínveitingar, þ. á m. um veitingatíma, eftirlit á veitingastað og álagningu, ber að setja í reglugerð.

Í 13. gr. frv. er það nýmæli, að bannað er að senda vín gegn póstkröfu. Það er og mælt svo fyrir, að áfengi megi einungis selja gegn staðgreiðslu, en eftir núgildandi l. skal það ákveðið í reglugerð.

Í 16. gr. er það nýmæli upp tekið, að kaupandi áfengis skuli jafnan sanna aldur sinn með vegabréfi eða á annan fullnægjandi hátt, en haldið er reglu gildandi l. um, að óheimilt sé að afhenda eða veita yngri manni en 21 árs áfengi. Nýmæli er það og í sömu grein, að skylt skal að tilkynna útsölustöðum áfengisverzlunarinnar jafnóðum, hverjir gerzt hafi brotlegir samkv. þeirri grein, en óheimilt er að selja slíkum mönnum áfengi.

Í 20. gr. frv. eru sett ný og þrengri ákvæði um vínveitingaleyfi, sem lögreglustjóri getur gefið. Í því sambandi er að líta á það, að ástæðan til að gefa slík vínveitingaleyfi verður að sjálfsögðu miklu minni, ef heimilt er að hafa fastar vínveitingar á fleiri veitingahúsum en einu, t. d. í bæ eins og Reykjavík.

Þá eru þyngd nokkuð viðurlög við því, ef opinberir starfsmenn, starfandi læknar, lyfsalar eða þjónar þeirra eru ölvaðir við störf sín, samkv. 22. og 23. gr.

Í frv. er lagt til, að áfengisvarnir séu stórauknar. Samkv. 26. gr. skal starf áfengisvarnaráðunauts gert að aðalstarfi, en fram til þessa hefur það verið aukastarf. Er áfengisvarnaráðunaut ætlað að vera formaður og framkvæmdastjóri áfengisvarnaráðs, en áfengisvarnaráði er ætlað að fara með yfirstjórn allra áfengisvarna í landinu, stuðla að bindindissemi og vinna gegn ofnautn áfengra drykkja og reyna að afstýra

skaðlegum áhrifum áfengisneyzlu. Er það ný stofnun. Skal það skipað 5 mönnum. Áfengisvarnaráðunautur er formaður, eins og fyrr segir, en hinir nefndarmennirnir skulu kjörnir hlutfallskosningu í Sþ. að afstöðnum hverjum almennum alþingiskosningum.

Þá er það nýmæli, að stofna skal sérstakan sjóð, áfengisvarnasjóð, til að standa straum af öllum kostnaði við áfengisvarnir. Skulu í sjóð þann renna 3% af rekstrarhagnaði Áfengisverzlunar ríkisins. Virðist sanngjarnt og eðlilegt, að einhverju af þeim hagnaði, sem verður af áfengisverzlun, sé einmitt varið til þess að girða fyrir skaðlegar afleiðingar áfengisnautnar.

Loks er algert nýmæli í 33. gr. frv. Samkv. því ákvæði skal á næstu 5 árum leggja árlega til hliðar 6% af hreinum ágóða Áfengisverzlunar ríkisins. Skal helmingi þeirrar upphæðar varið til byggingar drykkjumannahæla og lækningastöðva handa drykkjumönnum, sjúkrahúsa og elliheimila eftir nánari ákvörðun heilbrmrh. Hinum helmingi upphæðarinnar skal varið að jöfnu til þess að veita félagsheimilum og hótelum vaxtalaus lán. Skulu þau hótel, sem ekki hafa vínveitingaleyfi, ganga fyrir. Nýmæli þetta byggist á því sjónarmiði n., að gera eigi ríkissjóð smátt og smátt óháðan áfengisgróða.

Sektir allar samkv. frv. eru fjórfaldaðar frá því, sem er í gildandi l., en lítragjald er tífaldað. — Auk þessa eru svo minni háttar breytingar og nýmæli, sem ekki er ástæða til þess að rekja.

Ég tel víst, að mönnum sýnist sitt hverjum um sum ákvæði þessa frv. Hér er um mikið vandamál að ræða. Það er enginn, sem neitar því, — a. m. k. getur enginn neitað því, sem raunhæfum augum vill á líta, — að áfengismálin hér eru mikið vandamál, sem okkur hefur ekki tekizt enn að leysa svo sem skyldi. Sjálfsagt felst ekki nein fullnaðarlausn í þessu frv. Hér verður eftir sem áður við mikinn vanda að etja, en það er greinilegt, að sum ákvæði núgildandi l. eru beinlínis úrelt, þurfa umbóta við, og þeir, sem að þeim finna, verða þá að koma með nýja till. Í þessu frv. eru gerðar nýjar till. varðandi ýmislegt af því, sem mestum ágreiningi hefur valdið, og þó að öllum komi ekki saman um, eins og ég tel víst, að þetta séu beztu till., þá er þeirra, sem að finna, að benda á aðrar betri. En ég legg áherzlu á það, að nauðsynlegt er, að þetta mál fái einhverja afgreiðslu á Alþ., að menn setji á þessu þingi ný l. um áfengismál til þess að skera úr ýmsum þeim ágreiningi, sem nú er uppi um þessi málefni.

Ég vonast til, að frv. verði vísað til 2. umr., og legg það til og að því verði vísað til hv. allshn. til athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 33, n. 311, 343 og 355, 111, 312).

Frsm. meiri hl. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Eins og kemur fram af skjölum þeim, sem hér liggja fyrir, og nál., þá hefur allshn. ekki getað orðið sammála um afgreiðslu máls þessa, sem hér liggur fyrir, sem er frv. til áfengislaga. Meiri hl., sem við erum í hv. 6. landsk. (GÍG) og hv. 4. landsk. (StgrA) og ég, leggur til, að frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, sem liggur hér fyrir á þskj. 343, en aðrir nm. leggja til, að það verði samþykkt með breytingum, þar af annar nm. með mjög víðtækum breytingum, en hinn vill á því nokkru minni breytingar.

N. hefur rætt frv. á mörgum fundum. Hún hefur lesið það yfir og athugað margar greinar þess og þá náttúrlega alveg sérstaklega þau nýmæli, sem í frv. felast. Hún sendi málið til umsagnar til ýmissa aðila, og bárust svörin greiðlega, en það kom fram í n., að það gat ekki orðið samstaða um afgreiðslu málsins. Einnig kom það fram af þeim svörum, sem n. bárust, að utan þingsins, a. m. k. hjá þeim aðilum, sem n. hafði leitað til, var ekki fyrir hendi samstaða um frv. Vil ég geta hér t. d. umsagnar Stórstúku Íslands, sem segir, að hún hafi ekki óskað eftir endurskoðun núgildandi áfengislöggjafar, nema því aðeins að slík endurskoðun miðaði að því að draga úr nautn áfengra drykkja í landinu, og telur, að þetta frv. muni ekki stefna að því, og Stórstúkan telur einnig, að hún hafi ekki átt neinn þátt í setningu þeirrar nefndar, sem hafi samið frv., og hefur ýmislegt við það að athuga eins og það er. Sama er að segja um þau bréf, sem hafa borizt frá samtökum kvenna, sem frv. hefur verið sent, en konur hafa, svo sem kunnugt er, látið sig áfengismálin mjög miklu skipta og margar konur og mörg félagssamtök kvenna unnið ágætt starf í þágu baráttunnar gegn ofnautn áfengis. Einkum kemur það fram í bréfum kvenna, að þeim þykir hafa verið fram hjá konum gengið, þegar þetta frv. var samið, sem hér liggur fyrir, og telja þær, að sökum starfa sinna og sökum þess, hvað áfengisbölið snertir heimilin mikið, hafi þær eins góð skilyrði eða betri en aðrir til þess að setja sig inn í það, sem hér er um að ræða og verður að vaka fyrir þeim, sem við þessi mál fást, hvernig eigi að vinna gegn ofnautn áfengis í landinu og því böli, sem af henni leiðir.

Að öllu þessu athuguðu lagði meiri hl. n. til, að þetta mál yrði afgreitt með rökstuddri dagskrá, þar sem þess er getið, að til þessa máls hafi ekki verið kvaddir þeir aðilar, sem m. a. eru styrktir af almannafé til þess að vinna gegn ofnautn áfengis í landinu og að sumu leyti vinna sem algerir sjálfboðaliðar án nokkurra launa að þessu starfi. Þeir hafa ekki verið kvaddir til, og telur meiri hl. n., að sjálfsagt væri, ef haldið er áfram að leita að viðunandi leið í þessum málum, sem sjálfsagt hlýtur að verða, þá ættu fulltrúar frá þessum aðilum að hafa þar hönd í bagga með. Er í rökstuddu dagskránni nefnd Stórstúka Íslands og einnig talað um, að konur þyrftu að eiga þarna hlut að máli og vera með í ráðum.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð frá meiri hl. n. Í rökstuddu dagskránni segir:

„Deildin lítur svo á, að nauðsynlegt hefði verið

að hafa samráð við þau félagssamtök í landinu, er vinna gegn ofnautn áfengra drykkja, um endurskoðun áfengislaganna og hvaða skipan á áfengismálunum væri líklegust til að draga úr ofnautn áfengis. Einkum telur deildin, að fulltrúi Stórstúku Íslands og a. m. k. tvær konur hefðu átt að vera með í ráðum, er áfengislögin voru endurskoðuð. Í trausti þess, að fulltrúar þeirra samtaka, er mesta áherzlu hafa lagt á baráttuna gegn ofnautn áfengis, verði kvaddir til ráða um, hvaða aðgerðir og skipan áfengismálanna sé líklegust til að draga úr og helzt að koma í veg fyrir misnotkun áfengis, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Þetta er sú rökstudda dagskrá, sem við leggjum fram um málið.

Frsm. 1. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég tel, eins og ég segi í mínu nál., að ástandið í áfengismálunum sé þannig nú hér á landi, að það sé full þörf á því að fá þau afgreidd. Þess vegna hef ég lagt til, að þetta frv. verði samþykkt, en þó með allvíðtækum breyt. Ég skal drepa á nokkrar af brtt., sem ég legg til að samþ. verði við frv.

Ég legg þá fyrst til, að 1. gr. verði orðuð um. Ég álít það óhæfu, ef Alþ. samþykkti nú árið 1952, að tilgangurinn með þessum lögum væri sá að stuðla að hóflegri meðferð áfengis. Hver ákveður, hvað er hófleg meðferð áfengis? Er það hófleg meðferð áfengis, þegar embættismaður er meira og minna drukkinn við sína vinnu og kannske svo mikið, að það varðar stöðumissi? Og er það ekki yfirleitt viðurkennt, að tiltölulega lítil áfengisnautn geri menn a. m. k. verr starfhæfa, að hverju sem unnið er, heldur en ella? Er það ekki viðurkennt gagnvart flugmönnum? Er það ekki viðurkennt gagnvart bílstjórum? Er það ekki viðurkennt gagnvart skipstjórum? Og gildir það þá ekki líka um aðrar stöður, hverjar sem þær eru? Á þá að fara að stuðla að því á Alþingi að búa til lög, sem kenni mönnum hóflega meðferð áfengis? Og hvað á að vera hófleg meðferð áfengis? — Ég legg þess vegna til, að þessi grein sé orðuð um og hún sé orðuð þannig, að tilgangur laga þessara sé að vinna gegn áfengisneyzlu í landinu og því böli, sem af henni leiðir.

Þá legg ég til, að fellt sé aftan af 3. gr. það ákvæði, að öl, sem í er lítið áfengi, sé undanþegið. Ég vil láta banna innflutning á öllu öli til landsins.

Við 4. gr. eru líka nokkrar brtt. Þær ganga yfirleitt í þá átt í fyrsta lagi að láta áfengi, sem kemur með flugvélum, heyra undir sams konar ákvæði eins og áfengi, sem kemur með skipum, að það þurfi að gera skoðun á því áfengi eins og á hinu og gera sams konar ráðstafanir viðvíkjandi því, en það er hvergi gert ráð fyrir, að áfengi komi með þeim. Í öðru lagi er brtt. um það, að íslenzk skip, meðan þau eru hér við land, hafi engan sérstakan áfengisforða til daglegrar neyzlu sinna skipverja. Ég vil taka þau ákvæði burt úr greininni, og þá fara líka burt flöskurnar tvær, sem skipverjarnir nú fá að taka í land sem daglegan forða til neyzlu í landi, mega ekki einu sinni vera óinnsiglaðar í skipinu, meðan það er hér við land, eins og nú er. Enn fremur felli ég þarna niður part af greininni, sem mér finnst ekki hafa neina þýðingu, þ. e. 5. málsgr. greinarinnar. Hins vegar finnst mér eðlilegt, að þessi ákvæði verði ekki látin ná til herskipa, eins og nú er í greininni, og erlendra skemmtiferðaskipa. Það er nú farið að útbúa ýmis íslenzk skip sem skemmtiferðaskip, bæði af Eimskip og Ríkisskip, og til þeirra vil ég láta ákvæðið ná. Það eru innlend skip og á þeim venjulega innlendir menn, sem við getum fyrirskipað alveg eins og okkar eigin þegnum, og ef það eru útlendir menn, sem nota þau, þá verða þeir að hlýða sömu reglum og landsmenn yfirleitt.

Þá er brtt. við 7. gr. Það er ætlazt til þess, að ríkisstj. geti látið Áfengisverzlunina brugga öl. Ég tel, að það sé réttara að bæta þarna inn í „eða öðrum aðila". Ég er ekki viss um, hvort það er rétt, eins og landið liggur, þar sem til eru í landinu aðilar, sem hafa tæki til ölbrugggunar, að ríkið fari að leggja í þann kostnað að koma slíkri stofnun upp og láta Áfengisverzlunina reka hana. Ég vil að minnsta kosti láta vera opinn möguleika fyrir, að það sé hægt að láta annan brugga það heldur en Áfengisverzlunina, og ég vil enn fremur bæta inn í greinina, að það megi flytja það öl út. Það eru nokkrar líkur fyrir því, að ef við brugguðum hér sterkt öl, eins og nú er gert og ætlazt er til í greininni að sé gert áfram fyrir varnarliðið, sem svo er kallað, hér á landi, þá eru nokkrar líkur til þess, að fá megi fyrir það markað erlendis, og ég vil ekki útiloka, að sá markaður sé notaður. Mér sýnist ekki gjaldeyrisástandið vera það ljóst fram undan, að veiti af, ef þarna væri til einhver möguleiki til gjaldeyrisöflunar, sem ekki er útilokað. Þess vegna vil ég setja inn í lögin möguleika til þess, að það sé hægt.

Þá tel ég, að yfirleitt allar sektir samkvæmt lögunum og önnur gjöld, sem eftir þeim koma, eigi ekki að renna í menningarsjóð, hann hefur sína bókaútgáfu, og nægi það ekki, verður að ætla honum fé á fjárlögum. Ég tel, að það sé rétt, að það renni í áfengisvarnasjóð. Eins og hagur ríkissjóðs er, þá veitir honum ekki af sínu, og kostnaður við framkvæmd þessara laga verður þó nokkur, hvernig sem með verður farið. Þá tel ég eðlilegt, að sektirnar standi þar undir og að þær renni í áfengisvarnasjóð, en ekki í menningarsjóð, eins og þær hafa gert. Þetta kemur víðar fram, og þarf ég þá ekki um það að tala nema á þessum eina stað.

Þá er það viðvíkjandi 9. gr., sem ég geri brtt. Þar ætlast ég til þess, að áfengi frá útsölum Áfengisverzlunarinnar sé selt öllum með sama verði, hvort sem þeir heita ráðherrar, forsetar eða eitthvað annað, — það sé selt öllum með sama verði, en ekki mismunandi verði eða veittur afsláttur af því, eins og nú er, — allir sitji þar við sama borð.

Þá legg ég til, að 2. tölul. 11. gr. falli niður, en hann gerir ráð fyrir því, að til séu veitingastaðir, sem hafi áfengi til sölu. Ég ætlast til, að þeir séu engir, og það kemur fram víðar í mínum brtt. og m. a. þessari, þar sem gert er ráð fyrir, að veitingastaðir hafi ekki rétt til

veitingar áfengra drykkja, þó að þeir eigi að notast á staðnum sjálfum. Um leið og ég felli niður þessa veitingastaði alla með tölu, þá náttúrlega fellur 2. tölul. 11. gr. niður.

12. gr. gerir ráð fyrir þessum leyfum og veitingum þeirra og ákveður, hvaða skilyrði þurfi að vera til staðar, svo að rétt sé að veita slík leyfi til almennra gistihúsa og veitingastaða. Ég legg til, að hún verði felld niður og engin slík almenn útsala sé neins staðar, hvorki á einum stað né öðrum í Reykjavík né annars staðar.

Þá geri ég ráð fyrir því í brtt. við 13. gr., að Áfengisverzlunin selji einungis gegn staðgreiðslu til allra nema lyfsala, sem heimilast að selja vínanda til líkt og nú er.

10. brtt., við 14. gr., er bein afleiðing af því, sem áður er komið. Sama má segja um 11. brtt., sem er við 15. gr., og enn sama um 12. brtt., sem er við 18. gr. Þetta er allt saman afleiðing af því, að ég legg til, að ekki sé farið út í það að leyfa veitingahúsum að selja vín, en til þess ætlast frumvarpið.

20. gr. orða ég um, og þar geri ég ráð fyrir því, að hægt sé að veita félögum og samsætum, sem haldin eru í einhverju sérstöku skyni, vínveitingaleyfi handa félagsmönnum og þeirra gestum. Það er eins og tiðkazt hefur áður, og ég geri ráð fyrir, að það haldist, þ. e. a. s. haldist eins og ætlazt er til í lögum og reglugerðum, ekki eins og það hefur verið framkvæmt. Eins og hefur verið ákvæði um það, að ekki eigi að veita slík leyfi, þegar það sé gert í ágóðaskyni fyrir einhvern sérstakan aðila, þá sé það áfram í gildi, að slík leyfi eigi ekki að veita. Það sé einungis, ef það eigi að fara að minnast einhvers sérstaks afmælis eða einhvers sérstaks, sem leyft sé að hafa vín. Þó er það satt að segja hálfgert með samvizkunnar mótmælum, að ég legg þetta til. En það er nú til að koma til móts við mennina, sem ekki telja sig geta, nema þeir séu orðnir góðglaðir af víni, hlegið eða sýnt bros á sínu andliti.

Ákvæðin, sem hér fara á eftir, undir 14.—20. tölulið, eru raunar allt saman ákvæði, sem leiðir af þeim brtt., sem ég er búinn að nefna, — leiðir af því, að ég ætlast ekki til, að veitingahúsum séu veitt vínleyfi, að ég ætlast til, að það sé útilokaður sá möguleiki, að vín geti komið með flugvélum, ætlast til, að stuðlað sé að því, að lögin vinni gegn áfenginu, en ekki að hóflegri neyzlu þess, og ætlast til, að ekki sé lokaður sá möguleiki, að við getum haft gagn af ölframleiðslu til útflutnings, ef spilin leggjast þannig, að það verði möguleikar á því.

Loks flyt ég brtt., 14. brtt., við 25. gr., sem er um nokkuð annað. Mér er sagt, að það sé dálitlum vandkvæðum bundið að fá gerða rannsókn á mönnum, sem álitið er að séu undir áhrifum víns, t. d. við bílakstur eða flugvélastjórn eða annað þess háttar. Ég vil þess vegna skylda viðkomandi til að fara þá undir rannsókn, hvort sem hann vill eða vill ekki, ef dómarinn telur, að það sé nauðsynlegt til að fá skorið úr því, hvort hann er undir áhrifum víns eða ekki.

Þetta eru helztu breyt., sem ég legg til. Þær byggjast á þeirri skoðun minni, að úr því að ekki liggur fyrir, að hægt sé að vera alveg laus við áfengið, sem ég vildi helzt, með algeru aðflutningsbanni, þá eigum við að setja eins miklar tálmanir í götu manna til að gera sig viti sínu fjær að meira eða minna leyti af áfengisneyzlu eins og hægt er. Þess vegna eigum við ekki að ausa því út í veitingahúsin, til þess að þau veiti því aftur frá sér, og ekki að hafa útsölur nema þar, sem meiri hluti mannanna í viðkomandi stöðum vill og óskar eftir því.

Ég legg til, að frv. verði samþ. með þessum breyt., en skal geta þess, að verði þær samþ. við 2. umr., þá mun ég þurfa fyrir 3. umr. að athuga nánar breyt., sérstaklega viðvíkjandi sektarákvæðunum, sem nú eru í frv. Ég nennti ekki að vera að leggja vinnu í það að pæla þar í gegn, áður en ég sé, hvaða undirtektir tillögur mínar fá. Er nægur tími til að gera það milli 2. og 3. umr., ef sú stefna, sem fram kemur í brtt. hjá mér, verður ofan á og verður samþ. í deildinni.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Ed., 5. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. 2. minni hl. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Ég hef lagt fram nál. á þskj. 355, og get ég látið í höfuðatriðum nægja að vísa til þess og skal ekki vekja umr. að óþörfu í deildinni.

Eins og komið hefur fram í umr. þessum, þá hefur n. — ja, það er óhætt að segja — þríklofnað. Þó er það þannig, að við hv. 1. þm. N-M. erum sammála um að leggja til, að frv. það, sem hér liggur fyrir, nái fram að ganga, en meiri hl. n. hefur aftur á móti lagt til, að það verði afgreitt með rökstuddri dagskrá og sett til athugunar nýrrar nefndar. Ég álít, að það muni ekki verða til bóta, að ný n. verði skipuð, því að sú nefnd, sem hefur haft þetta mál til meðferðar, mþn., var skipuð ágætum mönnum, og skoðanir manna eru svo skiptar í þessu máli, að ég hygg, að lítið verði þar úr bætt. Þegar ég segi, að skoðanirnar séu skiptar, þá á ég ekki við það, að þær séu skiptar um tilganginn nema að nokkru leyti, heldur aðferðirnar til þess að ná honum. Allir eru sammála um, að það þurfi að draga úr óhóflegri meðferð áfengis hér á landi, en það, sem menn eru ósammála um, eru leiðirnar, hvernig á að gera það. Sumir álíta, — og þeir eru því miður að mínu áliti of margir, — að það verði bezt gert með alls konar tálmunum á meðferð vínsins, en ég álít, að þær verki að sumu leyti alveg í gagnstæða átt við það, sem þær eiga að gera, og að sem frjálsust meðferð þess sé til bóta. En þá undirskil ég það auðvitað, að þeir menn, sem eru bókstaflega drykkjusjúkir, fái þá lækningu, sem ríkinu ber skylda til að láta þeim í té fremst af öllum sjúklingum, vegna þess að ríkið gerir sér beinlínis sjúkleika þeirra að féþúfu.

Ég skal ekki fara um þetta fleiri orðum, en minnast nokkuð á brtt. þær, sem ég hef leyft mér að leggja fram.

1. brtt. er við 7. gr., um áfengt öl. Í 2. lið 7. gr. frv. er lagt til, að ríkisstj. sé heimilt að veita Áfengisverzlun ríkisins leyfi til að brugga á-

fengt öl, sem hafi inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, en áður en ríkisstj. veiti það leyfi, þá skuli hún bera það undir atkv. allra kosningabærra manna í landinu til samþykkis eða synjunar, hvort það skuli gert. Það hefur vakið ákaflega miklar deilur undanfarin ár, hvort rétt sé að leyfa bruggun og sölu áfengs öls. Ýmsir halda því fram, að það muni verða mjög til skaða, en ég er alveg á gagnstæðri skoðun. Ég álít, að bruggun áfengs öls og sala muni draga mjög mikið úr nautn sterkari og skaðvænni áfengisdrykkja. Ég geri ráð fyrir, að fyrst í stað — kannske einn, tvo, þrjá mánuði — muni eitthvað aukast drykkjuskapur, en að því búnu muni þetta breytast og draga mjög úr honum. Um þetta getur enginn sagt með neinni vissu fyrir fram. Þarna er hver skoðunin upp á móti annarri. Það eina, sem úr þessu getur skorið, er reynslan. Ég tel því, að Alþ. eigi þegar í stað að leyfa bruggunina, en skjóta því svo undir dóm þjóðarinnar innan hæfilegs tíma, sem ég hef metið tvö og hálft ár, hvort haldið skuli áfram á þeirri braut eða ekki. Þá hefur nokkur reynsla fengizt fyrir því, hvernig þetta fyrirkomulag gefst, svo að kjósendur geta greitt atkv. um það, ekki eftir einhverri tilfinningu eða órökstuddri skoðun, heldur samkvæmt skoðun, sem byggist á reynslu. Í sambandi við þetta legg ég til smávægilega breytingu við 3. mgr. greinarinnar, um framleiðslutoll á öli og endurgreiðslu tolls af öli, sem selt kann að verða til útlanda eða til varnarliðsins hér, og legg ég í nál. sérstaka áherzlu á, að verði öls verði stillt í hóf, því að öðrum kosti dregur það ekki úr nautn sterkara og óhollara áfengis.

Þá hef ég gert smávægilegar brtt. við 12. gr. 1. brtt. er þess efnis, að Sambandi matreiðslu- og framreiðslumanna sé gefinn kostur á að segja álit sitt um, hvort veitingahús þau, sem veitingaleyfum á að úthluta til, séu talin 1. flokks. Virðist það ekki ósanngjarnara, að þeir hafi atkv. um það en aðrir aðilar, sem eru nefndir í greininni.

Þá hef ég lagt til, að c-liður 12. gr. falli niður, en hann er þess efnis, að eigi skuli greitt þjórfé eða þjónustugjald af sölu áfengra drykkja né veitingahús launi starfsfólk sitt með hundraðsgjaldi af sölu þeirra. Ég tel, að þetta ákvæði sé mjög vanhugsað og misráðið. Hingað til hefur það verið þannig, að þjónar hafa fengið kaup sitt greitt með þjónustugjaldi, sem neytendurnir hafa greitt í sambandi við kaup á þeim vörum, sem veitingahús láta í té. Ef það væri ekki gert og veitingahúsaeigendur ættu að launa þá með föstu kaupi, þá hlyti það óhjákvæmilega að hafa í för með sér hækkun bæði á mat og öðrum vörum, sem veitingahúsið selur. Í mörgum greinum þessa frv. kemur sú meginstefna fram, að áfengið verði sem dýrast. Þarna er alveg snúið við og verið að lækka áfengið á kostnað annarra vara, sem sumpart eru algerðar nauðsynjavörur, eins og matur, og sumpart viðurkenndar munaðarvörur. Ég tel, að þetta stefni í öfuga átt og að hagur veitingamanna sé ekki þannig, að þeir geti borið kaupgreiðslur til þjóna án þess að hækka aðrar vörur að sama skapi. Eftir þeim skýrslum, sem hér liggja fyrir, mun það vera um 20 þús. kr. að meðaltali, sem þjónar fá sem þjónustugjald af áfengi, og í þjónafélaginu eru 48 menn, sem starfa hér á landi, fyrir utan skipin. Það mundu því vera upp undir 960 þús. kr., sem þyrftu þá að leggjast á aðrar vörur.

3. brtt. mín við þessa grein er, að fellt verði niður úr 6. málsgr. það ákvæði, að setja megi það skilyrði fyrir því, að leyfðar verði vínveitingar, að dans fari ekki fram í þeim salarkynnum veitingahúsa, þar sem vín er veitt. Þetta tel ég að sé misráðið, eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið. Mér hefur verið sagt, að t. d. á Hótel Borg hafi verið gerð tilraun með að hafa viss kvöld í viku klassíska músik í stað dans, en það hafi verið hætt við þá tilraun, vegna þess að drykkjuskapur reyndist þá mun meiri en þegar dansað var.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta, en leyfi mér að leggja til, að frv. nái fram að ganga með þeim breytingum, sem ég hef stungið upp á, og sjálfsagt fleiri breyt. Ég get t. d. fallizt á ýmsar brtt. frá hv. þm. Barð., og ég hefði viljað koma fram með aðrar breyt., en sá ekki ástæðu til að gera það fyrr en útséð væri um, hvernig fer með rökstudda dagskrá meiri hl. n.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það leikur ekki á tveim tungum, að ástandið í áfengismálunum hér á landi er engan veginn eins og bezt væri á kosið og í engu samræmi við þá menningu, sem þjóðin hefur tileinkað sér á öðrum sviðum. Því er að vísu haldið fram, að einstaklingur hér drekki minna magn af vínanda árlega en einstaklingar annarra þjóða, miðað við það, að heildarmagninu, sem drukkið er, sé deilt jafnt niður á alla íbúana, unga sem gamla, og það sé þó nokkur vísbending um það, að þjóðin sé ekki drykkfelldari en aðrar þjóðir, nema síður sé. En sé þetta staðreynd, þá er hitt þó jafnvíst, að engin þjóð fer eins illa með þann skammt, sem drukkinn er, eins og Íslendingar, því að það er öllum kunnugt, sem eitthvað þekkja til þessara mála, að hvergi annars staðar ber eins mikið á ofdrykkju og hér á landi, að of margir menn verða hér vesalingar fyrir ofnautn áfengis, að margir menn verja of miklu af rýrum tekjum sínum til áfengiskaupa og að allt of mikið af siðleysi og hrjúfu framferði fylgir vínnautninni, að ógleymdum lögbrotum, yfirsjónum og beinum glæpum, er rót sína eiga að rekja til vínnautnar.

Ölæði einstakra manna — oft og tíðum aðeins örfárra manna, sem ekki kunna sér hóf í vínnautn, setur mark sitt og svip á samkomur utan húss og innan, á umferð í bæjum og borgum, á ferðalög með skipum, bílum eða hvers konar farartækjum og oft á þann hátt, að bæði er að því leiðindi og vansi, jafnvel þótt ekki stafi meiri erfiðleikar af. Algengt er, að slíkur skortur á siðfágun í almennri umgengni komi fram í meira eða minna ríkum mæli við alls konar tækifæri, bæði hjá lærðum sem ólærðum, háum sem lágum. Og til eru menn, sem álíta það engan löst í fari sínu, — það vekur í hæsta lagi meðaumkun, en aldrei fyrirlitningu, — og enginn maður,

hversu hátt settur sem hann er í þjóðfélaginu, missir snefil af virðingu sinni eða völdum fyrir skort á háttvísi eða framið siðleysi undir áhrifum víns, þótt hann ætti sér aldrei uppreisnar von, ef hann fremdi sams konar verknað ódrukkinn. Að vísu skal maður sæta refsingu samkv. lögum, ef hann gegnir embætti eða starfi ölvaður, einkum ef slys hlýzt af. En virðingu sinni heldur hann óskertri eftir sem áður, enda getur enginn dómstóll dæmt hana af mönnum annar en almenningsálitið. Og þó kann verknaður, sem hann fremur undir áhrifum víns í starfstíma og bakar honum sekt, að valda þjóðinni miklu minna tjóni en hinn, sem framinn er í veizlusölum eða á öðrum mótum utan starfstíma og lagafyrirmæli ná ekki yfir. Um þessar staðreyndir er raunverulega enginn ágreiningur.

Menn líta svo á, að með breyttri áfengislöggjöf mætti bæta úr því, sem miður fer í fari manna, sem vínsins neyta, annaðhvort með því að hafa áhrif á það magn, sem drukkið er í landinu, eða beinlínis með því að skapa aðra og betri meðferð áfengis, eða með hvoru tveggja. Kemur þetta berlega fram hjá þeim aðilum, sem lagt hafa til, að lögin yrðu endurskoðuð, eins og nú skal greina.

1. Í þáltill. um endurskoðun löggjafarinnar, sem flutt var á þingi 1950, segir, að hún sé flutt í þeim tilgangi að stuðla að hóflegri og skynsamlegri meðferð áfengra drykkja.

2. Nefndin, sem hafði málið til meðferðar í þinginu, er sammála um, að löggjöfina þurfi að endurskoða og þá vitanlega með það markmið fyrir augum að fá tryggt í l., að misnotkun áfengis geti minnkað, en ekki vaxið. Hæstv. dómsmrh. tekur það fram, að löggjöfina verði að endurskoða, svo að skynsamleg og hófleg notkun áfengis geti átt sér stað. Vill hann láta þá skipun verða á þessum málum, að drykkjuskapur geti minnkað og orðið sem hneykslisminnstur.

Nefndinni er ljóst af þessum ummælum, hvert átt hefði að vera markmið þeirrar endurskoðunar á áfengislöggjöfinni, sem henni var falið. Þykir því rétt að gera sér grein fyrir því, hvort þessu höfuðtakmarki er náð með því að samþ. óbreytt frv. það, sem hér er til umr., eða hvort nauðsynlegt þykir að gera á því einhverjar breytingar, og þá hverjar þær skuli vera.

Það vekur strax athygli, að í ummælum þeim, sem ég hef lýst hér og n. hefur að leiðarvísi við sín störf, þar sem henni voru engar reglur settar, hvernig þeim skyldi hagað, koma hvergi fram óskir um það eða fyrirmæli, að l. skuli endurskoðuð með það fyrir augum að takmarka neyzlu áfengra drykkja í landinu. Og þegar till. er borin fram um það í n. að setja beint inn í l., að tilgangur þeirra sé sá að stuðla að því, að meðferð áfengis verði með þeim hætti, að neyzla þess verði takmörkuð sem mest má verða, þá er sú till. felld af 4 nm. gegn atkv. tillögumanns. Hins vegar er sett inn í 1. gr. frv., að tilgangur l. sé að stuðla að hóflegri meðferð áfengis og vinna gegn misnotkun þess, allt eins og frómar óskir komu fram um í fyrrnefndum ummælum um málið. Ummæli um þessa grein í 5. kafla grg. benda þó ótvírætt til þess, að skoða beri þetta atriði aðeins sem lögskýringaratriði. Verður ekki annað séð en að meiri hl. n. hafi frá upphafi verið því gersamlega andvígur að miða endurskoðun l. einmitt við það að stuðla að hóflegri meðferð áfengis og vinna gegn misnotkun þess, eins og var þó beinlínis tilætlunin með endurskoðuninni. Ef n. hefði raunverulega gert sér það ljóst, að henni bar að vinna að endurskoðun með það eitt sem höfuðsjónarmið, hefði hún ekki einasta sleppt þeirri athugasemd, sem hún lætur fylgja við 1. gr., heldur og orðað greinina þannig, að enginn vafi væri um tilgang l., og miðað síðan aðrar greinar frv. við það, að þeim tilgangi yrði náð, svo framarlega sem fyrirmæli l. væru ekki sniðgengin. En það er langt frá því, að þessi stefna sé mörkuð með því frv., sem hér er til umr.

Baráttan í áfengismálunum hefur staðið um aldir, og hún á sjálfsagt enn eftir að standa um aldir. Er alveg nauðsynlegt að gera sér þetta ljóst. Ekki einasta hér á landi, heldur um allan heim skiptast menn í tvo meginflokka í baráttunni um þetta mál. Annar flokkurinn vill takmarka eða útiloka alveg allt áfengisböl með því að takmarka sölu áfengis á einn eða annan hátt eða útiloka það að fullu og öllu, gegn vilja annarra, sem ekki vilja lúta þeim fyrirmælum. Hinn flokkurinn vill draga úr áfengisbölinu eða útiloka það alveg með lagafyrirmælum og fræðslu um það, hvernig menn eigi að neyta víns, og hafa þá sem mest frjálsræði í því efni, en láta menn jafnframt bera ábyrgð gerða sinna og sæta sektum, ef brugðið er út af fyrirmælum l. hér að lútandi. Hvor flokkurinn um sig hefur þá bjargföstu trú, að lokatakmarkinu verði um síðir náð, ef þjóðin vildi aðeins skipa sér fast um þeirra stefnumál. Og með því að nauðsynlegt er fyrir löggjafann að marka skýrt aðra hvora stefnuna með þeim l., sem væntanlega verða samþ. um þetta mál á þessu þingi, er rétt að gera sér ljóst, hvaða erfiðleikum er að mæta í baráttunni að lokamarkinu, hvor stefnan sem tekin er.

Skal þá fyrst athuga þá aðferðina að takmarka með lögum sölu, tilbúning og innflutning áfengra drykkja eða banna þá að fullu og öllu. Fyrsti og stærsti erfiðleikinn á þessari leið er andúð þeirra mörgu manna, sem ekki vilja lúta slíku banni og viðurkenna ekki, að þess sé þörf. Sem bein afleiðing af þessu fylgja síðan lögbrotin, ekki einasta þau að afla sér vínfanga óleyfilega til þess að fullnægja misjafnlega sterkri nautn, heldur og engu síður tilhneiging sumra manna til þess að auðgast á lögbrotunum, gera það að beinum og arðvænlegum atvinnuvegi að brugga áfengi, flytja það og selja til manna, sem allt vilja til vinna að eignast það. Þessi sterka tilhneiging einstakra manna til að auðgast á lögbrotum þróast ekki einasta við algert aðflutnings- og sölubann áfengis. Hún þróast einnig alls staðar við takmörkun á sölu áfengis í einni eða annarri mynd. Hin þungu sektarákvæði frv. í sambandi við leynivínsölu í landinu, sem fullkomlega er gert ráð fyrir að haldi áfram, þótt frv. verði að l., eru sterkasta sönnunin fyrir því, að takmörkunin skapar þetta ástand, og verður löggjafinn því að gera sér alveg ljóst, að það verður ekki fyrirbyggt við frekari

takmörkun, nema síður sé. Að vísu má með takmarkalausum fjáraustri, fjölmennu eftirliti og háum viðurlögum draga eitthvað úr slíkum lögbrotum, en reynslan hefur sýnt, að þau verða á engan hátt fyrirbyggð, enda mundi slíkt beinlínis skapa grundvöll fyrir því, að hægt væri að bera fé á þá menn, sem eftirlitsins ættu að gæta. Annar mjög veigamikill erfiðleiki að takmarkinu eftir þessari leið eru tekjur þær, sem ríkissjóður hefur af áfengissölu í landinu, og það er einmitt þessi staðreynd, sem veldur því, að flm. þáltill., þn., sem um hana fjallaði, hæstv. dómsmrh. og meiri hl. n., sem samið hefur frv., vilja engir leggja til, að það sé megintilgangur l. að draga úr áfengisneyzlunni í landinu. Sérhver takmörkun, sem hefur það í för með sér, að neyzlan minnki, minnkar að sama skapi tekjur ríkissjóðs. Og hversu mjög sem menn eru fylgjandi verulega minnkandi sölu áfengis, eru þeir ekki jafnákaft fylgjandi því, að tekjur ríkissjóðs minnki eða að taka á sig aukaskattbyrði, vegna þess að tekjurnar minnka af þessum ástæðum. Hversu miklu síður verður þá hægt að fá aðra menn, sem halda vilja öllum gáttum opnum, til þess að sætta sig við slíka skattaukningu? Þetta er ein meginástæðan fyrir því, að fjöldi manna vill útrýma áfengisbölinu, ef unnt er, að öðrum leiðum en með því að draga úr neyzlunni. Því er að vísu haldið fram og það með allmiklum rétti, að samfara tekjumissi ríkissjóðs fylgi einnig margvísleg útgjaldalækkun, en bæði er það, að almennt er ekki litið svo á, að hún mundi nema nokkuð nálægt því, sem tekjurýrnuninni nemur, og auk þess er vitað, að svo bezt væri um raunverulega útgjaldalækkun að ræða, að unnt yrði að fyrirbyggja neyzlu að öðrum leiðum, en um þá erfiðleika hef ég þegar rætt.

Stærsti erfiðleikinn á hinni leiðinni er hið mannlega eðli með öllum sínum kostum og göllum. Það er síður en svo órökrétt hugsun eða smávægileg hugsjón að vilja þjálfa svo og þroska mannlega dómgreind, skapgerð og vilja, að menn séu sér þess meðvitandi, hvað er rétt og rangt í þessum málum, og hafi þá jafnframt bæði vilja og þrek til að framfylgja því. Og því verður ekki neitað með nokkrum rökum, að það væri það langæskilegasta, að takmarkinu yrði náð að þessum leiðum. Hitt má öllum vera ljóst, að sú barátta verður líka bæði löng og hörð áður en lýkur. Einmitt vegna þess, hversu árangurinn af haftastefnunni hefur orðið sáralítill, og jafnframt vegna hins, hversu mikilli mótspyrnu það mætir, að ríkissjóður missi tekjurnar af áfenginu, er engan veginn útilokað, að margir af þeim mönnum, sem skoða það sem meginatriði baráttunnar, að dregið sé úr áfengisbölinu, hvaða leið sem farin er, vilji ljá því fylgi að reyna uppeldisleiðina, svo fremi að einhver trygging sé gefin fyrir því, að árangurs sé að vænta af þeirri baráttu almennt.

Frv. það, sem hér er til umr., markar hvorugu þessa stefnu. Það ruglar svo kyrfilega báðum þessum ólíku stefnum saman, að ómögulegt yrði að greina á milli, hvorri stefnunni það væri að þakka, þótt einhver bót fengist á þessu eða hinu, sem miður fer í áfengismálunum. Þetta er að mínu áliti langmesti ágallinn á frv. Frá mínu sjónarmiði gefur það þá heldur engin fyrirheit um endurbætur á því ófremdarástandi, sem í þessum málum er, þótt það verði að l., eins og n. hefur skilað því til þingsins. Þar með er ekki sagt, að verk n. sé einskis nýtt, síður en svo. Þær upplýsingar, sem hún hefur aflað, eru margar hverjar mjög merkar og vel þess virði, að þeim sé gaumur gefinn, enda sumar hverjar beinlínis blys, er menn hefðu gott af að taka sér í hönd, sem ráfa í sífelldu myrkri í þessum málum, þó að þau því miður hafi ekki reynzt nægilega sterk leiðarljós fyrir n. til þess að leiða hana á beina braut. Er enda sýnilegt, að á móti hafa mætt fyrir fram ákveðnar, óskyldar skoðanir í málinu samfara fjötrum við embætti og atvinnu, og þurfti að sjálfsögðu mikinn manndóm til að hrista af sér slíka hlekki, svo að hægt væri að hugsa og starfa algerlega frjálst í málinu, en á því hefði verið mikil nauðsyn.

Ég skal þá fara hér nokkrum orðum um hinar einstöku greinar frv., um leið og ég geri grein fyrir brtt. mínum á þskj. 111.

Ég hef áður minnzt á 1. gr. frv. og gert henni nokkur skil og skal ekki endurtaka það, en aðeins benda á, að orðalag hennar sannar hvað bezt, að meiri hl. n. hefur enga ákveðna stefnu í málinu. Hefði svo verið, hefði í framhaldi af því, sem þar er sagt, þurft að koma með, með hvaða hætti og að hvaða leiðum stuðla skyldi að hóflegri meðferð áfengis og vinna gegn misnotkun þess. En þess er stranglega gætt að minnast ekkert á það í greininni. Ég legg því til, að 1. gr. frv. verði orðuð á þann veg, sem segir í 1. brtt. minni á þskj. 111, og hljóði svo:

„Tilgangur laga þessara er sá að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli, sem því er samfara.“

2. gr. frv. gefur ekki tilefni til umr., þar sem hér er aðeins um skilgreiningu að ræða.

Síðasti málsliður 3. gr. segir, að óheimilt sé að flytja til landsins öl, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli. En með því að væntanlega er ekki hugsað að flytja nokkurt öl til landsins, enda hefur það ekki verið gert um langan aldur, þykir eðlilegt að orða þennan málsl. á þann hátt, sem ég legg til í 2. brtt. minni, sem er við 3. gr., að 3. málsl. orðist svo: „Þó skal óheimilt að flytja til landsins öl.“

Í 4. gr. frv. er það nýmæli, að bannað er að flytja inn nokkuð af þeim áfengisforða, sem í skipunum er. Tel ég það ekki einasta í samræmi við ákvæði 3. gr., heldur og sjálfsagt spor í áttina að því marki að draga úr áfengisneyzlunni í landinu, án þess að það skaði tekjur ríkissjóðs, eins og virðist vera tilætlun meiri hl. nm. Það er vitað, að ríkissjóður hefur engar tekjur af því áfengi, sem þannig er flutt inn. Hitt er sýnilegt, að úr því að þetta spor er stigið, þá er alveg óhjákvæmilegt að ganga enn lengra og leyfa ekki neinn forða í skipi óinnsiglaðan, svo lengi sem skip er innan þeirra takmarka, sem ekki má veita vín. Að leyfa þessi fríðindi er í engu samræmi við tilgang l. og einungis til þess að mismuna þegnum þjóðfélagsins, þar sem einum er frjálst að hafa um hönd

vörutegund undir hagkvæmari skilyrðum en öðrum. Þetta hefur að sjálfsögðu ekki verulega fjárhagslega þýðingu, hvorki fyrir neytendur né fyrir ríkissjóðinn, hvort það er leyft eða ekki. En það verða engin frambærileg rök færð fyrir því, að þetta sé nauðsynlegt, eðlilegt eða sanngjarnt. En aftur á móti má færa mörg rök fyrir því, að jafnan verði freisting fyrir þá, sem þannig eiga áfengi, að koma því á land, og opni það þeim þá einnig leið til þess að láta ekki staðar numið við þennan skammt. — Ég hef því lagt til í 3. brtt. minni, a-lið, að síðasti málsl. 3. mgr. falli niður. Verði þessi till. mín samþ., þarf einnig að samþ. b- og c-liðina, þar sem þeir eru afleiðing af fyrri samþykkt, og væri því rétt að bera þá upp alla þrjá saman. — Í d-lið er lagt til, að fyrirmælin nái einnig til flugvéla. — Þá hefur mér þótt rétt að leggja til, að fyrirmælin nái einnig til innlendra skemmtiferðaskipa, en herskip og erlend skemmtiferðaskip séu undanskilin. Mælir ekkert með því, að innlend skemmtiferðaskip séu undanþegin lögunum.

Það er vitað, að hér á hv. Alþ. munu ákvæði 2. mgr. 7. gr., um heimild til þess að brugga áfengt öl í landinu, valda einna mestum deilum, enda hefur þetta ákvæði einnig valdið miklum ágreiningi í mþn. Það má sjálfsagt lengi deila um það, hvort öldrykkja örvaði þjóðina til ofdrykkju eða drægi úr henni. Hafa verið færð margvísleg rök að þessu, bæði með og móti, sem reynslan ein fær þó skorið úr um, svo að ekki yrði um deilt lengur. Það er engan veginn rökleysa að ætla, að neyzla sterkari drykkja minnkaði við öldrykkju, einkum þegar ríkisstofnun hefur það jafnan í hendi sér að minnka innflutning og sölu sterkra drykkja, ef hún hefur annað léttara að bjóða og sýnilegt er, að ríkissjóður hefur sama hag af þeirri sölu. Er það skaði, að n. hefur ekki, svo að séð verði, gert á þessu neinn samanburð eða látið athuga þetta atriði út af fyrir sig, sem þó hefði verið mjög fróðlegt að fá einhverja hugmynd um. Ef gera mætti ráð fyrir því, að annar hver maður á landinu drykki eina hálfflösku á dag af öli, — og ég er ekki viss um, að það eitt út af fyrir sig þætti vera nokkur ofdrykkja, — þá mætti gera ráð fyrir því, að tolltekjurnar einar gæfu ríkissjóði 15 millj. kr. á ári, en það er rúmlega þriðjungur af áfengistekjunum nú. Mætti þá minnka innflutning og sölu áfengra drykkja sem því svaraði án þess að rýra tekjur ríkissjóðs, og er það jafnan á valdi hæstv. ríkisstj., auk þess sem það er ávallt á hennar valdi að auka eða draga úr eða hætta alveg bruggun öls, ef sýnilegt er, að það leiddi ekki til þess að draga úr ofdrykkju. Fyrir þessum staðreyndum falla öll rök fyrir því, að það sé einhver voðalegur glæpur að gera þessa tilraun. Ég held einmitt miklu frekar, að ef það skyldi koma í ljós, að ölið út af fyrir sig skapaði lakara ástand í landinu en nú er, — og það tekur ekki langan tíma að fá úr því skorið, — þá hafa þeir mörgu menn, sem eru á móti ölbruggi, svo miklu sterkari málstað á eftir við að fá því aflétt en þeir hafa nú við að standa á móti því. Og tilhliðrun á einu sviði til þess að skapa sér sterkari aðstöðu á öðru eða síðar fyrir málið í heild er sannarlega engin goðgá til þess að ná settu marki í merku máli. En hvað svo sem þessu líður, þá er það alveg útilokað að finna nokkur rök fyrir því, að það sé að vinna gegn útrýmingu áfengisbölsins í landinu að vera því fylgjandi, að þjóðin fái með atkv. sínu að segja til um það, hvort hún vilji bruggun öls í landinu eða ekki. Þeir menn, sem slíku halda fram, verða sannarlega ekki teknir alvarlega, þegar þeir samtímis krefjast þess, að þjóðin fái sjálf að segja til um það með atkv. sínu, hvort leyfðar skuli áfengisútsölur eða ekki í einstökum héruðum. — Ákvæði 2. mgr. 7. gr. ákveður ekkert annað en einmitt þetta, að leita skuli álits hjá þjóðinni sjálfri um það, hvort bruggun öls skuli leyfð. Það hefur því miður allt of oft borið við í þessu heita deilumáli um áfengisneyzluna í landinu, að þeir menn, sem af einlægni og áhuga hafa beitt sér fyrir áfengisvörnum í margvíslegum myndum, hafa beinlínis veikt málstaðinn og gert honum meira tjón en gagn með sumum af þeim fyrirmælum, sem þeir hafa barizt fyrir að lögfest yrðu. Og það er áreiðanlega kominn tími til þess fyrir þá að viðurkenna þetta og athuga, hvort ekki finnast aðrar heppilegri leiðir að því marki, sem þjóðinni væri svo mikils virði að ná yrði, þ. e. að útrýma sjálfu áfengisbölinu. Ég tel langeðlilegast, að inn í þessa grein verði einnig sett það ákvæði, að jafnframt því, sem fram skuli fara þjóðaratkv. um það, hvort leyfa skal að brugga áfengt öl í landinu, skuli og fara fram atkv. um það, hvort þjóðin vilji algert aðflutningsbann og sölubann áfengis á ný. Hefur þetta engan kostnað í för með sér, þar sem spurningin getur verið á sama seðli, en sanngjarnt að verða við þeirri kröfu og ekki einskis vert að vita vilja þjóðarinnar um þetta atriði nú.

Í 4. brtt. minni á þskj. 111, fyrri mgr., er tekið upp allt það, sem nú er í 7. gr. frv., og er því ekki ástæða til þess að ræða þau atriði nánar. Hins vegar þykir mér rétt að lesa hér upp síðari mgr., þar eð hún inniheldur þau nýmæli, sem gert er ráð fyrir að taka upp í frv. En þessi 2. málsgr. í till. minni á þskj. 111 hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú fer fram þjóðaratkvæði um leyfi til að selja öl í landinu samkv. fyrirmælum þessarar greinar, og skal þá jafnframt og á sama hátt láta fara fram atkvgr. um það, hvort þjóðin kýs frekar algert aðflutnings- og sölubann áfengis eða áframhaldandi innflutning og sölu þess með þeim takmörkunum, sem l. þessi mæla fyrir um. Komi í ljós, að meiri hluti þeirra, sem atkv. greiða, aðhyllist algert aðflutnings- og sölubann áfengra drykkja, skal Alþingi það, sem kemur saman næst eftir að þetta er kunnugt, gera till. um nýja tekjustofna til ríkissjóðs, er komi í stað ágóðans af áfengissölunni og jafngildi þeim tekjum, og láta síðan fara fram þjóðaratkvæði um þær till., á sama hátt og fyrir er mælt í þessum lögum. Verði þær till. samþ. með meiri hluta greiddra atkv., ber samstundis að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að banna innflutning og sölu áfengis í landinu."

Ég skal út af þessari brtt. minni taka fram

hér, að ég er fús til samvinnu um að breyta þessari 2. mgr. enn, þannig að það sé hægt að láta fara fram þjóðaratkvæði um málið í heild á fyrsta stigi. Og ég skal athuga það nánar, ef dagskráin verður felld og frv. nær fram að ganga.

Með þessu móti, sem ég hér hef lýst, verður hægt að ganga úr skugga um það, hvort þjóðin virkilega vill algert áfengisbann í landinu og hvort hún vill leggja á sig þær kvaðir, sem því eru samfara, og þá á hvern hátt. Allt umtal um áfengisbann, án þess að þær ráðstafanir, sem hér er bent á, séu gerðar, er raunverulega marklaust hjal. Við samþykkt þeirrar till., sem ég ber hér fram, fæst úr því skorið, hvort þjóðin vill raunverulega leggja það á sig, sem nauðsynlegt er til að útrýma áfengisbölinu með þessari aðferð. Þeir hv. þingmenn, sem ekki vilja fylgja henni, vilja þá ekki heldur áfengisbann í þessu landi.

5. brtt. mín er um það, að andvirði fyrir upptækt áfengi renni í áfengisvarnasjóð. Ég hef aldrei getað fellt mig við það, að menningarsjóður hafi tekjur sínar, sem hann notar til þess að greiða kostnað af menningarmálum þjóðarinnar, frá því sorglegasta ómenningartákni, sem sá hluti þjóðarinnar er brennimerktur með, er ekki kann sér hóf í öl- eða víndrykkju, enda miklu eðlilegra, að féð sé notað til þess að fyrirbyggja frekara tjón af ofdrykkju. Það eru ekki heldur neitt sérstaklega þeir menn, sem njóta styrks úr menningarsjóði, sem eru blysberar fyrir þeirri stefnu að útrýma áfengisbölinu úr landinu, svo að af þeim ástæðum er ekki heldur sjálfsagt, að þetta fé renni til þeirra, og vísa ég hér einnig til þeirra ummæla, sem ég hafði í sambandi við umr. um breyt. á l. um menningarsjóð.

6. brtt. mín er um það, að óheimilt sé að gefa veitingamönnum afslátt frá söluverði áfengis. Það mun hafa viðgengizt lengi vel, að Hótel Borg fengi ákveðinn afslátt af viðskiptum við Áfengisverzlunina, en fyrir atbeina fjvn. var þessu hætt 1947 og hefur væntanlega ekki verið tekið upp aftur, enda engin þörf. Þetta ákvæði á því að samþykkja.

Samkv. ákvæðum 10. gr. er ætlazt til þess, að aðeins verði heimilað að hafa útsölustaði í kaupstöðum. Er þetta takmörkun frá því, sem nú er, þar sem íbúum í kauptúnum og einnig í sveitum er heimilt með atkvgr. að kveða á um þetta, til eða frá. Í framkvæmdinni hefur þetta sjálfsagt enga þýðingu. Sem betur fer sækjast íbúar kauptúna, þorpa og sveita almennt ekki eftir því, að komið sé þar upp útsölu á áfengi, og er það vel. En þegar það er kunnugt af margra ára reynslu, að þeir eru í þessu máli framar kaupstaðabúum, þá er það nokkuð hjákátlegt, að með lögum skuli vera tekinn af þeim sjálfsákvörðunarrétturinn í þessu máli. Einmitt það að láta þá halda þessum rétti áfram er styrkur fyrir þá, sem berjast fyrir útrýmingu áfengis, að benda á, að svo og svo mörg héruð hafi útrýmt áfenginu af frjálsum vilja og fullum skilningi á þörfinni fyrir því. Þetta verður líka því torskildara, þegar frv. gerir samtímis ráð fyrir því að auka sölumöguleikana í kaupstöðunum með því að fjölga þar veitingastöðum, og sýnir það bezt, hversu sáralítið samræmi er í löggjöfinni. Þegar svo enn eru athuguð ákvæði 13. gr. um, að ekki má selja vín nema gegn staðgreiðslu og að ekki má senda það gegn póstkröfu, og enn fremur ákvæði 19. gr., þar sem þung refsing liggur við, að vín finnist í bifreið, ef ekki er unnt að færa sterkar líkur fyrir því, að eigandinn ætli sér að drekka það sjálfur, þá er tvöföld ástæða til þess að breyta þessu ákvæði. — 7. brtt. mín miðar að því að svipta ekki neinn þessum sjálfsákvörðunarrétti, meðan hann er viðurkenndur í máli þessu fyrir nokkurn aðila. Ég get búizt við því, að þeir menn, sem spyrna vilja við því, að áfengisveitingastöðum verði fjölgað í landinu, muni benda á, að þessi till. mín sé rýmkun frá því, sem ákveðið er í frv. Er það út af fyrir sig rétt. En eins og ég hef tekið fram áður, er hér um réttlætiskröfu að ræða, sem á engan hátt skaðar sjálft málefnið, en getur hins vegar orðið því styrkur, ef rétt er á haldið, og ber því að samþykkja þessa till.

Í 8. brtt. minni legg ég til, að 12. gr. frv. verði breytt algerlega. Hefur mér þótt rétt að orða 1. mgr. um eins og sjá má á a-lið till. og breyta henni. Meginbreytingin er fólgin í því, að veitingastaður, sem leyfi fær, skal vera fyrsta flokks að dómi ríkisstj., en ekki gistihúseiganda, enda skýrari ákvæði um reglu, snyrtimennsku og annað í sambandi við útbúnað veitingastaða. Enn fremur er nánar tiltekið um bann við greiðslu fyrir að bera fram vínföng. Tel ég, að þessar brtt. séu mjög til bóta. — Till. undir b-lið miðast hins vegar við, að fyrri till., nr. 7, hafi verið samþ. Er þar því um afleiðingu að ræða. — C-liðurinn, sem er till. um, að 3. mgr. falli niður, er vegna þess, að þau ákvæði greinarinnar eru sumpart óþörf, eftir að mínar till. um 7. gr. hafa verið samþykktar, og sumpart er ekki eðlilegt, að undanþága frá almennu reglunni sé gefin á þann hátt, sem þar er gert. En þessi liður till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Utan kaupstaða er dómsmrh. og heimilt, að uppfylltum skilyrðum a—c-liða 1. mgr., að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga, ef telja má, að veitingahúsreksturinn sé aðallega fyrir erlenda ferðamenn, enda mæli áfengisvarnanefnd með leyfisveitingunni.“ Ég sé, eins og ég hef tekið fram, enga ástæðu til þess að hafa þessa grein og hef því lagt til, að hún falli niður, og vænti ég, að hv. d. geti fallizt á, að greinin eigi að falla niður, og samþ. því þessa till. mína hér að lútandi. — D- og e-liðir eru afleiðing af fyrri samþykktum, hafi þær verið gerðar.

9. brtt. mín, við 15. gr., er um það að fella niður heimild til að taka upp skömmtun á áfengi með reglugerð. Í mþn. var mjög rætt um skömmtun á áfengi, og kom þar fram till. um að taka hana upp. Þykir mér rétt að taka hér upp kafla um þetta atriði úr skýrslu n., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Annar nm. (B. T.) gerir svofellda grein fyrir afstöðu sinni til skömmtunar:

Svíar hafa reynt skömmtun (Brattskerfið) um aldarfjórðung, og hefur hún ekki gefizt betur en það, að áfengislagan. sú, sem þar hefur starfað undanfarið (frá 1944) hefur orð-

ið sammála um að leggja til, að skömmtun verði afnumin. Þetta sýnir, að reynslan hefur hlotið að vera slæm af skömmtunarreglum þeim, er kenndar eru við Ivan Bratt. Aðalatriðið er það, að vonir manna um minnkandi áfengisnautn vegna skömmtunarinnar hafa brugðizt verulega. Svíar drekka mest allra Norðurlandabúa, um 50% meira á hvert mannsbarn en Norðmenn. Tilgangur skömmtunarinnar var m. a. sá að koma í veg fyrir, að drykkjumenn gætu náð í áfengi, þar sem þeir voru útilokaðir frá því að fá áfengisbók, en reynslan leiðir í ljós, að þetta hefur alveg misheppnazt, eins og sést af því, að um ¾ af ofurölvun meðal Svía lengi undanfarið á sér stað meðal manna, sem hafa enga áfengisbók, þ. e. eru útilokaðir að l. frá því að ná í áfengi hjá einkasölunni. Þetta er rothögg á skömmtunina. Annað er rétt að nefna. Um leið og fólk verður fulltíða (21 árs) í Svíþjóð, fær það leyfi til þess að fá áfengisbók upp á vasann. Þetta verður til þess, að mjög margir, bæði karlar og ekki síður konur, fara að ná sér í áfengi. Þeir hugsa sem svo: Það er sjálfsagt að nota réttindin. — Það líta margir svo á, að meðal réttinda, sem fylgja því að verða fullveðja, sé það að fá sér á pyttluna! Með þessu er eins og verið að „löggilda“ áfengisnautnina fyrir hvern einstakling, ef svo mætti að orði kveða.“

Þetta er sérgrg. stórtemplars í n. Má telja það alveg furðulegt, að sömu menn sem fært hafa svo skýr rök fyrir því, að ekki eigi að taka upp skömmtun, skuli svo síðar leggja til að heimila hana í frv. Er þetta ein sönnun þess, hversu mál þetta hefur allt verið laust í böndunum hjá n.

10. brtt. mín er við 16. gr. *(Forseti:* Mundi ekki hv. þm. vilja geyma ræðu sína þangað til seinna á fundinum?) Ég tel það nú rétt, því að ég á sjálfsagt eftir að tala í hálftíma enn. — [Fundarhlé].

Herra forseti. Ég hafði lýst hér áðan 9 af mínum brtt. og skal nú halda áfram ræðu minni.

10. brtt. mín er við 16. gr. og er í tveim liðum. Fyrri liðurinn er um það, að niður falli tvö orð, sem eru óþörf, ef síðari liðurinn er samþ., sem er ný mgr. og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Áfengi má ekki veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður eða svo mjög undir áhrifum víns, að hann gæti ekki hófs í siðgæði eða brjóti almennar umgengnisvenjur á veitingastað. Skal viðkomandi veitingamaður, eftirlitsmaður með áfengisveitingum eða veizlustjóri láta þegar fjarlægja hvern þann, sem þannig er ástatt um, og ber að stöðva allar veitingar á staðnum, unz það hefur verið gert. Þessi ákvæði gilda einnig um áfengisveitingar samkv. 20. gr. þessara l.“

Með þessari till. er lögð meiri ábyrgð á herðar veitingamanni, veizlustjóra og eftirlitsmanni, sem ég ætlast til að skipaður verði, og lýst verður ákvæðinu um það síðar, er rætt verður um 14. brtt.

Ef rýmka á um sölu áfengis samfara því, sem útrýma á áfengisbölinu og kenna mönnum að fara sómasamlega með neyzlu áfengra drykkja, verður að hafa eftirlit með því, að fyrirmælum l. sé hlýtt, og eins að gefa mönnum aðhald í sambandi við meðferð vínsins. Þeir menn, sem kynnu að verða andvígir þessari till. og öðrum, sem á eftir fylgja um sama efni, eru þá jafnframt andvígir því, að samfara frelsi í notkun áfengis komi batnandi umgengnisvenjur og meira öryggi fyrir þá, sem umgangast menn, sem víns neyta, en taka sjálfir ekki þátt í því.

11. brtt. mín er um, að ný grein komi á eftir 20. gr., svo hljóðandi:

„Eftirlitsmaður með áfengisveitingum skal hafa aðgang að hverjum þeim stað, þar sem leyft hefur verið að veita áfengi, jafnt í félögum og veizlum sem á opinberum veitingastöðum, og ber honum að sjá um, að fyrirmælum þessara l. sé hlýtt, og kæra yfir, ef brotið er út af. Honum skal enn fremur heimill aðgangur að hvers konar mótum og samkomum, ef grunur leikur á, að þar sé haft vín um hönd, í því skyni að gæta þess, að ölvun eigi sér ekki stað, sem fer í bága við fyrirmæli og tilgang þessara l. Heimilt er honum að afla sér þar hvers konar sönnunargagna, sem hann telur nauðsynleg til sönnunar brotum á l. þessum.“

Miðar þessi brtt. að því sama og 10. brtt., að tryggja, að vínnautn sé ekki misnotuð og þó einkum að umgengnisvenjur og góðir siðir séu ekki virtir að vettugi.

12. brtt. mín er um, að ný grein komi á eftir 25. gr., svo hljóðandi:

„Sé það á almannavitorði, að fyrirmæli 21.—25. gr. þessara laga hafi verið brotin á ákveðnum samkomum, eða ef sterkur grunur liggur á því, að svo hafi verið, ber að láta fram fara réttarrannsókn á meintum brotum, þótt engin kæra hafi komið fram, svo að upplýst verði á þann hátt, hvort um meint brot hafi verið að ræða eða ekki.“

Það er á almannavitorði, að mörgum skemmtunum er beinlínis spillt með návist manna, sem ekki gæta hófs í neyzlu áfengis, og þarf oft ekki nema einn mann eða fáa menn til þess að spilla samkomum. Þykir rétt, að það varði sektum, og eru fyrirmæli þessi til að fá það upplýst, þótt engin kæra hafi beinlínis borizt um brot ákveðins aðila.

13. brtt. er umorðun á 26. gr. frv. Ég tel rétt, að áfengisvarnaráðunautur eigi jafnframt að vera áfengisvarnalæknir. Það er alveg vitað, að það líður ekki á löngu, þar til mætt verður þeirri kröfu þjóðarinnar að setja sérstakan lækni yfir öll áfengismálin í landinu. Og þá á sá maður einnig að vera áfengisvarnaráðunautur stjórnarinnar í öllu því, sem þessi mál snertir. Það er of mikil skammsýni að binda þetta starf við mann, sem nú gegnir því, þótt hann sé í alla staði ágætur maður. Það væri því mikið víxlspor að ganga ekki frá þessu atriði þegar í upphafi eins og eðlilegast er að hafa það í framtíðinni.

14. brtt. mín er um það, að ný grein komi á eftir 27. gr. og orðist svo:

„Dómsmrh. skipar eftirlitsmenn með neyzlu og meðferð áfengis á öllum þeim stöðum í landinu, þar sem leyfðar eru útsölur og veitingar

áfengis, svo marga sem þurfa þykir að dómi áfengisvarnaráðs. Skal þeim skylt að fylgjast með því, að fyrirmælum l. sé hlýtt í hvívetna, og bera fram kærur á hendur þeim, sem brotlegir hafa gerzt. Gerist eftirlitsmaður brotlegur um meðferð og sölu áfengis eða hylmar yfir með öðrum, sem gerzt hafa brotlegir, eða vanrækir á einn eða annan hátt starf sitt, svo að lögbrot verði öðrum auðveldari, skal hann sæta ábyrgð samkv. l. þessum.

Að öðru jöfnu skulu meðlimir áfengisvarnanefndar ganga fyrir sem eftirlitsmenn, enda skal ávallt leita álits áfengisvarnaráðs, áður en ráðh. skipar slíkan starfsmann.

Á þeim stöðum, sem útsölur eða veitingar áfengis eru ekki leyfðar, skal eftirlitsstarfið falið áfengisvarnanefndum þar, og ber þeim þá að hafa eftirlit með mótum og samkomum, sem haldnar eru á því svæði, sem þeim tilheyrir.

Eftirlitsmenn geta hvenær sem er krafizt aðstoðar lögreglumanna, ef þeim þykir ástæða til í sambandi við brot á l. þessum.

Ráðherra setur reglugerð um störf eftirlitsmanna og laun þeirra."

Eins og greinin ber með sér, er ætlazt til, að komið sé upp fullkomnu eftirlitskerfi með framkvæmd l., og hef ég nokkuð rætt um það hér að framan. Það væri ekki óeðlilegt að spyrja, hve mikinn aukinn kostnað slíkt eftirlit mundi hafa í för með sér. Út af því vil ég taka fram:

Lögin eru einskis nýt, ef ekkert eftirlit á að hafa með þeim. Í frv. er gert ráð fyrir, að komið sé á áfengisvarnanefndum eftir þörfum og að þær fái laun. Þeirra er því að hafa eftirlitið. Kostnaðurinn fer sjálfsagt eftir því, hve fólksfrekt eftirlitið er. Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að benda á, að eftirlit með bifreiðum í landinu kostar nú um eina millj. kr. Tel ég, að enginn vilji draga úr því, ef það á að kosta fleiri slys. En því verður ekki á móti mælt, að misnotkun áfengis í landinu nú gerir miklu meira tjón en öll bifreiðaslysin til samans, eins og ég er líka viss um, að fyrir þá upphæð, sem greidd er fyrir bifreiðaeftirlit, má skapa öruggt eftirlit með áfengisneyzlu í landinu.

15. brtt. mín er umorðun á 30. gr. frv. og hljóðar svo:

„Í öllum skólum, er opinbers styrks njóta, skal fara fram fræðsla um áhrif áfengisnautnar. Sérstaka áherzlu skal leggja á að upplýsa, hvaða áhrif ofnautn áfengis hefur á líkama mannsins, vinnuþrek, siðferðisþroska hans og sálarlíf, á heimili manna, umgengnisvenjur og almenna siðfágun, á fjárhag einstaklinga og þjóðarinnar, á öryggi í vandasömu starfi og atvinnu manna almennt. Enn fremur skal veita fræðslu um það, hver sé öruggasta leiðin til að *forðast ofnautn áfengis*.

Áfengisvarnaráði skal skylt að sjá svo um, að skólarnir eigi þess jafnan kost að fá hentugar kennslubækur og kennslukvikmyndir, eftir því sem við á á hverju skólastigi, allt frá barnaskólum til háskóla. Ráðherra setur nánari fyrirmæli með reglugerð um kennslustundafjölda í hverjum skóla, prófstig o. fl., er að námsgreininni lýtur, að fengnum till. frá áfengisvarnaráði.

Skylt skal öllum sóknarprestum landsins að hafa eftirlit með því, að börn og unglingar hafi fengið þá fræðslu, sem ákveðin er í barnaskólum samkv. fyrirmælum þessarar greinar, og er það skilyrði fyrir fermingu barna, að þeim hafi verið kennd sú námsgrein."

Eins og tekið er fram í grg. frv., þá er 15. gr. nú í l. og hefur verið það alllengi, en árangur af fyrirmælunum er ekki ærið fyrirferðarmikill. *Þegar þess er minnzt, hvernig blysberar þjóðarinnar*, stúdentarnir, venjulega eyða fyrstu dögunum að lokinni langri skólagöngu, hvernig þeir síðar heiðra aðra menntastofnun, háskólann, með fyrstu nærveru sinni í félagsskap með eldri stúdentum og hvernig þeir síðar á ævinni minnast þessara merkisdaga, getur maður ekki komizt hjá því að viðurkenna, að þessari kennslugrein skólanna hlýtur að vera eitthvað verulega ábótavant, og er það ekki hvað sízt orsök þess, að þetta vandamál þjóðarinnar er enn ekki leyst sem skyldi.

Samkv. 20. gr. frv. varðar við l., ef starfsmaður *ríkisins* er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu. Prófessorar, prestar, kennarar eða hvers konar fræðarar hinna ungu í þjóðfélaginu eru ekki taldir vera að gegna embætti sínu þær stundir, sem þeir eru í hófi, hvort heldur það er fámennt eða fjölmennt, og ná þá að sjálfsögðu ákvæði 22. gr. frv. ekki yfir neitt af því, sem menn kunna þar að leyfa sér. Þó gæti svo farið, að ofnautn áfengis slíkra manna þar orsakaði meira tjón en þó að hún kæmi fyrir við embættisverk, ef svo illa tækist til t. d., að fordæmið brenndi sig í vitund ungra viðstaddra manna, sem ályktuðu, að umgengnisvenjur slíkra tignargesta hlytu að vera fyrirmynd, sem ekkert væri við að athuga. Í sambandi við þetta atriði þykir mér rétt að benda á kafla í grg. frv. á bls. 11, rómv. II, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrsta ráðstöfun stjórnarinnar til þess að koma í veg fyrir brennivínsofdrykkju á Íslandi eru fyrirmæli í konungsbréfi 3. júní 1746 til biskupanna á Íslandi, þar sem lagt er fyrir þá að sjá um, „að prestar og aðrir haldi sig frá drykkjuskap". — Í erindisbréfi handa biskupunum, útgefnu 1. júlí 1746, er svo fyrir mælt, að drykkjuskapur presta skuli sæta viðurlögum, einkum ef prestar láta sjá sig drukkna í verzlunarstöðum. Þessi fyrstu stjórnarfyrirmæli gegn ofdrykkju á Íslandi eru gefin út að ráði Lúðvigs Harboe, er sendur var hingað til lands til þess að kynna sér ástandið í skólum og kirkju. Reit hann stjórninni ræki legt bréf um drykkjudrabbið á Íslandi, og telur hann till. Jóns biskups Árnasonar um brennivínsbann bæði kristilegar og nauðsynlegar."

Það vakti athygli *mína*, að prestar *mega* ekki samkv. hirðisbréfinu láta sjá sig drukkna í verzlunarstöðum. Hvað gat legið á bak við þessi fyrirmæli annað en vitneskjan um það, að það gat valdið tjóni að hafa slíkt fyrir öðrum, þar sem fjölmenni var? Hvað mundi þá hafa verið sagt um það, að þeir væru á þann veg þátttakendur í mannmörgum, virðulegum

hófum? Ég held, að þegar menn hafa áttað sig á kjarna þessa máls, þá verði þeir mér sammála um það, að nauðsyn beri til að samþ. þessa till.

16. brtt. mín er um það, að allar sektir samkv. l. skuli renna í áfengisvarnasjóð, en að greitt verði það, sem á kann að vanta til að standast kostnað við framkvæmd l., af ágóða Áfengisverzlunarinnar, í stað þess að ákveða hundraðsgjald af hagnaðinum.

17. brtt. mín er um það, að 32. gr. frv. falli niður. En sú gr. ákveður, að 6% af ágóða Áfengisverzlunarinnar skuli lagt til hliðar í næstu 5 ár til þess að sinna sérstökum verkefnum, sumum alveg óskyldum þessu máli og sumum, sem tryggt hefur verið fé með gildandi l. Tel ég rétt að fella þessa grein niður.

Aðrar till., 18.—24., eru til samræmingar, ef till. mínar eru samþ., og þurfa ekki skýringa við.

Ég hef þá gert ýtarlega grein fyrir till. mínum og lýst afstöðu minni til þessa máls. Að ég hef lagt svo mikla vinnu í að athuga þetta mál og ganga frá brtt. við frv., þótt ég eigi ekki sæti í þeirri n., sem það hefur haft til meðferðar, kemur til af því, að ég álít, að hér sé til umr. eitt af vandamestu málum þjóðarinnar, sem hv. alþm. megi ekki greiða atkv. um nema hafa áður kynnt sér það út í æsar. Ég er að sjálfsögðu fús til þess að hafa um það fulla samvinnu við n., sem hefur málið til meðferðar, svo og hvern annan hv. þm. um að fylgja öðrum brtt., ef þær ná frekar því marki, sem að ber að stefna, þ. e. að útrýma áfengisbölinu. En ég get ekki sýnt það ábyrgðarleysi í þessu stóra máli að vera með að vísa því frá, eins og meiri hl. n. leggur til. Vil ég þar með skjóta mér undan þeirri ábyrgð, sem því fylgir að setja þjóðinni ekki áfengislöggjöf, vitandi það, að sú áfengislöggjöf, sem hún nú býr við, bakar þjóðinni meira tjón en mælt verður í krónum, og mun ég því greiða atkv. á móti hinni rökstuddu dagskrá.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil mjög taka undir það, sem hér hefur verið sagt, að hér er um mikið vandamál að ræða, þar sem eru áfengislögin og hvernig hægt sé að koma í veg fyrir óhæfilega notkun áfengis. Þess vegna eru mér það vonbrigði, að meiri hl. hv. n., sem um þetta mál hefur fjallað hér, skuli leggja til, að málinu sé vísað frá með rökstuddri dagskrá, án þess að leggja nokkuð sjálfstætt til málanna.

Það er að vísu gefið í skyn, að sú n., sem um þetta hefur fjallað og skipuð var af dómsmrh., hafi ekki verið rétt valin, og að því fundið, að hvorki hafi í henni átt sæti umboðsmenn eða fulltrúar Stórstúkunnar né kvennasamtakanna. Sannleikurinn er sá, að í þessa n. voru valdir menn, sem allir höfðu um þessi mál fjallað á einn eða annan veg og vænta mátti, að væru kunnugir bæði óskum manna í þessum efnum, — ólíkum óskum manna, en ekki einhæfum frá tilteknum hópum, — og eins menn, sem gera má ráð fyrir, að væru kunnugir raunverulegu ástandi og hvar væri helzt umbóta þörf. Og ég vil halda því fram, að sú n., þar sem Brynleifur Tobíasson er, verði ekki talin vanskipuð af hálfu bindindismanna í þessu landi. Ég hygg, að það séu fáir núlifandi Íslendingar, sem eigi lengri og heilsteyptari sögu í bindindismálunum heldur en einmitt Brynleifur Tobíasson, enda hefur hann gegnt æðstu trúnaðarstörfum innan góðtemplararegluninar, svo að vanskilið er, að þaðan hefði annar hæfari maður orðið nefndur.

Á sama veg vil ég halda því fram, að þar sem málið hefur nú legið í fullan 1½ mánuð — nær 2 mánuði, geri ég ráð fyrir — hjá hv. allshn. þessarar d., þar sem hinn ágæti kvenskörungur, hv. 8. þm. Reykv., á sæti, þá sé fyllilega séð (Gripið fram í.) — já, er formaður nefndarinnar, þá sé fyllilega séð fyrir því, að konur hafi átt þess kost að leggja sitt til málanna. Og ég veit ekki, hverjar hefðu frekar verið tilnefndar heldur en einmitt þessi skörulega þingsystir okkar eða bróðir, — ég veit ekki, hvort frekar á að kalla. (Gripið fram í.) Systir, er leiðbeining forseta. Ég skýt þessu fram, vegna þess að á sínum tíma var það til umr., hvort ætti að kalla kvenmann, sem var skipaður sendiherra, frekar sendiherra eða sendifrú, og að viturra manna ráði þótti einhlítt að kalla hana sendiherra. Og þess vegna veit ég ekki frekar um þingmann, sem er kvenkyns, hvort á að kalla hann okkar þingbróður eða þingsystur. En nú höfum við forsetaúrskurð um það, og þá er sjálfsagt að hlíta honum. En þessi ágæta þingsystir okkar (Gripið fram í.) — já, hún er þingmaður, — en þessi ágæti þm., hann er, að því er ég bezt veit, einn í stjórn Kvenfélagasambands Íslands og gegnir öðrum trúnaðarstörfum í kvennasamtökunum, svo að það hefði mátt ætlazt til þess, að frá honum kæmu bendingar í þessum efnum, er konur sérstaklega hafa þar til mála að leggja. En sannast er að segja, án þess að ég geri lítið úr till. kvenna í þessum málum eða öðrum, þá eru konur auðvitað eins skiptar í þeim eins og karlmenn; það vitum við allir. Það sýnist sitt hverjum og því ekki skynsamlegt að velja eftir kynjum til slíkra nefndarstarfa, og allra sízt þegar það liggur fyrir, að sú þn., sem hefur haft málið til meðferðar, er einmitt svo heppin að hafa jafnskörulegan formann úr kvenmannsstétt eins og hv. 8. þm. Reykv.

Ég tel þess vegna þær aðfinningar, sem komið hafa fram gegn skipun n., tilefnislausar og tel litlar líkur benda til þess, að málið yrði nær afgreiðslu, þótt hin rökstudda dagskrá væri samþ. Það er einnig ljóst, að af samþykkt hennar mundi leiða verulegan drátt málsins, drátt, sem þeir ættu allra sízt að óska eftir, sem hæst hafa nú um það, hvílíkt vandræðaástand sé í þessum efnum. Og ég vil fyllilega taka undir það og lýsa því sem minni sannfæringu, að núverandi ástand í þessum efnum sé allt annað en gott, þótt vandinn sé hins vegar miklu meiri að benda á, hver úrræði eigi að verða til bóta.

Það er vitað, og hefur sérstaklega verið um það rætt, að deilt hefur verið á ríkisstj. og þá mig sérstaklega sem dómsmrh. fyrir tvö atriði í framkvæmd þessara l., annars vegar fram-

kvæmd á vínveitingaleyfum svo kölluðum og hins vegar varðandi héraðabönn.

Um það fyrra er það að segja, að ákvæði l., eins og þau eru, eru nánast óframkvæmanleg. Og frá þeim hefur verið brugðið allt frá því að áfengislögin fyrst voru sett, misjafnlega mikið, en sama eðlis lengst af allan tímann. En það liggur líka í augum uppi, að ef það þótti ástæða til þess að hafa vínveitingar á einstöku stað í Rvík fyrst þegar Spánarundanþágan var veitt, sem mig minnir að hafi verið 1922, þegar hér voru rúmlega 20 þús. manns, þá er auðvitað óframkvæmanlegt að ætla að hafa vínveitingar einungis á einum stað nú, þegar íbúar Rvíkur eru orðnir nær 60 þús., ef menn á annað borð vilja hafa vínveitingar á veitingastöðum, en það getur verið deiluefni. Menn geta haldið því fram, að engar slíkar veitingar eigi að eiga sér stað. En ef þær á annað borð eiga að eiga sér stað, þá er það óhafandi fyrirkomulag að hafa þetta aðeins á einum stað og ætla að banna með öllu leyfisveitingar annars staðar. Það dylst heldur ekki, að margt af því, sem er ömurlegast við drykkjuskap hér á landi, kemur af því, að segja má, að hann sé ekki leyfður í húsum inni. Menn mega að vísu drekka í sínum einkahíbýlum, — sem betur fer vilja margir forðast það, — en á veitingastöðum mega menn yfirleitt ekki hafa vín um hönd. Menn eru þess vegna reknir út í skúmaskot, upp í bifreiðar og ýmsan ósæmilegan máta til þess að neyta þeirra vínfanga, sem þeim eru þó löglega seld og þeir eru löglega að komnir. Það væri skiljanlegt, að ríkið vildi alls ekki selja vín. En hitt er óskiljanlegt, að ætla að selja mönnum vín í jafnríkum mæli og gert er, en banna mönnum síðan að neyta þess á siðsamlegan og hófsamlegan hátt. (*Forseti:* Eða flytja það heim til sín. Nú má ekki flytja það í bíl.) Þetta eru nú ýkjur hjá okkar góða hæstv. forseta. En nokkur vandræði kunna að vera á því að koma því heim til sín, ef menn kaupa mikið. Það mun satt vera.

Ég vil þess vegna eindregið halda því fram, að það hafi verið af ríkri nauðsyn, að ekki hefur verið hægt að framfylgja til fullnustu hinum óframkvæmanlegu boðum löggjafans um það, hvernig vínveitingaleyfum eigi að koma fyrir. Og þegar af þeirri ástæðu er alveg nauðsynlegt, að löggjafinn kveði á um, hvaða skipun á að taka upp í þessum efnum. Annaðhvort að menn segi: Vínveitingar á opinberum veitingahúsum eiga alls ekki að eiga sér stað. — Þá er sjálfsagt fyrir löggæzluna að fylgja því fram, og ekki skal á því standa þann tíma, sem ég hef hennar yfirstjórn. Að öðrum kosti verði settar framkvæmanlegar reglur um það, hvenær þetta eigi að vera leyfilegt, en ekki óframkvæmanlegar eins og nú. Ég legg á það ríka áherzlu, að Alþingi taki afstöðu til þessa atriðis á einn eða annan veg nú þegar, einmitt vegna þess, að ég tel, að núverandi fyrirkomulag sé óviðunandi, m. a. vegna þess, að Alþingi hefur verið kunnugt árum saman, að á þessu er hafður tiltekinn háttur, en engu að síður ganga stöðugar ákærur á dómsmálastjórnina í landinu fyrir það, að hún brjóti vilja Alþingis í sinni framkvæmd, þótt Alþingi viti, hvernig framkvæmdin er. Þess vegna tel ég það — og legg á það höfuðáherzlu, að nauðsynlegt sé fyrir Alþingi að samþ. ekki með þögninni, eins og hingað til, það, sem gert hefur verið, heldur kveða upp úr og segja um það, hvern hátt eigi að hafa á þessu. Í því sambandi vil ég ekki reyna að hafa áhrif á skoðun eins eða neins hv. alþm. Það verður hver að gera upp við sig, eftir því sem hann telur að fenginni reynslu.

Ég hef um það ákveðna sannfæringu, að það mundi verða til þess að draga úr drykkjuskap og koma þessu í skaplegra horf, ef í þessu yrði haft meira frelsi og meira tillit tekið til staðreyndanna heldur en verið hefur fram að þessu. Ég tek alveg undir ummæli hv. þm. Barð. um það, að það er enginn efi á því, að þessi miklu ofbönn, sem verið hafa í þessum efnum hér að undanförnu, — án þess þó að algert bann væri, sem einnig er óframkvæmanlegt, — þau horfa ekki til góðs, heldur skapa einungis spillingu og vandræði. Hitt skal ég játa, að ef um það væri að ræða, að hægt væri að hafa algert áfengisbann, og ef það væri framkvæmanlegt, þá fylgir svo mikið böl áfengisneyzlu, að það væri vissulega takandi til athugunar. En þessari leið er alls ekki að heilsa. Hún er engan veginn fyrir hendi.

Annað atriði, sem ég legg mikla áherzlu á, að Alþingi skeri nú úr á einn eða annan veg, er um afstöðuna til svo kallaðra héraðabanna. Um héraðabönnin voru sett lög 1943, en bætt var við viðbót um það, að þau ætti ekki að framkvæma, ef talið væri, að þetta kæmi í bága við samninga ríkisins við önnur lönd. Ég þori að fullyrða, að þá þegar hafi öllum alþm. verið ljóst, að þá voru engir slíkir samningar fyrir hendi. Ákvæðið var einungis sett vegna þeirrar tvöfeldni, sem er í þessum málum. Menn vilja setja upp fagrar samþykktir, en ætlast svo alls ekki til þess, að þeim sé framfylgt, og ætla svo að leggja þá byrði á stjórnarvöldin að standa í vegi fyrir þeim samþykktum, sem Alþingi hefur gert að nafninu til, en meinar ekkert með, enda er reynslan sú, að allar ríkisstj., sem verið hafa frá 1943, — og þær hafa verið skipaðar fulltrúum allra stjórnmálaflokkanna í landinu, — hafa verið sammála um að láta þessi lög ekki koma í gildi. Ég tel miklu eðlilegra, að Alþingi hreinlega segi til um: Vill það leyfa héraðabönnin, eða vill það ekki leyfa héraðabönnin? Það er ósköp einföld atkvgr. að taka afstöðu til þess.

Að öðru leyti skal ég ekki fara að rekja hér einstakar brtt. eða einstök atriði. Um þau er það eins og annað, að sitt sýnist hverjum. Ég legg á það áherzlu, að ef menn ætla að samþ. ölbrugg, þá samþ. Alþingi ölbruggið sjálft, eftir atvikum með tilvísun til þjóðaratkvgr., en láti það ekki í vald ríkisstj. Það er miklu betra fyrir Alþingi sjálft að segja til um þetta, en skjóta sér ekki undir síðari ákvörðun ríkisstj. Ég hef ekki borið fram brtt. um þetta á þessu stigi, vegna þess að ég óska eftir því að sjá, hvernig atkvgr. um hina rökstuddu dagskrá fer og um þær brtt., sem nú eru þegar komnar við þessa grein. En ef frv. nær til 3. umr., eins og ég vonast eftir, þá mun ég flytja brtt., til þess að þetta atriði verði alveg ótvírætt. Ég tel það höfuðskyldu Alþingis í

þessu efni að segja hreinlega til um vilja sinn, en vera ekki með fyrirmæli, sem annars vegar eru sannanlega óframkvæmanleg og hafa alltaf verið framkvæmd öðruvísi en orðin standa til og fullar ástæður er hins vegar hægt að færa fyrir, að Alþingi ætlist ekki til, að séu framkvæmd. Slíka afstöðu Alþingis tel ég vera því ósamboðna. Og vegna þess að rökstudda dagskráin ætlast til að viðhalda þessu óhæfilega ástandi, þá vil ég mælast til þess, að menn felli rökstuddu dagskrána, en samþ. það í frv., sem hverjum um sig finnst vera eðlilegt til þess að draga úr hinu mikla drykkjuskaparböli, sem ég skal allra manna sízt gera of lítið úr né láta svo sem ég sé ekki við það hræddur, því að það er ég vissulega. En þó að ég sé um ýmis atriði áfengisbölsins ósammála þeim, sem halda, að því sé hægt að útrýma með bönnum og höftum, þá er það ekki vegna þess, að ég geri mér miður grein en þeir fyrir því, hversu alvarlegt það er, heldur vegna þess, að ég tel, að reynslan sé þegar búin að sanna, að sú bannleið horfi til ófarnaðar, en ekki til góðs.

Frsm. meiri hl. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Ég var því miður ekki viðstödd, þegar hæstv. ráðh. byrjaði ræðu sína, en mér var sagt það af þeim, sem viðstaddir voru, að hann hefði haft þau ummæli, að Brynleifur Tobíasson hefði verið fulltrúi Stórstúkunnar í þeirri mþn., sem undirbjó áfengislagafrv. það, sem hér liggur fyrir, og að það hefði svo mátt líta á mig sem fulltrúa kvenna í allshn., sem hefur haft málið til meðferðar, og svo voru höfð eftir orð um það, að það hefði legið lengi hjá þeirri n. Ég vildi nú bara vísa til bréfs Stórstúkunnar, sem ég ætla að hafi verið birt í mörgum ágætum blöðum, þ. á m. í Morgunblaðinu, en við höfum ekki birt með nál. okkar, þar sem Stórstúkan segir, að hún hafi engan þátt átt í skipun n. til þess að endurskoða áfengislögin. Og það má sjá af þeim ummælum, sem fram koma í því bréfi, að Stórstúkan lítur svo á, að væru áfengislögin haldin í þeirri mynd, sem þau eru, þá mundi það vera betra en ef farið væri að setja l. svipuð þeim, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Varðandi mig sem fulltrúa kvennasamtakanna í Alþ., þá vil ég hreint ekki út af fyrir sig bera það af mér, en hæstv. dómsmrh. er það eins kunnugt og okkur hinum, að það vinnst ekki tími til þess að gera mjög mikil verk í þeim mörgu n., sem við sitjum í, og með því að einmitt kvennasamtökin í landinu töldu þau nýmæli, sem í frv. felast, vera til tjóns fyrir þetta mál, þá þótti mér rétt, að málið yrði tekið til annarrar athugunar og að við mundum vera betur sett með þau l., sem nú gilda, heldur en þó að það yrði farið að gera samþykktir úr þessu frv. En ég skal bæta því við, að þau atriði, sem ég er alveg sérstaklega andvíg, eru nýmæli í þessu frv. Það er t. d. ákvæðið um heimild til þess að brugga áfengt öl í landinu. Það er eitt af nýmælum frv. og eitt af þeim stærri, og það er ákvæði, sem ég er algerlega andvíg og tel að mundi leiða til aukinnar áfengisnautnar.

Gegn 12. gr. frv., sem er um það, að dómsmrh. geti veitt fleiri veitingahúsum en einu leyfi til vínveitinga, hafa komið mótmæli frá öllum þeim félagssamtökum, sem um þetta hafa skrifað. En þau hafa ekki stefnt í sömu átt. Frá þeim félagssamtökum, sem óneitanlega vinna eftir allri sinni getu að því að draga úr böli áfengisnautnarinnar, hafa komið samþykktir um að fella niður greinina, en þó hefur verið talið, að þar væri eitt ákvæði til bóta, sem sé það, að eigi skyldi greiða þjónustugjald af áfengum drykkjum. En það kom líka bréf um það ákvæði frá einu félagi, sem taldi yfirleitt allt gott í frv., og það var samband veitingamanna. Það taldi frv. yfirleitt mjög sæmilega gott að undanskildu þessu atriði, að banna skyldi að greiða þjórfé.

Þegar frv. kemur hér í þingið með þeim undirbúningi, að það er unnið af n., sem raunverulega er ekki studd af neinum félagssamtökum í landinu, sem að þessum málum vinna, þannig að eftir á koma félagssamtökin, sem við yfirleitt tökum mikið tillit til í málflutningi, og neita því að hafa haft nokkuð með þessi mál að gera og neita því að vilja hafa með þau að gera í þessari mynd, þá sé ég ekki, að það sé nein önnur leið fyrir hendi en að taka málið upp til nýrrar endurskoðunar og að sú endurskoðun yrði þá að vera byggð upp eins og gert er ráð fyrir í rökstuddu dagskránni, að þegar frá byrjun sé þessum samtökum sýndur sá trúnaður, að þau séu tekin með til starfans. Vegna þess að við trúum í raun og veru á það, — það er ekki tómt orðagjálfur, — að allir vilji draga úr ofnautn áfengis í landinu og því böli, sem af því leiðir, og það megi þá finnast einhver leið, sem — ég þori ekki að segja allir, en allflestir gætu orðið sammála um í þessu efni, þá tel ég, að þetta þurfi að gera. En það fæst ekki með því að koma með frv., sem undirbúið er með þeim hætti, sem hér hefur verið gert, til samþykktar. Það verður að vinna það upp frá byrjun með því fólki, sem hefur sýnt mestan áhuga í starfi varðandi þessi mál.

Ég mun svo, þegar til atkvgr. kemur, taka afstöðu til brtt., ef svo skyldi fara mót von minni, að rökstudda dagskráin yrði felld, en ég vil geta þess, að ég get verið samþykk mjög mörgum af brtt. hv. þm. Barð., og sama er að segja um brtt. þær, sem hv. 1. þm. N-M. hefur flutt.

En það er eitt í þessu frv., sem ég veit ekki, hvernig Alþ. ætlar sér að afgreiða á þessari stundu, og það eru ákvæði, sem gera ráð fyrir því að taka töluverða fjármuni frá ríkissjóði til áfengisvarna, sem er í sjálfu sér mjög nauðsynlegt, en það vantar bara, hvað þá á að koma á móti til þeirra þarfa, sem þetta fé er nú ætlað til á fjárlögum. Það er náttúrlega mál, sem þarf að taka afstöðu til, ef á að samþ. frv. eitthvað nálægt því, sem það liggur hér fyrir.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég hef nú hlustað á mestan hluta þess, sem hér hefur verið rætt um þetta mikla vandamál, og lært af því sitt hvað, eins og vænta má. Mér þykir dálítið undarlegt, að það skuli vera lagt til að vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá á þeim forsendum einum, að viss félagssamtök í landinu

hafi ekki sérstaklega verið að spurð, og þá einkum að mér skilst Stórstúkan, þó að vitað sé, eins og hæstv. dómsmrh. upplýsti, að einhver mætasti maður og mesti áhrifamaður í áfengisbaráttunni, Brynleifur Tobíasson, sem hefur verið og er alltaf mjög framarlega í bindindisstarfseminni í landinu, hafi verið meðal þeirra, sem störfuðu að undirbúningi þessa frv. Mér virðist, að þetta mál sé nú það mikið vandamál, hvernig á að fara með sölu áfengra drykkja í landinu, að það verði vandfundin þau félagssamtök eða þeir menn, sem á nokkrum fundum í *n. geta útbúið það frv. eða þær till.* í þessu máli, sem allir væru ánægðir með sem lausn, og hvað þetta sérstaka frv. snertir, þá efast ég ekki um, að margt í því horfir til bóta. Það er að vísu tekið fram af hálfu meiri hl. þeirrar hv. n., sem hefur með málið að gera hér í hv. d., að ýmis nýmæli, sem frv. flytur, hafi ekki verið geðþekk þeim og að n. hafi orðið vör við mikla andstöðu gegn þessum nýmælum. En það er látið algerlega ósagt, hvaða nýmæli það eru, nema ég heyrði, að því skaut núna fram í ræðu hv. frsm. meiri hl., að það væri t. d. það, að leyft væri eða gert væri ráð fyrir, að leyfa mætti öl með vissum styrkleika. Látum það gott heita að fella sig ekki við sum nýmæli, sem í frv. eru. Það er þá hægast að greiða atkv. á móti þeim atriðum, hirða þá það eitt, sem horfir til bóta, eða fara þá leið, sem tveir hv. dm. — og þrír þó með hv. frsm. 2. minni hl. — hafa valið sér, að bera fram brtt. til endurbóta á því, sem hv. dm. óska.

Ég heyrði það í ræðu hæstv. ráðh., að hann lagði mikla áherzlu á að fá skýrari línur í löggjöfina um þetta atriði. Það er ekki í fyrsta sinn, sem ég hef heyrt þann hæstv. ráðherra tala á þá leið, því að ég veit, að honum er það mjög mikið áhugamál að fá endurbætur á áfengislöggjöfinni, og að um endurbætur á ýmsum hlutum áfengislöggjafarinnar sé að ræða í þessu frv., geri ég ráð fyrir, að ekki verði mikill ágreiningur um hjá þeim, sem líta vilja á málið frá hlutlausu sjónarmiði.

Það var minnzt hér — ég held, að það hafi verið í ræðu hæstv. ráðh. — á héraðabönn, sem eins og nú er ástatt er varla hægt að koma fram samkv. núgildandi l. Ég veit, að það hefur vakið mikla óánægju einmitt í mínu kjördæmi, að neitað hefur verið af hálfu ríkisstjórnarinnar að láta fara fram atkvgr. um það, hvort bæjarbúar þar, í Vestmannaeyjum, vildu hafa áfengisútsölu þar framvegis eða ekki. Það er ekki laust við, — ég held, að mér sé óhætt að fullyrða það, — að margir álíti, að það sé einmitt dómsmrn., sem hafi þar staðið í vegi, þó að vitað sé, að það er ekki það eitt, heldur ríkisstj. öll, sem hér á hlut að máli, og í rauninni er höfuðgallinn, að núverandi löggjöf er svo óskýr í þessu efni. Ég ímynda mér þess vegna, að þeir hv. áhugamenn fyrir því að útiloka áfengið frá sölu í mínu kjördæmi mundu fagna því, að löggjöf væri sett, sem hefði skýrari og ákveðnari ákvæði um þetta efni, þannig að fólkið ætti kost á því að ráða því sjálft, hvort það vildi hafa útsöluna. Og með þessu frv., ef samþ. væri, væri greiðari leið að því að fara þessa sjálfsögðu og lýðræðislegu leið hvað þetta atriði snertir.

Það dylst engum, að undanfarið hafa verið uppi háværar raddir um óstand í áfengismálunum hjá þjóðinni, og af hálfu sumra blaða hér hefur verið svo að segja stanzlaus áróður gegn einni vissri stjórnardeild, dómsmrn., og dómsmrh. kennt um allt það, sem aflaga fer í framkvæmd áfengiseftirlitsins nú hjá þjóðinni. En þegar borið er hér fram frv. til umbóta á áfengislöggjöfinni, þá kemur meiri hl. þeirrar n., sem með þetta fer, og vill nú skjóta þessu enn *á frest og kveðja marga aðila til nýrra ráðagerða*, eins og hin rökstudda dagskrá ber með sér. Í framkvæmdinni mundi þetta þá þýða það, að öllum umbótum og lagfæringum á núverandi — að því er vitrustu menn segja í þessum efnum — óframkvæmanlegu áfengislöggjöf væri skotið á frest um óákveðinn tíma. Nú, það getur vel verið, að það sé einmitt keppikefli þeirra manna, sem vilja halda uppi af pólitískum ástæðum áframhaldandi áróðri og ásökunum í garð framkvæmdavaldsins í þessu efni. En þá tel ég, að ekki sé gengið að þessu verki af heilum hug, ef svo er stefnt.

Ég sagði áður í þessari ræðu, að hér væri um það mikið vandamál að ræða, að ég byggist ekki við, hvaða aðilar sem þar væru að verki, að það yrði lagt fram hér frv., sem allir segðu um: „Hér horfir allt til bóta," — og þannig frv., að allir væru ásáttir um það, enda er þess varla að vænta. En stig af stigi ætti þó að mega lagfæra hina helztu ágalla, sem nú eru á áfengislöggjöfinni, og það, sem ekki væri lagað í þessari atrennu, væri þá vegur að breyta aftur með nýjum breyt. og ef til vill nýrri allsherjar athugun, en sú allsherjar athugun getur fjarska vel farið fram, þó að stigin séu þau spor, sem til bóta horfa í bili. Í andróðri þeirra, sem talað hafa gegn frv., hef ég ekki orðið var við það, að þeir tækju munninn svo fullan að telja, að ekkert horfi til bóta í þessu frv., enda mun það vera víðs fjarri, því að hér er margt skýrara og ákveðnara í frv. heldur en til er í l. og þess vegna vissulega hægara að hafa myndarlega og holla framkvæmd á áfengiseftirlitinu, ef meginhluti þessa frv. næði fram að ganga.

Ég heyrði, að því sjónarmiði skaut upp hjá hv. frsm. núna síðast, að þar sem í þessu frv. eða í brtt. væru gerðar tilraunir til að draga í sérstaka sjóði eða kroppa í áfengisgróða ríkisins, þá væri til athugunar, hvernig þá ætti að bæta það á annan veg. Ef á málið er litið frá því sjónarmiði, að ríkið þurfi endilega að hafa áfengisgróðann í fullum mæli eins og hann hefur verið og er í dag, þá getur orðið fjarskalega erfitt að fá þá, sem þannig hugsa, inn á neinar þær umbætur, sem kynnu að draga úr neyzlunni, en þetta fannst mér vera orðin þungamiðjan hjá hv. frsm., sem hér talaði næst á undan mér.

Ég fyrir mitt leyti ætlast ekki til þess, að ég sé skoðaður neinn baráttumaður í áfengis- eða bindindismálum. En ég vil líta á hverja þá tilraun, sem gerð er til þess að hafa meiri siðmenningarbrag á þessum málum heldur en nú

er, — sérhverja þá tilraun, sem miðar að því að taka af okkur það óhjákvæmilega óorð, sem á okkur fellur í þessu efni, t. d. í augum allra þeirra manna annars staðar frá, sem hér ferðast og hér koma, — allar þær tilraunir, sem miða í þá átt að bægja áfenginu frá unglingunum í þjóðfélaginu sérstaklega. Þessum tilraunum vil ég taka vel, og ég vil ekki verða til þess að tefja framgang einnar einustu umbótatillögu í þessu máli, sem ég álít að sé framkvæmanleg og horfi til bóta. Þess vegna greiði ég atkv. á móti þessari dagskrá, því að með henni, þó að það sé fært í þann fallega búning, að það þurfi að senda málið enn á milli Heródesar og Pílatusar, er stigið spor til að viðhalda enn þá því ástandi, sem er, og til að spyrna á móti þeim umbótum, sem í frv. kunna að felast.

Af því að sá hv. frsm. meiri hl., sem ég minntist á áðan, er nú kominn inn í d., vil ég endurtaka það, sem ég sagði hvað snerti nýmælin, sem hv. frsm. segir að séu illa séð, að það er hægðarleikur fyrir t. d. hv. meiri hl. n. og hv. d. að vera á móti þeim atriðum í þessum till., sem þeim ekki líka, þó að frv. sem heild sé ekki fært fyrir ætternisstapa. Af því álít ég að sé skylt, ekki einasta hv. meiri hl., heldur hverjum einasta þm., að gera þær umbætur í þessu vandamáli í bili, sem hægt er.

Í hinni skeleggu ræðu, sem hv. þm. Barð. hélt hér áðan, mátti fjölmargt sjá, sem er rétt athugað, og ekki hvað síst var það sláandi röksemd frá hans hálfu, að óhófleg vínnautn kennara og leiðandi manna einmitt á opinberum stöðum, — ég er alveg sammála hv. þm. um það, — er miklu hættulegri en þó að þeir yrðu fyrir þeirri hrösun að koma drukknir að starfi. Þegar um það er að ræða, að eftirbreytni geti haft skaðleg áhrif á óþroskaðar sálir, þá er það vissulega rétt, sem hv. þm. tók fram, að miklu hættulegust eru þau áhrif, sem stafa þannig út til unglinganna umflotin af geislabaugi veizlugleði og hátíðahalda.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en ég vildi gera grein fyrir afstöðu minni til hinnar rökstuddu dagskrár, sem mig satt að segja furðar að skuli hafa komið fram. Ég er algerlega á móti henni, af því að ég vil taka öllum umbótum, sem hægt er að fá á þessu máli í bili, og ég vil líka óska þess, að þeir áhugamenn, — hvort heldur þeir eru innan félagssamtaka eða annars staðar í landinu, — sem framhaldandi geta bent á enn meiri umbætur í þessu efni, geri það og að slíkar till. geti náð fram að ganga hjá löggjafarþinginu á sínum tíma. Þar sem áfengislöggjöfin er stórgölluð og eiginlega illframkvæmanleg eða óframkvæmanleg eins og hún er, þá er vissulega nauðsynlegt að gera umbætur þær, sem hér liggja fyrir. Ég á þar ekki sérstaklega við hið svo kallaða nýmæli um ölið. Ég er ekki að tala um það. Það geta allir greitt atkvæði á móti því, sem vilja, og svo framvegis. En ákvæði l. um héraðabönn og því um líkt, sem hér er um að ræða, eru nauðsynleg og eiga það ekki skilið, að þeim sé hafnað, eins og nú er ástatt í áfengismálum hjá þjóðinni yfirleitt.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég er í þeim meiri hl. hv. allshn., sem stendur að því að leggja til, að þessu frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Þessi till. nefndarmanna hefur mætt gagnrýni allmargra þeirra hv. þdm., sem þegar hafa talað hér, og er ekki aðeins talið ónauðsynlegt að vísa málinu frá og ástæður n. fyrir því ekki nægjanlegar, heldur jafnvel hitt, að með því sé n. að sýna málinu í heild fjandskap og gera tilraun til þess að tefja fyrir því, að gerðar séu þær „lagfæringar", eins og það er orðað, á áfengislöggjöfinni, sem nauðsynlegar séu og felist í þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Hv. frsm. n. hefur nú fært fram þau rök, sem meiri hl. hennar hefur fyrir því að vilja vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá, og hefur þá getið þess, sem rétt er, að meginástæðan, sem fram er færð í rökstuddu dagskránni, er sú, að við undirbúning málsins, þ. e. a. s. þá endurskoðun, sem framkvæmd var á áfengislöggjöfinni af mþn., sem til þess var skipuð, hafi ekki verið nægilega tekið tillit til þeirra félagssamtaka í landinu, sem mest hafa látið þessi mál til sín taka og á einn eða annan hátt varðar það mestu, að vel sé ráðið fram úr því efni, sem hér er um að ræða. Ég held, að það sé alveg rétt, þrátt fyrir þau mótmæli, sem hér hafa komið fram. Þrátt fyrir það að — eins og nefnt hefur verið hér — Brynleifur Tobíasson, sem er mikill bindindismaður og hefur um langt skeið starfað í hópi góðtemplara hér á landi, ætti þarna sæti í n., þá er ekki hægt að segja þar með, að Stórstúkan hafi átt þar nokkurn hlut að máli, því að hann var, eins og líka hefur verið nefnt, skipaður þarna sem starfsmaður ríkisins, sem áfengisvarnaráðunautur eða hvað það nú er kallað, en ekki sem fulltrúi Stórstúkunnar. Og það hefur komið fram, að Stórstúkan telur ekki koma fram í því frv., sem hér liggur fyrir, þau sjónarmið, sem ríkjandi eru í Stórstúkunni, enda stafar það náttúrlega líka af því, að þessi fulltrúi bindindismannanna — eða sem mætti kalla fulltrúa bindindismannanna, þótt hann væri það ekki formlega — var yfirleitt ofurliði borinn í n. um öll hin veigamestu atriði, sem þar voru rædd, og þess vegna koma ekki heldur nema að mjög litlu leyti fram í þessu frv. þær till., sem hann gerði. Samtök kvennanna, sem hafa ekki aðeins mikinn áhuga á þessum málum, heldur líka vegna stöðu konunnar í þjóðfélaginu og á heimilinu alveg sérstaklega mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við það, hvernig með þessi mál er farið, áttu engan fulltrúa í n., og þeirra sjónarmið hafa þess vegna alls ekki komið fram, en hins vegar borizt til n. blátt áfram tilmæli um það, að ný endurskoðun færi fram á áfengislöggjöfinni, þar sem samtök kvenna fengju aðstöðu til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri við sjálfa endurskoðunina.

Þessi samsetning n., sem að verulegu leyti var skipuð sem sagt starfsmönnum ríkisins, hefur þá líka orðið til þess, að myndazt hefur þar meiri hluti, sem veldur því, að í því frv., sem hér liggur fyrir, koma fram sjónarmið, sem eru

í verulegum atriðum — og í þýðingarmiklum atriðum — gagnstæð sjónarmiðum bindindismannanna í landinu. Það er tekið fram hér í 1. gr. frv., að tilgangur laganna eigi að vera „sá að stuðla að hóflegri meðferð áfengis og vinna gegn misnotkun þess", — menn hafa nú hnotið um þetta orðalag, sem von er, og hafa nú komið fram brtt. um það, — þar stendur: „að vinna að hóflegri meðferð áfengis". Það þýðir nú náttúrlega alls ekki það sama og að vinna á móti meðferð áfengis í landinu, heldur jafnvel það gagnstæða, enda sýnir það sig, að meginefni frv. er alls ekki það að stuðla að einu sinni hóflegri meðferð, heldur þvert á móti er það í raun og veru að stuðla að aukinni meðferð áfengis í landinu, rýmka um þau ákvæði, sem hafa verið til þess að hindra það, að áfengi væri um hönd haft, þó að þau ákvæði hafi nú því miður ekki verkað eins mikið og þurft hefði að vera. En meginnýmælin í frv. eru einmitt um það að rýmka um þessi ákvæði og þannig beinlínis að stuðla að aukinni meðferð, aukinni neyzlu áfengis í landinu. Það eru í raun og veru þau helztu atriði, sem hv. þm. Vestm. nú síðast var að tala um, að ekki mætti stöðva þetta frv. vegna þeirra umbóta og lagfæringa, sem í því fælust. Meginefni frv. er því þvert á móti hitt, að skapa aðstöðu til þess að koma á framfæri til landsmanna meira áfengi heldur en gert hefur verið. Þar má fyrst og fremst nefna ákvæðið um sterka ölið. Það er alveg nýmæli í áfengislöggjöfinni, og auðvitað verður ekki hægt að líta á það öðruvísi en þannig, að það sé tilraun til þess að koma á framfæri við landsmenn, ja, að minnsta kosti nýrri tegund áfengis. Þó að reynslan ein auðvitað geti skorið úr því til fulls, þá er það að minnsta kosti álit mjög mikils fjölda manna og þar á meðal álit mitt, að það mundi verða til þess að auka áfengisneyzlu í landinu. Sömuleiðis er eitt af helztu nýmælum frv. það, að áfengi skuli veitt á miklu fleiri opinberum stöðum en nú er leyfilegt samkvæmt gildandi áfengislöggjöf, þ. e. a. s., að veitingahúsum almennt yrði veitt veitingaleyfi, ef þau fullnægja þeim skilyrðum, sem fyrir því eru sett í lögunum og yfirleitt eru þannig, að í framkvæmdinni mundu ekki verða mikil vandkvæði á því fyrir veitingahúsin nokkurn veginn almennt að fá þetta vínveitingaleyfi. Það er annað meginnýmælið í frv., og ég held, að það mundi ekki verða til þess að draga úr áfengisneyzlu í landinu, heldur þvert á móti til þess að auka hana.

Þessi sjónarmið, sem þannig hafa orðið ofan á hjá þeirri n., sem skipuð var til þess að endurskoða áfengislöggjöfina, eru sem sagt í andstöðu við þær hugmyndir, sem bindindismenn í landinu gera sér um það, hvernig eigi að fara að því að draga úr áfengisneyzlunni. Þess vegna álít ég, að það séu full rök fyrir því, sem meiri hl. n. vill láta gera í þessu máli, þ. e. að vísa því frá þinginu nú og láta fara fram nýja endurskoðun á áfengislöggjöfinni, þar sem fulltrúar bindindismannanna í landinu eigi fyllilega kost á því að koma fram sínum sjónarmiðum frekar en var í þeirri n., sem þetta hafði með höndum.

Það má til viðbótar við þetta, — þar sem það styður að því, hversu telja megi, að þessum undirbúningi hafi verið hagað á ófullnægjandi hátt hvað þetta snertir, — benda á það, að hv. dm. virðast ekki líta þannig á þetta frv., að það sé sérstaklega fullkomið eða vel frá því gengið, því að það eru nú ekki færri en á milli 60 og 70 brtt., sem þegar er búið að leggja fram hér í deildinni við þetta frv., og hafa verið boðaðar fleiri brtt., ef málið gangi lengra áfram. Ég held, að þetta sé líka nokkur vottur um það, að hv. dm. séu ekki sérlega ánægðir með það frv., sem hér liggur fyrir, heldur telji, að þörf sé á að gera á því mjög víðtækar og gagngerar breytingar. Hitt veit maður, hvernig er að ætla að umsteypa í meðferð þingsins svo stórum lagabálki sem hér er um að ræða og í jafnvandasömu máli sem þessu. N. treysti sér ekki til þess að gera það og valdi því þessa leið, sem meiri hl. hennar hefur nú lagt til, þ. e. a. s., meiri hl. hennar treysti sér ekki til þess, með þeim tíma, sem hún hefur til starfa, ásamt afgreiðslu fjölda annarra mála, sem til hennar er vísað, og ég er nokkuð hræddur um það, að þegar hv. þdm. eiga nú að fara að greiða hér atkv. um allar þær brtt., sem hér liggja fyrir, þá geti það orðið nokkuð handahófskennt, hvað ofan á verður, og svo gæti nú farið, að þegar frv. kæmi til 3. umr. eftir þá meðferð, þá yrði það nú kannske ekki á þá leið, sem ákjósanlegast mætti heita. Ég er nokkuð hræddur um það. Ég held, að hitt væri miklu réttara, sem meiri hl. n. leggur til, eins og málið nú horfir við, að þetta sé unnið betur utan þings á þann hátt, sem ætlazt er til með rökstuddu dagskránni.

Ég ætla ekki að fara að ræða í einstökum atriðum þær brtt., sem hér liggja fyrir. Þær eru, eins og ég nefndi áðan, mjög margar, og ég ætla ekki að fara að ræða þær í einstökum liðum, á meðan ekki er enn þá séð, hvort rökstudda dagskráin verður samþykkt eða ekki. En ég get ekki varizt því að minnast ofur lítið á þá ræðu, sem hv. þm. Barð. flutti hér áðan, og þá í því sambandi örfáar af þeim till., sem hann flytur.

Við vitum það nú allir hér, hv. þdm., og að sjálfsögðu fjöldi annarra einnig, að hv. þm. Barð. er ákveðinn bindindismaður, neytir sjálfur ekki áfengis og allajafna þegar slík mál sem þessi hafa verið á dagskrá hér í þinginu, þá hefur hann gerzt talsmaður bindindismanna, og ég býst við, að hann hafi talið sig gera það enn í þeirri löngu og ýtarlegu ræðu, sem hann flutti hér áðan. Ég heyrði hana ekki alla, en nokkuð af henni samt, og ég gat nú ekki varizt því að líta svo á, að það væri í raun og veru ekki bindindismaðurinn Gísli Jónsson, sem var að tala í ýmsum köflum þeirrar ræðu, heldur væri það fyrst og fremst formaður fjvn. Hv. þm. Barð. leggur þar t. d. til — eða tekur það upp úr frv. að vísu — í brtt., sem hann gerir við 7. gr. frv., að leyfð sé bruggun á sterku öli, — tekur það upp úr 7. gr. frv. í sína brtt. Það stendur nú hér á þskj. 111,4, í brtt. hv. þm., með leyfi hæstv. forseta: „Þó skal ríkisstj. heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda

meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, enda verði tollar og skattar greiddir af því öli eftir sömu reglum og gilda um annað öl, sem framleitt er í landinu.“ Síðan er gert ráð fyrir, að ef þetta verði samþykkt með þjóðaratkvæði, þá sé hægt að leyfa sölu á þessu öli bæði innanlands og til útflutnings. Hv. þm. Barð. gerir sem sagt ráð fyrir því, að þessi háttur verði tekinn upp, ef það verður samþykkt við þjóðaratkvgr., og sönnunin fyrir því, að hann geri áreiðanlega ráð fyrir því, að þetta geti komið til framkvæmda, er sú, að hann talaði um það í sinni ræðu og er búinn að gera um það útreikninga, að ef þetta verði gert, þá geti ríkið fengið af þessu tekjur, sem nemi ⅓ af þeim tekjum, sem það nú hefur af áfengissölu ríkisins, svoleiðis að hv. þm. talaði um það sem líklegan möguleika, að þetta verði gert og að af þessu fái ríkið mjög miklar tekjur. Að vísu bætti hann því svo við, að þegar þessar tekjur væru fengnar með þessum hætti, þá gæti ríkisstj. takmarkað starfsemi áfengisútsölunnar með því að flytja þá minna af áfengi til landsins og selja minna af því heldur en gert hefur verið, sem þessu næmi. En mér dettur nú satt að segja ekki í hug, að hv. þm. Barð. geri ráð fyrir því í fullri alvöru, að ef svona væri komið og ríkið væri búið að fá þessar tekjur eftir þessari leið, þá færi ríkisstj. að leggja sérstakar hömlur á starfsemi Áfengisverzlunarinnar. Ég held, að hún hafi mjög vel þegið þær tekjur, sem af henni hafa fengizt að undanförnu í ríkissjóðinn, og mundi halda áfram alveg eftir sem áður að stuðla að því, að þær yrðu sem mestar og að þessar tekjur af sterka ölinu yrðu aðeins til viðbótar því, sem ríkið fær nú og mundi halda áfram að fá frá áfengisútsölunni. Ég held, að þarna hafi komið fram sjónarmið fjvn.-mannsins, en alls ekki það sjónarmið, sem bindindismaðurinn Gísli Jónsson hefur svo oft túlkað fyrir okkur hér í þinginu og víðar.

Sama virðist koma fram í annarri brtt., við 10. gr. frv., þ. e. 7. brtt. á þskj. 111, þar sem talað er um útsölustaði áfengisins. Það hefur verið svo undanfarið og er gert ráð fyrir því í frv., að þessir útsölustaðir verði leyfðir aðeins í kaupstöðum og ekki víðar, en í þessari brtt. hv. þm. Barð. er gert ráð fyrir því, að það megi leyfa útsölustaði, ja, mér skilst eiginlega svo að segja hvar sem er á landinu, ef atkvgr. á viðkomandi stað leyfir það, — ekki aðeins í bæjum og kaupstöðum, eins og nú er gert, heldur í „bæjar- eða sýslufélagi, sem í hlut á“, eins og hann orðar það í sambandi við atkvgr. um þetta efni. Hann virðist þarna sem sagt ganga lengra heldur en verið hefur í gildandi lögum og heldur en gert er ráð fyrir hér í frv. í því efni að leyfa möguleika á því að setja upp áfengisútsölur svo að segja hvar sem er á landinu. Þarna kemur aftur fram, að því er mér virðist, þetta sjónarmið fjvn.-mannsins að halda opnum sem mestum möguleikum fyrir ríkissjóð til þess að afla tekna, einnig þótt það sé í sambandi við áfengissölu.

Mér kom þetta dálítið á óvart, og ég vil nú álíta, að þetta sé ekki neinn vottur um hugarfarsbreytingu hjá hv. þm. hvað bindindissemi snertir, heldur sé það bæði þetta, sem ég hef verið að tala um, að hann sé of haldinn þarna sjónarmiði fjvn.-formannsins, og svo líka hitt, sem ég nefndi áðan, að það er enginn hægðarleikur að ætla sér að fara að umsteypa frv. slíku sem þessu í fljótum hasti við meðferð málsins í þingdeildinni. Og þetta mun líka vera vottur um það, að hv. þm. hafi haft heldur nauman tíma til þessa, þó að hann hafi í það ráðizt af miklum dugnaði eins og endranær, og að þess vegna séu þessar tillögur hans og enda ýmsar aðrar brtt., sem fram hafa komið við frv., ekki nægilega hugsaðar, og niðurstaðan af öllu þessu mundi þess vegna verða sú, sem ég líka gat um áðan að ég óttaðist nokkuð, að afgreiðslan á brtt. og þar með á frv. í heild, ef það heldur áfram, mundi verða nokkuð handahófskennd, og niðurstaðan gæti orðið sú, að það, sem út úr afgreiðslunni kæmi, eins og málið nú horfir við og með þeim undirbúningi, sem það hefur fengið, yrðu engan veginn neinar umbætur á núverandi áfengislöggjöf, heldur til þess að stórskemma hana á ýmsan hátt. Þar á ég þó sérstaklega við þau tvö meginatriði, sem ég nefndi áðan, bruggun sterks öls og fjölgun veitingastaða, og e. t. v. samkvæmt þeim brtt., sem hérna væru, fjölgun útsölustaða í talsvert stórum stíl. M. ö. o., niðurstaðan yrði sú, að samkvæmt þeirri áfengislöggjöf, sem kæmist í gildi við samþykkt þessa frv., yrði stuðlað að aukinni áfengisneyzlu í landinu, þvert á móti því, sem átti að vera tilgangurinn með endurskoðun áfengislöggjafarinnar og að nokkru leyti er látið í veðri vaka með þessu frv. hér, þó að meiri hl. mþn. hafi vegna þeirra sjónarmiða, sem þar voru ofan á, jafnvel ekki tekizt betur en 1. gr. frv. ber vott um að dylja þann tilgang, sem raunverulega liggur á bak við þetta frv. Ég mun þess vegna, þrátt fyrir þá gagnrýni, sem komið hefur fram á afstöðu meiri hl. n. hér, halda fast við þá afstöðu, að réttast sé að vísa frv. frá, eins og málum nú er komið.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég fór ekkert inn á það í minni frumræðu hér áðan að ræða meðferð málsins í hv. allshn. eða hinar einstöku till., sem fram hafa komið, en skal nú ræða það mál nokkru nánar og þó einkum og sér í lagi að gefnu tilefni frá hv. 4. landsk. þm., sem dró algerlega ranga ályktun áðan í ræðu sinni af mínum till., vegna þess að hann gaf sér ekki tíma til að hlusta á mína ræðu og þau rök, sem ég færði fram þá fyrir mínu máli. Það er eitt af hinu sorglega tákni um andvaraleysi hv. meiri hl. n. í þessu máli, að hvorki hv. 4. landsk. þm. né hv. form. n. hefur sýnt þessu máli svo mikla virðingu, ef svo mætti segja, eða sýnt svo mikinn áhuga fyrir því, að þau hafi einu sinni fengizt til þess að vera hér við umræðurnar, og ekki heldur gefið sér tíma til þess að minnast nokkurn skapaðan hlut á málið í heild. Ég skal út af því leyfa mér að tilkynna hv. 4. landsk., að þegar þessi fundur var settur hér, hafði ég sem form. fjvn. verið búinn að ákveða fjvn.-fund með hvorki meira né minna en fjórum gestum, sem þurfti að ræða við, en ég taldi það þingskyldu mína að fresta þeim fundi og mæta

hér við umræðu í einu mesta alvörumáli þjóðarinnar, á meðan hv. form. n. og allur meiri hl. sýnir þessu máli svo mikla lítilsvirðingu, að þeir hlaupa hér eins og kindur út og inn af stekk. Þetta er alvaran, sem þessir hv. þm. hafa sýnt í þessu máli.

Skal ég ræða hér nokkru nánar þessa hlið málsins. Ég vil hér m. a. benda á, að í nál. á þskj. 343 eru aðeins örfáar línur um þetta mál. Það er ekki einu sinni hugsað um það að láta fylgja nál. bréf eða skjöl, sem n. höfðu borizt. Því er haldið alveg leyndu fyrir hv. þm., svo að þeir fá ekki einu sinni að sjá, hvað í þeim skjölum er. Auk þess hefur hv. frsm. n. alveg gleymt því að lesa nokkuð upp af þessum gögnum hér. Það er eins og hann hafi verið haldinn fyrirskipun, annaðhvort frá hæstv. fjmrh. eða frá félagssamtökunum, um það, að hann mætti ekkert um þessi mál ræða hér, hann mætti sem minnst skipta sér af því og helzt ekki vera við, þegar málið væri rætt. Þannig er frammistaða hv. frsm. meiri hl. í málinu. Hann sagði hér áðan setningu, sem mig stórfurðaði á og verður að skoðast sem stórpólitísk yfirlýsing hér í hv. Alþingi. Hv. frsm. meiri hl. og hv. form. n. sagði, að hann væri hér fulltrúi kvensambandanna á Alþingi. (*Gripið fram í.*) Ég hef skrifað það orðrétt eftir hv. form. n., og ég skora á hv. form. n. að láta taka það upp af segulbandinu aftur, ef hann vill mótmæla því. Hann upplýsti hér áðan, að hann væri fulltrúi kvensambandanna á Alþingi. Hann afneitar m. ö. o., að hann sé hér fulltrúi ákveðins stjórnmálaflokks. Þetta er alveg nýtt fyrir mér, og það er einmitt þess vegna, eins og hann sagði, sem honum bæri skylda til að fara svona með þetta mál. Síðar í umræðunum kom það fram, að hann var fulltrúi hæstv. fjmrh., eins og ég skal koma síðar að. Um það að hreyfa ekki neinum staf í núgildandi lögum, svo að ekki verði hægt að minnka ágóðann af Áfengisverzluninni og minnka söluna í landinu, vil ég aðeins segja, að það rekst nú kannske nokkuð á að vera fulltrúi kvensambandanna, sem ekki vilja hafa neina vínnautn í landinu, og að vera fulltrúi hæstv. fjmrh., sem ekki vill, að stoppuð sé salan, og óskar eftir, að ágóðinn verði sem mestur af vínsölunni í landinu. Hér stendur vitanlega hv. form. n. á milli tveggja elda — á hér tveimur herrum að þjóna, og það er þess vegna, sem hann hefur ekki manndóm í sér til þess að taka reglulega afstöðu til málsins og ekki heldur manndóm í sér til þess að sitja hér og hlusta á umræður í svo þýðingarmiklu máli.

Ég vil í sambandi við rökstuddu dagskrána leyfa mér að benda á, að eftir því sem upplýst er í grg., sem ég efa mjög að hv. allshn. hafi nokkurn tíma lesið, sendi mþn. frv. mörgum aðilum til umsagnar. Verður ekki séð, að n. sé þetta kunnugt, enda mun hún ekki hafa lagt svo mikla vinnu í þetta mál, að hún hafi einu sinni kynnt sér grg. Það hefur að minnsta kosti ekki komið fram, hvorki í umr. hér né heldur í nál., að hún viti nokkuð um málið sjálft eins og það liggur fyrir í þinginu. En ég vil benda hv. form. n. á það, að hér stendur á bls. 16, með leyfi hæstv. forseta:

„Hún tók saman fáeinar spurningar (þ. e. a. s. mþn.) varðandi nokkur atriði í sambandi við áfengismálin. Spurningar þessar sendi n. 94 aðilum, — opinberum starfsmönnum og fyrirsvarsmönnum félagssamtaka — sem líklegt þótti að rækilega hefðu hugleitt þetta mál eða hefðu vegna starfa síns eða af öðrum ástæðum sérstaklega náin kynni af vandamálum í sambandi við meðferð áfengra drykkja. Því miður svöruðu aðeins 54 aðilar fyrirspurnum n. og sumir þeirra vikust raunar að mestu undan að svara spurningunum beint.“

Veit hv. form. allshn. um þessi ummæli hér í grg.? Og ef hann veit um þessi ummæli í grg., þá er það hreint og beint manndómsleysi að leggja til að vísa þessu máli frá á þeim rökum, sem hann dregur fram á þskj. 343. Hér hefur mþn. einmitt, eins og ég tók fram í minni ræðu, aflað ákaflega merkra upplýsinga, innt ákaflega merkilegt starf af höndum í sambandi við undirbúninginn á þessu frv., þó að ég sé henni ekki sammála um niðurstöðurnar. Þessar spurningar eru hér allar til staðar. Svörin eru hér einnig, og hv. allshn. hafði nægilegt efni til að vinna úr til þess að skapa sér einhverja sjálfstæða skoðun í þessu máli. Og ég er alveg viss um það, *þó að málið verði sent til nýrrar mþn., sem* skipuð er á þann hátt, sem ætlazt er til í rökstuddu dagskránni, að þá koma hér fram á Alþ. fjöldamargar brtt. við það frv., sem þannig kynni að verða lagt fram. Þær kunna að verða 70, og þær kunna að verða tvisvar sinnum 70, svo að sú ástæða er alveg markleysa ein, að vikja frá sér ábyrgð fyrir það, að ekki sé búið að undirbúa málið nægilega vel af þeim, sem til þess voru kjörnir.

Þá sagði hv. 8. þm. Reykv. einnig, að „vegna ýmissa atvika, sem ég tel vera til tjóns, þykir mér betra að láta málið bíða“. Ætlar hv. form. allshn. virkilega að telja okkur trú um það hér í Ed., að þegar málið kemur á ný frá þeim mönnum, sem hér er rætt um að eigi að hafa það til meðferðar og undirbúnings næst, þá verði ekki þar einhver atriði, sem betra væri að láta bíða heldur en að skapa sér þá ábyrgð að taka afstöðu til þeirra? Ég held, að þetta sé eitt skýrasta tákn um manndómsleysi í stóru máli. Og ef alltaf á að vísa máli frá af því, að það séu einhver atriði, sem að dómi viðkomandi aðila eru til tjóns, þá á maður að kasta frá sér þingmannsábyrgðinni um það og búa til rökstudda dagskrá og vilja ekki sinna málinu. Ég hefði búizt við allt öðru af þingfulltrúa kvensambandanna, sem hefur það á dagskrá sinni að vilja vinna á móti áfengisbölinu í landinu. Meiri manndómur var í því að segja: Ég greiði atkv. á móti þessum atriðum, sem málinu eru til tjóns, og ég tala á móti þeim og berst á móti þeim með hnúum og hnefum, og ég birti öll þau skjöl, sem komu til n. sem mótmæli gegn þessum ákveðnu atriðum. — Í þessu var einhver manndómur. Sannleikurinn er sá, að hv. form. n. og allur meiri hl. hv. allshn. hefur tekið það aumasta hlutverk hér, sem hægt var að taka. Það er að vísa frá máli, sem ekki þolir bið að bætt sé. Og hvers vegna er það gert? Annaðhvort af því, að þessir hv. menn eru bundnir í

flokksfjötra og hafa ekki lengur heilbrigða, sjálfstæða skoðun í málinu, eða þeir óttast það, að meiri hl. Alþ. gangi á móti þeim í málinu. Annað getur ekki verið. En fyrir fram er það alls ekki vitað, síður en svo, og alls ekki á þessu stigi málsins er það vitað, að meiri hl. hv. alþm. gangi á móti málinu þann veg að vilja ekki bæta úr því böli, sem vitað er að er í áfengismálunum. Það væri þá fyrst á síðara stigi málsins, er vitað væri, að búið væri að skemma frv. eða færa það í það horf, að menn, sem vildu þessu máli vel, gætu ekki samþ. það, að þeir hefðu getað borið fram rökstudda dagskrá og sagt, að vegna þess að málið sé ekki komið í það horf, sem við viljum, þá berum við dagskrána fram. En það er ekki þannig farið að. Ég verð að segja það, að ég hef aldrei þekkt jafnauma afstöðu í jafnstóru máli eins og hér er á ferðinni: að vera búin að halda þessu máli í n. síðan þing byrjaði, vera búin að fá viðtöl við fjölmarga menn, vera búin að fá fullt af skjölum, birta ekkert af þessu, segja ekkert frá þessu í ræðum né ritum hér, vera ekki við, þegar málið er til umr. og koma svo með fáar línur og segja: Við óskum eftir, að málið sé drepið, svo að ófremdarástandið í málunum geti haldið áfram hjá þjóðinni að minnsta kosti heilt ár enn. — Svo leyfir hv. form. sér að segja, að hann sé fulltrúi kvensamtaka Íslands. Ég mótmæli því alveg. Ég vildi heldur, að hann vildi viðurkenna hér, að hann sé fulltrúi síns flokks, sem hefur sent hann á þing og merkt sér hann hér.

Þá segir hv. frsm., að það hafi komið mótmæli frá öllum um fleiri útsölur. Hvers vegna er alþm. leynt þetta hér? Hvers vegna mega þeir ekki sjá þessi mótmæli, og hvers vegna mega alþm. ekki vita, hvað þau hafa inni að halda, á hverju þau eru byggð, hvort þau eru samstæð sókn gegn ölinu, eða hvort þau eru samstæð sókn gegn einhverju öðru? Hvaða leyndardómur hvílir yfir þessu starfi nefndarinnar? Svo segist hann líka hafa fengið bréf frá sambandi veitingamanna. Hvers vegna má Alþ. ekki fá að sjá þessi bréf? Hvers vegna voru þau ekki birt líka? Þau hefðu þá a. m. k. legið fyrir sem þskj. Ef rökstudda dagskráin er samþ., þá hefðu þó a. m. k. hinir nýju aðilar, sem áttu að vinna að þessu máli eftir uppástungu hv. meiri hl., haft öll þessi gögn í einu skjali til þess að sækja í sína vitneskju og hafa sem leiðarljós við undirbúning löggjafarinnar fyrir næsta þing, en það má ekki heldur vera þannig. Og svo segir hv. frsm., þegar koma mótmæli frá samböndunum, að ekki sé hægt að gera annað en að vísa því frá. Ja, er það nú nokkur manndómur hjá þm., ef mótmæli koma frá einhverjum samböndum eða einhverjum mönnum, að þá eigi menn að leggja niður sína eigin sjálfstæðu skoðun, leggja niður rófuna og segja: Ég vil ekki taka þátt í afgreiðslu þessa máls? — Ég held, að slíkir þm. ættu ekki að bjóða sig fram oftar, því að það er þó fyrst og fremst á valdi þm. að síðustu að segja eitthvað til um mál, sem afgerast á á Alþ. Þeir áttu að hafa nægilegan manndóm og vizku til þess að geta greint illgresið frá kjarnanum í öllum þeim ummælum og öllum þeim mótmælum, sem komu fram, og segja: Þetta er kjarni málsins. Þessu fylgi ég, hinu hafna ég. — En það er ekki það, sem verið er að gera hér, síður en svo.

Ég verð að segja það, að ég vildi ekki óska þess, að hv. meiri hl. þessarar n. yrði valinn af neinum samböndum kvenna eða karla til þess að undirbúa málið í mþn., — þessi meiri hl., sem ekki er fær um að mynda sér neina sjálfstæða skoðun í slíku máli sem hér er á ferðinni, en vill aðeins nota málið sem auglýsingastarfsemi til þess að láta fólkið trúa því, að það sé fylgjandi því, sem það er ekki fylgjandi í raun og veru. Það er alveg sýnilegt, að einmitt þessir menn vilja viðhalda um langt skeið enn þá því ófremdarástandi, sem nú er ríkjandi í þessum málum.

Ef þessi till. verður samþ., þá er það alveg raunveruleiki, að það verður ekki breytt um í þessum málum fyrr en næsta Alþ. hefur fengið tækifæri til þess að segja álit sitt um málið á ný, ef það þá liggur fyrir. Og ef það þá liggur ekki fyrir í meira samhengi en það liggur fyrir nú, þá komast þessir hv. þm., ef þeir eiga að fjalla um það, í nákvæmlega sama vanda, því að ég get alveg fullvissað þessa hv. þm. um það, að það koma eins mörg mótmæli gegn hvaða niðurstöðu sem menn fá í þessu máli, svo stórt mál er það og svo flókið mál er það.

Þá segir hv. 8. þm. Reykv., og þar kom nefnilega fálkinn að hjartanu: Hvar eiga að koma á móti tekjurnar á þessu fjárhagsári, ef frv. er samþ.? — Það hefur mjög mikinn kostnað í för með sér að samþ. frv., eins og ég einmitt minntist á í ræðu minni. Það má gera ráð fyrir, að eftirlitið eitt kosti ef til vill 1 millj. kr. Og þá segir hv. þm.: Hvar á að taka tekjur á móti þessu til að standast þennan kostnað? — En ég vil þá spyrja, hvar eigi að koma tekjur á móti, þegar búið er að útiloka sölu áfengis í landinu, eins og kvenfélagasambandið óskar eftir að verði gert. Hvar á þá að taka tekjur á móti? Þar er þó um að ræða hvorki meira né minna en yfir 50 millj. Hér er ekki um að ræða nema innan við 1 millj. eða kannske minna en það til þess að forða verulegu tjóni hjá þjóðinni, bæði siðferðislega, andlega og líkamlega. Og því sér hv. 8. þm. Reykv. ofsjónum yfir, og það er gott, að kvenfélagasambandin í landinu viti það; það er gott, að þau viti það, að hv. 8. þm. Reykv. þorir ekki að standa frammi fyrir sínum hæstv. fjmrh., af því að hann er flokksmaður hans, til þess að vera með því, að 1 millj. kr. eða minna en það sé lagt úr ríkissjóði, til þess að þetta mál nái fram að ganga til úrbóta á ástandinu í landinu eins og það er nú. En þarna kom að því, að hann varð tveim herrum að þjóna. Hann var annars vegar að þjóna kjósendunum úti í bænum, heldur, að hann sé að gera þeim gott með því að sýna ekki þennan manndóm, sem ég hef lýst hér, passar sjálfan sig með því að vísa málinu þannig frá, en er svo að þjóna í fullri einlægni sínum ágæta flokki og hæstv. fjmrh. um það að hjálpa til að minnka ekki söluna á áfengi í landinu og minnka ekki eymdina, sem því fylgir, og það er miklu þyngri dómur.

Veit hv. þm., hvernig Framsfl. hefur farið með þessi mál á undanförnum þingum? Ég vil benda honum á það, ef hann ekki þekkir söguna um það, hvernig hann svipti mestu vesalinga landsins, drykkjumennina, þeirra heimili til þess að geta gefið það einum sínum ágæta flokksbróður. Ég vil minna hv. 8. þm. Reykv. á það, hvernig hann síðan vann að því að reyna að koma upp öðru heimili á Úlfarsá, sem aldrei hefur orðið að heimili, af því að bak við það lá engin löngun til þess að gera þar heimili. Ég vil enn fremur leyfa mér að benda honum á, hvernig Framsfl. stöðvaði á síðasta þingi það mál, sem gekk hér í gegnum þessa hv. d., að byggja að nýju heimili yfir drykkjumenn, og að það voru fulltrúar Framsfl. í Nd., sem stöðvuðu málið. Ég vil enn fremur benda honum á, hvernig hann hefur sífellt látið einn af sínum bindindispostulum, Halldór sálmaskáld, halda uppi áróðri gegn þessum málum, hvernig hann er sífellt látinn gera kröfu á Reykjavíkurbæ um að setja upp drykkjumannahæli á Korpúlfsstöðum, bara til þess að slá ryki í augun á fólkinu, en stendur svo algerlega á móti því, að notuð yrðu hundruð þúsunda, sem liggja í sérstökum sjóði hjá ríkissjóði, sem ákveðið hefur verið með lögum að ætti að inna þetta verk af hendi. Ég vil benda honum á þessa raunasögu Framsfl. í þessu máli, og á bak við rökstuddu dagskrána liggur einmitt þessi stefna Framsfl., þessi raunalega stefna Framsfl. í áfengismálunum, bein fyrirskipun til hv. form. n. um að fara þannig með málið. Óðruvísi verður þetta ekki skilið. En þá skal hv. 8. þm. Reykv. ekki vera að flagga með því, að þetta mál sé neitt hugsjónamál fyrir hann, því að það er það ekki lengur.

Hv. form. n. lýsti því yfir áðan, að hann væri sammála mörgum af mínum till. Hvers vegna tekur þá ekki hv. þm. upp hér baráttuna fyrir þeim till., sem hann er raunverulega sammála um, í staðinn fyrir að vísa málinu frá? Og hvers vegna tekur ekki hv. 4. landsk. upp það af mínum till., sem er til bóta fyrir málið sjálft? Látum vera, að hann felldi í burtu þær till., sem hann telur vera til bölvunar, en hann á þá að minnsta kosti að taka upp þær till., sem eru til bóta, til þess að sjá, hvort ekki sé hægt að fá þær inn í frv. Og það er fyrst á síðara stigi málsins, að menn, sem einhverja ábyrgð hafa, geta leyft sér að koma fram með rökstudda dagskrá, af því að þá sé málið ekki komið í það form, sem þeir óska eftir, þá sé málið í lakara formi heldur en gildandi löggjöf. En sannarlega ber öllum hv. þm. skylda til að reyna að bræða hér saman, ef mögulegt er, þær tillögur, sem gera málið þannig úr garði, að það fari út úr þinginu sem betra mál heldur en löggjöfin er í dag, þótt ekki náist allt, sem menn helzt óska. Ég er hér fullkomlega til viðtals um það að fylgja þessu máli, þó að ég fái ekki allar till. mínar samþ. Það er svo, þegar á að ræða um stór mál og mörg sjónarmið koma fram, að menn geta ekki búizt við að fá allt, sem þeir vilja, en ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að það sé ekki hægt að bræða hér saman vilja hv. þm. um það að laga það ófremdarástand, sem nú er í áfengismálunum á Íslandi, þó að ekki sé hægt að stíga þar fullt skref á einu þingi.

Ég ætla þá að segja hér nokkur orð í sambandi við ræðu hv. 4. landsk. og skal nú ekki tefja lengi hæstv. forseta. Hann segir, að það séu meginatriði í frv. að auka vinnautnina í landinu, t. d. ölið. Það er nú alveg sýnilegt, að maður, sem fullyrðir þetta, hefur annaðhvort ekki lesið frv. eða ekki kunnað að draga réttar ályktanir. Það er ekki einn einasti stafur um það í frv., að það skuli veitt öl innanlands til sölu fyrr en það sé búið að greiða um það atkv. meðal þjóðarinnar, og þá er það þjóðin, sem segir til um það. Og á þá þjóðin ekki að fá að ráða eins miklu í þessu máli og meiri hl. allshn.?

Þá segir hann, að það eigi að neyta áfengis á fleiri stöðum en nú er og að þetta sé rýmkun frá núgildandi löggjöf. Það er alveg rétt. Við höfum mismunandi skoðanir á því, bæði ég og hæstv. dómsmrh. og margir aðrir, að það sé ekki til tjóns, en ef hv. 4. landsk. telur, að það sé tjón að þessum till., hvers vegna berst hann þá ekki fyrir því og sér, hvað hann fær marga menn með sér, að hrinda þessum ákvæðum úr frv., svo að hann síðar geti séð, hvernig frv. er, þegar það kemur til 3. umr., þá síðast beitt sínu atkvæðavaldi til þess að fella frv., ef það er ekki komið í það horf, sem æskilegt er, áður en það fer hér úr þessari hv. d. Í því væri miklu meiri manndómur.

Svo segir hann, að það sé rétt, að bindindismenn komi þar sínum sjónarmiðum á framfæri. Ég hef nú lýst því hér áður, hvernig bindindismenn og þeirra fulltrúar höfðu öll tækifæri til að koma fram sínum sjónarmiðum við mþn., ekki einasta vegna þess, að þeir áttu þar einn fulltrúa, sem er einn af þekktustu bindindisfrömuðum landsins, heldur einnig vegna þess, að til þeirra eru sendar spurningar, sem þeir eiga svo að svara, auk þess sem þeir gátu svo að sjálfsögðu gert alls konar herferð á sjálfa n., bæði með bréfum, erindum og samtökum, og það er þá fyrir megnasta áhugaleysi þessara manna, ef þeir hafa ekki komið þar fram áhugamálum sínum eða sjónarmiðum.

Ég þarf ekki að endurtaka það, sem ég sagði hér áðan um brtt., 70 að tölu. Þær munu verða 70 eða miklu fleiri, frá hvaða mönnum sem frv. kemur um þetta mál. Hann hélt, að það yrði allmikið handahófsverk, þegar menn ættu að fara að greiða atkv. um hinar einstöku till. Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að það er aðeins handahófsverk þeirra þm., sem ekki treysta sér til þess að greiða atkv. eftir sannfæringu sinni, því að þeir gætu ruglazt í fyrirskipunum frá sínum flokkum. Ef það skyldi fara svo, að inn færu einhverjar till., sem ætlazt væri til að væru felldar, eða felldar aðrar, sem ættu að komast inn, þá rugluðust þeir í ríminu og gætu þá ekki fylgt lengur þeirri línu, sem þeim væri fyrirskipað. Það er eins og á meðan kennt var í skólunum utan að og menn gátu lesið heilar greinar, ef þeir voru ekki truflaðir, en ef þeir voru truflaðir í lestrinum, þá fór allt út um þúfur, og þeir urðu að byrja framan frá. Og mér virðist einmitt, að hv. meiri

hl. n. sé haldinn slíkum sjúkleika í sambandi við þetta mál, að hann hafi enga sjálfstæða skoðun og fari eftir fyrirframgerðum skipunum sinna flokksmanna.

Þá sagði hv. þm., að hér hefði talað meira form. fjvn. en bindindismaðurinn Gísli Jónsson. Ég vil nú benda honum á í sambandi við þau rök, sem hann færði fram fyrir því, — og hann vísaði til 7. gr., — að sá kafli, sem hann vísar í, er í l. í dag. Það er í l. í dag og hefur verið samþ. hér í þ., að það megi brugga öl fyrir setuliðið. Og það er ekkert sagt hér annað í minni till. Það er hins vegar alveg skýrt tekið fram, að þetta öl megi ekki selja innanlands fyrr en farið hefur fram þjóðaratkv. um það mál. Ég held bara, að það komi hér ekkert fram sjónarmið form. fjvn. Það er nákvæmlega sama sjónarmið eins og ég hef alltaf haft hér áður í þessu máli. Þessi grein var samþ. hér með mínu atkv. Ég man nú ekki, hvort hún var samþ. með atkv. hv. 4. landsk., en það er ekkert nýtt í því máli. Og dagskráin raskar þessu ekkert, þó að hún verði samþ. Þessi ákvæði standa enn. Þau eru alls ekkert frá mér. Þau eru bara tekin upp hér til þess að sýna þetta í einni heild. Það eru því ekkert annað en falsrök, sem hv. 4. landsk. segir um það, að ég sé hér að boða einhverja sérstaka aukna vindrykkju í landinu. Auk þess vil ég segja hv. þm. það, að ég hef ekki verið sannfærður um það enn, að það sé ekki einmitt hægt, eins og ég tók fram í minni ræðu, að draga úr bölinu með því að leyfa öldrykkju í landinu. Ég er alls ekki sannfærður um það, að það sé ekki hægt. Hins vegar legg ég til í minni till., að þetta sé látið á vald þjóðarinnar sjálfrar. Er hægt að sýna meira frjálslyndi í máli heldur en það? Þessi hv. þm. er að reyna að telja hv. meðbræðrum sínum hér í þinginu og systrum, eins og hæstv. forseti sagði áðan, trú um það, að það sé sama og að leyfa ölbruggun í landinu og ölsölu að vera með því, að málið gangi undir þjóðaratkv. Það eru tvö alveg óskyld atriði. — Sömuleiðis segir hann, að 7. brtt. mín bendi til þess, þar sem ég vilji leyfa víðar útsölur heldur en nú er, og vísar þar til minnar brtt. í sambandi við héraðabönnin. Hann hefur bara ekki hlustað á mín rök þá, og ég nenni nú sannarlega ekki að vera að endurtaka þau, og sérstaklega ekki þegar komið er fram yfir fundartímann. En ef hv. þm. hefði hlustað á mín rök, þá vissi hann það, að hér var um hreint réttlætismál að ræða til styrktar bindindisstarfseminni í landinu, en ekki til óþurftar fyrir hana.

Hann sagði að síðustu, að till. mínar sýndu það, að ég hefði haft of nauman tíma til að hugsa um þær. Það getur vel verið, að ég hafi haft of nauman tíma til að hugsa um till. Ég hef samt sem áður haft meiri tíma til þess að hugsa um þetta mál, þó að mér bæri ekki skylda til þess sem nm., heldur en hv. allshn. hefur haft til þess að hugsa um það, því að hún hefur bókstaflega ekki sinnt málinu. Hún hefur að vísu sent út fyrirspurnir. Hún hefur leyft sér að bíða aðgerðalaus eftir svörunum. Og þegar svörin koma, þá velur hún þann kostinn að gefa út nokkrar línur í nál., sem hvorki segir eitt né annað um málið. Það er ekki minnzt á allar þær brtt., sem ég gerði á þskj. 111. Það er ekki minnzt á það í nál., og þó bar n. skylda til þess að athuga þær brtt. allar, sjá, hvernig þær féllu inn í frv. sjálft, og gera sér grein fyrir því, hvernig frv. þá liti út, ef þær hefðu allar verið samþ., eða leggja til að taka það af þeim, sem gott og gilt var frá hennar sjónarmiði, en ekkert af þessu hefur n. gert — ekki eitt einasta atriði. Það er ekki minnzt á þetta. Ég skal ekkert segja um, hvort till. hafi verið lesnar í n., en af þeim skjölum, sem fyrir liggja, eða þeim upplýsingum, sem komið hafa fram, er ekki sýnilegt, að það hafi verið lögð nein vinna í að athuga þessi mál. Sannleikurinn er, að ég hef lagt mjög mikla vinnu í þetta mál, og það er vegna þess, að ég tel, að þetta sé eitt af allra stærstu málum, sem fyrir þessu þingi liggja, og ég tel, eins og ég sagði áðan, að það sé alveg óverjandi að ljúka svo þessu þingi, að ekki verði efnislega greidd atkv. um þetta mál, og jafnvel þótt það nái ekki fram að ganga, þá er það höfuðnauðsyn fyrir þá menn, sem samkv. dagskránni ættu að taka málið til meðferðar á ný, að vita um afstöðu manna hér í þinginu til málsins. Þess vegna má ekki undir neinum kringumstæðum fella frv. nú við þessa umr. eða vísa því frá með því að samþ. dagskrána. Það, sem er réttast, er því að samþ. frv. hér, láta það ganga til Nd. og láta hv. Nd. fara um það höndum í n. og sjá síðan, þegar svo langt er komið, hvort þá sé ekki búið að betrumbæta frv. svo, að það sé orðið betra en núgildandi lög. En þeir menn, sem ekki vilja það, taka þá ábyrgð á sig, að ófremdarástandið haldi áfram, og þeir skulu sannarlega verða sóttir til þeirrar ábyrgðar á næstu tímum.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að gera örstutta grein fyrir atkv. mínu um sum atriði þessa máls, en áður en ég vík að því, get ég ekki látið hjá líða að mótmæla algerlega þeim sleggjudómum, sem hv. þm. Barð. hafði hér um það, að hv. 8. þm. Reykv. hefði fengið fyrirskipanir í þessu máli frá sínum flokki. Það hefur verið svo, ekki einasta í Framsfl., heldur — held ég — í öllum flokkum þingsins, að þetta mál hefur aldrei verið flokksmál, og hv. 8. þm. Reykv. hefur aldrei fengið neinar fyrirskipanir frá Framsfl. í þessu máli. (Gripið fram í.) Og það mun sýna sig, t. d. á minni atkvgr. í ýmsum atriðum þessa máls, að það hafa þá verið gagnstæðar fyrirskipanir, sem hv. 8. þm. Reykv. hefur fengið og ég, ef um fyrirskipanir er að ræða, og allt þetta tal hans um flokksfjötra er tóm fjarstæða og á ekki við nokkurn skapaðan hlut að styðjast. — Sama er að segja um það, sem hv. þm. Vestm. var hér að tala um, að það hefðu verið gerðar árásir á hæstv. dómsmrh. út af framkvæmd áfengislaganna af pólitískum ástæðum, að mér skildist, frá hendi Framsfl. Þetta hefur aldrei verið gert. Það vita allir, að blaðamaður einn, sem starfað hefur við blaðið Tímann, er mikill áhugamaður í bindindismálum og hann hefur algerlega skrifað á sína ábyrgð, en ekki á ábyrgð flokksins um þessi mál, og það hefur komið

alveg ljóslega fram, t. d. með yfirlýsingu hæstv. fjmrh. í því sama blaði. Ég mótmæli því öllum þess konar ummælum.

En þetta, sem ég ætlaði að gera grein fyrir mínu atkv., er í stuttu máli það, að vissulega tel ég, að þörf hefði verið á því að bæta áfengislögin að ýmsu leyti, en ég skal játa það, að ég er ákaflega trúdaufur, einkum eftir að hafa séð vinnubrögð hv. allshn. í málinu, eða meiri hl. hennar, um, að þau lög, sem kynnu að verða sett hér, yrðu til mikilla bóta. Þess vegna hefði ég fyrir mitt leyti haft tilhneigingu til þess að samþ. frestun á málinu, ef það hefði verið rökstutt á skynsamlegan hátt. En sú dagskrártill., sem hér liggur fyrir á þskj. 343 frá hv. meiri hl. allshn., er þannig, að ég álít það alveg fráleitt og jafnvel hreint hneykslí, ef hv. d. fer að samþ. slíka dagskrártill. Efri deild Alþingis getur þó að minnsta kosti ekki samþ. hrein ósannindi, eins og í dagskrártill. eru, þar sem þar er tekið fram, að fulltrúi Stórstúku Íslands hafi ekki átt hér neinn hlut að máli. Mér þykir nú margt fara að horfa undarlega við, ef Brynleifur Tobíasson má ekki teljast fulltrúi Stórstúku Íslands. Hann hefur um langan tíma verið stórtemplar og er einn af kunnustu templurum landsins, eins og hér hefur verið tekið fram. Þess vegna tel ég það ósannindi í dagskrártill., að fulltrúi frá Stórstúku Íslands hafi ekki tekið þátt í þessu starfi. Fyrir utan þetta fæ ég nú ekki skilið það, eins og nú horfir við og eftir að kvenfólk hefur fengið algerlega jafnrétti við karlmenn, hvers vegna það eigi endilega að vera tvær konur í ráðum um þetta. Ég held, að hvert lagafrv. eigi að undirbúa þannig að fá til þess hæfa menn, án tillits til þess, hvers kyns fólkið er, sem að þessu starfar. Ég veit ekki, hvaða sérstöðu konur hafa í þessu, satt að segja. Það var að vísu einu sinni svo, að konur höfðu þá sérstöðu að því er áfengismál snerti, að þær yfirleitt drukku ekki, eins og karlmennirnir gera og gerðu, en sá tími er liðinn. Ég veit ekki betur en að konur neyti víns alveg eins og karlmenn, eða svo til. Með þessu er ég ekki að segja það, að konur megi ekki taka þátt í undirbúningi þessa máls, en að það sé út af fyrir sig ástæða til að vísa málinu frá, að konur hafa ekki átt fulltrúa í mþn., það fæ ég ekki skilið. Og hvers vegna er það þá ekki líka haft á móti framgangi málsins, að félög karlmannanna sem slík hafa ekki átt fulltrúa í n.? Það hafa þau ekki heldur átt. Það hefur sem sagt ekki verið farið eftir kynjum í þessu efni. Ég get því ómögulega annað en greitt atkvæði á móti þessari dagskrártill., sem hér liggur fyrir, þrátt fyrir það þótt ég hafi litla von um það, að á þessu þingi verði samþ. löggjöf í þessu efni, sem sé til mikilla bóta.

Ég ætla ekki að fara að rekja þær brtt., sem hér liggja fyrir, enda yrði það of langt mál, að minnsta kosti á þessum fundi, sem nú er að ljúka. Þó get ég ekki stillt mig um að minnast á eina brtt., sem liggur fyrir, og það er 4. brtt. hv. þm. Barð., um það í höfuðdráttum, að það skuli fara fram þjóðaratkvæði, ekki einasta um það, hvort áfengi sé leyft í landinu, heldur líka um það, hvort þjóðin fallist á að taka á sig þá skatta, sem óhjákvæmilegir eru í staðinn fyrir áfengissöluhagnaðinn. Hv. þm. Barð. tók það fram í sinni ræðu hér fyrr í dag, að hann væri fús að athuga það, hvort atkvgr. um þessi tvö atriði ætti ekki að fara fram í einu lagi, og væri fús til að athuga það fyrir 3. umr., ef till. hans næði fram að ganga nú. Ég álít, að þetta sé alveg nauðsynlegt. Ég álít, að eins og allt þetta mál horfir við, þá eigi að fara fram þjóðaratkvæði alveg tvímælalaust um það í einu lagi, hvort þjóðin aðhyllist áfengisbann, og þá um leið, hvort hún er fús til að taka á sig þá auknu skatta, sem af því mundi leiða. Ég mun því greiða atkvæði með þessari brtt. hv. þm. Barð., í þeirri von, ef hún verður samþ., að með okkur tækist þá samvinna um að breyta þeim ákvæðum nokkuð fyrir 3. umr.

Mín skoðun á þessum málum er í stuttu máli sú, að það séu í raun og veru ekki nema tvær leiðir í þessum málum. Önnur er sú að gera tilraun til þess að útiloka áfengi með öllu, og ef þjóðin vill það og vill fórna einhverju fyrir það, þá er sjálfsagt að reyna það. Hin leiðin álít ég að sé aftur á móti sú að vera ekki að hafa óþörf lagaákvæði og reglugerðarákvæði um alls konar takmarkanir og höft, sem allir vita að eru ekki til annars en þess að brjóta og er ekki hægt að hafa öðruvísi. Ég minni aðeins í þessu sambandi á eitt atriði, sem hér hafa verið töluverðar deilur um á Alþingi fyrir stuttu — ekki á þessu þingi. Það var um bann við því að flytja með sér áfengi í bíl. Ætli það sé nú ekki nokkurn veginn flutt áfengi í bílum um landið, eftir að þessi lög voru sett, eins og áður? Ég hugsa það. Ég hugsa, að lítið hafi dregið úr því, að áfengi sé flutt í bílum. Og svona er um fleira.

Í sambandi við þetta vil ég aðeins drepa á 10. gr. frv., sem slær því föstu, að héruð, þ. e. a. s. kaupstaðir, geti ákveðið með atkvgr. að afnema áfengisverzlun. Ég álít, að slíkt ákvæði sé ákaflega vafasamt til bóta, á meðan áfengissala er í landinu á annað borð. Ég veit ekki betur en að í allflestum héruðum þessa lands gildi eins konar héraðabann. M. ö. o., það er svo um flest héruð, að þar er alls engin útsala áfengis. Það er t. d. engin útsala áfengis í Skagafirði, Húnavatnssýslu o. s. frv. En það er bara drukkið alveg eins í þeim héruðum eins og í þeim héruðum, sem áfengisútsölurnar hafa. Ég held því, að þetta geti ekki aukið hófsemi eða dregið úr áfengisnautn á nokkurn hátt, en það geri annað, það auki leynisölu áfengis. Það er enginn vafi á því. Það kann að vera, að leynisala sé atvinnuvegur, eins og hv. þm. Barð. segir, en það er sá atvinnuvegur, sem ég held að Alþingi eigi ekki að vera að hlynna að. Þess vegna mun ég, ef frv. verður ekki vísað frá, greiða atkvæði á móti 10. gr. frv., þótt nokkur hluti hennar þurfi nú reyndar að standa. Það má þá bæta þeim atriðum inn aftur við 3. umr.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta frekar, þótt margt fleira mætti um þetta mál segja, en ég vil endurtaka það, að ég vil frábiðja mér og mínum flokki öll brigzl um það, að þm. lúti hér fyrirskipunum, að minnsta kosti míns flokks, og ég held yfirleitt, að þetta mál sé ekki flokks-

mál, hvorki málið í heild né einstök atriði þess, í nokkrum flokki.

Frsm. meiri hl. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Ég vil nú segja það um hv. þm. Barð., að hann kom hér nú upp í ræðustólinn svona eins og maður kannast bezt við hann frá þingum á undan. Hann hefur ekki náð sér eiginlega almennilega niðri fyrr en núna við þetta tæki hér og notaði nú sína þekktu sanngirni og meðferð á sannleikanum, eins og maður veit að honum er svo vel gefið.

Það kann að vera, að hann geti sett mikið út á störf meiri hl. n. og þá sjálfsagt með miklum rétti. Ég skal ekki bera það af okkur. En ég vissi það nú ekki fyrr, að það væri nein algild regla, að það væru yfirleitt birt öll skjöl, sem nefndum berast, eða umsagnir. Ég hefði nú talið, að það væri eiginlega matsatriði hverju sinni og það væri kannske síður, þegar menn eru ekki á sama máli, eins og hér er, sem skjöl væru birt, og af þessum sökum tók meiri hl. n. það ekki upp hjá sér að birta þessar umsagnir. Þessi skjöl eru hverjum manni til sýnis, hvar og hvenær sem er, og það kann vel að vera, að þau verði þá eftir þessa ræðu hv. þm. Barð. hér eftir birt. Ég skal ekki segja um það, en ég frábið mér allar dylgjur um leynd með þessi skjöl. Þau eru öllum til afnota, sem vilja nota þau.

Ég geri nú ráð fyrir því, að ef það, sem hér var sagt áður, kæmi fram í stálþráðinn, þá mundi það koma fram, að það var hæstv. dómsmrh., sem talaði um mig sem fulltrúa kvenna hér á þingi, og ég mun hafa sagt eitthvað í þá átt, að ég bæri það ekki af mér, og ætla ég að standa við það. Svo læt ég útrætt um það að öðru leyti. Hv. þm. Barð. getur skemmt sér við það og notað sína krafta í það að ræða um það, hvers fulltrúi ég sé og hvers ekki. Ég hef aldrei dregið neina dul á það.

Varðandi þetta frv., sem hér liggur fyrir, þá eru aðallega í því fjögur nýmæli frá núgildandi l. Og mig hefði nú langað til að spyrja hv. þm. Barð., vegna þess að hann er svo óspar á hnúturnar til mín og annarra, sem eiga þátt í áliti meiri hlutans, hvort hann hafi nokkurn tíma lesið áfengislöggjöfina sjálfa eins og hún er, því að spurningin er, hvað mundi nú verða eftir af þessu frv. til bóta, þegar búið væri að taka út þau meginatriði, sem eru ný í því umfram það, sem finnst nú í áfengislöggjöfinni. Ég ætla, að það mundi verða lítið. Þessi fjögur atriði er aðallega að finna í 1. gr. frv., þar sem segir, að tilgangur laga þessara sé að stuðla að hóflegri meðferð áfengis og vinna gegn misnotkun þess. Ég get sagt það fyrir mig, og ég mæli þar áreiðanlega fyrir munn margra, að þessu nýmæli er ég algerlega mótfallin, og flestir þeir, sem ég hef samband og samvinnu við, eru það einnig. Sama er að segja um það nýmæli, sem felst í 7. gr., í fyrsta lagi um þjóðaratkvgr. um bruggun áfengs öls og svo um það, að þá skuli að þeirri þjóðaratkvgr. afstaðinni verða veitt hér áfengt öl í landinu. Sama er að segja um þriðja atriðið, um það að fjölga stöðum, þar sem áfengi skuli vera á boðstólum, eins og ætlazt er til með 12. gr. að sé gert. Þar stangast nokkuð sjónarmiðin um það. Sumir vilja breyta því á einn veg og aðrir á annan. Þetta er líka nýmæli. Svo er nýmælið, sem átti eitthvað að hanka mig á og minn flokk, eða sérstaklega það, að ég hefði farið eftir einhverjum fyrirskipunum, en það er að veita aukið fé til áfengisvarnamála út af fyrir sig. Það er fjórða nýmælið í þessu. Það er sjálfsagt allt gott um það að segja, en þetta er ekki í l. eins og þau eru.

En ég vil nú segja við hv. þm. Barð., að það er nefnilega eitt ástandið í áfengismálunum og hvernig á að laga það og blöð, frv. og brtt. eru þá allt annað, og sannleikurinn er sá, að *væri hægt að framkvæma þau áfengisl., sem* við nú höfum, væri hægt að framkvæma þau með því fé, sem veitt er til áfengisvarna núna, — það mætti sjálfsagt vera meira, — þá væri áreiðanlega hægt að gera mikið gagn. Og ég sé ekki, að orðið geti til nokkurra bóta það frv., sem hér liggur fyrir, þegar búið væri að fella úr því, segjum þau þrjú meginatriði, eða aðallega þau tvö meginatriði, sem það blátt áfram *snýst um, það er hægt að segja það* (Gripið fram í.), sem eru heimild til bruggunar áfengis og fjölgun útsölustaða. Það er nú mín skoðun, og ég hygg, að hv. þm. Barð. mundi komast að þeirri niðurstöðu líka, ef hann vildi athuga það, að við yrðum ekki að þeim atriðum felldum bættari með þessu nýja frv. — og því síður að þeim samþ. Ég hygg, að hann sé algerlega sammála um það, enda kemur það fram í *hans till.* (Gripið fram í.)

Það er aðeins varðandi það, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði áðan. Hann var á móti rökstuddu dagskránni út af því, að honum fannst ekki vera sagt satt í henni.

Ég hef nú alltaf skilið það svo, að ef talað væri um fulltrúa einhvers einhvers staðar, þá sé sá fulltrúi tilnefndur af honum sjálfum, en ekki tekinn af einhverjum sem slíkur. Og ég held, að það sé alveg rétt, að sem slíkur fulltrúi hafi herra Brynleifur Tobíasson ekki verið í þessari n., sem vann að áfengislagafrv., þannig að það er ekki um neina rangfærslu að ræða í áliti meiri hlutans.

Svo spyr hv. 1. þm. Eyf., hvers vegna tvær konur eigi að vera í þessari n. Ég álít bara, alveg frómt frá sagt, að það sé alls ekki rétt að ganga fram hjá konum, þegar þessi mál eru til athugunar. Þær hafa alveg sérstakra hagsmuna að gæta vegna heimila sinna, vegna manna sinna og barna í þessu sambandi. Einnig hafa þær sýnt það með störfum sínum í félagsmálum á þessu sviði, að þær hafa mikinn áhuga, og þess vegna hefði þegar í byrjun átt að taka þær með til ráða, og ég álít, að það eigi að gera það í framtíðinni. Við í meiri hl. vildum láta það koma fram í okkar rökstuddu dagskrá.

Það er nú orðinn langur fundartími hjá okkur. Ég hygg, að ég láti þessu lokið. Ég vildi bara segja það, að ég var um það leyti, sem hér voru umr. áðan, að gegna öðrum störfum fyrir hv. allshn., en hef nú fengið orð í eyra fyrir það. Það verður nú svo að vera, en ég ætla

ekki hér að fara að deila neitt á aðra flokka fyrir störf þeirra í þessum málum. Ég segi það, sem ég hef sagt áður: Ég trúi því, að allir vilji það bezta í þeim, og þrátt fyrir það, þótt hv. þm. Barð. hafi nú endilega hreint þurft að koma að sinni venjulegu góðgirni í minn garð og í garð míns flokks, þá ætla ég að láta þeim orðum algerlega ósvarað að þessu sinni. Það getur vel verið, að það gefist einhvern tíma tækifæri til þess, — ja, kannske fyrir aðra, sem eru kunnugri málunum en ég, og líka aðra, sem þekkja hans málflutning frá fleiri árum en ég hef gert og geta þá svarað honum í þeim tón, sem vert er. En ég vil ekki taka upp það í þessu máli að fara út í flokkadeilur, þó að honum hafi þótt það hæfa í því máli, sem hann telur svo þýðingarmikið.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Ed., 8. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var hér til meðferðar á síðasta fundi, þá varð ég til þess að benda á það, að mér virtist nokkuð undarleg sú afstaða, sem hv. þm. Barð., sá ágæti bindindismaður, hefði tekið til þessa máls í ýmsum atriðum, og m. a. það, að ég taldi, að hann í brtt., sem hann flytur hér á þskj. 111, hafi gerzt talsmaður þess, að hafin verði bruggun og sala á sterku öli til almennings hér í landi. Hv. þm. tók þetta nokkuð illa upp og flutti á eftir nokkuð hvassyrta ræðu, sem ég ætla nú alls ekki að fara að svara í öllum atriðum. En þó að mér þyki leiðinlegt að þurfa aðallega að standa hér í karpi við þennan ágæta bindindismann um það mál, sem hér liggur fyrir, þá get ég samt sem áður ekki látið ósvarað nokkrum atriðum, sem fram komu í þessari síðari ræðu hans.

Hv. þm. vildi ekki kannast við það, að það væri nokkuð nýtt í þessari brtt. hans við 7. gr. frv. Hún fæli ekki í sér neitt nýtt varðandi þetta sterka öl. Það væri aðeins tekið upp í hana það, sem um það hefði verið samþ. og sett í lög á síðasta þingi, og það, sem ég hefði um afstöðu hans í þessu máli sagt, væri þess vegna, eins og hann orðaði það, bara falsrök. Það er nú svo, að þessum hv. þm. hættir nú stundum við að viðhafa dálítið stór orð, en ég held, að þegar allir hv. þdm. og allir þm. hafa í höndum prentað þskj., þar sem þetta liggur alveg ljóst fyrir, svart á hvítu, þá sé tilgangslaust fyrir hv. þm. að neita því, sem þar stendur. Það er að vísu rétt, að það, sem hann tekur upp í upphafi brtt. sinnar við 7. gr. frv., um það, að ríkisstj. skuli heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, er tekið upp úr l., sem samþ. voru um þetta efni á síðasta þingi. En það var ekki heldur aðeins það, sem ég var að tala um, heldur hitt, sem er í framhaldi af þessu í sömu brtt., að áður en leyft sé að selja slíkt öl innanlands til annarra en hins erlenda varnarliðs, skuli ríkisstj. bera það undir atkv. allra kosningabærra manna í landinu til samþykkis eða synjunar o. s. frv. og það þurfi meiri hluta greiddra atkv. til þess, að slík ákvörðun fái þá endanlegt gildi. Með þessu er ekki aðeins tekið upp það, sem samþykkt var í lögum um þetta efni á síðasta þingi, heldur er hér tekið upp úr frv., sem hér liggur fyrir, það nýmæli, að það skuli leyft að brugga sterkt öl og ekki aðeins til að selja erlenda setuliðinu, eins og lögin frá í fyrra fela í sér, heldur skuli það líka selt almenningi hér á landi, ef það fæst fyrir því samþykki við almenna þjóðaratkvgr. M. ö. o., Alþ. er hér fyrir sitt leyti að taka ákvörðun um það, að þetta skuli gert, það skuli bruggað sterkt öl og selt almenningi í landinu — samkv. þessari till. hv. þm. Barð. líka — ef meiri hluti þjóðarinnar fæst til þess að samþykkja það, og það kom alveg glögglega fram í ræðu hv. þm., að hann gerði fyllilega ráð fyrir því, að þetta næði samþykki þjóðarinnar og að þetta yrði framkvæmt, því að hann var hér með útreikning um það, hversu miklar tekjur ríkissjóður mundi geta fengið af því, ef þetta yrði gert. Það liggur þess vegna alveg ljóst fyrir, ekki aðeins samkv. frv. af hendi mþn., heldur er það einnig tekið upp í þessa till. hv. þm. Barð., þess ágæta bindindismanns, að þessi leið skuli farin, og m. a. virðist vaka fyrir honum, að þetta sé gert til þess að afla ríkissjóði nýrra tekna af sölu áfengis, þ. e. a. s. af sölu þessa sterka öls, sem hlýtur að heyra þá undir áfengi eða áfengissölu.

Hv. þm. sagði, að í þessari till. sinni fælist ekkert annað en það, að þjóðin ætti bara að skera úr um þetta sjálf, og þess vegna væri sjálfsagt af Alþ. að samþ. þetta fyrir sitt leyti. Það er náttúrlega ágætt eða að minnsta kosti getur verið gott í veigamiklum atriðum að leita til þjóðarinnar og láta hana skera úr um málin. Það hefur þó ekki alltaf verið mikill byr fyrir því samt sem áður hér á Alþ., og það ekki þegar um enn veigameiri mál hefur þó verið að ræða heldur en þetta, þó að þetta sé að vísu veigamikið mál. Oft heyrir maður nú talað um það, að þm. séu kosnir til þess að vera forsjá þjóðarinnar, og m. a. talar þessi hv. þm. mikið um það og hefur gert einnig í sambandi við þetta mál, að þm. eigi ekki að skjóta sér undan ábyrgðinni, heldur eigi þeir að afgreiða málin á þá lund, sem þeir telji heppilegast. Og þetta er þá einn þátturinn í því, sem hv. þm. Barð. virðist nú telja heppilegast í áfengismálunum. En hvað sem því líður nú samt sem áður, þá er ekki hægt að neita því, að ef þessi till. verður hér samþ., þá hefur hv. þm. Barð. átt þátt í því og meira að segja átt að því visst frumkvæði að fá Alþ. til þess að taka fyrir sitt leyti ákvörðun um það að láta brugga þetta sterka öl og selja það almenningi í landinu, og það þykir mér sem sagt skjóta nokkuð skökku við þær skoðanir, sem ég hef talið að hv. þm. Barð. hefði yfirleitt á áfengismálunum í landinu.

En við þetta bætist svo hitt, að auk þess sem hann þannig, að því er mér virðist, gerist talsmaður þess að koma á sölu á þessu sterka öli, þá leggur hann einnig til í brtt. sinni við 10. gr. frv., þ. e. 7. brtt. á þskj. 111, að áfengisútsölum verði fjölgað eða að minnsta kosti að sköpuð

verði skilyrði til þess, að áfengisútsölum geti orðið mjög fjölgað frá því, sem nú er. Og mér virðist, að hann gangi í sinni brtt. þar jafnvel enn þá lengra en jafnvel gert er í frv., þó að einnig þar sé rýmkað nokkuð til frá því, sem er í gildandi lögum, því að hv. þm. Barð. gerir ráð fyrir því, að áfengisútsölur sé hægt að setja á stofn svo að segja hvar sem er á landinu, ekki aðeins í kaupstöðum, heldur einnig í sýslufélögum hvar sem er á landinu, og það þykir mér enn skjóta nokkuð skökku við það, sem ég hafði búizt við af hendi þessa hv. þm. Hann svaraði því einu til um þetta atriði, að þetta væri hreint réttlætismál, — það væri hreint réttlætismál að gefa öllum landsmönnum kost á því að eiga sem auðveldast með, að manni virðist, að ná í þessa áfengu drykki, sem ríkið hefur á boðstólum, bæði það, sem það nú hefur, og ef þar við bættist svo þetta sterka öl, sem nú virðist vera ákaflega mikill áhugi fyrir að koma einnig á markaðinn. Það mætti náttúrlega segja það, ef áfengi væri alveg bráðnauðsynleg vara, svo að mönnum væri svo að segja lífsnauðsyn að geta náð í það með sem allra auðveldustum hætti, að þá væri það réttlætismál að hafa útsölurnar sem allra víðast, en ég er nú ekki á þeirri skoðun, og ég hélt, að hv. þm. Barð. mundi ekki heldur vera á þeirri skoðun og hefði þess vegna ekki ástæðu til þess að ganga fram fyrir skjöldu í þessu réttlætismáli. — Enn fremur var hann að tala um það í sambandi við þetta, að þetta fyrirkomulag væri líka til styrktar bindindismönnum í landinu. Hann sagðist hafa fært fyrir því rök í fyrstu ræðu sinni, eða þeim kafla hennar, sem ég hlustaði ekki á, og sagðist ekki nenna að vera að endurtaka þau. Mér þykir slæmt, að hann skyldi ekki gera það, því að mér er ekki ljóst, hvaða rök liggja til þess, að bindindismenn hafi sérstakan hag af því eða að það sé þeim til styrktar, að áfengisútsölur séu sem allra víðast. Meðan ég ekki heyri þau rök sérstaklega, þá skilst mér nú, að það muni þá helzt vera á þann hátt, að því meira sem selst af áfenginu, og það er kannske von til þess, að það seljist því meira af því, sem útsölur eru á fleiri stöðum, þá fái bindindismenn, þ. e. a. s. Góðtemplarareglan, hærri styrk til sinnar starfsemi, vegna þess að því er nú svo vísdómslega fyrir komið, og það held ég fyrir forgöngu hæstv. dómsmrh., að bindindismennirnir, eða Góðtemplarareglan, eru eins og nú er komið eiginlega ráðnir upp á ágóðahlut hjá áfengissölu ríkisins, þar sem þeir fá í styrk prósentur af hagnaði Áfengisverzlunarinnar. Það er kannske þetta, sem hv. þm. á við, þegar hann talar um, að það sé til styrktar bindindismönnum í landinu að hafa útsölustaði áfengis sem allra víðast. En þá skýtur það nú aftur skökku við þá skoðun, sem hann hefur í öðru sambandi haldið hér fram og þ. á m. í máli, sem var til meðferðar hér í hv. deild nú fyrir mjög skömmu, þ. e. a. s. frv. hæstv. menntmrh. um það að ákveða tekjustofn menningarsjóðs sem prósenttölu af ágóða Áfengisverzlunarinnar. Hv. þm. Barð. andmælti þessu frv. og þessari aðferð og hafði um það orð eitthvað á þá leið, að það væri til svívirðingar að binda menningarstarfsemi í landinu við tekjur af Áfengisverzluninni, og ég er honum sammála um það og álít, að hann ætti þess vegna ekki að vera að tala um það heldur í þessu sambandi, að það sé einhver sérstakur og vel þeginn styrkur við bindindismenn í landinu að fjölga áfengisútsölustöðum, ef það er gert með tilliti til þess, að það kunni að seljast það miklu meira af áfengi, að styrkur til þeirra hækki af þeim sökum.

Svo er það í þriðja lagi atriði, sem ég fór ekki inn á í fyrri ræðu minni um þetta, en gegnir um sama máli og þau tvö, sem ég nú hef nefnt, að samkvæmt brtt. hv. þm. Barð. er enn til viðbótar við þetta, sem ég nú hef nefnt, till. um að skapa möguleika til þess, að vínveitingastaðir verði ekki aðeins fleiri en nú er, eins og gert er ráð fyrir í frv. mþn., heldur enn þá fleiri en þar er gert ráð fyrir, eða svo margir sem hæstv. ríkisstj. bara kynni að þóknast á hverjum tíma, því að í brtt. hv. þm. við 12. gr., sem fjallar um þetta efni, orðar hann þetta þannig, að þegar leyft hefur verið að setja á stofn útsölu á þann hátt, sem fyrir er mælt í 10. gr. þessara laga, ákveði ríkisstj. tölu og staðsetningu útsölu- og veitingastaða í viðkomandi landshlutum, og síðan eru að vísu sett nokkur skilyrði fyrir því, hvað þessir staðir þurfi að uppfylla, en aðalreglan er sú, að það megi setja þá á stofn hvar sem hæstv. ríkisstj. kann að þóknast, ef hún getur fundið til þess stað, sem hún sjálf telur að uppfylli þau skilyrði, sem hún vill fyrir því setja.

Allar þessar till. hv. þm. Barð. tel ég að séu alveg í ósamræmi við þær skoðanir, sem hann hefur áður túlkað, og í andstöðu við þá bindindissemi, sem hann sjálfur rækir og hefur áður verið talsmaður fyrir, og af þeim sökum furðar mig alveg, að þær skuli vera fluttar einmitt af honum, en þá ekki einhverjum öðrum, sem aðra afstöðu hafa til áfengismálanna yfirleitt.

Síðan var hv. þm. að tala um það, að með þessum till. væri hann og þeir aðrir, sem vildu veita þeim brautargengi, að vinna að því, að frv. færi út úr deildinni sem betra mál en núverandi áfengislöggjöf. Ég held, að það sé alger misskilningur, ef þessar brtt. verða samþ., að þá fari þetta frv. út úr deildinni sem betra mál heldur en núverandi áfengislöggjöf er, frá sjónarmiði bindindismanna í landinu. Ég held þvert á móti, að það mundi verða betur þegið og litið á það sem betra mál af hálfu þeirra, sem vilja hafa sem allra rýmst um áfengissöluna og að menn geti haft sem allra greiðastan aðgang að því að ná sér í áfengi og þá einnig sem allra fjölbreyttast, þ. á m. að við verði bætt þessu sterka öli, sem hér er nú svo mikið rætt um, því að ég hef að minnsta kosti ekki getað komizt að raun um það, að í þessu frv. sé nokkurt ákvæði, sem máli skiptir, til frekari hömlunar því heldur en er í núverandi áfengislöggjöf, að menn geti náð í áfengi og að áfengisofnautn eigi sér stað í landinu. Ég held, að það sé ekkert ákvæði, sem máli skiptir í frv., sem gengur í þessa átt og gerir það að betra máli heldur en núverandi áfengislöggjöf. Hins vegar eru aftur

í frv. — og þá einnig í brtt. hv. þm. Barð. — veigamikil ákvæði til rýmkunar í þessum efnum, eins og ég þegar er búinn að ræða um. Þar er, eins og ég segi, sterka ölið, fleiri útsölur og fleiri veitingastaðir. Öll þessi atriði eru að mínu áliti til hins verra frá því, sem er í núverandi áfengislöggjöf, en sízt af öllu til þess að bæta eða skapa skilyrði til þess að bæta ástandið frá því, sem nú er. Og það furðar mig alveg sérstaklega, eins og ég er búinn að margtaka fram, að hv. þm. Barð., eins ágætur bindindismaður og hann er, skuli finnast þetta vera ráðið til þess að „bjarga þjóðinni andlega, líkamlega og siðferðislega", eins og hann komst að orði í síðustu ræðu sinni í þessu máli. Mér finnst þetta vera slík öfugmæli, að eiginlega megi heita ótrúlegt, að þau skuli koma frá einum af talsmönnum bindindishreyfingarinnar. Ég held, að það sé nauðsynlegt fyrir hv. þm. að hugleiða þessar till. betur og jafnvel að endurskoða afstöðu sína í þessu máli, og mér sýnist, að það séu ný rök til viðbótar því, sem ég hef áður nefnt um þörfina á því, að þetta mál í heild sé endurskoðað nánar en gert hefur verið og í öðrum tilgangi en sú endurskoðun sjáanlega hefur verið, sem nú hefur verið framkvæmd, því að það er alveg augljóst og verður því ljósara, sem maður hugleiðir þetta mál meira, að hún hefur verið framkvæmd fyrst og fremst út frá hagsmunasjónarmiðum ríkissjóðsins, ekki með það fyrir augum að koma áfengismálunum fyrst og fremst í það horf, að dregið yrði úr áfengisneyzlu í landinu, heldur alveg það gagnstæða. Skýrasti vitnisburðurinn um það er einmitt það kapp, sem lagt er á það að útvíkka heimildina til bruggunar og sölu áfengs öls frá því, sem samþ. var hér á þinginu í fyrra, og koma henni í það horf, sem til er ætlazt með samþykkt þessa frv., sem hér liggur fyrir. Ég vil þess vegna enn þá að lokum skjóta því alveg sérstaklega til hv. þm. Barð. að endurskoða sínar till. í þessu efni, og ég vil vonast til þess, að hann geti við nánari yfirvegun komizt að svipaðri niðurstöðu og meiri hl. hv. allshn. hefur gert um það, að með samþykkt þessa frv. sé áfengismálunum ekki komið í æskilegra horf heldur en þau nú eru og þess vegna sé betra að kveðja til aðra aðila til þess að endurskoða áfengislöggjöfina í heild og að þingmenn geti þá á næsta þingi verið við því búnir að taka endanlega afstöðu til málsins og koma því í skynsamlegra og betra horf heldur en mundi verða með afgreiðslu þessa frv., sem nú liggur fyrir.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Ég átti þess því miður ekki kost af óviðráðanlegum ástæðum að vera við upphaf þessara umræðna og veit því lítið um, hvað fram hefur komið hér við 2. umr. málsins. Engu að síður þykir mér rétt að gera nokkra grein fyrir afstöðu minni til frv. og hvers vegna ég tek þátt í flutningi þeirrar rökst. dagskrár, sem meiri hl. allshn. hefur borið hér fram.

Ég hygg, að það sé ekki ofmælt, að öllu hugsandi fólki sé orðin áfengisneyzla þjóðarinnar nokkurt áhyggjuefni. Fjármunir þeir og tími, sem of mikill hluti þjóðarinnar ver til og vegna áfengisneyzlu, er og hefur um langt skeið verið til muna meiri en þjóðin hefur efni á, og afbrot þau og lausung, sem af áfengisneyzlunni hljótast, eru meiri en svo, að á slíkt verði horft aðgerðalaust til frambúðar. Þjóðin getur ekki þolað það til langframa, að verulegur hluti hennar sólundi óeðlilega miklum hluta tekna sinna til áfengiskaupa og glati starfstíma sínum svo óhóflega sem nú er gert vegna vinneyzlu. Það hlýtur og að leiða til hinnar mestu spillingar, hversu algeng ölvunarafbrot eru og aðrir glæpir, sem af þeim leiðir. Einkum verður það að teljast ískyggilegt, hversu stóran þátt yngra fólkið á í vinneyzlunni og afbrotum samfara henni.

Samkvæmt fjárlagafrv. því, er lagt var fyrir þetta Alþ., gildandi fjárl. og ríkisreikningum má ætla, að þjóðin verji á næsta ári um 65—70 millj. kr. til áfengiskaupa. Er hér um að ræða gífurlega sóun fjármuna til munaðar, svo gífurlega, að telja má víst, að henni verði ekki við komið, nema því aðeins að þorri þjóðarinnar sé hér þátttakandi. Samkv. þeim upplýsingum, sem fyrir hendi eru, munu þjóðartekjurnar nema nú röskum 1500 millj. kr. Lætur því nærri, að þjóðin verji um 4% af þjóðartekjunum til áfengiskaupa. Við þetta bætist svo annar kostnaður, sem áfengisneyzlunni er samfara og allir vita að er mjög verulegur.

Á fjárlfrv. fyrir árið 1953 er tekju-, eignar-, viðauka- og stríðsgróðaskattur allra landsmanna áætlaður 56 millj. kr. Þjóðin stynur undir þessum skattþunga. Hér heyrist oft um það talað, að þessir skattar séu að keyra allt atvinnulíf landsmanna í kaf og að einstaklingarnir séu að kikna undan þessari skattabyrði. Engu að síður er það staðreynd, að landsmenn verja árlega til áfengiskaupa um 20% hærri upphæð en þeir greiða ríkissjóði samanlagt í tekjuskatt, eignarskatt, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatt. Menn kvarta sáran undan hinum háu sköttum, sem ríkisvaldið skyldar þá með l. til að greiða og innheimtir eru með harðri hendi. Samt leggur þjóðin sjálf á sínar herðar skatt, sem er um 20% hærri en þessir skattar allir samanlagt, og glatar við það oft miklu af tíma sínum, starfsorku, að ógleymdu heimilisböli og afbrotum, sem þessari skattáþján fylgir.

Menn ræða oft um það, að útgjöld ríkissjóðs séu orðin óhóflega mikil og að það sé illa með fé farið. Starfsmannafjöldi ríkisins er talinn óhóflega mikill af mörgum, og oft heyrist talað um fjárbruðl í sambandi við opinberan rekstur. Samkvæmt upplýsingum, sem ég hef aflað mér, nema greiðslur grunnlauna og kaupuppbóta til allra starfsmanna ríkisins samanlagt, þeirra er laun sín taka hjá ríkisféhirði, um 80 millj. kr. á ári, en sé vísitöluuppbótinni bætt við, er hér um 110—115 millj. kr. að ræða á ári. Þ. e. a. s., samanlagðar grunnlauna- og kaupuppbótatekjur allra starfsmanna, sem laun taka úr ríkissjóði, eru mjög svipaðar og fjármagn það, sem þjóðin ver á hverju ári til áfengiskaupa.

Rekstrarútgjöld fjárl. fyrir árið 1953 nema um 350 millj. kr. samkv. fjárlfrv. Eru öll rekstrarútgjöld ríkisins tekin með, hverju nafni sem nefnast. Þetta þykir gífurlegt fé, en þjóðin

sjálf greiðir sem svarar 20% af þessari upphæð á ári til þess eins að drekka sig fulla.

Um það verður ekki deilt, að hér er eitthvað öðruvísi en það á að vera. Þjóð, sem stynur undan skattabyrði, fordæmir óhófseyðslu hins opinbera og heimtar stórkostlega niðurfærslu opinberrar eyðslu, getur ekki varið 20% hærri upphæð til áfengiskaupa en hún greiðir í beina skatta til opinberra þarfa og svipaðri upphæð til vindrykkju og hún ver í launagreiðslur allra sinna starfsmanna, eða sem svarar 20% af heildarrekstrarútgjöldum ríkisins. Hér þarf úrbóta við og það fyrr en síðar.

Fylgikvillar ofnautnar áfengis hafa einnig gert mjög áberandi vart við sig í þjóðlífi okkar Íslendinga. Ölvunarafbrot og glæpir, sem rekja má til neyzlu áfengis, keyra þegar úr hófi fram. Samkv. skýrslu, sem fylgir grg. þessa frv., berast lögreglunni í Reykjavík á þriðja þúsund ölvunarkærur á ári. Svo til öll þau innbrot, ofbeldisverk og annað slíkt, sem hér eru framin, eiga rætur sínar í neyzlu og ofneyzlu áfengis. Lögreglan í Reykjavík hefur s. l. 9 ár tekið úr umferð og fært í fangageymslu sína um 28 þúsund manns. Þetta er gífurlegur og óhugnanlegur fjöldi, en þó er það staðreynd, að þessi tala mundi vera langtum hærri, ef lögreglan í Reykjavík hefði haft húsakost til þess að hýsa alla þá, sem nauðsynlegt hefði verið að færa í fangageymslu vegna ölvunar. Að vísu er það að mjög verulegu leyti sama fólkið, sem löggæzlumenn í Reykjavík eru stöðugt að taka úr umferð, en hvað sem því líður, þá svarar heildartala þeirra, sem úr umferð eru teknir, til þess, að annar hver Reykvíkingur hefði verið tekinn úr umferð og settur í fangelsi fyrir ölvun á síðustu 9 árum, og hefði löggæzlan haft nægan húsakost, hefði hlutfallið orðið mun hærra. Þetta er staðreynd, sem beinlínis hrópar upp um, hversu gífurlega alvarlegt ástandið í áfengismálunum er, og hér er óhjákvæmilegt að gera sérstakar ráðstafanir til úrbóta. Hér í Reykjavík líður ekki sá dagur, að löggæzlumenn séu ekki að vinna að rannsókn margs konar afbrota, sem eru samfara neyzlu áfengis eða afleiðingar áfengisneyzlu.

Samkv. gildandi lögum og reglugerð hefur eitt veitingahús hér í bæ. Hótel Borg, fast leyfi til vínveitinga. Þar er nú veitt vín hvern dag ársins, sem hótelið er opið. Önnur veitingahús eiga ekki að hafa hér vínveitingaleyfi. Hins vegar getur lögreglustjóri innan takmarka þröngs ramma veitt vínveitingaleyfi sérstökum mannfögnuðum. Þessi vínveitingaleyfi eru svo eftirsótt, að á hverju ári kemst lögreglustjórinn í Reykjavík ekki hjá að veita 15 veitingahúsum samtals um 1000 leyfi. Svarar þetta til þess, að allt árið sé vínveitingaleyfi hvern dag ársins á 4 stöðum í bænum, sem almenningur hefur óhindraðan aðgang að. Að sjálfsögðu er það að langmestu leyti unga fólkið eða yngri kynslóðin, sem þessa staði sækir.

Þetta er nokkuð annað en það, sem áfengisl. ætlast til. Þar er ætlazt til, að hér í bæ starfi aðeins eitt veitingahús með vínveitingaleyfi, en sérstök leyfi séu ekki gefin út nema til sérstakra, lokaðra hófa, enda hafi veitingahúsin sjálf alls ekki fjárhagslegra hagsmuna að gæta í sambandi við þessi leyfi. Allir vita, að þróunin hefur orðið sú, að hér lifa beinlínis nokkur veitingahús á vínveitingunum og að þau mundu illa geta rekið starfsemi sína, væru vínveitingaleyfin ekki veitt svo sem raun hefur á orðið. Á ríkisvaldið hér mikla sök á hinni erfiðu afkomu veitingahúsanna með álagningu og innheimtu hins rangláta veitingaskatts, sem beinlínis er orsökin að teknaþörf veitingahúsanna og þannig ef til vill grundvöllurinn að ásókn þeirra í vínveitingaleyfin. Hefði ég talið miklu eðlilegra, að veitingahúsunum hefði verið hjálpað með því að afnema veitingaskattinn, í stað þess að létta undir rekstri þeirra með því að láta þau hafa vínveitingaleyfi svo sem raun hefur á orðið. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að ein meginorsök þeirrar miklu áfengisneyzlu, sem hér er, er hin tíðu vínveitingaleyfi á of mörgum veitingastöðum. Má heita, að það sé nú almenn skoðun, að ekki sé á þessa staði komandi án þess að neyta áfengis, og hefur það auðvitað átt mikinn þátt í að móta afstöðu hinnar uppvaxandi kynslóðar til áfengismálsins í heild. Hin tíðu vínveitingaleyfi hafa þannig beinlínis orðið til þess að móta afstöðu manna til áfengismálsins og framkalla þær raddir, sem nú hrópa hæst á rýmkun vínveitingaleyfanna.

Ég verð að harma það, hversu langt hefur verið gengið í veitingu vínveitingaleyfa, og ég hygg, að menn mundu nú ekki tala svo mjög um nauðsyn endurskoðunar áfengisl., ef meiri gát hefði verið höfð á um veitingu vínveitingaleyfa til gistihúsanna.

Dómsmrn. hefur að sjálfsögðu fundið, eins og nú er komið málum, að nauðsynlegt er að gera einhverjar ráðstafanir til að draga úr vínneyzlu landsmanna. Þess vegna skipaði rn. sérstaka n. til þess að athuga málið og endurskoða áfengislöggjöfina. Till. n. liggja nú fyrir ásamt langri grg. Að sjálfsögðu hefur n. verið mikill vandi á höndum um, hvað helzt skyldi gera, og ekki efa ég, að n. leggi það eitt til í þessu máli, sem hún telur bezt og réttast. Afraksturinn af störfum n. finnst mér hins vegar mjög takmarkaður, þar eð hún virðist ekki koma auga á nauðsyn nema tveggja breyt. á áfengisl., sem máli skipta og orð er á gerandi. Önnur breyt. er sú að leyfa bruggun og sölu áfengs öls, ef þjóðin við almenna atkvgr. vill á það fallast. Hin breyt. er að rýmka mjög um leyfi til vínveitinga á veitingahúsum. Aðrar brtt. n. eru svo smávægilegar í sambandi við áfengismálið í heild, að þær skipta tæpast miklu máli.

Á undanförnum áratugum hafa verið gerðar margar tilraunir til þess að opna hér fyrir bruggun áfengs öls og sölu þess til almennings. Allar slíkar tilraunir hafa mistekizt vegna afstöðu almennings, og mig furðar á því, að nú, þegar svo brýn þörf er á að hefjast handa og berjast gegn ofnautn áfengis, þá skuli bjórinn einmitt þurfa að vera annað af þeim tveim bjargráðum, sem menn vilja grípa til.

Mín skoðun er sú, að bjórinn mundi stórum auka, en ekki draga úr drykkjuskap. Hann mundi áreiðanlega verða til þess að kenna mörgum unglingnum vindrykkju, sem ella mundi

leiða hana hjá sér. Ég er í engum vafa um, að margur alþýðumaðurinn mundi verða honum að bráð. Veldur hér mestu, hversu ódýr bjórinn er og auðvelt er að ná til hans. En þegar bjórinn er einu sinni búinn að kenna mönnum bragðið, þá þarf enginn að spyrja um, hvernig fer, og sá, sem ekki sá leiðir til að útvega sér fjármuni til að drekka fyrir sterkari drykki áður, mundi verða óvandari að meðölum til að útvega sér fjármuni fyrir sterkari drykkjum, eftir að bjórinn er búinn að koma honum á bragðið. Bjórinn er í mínum augum ekkert annað en undirbúningsskóli að drykkjuskap. Ég ætla ekki að ræða hér neitt um, hversu ógeðslegar ölknæpur og bjórþamb yfirleitt er; það vita allir. Langar mig ekkert til að sjá slíkar stofnanir og slíkan löst setja ómenningarbrag á líf þjóðarinnar. Furðar mig á, að n., sem falið hefur verið að glíma við áfengisvandamál þjóðarinnar, skuli telja það annað helzta úrræðið til úrbóta að bjóða þjóðinni upp á áfengan bjór.

Um hina aðra aðalúrbótatill. n. get ég líka verið fáorður. Ég sakna þess, að n. skuli ekki hafa kynnt sér rækilega þau vínveitingaleyfi, sem einstökum veitingahúsum hafa verið veitt, og að engin viðhlítandi athugun skuli hafa farið fram á því, hvort ekki væri hægt að skera þessi leyfi niður í framtíðinni að mestu leyti. Ég veit, að í sambandi við þau er oft minnzt á vasapelafarganið, sem upp muni koma, ef tekið verði fyrir vínveitingaleyfin. Má vel vera, að þetta fargan kalli á sérstakar aðgerðir. Slíkt þarf þó rannsóknar við, og þarf þá sérstaklega að athuga, hvað hægt sé að gera með löggjöf til þess að koma í veg fyrir, að slíkt eigi sér stað. Þetta virðist mér n. ekki hafa gert, heldur leggur hún blákalt til, að mjög verði rýmkað til um vínveitingaleyfi. Ég fyrir mitt leyti fæ ekki betur séð en að n., sem endurskoðaði áfengisl., hafi gefizt upp við að koma fram með nokkrar virkar till. til að draga úr áfengisneyzlunni. Tel ég slíkt illa farið, þar eð hér er aðgerða þörf, sem miða í allt aðra átt en að hella bjór ofan í landsfólkið og veita áfengi inn á sem flest veitingahús í landinu. Ég er sannfærður um, að skipbrot sitt hefur n. beðið vegna þess, að í henni voru ekki nægilega sterk öfl, sem hafa valið sér það hlutverk í þjóðfélaginu að vinna á móti böli áfengisins. Hefði svo verið, hefðu till. n. litið út á annan veg og borið meiri svip einlægrar viðleitni til að vinna gegn neyzlu áfengis í óhófi.

Af þessum ástæðum hef ég tekið þátt í flutningi dagskrártill., sem miðar að því, að málið verði athugað enn á ný og þá í samstarfi við þá aðila, sem mest er af að vænta í þessum efnum. Þetta þykir mér rétt að láta koma hér fram, enda þótt ég því miður hafi ekki getað fylgzt með umr. fram að þessu. Annars vil ég taka það fram, að verði dagskrártill. felld, þá áskil ég mér rétt til þess að bera fram brtt. við 3. umr. málsins og taka afstöðu til frv. í heild og í einstökum atriðum eftir því, hvernig fer um þær till.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal reyna að vera ekki mjög langorður í þessari ath.

Út af ræðu hv. 6. landsk. þm. vil ég aðeins segja þetta, að mest af þeim rökum, sem hann færir fram í þessu máli, eru einnig færð fram í minni aðalræðu, og get ég því verið honum samþykkur um margt af því, sem hann upplýsir í sambandi við þetta mál. Mér finnst hins vegar, að niðurstaða hans í málinu sé sú, að hann leggur til, að þetta sé allt saman óbreytt í heilt ár enn, og það er ég honum ekki sammála um. Ég tel einmitt, að það böl, sem hann lýsti svo átakanlega, sé svo alvarlegt, að það sé nauðsynlegt nú þegar að bæta nokkuð úr því. Ég hef þá skoðun, að ef mínar till. verði allar samþ. eins og þær liggja fyrir, þá sé það strax til bóta. Hins vegar ef teknar eru út úr mínum till. einhverjar sérstakar till., án þess að annað fylgi, sem ég ætlast til að verði til þess að bæta málið, þá snýr náttúrlega málið allt öðruvísi við.

Annars greinir okkur aðallega á um þetta tvennt: Hann og hv. 4. landsk. þm. og þá sjálfsagt kannske allur meiri hl. n. vill fara þá leiðina að herða á banninu, takmarka meira með banni heldur en gert hefur verið. Þar greinir okkur á vegna þess, að ég vil einmitt, eins og ég tók fram í minni ræðu, reyna, hvort hægt er að þoka bölinu út með uppeldisaðferðinni. Ég vil aðeins benda þessum hv. þm. á það, að í dag og undanfarna daga hefur áfengisverzlunin verið lokuð í landinu, m. ö. o. algert sölubann hefur ríkt í landinu í nokkra daga. Og hver er árangurinn? Hann er sá, eins og ég sá m. a. í Alþýðublaðinu í dag, að nú kvað vínflaskan vera komin upp í á þriðja hundrað krónur. Það er sagt, að það sé aldrei annað eins flóð af víni inn í landið úr skipum, sem liggja hér, eins og einmitt nú, á meðan verzlunin er lokuð. Það kann að vera, að þetta sé rangt, en það er áreiðanlegt, að það hefur ekki verið hægt að útiloka víndrykkju í bænum eða í landinu þessa daga, sem vínverzlunin er lokuð. Það sannfærir mig m. a. um það, að við verðum að horfast í augu við þann raunveruleika, að örðugt mun að fyrirbyggja vinnautn með banni einu og að taka verður upp hina leiðina, að reyna að útrýma bölinu með fræðslu, og að því stefna mínar till.

Ég skal ekki fara langt út í ræðu hv. 4. landsk. þm. Ég er honum þakklátur fyrir að hafa nú á þessu stigi málsins rætt málið efnislega, og er það allt annað en hv. frsm. n. gerði. En hann tók hins vegar mínar till. og tætti þær í sundur, ræddi þær út frá allt öðru sjónarmiði og gerði mér m. a. upp ýmis orð, sem ég hef aldrei talað, og það var vegna þess, að hann gaf sér ekki tíma til þess að hlusta á mín rök. Ég nenni ekki hér og get ekki heldur í stuttri aths. endurtekið það, en ef hann hefði hlustað á mínar tvær ræður í málinu, þá hefði hann aldrei haldið þessa ræðu, sem hann hélt hér um mína afstöðu til málsins.

Ég skal svo ekki tefja hv. d. eða misnota leyfi hæstv. forseta í þessu máli, en ég legg ákaflega mikla áherzlu á það, að málið fái hér þá afgreiðslu, að séð verði við 3. umr., í hvaða horf málið færist og hvað af till. fæst samþ. og hverjar ekki, og þá fyrst er nægilegur tími til að fylgja frávísunartill., ef á síðara stigi sést, að ekki sé hægt að fá samkomulag um endurbætur

á löggjöfinni frá því, sem hún er nú, á þann veg, að hægt sé að útrýma áfengisbölinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 37. fundi í Ed., 9. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 343 samþ. með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RÞ, StgrA, VH, BrB, GÍG, HG, HermJ, KK.

nei: SÓÓ, ÞÞ, BBen, GJ, JJós, LJóh, BSt.

PZ greiddi ekki atkv.

1 þm. (FRV) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Eins og ég hef sagt í mínu nál., þá tel ég, að það eigi að afgreiða frv. á þessu þingi. Enn fremur, að það sé æskilegast að afgr. það í svipuðu formi eins og ég legg til eða þm. Barð. Hins vegar hefur mér virzt andinn vera sá, að móti okkar till. væru mjög margir, og þá er skárra að láta það vera eins og það er núna heldur en að samþ. hið nýja frv., sem fyrir liggur, í líku formi sem það er eða eins og þm. Seyðf. vill hafa það. Enn fremur er vitað, að meiri hl. deildarinnar er með rökstuddu dagskránni, ef deildin væri fullskipuð, og þess vegna tek ég ekki þátt í þessari afgreiðslu.

2. Iðnaðarlög.

Á 8. fundi í Nd., 14. okt., var útbýtt:

Frv. til iðnaðarlaga [71. mál] (stjfrv., A. 75).

Á 9. fundi í Nd., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er árangur af starfi nefndar, sem skipuð var 10. febr. 1950 til þess að endurskoða gildandi lög um iðju og iðnað. Var þetta gert fyrir ákveðin tilmæli samtaka iðnaðarmanna og iðnrekenda. Gildandi lög um iðju og iðnað eru nærri aldarfjórðungs gömul, og þótt þeim hafi verið breytt allverulega árið 1936 og einnig 1940, hefur nú þótt nauðsynlegt að lagfæra þau að nokkru. Í frv. er lagt til, að fyrirkomulaginu á útgáfu iðnleyfa og meistarabréfa verði breytt þannig, að þau verði framvegis öll gefin á einum stað, hjá ráðh., en ekki hjá lögreglustjórum í hverju umdæmi. Er einnig lagt til, að leyfi til verksmiðjurekstrar, sem nú eru staðbundin, gildi framvegis jafnt hvar sem er á landinu. Einnig mundi handhafi iðnaðarleyfis ekki þurfa nýtt leyfi til að hefja rekstur í annarri grein verksmiðjuiðnaðar. Hins vegar er lagt til, að sams konar leyfi og til verksmiðjuiðnaðar þurfi einnig til að reka handiðnaðarfyrirtæki aðrir en meistarar í hverri grein.

Nokkur nýmæli eru í frv., t. d. í 8. gr. þess, um einkarétt iðnaðarmanna til þess að kenna sig í starfsheiti sínu við iðngreinar, sem löggiltar eru samkv. iðnfræðslulögunum, og enn fremur 13. gr., um heimild fyrir ráðh. til að setja reglur um lágmarksgæði iðnaðarframleiðslu.

Í 7. gr. frv. er nokkur breyting. Í gildandi l., 14. gr., er svipað ákvæði og í 7. gr. frv., en nefndin hafði sleppt því, sem aukið er við þá grein í l. nr. 105 frá 1936, um að menn mættu vinna iðnaðarvinnu fyrir sjálfa sig og dyraverðir fyrir hús þau, er þeir gæta í opinberri þjónustu. Nefndin mun hafa sleppt þessu með hliðsjón af því, að í 1. gr. frv. er því slegið föstu, að lögin taki aðeins til iðnaðar í atvinnuskyni, og ef það ákvæði væri skýrt þröngt, mundi vinna manna fyrir sjálfa sig ekki falla þar undir. Þó er hreinna að taka þetta í lögin, eins og gert var í lögunum frá 1936, þar sem opinberum stofnunum er heimilað að láta dyraverði sína og aðstoðarmenn vinna að endurbótum og viðhaldi húseigna eða eigna stofnananna. Með þessu er komið í veg fyrir ýmis vafatilfelli, og má vel segja, að t. d. dyravörður dytti að húsi í atvinnuskyni, og ef sá skilningur væri lagður í málið, væri honum það óheimilt. Gildandi lög hafa verið túlkuð mjög þröngt um vinnu til viðhalds á eignum einstakra manna, og mun þeim talið óheimilt að láta starfsmenn sína vinna slíka vinnu, eins og t. d. að annast málningu eða viðgerð á húseignum. Þetta hefur verið tekið sem heimild upp í þetta frv. og þykir eðlilegt. 7. gr. frv. rýmkar einnig heimildina til þess að ráða ófaglærða aðstoðarmenn svo sem nauðsynlegt er í ýmsum iðngreinum, en samkv. 15. gr. gildandi laga er slíkt aðeins heimilt, ef sérstaklega stendur á, með samþykki stéttarfélags í stuttan tíma.

Loks má benda á, að frv. felur í sér breytingu á lögfestingu gildandi laga á orðinu „iðja" sem heiti á verksmiðjuiðnaði og „iðnaður" sem heiti á handiðnaði. Samkv. frv. er ætlazt til, að orðið „iðnaður" verði löggilt fyrir hvort tveggja.

Að lokinni þessari umr. vil ég leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til iðnn. með 26 shlj. atkv.

Á 37. fundi Nd., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 75, n. 318).

Frsm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Lögin um iðju og iðnað, sem nú gilda, eru að stofni til frá árinu 1927, en á þeim voru gerðar allmiklar breyt. árið 1936 og raunar fleiri síðar, en smávægilegar, og við þetta hefur svo verið unað til þessa dags. Það hefur þó komið á daginn upp á síðkastið, að það eru nokkrir annmarkar á þessum lögum, sem æskilegt væri að færa til betri vegar, og vil ég þar sérstaklega nefna, hversu óglögg eru nú orðin mörkin milli þess, sem venjulega er kallað handiðnaður og iðjustarfsemi. Það tíðkast nú orðið æ meir, að það, sem áður var handiðn, er nú unnið í

vélum, og þarf þá ekki til þess jafnt faglærða menn og áður þurfti.

Þetta hefur sjálfsagt m. a. verið ástæðan til þess, að hæstv. ríkisstj. skipaði á árinu 1950 nefnd til þess að endurskoða þessa löggjöf, lögin um iðju og iðnað. Þessi n. hefur nú skilað áliti í frumvarpsformi, sem hér hefur verið lagt fyrir, og er það þetta frv., sem hér er til umr.

Í grg. fyrir frv. segir, að það sé að mestu flutt eins og n. gekk frá því, en þó eru tvær breyt. gerðar, eins og nánar er tiltekið í grg., sérstaklega í 7. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að í sérstöku tilfelli megi ófaglærðir menn taka að sér iðnaðarstörf.

Málið var sent til umsagnar Landssambands iðnaðarmanna, og hefur iðnn. borizt frá Landssambandinu bréf það, sem prentað er sem fylgiskjal I á þskj. 318, þar sem gerð er grein fyrir afstöðu Landssambandsins til málsins. Og það er í stuttu máli að segja um þessa afstöðu Landssambandsins, að það leggur eindregið til, að frv. verði ekki samþ. í þessari mynd, heldur verði afgreiðslu þess frestað og því gefinn kostur á að athuga málið fyrir næsta Alþingi, til þess að freista, hvort ekki væri unnt að fá það lagfært í það horf, sem Landssambandið óskar.

Þá hefur iðnn. einnig borizt bréf frá póst- og símamálastjórninni og Verkfræðingafélagi Íslands, sem fara bæði í þá átt að veita fleirum starfsréttindi í iðnaði heldur en nú hafa þessi réttindi. Í till. póst- og símamálastjórnarinnar er sérstaklega óskað eftir því, að sá iðnaður, sem ríkið hafi einkarétt á að reka, verði undanþeginn þessum lögum. Er þar sérstaklega átt við útvarpsvirkjun og símavirkjun. Getur það að mínu viti haft nokkuð til síns máls, þótt vel þurfi að draga þar mörkin, ef út í þetta yrði farið.

Verkfræðingafélag Íslands hefur sent n. brtt. við frv., sem prentaðar eru sem fskj. IV á þskj. 318, þar sem hv. dm. geta séð, í hvaða átt þessar till. Verkfræðingafélagsins stefna. Þar er gert ráð fyrir að veita verkfræðingum og húsameisturum allvíðtæk réttindi í iðnaði, sem ég sannast sagna, þó að verkfræðingur sé, er ekki fyllilega sammála. En þetta er þó til athugunar. Ég vil gjarnan — og tel raunar sjálfsagt — að þessar till. Verkfræðingafélagsins verði teknar til athugunar ásamt með till. póst- og símamálastjórnarinnar og athugasemdum stjórnar Landssambands iðnaðarmanna, áður en endanlega yrði frá þessu máli gengið.

Það hefur þess vegna orðið samhljóða niðurstaða okkar í iðnn. að leggja til, að frv. yrði afgr. með rökst. dagskrá, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. láti taka mál þetta til athugunar á ný og freisti að ná um það samkomulagi við þá aðila, sem lögin snerta mest, tekur d. fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta. Málið er viðkvæmt mál og þarf að fara að því á alla vegu með talsverðri gát, svo að þess vegna teldi ég óhyggilegt, að það yrði þvingað í gegn hér með einhverjum atkvæðamun, miklum eða litlum, kannske litlum og kannske tiltiljunarkenndum. Þetta eru atriði, sem þurfa að athugast og ákveðast af sérfróðum mönnum, sem á þetta bera fullt skyn og reyna að ná sameiginlega hinni skynsamlegustu niðurstöðu.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða málið frekar, en óska að sjálfsögðu, að hin rökstudda dagskrá verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Nd., 11. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 318 samþ. með 18 shlj. atkv.

3. Háskóli Íslands (kennarafjölgun í laga- og hagfræðideild).

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1944, um breyt. á og viðauka við l. nr. 36/1909, um laun háskólakennara, og um breyt. á l. nr. 21/1936, um Háskóla Íslands [20. mál] (stjfrv., A. 20).

Á 3. fundi í Nd., 3. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Þetta frv. um laun háskólakennara og breyt. á l. um Háskóla Íslands er flutt vegna eindreginna tilmæla háskólans, sem telur, að ekki verði lengur undan því ekið að bæta við einu prófessorsembætti í lagadeild. Lagadeildin hafði flesta prófessora, þegar háskólinn var stofnaður, en þá voru þeir þrír. Nú eru allar aðrar deildir háskólans með hærri tölu prófessora en lagadeildin, sem nú hefur enn þá sömu tölu prófessora og þegar skólinn var stofnaður. Þar hefur engu verið bætt um, þó að starf deildarinnar hafi vaxið, eins og kunnugt er, mjög mikið frá þeim tíma, að skólinn var stofnaður fyrir 4 áratugum. Þessi skortur á föstum kennurum í deildinni veldur því meðal annars og ekki sízt, að yfirferðir í einstökum kennslugreinum taka miklu lengri tíma en æskilegt væri.

Hvað snertir útgjöld fyrir ríkissjóð í þessu sambandi, þá verður hér ekki að öllu leyti um nýtt embætti að ræða, vegna þess að verði skipaður nýr prófessor, tekur hann við kennslu, sem nú er greidd með hálfum dósentslaunum. Prófessorslaun eru nú rúm 54 þús. kr., en hálf dósentslaun eru rúm 25 þús. kr., þannig að mismunurinn, sem þarna kæmi fram til gjaldauka fyrir ríkissjóð fyrir þessa breytingu, er milli 28 og 29 þús. kr. Ég vil því mæla mjög eindregið með því, að þessi breyting, sem hér er farið fram á, nái samþykki þingsins. — Að lokinni þessari umr. legg ég til, að málinu verði vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 38. fundi í Nd., 11. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 20, n. 388 og 415).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Efni þessa frv. er það, að í laga- og hagfræðideild Háskóla Íslands skuli vera fjórir prófessorar í stað þriggja, sem nú eru. Háskólinn hefur óskað eftir þessari breytingu og sendi Alþ. tilmæli um það í fyrra. Það mál fékk þá ekki byr, en nú hefur hæstv. ríkisstj. tekið það upp og flytur um það stjórnarfrv. á þskj. 20. Rökin fyrir þessu eru einkum þau, að tala fastakennara eða prófessora í lögfræði hefur verið óbreytt í 41 ár, eða frá því að háskólinn tók til starfa 1911. Á þessum tíma hefur nemendum fjölgað mjög mikið og námsgreinum einnig að töluverðu leyti. Háskólinn telur þess vegna brýna nauðsyn að fá aukna kennslukrafta og telur, að á móti þeim kostnaði, sem af þessu stafaði, mætti draga nokkuð úr þeim útgjöldum, sem nú eru vegna aukakennslu eða aukakennara við lagadeildina.
Í grg. frv. er málið ýtarlega rökstutt. Menntmn., sem fékk það til umsagnar, fékk svo einn prófessoranna á fund til sín til að gefa þar skýringar um málið. N. gat ekki orðið á einu máli um afgreiðsluna, en meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Eins og fram kom í ræðu frsm. meiri hl. menntmn., þá varð n. ekki á eitt sátt um afgreiðslu þessa máls. Það er till. minni hl. n., að frv. þetta verði afgr. með þeirri rökstuddu dagskrá, sem prentuð er á þskj. 415.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 39. fundi í Nd., 12. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 415 samþ. með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JS, JörB, LJós, PÞ, PO, SkG, ÁB, EirÞ, HÁ.
nei: JóhH, JÁ, JR, KS, MJ, SÁ, SG, StJSt, EOl, GTh, GÞG, HV.
StgrSt, ÁS, SB greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÓTh, AE, ÁkJ, BÓ, EmJ, EystJ, GG) fjarstaddir.

---

4. Útsvör.

Á 10. fundi í Ed., 17. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53/1950, um breyt. á l. nr. 66 frá 12. apríl 1945, um útsvör [80. mál] (þmfrv., A. 90).

Á 11. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þegar l. nr. 53 frá 1950, um breyt. á útsvarslögunum, voru sett, þá var ég að ýmsu leyti óánægður með þau, og undir meðferð málsins hér í hv. d. bar ég fram nokkrar brtt. við frv., sem ekki náðu þó fram að ganga. Vildi ég þá, að réttur atvinnusveitar til að leggja útsvar á atvinnurekstur yrði gerður nokkru víðtækari en í frv. var ákveðið, en hætt yrði með öllu að krefjast útsvars af atvinnutekjum eða launum utan heimilissveitar. Mér fannst, að þessi skipting væri réttari og einfaldari heldur en það krull í þessu, sem áður hafði verið. Skipting útsvara var að vísu að mestu afnumin með þessum l., að minnsta kosti útsvara vegna atvinnutekna, en í þess stað var sett ákvæði í 3. gr. þessara l. um það, að ef útsvör eru lægri í heimilissveit gjaldanda heldur en í atvinnusveit hans, þá geti atvinnusveitin lagt eins konar útsvarsauka á gjaldandann, sem nemi mismuninum á útsvari hans í heimilissveitinni og því, sem honum hefði borið að gjalda í atvinnusveitinni, ef hann hefði verið þar heimilisfastur.
Það er nú fengin nokkur reynsla af þessu lagaákvæði, og þar sem ég þekki til, er hún ekki góð. Sérstaklega finnst mér áberandi, að menn í sama hreppi verða fyrir miklu misrétti vegna þessa ákvæðis. Manni, sem hefur tekjur sínar heima í sveitinni, er gert að greiða útsvar að sjálfsögðu samkvæmt þeim reglum, sem gilda í hans sveit. Nágranni hans, sem ef til vill hefur sömu tekjur og að öllu leyti svipaðar ástæður, fær sama útsvar í heimilissveitinni, en svo stendur á um hann, að hann verður að leita sér atvinnu í annarri sveit eða kaupstað, og þá leggur sú sveit á hann kannske jafnhátt útsvar eins og heimasveitin gerir, svo að þannig greiðir hann samtals ef til vill helmingi hærra útsvar til sveitar- eða bæjarsjóðs, þó að ástæður séu sömu, heldur en nágranni hans greiðir. Ég veit nú þegar ýmis dæmi um svipað og þetta, þó að lögin séu ekki búin að standa lengi. Hvað sem um þetta má segja að öðru leyti, þá held ég, að enginn geti haldið því fram, að þetta sé jafnrétti, og mér finnst nú þó, að löggjöfin ætti að stefna að því, að þegnarnir nytu jafnréttis, eftir því sem hægt er við að koma.
Menn munu nú kannske segja, að utansveitarmanni sé ekki vandara um að greiða útsvar í atvinnusveitinni heldur en íbúum þeirrar sveitar, hann njóti atvinnuréttinda og á móti því verði að koma það, að hann greiði sams konar útsvar og íbúar þeirrar sveitar, þar sem hann nýtur atvinnuréttinda. En ég hygg, að þó að einhverjir vildu segja sem svo, þá sé það byggt a. m. k. að miklu leyti á misskilningi. Það má benda

á það, og var nú raunar gert undir umr. um þau l., sem ég legg nú til að breyta, að heimamenn njóta ýmissa réttinda í sveitinni, sem utansveitarmenn njóta ekki, jafnvel þó að þeir fái að stunda þar atvinnu. Sveitin ber t. d. ábyrgð á afkomu þeirra. Ef þeir geta ekki séð sér farborða, þá er það þeirra heimilissveit, sem tekur við þeim og sér þeim farborða. Heimilissveitin verður að gjalda margs konar gjöld af hverjum íbúa sveitarinnar. Þá má benda á það, að íbúar sveitarinnar einir hafa rétt til þess að láta börn sín ganga í skóla sveitarinnar, og þannig mætti lengi telja.

Fyrir utan þetta, að ég tel þetta ákvæði ranglátt og valda misrétti innbyrðis í sveitunum, þá hygg ég, að þetta hafi nú þegar fremur litla fjárhagslega þýðingu fyrir sveitar- og bæjarfélög. Ég hygg, að það sé Akureyri, þar sem ég er nú sjálfur gjaldandi, sem hefur haft hlutfallslega einna mestar tekjur af útsvörum lögðum á eftir þessum ákvæðum á utansveitarmenn. En sú upphæð, sem þannig hefur verið lögð á til bæjarsjóðs Akureyrar, skiptir ekki verulegu máli og mundi ekki hafa nein veruleg áhrif á útsvör gjaldenda í bænum, íbúa bæjarins, þó að þetta væri afnumið. En hafi þetta nú ekki haft verulega þýðingu hingað til, sem ég hygg að ekki hafi verið, þá er ég alveg sannfærður um það, að í framtíðinni hefur það enga þýðingu eða sama og enga, því að ég þekki þá illa til sveitarstjórna, ef það verður ekki upp tekið, ef þetta lagaákvæði á að gilda, að leggja eins há útsvör á þá menn, sem vinna utan sveitarinnar, eins og mundi verða lagt á þá í atvinnusveitinni. Það má gera þetta að sjálfsögðu með samkomulagi við mennina og sjá það svo á einhvern hátt við þá á eftir, svo að það valdi ekki ágreiningi. Ég er því alveg sannfærður um það, að þegar fram í sækir, þá verður afar lítið upp úr þessu að hafa og ákvæðið þýðingarlítið, en þá er alltaf réttara, ef ákvæði verður þýðingarlítið eða þýðingarlaust, að nema það úr l., heldur en að halda því í l., en fara svo í kringum það. Ég hygg því, að það sé réttast að afnema þetta lagaákvæði, eins og ég legg til með því frv., sem hér liggur fyrir. — Ég leyfi mér að leggja til, að þessu frv. verði vísað til hv. allshn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 11:1 atkv.

Á 33. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 90, n. 298).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta mál, sem er brtt. við lög um útsvör, hefur n. ekki getað lagt til að yrði samþ. Það er nú svo, að þessi breyt., sem gerð var á útsvarsl. og heimilar hreppum, þar sem einstakir menn stunda atvinnu, að leggja á þá viðbótarútsvar, ef útsvör í þeim hreppi eru hærri en í heimilissveitinni, er tiltölulega ný og hefur ekki komið til framkvæmda enn þá, svo að mér sé kunnugt um, nema á milli Glæsibæjarhrepps og Akureyrarkaupstaðar, þar sem Akureyrarkaupstaður hefur lagt á menn, sem lögheimili eiga í Glæsibæjarhreppi, en stunda atvinnu á Akureyri.

Eins og mönnum er kunnugt, eru útsvarsl. ásamt skattal. nú til endurskoðunar hjá mþn. Það stóðu um skeið vonir til þess, að hún mundi geta skilað áliti og lögin kæmu til endurskoðunar á þessu þingi. Af því hefur nú ekki orðið. Það er þess vegna sýnt, að þessi endurskoðun kemur ekki til framkvæmda fyrir næsta ár. Hins vegar er vonandi og ákaflega miklar líkur til, að n. verði búin að skila áliti það snemma, að endurskoðun útsvarsl. í heild og skattal. líka geti farið fram á næsta reglulegu þingi, sem væntanlega kemur saman næsta haust. Og við sjáum ekki ástæðu til þess að breyta l. fyrir þetta eina ár. Hvað sjálfan mig snertir get ég sagt það, að ég taldi alltaf og tel enn, að það sé rétt að skipta útsvörum milli heimilissveitar og atvinnusveitar og að það hafi ekki verið rétt hjá þinginu, þegar það gekk inn á þá braut að láta heimilissveitina halda öllu útsvarinu, nema í því tilfelli, þegar útsvarsskalinn lægi hærra hjá atvinnuhreppi, þá mætti atvinnusveit bæta við útsvarið. Þetta var nú mín skoðun, ekki meiri hl. Þess vegna var fellt niður að skipta útsvörum og tekin upp þessi aðferð í staðinn, sem hér átti að breyta og við leggjum til að sé afgr. með rökst. dagskrá og beðið eftir að sjá, hvað út úr heildarendurskoðuninni kemur, sem er verið að gera á l.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Hv. frsm. gat um það, að það ákvæði, sem hér er lagt til að fella úr útsvarsl., sé nýtt, og er það rétt. Það er líka rétt hjá honum, að þetta mun ekki hafa komið til framkvæmda nema að því er snertir nokkra gjaldendur í Glæsibæjarhreppi, í Glerárþorpi, sem hafa haft atvinnu á Akureyri. Akureyrarkaupstaður hefur lagt á þá viðbótarútsvar, af því að þeir hafa haft atvinnu þar, en útsvarsskalinn er hærri á Akureyri heldur en í Glæsibæjarhreppi.

Ég álít, að það geti ekki verið ástæða til þess að vísa málinu frá af þeirri ástæðu, að þetta ákvæði er nýtt, því að svo óheppilegt getur nýtt ákvæði verið, að rétt sé að nema það úr gildi, þegar þó nokkur reynsla er af því fengin, sem þegar er, a. m. k. í Glerárþorpi. Og sú reynsla er á þann veg, að þetta ákvæði er óhafandi. Ég sýndi fram á það við 1. umr. þessa máls, að það hefur t. d. það í för með sér, að tveir menn, sem alveg stendur eins á um um fjárhag og aðrar aðstæður, geta haft næsta ólík útsvör með þessu móti. Ég er hv. frsm. n. sammála um það, að sennilega hefði ekki átt að hverfa frá því fyrirkomulagi að skipta útsvörum, því að það er að ýmsu leyti sanngjarnara að gera það heldur en þetta. Þá sitja þó allir íbúar hins sama hrepps við sömu kjör að því leyti, er útsvör snertir. En hv. n. vill nú vísa þessu frv. frá með þeim rökstuðningi, að endurskoðun hjá stjórnskipaðri mþn. eigi sér nú stað um útsvarsl. og skattal. og þess vegna megi ekki breyta einstöku atriði eins og þessu fyrr en álit hennar liggur fyrir. Það hefur

reyndar oft komið fyrir, að mþn. hafi verið skipaðar og liðið nokkur ár þangað til þeirra till. hafa orðið að l., og stundum hefur það nú komið fyrir, að till. mþn. hafi aldrei orðið að l. En það skal ég játa, að það er dálítið algengt og reyndar handhæg aðferð, ef mál fer í mþn. og frv. kemur fram um eitthvert atriði skyldra mála, að vísa á það: Ja, þetta er nú í athugun hjá mþn., og þýðir ekki að vera að fást við þetta nú.

Ég býst við, að það þýði ekki að deila við dómarann. N. er óklofin um þetta mál og vill vísa því frá, og ég geri ráð fyrir, að það verði dómur hv. þd. að gera svo. En ég hefði nú haldið, að þótt það sé rétt hjá hv. n., að mþn. í skattamálum eigi að taka útsvarsl. til athugunar, þá eigi hún fyrst og fremst að taka hin almennu skattal. til athugunar og gera till. um þau. Og mér finnst ekki vel gott samræmi í till. a. m. k. tveggja hv. nm., sem hafa skrifað undir þetta nál. á þskj. 298 og vilja láta vísa málinu frá sökum þess, að það sé til athugunar í mþn., en hafa sjálfir flutt frv. um lítils háttar atriði til breyt. á skattal. Ég verð að segja þessum tveim hv. þdm. og nm., hv. 8. þm. Reykv. og hv. 4. landsk. þm., að ég álít, að þeir hafi, báðir þessir hv. þm., með þessu nál. kveðið upp dóm yfir sínum eigin frv., því að hvernig ætti að fara að samþ. þau, ef d. afgr. þetta mál með þeirri dagskrártill., sem hér liggur fyrir? Þessi tvö frv. um breyt. á skattal. liggja nú fyrir í n., sem ég er form. í, fjhn. þessarar hv. d., og ég verð að líta svo á, að verði þessi rökst. dagskrá samþ., þá sé jafnframt raunverulega búið að afgreiða þessi tvö skattalagafrv. og það ætti ekki að þurfa þá frekar við þau að fást, a. m. k. er ekki neitt samræmi í því að afgr. þau á annan hátt heldur en þetta.

Ég mun ekki greiða atkv. með þessari rökst. dagskrá. Ég hefði haldið, að það hefði verið réttara að samþ. frv., ef til vill með breyt. Ég skal játa það, að frv. hefði ef til vill þurft breyt. við og einhver takmörk hefði þurft inn í það að setja til þess að fyrirbyggja svo kallaðan skattflótta. En n. hefur ekki kosið þann veginn að athuga málið og gera á því nauðsynlegar eða heppilegar breytingar, heldur hitt, að skjóta sér á bak við mþn. í skattamálum og vísa málinu frá af þeim sökum. Ég tel víst, að það verði niðurstaðan, og þeygi mig vitanlega fyrir því, en það sama hlýtur að gilda um þau frv., sem tveir af hv. nm. hafa flutt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem hv. flm. þessa frv. hefur sagt hér, að það sé algerlega rangt að vísa þessu frv. frá með rökst. dagskrá. Það er rangt af tveim ástæðum.

Það er í fyrsta lagi algerlega rangt að hafa ákvæði í l. eins og þau nú eru um það að skipta útsvörum á þann hátt, sem gert er. Ég var á móti því, þegar þetta var sett inn í l. á sínum tíma, eins og ég hef ávallt verið á móti því, að útsvörum verði skipt, og fyrir harða baráttu fékkst það lagað hér á Alþ. á sínum tíma. Ástæðurnar fyrir því að skipta útsvari nú eru allt aðrar heldur en þær voru, þegar það var sett inn fyrir 10 árum, og enginn samanburður á því á nokkurn handa máta. En þess utan er ég á móti þessu vegna þess, að það er algerlega rangt að hafa það fyrir meginástæðu, að einhver lög séu í endurskoðun, og það sérstaklega þegar búið er að lýsa því yfir, að það sé ekkert að vita um, hvenær endurskoðun þeirra verði fullokið, eins og á sér stað um þau lög, sem hér um ræðir. Það var miklu frekar upplýsing fyrir mþn., sem er nú að endurskoða útsvarsl., að fá að vita efnislega, hvaða afstöðu þessi hv. d. hefur til þessa sérstaka atriðis, því að ef greidd verða um þetta atkv. hér efnislega, þá fær hún að sjá og heyra um það, hvort þessi hv. d. er með því, að þetta ákvæði sé framvegis í l. eða ekki. Þannig hefur hv. allshn. algerlega brugðizt sínu hlutverki í þessu máli. Þess vegna mun ég greiða atkv. gegn dagskránni.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 298 samþ. með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RÞ, SÓÓ, StgrA, BrB, KK, PZ, ÞÞ.

nei: BSt, FRV, GJ.

7 þm. (VH, BBen, GÍG, HG, HermJ, JJós, LJóh) fjarstaddir.

5. Útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Á 46. fundi í Nd., 19. des., var útbýtt:

Frv. til l. um afnám l. nr. 38 1948, um breyt. á l. nr. 81 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum [192. mál] (þmfrv., A. 499).

Á 49. fundi í Nd., 13. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., 15. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 24 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af meiri hl. sjútvn., og er efni þess að nema úr gildi l. nr. 38 frá 1948. En í þessum l. frá 1948, sem afnumin yrðu samkv. frv., er svo fyrir mælt, að saltfiskur skuli vera undanþeginn þeim hluta útflutningsgjalds af sjávarafurðum, sem rennur í Fiskveiðasjóð Íslands samkv. l. um útflutningsgjald, nr. 81 frá 1947. Efni frv. er því að samræma útflutningsgjaldið og auka jafnframt tekjur fiskveiðasjóðs. Til þess er frv. flutt að auka tekjur sjóðsins og þar með möguleika hans til þess að veita stofnlán til vélbátaflotans og fiskiðjuvera, sem reist eru til hagnýtingar sjávarafla í verstöðvum landsins.

Álagning útflutningsgjalds á íslenzkar sjávarafurðir sem og fleiri útflutningsvörur á sér langa sögu. Það var sem kunnugt er upphaflega lagt á sem gjald til ríkisins og var á árunum 1920—40 einn af stærstu tekjustofnum ríkis-

sjóðs. Þessu gjaldi var öðru hverju breytt, en samkv. l. frá 1925 var það 1½% af sjávarafurðum, öðrum en síld, síldarvörum og beinum, en á þann útflutning var gjaldið lagt eftir magni samkv. sérstökum lögum. Þegar fiskveiðasjóður var endurreistur árið 1930, var lagt á viðbótargjald, er renna skyldi til sjóðsins. En um 1940 var svo notkun gjaldsins gerbreytt, því að þá var ákveðið, að gjaldið, sem áður hafði runnið í ríkissjóð, skyldi renna í fiskveiðasjóð, og hefur svo verið síðan.

Nú eru í gildi almenn l. um útflutningsgjald frá 1947. Útflutningsgjaldið samkvæmt þeim l. rennur að miklu leyti til fiskveiðasjóðs, en hluti af því *rennur þó til annarra aðila:* til Landssambands íslenzkra útvegsmanna og til byggingar rannsóknarstofnunar í þágu sjávarútvegsins. Auk þess eru í gildi l. um fiskimálasjóð. Samkvæmt þeim er innheimt af sjávarafurðum ½%, sem rennur í þann sjóð. Einnig má nefna lögin um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, en iðgjöld til þess sjóðs eru greidd af útflutningsvörum bátaflotans, saltfiski eins og öðrum útflutningsvörum.

Það er athyglisvert, að l. frá 1948, sem hér er lagt til að verði afnumin, um undanþágu saltfisks frá gjaldinu, mæla aðeins fyrir um þann hluta útflutningsgjalds af saltfiski, sem fiskveiðasjóður fær. Aðrir aðilar, sem útflutningsgjalds njóta, þ. e. fiskimálasjóður, Landssamband ísl. útvegsmanna og rannsóknarstofnunin, svo og hlutatryggingasjóður, fá útflutningsgjald af saltfiski eins og öðrum sjávarafurðum. Gefur þetta ótvírætt til kynna, að undanþágan sé ekki á fullum rökum byggð, enda er það svo. Þó má segja, að hún hafi áður haft nokkuð til síns máls, því að saltfiskur var um skeið lítt seljanleg vara. En sé athuguð t. d. afurðasalan á árinu sem leið, er ekki hægt að sjá neina skynsamlega ástæðu til þess að undanþiggja saltfisk þessu gjaldi, eða ekki meiri ástæðu heldur en t. d. freðfisk, þar sem sala saltfisksins virðist yfirleitt hafa gengið betur en sala freðfisksins.

Í grg. á þskj. 499 er nokkuð rakin saga Fiskveiðasjóðs Íslands og starfsemi, og skal ég ekki hafa mörg orð um það efni. En ég held, að flestir, sem hafa einhver afskipti af málefnum vélbátaútgerðarinnar, geti verið sammála um, að nauðsyn beri til þess að efla þessa lánsstofnun, eftir því sem föng eru á. Um það verður ekki deilt, að þörf vélbátaútvegsins og fiskiðjuveranna til stofnlána er mjög brýn. Um það bera gleggst vitni umsóknir þær, er fyrir liggja í fiskveiðasjóði um slík lán. Úr þessari þörf verður að bæta, eftir því sem föng eru á, og virðist einsætt að gera það fyrst og fremst með því að efla hina gömlu lánsstofnun bátaútvegsins, fiskveiðasjóðinn, enda hafa störf hans þótt gefast vel, og á hans vegum hefur um langan tíma verið aflað mikillar reynslu um framkvæmd þessara mála. Ég skal geta þess, að árið 1950 fór stjórn fiskveiðasjóðs þess á leit, að sjútvn. þessarar deildar beitti sér fyrir því, að umrædd l. frá 1948 yrðu afnumin, og færði fyrir því rök. Það varð ekki af því þá, að n. flytti þetta mál. Það var samt flutt á þinginu, en náði ekki samþykki.

Skoðanir geta verið skiptar um það, hvort rétt hafi verið að fara þá leið að afla fiskveiðasjóði starfsfjár með útflutningsgjaldi á sjávarafurðir. Þess er þó að geta, að mikill hluti þessa fjár rann áður í ríkissjóð til annarra þarfa, eins og ég hef sagt, en hefur nú verið fengið sjávarútveginum aftur, þó að það sé notað í hans þágu með sérstökum hætti. Gagnsemi fjárins, eins og það er notað nú, er almennt viðurkennd. Og á það má benda, að fáir eða engir virðast þess fýsandi að rýra lánsmöguleika fiskveiðasjóðs með því að svipta hann þeim tekjum, sem hann nú hefur af útflutningsgjaldinu. En þegar það er svo, að viðurkennt er, að rétt sé að afla honum starfsfjár með slíkum tekjum, þá fáum við, sem að þessu frv. stöndum, ekki séð annað en að rétt sé að samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Ég skal geta þess, áður en ég lýk máli mínu, að núna í byrjun nóvembermánaðar s. l. lágu fyrir í fiskveiðasjóði beiðnir um lán, sem þarf að afgreiða nú á næstu mánuðum, að upphæð samtals rúmlega 6,7 millj. kr. Það er vissulega fróðlegt til athugunar, hvernig þessar umsóknir skiptast eftir tegundum lána. Af þessum 6,7 millj. voru 765 þús. til skipa, til nýrra véla í skip 2 millj., til hraðfrystihúsa 1,8 millj., til fiskimjölsverksmiðja 1,3 millj., til fiskþurrkunarhúsa tæp 700 þús. og til dráttarbrauta 160 þús. Þetta voru allt umsóknir, sem lágu fyrir í fiskveiðasjóði hinn 1. nóv. s. l., og eru samtals að upphæð rúml. 6,7 millj. kr. En af þessum tölum má nokkuð ráða um lánaþörfina og þar með þörf sjóðsins fyrir starfsfé.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. Það er, eins og ég sagði áðan, flutt af meiri hl. nefndar.

Umr. frestað.

Á 51. fundi í Nd., 16. jan., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 19. jan., var fram haldið 1. umr. um frv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Frv. þetta felur það í sér, að hækkað verði útflutningsgjald af saltfiski. Gert er ráð fyrir því að taka nú að nýju upp útflutningsgjald af saltfiski til fiskveiðasjóðs. En nú um 5 ára bil eða svo hefur útflutningsgjald af saltfiski til fiskveiðasjóðs ekki verið í lögum. Það þótti full ástæða til þess á árunum 1947 og svo aftur 1948 að afnema þetta gjald af saltfiskinum, þar sem hagur saltfisksframleiðenda þótti vera þannig, að það væri ekki hægt að leggja þetta gjald á. Síðan hafa nokkrum sinnum komið fram raddir um það að taka þetta gjald upp aftur, en það hefur nú ekki fengizt samþ. hér á Alþ. Og nú er að nýju komið fram frv. frá þremur þm. úr sjútvn. þessarar d., en tveir af nm., ég og þm. Borgf., við erum frv. andvígir og höfum ekki viljað standa að flutningi þess.

Það er skoðun mín, að það hafi ekki gerzt þær breytingar hjá saltfisksframleiðendum, að það sé hægt að fara að taka upp þetta gjald. Ég viðurkenni að vísu, að fiskveiðasjóður, sem starfar í þágu útvegsins og veitir lán til ýmissa

framkvæmda í þágu sjávarútvegsmálefna, þarf gjarnan að auka tekjur sínar, og ég vildi gjarnan ljá því lið að finna einhver tiltækileg ráð til þess, að hægt væri að auka tekjur Fiskveiðasjóðs, því að hann þarf í rauninni að standa undir allmiklu meiri verkefnum en hann getur staðið undir nú. Um það er í rauninni ekki ágreiningur meðal okkar í sjútvn. En það er aðeins þetta: Við erum ekki sammála um það, að rétt sé, og það nú á þessum tíma, að auka tekjur sjóðsins á þennan hátt.

Það er vitað mál, að mjög margir fulltrúar sjávarútvegsins eru andvígir því, að þetta gjald verði tekið upp aftur. Sérstaklega hefur nú borið á því, eins og skiljanlegt er, frá hálfu togaraeigenda. Þeir mæla mjög hart á móti þessu, þar sem þeir eru nú þannig settir, að þeir hafa mjög tæpan rekstur og eiga í vök að verjast, eins og alþjóð er kunnugt, og greiða allmikið af framleiðslu sinni einmitt í skatt í þennan sjóð, fiskveiðasjóð. En hins vegar er fiskveiðasjóði þannig háttað, að hann getur yfirleitt ekki veitt togaraeigendum nein lán. Í l. sjóðsins er gert ráð fyrir, að forgangslán úr sjóðnum skuli renna til fiskibáta, sem eru undir 150 smálestir að stærð, og þar sem verkefni sjóðsins er í þeim greinum ærið nóg, þó að hann að vísu gefi sig að ýmsum öðrum smærri þáttum, þá útilokar þetta í rauninni með öllu togaraeigendur frá að geta fengið nokkuð úr þessum sjóði, svo að það er ofur skiljanlegt, þegar tekið er tillit til fjárhagsástæðna þeirra og svo þess, að þeir greiða þegar allmikið gjald til þessa sjóðs, að þá færist þeir undan, að það verði enn bætt við álögum á þá, sem ættu að renna til þessa sjóðs.

Nokkuð svipað er að segja um fulltrúa bátaútvegsins. Þeim þykir, að þeir greiði ærið nóg af framleiðslu sinni í beinu útflutningsgjaldi til þessa sjóðs og að það sé ekki á það bætandi eins og nú standa sakir.

Þau rök hafa komið fram frá þeim, sem standa að þessu frv., að vegna þess að gjald hafi verið lagt á hraðfrystan fisk og ísvarinn fisk og ýmsar aðrar útflutningsvörur báta og togara til þessa sjóðs, þá sé í rauninni ekki nema sanngjarnt eða eðlilegt, að einnig verði lagt gjald á saltfisk. Vitanlega þarf það ekki svo að vera, þó að þessir aðilar, sem vinna að framleiðslu þessara vara, greiði nú þegar allmikið fé í sjóðinn af sumum greinum af sinni framleiðslu, að þá sé nauðsynlegt að skattleggja allar greinar þeirrar framleiðslu til sjóðsins. Það er vitanlega engin nauðsyn að gera það, og miklu væri æskilegra að finna fiskveiðasjóði einhverja aðra heppilegri tekjustofna heldur en að fara sí og æ inn á þá braut, ef á að efla lánasjóði útvegsins, að leggja þá gjöld á útveginn sjálfan, því að það kemur vitanlega sjávarútveginum ekki nema að mjög takmörkuðu gagni.

Eins og ég hef gert hér áður, þá vil ég lýsa því yfir, að ég er eindregið á móti þessu frv., tel, eins og útlitið er núna í saltfisksölumálum okkar, að það sé sízt ástæða til þess nú. En nú horfir þar á ýmsan hátt þunglegar heldur en gert hefur um langan tíma að undanförnu, eins og hér hefur verið margsinnis upplýst af mörgum mönnum hér á Alþ.

Við, sem erum í minni hl. í þessu tilfelli í sjútvn., erum eindregið á móti því, að þetta frv. nái hér fram að ganga, eins og við höfum verið hér áður, þegar það hefur verið sýnt hér á Alþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 53. fundi í Nd., 20. jan., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21:2 atkv.

Á 54. fundi í Nd., 21. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 55. fundi í Nd., 22. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:5 atkv.
2. gr. samþ. með 17:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:5 atkv.

Á 56. og 57. fundi í Nd., 23. og 27. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 58. fundi í Nd., 28. jan., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 499, 594).

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Á þskj. 594 hef ég leyft mér að flytja till. til rökstuddrar dagskrár í þessu máli. Dagskráin er á þá leið, að þar sem d. telji ekki fært að hækka útflutningsgjald af saltfiski, eins og högum útgerðarinnar er háttað, m. a. vegna lokunar brezka markaðarins, og í trausti þess, að ríkisstj. reyni að finna leiðir til eflingar fiskveiðasjóði, tekur d. fyrir næsta mál á dagskrá.

Eins og kunnugt er, er frv. þetta flutt af meiri hl. hv. sjútvn., en tveir nm., hv. þm. Borgf. og hv. 2. landsk., eru andvígir frv. Efni frv. er það, eins og hv. þdm. er kunnugt, að hækka útflutningsgjald af saltfiski frá því, sem nú er, ¼%, upp í 1¾%. M. ö. o., hækkun útflutningsgjalds á saltfiski yrði samkv. frv. 1½%.

Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, þá var útflutningur á saltfiski á s. l. ári, 1952, samtals um 195 millj. kr., og er þar talinn bæði þurrkaður saltfiskur og óverkaður. Nú er að sjálfsögðu ekki unnt að segja með neinni vissu um það, hver verður heildarútflutningur á saltfiski á þessu ári, en gera má ráð fyrir, að hann verði ekki minni en hann var á s. l. ári, og jafnvel telja sumir líklegt, að hann verði meiri. Ef við miðum nú við útflutninginn á síðasta ári, nærri 200 millj. kr., þá þýðir þetta frv. nýjan skatt á útgerðina, nýjan skatt á saltfisksframleiðsluna, sem nemur 3 millj. kr. Allir hv. þdm. vita, að útgerðin og ekki sízt togaraútgerðin, sem er hér einn aðalaðilinn, á við mikla örðugleika að etja, sumpart lækkandi verð á fiskafurðum, m. a. á saltfiski, og sumpart markaðsörðugleika, og

nefni ég þar sérstaklega lokun brezka markaðarins. Ég tel það mjög ósanngjarnt að ætla nú að leggja þennan nýja skatt á saltfisksframleiðsluna og auka þar með þá miklu örðugleika, sem útgerðin á við að stríða. Í rauninni er þetta einnig í algeru ósamræmi við margyfirlýsta stefnu núverandi ríkisstj. og stjórnarflokka að forðast í lengstu lög að hækka skatta og tolla á landsmönnum.

Mér hafa borizt í hendur mótmæli, sem stjórn Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda hefur sent Alþ. út af þessu máli, þar sem segir m. a.:

„Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda mótmælir eindregið allri hækkun á útflutningsgjöldum á saltfiski og telur, að sízt séu betri horfur á saltfisksölu nú en voru 1948, þegar lög nr. 38 1948 voru samin, en þau fjalla um það útflutningsgjald, sem nú er. Bendir félagið á það, að allar líkur eru til þess, að saltfisksverð lækki og mjög miklir erfiðleikar verði á sölu saltfisks. Eins og hæstv. Alþ. er kunnugt, hafa botnvörpuskipin nú orðið að beina veiðum sínum meira að saltfiski en áður sökum lokunar brezka markaðarins, og verður því að telja, að mun meiri saltfisksframleiðsla verði á þessu ári en á síðasta ári, en söluhorfur eru mjög óskyggilegar. Félagið leggur því ríka áherzlu á, að frv. á þskj. 499 verði fellt."

Þetta eru mótmælin frá Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda. — Enn fremur hefur mér verið tjáð, — það liggur ekki fyrir bréf um það, en tjáð munnlega, — að Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda sé sömu skoðunar á þessu.

Í gær voru í Sþ. afgr. fjárlög fyrir þetta ár. M. a. var samþ. þar brtt. um, að ríkissjóður hlypi undir bagga með allmörgum bæjarútgerðum víðs vegar um land, sem reknar eru með halla. Nú er það vitanlegt, að allir togararnir byggja að meira eða minna leyti afkomu sína á saltfisksframleiðslu, og mætti segja, að það væri öfugstreymi og mótsögn í því, ef einn daginn er verið að samþ. af opinberri hálfu ríflegan stuðning við þessa útgerð, en svo jafnframt að leggja ný milljónaútgjöld á hana. Á hinn bóginn viðurkenni ég að sjálfsögðu, að hin brýnasta nauðsyn er að efla fiskveiðasjóðinn. Hins vegar tel ég ótækt að gera það með þeim hætti að leggja þannig nýjan milljónaskatt á aðþrengda útgerð og tel óhjákvæmilegt, að þar verði valdar aðrar leiðir. Síðari hluti till. er því þess efnis að skora á ríkisstj. að reyna að finna leiðir til eflingar fiskveiðasjóði og þá í trausti þess, að þær till. verði lagðar fyrir Alþ. næst þegar það kemur saman.

Ég vænti þess, að hv. dm. taki til velviljaðrar athugunar þau mótmæli, sem hér hafa borizt, og þau rök, sem ég hef reynt fram að flytja í þessu máli, og samþ. þá till. til rökstuddrar dagskrár, sem ég hef lagt fram.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja mjög þessar umr., en vildi þó segja nokkur orð út af þeirri dagskrá, sem flutt er af hv. 7. þm. Reykv., og ræðu þeirri, sem hann hefur nú flutt.

Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir, er þetta frv. flutt af meiri hl. sjútvn. eftir ósk Fiskveiðasjóðs Íslands og er um það raunverulega, að eftirleiðis verði greitt til fiskveiðasjóðs sama gjald af útfluttum saltfiski eins og nú er greitt af öðrum sjávarafurðum. Það er nú svo, að á þessu máli eins og fleirum, eru tvær hliðar, og hv. 7. þm. Reykv. dvaldi í ræðu sinni áðan eingöngu við þá hliðina, sem veit að þeim, sem flytja út saltfisk. Ég get viðurkennt, að frá þeirra sjónarmiði kynni að vera óæskilegt, að þetta frv. gangi fram, og hafa þeir sitt af hverju til síns máls. En það er önnur hlið á þessu máli, og það er sú hlið, sem snýr að þeim mönnum, sem þurfa á lánsfé að halda úr fiskveiðasjóði, og það er engu síður ástæða til þess að taka tillit til þeirra. Þeir eru margir útgerðarmennirnir, sem núna sækja um lán til þess að kaupa sér báta, til þess að koma upp ýmiss konar aðstöðu í landi til hagnýtingar á afla, hraðfrystihúsum, fiskimjölsverksmiðjum og fleiri sams konar mannvirkjum. Þörf þessara manna fyrir hagstæð lán er ákaflega brýn.

Ég held, að ég hafi gert grein fyrir því hér við 1. umr. málsins, að fyrir hefðu legið núna fyrir stuttu í fiskveiðasjóði umsóknir um lán frá þessum aðilum fyrir eitthvað um 7 millj. kr., sem fiskveiðasjóðurinn telur nauðsynlegt að sinna nú á næstunni, en á mjög erfitt með að sinna í þeim mæli, sem nauðsynlegt væri. Þó er það fullvíst, að hér er engan veginn fram komið allt það, sem menn um þessar mundir hafa hug á að koma í framkvæmd. Það er þessi mikla þörf til þess að auka lánsféð úr fiskveiðasjóði, sem hefur orðið til þess, að við höfum orðið við ósk sjóðsstjórnarinnar um að flytja þetta frv., og ég vil leyfa mér að halda því fram, að full ástæða sé til þess, að Alþ. hafi þetta sjónarmið ríkt í huga.

Það má vel vera, að einhverjir möguleikar séu til þess að sjá fiskveiðasjóði á annan hátt fyrir auknu starfsfé nú, en það er nú svo, að nú er búið að afgreiða fjárl. fyrir árið 1953, og í sambandi við þau hafa ekki verið uppi till. um slík framlög til sjóðsins. Ég geri líka ráð fyrir því, að nokkrir örðugleikar verði á því að afla slíks fjár. Hins vegar er það, að menn hafa orðið ásáttir um það nú um langa hríð að afla sjóðnum starfsfjár á þann hátt að láta renna til hans útflutningsgjald af sjávarafurðum. Þetta gjald rann áður í ríkissjóð, en fyrir nokkrum árum afsalaði ríkissjóður sér þessum tekjustofni til fiskveiðasjóðsins í því skyni að efla möguleika hans til lánveitinga.

Ég vil svo aðeins benda á það að lokum, að það er dálítið hæpið að tala um það, að hér sé verið að leggja skatt á útgerðina með álagningu þessa gjalds, vegna þess að í raun og veru fer þetta fé allt til útgerðarinnar. Af þessu fé eru veitt lán til útgerðarinnar og í hennar þágu með góðum kjörum, og engu af því er varið á annan hátt. Þess vegna er það dálítið vafamál, að rétt sé að tala um skatt á útgerðina í þessu sambandi.

Annars geri ég ekki ráð fyrir, að ástæða sé til að hafa miklar umræður um þetta mál, og skal ekki gera það fyrir mitt leyti. Málið liggur mjög ljóst fyrir og engin vandkvæði á því að

taka afstöðu til þess við atkvgr. við þessa umr. Það hefur þegar verið samþ. við tvær umr. hér í deildinni, og ég held, að bezt fari á því að samþ. það einnig við þessa umræðu.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Ég vil aðeins benda á það, að útflutningsgjaldið, sem frv. gerir ráð fyrir að verði á ný lagt á útfluttan saltfisk, var tekið af saltfiski í mörg ár, eða fram til ársins 1948, að það var fellt niður, eða sá hluti þess, sem runnið hafði til Fiskveiðasjóðs Íslands. Hefur fiskveiðasjóður því verið sviptur þessu útflutningsgjaldi nú í 4 ár.

Það má e. t. v. segja, að það sé rangt að fylgja þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið um langt tímabil, að taka útflutningsgjöld af þeim afurðum, sem við seljum til annarra landa. Það væri í sjálfu sér miklu eðlilegra, að það væru gefin verðlaun fyrir það að geta flutt sem mest af afurðum úr landi, en í stað þess hefur verið tekin sú venja hér á hæstv. Alþ., að þeir, sem framleiða íslenzkar afurðir til sölu á erlendum markaði, skuli greiða ýmiss konar útflutningsgjöld af þeim.

Aðrar þjóðir — og vil ég þá sérstaklega benda á Norðmenn, frændþjóð okkar — hafa í fjöldamörg ár borgað útflutningspremíu af útfluttum vörum, og hefur hún numið allháum upphæðum. Ég minnist þess, að á árunum frá 1930 til 1938 borguðu Norðmenn útflutningspremíu, sem nam 30 norskum kr. á hvert verkað skippund saltfisks, sem selt var úr landi. Á sama tíma var fiskútflytjendum gert að skyldu að greiða rúm 2% í útflutningsgjöld.

Ég er einn þeirra manna úr sjútvn., sem að þessu sinni mæla með því, að umrætt útflutningsgjald verði lagt á saltfisk á ný, sökum þess að þetta 1½% útflutningsgjald, sem renna á til fiskveiðasjóðs, er tekið af öllum öðrum afurðum sjávarútvegsins.

Það er rétt að benda á það, að þessu gjaldi var létt af 1948 sökum þess, að þá var óvenjulega erfitt árferði í sambandi við sölu saltfisks. Nú er allt annað fyrir hendi. S. l. ár var mjög hagstætt í sambandi við saltfisksöluna og því í sjálfu sér alveg eðlilegt og sanngjarnt, þar sem við á annað borð fylgjum þeirri reglu að taka útflutningsgjöld af íslenzkum afurðum, að það sé einnig tekið af saltfiski.

Hv. þm. N-Þ. hefur réttilega bent á það, hversu mikil þörf er á því fyrir sjávarútveginn að fá meira fé til rekstrar síns. Eins og málin horfa nú við, virðist fiskveiðasjóður vera eina stofnunin, sem að einhverju leyti getur leyst þann vanda, en þó á mjög takmarkaðan hátt. Er þess vegna mjög nauðsynlegt að efla fiskveiðasjóð, bæði á þann hátt, sem hér um ræðir, og á öðrum sviðum, svo að hann geti aðstoðið í sambandi við lánaþörf sjávarútvegsins og þær ýmsu iðjugreinar, sem vinna úr afurðum hans.

Ég tel eftir atvikum rétt, að það frv., sem hér liggur fyrir frá meiri hl. sjútvn., verði samþ. að þessu sinni, og vona, að hv. dm. geti fallizt á að samþ. það. En í framtíðinni vona ég, að uppi verði aðrar stefnur um útflutningsgjöld á afurðir landsmanna.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 594 samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GTh, HV, IngJ, JS, JÁ, JR, KS, LJós, PO, SG, StJSt, BÓ, EOl, EmJ.

nei: GG, HÁ, HelgJ, JG, JörB, PÞ, SÁ, SkG, StgrSt, ÁS, EirÞ, SB.

MJ, ÁkJ greiddu ekki atkv.

7 þm. (GÞG, JóhH, JPálm, ÓTh, AE, ÁB, EystJ) fjarstaddir.

6. Sparisjóðir.

Á 27. fundi í Sþ., 12. jan., var útbýtt frá Ed.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 69/1941, um sparisjóði* [194. mál] (þmfrv., A. 514).

Á 48. fundi í Ed., 13. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef hér á þskj. 514 leyft mér að bera fram frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 1941, um sparisjóði. Efni frv. er það, að ráðherra feli Landsbanka Íslands að fara með þau störf, sem sparisjóðseftirlitinu er ætlað í lögum þessum.

Samkv. lögunum frá 1941 er svo fyrir mælt í ákvæði til bráðabirgða, með leyfi hæstv. forseta: „Ráðherra sá, er fer með bankamál, og þeir aðstoðarmenn, er hann kveður til þess, fara með þau störf, sem sparisjóðseftirlitinu eru ætluð í lögum þessum, þar til lög verða sett um sérstakt eftirlit með sparisjóðum.“ Nú er það kunnugt, að slík lög hafa ekki verið sett, og mér skilst því, að hér sé ekki um sérstakt embætti að ræða, er sé skipað af forseta Íslands, heldur hafi viðkomandi ráðherra á sínum tíma valið til þess ákveðna menn eða ákveðinn mann, og þarf því ekki að standa í veginum, að það þyrfti að greiða þeim manni nein biðlaun, þó að þessi skipun verði gerð á. Auk þess mun maður sá, sem hefur nú með höndum starfið, vera kominn að aldurstakmarki, verða bráðum 70 ára gamall, svo að jafnvel þó að embættið væri talið vera lögum samkvæmt, sem ég hygg að sé nú ekki, þá er nú komið að því, að það yrði þá að skipta þar um, því að sjálfsagt yrði að hverfa frá því starfi 70 ára eins og öðrum embættisstörfum, og er því tækifæri til þess að gera breytingu hér á.

Ég hef haft tækifæri til þess að minnast á þessi mál við stjórn Landsbanka Íslands, sem er mér sammála um það, að raunverulegt eftirlit með sparisjóðunum liggur raunverulega hjá Landsbankanum í dag vegna þeirra viðskipta, sem hann hefur við sparisjóðina um allt land. Er þetta ekki hér sagt til þess að halda fram, að ekki sé einnig framkvæmt það eftirlit, sem lögin mæla fyrir um, nema síður sé, en það er sýnilegt, að það er hægt að sameina þessi störf þannig, að eftirlitið verði betra og kostnað-

urinn enginn, því að það er enginn vafi á því, að svo mikil viðskipti hefur þessi stofnun, Landsbankinn, við ríkissjóð, að það mundi sjálfsagt vera hægt að komast að samkomulagi um það, að hann tæki að sér það eftirlit, sem hér um ræðir, og að það verði gert betur en hægt er að gera með því fyrirkomulagi, sem nú er, og að hægt væri að spara þær rúmar 40 þús. kr., sem þetta mun kosta ríkissjóðinn. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál nánar, en legg til, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 62., 63. og 64. fundi í Ed., 2. og 3. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Ed., 3. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 514, n. 662 og 696).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það er nú ekki nauðsynlegt að hafa langa framsögu í þessu máli hér. — Frv. fer fram á það, að ráðh. skuli afhenda Landsbanka Íslands eftirlit með sparisjóðum. Það er kunnugt, að það eru greiddar fyrir þetta nú rúmar 40 þús. kr., og er mjög mikill ágreiningur um það, hvort það sé yfirleitt mikið gagn í eftirlitinu eins og það hefur verið rekið undanfarið, en út í það skal ég ekki fara. — Fjhn. hefur ekki orðið ásátt um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. leggur til, að það verði samþ. Minni hl. leggur hins vegar til, að það verði ekki samþ., heldur verði samþ. rökst. dagskrá.

N. þótti rétt að senda þetta mál til umsagnar til endurskoðunardeildar fjmrn., vegna þess að það komu fram raddir um það í n. að leggja eftirlitið undir þá stofnun. Það fylgir hér með umsögn frá endurskoðunardeildinni, þar sem hún telur á því allmikil vandkvæði að taka að sér þetta starf. Hins vegar býðst Landsbankinn til þess að taka að sér starfið, og vegna þess að hans umsögn um þetta mál er stutt, þá vil ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa hana hér upp. Hann segir hér:

„Með bréfi, dags. 16. þ. m., spyrst hv. fjhn. Ed. Alþ. fyrir um það, hvort Landsbankinn sjái sér fært að taka að sér eftirlit það með sparisjóðum, sem ákveðið er með l. 69 1941, um sparisjóði.

Út af þessu skal það tekið fram, að þegar starfi þessu verður ráðstafað á ný, erum vér reiðubúnir til þess að taka þetta eftirlit að oss og rækja það ríkissjóði að kostnaðarlausu."

Þrátt fyrir að þetta bréf lá fyrir, hefur minni hl. lagt á móti því að létta þessari byrði af ríkissjóði, og verður sú afstaða varla skilin. Að vísu er því haldið fram hér, að það sé vegna þess, að Landsbankinn sé keppinautur við sparisjóðina. Slíkt er nú ekkert annað en rökleysa, vegna þess að hann er einmitt miklu frekar til þess að hjálpa sparisjóðunum. Er mér kunnugt um m. a., að hann hefur hvað eftir annað hjálpað til þess að lána sparisjóðunum fé, sem þeir lána aftur út til ákveðinna fyrirtækja heima fyrir í héraði, enda mun Landsbankinn hafa nánari viðskipti við sparisjóðina en nokkur önnur stofnun og styðja að framgangi þeirra á allan hátt, svo að þetta er ekkert annað en fyrirsláttur, og munu hér ráða miklu meira sérhagsmunir ákveðinna manna og flokka heldur en rök í því máli. Ég skal svo ekki ræða um það nánar, en ég legg til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Svo sem hv. frsm. meiri hl. skýrði frá, hefur fjhn. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. En hins vegar vil ég vísa á bug, að í því efni hafi nokkrir sérhagsmunir ráðið að því er minni hl. snertir.

Við hv. 1. þm. Eyf. lítum svo á, eins og við höfum gert grein fyrir í nál., að það sé alls ekki eðlilegt að fela Landsbankanum eftirlit með sparisjóðum landsins, þvert á móti óviðeigandi. Hv. flm. telur það aftur á móti, að mér virðist, æskilegt, og þeir hv. nm., sem með honum standa, grunar mig að láti miklu ráða um afstöðu sína, að Landsbankinn hefur lýst yfir, að hann skuli framkvæma eftirlitið á sinn kostnað, ríkissjóðnum að kostnaðarlausu. Það er nú gott og blessað að létta útgjöldum af hinum gjaldþreytta ríkissjóði, sem fáir hlífa, satt að segja. En hafa skyldi þó gát á því hverju sinni, hvort skynsemin mælir með sparnaðinum, þegar á allt er litið. Landsbankinn er stærsta peningastofnun landsins, og þótt hann hafi góðum mönnum á að skipa, — um það efast ég ekki, — þá veitir það, að hann er stærstur, honum ekki þá aðstöðu meðal peningastofnana landsins, að eðlilegt sé, að hann hafi eftirlit með hinum. Bankar og sparisjóðir eru stofnanir, sem eiga allir í samkeppni um viðskipti; því verður ekki neitað. Hvernig mundi verða á það litið, ef fram kæmi till. um það að fela Landsbankanum eftirlit með hinum bönkunum, Búnaðarbankanum, Útvegsbankanum og Iðnaðarbankanum? Ég hygg, að sú till. mundi tæplega fá mikinn byr, ekki heldur hjá hv. þm. Barð. Ég efast ekki um, að það mundi þyngjast brúnin á forstöðumönnum Búnaðarbankans, Útvegsbankans og aðstandendum iðnaðarbankamálsins, ef ætti að fara að koma á slíku eftirliti, sem Landsbankinn færi með. En á því er enginn eðlismunur að fela Landsbankanum eftirlit með bönkunum og að fela honum eftirlit með sparisjóðunum. Ég er viss um, að ef stjórnir sparisjóða væru spurðar um það, hvort þær teldu við eiga að vera settar undir eftirlit hjá Landsbankanum, þá mundi líka koma á þær svipur eins og forstöðumenn bankanna, sem ég nefndi. Sums staðar hagar svo til, að Landsbankinn og stórir sparisjóðir starfa hlið við hlið. Svo er t. d. hér í Rvík, og svo er á Akureyri. Það er ósmekklegt og ónáttúrlegt að fela Landsbankanum eftirlit með þessum keppinautum sínum, þótt þeir séu minni en hann. Væri það ekki hliðstætt því að fela stærsta heildsalanum verðlagseftirlitið hjá öllum öðrum heildsölum landsins — ég spyr — og stærstu smásöluverzluninni verðlagseftirlitið hjá hinum

smásölunum? Hver veit, nema slíkt fengist ókeypis fyrir hið opinbera? En hvernig mundi það mælast fyrir meðal hinna smærri? Auðvitað mundi þetta ekki fá góðar undirtektir, ekki öllu betri undirtektir en sú till. við silungsá að fá urriðann til þess að gæta seiða bleikjunnar. Nei, það á alls ekki við að fela Landsbankanum eftirlit með sínum keppinautum, þótt smærri séu en hann. Alþingi á ekki að flana að slíku.

Réttast er, úr því að till. um breytt eftirlit er komin fram, að vísa henni til ríkisstj. til athugunar og undirbúnings nýrrar skipunar. Ég get heldur ekki betur séð en að mjög auðvelt væri fyrir endurskoðunardeild ráðuneytanna að hafa með höndum eftirlitið með sparisjóðunum án mikils tilkostnaðar. Eftirlitið er alls ekki töluleg endurskoðun, heldur krítiskt eftirlit. Töluleg endurskoðun er framkvæmd í sparisjóðunum af endurskoðendum, sem sýslunefndir kjósa á sínum svæðum og bæjarstjórnir í kaupstöðum. Einmitt bréfið, sem meiri hl. birtir í nál. sínu frá herra Einari Bjarnasyni aðalendurskoðanda, þar sem talin eru upp verkefni fyrir sparisjóðseftirlitið, ber með sér, hve auðvelt ætti að vera fyrir menn frá endurskoðunardeildinni að sinna eftirlitinu. Það er fjarstæða, að nauðsynlegt sé, að það fari fram árlega. Það er engin ástæða til, að það fari oftar fram en eftirlitið hjá umboðsmönnum ríkisins, bæjarfógetum og sýslumönnum. Ekkert ætti að vera auðveldara en að menn endurskoðunardeildarinnar kæmu við hjá sparisjóðnum og gerðu þar sínar krítisku athuganir, um leið og þeir endurskoða hjá næsta bæjarfógeta eða sýslumanni. Menn tala um eftirlit með sparisjóðum eins og tímafreka endurskoðun, en það er vitleysa. Ferðalögin fyrir einn endurskoðanda taka vitanlega tíma og eru alldýr. Ef starfsmenn endurskoðunardeildarinnar framkvæmdu eftirlitið um leið og þeir ættu leið um til sinna stærri erinda, þá væri það verulegur tíma- og ferðakostnaðarsparnaður.

Annars virðist mér einboðið að taka til athugunar, um leið og talað er um breytt eftirlit með sparisjóðunum, hvort ekki er eins nauðsynlegt að hafa eftirlit með bönkunum eins og sparisjóðunum. Ég hefði gaman af að heyra greinargerð um það, hvers vegna slíkt ætti ekki við. Bankamálanefnd, sem kosin var 1937, tók þetta til athugunar og komst að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að hafa eftirlit bæði með bönkum og sparisjóðum. Vitnaði hún til, að slíkt gerðu aðrar þjóðir. Var frv., er n. samdi, um eftirlit með bönkum og sparisjóðum, lagt fyrir Alþingi 1939, en dagaði uppi óafgreitt. Ég tel fulla ástæðu til að taka þetta til yfirvegunar jafnframt þessu nýja frv. frá hv. þm. Barð., og mælir sú yfirvegunarþörf með því, að frv. verði vísað til stjórnarinnar, eins og sú dagskrá, sem við hv. 1. þm. Eyf. berum fram, ætlast til. Upplýst er í áliti n. frá 1937, að erlendis kosti bankar og sparisjóðir eftirlitið að meira eða minna leyti. Það tel ég enga fjarstæðu, og er þar leið til að spara fyrir ríkið á viðkunnanlegri hátt en með því að fela Landsbankanum eftirlitið ókeypis. Nú vill svo vel til, að ríkisstj. hefur bankamálanefnd starfandi sér til ráðgjafar. Væri því auðvelt fyrir ríkisstj., ef málinu yrði til hennar vísað, að leggja það fyrir þá nefnd.

Ég þykist nú hafa sýnt fram á:

1) að það væri órökrétt og óviðeigandi að fela Landsbankanum eftirlit með sparisjóðum, sem eru, eins og hinir bankarnir, keppinautar hans um viðskipti;

2) að endurskoðunardeild ríkisins hlyti með léttu móti að geta framkvæmt eftirlitið, um leið og starfsmenn hennar koma í nágrennið til endurskoðunar;

3) að ástæða væri til að athuga, hvort ekki er rétt að taka upp eftirlit með bönkunum líka;

4) að vel gæti komið til mála að ætla bönkum og sparisjóðum að kosta að meira eða minna leyti eftirlitið með sér og ná þannig sparnaði fyrir ríkissjóðinn.

Með þessu þykist ég hafa fært full rök fyrir því, að málinu á að vísa til ríkisstj. til athugunar, en alls ekki samþ. frv., eins og meiri hl. leggur til.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég viðurkenni þann góða tilgang, sem kemur fram í þessu frv., að reyna að spara fé ríkisins, og met það. En ég vildi segja um þetta mál örfá orð, vegna þess að þannig vill til, að ég hef verið um nokkurra mánaða skeið í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur, sem er einn af stærstu sparisjóðum landsins, ef ekki sá stærsti, og án þess að þetta mál hafi sérstaklega borið þar á góma, þá þori ég að fullyrða, að það mundi þykja mjög óheppilegt í slíkri stofnun, ef slíkur keppinautur sparisjóðsins yrði settur sem eftirlitsmaður með honum. Ég þarf ekki að fara um það fleiri orðum, en ég mundi telja það mjög óheppilega ráðstöfun.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Ég skal nú ekki heldur halda uppi neinu málþófi í sambandi við þetta mál, enda orðið langt liðið á kvöldið, en aðeins gera hér nokkrar athugasemdir við framsögu hjá hv. frsm. minni hl.

Hann spurði hér, hvort það mundi ekki þykja nokkuð einkennilegt og verða skrýtin andlitin á bankastjórum hinna bankanna, ef Landsbankinn yrði settur sem eftirlitsmaður yfir þeirra starfsemi. Ég skal svara þessari spurningu með annarri spurningu: Hvort yrði ekki enn lengra andlitið á þeim, ef sá eftirlitsmaður yrði settur yfir þá, sem nú rækir þetta starf? Hvernig mundi þá verða upplitið bæði í Útvegsbankanum, Búnaðarbankanum og öðrum bönkum? (Gripið fram í.) Ég spyr, — því að hv. frsm. þykir ágætt, að það sé hafður sá háttur á, sem nú er. Það hefur, skilst mér, enginn sparisjóður á landinu kvartað yfir því, að það væri ekki ágætt. Hvað mundu bankarnir segja, ef slíkur prýðilegur maður yrði settur sem eftirlitsmaður og rækti það eins prýðilega og hann hefur rækt þetta starf hér? Hvernig mundi þá verða upplitið á bankastjórnunum?

Ég vil hins vegar alveg mótmæla því, sem hefur komið fram hér, bæði frá hv. minni hl.

og frá hæstv. ráðh., að hér sé um að ræða samkeppni, og sízt af öllu nokkra fjandsamlega samkeppni. Hér er einmitt um að ræða ákaflega mikið samstarf á milli þessara tveggja aðila, Landsbankans annars vegar og sparisjóðanna almennt. (*Gripið fram í:* Viðskipti.) Vinsamleg viðskipti. Og Landsbankinn hefur í dag langsamlega mesta eftirlitið með þessari starfrækslu. Það er enginn aðili í landinu eins kunnugur þessum málum, fyrir utan þær stjórnir, sem stjórna hverri stofnun, eins og einmitt Landsbankinn og enginn aðili eins velviljaður þessum aðilum eins og Landsbankinn. Það þykir mér rétt að láta koma fram hér vegna þeirra ummæla, sem hafa fallið hér í sambandi við þetta mál.

Það var hins vegar síður en svo, að ég gæti ekki hugsað mér, að eftirlitið yrði falið einhverjum öðrum aðila, m. a. endurskoðunardeildinni, og það vissi hv. minni hl. En það kom skýr yfirlýsing um, eins og sýnir sig í bréfi, sem hér fylgir með, að endurskoðunardeildin taldi alls konar ljón á veginum; það væri gersamlega ómögulegt fyrir hana að taka að sér þetta starf, nema helzt að bæta við mörgum mönnum, sem kostaði mikla peninga, eins og kemur fram í bréfinu, til að gegna því starfi, sem við vitum þó að er ekki rækt af nema einum manni í hjáverkum í dag. Og ég verð nú að segja það, að ég er bara undrandi yfir því svari, sem kom frá endurskoðunardeildinni í sambandi við þetta mál, því að það var fullkominn vilji hv. n. að reyna að fá samkomulag um það, hvort ekki væri hægt að koma þessari endurskoðun eða eftirliti fyrir á ódýrari hátt fyrir ríkissjóð og á öruggan hátt, m. a. með því að fela það þessari stofnun. Það kom einnig mjög til mála hér — og fannst mér, að hv. minni hl. hefði þá ekki haft nokkuð við það að athuga — að fela þetta Framkvæmdabankanum. Og var það aðallega vegna þess, að ekki var meira rætt um það heldur en gert var, að það var ekki búið að stofna bankann með l., og það þótti þar af leiðandi nokkuð óviðeigandi að setja það inn í frv. að fela það stofnun, sem ekki var komin á fót. Annars var mjög rætt um það, að það ætti kannske miklu frekar heima þar heldur en hjá Landsbankanum. En ég verð að segja það, að ég sé engan eðlismun á því, hvort tveggja eru ríkisbankar. Það þykir heldur ekkert við það að athuga nú, að Landsbankinn hafi svo mikið eftirlit með Framkvæmdabankanum, að Framkvæmdabankinn sé raunverulega settur þar sem niðursetningur. Og er hann þó sjálfsagt keppinautur Landsbankans á sumum sviðum, því að það er ætlazt til þess, að hann taki a. m. k. að sér sumt af verkefnum bankans, og sýnilegt í ummælum bankastjórnar Landsbankans, að henni er ekkert vel við slíkan keppinaut, síður en svo, að það sé. En það þykir ekkert athugavert við það að hafa hann sem niðursetning í Landsbankanum, þó að það þyki athugavert að láta Landsbankann hafa .... (Gripið fram í.) Hafa ekki báðir viðskipti við Landsbankann? Hafa ekki sparisjóðirnir viðskipti við hann? Ætlar ekki hinn bankinn líka að hafa viðskipti við hann, þar sem hann ætlar að láta Landsbankann, eða seðlabankann, geyma allt sitt fé og gera öll sín daglegu störf? Það er nú ekki hægt að samrýma svona lagað, að halda því fram, að það sé einhver fjandskapur gegn sparisjóðunum að láta Landsbankann hafa eftirlitið, sem hann raunverulega í dag hefur, en fela svo Landsbankanum alla daglega afgreiðslu í hinni miklu stofnun, Framkvæmdabankanum. Nei, það er eitthvað annað, sem liggur á bak við hjá mönnum, sem leyfa sér að telja þetta rök.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta nú. En ef till. hefði komið fram um það frá hv. minni hl. og einhver vilji um það að koma þessu fyrir á annan hátt en að vísa málinu beint frá, þá hefði ég verið til viðtals um það. En hér er ekki gert neitt annað en að vísa þessu máli frá, og það er gert af allt öðrum ástæðum en þeim, sem bornar eru fram hér. Það veit hv. minni hl. að er. Skal ég svo ekki ræða um það frekar hér.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Það ætlar að sannast á mér, að það eru margir, sem vilja taka til máls í kvöld. Ég skal samt ekki orðlengja nú, þar sem áliðið er dagsins, mikið um þetta mál.

Ég verð að segja það, að ég get ekki séð annað en það sé fullforsvaranlegt, að Landsbankinn hafi á hendi endurskoðun sparisjóða. Ég hef ekki heyrt, þar sem hann hefur komið fram gagnvart sparisjóðum yfirleitt, fyrr en núna fyrst, að það væri nokkuð varasamt að láta hann fylgjast með sparisjóðunum. Ég veit það, að það eru ýmsir sjóðir, sem hafa komizt í vandræði og fjárþrot, og það hefur venjulega verið leiðin að leita einmitt til Landsbankans. Ég held, að það sé ekki langt að fara, að þangað hefur verið leitað. En hvað um það; það eru deildar meiningar um þetta, en ég held, að þeir hafi það góða menn, fulltrúa sína eða endurskoðendur, að þeir muni frekar fara sem leiðbeinendur til sparisjóðanna heldur en spíónar til þess að bregða fæti fyrir þá eða gera þeim óleik, til þess að Landsbankinn auðgist við þá viðureign. — En það, sem ég vildi segja nú, er það, að það væri mjög hægt fyrir n. nú undir 3. umr. að fá þessu breytt, ef menn eru mjög óánægðir með það yfirleitt hér í d. að hafa Landsbankann, og sjá þá einhvern annan útveg. En það, sem fyrir mér vakti núna, var það, að sparnaðartill. er komin fram, sem er eiginlega sjálfsögð og hægt að láta ganga fram, án þess eiginlega að amast við nokkrum manni, því að sá maður, sem hefur þetta starf á hendi, lætur af því eftir rösklega ár fyrir aldurs sakir, og þá kemur af sjálfu sér, að annar fær embættið. En ég tel enga nauðsyn á því að halda áfram þessu fordýra embætti, þegar það er boðið annars staðar frá að gera það án þess, að það kosti ríkið einn einasta eyri. Og jafnvel ef menn eru óánægðir með að fá þetta svona auðveldlega og þurfa ekkert að borga fyrir það, þá mætti finna útvegi, sem aðrir og yfirleitt þingið væri nokkurn veginn ánægt með, þótt ekki væri

borgað nema fjórðungur af þeirri greiðslu, sem nú er greidd. Þetta væri mjög auðvelt að athuga í n. til 3. umr., þó að nú væri frv. samþ. við þessa umr., því að þá er enn tími til afturhvarfs. Mér sýnist menn ekki svo sparir til athafna að vega að málum hér, að þeir mundu guggna við það við 3. umr. að drepa þetta frv., ef þeim líkaði það ekki.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er einungis vegna þess, að því hefur verið haldið fram, að það væri sérstakur fjandskapur við Landsbankann, ef menn vildu ekki láta hann taka þetta eftirlit, og eins, að það hlyti að búa eitthvað annað undir, ef menn væru ekki því sammála. Ég vil algerlega mótmæla þessu tvennu varðandi mig, út af þeim orðum, sem ég mælti.

Það er öllum bæjarbúum kunnugt, sem fylgdust með á sínum tíma þegar Sparisjóður Reykjavíkur var stofnaður, að þá var það gert í nokkrum blóra við Landsbankann, og á fyrstu árum þeirra tveggja stofnana var mikill rígur á milli þeirra með þeim hætti, að sparisjóðurinn hefði þá áreiðanlega talið það fullkomin fjörráð við sig, ef Landsbankinn hefði verið settur yfir hann á þann veg, sem þetta frv. segir til um. Nú hafa atvik að vísu mjög breytzt í þessu, þannig að sá andi er sem betur fer alls ekki á milli þessara stofnana, sem eitt sinn var. En hinu er ekki að leyna, að það er samkeppni á milli þessara sparisjóða, sem þarna er um að ræða, og það er engan veginn heppilegt og ekki líklegt til þess að efla þann samstarfsvilja, sem þarf að vera, ef önnur stofnunin á með þessu móti að eiga kost á því að fylgjast með hinni í einu og öllu. Þetta vil ég benda á. Þetta eru eingöngu málefnalegar ástæður, koma ekkert við þeim manni, sem gegnir starfanum núna, og koma ekkert við því, hvort hægt sé að finna aðra skipan til þess að leysa þetta mál.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 662 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, KK, PZ, RÞ, VH, BBen, HG, BSt.

nei: JJós, SÓÓ, ÞÞ, BrB, FRV, GJ.

3 þm. (LJóh, StgrA, GÍG) fjarstaddir.

Lagafrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Fjárhagsráð.

Á 3. fundi í Nd., 3. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit [26. mál] (þmfrv., A. 26).

Á 4., 5. og 6. fundi í Nd., 6., 8. og 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 7. fundi í Nd., 13. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Tilgangur þessa frv., sem ég flyt ásamt hv. þm. Siglf., er að gefa frjálsa byggingu íbúðarhúsa, sem í eru íbúðir, sem ekki eru stærri en það, sem nú er mælt fyrir í lögum um verkamannabústaði.

Í lögum um aðstoð ríkisins við byggingar er í kaflanum um verkamannabústaðina ákveðið, að stærð hverrar íbúðar megi vera 1—4 herbergi. Og mér fannst eðlilegt, ef ætti að fara inn á þá braut að gefa frjálsa byggingu íbúðarhúsa, að það væri miðað við þá sömu stærð, sem leyfð er viðvíkjandi verkamannabústöðunum, og það þyrfti þá til þess að byggja stærri íbúðir fjárfestingarleyfi frá fjárhagsráði eins og nú þarf.

Fyrsta spurningin, sem fyrir hlýtur að vaka, þegar leitt væri í lög að gefa frjálsa byggingu íbúðarhúsa af þessari stærð, er, hvort þau rök, sem talin voru af meiri hluta Alþingis vera fyrir hendi 1947, þegar lögin um fjárhagsráð voru samþ., haldi nú, hvort þær takmarkanir, sem þá voru gerðar, verði að teljast nauðsynlegar. Ég vil þess vegna leyfa mér að minna hv. þd. á, hvernig aðstæðurnar voru og hvað ákveðið var í lögunum sjálfum, lögunum um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, þegar þau voru sett. Í 2. gr. þeirra l. segir svo: „Ríkisstj. skipar 5 manna nefnd, er nefnist fjárhagsráð. Hlutverk þess er að samræma framkvæmdir einstaklinga og almannavaldsins, meðan hinar miklu framkvæmdir í íslenzku atvinnulífi standa yfir, þannig að þær verði gerðar eftir fyrir fram saminni áætlun fjárhagsráðs, er ríkisstj. staðfestir.“ M. ö. o., skilyrðin, sem mótuðu að öllu leyti setningu l. um fjárhagsráð, voru, að framkvæmdir, sem þá voru hafðar með höndum, bæði af einstaklingum og ríkisvaldinu og því opinbera yfirleitt, voru svo miklar, að það var álitið nauðsynlegt að setja slíka nefnd eins og fjárhagsráð til þess að samræma þessar framkvæmdir og beinlínis gengið út frá því, að meðan þessar miklu framkvæmdir stæðu yfir, þá þyrfti þetta að vera svona. Nú er það vitanlegt, að þetta ástand, sem var 1947, er ekki lengur fyrir hendi. Það er ekki lengur um það að ræða, að framkvæmdir í íslenzku atvinnulífi, bæði af hálfu einstaklinga og þess opinbera, séu svo miklar, að það sé bókstaflega slíkt kapphlaup um vinnuaflið, að það sé ekki hægt að fá nægilegt vinnuafl til þess að vinna að framkvæmdunum. Það er komið þveröfugt ástand við það, sem þá var. Ástandið í landinu er nú þannig, að atvinnuleysi er orðið landlægt um allt land að heita má, nema máske á nokkrum smástöðum hér suður á Suðurnesjum, og það er þess vegna ekki lengur fyrir hendi það ástand, sem gengið var út frá þá, að það þyrfti að samræma þessar framkvæmdir, meðan hinar miklu framkvæmdir í íslenzku atvinnulífi stæðu yfir. Ég skal hins vegar geta þess um leið, að það hefur farið ákaflega lítið fyrir samræmingu hjá fjárhagsráði á þessum framkvæmdum og það hefur verið lítið um, að menn hafi fengið að kynnast þeim áætlunum, sem fjárhagsráð hefur gert um þessar miklu framkvæmdir. Að minnsta kosti er alveg augljóst, að það, sem þarna þótti vera höfuðforsendan, sem gerði nauðsynlegt að gefa fjárhagsráði þetta mikla vald til að takmarka framkvæmdir í atvinnulífi Íslendinga, er ekki lengur til; í stað hinna miklu framkvæmda er nú komið mikið atvinnuleysi.

Hverjar voru svo að öðru leyti forsendurnar fyrir beitingu þessara laga? Hvað var það, sem fjárhagsráði var lagt á herðar að vinna að? Hvað var það, sem var raunverulega hin siðferðislega forsenda fyrir því, að fjárhagsráð fengi það vald í hendur, sem það þá fékk? Í 2. gr. laganna, aðalgr., voru eftirfarandi fyrirmæli viðvíkjandi því, hvað fjárhagsráð skyldi miða störf sín við. Með leyfi hæstv. forseta, þá hljóða þau svo: „Fjárhagsráð miði störf sín við eftirfarandi: 1) Að öll framleiðslugeta sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna. 2) Að öllum vinnandi mönnum og þó sérstaklega þeim, er stunda framleiðsluvinnu til sjávar og sveita, séu tryggðar réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, en

komið í veg fyrir óeðlileg sérréttindi og spákaupmennsku.“ Og í 8. og síðasta lið 2. gr. segir: „Að húsnæðisskorti og heilsuspillandi íbúðum, hvar sem er á landinu, verði útrýmt með byggingu hagkvæmra íbúðarhúsa.“ M. ö. o., hvað snerti afskipti fjárhagsráðs af byggingu íbúðarhúsa, þá var það þetta þrennt sérstaklega, sem fjárhagsráð átti að miða öll sín störf við: Í fyrsta lagi, að allir hefðu atvinnu. Sú viðmiðun hefur gengið þannig, að í staðinn fyrir að allir hefðu næga og örugga atvinnu, þá er nú þegar í fyrsta lagi mikið um atvinnuleysi, og í öðru lagi hafa þeir, sem hafa vinnu, hana frekar stopula. Hvað snertir ákvæðin í 2. gr. um, að öllum vinnandi mönnum væru tryggðar réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, þá er það nú komið svo, að frá 1947 og til þessa dags hafa tekjur manns fyrir vinnu, miðað við aukningu dýrtíðarinnar, minnkað þannig, að þeir hafa raunverulega um helmingi minna en þeir höfðu þá. Hvað snertir viðmiðunina í 8. gr. um að útrýma heilsuspillandi íbúðum, hvar sem er á landinu, með byggingu hagkvæmra íbúðarhúsa, þá er það svo, að það er unnið miklu verr að þessu nú heldur en var fyrir 7 árum og jafnvel fyrir 5 árum, þegar fjárhagsráð var sett á laggirnar. 1946 voru t. d. hér í Reykjavík byggðar yfir 600 íbúðir, núna síðasta árið voru það nokkuð yfir 200, þannig að fjárhagsráð hefur hvorki tryggt það, að allir verkfærir menn og allra sízt byggingarverkamennirnir, iðnlærðir og ófaglærðir, hefðu næga og örugga atvinnu, né heldur tryggt þeim réttlátar tekjur fyrir sína vinnu, heldur helmingi minni tekjur en áður, og samt sem áður um leið stjórnað þessum málum þannig, að það er ekki byggt nema ⅓ af þeirri íbúðatölu hér í Reykjavík, sem byggt var 1946. Og ekki er það vegna þess, að búið sé að bæta úr neyðinni hvað íbúðir snertir hér í Reykjavík t. d., og það veit ég að er ekki heldur úti um land. Þvert á móti er neyðin eins sár og hún hefur verið nokkru sinni fyrr, en minna gert til þess að bæta úr henni. Þegar ástandið er þess vegna þannig, að sá vinnukraftur, sem þjóðin hefur og staðið hefur fjárhagsráði til boða, hefur ekki verið hagnýttur í því skyni að bæta úr húsnæðisskortinum, útrýma hinum heilsuspillandi íbúðum, þegar þetta starf hefur ekki verið samræmt og framleiðslugetan ekki notuð nema að litlu leyti, þá er það auðséð, þrátt fyrir þá almennu kosti, sem áætlunarbúskapurinn mundi hafa fram yfir það, að einstaklingurinn reyndi að gera það, sem hann gæti, út af fyrir sig, að þá njóta sín ekki yfirburðir slíks áætlunarbúskapar, þegar þannig er haldið á málunum. Og fyrst fulltrúar ríkisvaldsins í þessu efni ekki hafa notað það vald, sem þeim hefur verið gefið, og þá aðstöðu, sem þeim hefur verið veitt, þá er þess vegna ekki nema rétt, að einstaklingarnir fái sjálfir að reyna að bjarga sér, eftir því sem þeir bezt geta, og þær takmarkanir, sem ríkisvaldið hefur leyft fjárhagsráði að setja í þessum efnum, séu afnumdar, að minnsta kosti að því er snertir byggingu hóflegra íbúðarhúsa.

Þetta frv. okkar er þess vegna ekki flutt sem beint prinsipmál í þessu sambandi, heldur til þess að bæta úr praktískum vandræðum, sem nú eru fyrir hendi, og gefa öllum kröftum, sem til eru hjá þjóðinni, möguleika til þess að hjálpast að við það. Við vitum, að hvað snertir byggingu verkamannabústaða, þá er auðvitað unnið að því að sínu leyti, og munum við margir óska þess, að það væri gert meira. Að svo miklu leyti hins vegar sem möguleikar eru til, þá sé ég heldur enga ástæðu til þess að banna þeim öðrum, sem vildu byggja íbúðir af svipaðri stærð eins og leyft er um verkamannabústaði, að byggja þarna líka, hvort heldur menn vildu slá sér saman með slíkt eða einstaklingar eða bæjarfélög ráðast í það, m. ö. o. sé rétt að fara inn á þá leið að gefa mönnum frjálst að byggja á þennan hátt. Aðeins væru með þessu móti þær íbúðir útilokaðar, nema sérstakt fjárfestingarleyfi fengist til þess, er væru 4 herbergi og meira. — Ég skal geta þess um leið, að ég sá nýlega í einu stjórnarblaðinu, að Danir hefðu farið inn á þá leið að gefa nú algerlega frjálsa byggingu íbúðarhúsa, þar hefði verið frjálst að byggja íbúðir, sem væru undir 130 m², og nú væri líka frjálst að byggja þær, sem væru stærri.

Er nú raunverulega nokkur hætta samfara þessu? Ég get ekki séð, að svo sé. Ég get ekki séð, að þegar neyðin er mikil eins og nú er, þá geti verið nein hætta fólgin í því, að leyft sé að byggja þessar íbúðir, — eða að minnsta kosti sé það vald, sem fjárhagsráð hefur til að hindra það, ekki lengur til fyrirstöðu því, að slíkt sé gert. — Ég vil minna á það í því sambandi, að vilji Alþingis í þessum efnum hefur raunverulega þegar komið ákaflega greinilega fram. Það var flutt af hálfu fjhn. í þessari hv. deild frv., nú fyrir tveim árum, um að gefa frjálsa byggingu smáíbúðarhúsa. Það frv. fór í gegn hér í Nd. og fór til Ed. og fékk meðmæli fjhn. Ed., en var síðan af ástæðum, sem oft hafa verið ræddar hér, stöðvað og ekki látið fara lengra. Ég skal ekki fara ýtarlegar út í það nú, af því að ég hef oft minnzt á það hér áður. En m. ö. o., vilji Alþingis í þá átt að gefa frjálsa byggingu hóflegra íbúða hefur þegar komið fram, og ég fæ ekki séð, að það eigi að vera neitt því til fyrirstöðu, að það komi nú greinilegar fram en þá var. Ég álít sem sé það vera ópraktískt, að það tiltölulega, — ja, ég veit ekki, hvort ég á að kalla það frelsi, sem nú er um byggingu smáíbúðarhúsa, sé takmarkað við það, eins og virðist vera gert í framkvæmd, að menn byggi húsin sem allra ópraktískast fyrir sjálfa sig og þau megi helzt nýtast sem allra verst fyrir þá, sérstaklega sé haldið ákaflega fast við það af hálfu fjárhagsráðs, að risið á slíkum húsum sé svo lágt, að það geti ekki komið mönnum að gagni. — Það er að vísu í samræmi við allan annan hugsunarhátt á þessu sviði. En meðan risið er það hátt á Íslendingum sjálfum, að þeir vilja byggja þannig, að þeir geti notað risið á húsunum líka, þá finnst mér, að risið á þeim opinberu stofnunum, sem völdin hafa í þessum efnum, mætti hækka ofur lítið og það mætti gera mönnum það kleift, a. m. k. hvað lögin snertir, að byggja þannig, að það gæti notazt

sem bezt fyrir þá. Ég get ekki séð, að ef ýmsum mönnum fyndist það praktískara að byggja hús, sem væru t. d. 3 hæðir, þá ætti það ekki að vera leyfilegt með íbúðir af þeirri sömu stærð eins og eru í verkamannabústöðunum. Ég sé ekki, af hverju slíkt ætti einvörðungu að leyfast suður á Keflavíkurflugvelli. Ég sé ekki, af hverju Íslendingar ættu eingöngu að mega vinna að því að byggja þar án leyfis fjárhagsráðs, eins og nú er verið að byrja á, stórar húsablokkir, þriggja hæða, þar sem mundi verða pláss fyrir um 500 íbúðir, yfir 100 m² hver, ef það væri notað sem íbúðir, sem nú mun eiga að verða þar offísera-bústaðir. Ég fæ ekki séð, hvað ætti að vera í veginum fyrir að leyfa Íslendingum, ef þeir treysta sér til þess, að leggja í að byggja eitthvað þannig fyrir Íslendinga.

Ég álít þess vegna, að það sé ekki nema sjálfsagður hlutur að verða við því alveg skýrt og skorinort að leyfa byggingu íbúðarhúsa, sem ekki eru stærri en nú eru lög fyrir um verkamannabústaði, þannig að það þurfi ekki að sækja um fjárfestingarleyfi til þess. Ég vil minna á, að þegar 5. gr. l. um fjárhagsráð var sett, þá var ekki gengið út frá því sem neinu höfuðatriði, að svo að segja öll starfsemi fjárhagsráðs ætti að snúast um það að hindra menn í því að byggja íbúðarhús. 5. gr. hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta: „Til hvers konar fjárfestingar einstaklinga, félaga og opinberra aðila, hvort sem er til stofnunar nýs atvinnurekstrar, til aukningar á þeim, sem fyrir er, húsbygginga eða annarra mannvirkja, þarf leyfi fjárhagsráðs, og gildir þetta einnig um framhald þeirra framkvæmda, sem þegar eru hafnar.“ Svo skal ákveða í reglugerð, að tilteknar minni háttar framkvæmdir séu heimilar án fjárfestingarleyfis. Með öðrum orðum, allt þetta eftirlit með íbúðarhúsabyggingum var aldrei hugsað sem neitt aðalatriði, þegar lögin um fjárhagsráð voru sett. Það er hins vegar orðið þannig í framkvæmdinni, að það er eins og það sé það eina, sem fjárhagsráð hafi virkilegan áhuga fyrir, að sjá um, að menn hafi ekki hátt ris á þeim litlu íbúðum, sem þeir mega byggja.

Ég held þess vegna, að það væri rétt spor að samþykkja nú þetta litla frv., sem við flytjum hér og ég þykist vita að sé raunverulega í samræmi við vilja hv. þdm., hvort sem það finnur nú náð fyrir augum þeirra eða ekki.

Ég vil líka minna á það, að ef ekki er leyft að byggja meira af íbúðum en núna er byggt hér í Reykjavík, þá er þar með verið að stuðla að svörtum markaði á húsnæði, svörtum markaði, sem nú er orðinn til hér í mjög ríkum mæli, og það er vitanlegt, þrátt fyrir allar ákvarðanir um húsaleigu og annað slíkt, að húsaleiga fer hækkandi hérna nú sem stendur, utan við lög og rétt, og svo framarlega sem það á að hindra Reykvíkinga í því að byggja yfir sig meira en gert hefur verið undanfarið, þá þýðir það að skapa bókstaflega einokunaraðstöðu fyrir þá, sem þegar hafa byggt og leigja út. Hins vegar skal ég viðurkenna það, að þetta litla frv. er ekki nema eins og fyrsta skref til þess að bæta úr vandræðunum, sem þarna eru. Ástandið er sem sé þannig í þjóðfélaginu, að það er engu líkara en að eins þörf starfsemi eins og það er að byggja hóflegar íbúðir yfir menn sé gerð að — ja, næstum því eins konar hindrunarhlaupaíþrótt, þar sem menn verði að yfirvinna allar mögulegar óeðlilegar hindranir, áður en þeir geta komizt til þess að byrja á því að byggja húsin, og fyrsta hindrunin, sem lögð er þannig í veg fyrir menn, er þessi fjárfestingarleyfi fjárhagsráðs, sem ég hér legg til að sé nú rýmt úr vegi manna.

Það er þessi hindrun, útvegun leyfanna, sem flestir hafa strandað á þegar í upphafi, og ég held það geti ekki gert neitt nema gott, ef því væri nú kippt burt. En þá er vitanlegt, að þótt búið væri að gera það, þá eru tvær aðrar stórar hindranir í vegi, áður en menn gætu hafið slíkar byggingar. Það er í fyrsta lagi það að fá lán, og það er vitanlegt, að nú sem stendur eru aðstæðurnar þannig viðvíkjandi lánum til bygginga, að þær eru líklega með versta móti, sem þær hafa verið, a. m. k. á síðasta mannsaldri, hér á Íslandi. Það var venjulega svo, meðan Ísland var fátækt land, sem það ekki er lengur, að þá gátu menn, ef þeir réðust í að byggja, venjulega verið vissir um að fá veðdeildarlán, þegar þeir höfðu komið byggingunni upp, og menn gátu verið nokkurn veginn vissir um að fá víxillán í viðkomandi banka, sem breytt var í veðdeildarlán, — víxillán, sem þeir gátu notað til að hefja bygginguna með. Öllu þessu hefur verið kippt burt núna. Og það er vitanlegt, að það blómgast nú svartur markaður í peningamálunum, jafnvel meir en var í vörunum hérna fyrr, og bankarnir eru lokaðri en þeir hafa verið nokkurn tíma áður og jafnvel, að því er virðist, hafðir undir alveg sérstöku eftirliti hvað það snertir, að bankastjórarnir, ef þeir skyldu hafa vilja á því að lána út fé til bygginga, ekki geri það. Það var rætt um þetta atriði nokkuð í fyrra út af þáltill., sem ég bar fram þá um rannsókn á starfsemi efnahagsráðunauts ríkisstj., dr. Benjamíns Eiríkssonar, og kom þá greinilega fram hjá hæstv. viðskmrh., að hann hafði beinlínis ritað bönkunum fyrirmæli um það, eins og hann orðaði það á ákaflega kurteislegan hátt, að hafa hömlur á lánum til bygginga. Það var nú vitanlegt þá, að lánin voru svo að segja engin, svo að hömlurnar áttu auðsjáanlega að þýða, að það yrði ekki farið inn á þá leið að hjálpa mönnum með að byggja, og ég skal fyllilega viðurkenna, að þetta litla frv., sem hér liggur fyrir, er aðeins fyrsta skrefið í þessum efnum. Það, sem gera yrði, svo framarlega sem það yrði samþ., væri að kippa í lag lánamálunum hvað íbúðarhúsabyggingar snertir. En þótt slíkt væri gert, þá er enn fremur eftir að sjá um innflutning byggingarefnisins. Samt hefur það orðið svo, og ég held það sé alllangt síðan það hefur verið þannig, að meira að segja það byggingarefni, sem flutt hefur verið til landsins, hefur ekki alltaf notazt allt saman nægilega snemma, þannig að það hefur undanfarið oft verið til byggingarefni, sem ég veit að menn, sem hafa verið að byggja, hafa sótt um að fá að hagnýta

og jafnvel verið neitað um, þannig að byggingarefnið hefur frekar eyðilagzt heldur en að menn fengju að nota það.

Það er engum efa bundið, að við getum flutt inn meira byggingarefni. Og það er satt að segja undravert, að á sama tíma sem verið er að tala um frjálsa verzlun hér á Íslandi, þá skuli hafa reynzt alveg ómögulegt að fá frjálsin innflutning á byggingarefni, og á sama tíma sem hvers konar óþarfi er fluttur inn til landsins og það í ríkum mæli og fjárfesting í slíkum óþarfa gefin alveg frjáls, þá skuli vera haldið áfram að hindra menn í einhverjum nytsamasta sparnaði, sem hægt er að framkvæma í þjóðfélaginu, sem sé þeim sparnaði að byggja íbúðarhús, bæði fyrir þessa kynslóð og þá komandi, því að ég veit ekki, hvað er meiri sparnaður en að nota vinnuafl, sem annars er ónotað, byggingartækni, sem annars er ekki notuð, og byggingarefni, sem hægt er að flytja inn fyrir gjaldeyri, sem hefur verið eyðilagður, til þess að byggja hús, sem koma til með að standa 200—300 ár og jafnvel lengur. Ég held þess vegna, að þær hömlur, sem verið hafa á byggingu hóflegra íbúðarhúsa, hafi eingöngu orðið þjóðinni til stórkostlegs skaða. Ég veit að minnsta kosti, að í Reykjavík hafa Reykvíkingar sem heild tapað á því, miðað við það, sem þeir byggðu 1946 t. d., og miðað við það, sem byggt var nú á síðasta ári, ekki minna en um 60 millj. kr. á einu ári, að því hefur verið sleppt að byggja 400 íbúðir, sem vel var hægt að byggja hérna. Ég held þess vegna, að þetta litla frv. mundi, ef samþ. væri, hjálpa til þess í fyrsta lagi að hagnýta betur vinnuaflið heldur en nú er gert, í öðru lagi hagnýta betur byggingartæknina heldur en nú er gert og í þriðja lagi þá mundi með því að gefa þetta frjálst vera knúið á að tryggja lán og fá nægilegt byggingarefni, til þess að það gæti orðið að fullu gagni. Ég vil þess vegna leyfa mér að vona, að hv. þd. taki þessu frv. vel, og vildi óska eftir, að að lokinni þessari 1. umr. verði því vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 26, n. 329).

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Fjhn. hafði klofnað um þetta mál, og ég legg til, að þetta frv. sé samþ. óbreytt. Ég hef gert allýtarlega grein fyrir því í nál. á þskj. 329, svo að ég þarf ekki að flytja langt mál hér um þetta mál. Það er, eins og hv. þm. vita, um það, að bygging íbúða, sem ekki eru stærri en nú eru verkamannabústaðir, lögákveðnir verkamannabústaðir, sé gefin frjáls, sé heimil án fjárfestingarleyfis. Slíkar lagabreytingar eins og þessar hafa oft áður verið hér fyrir þessari hv. deild og hafa þá ætíð hlotið samþykki hér í deildinni, en þegar svona mál hafa verið stöðvuð, þá hefur það verið annars staðar, eins og t. d. í Ed.

Ég held, að það sé öllum orðið ljóst, ekki sízt með tilliti til lánsfjárerfiðleikanna, sem nú eru, að það er það erfitt að ráðast í að byggja nú, að það er engin þörf á að hafa neitunarvald í því, a. m. k. á íbúðum, sem eru af sömu stærð og verkamannabústaðirnir mega vera eða minni. Það er engin þörf á að hafa hemil eða neitunarvald hjá fjárhagsráði á þeim byggingum, og atvinnuþörfin fyrir byggingaverkamenn er gífurleg eins og vitað er. Það getur enn fremur ekki álitizt eðlilegt, að í okkar landi, þar sem húsnæðisskorturinn er tilfinnanlegur, þá séu lagðar svona miklar hömlur af ríkisins hálfu á að byggja, en jafnframt séu á sama tíma gerðar stórfelldar ráðstafanir til þess að setja íslenzkt vinnuafl suður á Keflavíkurflugvöll til þess að byggja þar milli 500 og 900 íbúðir handa útlendingum, á meðan íslenzkt fólk sárvantar íbúð og gengur atvinnulaust, en fær ekki leyfi af ríkisstj. til þess að mega vinna að íbúðarhúsabyggingu. Niðri í Danmörku hafði fyrir nokkrum árum verið afnumið það bann, sem áður var, eða þau höft, sem áður voru á byggingu íbúða, sem voru undir 130 m^2, og nú nýlega er búið að afnema þar allar slíkar hömlur, þannig að þar er það svo að segja alveg frjálst orðið að mega byggja. Og þær röksemdir, sem voru 1947 fyrir því að takmarka þá og veita fjárhagsráði það vald, sem það þá fékk, eru raunverulega ekki lengur fyrir hendi. Þá var svo mikil atvinna hér heima, að það þótti stofna til erfiðleika, ef ekki væru hafðar hömlur á þessum hlutum, þ. e. of mikillar samkeppni um vinnuafl, og leiða til skorts og uppsprengds verðs á byggingarefni, ef ekki væru hafðar hömlur á. Nú er hins vegar atvinnuleysi, og sannleikurinn er, að það mundi ekki standa á innflutningi byggingarefnis, svo framarlega sem frjálst væri að flytja inn byggingarefni og mönnum væri leyft að byggja. Hitt er svo aftur vitanlegt mál og yrði að ræðast á öðrum vettvangi, að til þess að menn geti notað sér til fulls það frelsi, sem menn fengju, ef þetta frv. væri samþ., þ. e. frelsi til þess að byggja, þá þarf að breyta um stefnu í lánsfjármálunum. Það er annað, eins og ég hef minnzt á. — Ég vil þess vegna leyfa mér að vona, að hv. deild samþ. þetta mál eins og hún hefur gert áður, þegar þetta mál hefur verið hér til umræðu, og að það fái að halda áfram a. m. k. í gegnum þessa deild.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til, að máli þessu verði vísað til hæstv. ríkisstjórnar.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Nd., 15. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. frá þm. V-Húnv. um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 17:5 atkv.

---

2. Atvinnuleysistryggingar.

Á 3. fundi í Nd., 3. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um atvinnuleysistryggingar [29. mál] (þmfrv., A. 29).

Á 4. og 6. fundi í Nd., 6. og 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 7. fundi í Nd., 13. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Guðnason): Herra forseti. Þetta frv. hefur nú verið flutt á þremur undanförnum þingum, svo að þetta er nú gamall kunningi og er nú flutt enn, og með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa upphafið á grg.:

„Frv. samhljóða þessu hefur verið flutt á tveimur síðustu þingum, en þörfin fyrir samþykkt þess er orðin brýnni nú en nokkru sinni fyrr. Frv. fylgdi þá svo hljóðandi grg.: Frv. samhljóða þessu var flutt 1949 að tilhlutun Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Í grg. fyrir því frv. er sagt, að það væri flutt vegna breyttra viðhorfa í atvinnumálum þjóðarinnar og vaxandi atvinnuleysis verkafólks. Því verður ekki neitað, að síðan frv. þetta var síðast flutt, hefur mikið sigið á ógæfuhliðina fyrir verkafólki í atvinnumálum og nauðsynin fyrir lagasetningu sem þeirri, er frv. þetta gerir ráð fyrir, því brýnni nú. Fáir munu treystast til að neita því, að það sé mesta verðmætissóun þjóðfélagsins, er vinnufærir menn fá ekki atvinnu um lengri eða skemmri tíma, og að það sé frumskylda þjóðfélagsins að sjá hverjum vinnufærum þegn fyrir hæfilegri atvinnu, en taka ella á sig þá ábyrgð, er leiðir af atvinnuleysi."

Þetta í þessari grg. er jafnnýtt í dag og það var fyrst, þegar frv. var flutt. En það hafa sem betur fer orðið dálitlar breytingar á hug hv. Alþingis frá því að frv. var flutt og þangað til í dag, því að fyrst kom þetta frv. aldrei frá n. og var ekkert átt við það, og svo í fyrra, eftir að flutt var af Alþýðuflokksmönnunum till. um nefnd til þess að athuga þessi atvinnuleysismál, þá var því vísað eiginlega til aðgerða þeirrar n., sem var samt eiginlega aldrei kosin. Þegar þetta var flutt fyrst, var það flutt af Verkamannafélaginu Dagsbrún beinlínis af þeirri þörf, sem var þá orðin hjá verkamönnum um öryggi vegna atvinnuástandsins. Og enn eitt: Á þeim árum, þegar atvinnuleysi var ekki neitt og allir höfðu nóg að vinna, stóð í fjárl. hv. Alþingis alltaf eitthvað frá 3—5 millj. til atvinnubóta. Þegar virkilega var orðin þörf fyrir það, var það dregið út. En afleiðingin af flutningi þessa frv. er nú eins og sakir standa, að enn er flutt till. um nefnd af Alþýðuflokksmönnunum til þess að athuga tryggingamálin og atvinnuleysistryggingarnar, og af Sjálfstfl. er flutt nú fyrst frv. um atvinnubótasjóð. Og öll þau rök, sem hafa verið fyrir þessu máli, eru þau sömu og var í þessu frv., að atvinnuleysið væri þjóðfélagsböl og það væri verðmætissóun fyrir þjóðfélagið að láta fólkið ganga atvinnulaust. Með mismunandi sterkum orðum taka allir menn undir þessa hlið málsins, og ég vona, eftir því sem fram hefur komið, ef athöfn fylgir orðum, að þá sé séð algerlega fyrir fjárhagshlið þessa máls, þingið sé sammála um fjárhagshliðina fyrir þessu máli, og að það geti ekki dregizt lengur, að eitthvað verði gert til þess að mæta þeim voða, sem enginn getur haft nógu sterk orð til að lýsa.

En þá er það hin hliðin á málinu, sem eftir er, og það er fyrirkomulagið. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að verkalýðsfélögin á staðnum hafi umsjón með atvinnuleysissjóðnum og úthlutun hans. Nú er í þessu frv. gert ráð fyrir, að bæði ríki og bæir og atvinnurekendur leggi fram fé til sjóðsins. En það er hvergi gert ráð fyrir því í frv., og við flm. höfum talið, að bezt væri fyrir því séð, að kostnaðurinn við úthlutun fjárins væri það, sem verkalýðsfélögin sjálf legðu til. Og ég er sannfærður um það, hvort sem það eru atvinnuleysistryggingar eða annað, að þá á að koma því svo fyrir, að fólkið, sem á að njóta þess og það á að veita öryggi, á að passa það sjálft. Og það er enginn vafi á því, að því máli eru verkamennirnir og mennirnir, sem eru í daglegu stríði við þetta, kunnugri, og það verður síður notað til neins annars en ætlazt er til með því að mennirnir, sem eiga að sjá um það og njóta þess, hafi ábyrgð á því. Og ég er viss um, að í framtíðinni hlýtur það að verða hið raunverulega tryggingakerfi, sem svoleiðis verður framkvæmt.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri, en að lokinni þessari umr. óska ég eftir, að frv. verði vísað til heilbr.- og félmn.; það hefur alltaf verið þar, af því að þetta eru tryggingamál. Þó að um fjárframlög sé þarna að ræða, hefur þótt eðlilegra að hafa það í þeirri nefnd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Á 50., 51., 56. og 60. fundi í Nd., 15., 16., 23. og 30. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 62. fundi í Nd., 2. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 29, n. 357 og 520).

Frsm. meiri hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Meiri hl. n. hefur gefið út allýtarlegt álit um málið á þskj. 520, og læt ég nægja að vísa til þess um afstöðu meiri hl. n. til frv., sem hér liggur fyrir.

Frsm. minni hl. (Jónas Árnason): Herra forseti. Það er staðreynd, að menn ganga nú atvinnulausir, og hafa lengi gengið, hundruðum og jafnvel þúsundum saman hér á Íslandi. Vænti ég þess, að af þeirri staðreynd geri sér allir grein fyrir því, að víða ríkir nú algert neyðarástand á heimilum verkamanna, og læt ég hjá líða að nefna að sinni einstök dæmi.

En hér liggur fyrir frv. um atvinnuleysistryggingar, enn einu sinni flutt af sósíalistum.

Hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. vill ekki láta samþ. frv. og leggur það m. a. fram sem rök til stuðnings afstöðu sinni, að framkvæmdanefnd Vinnuveitendasambands Íslands líti svo á, að „með tilliti til erfiðleika þeirra, sem íslenzkt atvinnulíf á nú við að etja", eins og það er orðað, „sé alls kostar óverjandi að leggja þann gífurlega skatt á atvinnurekendur, er frv. gerir ráð fyrir, að þeir greiði í sjóð verkalýðsfélaganna."

Í hverju lýsa sér þá þessir erfiðleikar, að atvinnuveitendur hafi ekki ráð á að greiða sem svarar 4% af heildarupphæð vinnulauna þess fólks, sem þeir hafa í þjónustu sinni, en það ættu þeir að gera samkv. frv.? Lýsa þessir erfiðleikar sér í því, að vinnuveitendur verði að ganga um í sömu slitnu verkafötunum dag hvern, eins og margur atvinnuleysinginn nú, og eiga ekki til skiptanna á sunnudögum? Lýsa þeir sér í því, að börn vinnuveitenda verði að alast upp kirtlaveik og með ljótan hósta í heilsuspillandi braggaræksnum og kjallaraholum og pabbi þeirra hafi ekki ráð á að styrkja heilsu þeirra með lágmarksskammti af mjólk? Lýsa þeir sér í því, að vinnuveitendur hafi ekki ráð á að kaupa kol né olíu til að hita upp híbýli sín og konur þeirra þurfi af þeim sökum að byrja daginn með því að brjóta klaka af vatnsílátum í eldhúskytrum sínum?

Nei, svona slæmt skal ástandið alls ekki verða áður en ég viðurkenni, að vinnuveitendur eigi erfitt. En sannið fyrir mér, að lífskjör þeirra, t. d. einhvers úr framkvæmdanefndinni, séu þótt ekki væri nema ofur lítið í líkingu við lífskjör verkamanna, og ég skal anza þessum rökum. Hins vegar finnst mér ekki hægt að taka undir svona tal, meðan það er á hvers manns vitorði, að allir meiri háttar vinnuveitendur að minnsta kosti, eins og aðrir hlutar yfirstéttarinnar, hafa hin síðari ár lifað við meiri auð og meiri lúxus en áður voru dæmi til í sögu landsins.

Einn vinnuveitandi keypti nýlega 350 þús. kr. íbúð handa syni sínum, sem trúlofaðist og hugði á hjúskap. Mundi þessi maður hafa komizt á kaldan klaka, ef honum hefði verið gert að greiða sem svarar 4% af kaupi starfsfólks síns, til þess að hinn atvinnulausi verkamaður gæti hitað upp braggann, þar sem hann verður að ala upp börn sín? Þeir, sem hafa augun hjá sér, sjá, að á götum Rvíkur ber ekki lítið á lúxusbílum af hinum fullkomnustu gerðum. Flest eru þetta bílar vinnuveitenda og annarra slíkra auðmanna. Þessir menn sumir hafa það jafnvel fyrir sið að kaupa nýjan bíl á hverju ári, eru alltaf með nýjasta módelið, sem á markað kemur, stundum er módel þeirra jafnvel kennt við næsta ár á eftir því, sem yfir stendur. Þar fyrir utan sjá margir þeirra börnum sínum fyrir sérstökum lúxusbílum til að leika sér á. Mundu nú þessir menn komast á vonarvöl, ef þeim yrði gert að greiða 4% af kaupi verkafólks síns, til þess að börn hins atvinnulausa verkamanns gætu fengið nóga mjólk að drekka?

Nýlega var það upplýst, að Sameinaðir verktakar, sem sjá um byggingarframkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, hefðu greitt formanni stjórnar sinnar, sem auðvitað hafði formennskuna sem algert aukastarf, 80 þús. kr. í laun fyrstu 10 mánuði starfstíma síns, eða frá stofnun félagsins til 30. júní s. l. Þetta eru 8 þús. kr. aukaþóknun á mánuði til viðbótar við aðaltekjur mannsins, hverjar sem þær eru. Mundu nú þessir vinnuveitendur, Sameinaðir verktakar, verða að ganga um tötrum klæddir, ef þeir yrðu skyldaðir til að borga 4% af kaupi starfsfólks síns, til þess að hinn atvinnulausi verkamaður gæti keypt ný og hlý föt handa konu sinni og börnum?

Jú, vissulega eru nú ýmsir örðugleikar á atvinnurekstri hérlendis, en þeir koma hvergi fram á kjörum vinnuveitenda almennt og alls ekki hinna stærri; þeirra verður ekki hið minnsta vart í minnkandi lúxus yfirstéttarinnar. Og við skulum að minnsta kosti bíða þangað til milljónerinn lætur nægja 250 þús. kr. íbúð handa syni sínum og sleppur úr eins og einu módeli í árlegri nýsmíði lúxusbíla, áður en við förum í alvöru að tala um, að hann hafi ekki ráð á að greiða 4% af kaupi verkafólks síns, til þess að atvinnuleysinginn og fjölskylda hans geti lifað lífi, sem heita mætti mannsæmandi.

Önnur röksemd Vinnuveitendasambandsins, sem hv. meiri hl. tekur upp í álit sitt, er sú, að frv., ef að lögum yrði, mundi hafa í för með sér hættulegan kostnað fyrir ríki og bæjarfélög. En í þessu sambandi verður ekki hjá því komizt að spyrja: Hvað er ríkið, og þar með bæjarfélögin? Er ríkið ef til vill einhver afmörkuð samtök í líkingu við Vinnuveitendasambandið eða Sameinaða verktaka suður á Keflavíkurflugvelli, eða er það kannske einhver frímúrararegla, einhver æðri helgidómur, sem bægja verður verkamönnum frá, musteri, sem verkamenn mundu saurga með sínum moldugu og slitnu skóm? Jú, ríkið er að vísu Vinnuveitendasamband Íslands og Sameinaðir verktakar, en það er líka verkamenn og raunar fyrst og fremst verkamenn og annað vinnandi fólk. Það er ekki hægt að tala um ríkið sem eitthvað sérstakt og verkamenn sem eitthvað annað. Án verkamanna og annars vinnandi fólks væri ekkert ríki og þá ekki heldur neitt Vinnuveitendasamband né Sameinaðir verktakar. Hins vegar getur vel verið ríki án Vinnuveitendasambandsins og Sameinaðra verktaka, því að ríki er fólk — og fyrst og fremst vinnandi fólk. Þess vegna þarf öðru fremur að uppfylla tvö skilyrði, til þess að ríki fái staðizt: Í fyrsta lagi, að fólk lifi; í öðru lagi, að fólk vinni. Og stjórnendum ríkis ber að sjálfsögðu skylda til að uppfylla þessi skilyrði. Núverandi stjórnendur íslenzka ríkisins hafa brugðizt skyldu sinni að því er snertir seinna skilyrðið, að sjá um, að fólkið fái að vinna. Ætla þeir nú líka að bregðast þeirri skyldu sinni, þeirri frumskyldu, að fólkið fái að lifa?

Hv. meiri hl. heilbr.- og félmn., fyrir munn atvinnurekenda, virðist álíta, að þeim 150 kr., að viðbættri verðlagsuppbót, sem ríkið ætti samkv. frv. að greiða á hvern félaga atvinnuleysissjóða, yrði kastað á glæ. En ég spyr: Ef þessir peningar björguðu þótt ekki væri nema

einu barni frá hungri og heilsuleysi, svo að það kæmist upp til dugandi manns og yrði hraustur og starfsamur þjóðfélagsþegn, hefði þeim þá verið kastað á glæ? Eru krónur í kassa meira virði en hraust og starfandi fólk? Mundi ekki hitt sönnu nær, að vísasta leiðin, ef vaxta skyldi 150 kr. þjóðinni til gagns, sé sú að nota þær til að tryggja hreysti og manndóm þeirra, sem eiga að erfa landið? Hér verður sem sé fyrir okkur sú stóra spurning: Eru peningarnir vegna fólksins eða fólkið vegna peninganna? Á krónan að stjórna þessu landi vegna krónunnar eða manneskjan að stjórna því vegna manneskjunnar?

Hv. þm. stjórnarflokkanna munu sjálfsagt í orðum svara játandi seinni spurningunni, en í gerðum segja þeir já við hinni fyrri. Þjóðfélag virðist að þeirra dómi ekki vera líf, heldur fyrst og fremst bókfærslukerfi. Þegar þeir vilja vita hag þjóðarinnar, þá pikka þeir á reikningsvél og láta hana svara sér. Eitt mesta stolt þeirra er hallalaus fjárlög. En þeir spyrja aldrei um hallalausa hamingju fólksins í landinu, hallalaust líf þjóðarinnar. Ef reikningsvélin segir þeim, að plús og mínus gangi upp, þá er allt í lagi, sama þótt þetta jafnvægi dauðra reikninga sé öllu öðru fremur fengið með því að slá hina lifandi manneskju í svaðið. Jú, víst er gott að hafa hallalaus fjárlög; auðvitað eigum við að hafa hallalaus fjárlög; en það hallaleysi verður að byggjast á réttlæti, en ekki ranglæti. Við sósíalistar segjum: Hættið að láta hinn fátæka rétta hallann, svo að hann geti sjálfur rétt sig við, en látið hinn ríka borga. — Afstaða okkar er nefnilega alls ekki sú, sem virðist ráðandi hér á hv. Alþingi, að nokkrir atvinnurekendur, heildsalar og aðrir milljónerar skuli sitja að öllum auði þjóðarinnar og þeirri hamingju og velsæld, sem hann getur veitt. Við mundum ekki harma það, þótt svolitið drægi úr lúxus yfirstéttarinnar. Að vísu teljum við margt gott um þá menn, sem gera t. d. út skip og láta verka saltfisk, en þetta veitir þeim þó að okkar dómi engan rétt til óhófs, meðan aðrir búa við fátækt. Og hvað snertir atvinnurekstur á borð við þann t. d. að flytja inn frá Ameríku duft, sem blandað er í Gvendarbrunnavatn, sett á flöskur og nefnist síðan Coca-cola, þá teljum við hann ekki slíkt afrek, að hann sé sérstaklega verðlaunaverður með auði fjár. Við teljum sem sé, að auður yfirstéttarinnar sé ranglega tekinn af raunverulegum framleiðanda hans og eiganda, hinu vinnandi fólki, og viljum skila honum aftur í hendurnar á réttum eiganda. Sá, sem á fyrsta réttinn til að njóta þessa auðs, er maðurinn, sem ekki tekur nærri sér, þótt hendur hans óhreinkist af mold landsins eða springi um hnúana af seltu sjávarins. Á þessu, hallalausri hamingju fólksins í landinu, hallalausu lífi þjóðarinnar, viljum við byggja hallalaus fjárlög.

En nú er bezt að hætta þessu tali, því að það kemur frá hinum vonda, eins og við vitum allir. Á máli hv. þm. stjórnarflokkanna er þetta það sama og að vera á móti frelsinu, vilja afnema vestrænt frelsi og grafa undan þjóðskipulaginu. Fyrir svona skoðanir yrði maður meira að segja settur í tugthús í Bandaríkjunum, en það land býr sem kunnugt er við þeim mun meira frelsi en önnur lönd sem það liggur vestar á kortinu. Raunar væri freistandi að ræða hið vestræna frelsi í Bandaríkjunum sérstaklega, af því að ég hef sennilega haft betri aðstöðu til að skoða það með eigin augum heldur en nokkur hinna eldheitu aðdáenda þess hér í þingsölunum, þar sem ég dvaldist um eitt skeið lengi í Bandaríkjunum; væri eflaust fróðlegt fyrir þessa hv. þm. að heyra sjónarvott segja t. d. frá frelsi blökkumanna í Suðurríkjunum, en sleppum því að þessu sinni. Höldum okkur heldur við vestrænt frelsi á Íslandi.

Hvað þýðir nú þetta frelsi fyrir verkamenn t. d.? Það þýðir frelsi til að láta vinnuveitandann segja sér upp atvinnu fyrirvaralaust. Það þýðir frelsi til að ráfa atvinnulaus um hafnarbakkann dögum, vikum og jafnvel mánuðum saman. Það þýðir frelsi til að eiga ekki peninga fyrir brauði handa börnum sínum og segja þeim að drekka vatn, þegar þau biðja um mjólk. Það þýðir frelsi til að liggja andvaka á nóttinni í köldum bragga og hlusta á hóstann í börnum sínum. Það þýðir frelsi til að horfa upp á konu sína slitna fyrir aldur fram af striti í slæmri íbúð. Það þýðir margt fleira, þar á meðal þýðir það frelsi til að láta meiri hl. Alþingis neita sér um þá hjálp, sem hægt væri að fá úr atvinnuleysissjóðnum, því að auðvitað er ekkert, sem meiri hl. Alþingis ber meira fyrir brjósti en vestrænt frelsi. Og auðvitað væri það skerðing á vestrænu frelsi að samþ. frv. um atvinnuleysistryggingar, ef til vill hæpið að tilgreina þessa skerðingu nákvæmlega í prósentum, en hún nemur 4% af kaupi verkafólks, sem maðurinn í lúxusbílnum yrði að greiða í atvinnuleysissjóði, því að við skulum ekki blekkja okkur neitt, vestrænt frelsi er fyrst og fremst frelsi þess manns. Það birtist okkur gljáfægt í nýju amerísku módeli á hverju ári. En hv. stjórnarþm. skyldu jafnframt vera við því búnir, að þeim alþýðumönnum fari nú fjölgandi, sem velta því fyrir sér, af hvaða ástæðum þau blöð, sem svo mjög lofsyngja vestrænt frelsi, ráðast alltaf með slíku offorsi á þá, sem þau nefna útsendara austrænnar kúgunar.

Nei, vestrænt frelsi verður að verja með öllum tiltækum ráðum. Það er ekki nóg að berjast hetjulega fyrir því á Alþ., t. d. með því að drepa frv. um atvinnuleysistryggingar, meira skal til.

Nýlega varð verkalýðnum það á að skerða nokkuð vestrænt frelsi með því að gera verkfall og knýja fram kjarabætur. Verkamenn gerðu jafnvel allt, sem þeir gátu, til að gæta réttar síns, þegar nokkrir elskendur vestræns frelsis reyndu að tryggja því framgang með ýmsu móti, þar á meðal slagsmálum. Og við þetta opnuðust augun á foringjum stjórnarflokkanna. Svona afvegaleiddu fólki varð að bjarga með einhverjum áhrifamiklum hætti. Það yrði að stofna her til þess að berja inn í það vestrænt frelsi, fyrst það vildi ekki veita því móttöku með góðu. Og kannske felst í þessu nokkurt fyrirheit handa atvinnulausum verkamönnum. Stjórnarvöldin hafa meinað þeim að nota starfsorku sína til hagsbóta fyrir þjóð-

félagið og hamingju fyrir fjölskyldur sínar. Hver veit, nema þeir bæti þetta nú upp með því að leyfa þeim að vera sú sérstaka tegund þræla, sem skipa kúgunarherði auðvaldsins.

Mál mitt er nú orðið æði langt. Ég hef ekki talið ástæðu til að rekja náið efni frv. Sósialistar hafa verið að flytja það hér á Alþ. síðan 1942, og hljóta því hv. alþm. að vera farnir að þekkja það. En mér hefur láðst að geta eins, sem skylt er að geta varðandi afstöðu meiri hlutans. Hann er sem sé ekkert á móti þessu frv. Hann vill bara láta vísa því til ríkisstj. Hann var ekki heldur neitt á móti því í fyrra. Hann vildi þá bara láta vísa því til ríkisstj., og þá var því vísað til ríkisstj. Síðan hefur ríkisstj. verið að athuga það, auk þess sem flestir meðlimir hennar hafa haft það fyrir augunum reglulega síðan 1942. Og nú á aftur að vísa því til ríkisstj., auðvitað af tómri umhyggju fyrir málinu, af því að það „þarfnast nánari athugunar". Umhyggjuna vantar svo sem ekki. Aðeins munu sumir telja, að sú ríkisstj., sem neitar því jafnvel, að nokkurt atvinnuleysi sé í landinu, fyrr en atvinnuleysingjar heimsækja hana á skrifstofuna hundruðum saman, og jafnvel einnig þrátt fyrir það, — sumir hljóta að telja, að slík ríkisstj. muni ekki brennandi í áhuganum fyrir því að setja lög, sem tryggi, að börn þessara manna megi lifa og vaxa upp til hreysti og manndóms.

Að lokum leyfi ég mér svo að minna hv. alþm. á, að þegar þeir greiða atkvæði með handauppréttingu hér í salnum, þá er það ekki alltaf saklaus hreyfing, í líkingu við það t. d. þegar menn teygja sig, af því að þeir þurfa að geispa, heldur getur hamingja fjölda fólks, jafnvel sjálft líf þess, verið í veði.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég ætla engu að bæta við það, sem hv. 10. landsk. þm. hefur sagt um nauðsyn þess að taka upp atvinnuleysistryggingar á Íslandi. Það má ekki lengur við svo búið standa, að löggjöf um atvinnuleysistryggingar verði ekki sett. Atvinnuleysi hefur verið og er enn allmikið og hefur farið vaxandi hin síðari ár. Það er óviðunandi ástand. Setja verður löggjöf til þess að tryggja sómasamlegt lífsviðurværi þeim, sem ekki fá tækifæri til þess að neyta þess sjálfsagða réttar að fá að vinna fyrir sér og sínum.

Ég og við Alþfl.-menn hér í þessari hv. d. hefðum að vísu talið aðra leið að ýmsu leyti heppilegri í atvinnuleysistryggingamálinu en þá, sem hér er stungið upp á í þessu frv. Við óttumst, ef þessi skipun yrði upp tekin, að kerfið yrði tæplega nægilega öruggt fyrir ýmsa staði, þar sem atvinnuleysis mundi geta gætt og gætir nú mjög verulega, svo sem t. d. á Siglufirði, og fleiri staði utan Reykjavíkur mætti nefna, þar eð ég tel ýmislegt benda til þess, að þær tekjur, sem koma mundu í atvinnuleysissjóð á slíkum stöðum, þar sem tímabundins atvinnuleysis gætir mjög verulega, mundu ekki nægja til þess að greiða fullar atvinnuleysisbætur á slíkum stöðum. Við höfum hallazt að því frekar, Alþýðuflokksmenn, að fela einum sjóði eða einni stofnun og þá helzt atvinnustofnun ríkisins, sem þm. flokksins í Ed. hafa flutt frv. um, framkvæmd atvinnuleysistryggingamálanna. Hins vegar vil ég ekki láta ágreining um framkvæmdaatriði í málinu verða til þess að tefja fyrir því, að einhver ákvörðun verði tekin í jafnbrýnu nauðsynjamáli og hér er um að ræða. Og þess vegna vildi ég ásamt hv. 10. landsk. þm. freista þess að fá úr því skorið, hvort hv. d. vildi stuðla að því, að eitthvað yrði gert í þessu bráðnauðsynlega máli. Þess vegna er það, sem ég hef mælt með því, að frv. þetta yrði samþ. Ég tel, að ágreiningur um framkvæmdaratriði, aukaatriði, eigi ekki að verða til þess að torvelda framgang sjálfs aðalatriðis málsins, og mæli því með því, að frv. verði samþykkt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal ekki halda langa ræðu yfir hinum tómu stólum, því að þetta mál er miklu merkilegra en svo, að ræðuhöld um það eigi að fara fram yfir dauðum hlutum.

Þó að ég sé alls ekki sammála hverju einasta atriði í þessu frv., þá vil ég ekki láta umræðum um það ljúka svo, að ég láti það ekki í ljós ótvírætt, að ég tel framkvæmd atvinnuleysistrygginga á Íslandi, með því atvinnuástandi sem hér ríkir, vera eitt af hinum stóru skyldum þjóðfélagsins, skyldum, sem þetta þjóðfélag og stjórnendur þess hafa vikið sér undan að fullnægja um langa hríð, horfandi upp á vaxandi atvinnuleysi. Það er því eitt af þeim stóru málum, sem núverandi stjórnendur landsins verða dregnir til ábyrgðar fyrir að hafa vanrækt að framkvæma, fyrr eða síðar. Það er vitanlegt, að þjóðfélag, sem neitar vinnufúsum mönnum um að fá að vinna, og það ætti þó að vera helgasti réttur mannsins að fá að vinna í þjóðfélaginu, — það þjóðfélag verður vitanlega að viðhafa þá skyldu sína að tryggja fólkið fyrir böli atvinnuleysisins. En það er ekki hægt að verða var við það, að núverandi ríkisstj. hafi mikinn skilning á því máli.

Ég tel, að atvinnuleysistryggingar á Íslandi séu eitthvert sjálfsagðasta atriði tryggingalöggjafar, sem hefði kannske átt að sitja fyrir öllum öðrum tryggingamálum. En það hefur verið látið sitja á hakanum, og því erum við þannig stödd á vegi enn, að atvinnuleysið er til, en engar tryggingar af hendi þjóðfélagsins gerðar til þess að verjast hörmulegum afleiðingum þess.

Ég vil vona það, að aðstaða skapist á Alþ. til þess, að atvinnuleysistryggingum verði komið á. Það er eitt af stórmálum næstu framtíðar.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Ég þakka minni hl. heilbr.- og félmn. fyrir það, hvernig hann hefur afgr. þetta mál, að hann vill láta samþ. það. En það var aðeins atriði, sem ég vildi taka fram, að þetta mál er búið að vera hérna síðan 1942. Það hefur á síðasta þingi komizt svo langt, að því hefur verið vísað til ríkisstj., svo að það er auðvitað framför. En það, sem varðar þetta og maður sér á nál. meiri hl., er það, að meiri

hl. Alþ. álítur, að þetta mál sé þannig lagað, að þeir þurfi ekki að hugsa um það.

Það er dálítið einkennilegt í nál. Þar er sagt, að Alþýðusamband Íslands hafi mælt með því, en Vinnuveitendasambandið á móti. Og það er tekið upp eftir Vinnuveitendasambandinu, að þeir geti ekki greitt þetta há gjöld í atvinnuleysissjóð eða í atvinnuleysistryggingar, en það er ekki tekið neitt til um rök Alþýðusambandsins. Og þetta er ekkert undarlegt, því að við höfum orðið fyrir þeirri reynslu hér í Alþ., við, fólkið, sem samþykkir og semur við atvinnurekendur um kjör sín. Hv. alþm. hefur ekki dottið í hug einu sinni að festa það í lög, og þá er erfitt að ætlast til þess, að þeir hugsi um jafnmikið hagsmunamál fyrir alþýðuna og þetta, áður en það er bara komið til þeirra, og það væri ákaflega mikið í varið, að þeir samþ. það, bara þegar búið væri að samþ. það utan Alþingis.

Svo er annað í þessu, sem kemur fram og hefur alltaf fylgt þessu frv. Það eru 3 millj., sem liggja í Tryggingastofnuninni. Þær voru látnar í Tryggingastofnunina meðan atvinnuleysi var ekki. Síðan hafa þær legið þar alltaf, sömu 3 millj., aldrei neitt vaxið. Það hefur orðið gengisfall á þeim, á sama tíma sem fólkið í atvinnuleysinu er svelt og vöntun er til alls, en milljónirnar liggja kyrrar, þær eru alltaf í tryggingunum, þó að alþýðuna og börnin hér í Reykjavík vanti, þegar heimilisfeðurnir ganga atvinnulausir, og þau hafi ekkert til að borða. Það er ekki hreyft við því.

Ég er viss um, að þetta frv. fer nú til ríkisstj., og ég er viss um, að hún gerir ekkert. En ég er jafnviss um, að það verður ekki langt þangað til þetta frv. verður samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Nd., 3. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. á þskj. 520 frá meiri hl. heilbr.- og félmn. um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 17:7 atkv.

3. Lánsfé til íbúðabygginga.

Á 22. fundi í Nd., 7. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild handa ríkisstj. til öflunar lánsfjár til íbúðabygginga og um viðauka við l. nr. 55 3. marz 1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa [135. mál] (þmfrv., A. 192).

Á 23. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt nokkrum flokksbræðrum mínum að flytja hér á þskj. 192 frv. til l. um heimild handa ríkisstj. til öflunar lánsfjár til íbúðabygginga og í því sambandi till. um eflingu Veðdeildar Landsbanka Íslands. Ég vildi leyfa mér að fylgja þessu frv. úr hlaði með nokkrum orðum fram yfir það, sem grg. gerir grein fyrir tilgangi þess.

Á síðasta Alþ. var samþ. till. til þál. frá okkur hv. 7. þm. Reykv. um lánveitingar til íbúðabygginga, og var efni þeirrar till. að fela ríkisstj. að láta safna ýtarlegum skýrslum um lánveitingar til íbúðabygginga og leggja svo fyrir Alþ., á grundvelli þeirrar rannsóknar, till. til úrbóta, sem við það miðuðust, að hægt sé að fullnægja eðlilegri lánsfjárþörf til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum og bæta úr húsnæðisskortinum. Þessi till. var samþ. á síðasta þingi. Þá voru, eins og hv. þm. rekur minni til, einnig fluttar og á döfinni ýmsar aðrar till. og frumvörp í sambandi við húsnæðismálin, og ég hygg, að þær umr., sem um þessi mál urðu þá, hafi m. a. þegar borið nokkurn árangur á síðasta þingi. Á ég þar við till. frá ríkisstj., sem fram komu í lok þingsins um það að verja 12 millj. kr. af tekjuafgangi ríkissjóðs árið 1951 til íbúðabygginga, sem skipt var þannig, að 4 millj. voru ætlaðar til lána til smáíbúðabygginga, 4 millj. átti að lána byggingarsjóði verkamanna og 4 millj. bæjarfélögum, sem stæðu í því að byggja sjálf og með það fyrir augum að útrýma heilsuspillandi íbúðum. Á hinn bóginn er mér ekki kunnugt um og held, að fyrir þm. yfirleitt liggi engar grg. um það, að sú rannsókn hafi verið látin fara fram eða sé lokið, sem þáltill. í fyrra gerði ráð fyrir og lagði fyrir hæstv. ríkisstj. Hins er aftur að minnast, og er það vel, að í upphafi þessa þings lagði hæstv. ríkisstj. fyrir frv., þar sem hún fer fram á, að ríkisstj. sé veitt lánsheimild allt að 16 millj. kr., sem ætlunin er að lána aftur lánadeild smáíbúða. Það komu hins vegar fram á þinginu í fyrra mismunandi skoðanir um það, hvar ætti að bera niður í þessum efnum, hverjum tökum ætti að taka þessi mál í heild, og það er svo enn á þessu þingi, að það fara nokkuð á dreif till. þm. um það, hvernig ráða beri bót á þeim vanda, sem lánsfjárskorturinn í þessu efni hefur í för með sér. Ég er þess vegna sömu skoðunar eins og í fyrra, að það sé mjög mikils virði, að framkvæmd sé og lokið þeirri rannsókn, sem þáltill. gerði ráð fyrir, sem ég hef minnzt á, frá okkur hv. 7. þm. Reykv. Sannleikurinn er sá, að einstakir þm. eiga síður en svo greiðan aðgang að því að gera sér grein fyrir eða að fá upplýsingar um lánveitingar úr hinum einstöku sjóðum og stofnunum og með hvaða kjörum lánin hafa verið veitt. Og þó að það hafi komið fram hér, sem mig rekur nú minni til, undir meðferð þessara mála í fyrra, að það þyrfti ekki að fela ríkisstj. slíka rannsókn, en þingnefndir gætu annazt hana, þá er það sannast að segja

svo, að n. hér í þinginu, sem fá mál til meðferðar, hafa mjög takmarkaða aðstöðu og takmarkaðan tíma til þess að fá ýtarlegar upplýsingar og framkvæma ýtarlegar rannsóknir, og hv. þm. vita það allir, að það er mjög undir hælinn lagt, hver svör þn. fá, þegar þær senda frv. og mál til umsagnar, og oft eru þær miklu lengur að berast heldur en óskað er eftir. Ég hygg til dæmis, að smáíbúðabyggingarnar séu með þeim hætti, að það væri einkar fróðlegt fyrir hv. þm. að fá um það skýrslugerð, hvaða aðstöðu þeir menn, sem í þessar byggingar lögðu, höfðu til þess að afla sér lánsfjár í þessu skyni. Þeim var gert það að senda inn ásamt lánbeiðni sinni ýmsar upplýsingar um möguleika sína til lánsfjáröflunar annars staðar frá heldur en úr smáíbúðadeildinni. Við vitum, að þær 4 millj., sem sú deild hafði yfir að ráða, hrukku skammt, og eru náttúrlega hæg heimatökin að fá greinargerðir um það, að hve litlu leyti það lánsfé nægði. En það hljóta einnig í fórum lánadeildarinnar að liggja fyrir allýtarlegar upplýsingar um möguleika manna til lánsfjáröflunar að öðru leyti.

Þessu hef ég viljað vekja athygli á til þess að árétta það, hversu hægara væri um vik, bæði fyrir einstaka þm. og þn., að starfa að þessum málum, ef fyrir lægi nú sú rannsókn, sem ég hef vikið að.

En um þetta frv., sem hér liggur nú fyrir til umræðu, er það að segja, að í aðalatriðum er tilgangur þess að efla þá stofnun, sem ætti að vera aðalfasteignalánastofnun landsmanna, sem er veðdeild Landsbanka Íslands, er stofnuð var með löggjöf árið 1900 og hefur átt á þessari öld að sinna því hlutverki að lána landsmönnum út á byggingar þeirra. Ég hygg, að mönnum blandist ekki hugur um það, að það sé mjög mikil nauðsyn að efla einmitt þessa lánastarfsemi, sem hér er um að ræða, vegna þess, í hversu ríkum mæli hún hefur raunverulega — raunverulega, segi ég — lagzt niður hin síðari árin. Það er gert ráð fyrir því eftir l. um veðdeild Landsbankans, að veðdeildin láni eftir vissum reglum út á 1. veðrétt. En þannig hefur það verið hin síðari ár, að slík lán hafa engin verið veitt í reiðu fé, eða a. m. k. að mjög litlu leyti, en nærri því eingöngu með því að láta mönnum í té verðbréf, sem menn síðan hafa átt mjög erfitt með að gera sér mat úr, þannig að þeir hafa þurft að selja þau með gífurlega miklum afföllum.

Eins og fram kemur í grg. fyrir þessu frv., þá hefur einu sinni áður verið tekið með mjög svipuðum hætti á vandamálum veðdeildarinnar og útlánastarfseminnar til íbúðabygginga. En það var fyrir 25 árum. Þá þótti það vera eðlilegt hlutverk ríkisstjórnar Íslands að beita sér fyrir því að gera veðdeildinni kleift að sinna sínu hlutverki sem aðalfasteignalánastofnun landsmanna. Það er þess vegna í þessu frv. gert ráð fyrir í aðalatriðum sömu aðferð og var viðhöfð hér á Alþingi 1926 og 1927, að í fyrsta lagi beiti ríkisstj. sér fyrir því að afla allt að 30 millj. kr., sem varið sé til þess að kaupa bankavaxtabréf af veðdeildinni. Veðdeildinni er svo ætlað að lána út andvirði þeirra, en að vísu með nokkuð sérstökum hætti, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. og nokkuð er frábrugðinn þeim reglum, sem veðdeildin hefur lánað út eftir fram að þessu. En þessar sérreglur, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, eru hins vegar miðaðar við þær aðstæður, sem eru í þjóðfélaginu í dag. Í fyrsta lagi er hækkað verulega það hámark, sem veðdeildin mætti lána til byggingar út á 1. veðrétt, og auk þess er tekið upp það nýmæli að veita heimild til þess að lána gegn 2. og 3. veðrétti til þess að ljúka byggingum eða greiða eftirstöðvar byggingarkostnaðar. Þetta nýmæli byggist af hálfu okkar flm. á því, að þess verður mjög vart í dag, að það er fjöldi manna, sem berst í bökkum með að ljúka byggingum og þarf í raun og veru mjög lítið fé, hefur í fyrsta lagi kannske fengið takmarkað eða naumast nokkurt lánsfé, þurft þó að binda 1. veðrétt í afar litlum lánum og mundi að verulegu leyti bjargast, þótt ekki væri hægt að veita nema óveruleg lán út á hvort heldur sem væri 2. eða 3. veðrétt. Og það er kannske varla nokkuð, sem speglar vandræðin og öfugstreymið í þessum málum nú meira heldur en það, að það skuli vera svo, að menn, sem hafa komið upp ágætis íbúðum, sem naumast hvíla á nokkrar skuldir, skuli berjast í bökkum við að fá lánaða nokkra tugi þúsunda króna út á slíkar byggingar.

Samkvæmt lögunum um lánadeild smáíbúðanna, sem samþ. voru á þinginu í fyrra, er gert ráð fyrir því, að lánadeild smáíbúðanna geti lánað 30 þús. kr. að hámarki gegn 2. veðrétti. En samkvæmt þeim lögum var einnig gert ráð fyrir, að þá mætti ekki hvíla á viðkomandi eign meira en 60 þús. kr. á 1. veðrétti, og skyldi maður þá ætla, að í því hafi í raun og veru falizt sú skoðun löggjafans og stjórnarvaldanna á þeim tíma, að viðkomandi menn ættu að eiga þess nokkurn kost að útvega sér þessi 1. veðréttar lán, allt að 60 þús. kr. En það mun vera mjög fjarri því, að menn hafi átt þess kost. Eins og fram kom í umræðunum í fyrra, þá mun það aðallega vera í sambandi við sérstaka aðstöðu manna. Opinberir embættismenn og starfsmenn ríkisins hafa haft allgreiðan aðgang að lánum úr lífeyrissjóði, sumir hafa einhvers konar aðgang að lánum úr eftirlaunasjóðum hjá stofnunum, sem þeir hafa unnið við, byggingarsjóður verkamanna hefur haft yfir nokkru fé að ráða o. s. frv. En almennt má segja, að mönnum hafi verið lokaðar dyr til þess að fá lán út á fasteignir sínar eða þau hús, sem þeir hafa átt í smíðum. Ef nokkur veruleg átök eiga því nú að gerast í þessum málum, að gera mönnum kleift að fá eðlileg lán út á fasteignir sínar, þá hygg ég, að menn gætu orðið nokkuð sammála um, að fátt sé eðlilegra en að efla veðdeild Landsbanka Íslands í þessu augnamiði, og hafa enda komið fram raddir um það æ ofan í æ hér á þinginu á undanförnum árum, þó að ekki hafi orðið úr.

1. gr. þessa frv. felur ríkisstj. það hlutverk eða veitir henni þá heimild að taka að láni allt að 30 millj. kr., sem síðan yrðu veittar til íbúðabygginga. Eins og fram kemur í grg., þá getum við flm. þessa frv. ekki um það sagt á

þessu stigi málsins, hvernig hæstv. ríkisstj. muni bregðast við þessari lánsheimild eða hvaða möguleika hún muni hafa til þess að hagnýta sér hana. En eins og það hefur komið fram hér á þinginu, að ýmis önnur mál eru við það miðuð að afla erlends lánsfjár til þeirra framkvæmda, sem fyrirhugaðar eru, þá höfum við bent á, að það komi vissulega til greina nú að útvega erlent lánsfé til íbúðabygginganna, og engu síður ætti það að vera kleift fyrir okkur þjóðhagslega en það var á árunum 1926 og 1927. Sú lánsheimild, sem hér er farið fram á, er vissulega minni í raun og veru heldur en sú lánsheimild, sem Alþ. veitti ríkisstj. á árunum 1926—1927, miðað við þær verðbreytingar, sem orðið hafa á þessum tíma, en hámark þeirrar lántökuheimildar var 4¾ millj. kr.

Þá er einnig vikið að því í grg. frv., að það hefur nokkuð verið látið hilla undir það hér á þinginu í fjárlagaræðu hæstv. fjmrh., að á döfinni væri að koma á laggirnar hér framkvæmdabanka eða fjárfestingarbanka í sambandi við ráðstöfun mótvirðissjóðsins. Í því sambandi teljum við eðlilegt, að það komi til athugunar undir meðferð þessa máls hér í þinginu, að hve miklu leyti kynnu að opnast einhverjir nýir möguleikar í sambandi við það mál fyrir úrlausn þess frv., sem hér liggur fyrir.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta mál að svo komnu, en vildi mega vænta góðs stuðnings hv. þm. og vil leyfa mér að leggja til, að frv. fari til hv. fjhn. og 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. Það blandast vafalaust engum hv. þm. hugur um, hver nauðsyn liggur á bak við flutning þess, og ég vildi taka undir það með hv. frsm., hv. 5. þm. Reykv., að undir meðferð þessa máls og þá helzt strax gerði fjhn. nokkra gangskör að því að reyna að grafast fyrir um, hvernig sakirnar standa viðvíkjandi þessum málum. Það er eitt atriði, sem mig langar sérstaklega til, að fjhn. gæti fengið upplýst í viðræðum við bankana um þessi mál, og það er, hvað eru raunverulega lánin, sem núna eru veitt á Íslandi út á íbúðir. Ég held, að núverandi brunabótamat allra íbúðarhúsa á Íslandi sé um 3000 millj. kr., eða þrír milljarðar. Ég veit, að öll lán veðdeildar Landsbankans eru, ef ég man rétt, 38 millj. kr. Ég býst við, að aðrir bankar hafi kannske nokkra tugi milljóna lánaða út á veð í húsum. Óliklegt þykir mér þó, að það sé samanlagt í bönkunum mikið yfir 60, 70 til 80 millj. kr. Þá er það, sem væri lánað út á veðrétt í húsum af einstaklingum. Það kynni að vera kannske 100—200 millj., — ég veit ekki, hvað það er, en mér er nær að halda, að öll veðlán út á hús á Íslandi séu varla yfir, ef þau ná nokkuð nærri því að komast í 300 millj. kr., eða 10% af andvirði allra húsbygginga á Íslandi. — Nú vitum við, að öll hús á Íslandi að heita má eru byggð mestmegnis af okkar kynslóð, en að nokkru leyti af kynslóð okkar feðra. Þau eru sem sé byggð það sem af er þessari öld, og hvað þýðir það, ef þeir, sem eiga þessi hús núna, eiga ýmist með hárri leigu gagnvart öðrum eða gagnvart sjálfum sér að rísa undir að borga upp allt, sem byggt hefur verið á Íslandi á þessum 50 árum? Það þýðir, að allir þeir efnaminni á Íslandi kikna undir því og verða að selja sín hús og selja sínar íbúðir og að meginið af öllum húsum á Íslandi verður boðið upp á næstu 10—20 árum og lendir í höndunum á örfáum auðkýfingum, sérstaklega hér í Reykjavík. Þetta er afleiðingin af því að neita konsekvent um lán út á hús eins og nú er gert. Það er rétt, að menn geri sér alveg hreint ljóst, hvað slík lánsfjárpólitík þýðir. Hún þýðir gagnvart kynslóðunum í heild, að það er sagt við þessa kynslóð: Þú verður að borga upp öll húsin, sem nú eru byggð á Íslandi, — sem þýðir, að það er sagt við þessa kynslóð: Þú verður að neita þér jafnvel um sumt það nauðsynlegasta til þess að borga upp þessi hús. — Það verður afleiðingin af því. Þar sem slíkt er ekki framkvæmanlegt, þá lendir þetta út í því, að hinir efnaminni kikna undir því að eignast nokkurn skapaðan hlut, enda er þróunin, sem nú er að fara fram í þjóðfélaginu, sú, að alþýða manna og millistéttir, sem voru að eignast einhvern hluta af sínu landi eða húsunum, sem á því standa, eða verkstæðunum, sem á því eru byggð, fyrir 5—10 árum, eru að missa það allt saman aftur. Það er þróunin, sem er að ganga fyrir sig núna á þessum árum, að þessir aðilar missa það allt saman aftur, m. a. og sérstaklega vegna lánsfjárpólitíkurinnar og vegna hins skipulagða atvinnuleysis, sem nú er í landinu.

Ég held, að það sé óhætt að segja, að það er óvíða byggt eins vel og byggt er á Íslandi núna. Og meginið af þeim byggingum, sem hér eru reistar, a. m. k. 10 síðustu árin, eru byggingar, sem vafalaust geta staðið, ef ekkert sérstakt kemur fyrir, ein 200—300 ár og verið búið í þeim. Og það sjá allir menn, að það er ekki nokkurt vit, að núverandi kynslóð sé látin borga þær upp. Og svo bætist við það, sem er nú aðaltilgangurinn með þessu frv., að tryggja það, að menn geti haldið áfram þessari starfsemi, sem nú er að miklu leyti búið að stöðva eða valda mönnum svoleiðis erfiðleikum í sambandi við það, eins og gleggst sést hjá þeim, sem nú eru að berjast í sambandi við smáíbúðirnar, að þeir eru að kikna undir þessu. Það er þess vegna engum efa bundið, að það þarf að finna lausnir í þessum málum, og þetta frv. er að því leyti alveg í rétta átt. Hins vegar vildi ég benda á það, — ég held það væri gott, að fjhn. íhugaði það um leið, — að þarna er farið fram á 30 millj. kr. Ef til vill komum við til með að heyra það, að hæstv. ríkisstj., sem hv. frsm. upplýsti nú að mundi víst lítið hafa rannsakað enn þá hans þáltill. frá síðasta þingi eða það, sem þar var falið að gera, — hún segi, að það sé kannske erfitt að fá þessi lán. Og ég vil aðeins minna á í því sambandi, af því að það eru sumir, sem halda að það séu aldrei neinir peningar til, að Landsbankinn græddi á síðasta ári samkv. hans reikningum 28 millj. kr. í hreinan tekjuafgang og það er fé, sem hann hvort sem er á að lána út aftur, og það væri m. a. hægt náttúrlega að fyrirskipa honum að

setja það í veðdeildina og lána það út. Eins og við vitum, þá er það þessi stofnun hér, Alþingi, sem ræður því, hvað Landsbankinn gerir og hvernig hann stjórnar og hvernig hann starfar. Það er með l. frá þessari stofnun, sem Landsbankinn er búinn til. Það er með l. frá þessari stofnun, sem honum er breytt. Og það er hægt að fyrirskipa héðan, — og Alþingi er eina stofnunin í landinu, sem getur það, — hvað gera skuli í þessum efnum, þannig að það er síður en svo, að Alþingi sé valdalaust í þessum efnum. — Ég vil sem sé eindregið mæla með þessu frv. og vonast til þess, að það verði tekið til góðrar athugunar í fjhn. og afgr. fljótt frá henni aftur.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vil með örfáum orðum lýsa fylgi mínu og míns flokks við þá hugmynd, sem fram kemur í þessu frv. Ég tel það stefna í rétta átt og vera mjög mikils virði fyrir kaupstaði og kauptún landsins, ef það næði fram að ganga. Ég skal ekki eyða tíma hv. d. í að rekja þá nauðsyn, sem er á því, að aukið sé lánsfé til íbúðarhúsabygginga. Það hafa þeir, sem áður hafa talað fyrir frv., þegar gert, hv. 1. flm. og hv. 2. þm. Reykv.

Ég dreg þá ályktun af ræðu hv. 2. þm. Reykv., að flokkur hans mundi greiða atkv. með þessu frv., ef það kæmi til endanlegrar afgreiðslu í þessari hv. d. Ég sé, að frv. er flutt af liðlega fjórðungi annars hv. stjórnarflokksins, hins stærri þeirra. Það mun eiga fylgi að fagna af hálfu stjórnarandstöðunnar í þessari hv. deild að minnsta kosti. Mér skilst því, að örlög þessa frv. séu fyrst og fremst undir því komin, hvort þeim liðlega fjórðungi hv. Sjálfstfl. tekst að sannfæra hina ¾ síns eigin flokks um nauðsyn þess, að málið nái fram að ganga. Spurningin um örlög þessa frv. er því spurning um, hvað verður ofan á í hv. Sjálfstfl. Ég vona, að þeim hluta flokksins, sem hér hefur gerzt flm. að þessu frv., liðlega fjórðungi hans, megi takast að vinna skjótan sigur á ¾ flokks síns. Þá nær málið áreiðanlega fram að ganga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 3. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 192, n. 670).

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta mál er búið að vera nokkuð langan tíma hjá fjhn. Þessarar hv. d., og endirinn hefur nú orðið sá, eins og fram kemur í nál. á þskj. 670, að nm. hafa orðið sammála um afgreiðslu þess í aðalatriðum, sem er þá þannig, að við leggjum til, með hliðsjón af því, hversu nú er mjög liðið á þingtímann, og einnig vegna þess, að málið hefur að vissu leyti fengið góðar undirtektir hjá einstökum ráðherrum og mér vitanlega innan ríkisstj., að því verði eins og nú er komið vísað til ríkisstj. Ég er sjálfur 1. flm. þessa máls og hefði að sjálfsögðu heldur kosið þann gang á, að málið hefði fengið afgreiðslu í þinginu og náð samþykki, enda þótt einhverjar breytingar hefðu kannske verið á því gerðar. En með hliðsjón af þeim aðstæðum, sem ég nú hef greint, þá hef ég verið með í því að leggja til, að málinu sé vísað til ríkisstjórnarinnar.

Ég vil aðeins hafa þau orð um þetta nú til viðbótar því, sem ég hef sagt, að ég hygg, að af þeim viðræðum, sem fram hafa farið um lánsfjárskort til íbúðarhúsabygginga, bæði hér í hv. þd. og á öðrum vettvangi, í sambandi við flutning þessa máls og annars, þá sé það mjög orðið ofarlega í ráðamönnum, bæði innan og utan þings, að það sé nauðsynlegt að bæta hér úr.

Sannleikurinn er sá, að það eru eiginlega ótrúlega takmarkaðir möguleikar, sem menn hafa til þess að fá lán til íbúðabygginga hjá almennum lánsstofnunum, og sérstaklega er það áberandi, að bankarnir hafa verið algerlega lokaðir fyrir mönnum til slíkra lánveitinga síðari árin og þ. á m. hin almenna fasteignalánastofnun landsmanna, veðdeild Landsbankans, og það var einmitt gerð tilraun til þess með flutningi þessa máls að fá sérstaklega úr því bætt varðandi veðdeildina.

Ég vil til fróðleiks í þessu sambandi láta koma fram nokkrar tölur, sem ég hef frá fulltrúa fjárhagsráðs í byggingarmálum, en hann tók skýrslur af mönnum, sem fengu fyrirheit á sínum tíma eða höfðu vilyrði um fjárfestingarleyfi til bygginga í Reykjavík; það voru 59 manns. Þær eru nokkuð upplýsandi, og þó er á það að líta, að þar eru teknir þeir 59 af fleiri hundruðum umsækjenda, sem höfðu bezta fjárhagslega aðstöðu. Ég vil biðja menn að hafa það í huga. Og þá kom í ljós, að þessir viðkomandi menn höfðu yfir að ráða í eigin fé 6 millj. 610 þús. kr., eða sem svaraði 112 þús. kr. á mann. Í lánsfé hins vegar frá stofnunum, og það var þá eingöngu frá lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna, höfðu þessir menn fyrirheit um eða möguleika til að afla um 2 millj. 280 þús., eða 38644 kr. á einstakling. Síðan höfðu þeir lánsfé eða von í lánsfé frá venzlamönnum og vinum að upphæð 3 millj. 646 þús. kr., eða 61797 kr. á hvern einstakling. Á þennan hátt höfðu þeir samtals á hvern einstakling lánsfé, sem nam um 212 þús. kr., nánar tiltekið 212475 kr., en enginn hafði von á neinu láni í bönkum til þessara framkvæmda. Það má ætla, að þessar byggingar viðkomandi manna hafi kannske að meðalverði verið um 300 þús. kr., svo að það vantar náttúrlega töluvert á þarna, til þess að það sé fullnægjandi, þegar saman er lagt það, sem þeir gerðu grein fyrir sem lánsfé, og eigið fé. Sumt af þessu vinna menn með eigin vinnu sinni, sem ekki er tíunduð, og þeim leggst þá einnig til viðbótar fé, vegna þess að byggingarnar taka yfir mjög langt árabil.

En það er sérstaklega áberandi, að það er verulegur hluti af þessu lánsfé, sem menn eiga að fá frá venzlamönnum og vinum, og hvernig skyldi nú það lánsfé vera fengið? Það er í langflestum tilfellum þannig, að viðkomandi vinir og venzlamenn fara í bankana og taka út úr

sparisjóðunum það fé, sem þeir hafa þar, og lána vinum sínum. Og það, sem svo á vantar og á skortir í þessari miklu lánsfjárkreppu, verður í mörgum tilfellum til þess að neyða menn til að fara út á hinn svo kallaða svarta markað og taka þar viðbótarlán með okurkjörum, sem að sjálfsögðu er í alla staði óviðunandi og vansæmandi í þjóðfélaginu að skuli eiga sér stað og Alþ. og ríkisstj. ber fullkomin skylda til að sporna við að eigi sér stað. Hún er alveg óeðlilega víðtæk þessi lánsfjárveiting hjá vinum og venzlamönnum, og menn sjá, að hún er í sjálfu sér óheilbrigð, og ef á það væri reynt, þá kæmi í ljós, hversu mikill hluti raunverulega af þessu fé er bara tekinn af sparifjáreign viðkomandi manna í bönkunum. En sannleikurinn er sá, að með nýju byggingarlagi, sérstaklega smáíbúðum og minni íbúðum, þá hafa menn komizt upp á lag með það síðari árin að bjargast með minna fé til byggginganna, sérstaklega hafa menn getað lagt fram meiri vinnu, bæði frá sjálfum sér og vinum sínum og venzlamönnum. Og ég benti á það við 1. umr. þessa máls, að það væri mjög áberandi, að það væri hægt að liðsinna verulega miklum fjölda manna, sem nú standa í íbúðarbyggingum, með til þess að gera eða hlutfallslega litlum lánum, og það væri alveg óviðunandi, að menn, sem væru búnir með mikilli atorku og dugnaði að koma sér upp íbúðum, sem um það bil væri fullokið, þyrftu jafnvel annaðhvort að missa íbúðirnar eða verða fyrir stórkostlegum fjárútlátum vegna svartamarkaðslána til þess að brúa það litla bil, sem á vantaði, að þeir gætu lokið þessum framkvæmdum sínum.

Þegar á þetta er litið, þá verða menn að gera sér það ljóst, að það er í raun og veru, þó að það yrði rýmkað eitthvað eðlilega til á lánsfjármarkaðinum til íbúðabygginga, hægt að koma ákaflega mörgum að liði án þess að stofna til nýrrar fjárfestingar. Húsin eru hvort eð er í smíðum, en hins vegar verða þau bæði dýrari þjóðfélagslega séð og fyrir einstaklingana við það, að byggingarframkvæmdirnar standa yfir miklu fleiri ár en þyrfti. Það var í frv., sem hér liggur fyrir, gert ráð fyrir því, að ríkisstj. ætti frumkvæðið að því, að veðdeildin byrjaði nýja starfsemi með því að lána mönnum í reiðu fé kannske litlar upphæðir, sem gerðu mönnum kleift að ljúka íbúðunum, og með öðrum hætti, bæði út á 2. og 3. veðrétt, en fram til þessa hafði veðdeildin aðeins veitt lán út á 1. veðrétt.

Það hefur komið fram í öðru sambandi hér í þinginu, að ríkisstj. telur, að hún hafi þegar beðið sjálf um nokkuð miklar lánsheimildir og mundi því eiga erfitt með að uppfylla meira en það, sem hún hefur sjálf beðið um í þessu skyni. Það er hins vegar ljóst, að það er vel hægt að bjarga hér við eða koma hér mikið til hjálpar í þessu máli, án þess að það þurfi að taka til þess erlent lán, eins og ég vék einnig að í minni fyrstu framsöguræðu hér. Það mundi vera hægt með lánsfjárútvegun á innlendum markaði, og ég er sannfærður um það, að með góðu samstarfi og skilningi ríkisstj. og Landsbanka Íslands væri hægt án nýrrar löggjafar að koma fólki að verulega miklu liði þegar í stað. Og það er einmitt í trausti þess, sem ég hef orðið áskynja í viðræðum við ráðherra, og með vitneskju um viðræður, sem fram hafa farið innan ríkisstj., að ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði nú vísað til ríkisstj. og það fái á þann hátt afgreiðslu á þessu þingi, sem er vissulega, eins og nú er komið, betra en að málið dagi uppi eða nái ekki afgreiðslu vegna þess, hvað þinghaldinu er komið langt.

Ég þarf svo ekki að hafa fleiri orð um þetta, en það er sem sagt sameiginleg till. okkar nm. í fjhn., að þessu máli verði vísað til hæstv. ríkisstj.

ATKVGR.

Till. frá fjhn. á þskj. 670 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 18:1 atkv.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Hlutafélög.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um hlutafélög* [25. mál] (stjfrv., A. 25).

Á 3. fundi í Nd., 3. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Á Alþingi 1948 var samþ. þáltill. um að skora á ríkisstj. að láta fara fram endurskoðun á lögum um hlutafélög og firmalögum. Var hæstaréttardómurunum Árna Tryggvasyni og dr. Þórði Eyjólfssyni falin þessi endurskoðun, og hafa þeir síðan unnið að henni. Hafa þeir samið frv. þetta til hlutafélagalaga, sem hér er lagt fram, og einnig hafa þeir í samningu frv. til firmalaga, sem verður lagt fyrir Alþingi á næstunni. Frumvarpið um hlutafélögin hefur verið til rækilegrar athugunar í dómsmrn., bæði af mér og skrifstofustjóranum, og höfum við einnig haft samráð við nokkra fróða menn í þessum efnum, og hefur að sumu verið farið eftir tillögum þeirra um breytingar á frv., þannig að segja má, að frv., eins og það liggur fyrir, sé ávöxtur af samstarfi þessara aðila, þó að þeir hæstaréttardómararnir eigi þar auðvitað langmestan þátt í og hafi lagt fram meginhluta vinnunnar og undirbúningsins að þessu mjög rækilega og vel samda frv., sem fyrir liggur.

Í hinu nýja frv. til firmalaga, sem enn er ekki fullbúið, eins og ég tók fram áðan, en vonandi verður til áður en langt um líður, er gert ráð fyrir skipun skráningarstjóra ríkisins, sem annist skráningu allra firma, bæði einstaklinga og félaga, þar með talin skráning hlutafélaga og samvinnufélaga. Nú fer firmaskráning fram í hverju lögsagnarumdæmi á landinu, en þessu á að breyta með hinu nýja fyrirkomulagi, þannig að einn skráningarstjóri verði fyrir allt landið. Með því vinnst nauðsynlegt samræmi í framkvæmd þessara skráninga, en auk þess eru skráningarstjóra falin ýmis þýðingarmikil störf í frv. því um hlutafélög, sem hér liggur fyrir. Á með þessu fyrirkomulagi að skapast aukin trygging fyrir því, að um þessi mikilvægu mál fjalli sérfróður maður, sem öðlast viðtækari reynslu en einstakir embættismenn geta fengið. Samgöngur eru orðnar svo góðar hér á landi, að ekki á að koma að sök, þótt skráningarstjóri sé einn fyrir allt landið. Gert er ráð fyrir, að ráðherra skipi skráningarstjóra. Ætla mætti, að kostnað úr ríkissjóði leiddi af þessu fyrirkomulagi, en til að standa straum af kostnaði við þetta embætti er ráðgert í frv. til firmalaga, að auk venjulegra skráningargjalda greiði skrásett atvinnufyrirtæki og félög, þar með talin hlutafélög og samvinnufélög, smávægilegt árlegt gjald, væntanlega ekki yfir 300 kr. á ári, en með því er unnt að tryggja, að enginn sérstakur kostnaður falli á ríkissjóð vegna þessarar skipunar, þannig að þetta yrði þá ekki ósvipað því, sem nú á sér stað um bifreiðaeftirlitið, þar sem gjöldum er svo hagað og breytt til samræmis við það, að ekki komi sérstakur kostnaður á ríkissjóð af þeirri starfrækslu.

Frv. það til hlutafélagalaga, sem hér liggur fyrir, er miklum mun ýtarlegra en núgildandi lög, og í því felast margvísleg nýmæli. Núgildandi hlutafélagalög eru orðin 30 ára gömul og fyrir löngu orðin ófullnægjandi. Eins og kunnugt er, hefur hlutafélögum fjölgað mjög ört á síðari árum, og hefur því fengizt mikil reynsla af starfsemi þeirra. Meginkostir þessara félaga eru þeir, að þau gera ýmsan stóratvinnurekstur kleifan með söfnun fjárframlaga úr ýmsum stöðum á eina hönd, og hin takmarkaða ábyrgð félagsmanna hvetur menn til þátttöku í ýmsum atvinnurekstri, sem þeim mundi oft þykja of áhættusamt að reka á eigin ábyrgð. Vegna hinnar takmörkuðu ábyrgðar verður aftur á móti að tryggja það, að hag lánardrottna félags sé borgið með ákvæðum um greiðslu og varðveizlu hlutafjár. Einnig ber að tryggja hag hluthafanna sjálfra, þannig að þeir séu ekki blekktir um stofnun og starfrækslu félagsins. Tekur þetta einnig til þeirra, sem síðar eignast hlutabréf.

Að því er varðar stofnun hlutafélaga, eru aðalbreytingar samkv. frv. þessar: Gert er ráð fyrir, að lágmarkstala stofnenda hækki úr 5 í 7. Þá er og félögum og stofnunum leyft að vera stofnendur, en eftir núgildandi lögum geta það eingöngu verið einstaklingar. Um greiðslu hlutafjár eru þau nýju ákvæði sett, að að minnsta kosti helmingur þess skuli greiddur fyrir skráningu félagsins, en allt skal það vera

greitt innan árs frá skráningu. Undantekning er þó gerð um vátryggingarhlutafélög. Til tryggingar því, að hlutafé sé greitt eins og tilkynnt er, er krafizt sérstaks vottorðs endurskoðanda um það efni. Ef hlutafé er greitt með öðru en reiðu fé, er sett sú aðalregla, að mat fari fram á þeim verðmætum, og það mat síðan lagt til grundvallar. Skráningarstjóri getur þó veitt undanþágu frá mati, ef honum þykir ljóst, að eign sé ekki of hátt verðlögð. Lágmarksfjárhæð hlutafjár er hækkuð úr 2000 kr. í 20000 kr. vegna verðbreytinga. Þá er og hlutafélagi bannað að eiga sjálfs sín hluti, enda er slík sjálfseign nú alls staðar bönnuð nema hér, þar sem hún raunverulega er aðeins lækkun á hlutafé. Ákvæði frv. um hækkun og lækkun hlutafjár eru miklum mun ýtarlegri en í núgildandi lögum. Sama er að segja um ákvæðin um hluthafafundi. Þá er nýtt ákvæði um, að þeir hluthafar, sem ekki nafngreina sig á hlutabréfaskrá, njóti ekki annarra félagsréttinda en réttar til arðtöku auk forgangsréttar sem aðrir hluthafar, ef hlutafé hækkar. Atkvæðisrétt á félagsfundum hafa þeir hins vegar ekki. Almenna reglan um atkvæðisrétt er sú eins og áður, að einfaldur meiri hluti ræður úrslitum á félagsfundum. Um ýmis mikilvæg málefni þarf þó aukinn meiri hluta, og er þá í sumum tilfellum þeim hluthöfum, sem ofurliði eru bornir við atkvgr., veittur réttur til, að meiri hlutinn leysi til sín hluti þeirra. Eru víðar í frv. nýmæli um aukinn rétt þeirra hluthafa, sem verða í minni hluta við atkvgr. Um félagsstjórn og framkvæmdastjóra eru ýmis ný ákvæði, og sama máli gegnir um endurskoðendur. Þá eru og ýmis nýmæli um ráðstöfun arðs, og má þar sérstaklega geta ákvæða um varasjóð, sem takmarka arðsúthlutun. Er gert ráð fyrir því, að félögum sé skylt að leggja fé í varasjóð, ef vel gengur, án þess þó að það fé verði dregið út úr rekstrinum. Ýmis ný ákvæði eru sett um félagsslit, bæði að því er varðar skyldu til félagsslita og frjáls félagsslit. Meðal annars eru ýtarleg ákvæði um, hvernig að skuli farið, þegar hlutafélög eru sameinuð. Einnig eru ný ákvæði um svo nefnda samstæðu hlutafélaga, „koncern", þ. e. þegar eitt hlutafélag hefur vegna hlutafjáreignar eða af öðrum ástæðum yfirráð í öðru hlutafélagi. Að því er varðar hlutafélög, sem nú eru löglega stofnuð, taka ýmis ákvæði frv., svo sem um tölu hluthafa, upphæð hlutafjár og greiðslu þess, ekki til þeirra. En að því leyti sem ákvæði frv. taka til þessara eldri félaga, verða þau að breyta samþykktum sínum í samræmi við það.

Eins og ég sagði áður, þá hygg ég, að þetta frv. sé mjög vandað og í því felist mörg merk nýmæli, sem ég hef lítillega reynt að gera grein fyrir. Ef til vill yrði því þó hreyft til gagnrýni, að nýmæli frv. kynnu að vera fræðilega rétt og ættu við sums staðar, þar sem viðskiptalíf er flóknara en hér og mannfjöldi meiri, þannig að menn eru ekki eins kunnugir hver öðrum eins og er í okkar litla þjóðfélagi, en þótt svo kunni að vera, þá eigi það ekki að öllu leyti við staðhætti hér á landi. Ég bendi á þessar athugasemdir af því, að mér er ljóst, að þær munu koma fram. Sjálfur hygg ég þó, að þær standist ekki í meginatriðum, heldur verði það þvert á móti til stórra bóta, ef frv. verður lögfest. Samt mundi ég ráðleggja þeirri nefnd, er fær frv. til athugunar, að senda það til umsagnar þeirra aðila, sem hafa verulega reynslu í þessum efnum, og er þá eðlilegt t. d., að Verzlunarráð og Landssamband íslenzkra útvegsmanna, sem hvort tveggja eru samtök atvinnurekenda, er tíðka það að hafa hlutafélagsform á rekstri sínum, fái frv. til athugunar. Eins væri ef til vill ekki óeðlilegt, að Eimskipafélag Íslands, sem er alþjóðarfélag og umsvifamesta hlutafélag, sem hér er rekið, fengi frv. til athugunar. Hins vegar hefur það þegar verið til athugunar hjá próf. Ólafi Lárussyni, sem kennir þessi fræði við háskólann, og hans athugasemdir að flestu leyti teknar til greina. Það hefur einnig verið sent til borgarfógetans í Reykjavík, sem mjög fjallar um þessi mál, en hann mun ekki hafa látið uppi neitt álit. — Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

2. Gengisskráning o. fl. (framleiðslugjald).

Á 3. fundi í Nd., 3. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 105 24. des. 1951, um breyt. á l. nr. 117 1950, um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á l. nr. 9 1951, um breyt. á þeim lögum [37. mál] (stjfrv., A. 37).

Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 105 1951 er lagt framleiðslugjald á alla síld, sem lögð er á land til bræðslu eða söltunar, sem nemur 8% af fersksíldarverði. Ef sumaraflinn er minni en 6000 mál að meðaltali á skip, þá skal gjaldið allt endurgoldið útgerðarmönnum og sjómönnum. Sé aflinn hins vegar meiri, þá skal gjaldið innheimt og renna til síldveiðideildar hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

Nú er það fyllilega játað, sbr. það, sem ég sagði hér áðan, þegar ég flutti stutta framsögu fyrir breytingu á lögum um hlutatryggingasjóð, að þessari deild er mikil þörf nýrra tekna. Samt sem áður var talið nauðsynlegt að hníga að þessu ráði, sem lögin mæla fyrir um, þ. e. a. s. að láta alls ekki innheimta þetta

gjald að þessu sinni, og rökin fyrir því eru í stuttu máli þau, að þegar kom að því að ákveða bræðslusíldarverð í júnímánuði s. l., þá hafði verð á síldarlýsi fallið um meir en helming frá því, sem það var vorið 1951, en þá náði það hámarki. Vorið 1951 hafði fyrir milligöngu ríkisstj. tekizt að tryggja sölu frá Ministry of Food, þ. e. a. s. matvælaráðuneyti Bretlands, á allri síldarlýsisframleiðslunni, allt að 50 þús. smál., fyrir fram, eins og árið 1949 og 1950, fyrir markaðsverð eins og það var í marzmánuði 1951, en verðið var hagkvæmast fyrir seljandann einmitt um það leyti, a. m. k. ef um stórar sölur var að ræða, en það var þá 140 pund fyrir hvert tonn frítt um borð hér á Íslandi.

Síðastliðið vor tókst ekki að ná fyrir fram samningum við Breta né neina aðra um síldarlýsi, og þá kom það í ljós, að þegar ekki var hægt að selja Bretum, sem stundum hefur nú verið deilt á ríkisstj. áður fyrir að gera, þá var engum öðrum heldur hægt að selja. Þá var ekki annað að gera en að stjórn síldarverksmiðja ríkisins varð að áætla verð á síldarlýsi, til þess með því móti að geta kveðið upp úr um gangverð eða kaupverð á síldinni. Þetta áætlaða verð ákvað stjórn síldarverksmiðja ríkisins 68½ pund hvert tonn, og lækkunin frá því árið 1951 nam því um 72 pundum fyrir tonnið. Hins vegar hafði orðið lítils háttar hækkun á síldarmjölinu, sem mun hafa jafngilt, að mig minnir, um tveggja króna verðhækkun á hvert síldarmál.

Niðurstaðan af þessu eða afleiðingin af þessu var sú, að verðmæti afurðanna úr hverju máli hafði lækkað um 70 kr. Það lætur nokkuð nærri, að pundsverðlækkun á hverri smálest af síldarlýsi jafngildi einnar krónu lækkun á hverju máli síldar, og þegar nú lýsisverðið hafði lækkað um 72 pund, þá nam lækkunin á síldarverðinu á málið 72 kr., en til jafnvægis koma svo þær 2 kr., sem ég gat um að mjölið hefði hækkað, eða með öðrum orðum, eins og ég sagði, var lækkunin um 70 kr. Ef nú lækkunin öll hefði komið fram á bræðslusíldarverðinu, þá hefði það þýtt lækkun til flotans úr rúmum 110 kr. í fyrra og niður í 40 kr.

Nú liggur það að vísu í augum uppi, að þegar verðið lækkar, þá lækka útflutningsgjöldin, umsetningargjaldið og varasjóðsgjald og fleiri gjaldaliðir hlutfallslega. Hins vegar hefur orðið stórfelld hækkun á vinnulaunum síðan í fyrra. Útgerðarkostnaðurinn hafði því hækkað frá því árið 1951, — um aflahorfur má nú segja að ekki hafi verið hægt að dæma fyrir fram, en það var ekki ástæða til of mikillar bjartsýni í þeim efnum, — og lá því í hlutarins eðli, að það varð að gera sérhverja tiltæka ráðstöfun til þess að hindra svo sem auðið var verðfallið á bræðslusíldinni, þ. e. verðfall síldarinnar, sem stafaði af þessu verðfalli afurðanna, sem ég var að geta um.

Nú varð samkomulag um það við fjmrh. að lækka vexti af skuldum ríkisverksmiðjanna við ríkissjóð vegna byggingar á nýju verksmiðjunum á Siglufirði og Skagaströnd, og enn fremur varð einnig samkomulag um það við fjmrn., að við ákvörðun hins fasta kaupverðs bræðslusíldarinnar skyldi ekki að þessu sinni gert ráð fyrir að greiða afborganir af nýju síldarverksmiðjunum, og miðað við áætlun fyrra árs stuðlaði þessi breyting að hækkun verðsins sem nam 9,17 kr. á mál, þ. e. a. s. dró á tíundu krónu úr þörfinni fyrir lækkun vegna lækkandi afurðaverðs.

Loks var svo ákveðið að fella niður framleiðslugjaldið samkv. 3. gr. l. nr. 105 1951 af síld, sem lögð yrði á land til bræðslu á sumarsíldveiðum 1952. Gjaldið mundi samkv. verðlagi bræðslusíldar í sumar hafa numið sem allra næst 4,80 kr. á mál.

Með öllum þessum ráðstöfunum og með því að beita sérhverjum þeim sparnaði, sem tiltækt þótti í rekstri síldarverksmiðjanna, tókst að hindra, að bræðslusíldarverðið lækkaði um meira en 50 kr. rúmar af þeim 70, sem verðfall afurðanna hafði numið á hvert mál síldar.

Ég vildi, að menn í aðalefnum sæju af þessu, að það var úr mjög vöndu að ráða, annars vegar viðurkennd og mikil þörf hlutatryggingasjóðs fyrir tekjur, hins vegar aðsteðjandi stórfelldir örðugleikar útgerðarinnar, jafnvel þótt aflabrögðin hefðu orðið sæmileg, þegar verðlag á einu ári átti að lækka um meira en helming í raun og sannleika. Það varð þess vegna að grípa til allra ráða, sem tiltæk þóttu í því skyni að hindra, að þetta gífurlega verðfall legðist með fullum þunga á útveginn, og eitt af þessum ráðum var sú tilslökun eða ívilnun, sem felst í þessum lagabreytingum, en í raun og sannleika, eins og allir vita, er nú í dag tilgangslaus, vegna þess að svo hörmulega tókst til um veiðina. Ég hef þó álitið rétt að gefa þessar skýringar á málinu, og stafar það af því, að vel getur þurft að grípa til svipaðra ráðstafana aftur, og ég vil, að þingið geri sér ljóst, hvort það vill sætta sig við það, að slíkt verði gert af þeirri ríkisstj., sem þá situr að völdum, enda þótt það svipti hlutatryggingasjóðinn, ef mikil aflabrögð verða, tekjum, sem hann mjög þarf á að halda.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að þessu máli verði að lokinni umræðu vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 37, n. 112).

Frsm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 37, sem er hér til umr., er borið fram af hæstv. ríkisstj. og er staðfesting á brbl. frá í sumar. Í 1. gr. frv. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Ekki skal innheimta framleiðslugjald samkv. 3. gr. laga nr. 105/1951 af síld, sem lögð verður á land til bræðslu á sumarsíldveiðum 1952.“ — Eins og hv. þm. mun vera kunnugt, varð í vor og sumar mjög mikið verðfall erlendis á síldarlýsi og öðru feitmeti.

Verðfallið á síldarlýsinu varð svo stórkostlegt, að á tímabili mun það hafa komizt niður fyrir 60 sterlingspund smálestin, komin í höfn á meginlandinu. En á árinu 1951 seldu síldarverksmiðjurnar lýsið fyrir 140 sterlingspund cif. Hæstv. atvmrh. taldi því nauðsynlegt, að ákveðið yrði með brbl. að fella niður framleiðslugjaldið af bræðslusíld til þess að halda bræðslusíldarverðinu nokkuð uppi. Þrátt fyrir þessar aðgerðir hæstv. ráðh. varð verðfallið á bræðslusíldinni mjög tilfinnanlegt fyrir útvegsmenn og sjómenn. Munu þó síldarverksmiðjurnar hafa gefið hærra verð fyrir bræðslusíldina en efni stóðu til. Brbl. voru sett 11. júlí s. l., og er hér óskað, að Alþ. staðfesti þau samkvæmt ákvæðum 28. gr. stjskr. Sjútvn. þessarar hv. d. hefur lagt fram nál. á þskj. 112, þar sem hún mælir einróma með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 16. fundi í Nd., 28. okt., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 17. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 18. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

3. Lánasjóður fyrir íslenzka námsmenn erlendis.

Á 15. fundi í Nd., 27. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um lánasjóð fyrir íslenzka námsmenn erlendis [101. mál] (stjfrv., A. 132).

Á 16. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Það hefur nokkuð verið rætt um það, að mjög æskilegt væri, að stofnaðir yrðu sjóðir til styrktar íslenzkum námsmönnum hér og erlendis, og í samræmi við þá skoðun var lögfest hér á þingi í fyrra frv. um lánasjóð stúdenta, sem fram kom fyrir áhrif stúdenta sjálfra, með því að þeir völdu þann kostinn að mynda sjóð úr tillögum ríkisins til styrktar stúdentum, m. ö. o. að endurgreiða styrkinn í stað þess að fá hann kvaðalaust. En á þennan hátt má mynda sjóð, sem á sínum tíma getur orðið öflug stoð fyrir námsmenn við háskólann.
Á síðustu fjárlögum var gerð sú athugasemd við fjárveitinguna til styrktar námsmönnum erlendis, að 275 þús. kr. af fjárveitingunni skyldi verða lagt fram sem lán handa námsmönnum. Þetta hefur verið framkvæmt á þann hátt, að mönnum, sem nám stunda erlendis, var veitt þetta fé til láns með lágum vöxtum og góðum greiðsluskilmálum, mjög svipað því, sem l. um lánasjóð stúdenta gera ráð fyrir. Með því að taka þannig nokkuð af þeim fjárframlögum, sem ríkið veitir til styrktar námsmönnum erlendis, og lána það, í staðinn fyrir að láta það af hendi kvaðalaust, er hægt að mynda á tiltölulega skömmum tíma nokkuð stóran sjóð, sem gæti komið að mjög miklu gagni fyrir þá menn, sem stunda nám erlendis, en hafa ekki sjálfir efni á að kosta sig.
Í þessu frv., sem hér er lagt fram, er gert ráð fyrir því, að þriðjungur þeirrar fjárhæðar, sem þingið leggur fram hverju sinni í þessu skyni, gangi í þennan sjóð. Ég tel, að þetta sé rétt leið, sem hér er verið að fara, og margir telja, að þetta sé heilbrigðari leið og komi að mörgu leyti að betri notum heldur en þær fjárveitingar, sem látnar eru af hendi kvaðalaust og án endurgjalds. — Að lokinni þessari umr. leyfi ég mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

4. Háskóli Íslands (námseftirlit).

Á 15. fundi í Nd., 27. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 1936, um Háskóla Íslands [102. mál] (stjfrv., A. 133).

Á 16. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér er flutt um breyt. á l. um Háskóla Íslands, er flutt samkv. beiðni háskólaráðs, í því skyni að veita nemendum háskólans nokkru meira aðhald í námi en verið hefur. Það eru oft notuð orðin „akademískt frelsi", þegar rætt er um nám við háskólann; og akademískt frelsi hefur af mörgum verið skilið þannig, að það veitti þeim, sem nám stunda við skólann, ótakmarkað frelsi til að ákveða sjálfir, hversu lengi þeir stunda þetta nám, og að hvorki ríkisvaldið né stjórnir skólanna eigi að taka sig fram um það að takmarka þetta frelsi að neinu leyti. Nokkur deila hefur verið um skyldu skólans á hendur nemendum að taka þátt í íþróttum. Ég held, að ekki séu margir af borgurum háskólans, sem hafa á móti þessu ákvæði. — Ég heyri, að það eru nokkrir stúdentar hér, sem telja það viðeigandi að gera háreysti á pöllunum. — En ég vil endurtaka, að það er ekki almennt, sem þessi urgur er í háskólastúdentum. Hins vegar hefur því verið haldið fram, að það væri skerðing á þeirra „akademíska frelsi", að þeim sé gert að skyldu að stunda íþróttir, sem talið er yfirleitt í erlendum skólum aðalsmerki allra góðra háskólaborgara og ekki síður lagt upp úr því af nemendum en háskólunum sjálfum, þeim sem taldir eru á hæsta menningarstigi, að menn taki almennt þátt í íþróttaiðkunum í skólunum. Hér hefur borið helzt til lítið á því, að háskólastúdentar skari mjög fram úr í íþróttum, að undanteknum fáum mönnum, svo að almennt getur það ekki talizt. Hins vegar verður það að teljast eðlilegt, að ríkið geri nokkra kröfu til þeirra manna, sem stunda nám við háskólann. Þjóðin leggur á sig miklar byrðar til þess að halda þessu námi uppi, og það er ekki nema eðlilegt, að þær kröfur séu gerðar til þeirra manna, að námið sé stundað af alúð og að fé, sem þjóðin ver í þessu skyni, sé ekki kastað á glæ og það sé ekki eftir duttlungum þeirra manna, sem námið stunda, hversu miklu fé þjóðin þarf að verja í menntun þeirra. — Ég skal ekki við þessa umr. orðlengja þetta frekar. Ég er reiðubúinn að taka þátt í frekari umr. um málið, ef ástæða verður til. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og menntmn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hefur gert hér grein fyrir því í stórum dráttum, hvaða hugsun muni liggja að baki því hjá háskólaráði að óska eftir, að þau ákvæði, sem greinir í frv. því, sem ríkisstj. hefur hér lagt fyrir Alþ. um breyt. á háskólalögunum, séu lögleidd. Ég get ekki látið hjá líða að gera við þessa umr. málsins nokkrar athugasemdir við þetta frv., sem ég vildi leyfa mér að vænta að sú hv. n., sem fær það til meðferðar, taki til athugunar við meðferð málsins.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að það er auðvitað eðlilegt, að það séu gerðar nokkrar kröfur til stúdenta eins og annarra þeirra, sem hlunninda njóta í sambandi við skólavist, bæði í háskóla og öðrum skólum, og það er ekkert við því að segja, að það sé gert og að einhver takmörk séu sett fyrir því, hvað menn mega vera lengi við sitt nám. Hitt er annað mál, að hér ber að minni hyggju líka að líta á önnur atriði, og mæli ég þar út frá nokkurri reynslu. Við vitum það, að það er þannig málum háttað hér á okkar landi, og ég álít, að það sé verulegur kostur, að menntamenn hér vinna yfirleitt fyrir sér sjálfir, og það er hygg ég meira um það hér á landi heldur en víða annars staðar úti um heim, að t. d. stúdentar í háskólum vinni fyrir sér sjálfir. Ég verð nú að álíta, að einmitt þetta atriði hafi mikla uppeldislega þýðingu og sé til bóta og stuðli að því verulega að skapa háskólaborgaranum eða stúdentinum möguleika til aukins þroska, meiri heldur en hann hefði jafnvel getað fengið með því að sitja fleiri klukkustundir á skólabekk, því að það er að sjálfsögðu ekki einhlítt um uppeldi, hvorki í háskóla né í öðrum skólum, að menn lesi sínar bækur, heldur þurfa þeir einnig að þroska sig á öðrum sviðum. Bezti þroskinn álít ég að sé nú það að kynnast hinni daglegu lífsbaráttu og að verða á sem mestan hátt að treysta á sína eigin getu og sinn eigin dug til að komast áfram, og eins og ég sagði, þá er það áreiðanlega meiri hluti stúdenta, sem eru við nám hér í háskólanum, sem að verulegu leyti kostar nám sitt sjálfur. Ég hef vikið að þessu hér vegna þess, að einmitt þetta atriði gerir að verkum, að það má ekki setja eins strangar reglur um tímasókn stúdenta eins og ella mætti gera, ef þeir hefðu nóg að bíta og brenna til þess að kosta sitt nám og þyrftu þar af leiðandi ekki að hafa áhyggjur út af því, hvernig þeir ættu að framfleyta sér við námið. Mér er kunnugt um það, að fjöldamargir stúdentar, og það menn, sem hafa tekið ágæt próf í háskóla og staðið sig eftir háskólapróf mjög vel í sínu fagi, hafa oft og tíðum ekki haft aðstöðu til að sækja tíma í háskólanum nema mjög takmarkað. Og ég er nú þeirrar skoðunar, að stúdentar almennt leiki sér ekki að því að sækja ekki tíma, svo framarlega sem þeir stundi nám sitt af alvöru og ætli sér að ljúka prófi. Hitt er allt annað mál, að ef sýnt er, að stúdent er aðeins til málamynda í háskóla og hugsar sér alls ekki í neinni alvöru að stunda sitt nám, þá er það atriði, sem enginn getur mælt bót, og er sjálfsagt, að eitthvert aðhald sé í því efni. En ég álít, að það verði að hafa hliðsjón af þessari sérstöðu — ég hygg, að ég megi segja sérstöðu íslenzkra stúdenta — hversu mikill fjöldi þeirra verður að vinna fyrir sér sjálfur. Og einmitt á þessum tíma, þegar mjög hefur nú þrengt að með atvinnu, kostnaður við nám hefur stórhækkað, þá er þeim mun meiri ástæða til að taka tillit til þessarar aðstöðu námsmannanna.

Það er einnig annað atriði, sem mér finnst vera næsta einkennilegt í þessu frv., og það er í sambandi við íþróttaskylduna. Ég þekki ekki persónulega þessa íþróttaskyldu. Hún var ekki komin nema að nokkru leyti til framkvæmda, þegar ég var í háskóla. Ég skal hins vegar játa, að það var byrjað á þessu íþróttanámi, en ég reyndi eins og margir aðrir að

komast undan því. Það má segja, að það hafi ekki verið mikil viðsýni í því, og vitanlega er það alveg rétt, að það er bæði fyrir stúdenta sem aðra sjálfsagt að reyna að þjálfa sig ekki síður líkamlega en andlega og ekkert við því að segja. En hitt finnst mér ganga nokkuð langt, þegar gert er ráð fyrir því og því slegið föstu hér í 2. gr. þessa frv., að ef stúdent hafi ekki lokið tilskildu prófi í íþróttum, þá megi gera strangari kröfur til hans um frammistöðu á prófi í þeirri námsgrein, sem hann hefur aðallega farið í háskólann til að stunda. Þetta er atriði, sem ég álít að sé í hæsta máta óeðlilegt og ósanngjarnt. Það er ekkert við því að segja, að íþróttir séu þarna stundaðar og eitthvert aðhald sé um það, en ég vildi mjög alvarlega beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, að íhuga það, hvort hér er ekki óhæfilega langt gengið í þessu efni. Það er sem sagt gert algert ráð fyrir því að skipa íþróttunum þarna sérstakan sess, og þetta fag á að vera skyldunámsgrein í hvaða deild háskólans sem er, og það á blátt áfram að geta orðið stúdent að fótakefli við hans aðalnám, ef hann hefur ekki lokið einhverju tilskildu prófi í leikfimi. Ég efast nú satt að segja um það, að það muni neitt sérstaklega auka hæfni stúdents eða kandidats í læknisfræði eða lögfræði, eða hvaða fræðigrein sem hann annars stundar, hvort hann kemst yfir hestinn eða ekki. Og af þeim sökum vil ég mjög eindregið beina því til hv. n., að hún taki einnig þetta atriði til athugunar.

Það má kannske segja, að það sé ekki nema eðlilegt að fara í þessu eftir till. háskólaráðs og að það hafi ekki verið undarlegt, þó að hæstv. menntmrh. féllist á að flytja þetta frv. eftir tilmælum þess ráðs, en það hefur hins vegar, að því er ég hygg, oft eða jafnvel oftast verið talið eðlilegt að hafa eitthvert samráð einnig við samtök stúdenta, þegar verulegar breytingar hafa verið gerðar á reglugerð. Ég vildi nú einnig beina því til hv. menntmn., að hún leitaði álits stúdentaráðs háskólans um þessar breytingar og heyrði þær röksemdir, sem sá aðili kynni einnig að hafa fram að færa í sambandi við þetta mál.

Ég ætla svo ekki frekar að ræða málið á þessu stigi, en vil sem sagt ítreka það, að ég tel mikla nauðsyn bera til, að ekki sé flanað að setningu lagaákvæða sem þessara án þess að taka til greina allar þær aðstæður, sem íhuga þarf.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 2. þm. Eyf. sagði í sambandi við íþróttakennsluna, að í frv. sé gert ráð fyrir sérstöku prófi í leikfimi eða íþróttum, þá stendur hér, að nemandinn skuli hafa notið tilskilinnar kennslu í íþróttum. Ég vil enn fremur benda á, að hér er ekki um neitt nýmæli að ræða. Í gildandi lögum háskólans stendur, að stúdent, sem ganga vill til prófs, skuli áður hafa lokið undirbúningsprófum o. s. frv., þar á meðal, að hann hafi notið kennslu í íþróttum ekki skemur en fjögur kennslumissiri. Nú er þetta numið burt úr lögunum með fyrrnefndu ákvæði frv. og að mér sýnist gert vægara en verið hefur. Þegar í frv. er talað um, að nemandi skuli hafa notið tilskilinnar kennslu í íþróttum, þá er það að sjálfsögðu kennsla, sem háskólaráð setur reglur um og telur eðlilega. En nú er ákveðið í l., að stúdentar skuli hafa tekið þátt í íþróttum í fjögur ár.

Út af hinu „akademiska frelsi“ vil ég benda á, að þetta frelsi í hinum almenna skilningi þess orðs er óðum að hverfa úr sögunni víða um lönd. Það er mjög víða, sem nú er farið að taka upp mjög strangt eftirlit með því, hvernig stúdentar sækja skólana. Og það er einmitt af því, sem ég gat um í fyrri ræðu minni, að ekki er talið viðeigandi, að jafnvel þessar æðstu menntastofnanir landanna séu reknar á þann hátt, að þar sé ekkert tekið tillit til þess, hvað lagt er á þjóðfélagið til þess að halda þeim uppi. Og svo er talið eðlilegt, að þær nái þeim tilgangi, sem að er stefnt. En tilgangurinn er auðvitað sá, að þeir menn, sem þessar stofnanir sækja, geti náð tilskilinni menntun á ákveðnum tíma, nema einhver sérstök forföll valdi, og þá er að sjálfsögðu alltaf tekið tillit til þeirra. Ég efast ekki um, að Háskóli Íslands muni ekki óska þess, að settar séu reglur, sem á nokkurn hátt geti talizt ósanngjarnar.

Út af því, sem hv. 2. þm. Eyf. ræddi um í sambandi við þá stúdenta, sem vinna fyrir sér jafnframt því, sem þeir stunda námið, þá er ég alveg á sama máli og hann um það, að sjálfsagt er að taka tillit til þeirrar sérstöðu og sjálfsagt að gera þessum mönnum á allan hátt kleift að stunda vinnu jafnframt náminu, ef það er gert í fullri einlægni og fullri alvöru. Ég efast ekki um það, að háskólinn telur sér skylt að taka tillit til aðstöðu slíkra manna í sambandi við námið.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Upphaflega voru l. um háskólann þannig, að stúdentar mættu ganga undir embættispróf þegar þeim sýndist, hafi þeir áður staðizt fyrirskipuð undirbúningspróf, þ. á m. próf í heimspekilegum forspjallsvísindum. Síðan var þetta þrengt nokkuð, og voru um það nokkrar deilur á þeim tímum, og nú virðist mér eiga að ganga þó nokkuð lengra í þá sömu átt.

Ég verð að segja, að það mál, sem fyrst og fremst hlýtur að vaka fyrir manni, þegar búin er út reglugerð og útbúin l. viðvíkjandi háskólanum, er, á hvern hátt hægt sé að tryggja, að nemendur aðeins með tilliti til þess, hve efnilegir þeir eru fyrir þjóðfélagið, geti átt kost á að læra þar og að ljúka sínum prófum og það án tillits til þess, hvort þeir eru fátækir eða ríkir. Og ég held, að öll breyting, sem eigi að verða á háskólal., eigi að miðast við það, að þjóðinni sé tryggt að fá sem bezt fólk útskrifað úr háskólanum og að skapa sem beztar aðstæður þar án tillits til efnahags og aðstöðu nemendanna.

Nú er svo komið, að þó nokkuð af þeim mönnum, sem ljúka stúdentsprófi og langar til þess að halda áfram og eru jafnvel manna efnilegastir til þess, getur ekki haldið áfram vegna fátæktar. Ég hef sjálfur orðið var við það í

sumar, að nemendur, sem útskrifuðust í vor, hafa ekki einu sinni í sumar getað fengið vinnu til þess að vinna fyrir sér, ekki vegavinnu eða aðra vinnu til þess að vinna fyrir sér til þess að geta haldið áfram við háskólann. Ég veit, að þeir menn, sem þannig er ástatt um og búa kannske hér og hvar uppi í sveitum, munu reyna að lesa, vegna þess að þá langar til þess. Þeir munu reyna að lesa heima á bæjunum, þar sem þeir búa, munu reyna að afla sér þeirra kennslubóka, sem prentaðar eru, munu reyna að ná til þeirra bóka, sem fjölritaðar eru eða vélritaðar eða skrifaðar upp, til þess að reyna þannig að stúdera sjálfir, eins og fátækir stúdentar hafa gert á Íslandi um nokkrar aldir. Ef á að skylda þessa menn til þess að búa hér í Reykjavík og stunda hér nám, þá ber líka skylda til að tryggja þeim, að þeir geti haldið sér uppi hérna og að þjóðfélagið kosti þá.

Það er ekki hægt að fara að setja l., þar sem menn eru skyldaðir til þess að sækja svo og svo marga tíma á hverjum vetri eða til samans á háskólatímanum, og útiloka þá frá því, ef þeir hafa ekki efni á að búa í Reykjavík. Slíkt er að gera það að sérréttindum fyrir yfirstétt Reykjavíkur og hennar börn að njóta okkar æðstu menntunar. Og það er orðið of mikið um þau sérréttindi nú þegar. Það getur verið, að gagnvart sumu af því fólki þurfi að skapa mikið aðhald og það séu til ýmsir nemendur, sem þurfi á því að halda, af því að þeir hafa ekki allt of mikinn áhuga fyrir fræðunum, — að það þurfi að halda þeim að því að lesa, m. a. með því að kontrolera stundirnar hjá þeim. En á sama tíma væri verið að útiloka menn, sem fyrir fátæktar sakir gætu ekki búið hér í Reykjavík og gætu ekki sótt tímana, en væru að reyna að lesa sjálfir heima. Og það er ekki rétt. Ég held, að þetta verði sú hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að taka til alvarlegrar athugunar.

Það er vafalaust rétt, að ríkið geri kröfu til þeirra manna, sem eru við háskólann. En krafan, sem ríkið gerir til þeirra, felst fyrst og fremst í þeim prófum, sem þeir verða að undirgangast, hvort mennirnir hafa lært sjálfir, hvort þeir hafa stúderað þær bækur, sem eru í þeirra fögum, heima hjá sér eða við háskólann, jafnvel þó að þeir hafi ekki sótt háskóla nema einn vetur, ef það er um fög að ræða, sem hægt er að komast þannig af við, — ég veit, að það eru fög, sem ekki er hægt að komast þannig af með, það er ekki hægt í læknisfræðinni eða slíku, — og ef þeir geta staðizt sín próf, hví þá ekki að leyfa þeim það? Við skulum að vísu tala um, að ríkið geri kröfu til stúdenta. En við skulum muna eftir hinu, að einstaklingar, sem stunda nám, einstaklingar, sem hafa hæfileika og vilja til að stunda nám, eiga líka sínar kröfur. Þeir eiga kröfur til ríkisins og til þjóðfélagsins, að þjóðfélagið og ríkið hjálpi þeim til þess án tillits til þeirra efnahags. Og ég held, að hvað snertir breyt. á háskólal., þá væri það meira til þess að hjálpa þjóðinni til að fá betri háskólaborgara og betri menn útskrifaða, ef það væri sett í l., að ríkisstj. væri skyldug til þess að útvega hverjum háskólaborgara vinnu að sumrinu, svo að þeir gætu unnið fyrir sér, heldur en að fyrirskipa honum að hafa sótt svo og svo marga tíma að vetrinum.

Ég held líka, að það mætti gera það auðveldara fyrir stúdenta, sem ekki geta efna vegna kostað sig í Reykjavík, að læra við háskólann. Ég held, að það mætti fjölrita eða prenta meira af fyrirlestrum prófessoranna við háskólann heldur en nú er gert. Ég held jafnvel, að það væri meira í þeim anda að gefa þjóðinni möguleika til þess að hafa aðgang að þeim vísdómi, sem í háskólanum er fluttur. Ég held, að okkar stefna í þessum málum eigi að vera frekar að gera háskólann aðgengilegri og þá menntun, sem þar er veitt, fyrir meiri fjölda heldur en nú er, heldur en að gera ráðstafanir, — ég veit, að það vakir ekki fyrir þeim, sem leggja þetta til, — þær ráðstafanir, sem því miður mundu verða til þess, eins og efnahagsástandið er nú, að þrengja kosti ýmissa þeirra efnaminnstu, en oft og tíðum máske efnilegustu. Ég vildi þess vegna vonast eftir, að hv. n., sem fær þetta til meðferðar, athugi þetta mjög vel.

Þá er spursmálið viðvíkjandi því akademíska frelsi, sem vissulega er oft misnotað, en líka hefur vissa kosti, sem við skulum ekki ganga alveg fram hjá. Það er talað um, að það þurfi að vera meira aðhald. Aðhald getur verið gott. En það raunverulega, sem reynir á við háskóla og hefur verið lengst af sem aðhald, er sjálfsaginn. Það er það, að í hverjum manni búi svo sterk löngun til þess að öðlast þá þekkingu, sem þarna er verið að veita, að hann þess vegna leggi það á sig að sækja tíma og stúdera utan við tímana. Það er sá sjálfsagi, sem fyrst og fremst á að efla við háskóla. Ég held, þó að ég því miður þekki ekki Háskóla Íslands af eigin reynd, að það séu frekar of miklar tilhneigingar til þess að gera háskólann að menntaskóla nr. 2 heldur en að gera hann að virkilegum háskóla. Ég held, að okkar háskóli líði frekar undir því að vera of mikill embættismannaskóli heldur en að vera stofnun, sem elur menn upp til andlegs frelsis og vísindalegra áhugamála. Ég held þess vegna, að það eigi mjög vel að athuga, áður en farið er að setja ákvarðanir, sem mundu miða að því, að menn sætu á sama hátt á skólabekkjum í háskólanum eins og menn gera í menntaskóla. Það er vafalaust alveg rétt, að það eru ýmsir, sem þurfa þetta aðhald. En síðurinn hefur nú einu sinni verið sá, að í háskóla fá þeir að fara í hundana, sem vilja, og hinir, sem hafa áhuga, þeir brjótast áfram. Þjóðfélagið þarf meðal annars á því að halda að sigta þarna úr og menn sigti úr sjálfir, menn séu ekki teknir sömu tökunum eins og meðan þeir eru enn þá skólabörn, heldur séu menn látnir vita af því, að þeir séu frjálsir menn, sem eiga það undir sjálfum sér, hve langt þeir komast í þessu og hvort þeir nokkurn tíma ljúka prófi. Og ég held, að við megum ekki fara út á það að líta allt of mikið á okkar háskóla sem embættismannaskóla. Ég gæti trúað, að við ættum að ýta meira undir það en gert hefur verið, að háskólinn væri fyrir

okkur almenn miðstöð, þótt það þýddi það, að það yrðu kannske meiri deilur og meira almennt líf við háskólann en núna er — meira rætt um lífsins vandamál heldur en núna er. Það var ef til vill ekki sízti kosturinn við Kaupmannahafnarháskóla fyrir okkur, að allir andlegir straumar í Evrópu bárust miklu fyrr til Íslands. Og við megum alvarlega vara okkur á því að láta ekki okkar háskóla verða neinn andlegan stöðupoll. Við þurfum að sjá til þess, að í háskólanum sé lifað og hugsað, sé ekki aðeins verið að læra undir próf, aðeins til þess að verða góðir embættismenn.

Ég skal ekki segja mikið um þetta íþróttamál. Ég er ekki vel að mér í þeim hlutum. En út af því, sem hæstv. menntmrh. sagði um aðalsmerki í sambandi við íþróttirnar, þá verð ég nú að segja, að ég hefði nú frekar hugsað mér, að ef það væri eitthvað, sem við Íslendingar ættum við okkar háskóla að krefjast sem aðalsmerkis af okkar stúdentum, þá væri það t. d., að þeir væru nokkuð vel að sér í Íslendingasögunum og okkar íslenzku bókmenntum. Ef það væri eitthvað, sem við ættum að heimta, að allir menntaðir menn, að allir háskólaborgarar vissu og sköruðu fram úr í, þegar þeir stæðu með stúdentum annarra þjóða, þá væri það að þekkja vel og greina bókmenntir okkar, sögu okkar, Íslendingasögur. Ég held, að það væri það aðalsmerki, sem væri miklu nær heldur en íþróttirnar, þrátt fyrir alla þeirra kosti. Það, sem við þurfum að leggja upp úr, samhliða því sem við útskrifum góða sérfræðinga, er að útskrifa þarna virkilega menntaða menn, menn, sem hafa eins alhliða þekkingu á viðfangsefnum nútímans og mögulegt er, en standa samt föstum grunni í sögu okkar þjóðlífs.

Ég vil vonast til þess, að hv. menntmn., sem fær þetta nú til meðferðar, ræði þetta mál vel, ekki aðeins við það háskólaráð, sem óskað hefur eftir, að þetta væri flutt hér inn, heldur einnig alveg sérstaklega við stúdentana sjálfa, við þeirra ráð og þeirra samtök, og hlusti á þeirra meiningu og þeirra skoðanir í þessum efnum.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa 1. umr. mikið. En þar eð ég á sæti þetta ár í háskólaráði, vil ég ekki láta hjá líða að láta í ljós nokkrar aths. út af þeim ræðum, sem fluttar hafa verið af þeim ræðumönnum, sem talað hafa.

Það kemur, sem betur fer, ekki oft fyrir, að þm. hver á fætur öðrum — bæði þm. úr stuðningsflokkum stjórnarinnar og hv. stjórnarandstöðu — standi upp til þess að andmæla frv. og byggi andmæli sín svo að segja einvörðungu á röngum forsendum og hafa ekki, að því er virðist, gert sér það ómak að kynna sér það mál, sem til umr. er, og skal ég finna þessum orðum mínum stað.

Það er um það talað, að í þessu frv. felist skerðing á akademísku frelsi, það felist í því skerðing á skilyrðum stúdenta til þess að vinna fyrir sér og í þriðja lagi felist í því aukning á íþróttaskyldunni. Allt er þetta misskilningur, sem betur fer. Ég væri þeim algerlega sammála um að vera á móti þessu frv., ef í því fælist skerðing á sönnu akademísku frelsi, ef í því fælist skerðing á skilyrðum stúdenta til þess að vinna fyrir sér og ef í því fælist aukning á íþróttaskyldunni. En sem betur fer er þetta ekki. Allt þetta er hreinn misskilningur.

Hvað er akademískt frelsi? Akademískt frelsi er fyrst og fremst frelsi kennara og nemenda til að kenna og nema það, sem hugurinn girnist og samvizkan býður. Það er þetta fyrst og fremst. Akademískt frelsi á að vera andlegt frelsi. Í því á auk þess að felast réttur til þess að fá í háskóla sannprófaða þekkingu sína, hvernig sem hennar verður aflað, hvort sem hennar hefur verið aflað innan skólaveggja eða annars staðar. Í þessu frv. er ekki setning, sem skerðir skilyrði stúdenta til þess að fá sannprófaða sína þekkingu eftir sem áður og á sama hátt og hingað til, hvort sem þekkingarinnar hefur verið aflað innan háskólaveggja eða utan þeirra. Í frv. er ekki setning, sem skerðir frelsi kennara eða nemenda til þess að nema það, eins og ég orðaði það, sem hugurinn girnist eða samvizkan býður þeim. Þess vegna er í frv. engin skerðing á akademísku frelsi. Það er ekki akademískt frelsi að hafa leyfi til þess að slæpast við nám. Því heldur enginn fram. Það, sem gert er með þessu frv. hvað nám snertir, er, að háskólinn áskilur sér rétt til þess að prófa þá menn með nokkuð öðrum hætti, sem ekki hafa stundað nám sitt eftir reglum, sem háskólinn óskar að setja og engin ástæða er til þess að halda fyrir fram, að óreyndu, að muni verða ósanngjarnar eða óheppilegar. Menn verða að athuga, út á hvað frv. gengur, og mér finnst í tilefni af ræðum hv. 2. þm. Eyf. og hv. 2. þm. Reykv. ekki vera ástæðulaust að rifja það upp með örfáum orðum.

Í þessu frv. stendur það eitt umfram það, sem þegar stendur í lögum, að háskólaráð skuli hafa heimild til þess að skylda kennara til þess að skrá það, hvenær stúdent sæki hjá þeim tíma, til þess að fylgjast með því, hversu rækilega hver einstakur stúdent sækir tíma í háskólanum, og til þess að setja um það reglur, að til þess að mega ganga undir venjulegt háskólapróf, þá skuli menn hafa orðið að sækja ákveðna hlutfallstölu af tímum eða ákveðinn tímafjölda í hverri grein, og sé þá sett um það reglugerðarákvæði, hvað það hámark skuli vera hátt. Ég skal taka það fram, að ég tel það ekki eiga að vera mjög hátt. Það væri jafnóskynsamlegt að hafa það mjög hátt eins og að hafa það ekkert, eins og nú er. Hins vegar, ef menn óska ekki eftir að stunda nám á þann máta að sækja þennan tilskilda kennslutímafjölda, þá er háskólanum í frv. heimilað að prófa þá menn, sem það gera ekki, með nokkuð sérstökum hætti, þ. e. a. s. að prófa þá nokkru viðtækar heldur en hina, sem stundað hafa reglulegt nám í háskólanum og sótt hafa alla tilskilda tíma eftir þeim reglum, sem settar eru. Þetta er engin nýjung í skólamenntun. Það þekkja allir, sem nokkuð eru kunnugir skólum hér á landi, t. d. menntaskólunum, sem senda menn í háskólann, að þar er gerður greinarmunur á

annars vegar innanskólaprófum og hins vegar utanskólaprófum og svolítið aðrar kröfur gerðar til þeirra, sem taka utanskólapróf. Það er enn fremur kunnugt öllum þeim, sem þekkja til náms í fjölmörgum háskólum nágrannalandanna, að nákvæmlega þetta er gert þar. Það er gerður á því greinarmunur, hvort menn ganga undir háskólaprófin sem reglulegir innanskólanemendur, sem fylgt hafa fyrirframgerðum námsáætlunum, eða hvort menn hafa aflað sér sinnar þekkingar annars staðar, annaðhvort í öðrum háskólum eða með öðrum hætti. Það er mjög algengt í háskólum annars staðar, að þeir prófi sína eigin nemendur með öðrum hætti en nemendur, sem stundað hafa nám í öðrum háskólum, — mjög algengt og ég vil segja regla. Það er þetta, sem er gert ráð fyrir hérna, og annað ekki. Menn verða að hafa það í huga, hvað próf eru í raun og veru. Próf eru eins konar tilraun til þess að gera úrtaksathugun á þekkingu nemendanna, og próf reglulegra nemenda eru alltaf eins og þau eru í skjóli þess, að nemendurnir hljóti að hafa öðlazt vissa þekkingu á því að hafa stundað reglulegt nám. Þeim mun minna sem hið reglulega nám er, þeim mun strangari eru prófin höfð alls staðar. Og það er því fullkomlega rökrétt, að ef menn hafa kosið að afla sér sinnar þekkingar utan hinna venjulegu háskólaveggja, þá geta prófin ekki verið jafnörugg eins og þau eiga að vera, ef þau eru með nákvæmlega sama hætti og gagnvart þeim mönnum, sem fylgt hafa reglulegri námsbraut innan veggja skólans. Ég veit, að þetta eru svo einfaldir hlutir, að ástæðulaust ætti að vera að ræða þá svona ýtarlega á þessum vettvangi. Mér hefur verið sagt það, að jafnvel hér í háskólanum hafi sumir kennararnir haft þann sið í munnlegum prófum að prófa þá stúdenta með nokkuð öðrum hætti, sem þeir vita um að hafa ekki sótt tíma reglulega. Um þetta framferði hefur verið nokkuð deilt bæði meðal stúdenta og kennara, hvort það sé eðlilegt og sanngjarnt, og háskólakennararnir hafa þegar leyfi til þess að gera þetta. Það getur enginn meinað þeim þetta samkvæmt þeim reglum, sem núna eru, og mér vitanlega hafa aldrei komið fram kröfur um að banna slíkt. En það, sem nú er gert, er að gera þetta að reglu, sem gildi fyrir alla, gera það að skyldu fyrir alla kennara að taka nokkurt tillit til þess í prófunum, hvort stúdentarnir hafa stundað reglulegt nám samkvæmt fyrirframgerðum námsáætlunum eða ekki.

Það má auðvitað spyrja, hvort ástæða sé til þess að veita þetta aukna aðhald, þ. e. a. s. hvetja með þessu stúdenta frekar til að stunda nám innan veggja háskólans en gera það annars staðar, því að kjarni þessara reglna er auðvitað það, að með þessu móti, ef að lögum yrði, mundi sá stúdent, sem stundaði nám sitt í háskólanum, eiga nokkru auðveldara með að ganga undir próf en sá stúdent, sem aflaði sér þekkingar annars staðar. Auðvitað má um það deila, hvort þetta sé sanngjarnt eða ekki sanngjarnt, — hvort það sé sanngjarnt að hvetja menn frekar til að stunda námið á þann hátt að sækja tíma heldur en að gera það með sjálfsnámi. Ég held, að reynslan í háskólanum hafi sýnt það, að nám hafi yfirleitt lengzt dálítið, 5—6 ára nám kannske lengzt um að minnsta kosti missiri og allt að tveim missirum vegna þess, að nemendur hafa ekki haft þetta aðhald, og í raun og veru telja kennararnir það í sumum greinum tvímælalaust að minnsta kosti missirislengingu, svo að í raun og veru ætti þetta að geta orðið sparnaður að þessu leyti, að námstími styttist, ef menn tækju upp þann sið í ríkari mæli en gert hefur verið að fylgja fyrirframgerðum námsáætlunum og stunda námið innan veggja háskólans.

Ég skal endurtaka það og leggja á það sérstaka áherzlu, að með þessu er ekki verið að meina mönnum að ganga undir próf, þó að þeir komi aldrei inn í háskólann, að svo miklu leyti sem það er ekki talið óhjákvæmilegt. Og allir eru sammála um, að í læknisfræði, verkfræði og þvílíkum greinum er ekki hægt að stunda nám nema taka þátt í sérstökum námskeiðum. En burt séð frá þessu er ekki verið að heimta það af mönnum, að menn hafi stundað nám í háskólanum, sem skilyrði fyrir prófi. Eftir sem áður geta menn stundað sitt nám hvar sem þeir vilja, hvar á Íslandi og hvar í heiminum sem þeir vilja. Ef þeir hafa stúdentspróf og nægilega þekkingu, þá veitir háskólinn þeim þau embættisréttindi, sem próf hans veita. Það eina, sem um er að ræða, er það, að háskólinn óskar eftir því að hafa leyfi til þess, sem hann kannske raunar hefur nú þegar, að prófa slíka menn með dálítið öðrum hætti en hina, sem fylgja fyrirframgerðri námsbraut.

Að því er varðar það, sem hv. 2. þm. Eyf. sagði, að í þessu fælist takmörkun á möguleikum stúdenta til þess að vinna fyrir sér, þá er því raunverulega þegar svarað með þessu. Í því, að menn geta ekki smágengið undir próf og stundað nám hvar sem er, felst auðvitað engin takmörkun á rétti manna til þess að vinna fyrir sér jafnhliða náminu. Ég er þm. algerlega sammála um það, að það er einn af höfuðkostum íslenzks skólakerfis, hvað íslenzkir nemendur í háskóla og öðrum skólum eru nátengdir atvinnulífinu, hversu títt er, að þeir vinni fyrir sér í sumarfríi sínu og jafnhliða námi sínu að vetrinum. Það er alveg rétt, að það væri mjög óheppilegt, ef eitthvað væri gert til þess að koma í veg fyrir slíkt. Það ætti ekki að gera. Og ég mundi ekki fylgja þessu frv., ef ég vissi ekki, að það skerðir þau skilyrði ekki.

Í þriðja lagi var síðan að því vikið, að hér væri um að ræða aukningu á íþróttaskyldu; það væru, að því er mér skildist, ný fyrirmæli um það, að nú mættu menn ekki ganga undir próf, nema hafa áður tekið þátt í leikfimi. Þetta er alger misskilningur, eins og hæstv. menntmrh. þegar hefur bent á. Ég hef alla tíð litið það óhýru auga, að í háskólalögunum væru ákvæði, sem skylduðu stúdenta til að taka þátt í leikfimi. Ég hef alla tíð talið það vera óeðlilegt, sérstaklega eins og lögin eru að öðru leyti, það væri óeðlilegt að láta íþróttir vera einu námsgreinina, sem skylt er að taka þátt í, eins og nú er í lögunum. Ég hef alla

tíð verið andvígur þessu ákvæði. En hitt er svo annað mál, að eins og lögin hafa verið undanfarið, þá get ég ekki séð, að það sé óeðlilegt, að háskólinn megi setja sams konar ákvæði um íþróttir og allar aðrar greinar. Það á að gilda það sama um íþróttir að þessu leyti, að því er varðar heimild háskólans, eins og um aðrar greinar, sem kenndar eru í skólanum. Og það er það, sem lagt er til með þessu frv. Það eru niður felld lagaákvæði um íþróttaskylduna. Þetta virðast hvorki ýmsir stúdentar né heldur háskólakennarar né heldur þm. hafa gert sér grein fyrir. Í þessu frv. eru lagaákvæði um íþróttaskylduna felld niður. Og það, sem kemur í staðinn, er heimild til handa háskólaráði að setja í reglugerð ákvæði um, að menn skuli hafa sótt ákveðinn tímafjölda í leikfimi eins og í öðrum greinum. Mér skilst, að það hafi verið mikið baráttumál stúdentasamtakanna á undanförnum árum að fá lagaákvæðið um íþróttaskylduna fellt niður. Og mér kemur það satt að segja mjög einkennilega fyrir sjónir, ef stúdentar beita sér gegn þessu frv., sem einmitt gengur inn á eina höfuðkröfuna í félagslífi stúdenta um mörg undanfarin ár. Ástæðan til þess, að menn beita sér gegn þessu frv., getur varla verið önnur en sú, að menn hafa ekki kynnt sér það til hlítar. Líklega hafa menn þá misskilið hér eina grein í frv., þar sem, með leyfi hæstv. forseta, stendur: „Þótt stúdent fullnægi ekki skilyrðum síðustu málsgreinar," — en í síðustu setningu greinarinnar á undan er talað um íþróttaskylduna. Í lagamáli merkir málsgrein allt, sem stendur á milli greinaskila. Og það, sem átt er við með þessu, að stúdentar fullnægi ekki skilyrðum síðustu málsgreinar, er yfirleitt, að þeim reglum sé ekki framfylgt, stúdentar hlíti ekki þeim reglum, sem háskólinn setur í reglugerð um tímasókn almennt. Hvað þetta snertir byggjast því andmæli hv. 2. þm. Eyf. á algerum misskilningi. Mér skildist, að hann teldi íþróttaskyldu vera eðlilega í háskólanum. Þar er ég honum þó ósammála. Það, sem á að gera í þessu máli, ef íþróttir eru kenndar á annað borð, er að láta sama gilda um íþróttirnar og aðrar hliðstæðar greinar. Ég vil skipa íþróttunum á þann sess, þar sem þær eiga heima, með algerum aukagreinum, og láta ekki strangari kvöð hvíla á nemendum í þessu tilliti heldur en öðrum greinum, sem taldar verða hreinar aukagreinar. En aðalatriði málsins er það, að hægt sé að kveða á um, að menn sæki tíma í sínum aðalgreinum eftir vissum reglum.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að háskólinn ætti ekki að vera menntaskóli. Þar er ég honum algerlega sammála. Hann sagði, að háskólinn ætti að vera miðstöð andlegs lífs þjóðarinnar. Ég er honum líka sammála um það. Og ég vil endurtaka, að hvort tveggja þetta ræði ég ekki frekar, vegna þess að það er hvort tveggja þessu frv. algerlega óskylt mál. Það mætti gera aðrar breyt. á háskólal., sem að því miðuðu að auðvelda bæði kennurum og nemendum að njóta betur akademísks frelsis, þ. e. a. s. frelsis til að kenna og nema það, sem menn girnast. Og það mætti líka gera aðrar ráðstafanir til þess að auðvelda háskólanum að vera miðstöð andlegs lífs þjóðarinnar. En það ber að ræða í sambandi við annað frv. en hér er um að ræða, vegna þess að í þessu frv. felst það ekki að flytja háskólann aftur á bak á menntaskólastig né heldur neitt til að skerða skilyrði hans til þess að vera miðstöð andlegs lífs þjóðarinnar.

Magnús Jónsson: Hv. 3. landsk. þm. fór hér nokkuð geyst af stað og taldi, að við hv. 2. þm. Reykv. hefðum ekki vitað hið minnsta, um hvað við vorum að ræða eða hvað það væri, sem fælist í þessu frv. Þetta náttúrlega út af fyrir sig væri mjög leiðinlegt, ef satt væri, en því miður benti nú ýmislegt til þess, að jafnvel hv. 3. þm. Reykv., sem eftir því sem hann sjálfur sagði á sæti í háskólaráði, virðist ekki heldur til hlítar hafa gert sér grein fyrir, hvað í þessu frv. stendur, og a. m. k. var þannig útlagt sumt af því, að mér þykir það einkennilegt, ef þar hefur verið sá skilningur að baki, sem æskilegur hefði verið hjá þeim, sem á frumkvæði að málinu. En ég ætla nú að leyfa mér að víkja að síðasta atriðinu, sem hann ræddi í sínu máli og hæstv. ráðh. líka kom inn á, enda þótt það sé nú að vísu ekki neitt höfuðatriði málsins, en það er í sambandi við íþróttaskylduna. Hann upplýsti það, að hann persónulega væri og hefði verið algerlega andvígur íþróttaskyldu í háskóla og teldi hana óeðlilega. Hins vegar hélt hann því fram, að ég hefði gefið í skyn, að ég teldi íþróttaskyldu eðlilega, í minni ræðu. Ég skil ekki, hvar hv. þm. hefur fundið það út úr minni ræðu, að ég teldi íþróttaskyldu eðlilega. Hitt er allt annað mál, að ég sagði það eitt, sem ég stend við, að mér fyndist eðlilegt, að það væru íþróttir kenndar við háskólann, og það væri ekkert óeðlilegt við það, þó að það væri gert ráð fyrir því, enda þótt það snerti ekki námið í einstökum deildum, að stúdentar stunduðu íþróttir. Það er við alla háskóla gert. Ég efast satt að segja um það, að það sé við aðra háskóla, — ég skal að vísu játa, að ég hef ekki fulla þekkingu á því, — en mér finnst það harla einkennilegt, ef það er í lögum skóla, að menn fái alls ekki að ganga undir próf, nema þeir hafi lokið tilskilinni tímasókn í leikfimi.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði algerlega misskilið þetta mál, þar sem ég hefði haldið því fram, að það væri sett að skilyrði að taka eitthvert próf í íþróttum. Það var ekki heldur rétt, að ég hefði sagt, að það væri gert ráð fyrir að taka próf. Mér er vel kunnugt um það, að í gildi er ákvæði um það, og er það framkvæmt á þann hátt, að menn verða að sækja tilskilinn kennslustundafjölda til þess að fá að ganga undir próf í sinni námsgrein. Hitt sagði ég, sem ég vil endurtaka, að mér finnst íþróttir út af fyrir sig vera ákaflega óskyldar þeim fræðigreinum, sem verið er að kenna við háskólann, og að það eigi að vera að setja manni stólinn fyrir dyrnar um, að hann fái próf í sinni námsgrein, ef hann ekki hefur sótt leikfimi 60 eða 80 tíma, — eða ég man nú ekki, hvað það er mikið, — það finnst mér á-

kaflega hæpið og ekkert líklegt til að auka neitt andlegan þroska stúdentanna eða hæfni þeirra til þess að sinna sínum verkefnum í lífinu.

Hv. 3. landsk. lagði á það mikla áherzlu að hafa uppi lögfræðilega túlkun á 3. málsgr., með það í huga sýnilega að draga athyglina frá síðustu setningunni varðandi kennsluna í íþróttum, og sagði, að vitanlega ætti síðasta málsgr. um, að það ætti að gera strangari kröfur til nemenda við próf, við alla þessa málsgr., en ekki síðustu setninguna. Vitanlega á það við alla málsgr., en það á einnig við síðustu setninguna, og það liggur í hlutarins eðli eftir orðalagi 3. málsgr., að ef stúdent hefur lokið öllum námskeiðum öðrum en leikfimi og ef hann ekki hefur lokið því, þá er ekki aðeins heimilt, eins og hann sagði, að sumir prófessorar hefðu nú tíðkað til þessa og vildi nú ekki halda fram að væri í alla staði æskilegt, — þá er það ekki aðeins heimilt, heldur skylt að beita stúdentinn þyngri prófkröfum heldur en ella hefði verið. Þetta álít ég, — og getur það einnig verið svar við orðum hæstv. menntmrh., — þetta álít ég og staðhæfi, að sé nýtt, íþróttaskylda er ekkert nýtt, ég veit það vel, en það er nýtt að slá því föstu, að það skuli, ef nemandi hefur ekki innt þetta af hendi, gera þyngri kröfur til hans um próf í sinni aðalnámsgrein heldur en ella hefði verið. Ég geri ráð fyrir, eins og orðalag greinarinnar er nú í lögunum, að þá mundi vera heimilt að neita manni algerlega um að ganga undir próf, og ég álít, að það væri nú miklu hreinna, ef á annað borð á að hafa slík þvingunarákvæði, heldur en að slá því föstu, að það eigi sem sagt að gera meiri kröfur til hans og spyrja hann þyngra út úr í læknisfræði eða lögfræði fyrir það, að hann hafi ekki stundað leikfimi.

Það má auðvitað ræða þetta mál fram og til baka, en mér finnst, að hv. 3. landsk. hafi einmitt í sinni ræðu hér slegið því allt of föstu, að í háskólanum ættu að gilda svipuð sjónarmið eins og í menntaskólum. Ég man eftir því, að fyrir æði löngu voru innleiddar í háskólanum, að því er mér skildist eftir till. þessa hv. þm., svo kallaðar námsferilsbækur, þar sem var gert ráð fyrir því, að skráð væri tímasókn nemenda og prófessorunum gert það að skyldu. Það var meira að segja gefið ákveðið í skyn af háskólaráði þá, að menn mundu ekki fá styrki, ef þeir hefðu ekki sýnt tilskilda tímasókn, og menn urðu að leggja fram vottorð þá, man ég, um það, að þeir hefðu sótt tíma í tilteknum fögum, til þess að þeir gætu vænzt þess að fá styrk. Og ég man sérstaklega eftir því vegna þess, að það stóð þá þannig á eitt sinn, að ég hafði þurft eitt missiri að vera að verulegu leyti frá námi, vegna þess að ég þurfti að vinna fyrir mér, og hafði þess vegna ekki getað stundað nám í nokkra mánuði og hafði sótt fáa tíma. Ég man það að vísu, að ég var ekki látinn gjalda þess að lokum, og stafaði það m. a. af því, að prófessorarnir tóku ekki allt of háalvarlega þessar námsferilsbækur og gáfu nú gjarnan vottorð, þó að það væri ekki alveg strengilega í samræmi við tímasóknina. Ég álít, að það verði að minnsta kosti að taka það alvarlega til athugunar, að það sé ekki verið með því, sem hér er verið að gera, að torvelda stúdentum möguleika til þess að afla sér þeirrar þekkingar, sem hugurinn girnist, eins og hv. 3. landsk. segir réttilega að sé andi og kjarni hins akademíska frelsis.

En þá kem ég einnig að öðru, sem mér finnst að ekki hafi verið tekið til greina við þær reglur, sem háskólaráð er að óska eftir. Mér virðast reglurnar einmitt benda til þess, að háskólaráð geri ekki ráð fyrir, að það sé ýkja mikil löngun hjá stúdentum til að læra; ef það er út frá því gengið, að það sé nauðsynlegt sífellt að ganga lengra og gera ríkari kröfur um tímasókn og skyldu nemenda til þess að sækja tíma, þá sé ekki gengið út frá því, að þeir nemendur, sem háskólanám stunda, hafi ýkja mikinn áhuga á því sjálfir, margir hverjir, að stunda sitt nám. Ég vil nú leyfa mér að halda því fram, að minnsta kosti eins og nú standa sakir um aðstöðu manna til náms, bæði í háskóla og öðrum skólum, að þá hef ég litla trú á því, að stúdentar muni almennt vilja vera lengur við nám en þeir nauðsynlega þurfa. Ég álít, eins og ástatt er um getu manna og möguleika til að afla sér fjár til að kosta sitt nám, þá sé því þannig háttað nú, að allur þorri stúdenta muni áreiðanlega ekki draga lengur en honum er óhjákvæmilegt að ljúka sínu námi. — Hv. 3. landsk. sagði, að þessar reglur, sem hér væri farið fram á að setja, skertu ekki á nokkurn hátt aðstöðu þessara manna til náms. Nú er því hins vegar slegið föstu af honum, að það eigi að setja vissa lágmarksskyldu um tímasókn, og enn fremur gert ráð fyrir því, að það kunni að verða prófaðir þyngra þeir menn, sem ekki hafa sótt tíma, og telur hann, að það lögmál gildi við aðra skóla og þá m. a. við utanskólanemendur við menntaskóla. Þetta álít ég að geti nú haft sín áhrif í þá átt að torvelda stúdentum, sem verða að vinna fyrir sér, að þeir geti lokið sínu prófi á sama hátt eins og aðrir stúdentar. En það álít ég að sé grundvallaratriði þessa máls, — og vil ég þá taka undir það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, — að háskólinn á að skapa mönnum möguleika til þess að geta aflað sér fræðslu. Það verður að ganga út frá því, að stúdentar séu það þroskaðir menn, — einhvern tíma kemur að minnsta kosti að því, að menn verða að bera ábyrgð á sínum eigin gerðum í lífinu, og ég skil ekki í því, að það sé ekki tími til þess kominn, þegar menn eru búnir að ljúka námi í menntaskóla um tvítugsaldur, að þá verði menn að taka afleiðingunum af því sjálfir, ef þeir hafa ekki manndóm eða þrótt til þess að stunda nám sitt sómasamlega. Og ég hygg nú, að það sé nokkuð rangt með farið að halda því fram, að það sé miklum mun dýrara fyrir þjóðfélagið, þó að það séu skráðir nokkru fleiri stúdentar í háskólann og ef þeir ekki stunda nám þar, heldur en ella, því að ég geri ekki ráð fyrir, að það auki neitt kostnað við rekstur háskólans, þó að það sé gert

ráð fyrir því, að ekki séu settar sérstakar hömlur á nemendur um tímasókn.

Ég álít sem sagt, að það verði í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir, að taka þessi atriði, sem ég hef minnzt á, til rækilegrar athugunar, áður en slík lagasetning er sett sem hér er gert ráð fyrir, því að hvað sem hæstv. ráðh. og hv. 3. landsk. segja, þá er það augljóst mál öllum, sem til þekkja, að hér er að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að beitt verði nú þyngri reglum og þrengri um frelsi stúdenta til náms í háskólanum. Það felur frv. augljóslega í sér, og þýðir þar ekki að ganga fram hjá þeirri staðreynd, að það atriði verður ekki dulið. Og hvort sem sú regla er sett með beinu lagaákvæði eða með heimild til handa háskólaráði, sem hv. 3. landsk. vildi gera mikinn mun á, þá er það að sjálfsögðu augljóst, að það skiptir harla litlu máli, því að heimildin mun að sjálfsögðu verða notuð í þeim anda, sem fram á hana er farið í lögunum sjálfum.

Ég álít, að það verði að leggja áherzlu á það við háskólanám og í öllu starfi háskólans, til þess að vinna sem mest gagn fyrir þjóðina, að stuðla að því á pósitívan hátt með því að auka áhuga nemendanna á sínum viðfangsefnum, með því að glæða metnað þeirra til þess að leysa sín verkefni vel af hendi, en ekki með negatívum aðgerðum eins og hér er farið inn á, að það eigi að stefna að þessari leið með höftum og bönnum, vegna þess að ég er sannfærður um, að sú leið verður ekki til þess að stuðla að auknum veg háskólans eða til þess að stuðla að því, að út úr honum skrifist hæfari menn til verka í sínum fræðigreinum heldur en ella hefði verið, ef menn hefðu almennt hið svo kallaða akademiska frelsi til þess að læra það, sem hugurinn girnist, og á þeim tíma, sem þeir telja sér fært. Það er ekki hægt að miða almennar reglur við það, að það séu einstaka nemendur, sem slugsa við nám og séu óhæfir til þess að stunda það. Það eru alltaf aðferðir fyrir háskólann til þess að koma í veg fyrir slíkt án lagasetningar, en ég álít, að það megi ekki taka slíkar undantekningar og gera að meginreglu og setja lagaákvæði út frá því.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. 3. landsk. þm. talaði um, að það hefði verið nokkuð á röngum forsendum, sem ég og hv. 2. þm. Eyf. hefðum rætt þetta mál. Ég held það sé nú, eins og hv. 2. þm. Eyf. hefur þegar komið inn á, misskilningur hjá honum. Frá 1936—1941, með þeim breytingum, sem þá voru gerðar á háskólalögunum, var tilhneigingin ákaflega greinileg í þá átt að setja í staðinn fyrir sjálfsagann og það svo kallaða akademiska frelsi hjá háskólastúdentum skylduna til að hafa sótt ákveðna tíma. 22. gr., sem við núna erum að ræða um, var 1936 í lögunum aðeins um, að stúdentar mættu ganga undir próf þegar þeir vildu og að þeir skyldu hafa lokið prófi í forspjallsvísindum áður og þeim undirbúningsprófum, sem tilheyrðu. Það voru engar ákvarðanir viðvíkjandi neinum fyrirmælum um kennslusókn. Lögin 1941 þýddu sem sé mjög mikla breytingu í þá átt að skapa þannig það, sem kallað er sterkara aðhald, þ. e. að gera háskólann meira að svo að segja skólabekkjaskóla. Hins vegar er það alveg greinilegt og kemur fram í þessari örstuttu grg., sem þessu frv. fylgir og er nú satt að segja undarlega stutt, að meiningin með þessu frv. nú er að auka aðhald og eftirlit með námi við háskólann, ganga enn þá lengra í þá sömu átt sem gengið var 1941 og ég býst ekki við að hafi verið mótmælalaust þá. Það, sem nú er bætt við greinina eins og hún var, eru tvær seinustu málsgr. í 2. gr. frv., þ. e. heimildin til að kveða á um, að stúdent skuli hafa sótt ákveðinn fjölda eða hluta þeirra kennslustunda, kennslu og fyrirlestra, sem eru í hans námsgrein, og að hann skuli hafa notið tilskilinnar kennslu í íþróttum. Það er þessi heimild, sem bætt er við. M. ö. o., það er þarna verið að gefa viðtækari heimildir til reglugerðarsetningar heldur en áður var.

Hv. 3. landsk. talaði um, að e. t. v. hefði háskólaráð rétt til að gefa eitthvað af þessum fyrirmælum núna samkv. núverandi reglum. Honum getur ekki blandazt hugur um það, að svo framarlega sem Alþ. hins vegar samþ. þessa grein núna, þá er verið að ýta undir háskólaráð til að nota rétt, sem áður var máske tvísýnn og efasamt er að háskólaráð ella hefði lagt út í. Ég held þess vegna, að okkur hljóti að koma saman um það, enda eru einu röksemdirnar, sem fylgja með þessu frv., stytzta grg., sem sézt hefur á Alþ., sem sé ein setning, hálf önnur lína. Ég held það sé alveg greinilegt, að það á að ganga enn þá lengra í sömu áttina sem gengið var 1941 og skerða þar með enn þá meira þetta svo kallaða, — ja, menn geta deilt um, hvað þeir vilja kalla akademískt frelsi, — en við skulum segja í öllu falli að treysta minna á sjálfsaga stúdenta og sem afleiðingu af því að gera erfiðara fyrir þeim fátæku nemendum, sem ekki geta máske sótt kennslustundir í háskólanum eins mikið, vegna þess að þeir geta ekki kostað sig hérna í Reykjavík eins lengi og aðrir. Það má að vísu vera, að það væri hægt að komast fram hjá slíku, ef háskólaráð í öllum slíkum tilfellum tæki mildum höndum á. En ætli það sé nú ekki erfitt fyrir háskólaráð að vera alveg alviturt í þeim efnum, hvernig hagir manna eru og hvort menn kynnu nú hálfpartinn að vera að skrópa eða hvort það væri vegna fátæktar eða efnaleysis, sem menn gætu ekki stúderað? Ég held það sé vissara að treysta á rétt mannanna til þess að mega ganga undir prófin án þess að hafa fullnægt því að sækja kennslustundirnar heldur en að treysta á undanþágurnar frá háskólaráðinu, ef þeir hafa ekki getað það.

Ég vil minnast á það líka í þessu sambandi, að það er ekki aðeins sjálfsagi gagnvart stúdentum, sem kemur fram í því, að þeir ráði sjálfir, hvort þeir sæki kennslustundir. Í því felst líka eins konar aðhald á prófessorunum. Það er vitanlegt, að prófessorar við háskólann geta verið ákaflega mismunandi, og svo fremi sem prófessorum tekst að gera þær vísindagreinar, sem þeir eru að kenna, eftirsóknar-

verðar fyrir stúdenta, þá skortir venjulega ekki á, að fyrirlestrar séu vel sóttir, og dæmi eru þess, að fólk flykkist að, stúdentar og jafnvel aðrir óski eftir að fá að hlýða á fyrirlestra, sem fluttir eru þannig við háskólann. Það er enginn efi á því, að það er á ýmsan hátt líka nytsamlegt aðhald fyrir prófessorana, að fyrirlestrarnir séu gjarnan þannig úr garði gerðir, að menn vilji sækja þá, að þeir hæni menn að.

Þá ber líka að athuga það, að með ákvæðum um skyldu til að sækja ákveðinn hluta kennslustunda er ekki aðeins oft gert erfitt, eins og við vorum sammála um, þeim mönnum, sem væru að stúdera greinar, sem þeir gætu numið utan háskólans. Það er líka verið að gera það erfitt þeim, sem verða svo að segja hvað sem það kostar að vera hérna í Reykjavík. Við skulum taka t. d. læknastúdenta. Það er vitanlegt, að læknastúdentarnir verða að hafa unnið alllengi, meira en ár samanlagt, á spítölum kauplaust og að það er eitt skilyrði þess, að þeir geti tekið próf, og eðlilegt skilyrði. Efnalitlir stúdentar nota sumrin venjulega til þess að vinna fyrir sér, þegar þeir fá atvinnu. Þeir reyna gjarnan að vinna af sér þessa skyldu að vetrinum til, jafnvel þótt það gangi að einhverju leyti út yfir kennslustundir. Það er náttúrlega ekki heppilegt, eins og yfirleitt fátæktin er ekki heppilegt fyrirkomulag í þjóðfélaginu, en þess hefur þó ekki orðið vart, að það kæmi að sök. En svo framarlega sem farið væri að setja þau ákvæði, sem 2. málsgr. í 2. gr. mundi heimila, að það væri skylda, að menn hefðu sótt ákveðinn fjölda af kennslustundum, þá yrði þetta miklu erfiðara, jafnvel ókleift fyrir suma. Það er auðvelt fyrir þá, sem eiga ríka að, að nota sumarið til þessara hluta, ef þeir þurfa ekki að vinna fyrir sér, en það er erfitt fyrir hina. Ég er þess vegna hræddur um, að það yrði ákaflega erfitt að framfylgja þessari 2. málsgr. hérna, þannig að hún kæmi ekki þyngst niður á þeim efnaminnstu.

Þá er enn fremur með 2. og 3. málsgr. gefin alveg ótvíræð heimild til þess að þyngja próf, svo framarlega sem menn hafa ekki sótt ákveðinn fjölda kennslustunda og notið tilskilinnar kennslu í íþróttum. Og þegar sótt er um heimild til þess að gera þetta og jafnvel í síðustu greininni fyrirskipað að gera strangari prófkröfur til slíkra stúdenta, þá virðist nú tilgangurinn vera sá að nota slíka heimild; m. ö. o., þeir stúdentar, sem hefðu orðið meira að lesa utan háskólans, eiga að ganga undir þyngra próf heldur en þeir, sem hafa haft efni til þess að vera hér við háskólann allan veturinn. Er þetta nú réttlátt, að fyrir utan þær lakari aðstæður, sem fátækir stúdentar utan af landi þannig fá, ef farið væri eftir orðanna hljóðan eða aðferðinni, þá skuli þeir þar að auki ganga undir þyngra próf? Ég held þetta sé rangt, og ég held það sé allra sízt rétt að fara að gera svona hlut á tímum, þegar verið er beinlínis að stefna að því að gera mönnum erfiðara fyrir að stunda háskólanám heldur en áður vegna þess efnahagsástands, sem verið er að skapa í þjóðfélaginu.

Mér þótti vænt um að heyra það, sem hv. 3. landsk. sagði viðvíkjandi íþróttunum. Ég held, að einmitt breytingin, sem þurfi að gera á 22. gr. og ég held að væri rétt að hv. menntmn. athugaði, það væri að fella aftan af henni seinasta hlutann af setningunni, þar sem segir: „þar á meðal, að hann hafi notið kennslu í íþróttum ekki skemur en 4 kennslumissiri.“ Ég held það væri sú eina breyting, sem ætti að gera í þetta skipti á þessum lögum, þegar þau ganga í gegn, og ég held það væri góð breyting.

Ef við hins vegar viljum fara að breyta háskólalögunum, — og þar vil ég einmitt minna á það, sem hv. 3. landsk. var mér alveg sammála um, — þá ættum við að gera ráðstafanir til þess að veita það miklu meiri styrki til háskólans, að það væri hægt að styrkja stúdenta til þess að geta stundað sitt nám hérna í Reykjavík án tillits til efnahags. Það er frumskilyrði fyrir því, að þjóðin geti fengið að hagnýta þá krafta, sem í henni búa, og ég held, að við ættum ekki að fara að samþykkja strangari kröfur til prófanna og meira aðhald fyrr en við hefðum þá að minnsta kosti breytt þessari aðstöðu, skapað þarna nýja aðstöðu fyrst, og það vil ég vona, að sú hv. nefnd, sem þetta fær til athugunar, íhugi gaumgæfilega.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð. — Þeim mun meir sem þessar umr. lengjast, þeim mun meir hissa verð ég eiginlega á þeim. Ég er næstum viss um, að ef við hefðum ekki núna svo óvenjulega og ágæta áheyrendur á pöllunum sem við höfum, þá mundu þessar umr. ekki hafa átt sér stað, vegna þess að rökin, sem flutt hafa verið fram af hv. 2. þm. Eyf. og 2. þm. Reykv., jafnsnjöllum og þingvönum mönnum, hafa satt að segja verið svo efnissnauð, að þau eru þeim ekki fyllilega samboðin. Þeir hafa talað hér í fljótræði, talað áður en þeir hugsuðu, og það er þeim aldrei til heilla né sóma. Það var ekki út í bláinn, þegar ég sagði um hv. 2. þm. Eyf., að hann mundi ekki hafa kynnt sér, hvað raunverulega stendur í frv. um íþróttaskylduna, því að hann andmælti frv. vegna íþróttaskyldunnar m. a., vegna þess að þar væri verið að herða á eða festa þær reglur, sem nú þegar giltu um íþróttaskylduna. Ef þm. hefur gert sér grein fyrir því, sem er, að í þessu frv. er verið að fella niður úr l. skyldu stúdenta til að stunda íþróttir, áður en þeir eiga að ganga undir próf, þá hefði þm. hlotið að nefna þetta. Það var óverjandi málflutningur af þm. að láta þess ekki getið, ef hann gerði sér grein fyrir, að þetta var efni frv. Nú kom það í ljós í seinni umr., að þm. hefur skilið, að þetta er efni frv. — Hann sagði, að námsferilsbækur mundu hafa verið teknar upp eftir minni tillögu á sínum tíma. Ég vil aðeins leiðrétta það. Þetta er alger misskilningur, ég hafði af því máli engin afskipti, átti ekki sæti í háskólaráði, þegar það mál var ákveðið.

Að síðustu vildi ég segja þetta aftur við hv. 2. þm. Reykv.: Það er alger misskilningur, að nú með þessu frv., þótt samþ. yrði, sé verið að skylda nokkurn til þess að sækja ákveðna tíma í háskólanum. Það er misskilningur, og þar er

meginmisskilningurinn. Það er ekki verið að skylda neinn til þess að sækja nokkurn tíma umfram það, sem verið hefur. Eftir sem áður mega stúdentar láta vera að sækja alla tíma, með fáum undantekningum, ef þeim sýnist svo. En það eina, sem er nýtt, er það, að það verður heimilt að prófa þá stúdenta, sem það gera ekki, með nokkuð öðrum hætti en hina, sem það gera. Og ég satt að segja sé ekki, að ástæða sé til þess að eyða mörgum klukkutímum hér á hv. Alþ. til að deila um það, hvort það geti komið til greina að prófa þá aðila með nokkuð ólíkum hætti, sem stundað hafa reglulegt nám innan veggja háskólans, og hina, sem hafa kannske aldrei komið þangað. Eftir sem áður mun háskólinn taka við stúdentum til prófs, t. d. í lögfræði, þótt þeir hafi svo að segja aldrei í háskólann komið. Eftir sem áður munu þeir geta tekið þar próf og fengið sömu réttindi og þeir, sem hafa stundað reglulegt nám. En hitt er annað mál, — og það endurtek ég, — að ég sé ekki ósanngirnina í því, að slíkan mann, sem hefur kannske aldrei sézt í háskólanum og kennararnir þekkja ekki, hafi þeir heimild til að spyrja ýmsum öðrum spurningum en menn, sem þeir þrautþekkja af daglegum samvistum eftir 5 ár. Ég vil einnig segja það aftur, að ég tel, að háskólakennarar og háskólaráð hafi þegar þessa heimild, ef þeir vildu nota hana. Háskólinn gæti nú þegar breytt prófum frá því, sem nú gildir. En hvað mundu þessir hv. þm. segja, ef háskólinn breytti þessum kröfum þannig, að hann segði: Sams konar próf og nú gilda skulu gilda fyrir þá, sem ekki hafa stundað nám í háskólanum; aftur á móti skulu prófin vera léttari fyrir þá, sem sótt hafa tíma samkvæmt fyrir fram ákveðnum reglum, við skulum segja t. d. annan hvern tíma á öllum námstímanum? — Það er það, sem hér er verið að leggja til. Það er að ræða málið algerlega á röngum forsendum að tala í þessu sambandi um annaðhvort skyldur til að sækja ákveðna tíma, sem ekki er um að ræða, og það er líka rangt að ræða um málið á þeim grundvelli, að það eigi að þyngja próf utanskólamannanna eða þeirra manna, sem ekki hafa verið í háskólanum. Við getum alveg eins talað þannig um það, að það kæmi til greina að létta próf hinna. Aðalatriðið er að gera nokkurn mun á prófum. Það er það, sem er mergurinn málsins, og þannig á að ræða málið, ef á að ræða það af skynsemi einvörðungu.

Magnús Jónsson: Það eru aðeins örfá orð, vegna þess að ég álít það nauðsynlegt með hliðsjón af því, að þetta á að takast til athugunar í nefnd, og þar sem 3. landsk. hefur hér viðhaft ummæli, sem hljóta að geta valdið misskilningi, ef þau verða tekin trúanleg af nefndinni. Hann segir, að ég hafi alls ekki skilið þetta frv. og viti ekki, hvað í því felst, og nú er hann kominn að þeirri niðurstöðu, að í því felist aðeins það að fella niður íþróttaskylduna. Það var það, sem hv. þm. sagði, að hér væri blátt áfram verið að fella niður íþróttaskylduna. Ég vil aðeins benda á það, að það stendur í niðurlagi 2. mgr.: „að hann hafi notið tilskilinnar kennslu í íþróttum“ — og það hlýtur að verða með öllum almennum lögskýringum, — það er engin leið fyrir hv. 3. landsk. að komast fram hjá því, — að vera gengið þar út frá, að það hafi verið einhver ákvæði um það, að nemandinn ætti að stunda nám í íþróttum. — Þetta er aðeins til leiðréttingar.

Þá heldur hv. þm. því fram, að í þessu frv. felist engin takmörk, það geti allir stundað sitt nám eftir sem áður, og það sé aðeins um það að ræða að veita prófessorunum heimild til að spyrja þyngra en aðra þá menn, sem koma að prófborði og þeir ekki þekkja, en kunna að hafa verið utanskólamenn. Það stendur nú í síðustu málsgr. til leiðbeiningar fyrir hv. þm., að það er ekki einungis heimilt, heldur er skylt að gera það. Þannig rekur sig eitt á annars horn hjá hv. þm. um þetta efni, þegar hann talar um það í öðru orðinu, að það séu ekki sett nein takmörk í frv., en þó í hinu orðinu, að það sé alveg nauðsynlegt að fá þessi ákvæði til þess að koma í veg fyrir, að menn geti slugsað við nám.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég er hálfhissa á þessum þjósti, sem hv. 3. þm. landsk. hefur hér í frammi í sambandi við þetta. Hann segir, að það sé verið að leggja eitthvað skakkt út úr frv., þegar við tölum um, að það sé verið t. d. að skapa þyngri próf fyrir þá, sem hafi kannske að miklu leyti verið utanskóla, heldur en hina, sem hafa setið í skólanum. Það stendur hérna: „og skal þá gera strangari prófkröfur“ — og í grg. stendur: „að auka aðhald“. Það er ekki verið að tala um að gera þá linari prófkröfur til hinna, sem sækja kennslutímana. Ég skil bókstaflega ekki í þeim hugsunarhætti, sem einkennir ræðu hv. 3. landsk. í þessum efnum. Hann talar um, að það væri einhver goðgá, ef menn ættu að hafa sama rétt, þegar þeir ganga undir próf, ef menn hafa ekki sótt tímana hjá prófessorunum. Ég álít, að það eigi að vera jafnrétti í háskólanum, jafnrétti fyrir þann mann, sem prófessorinn ekki þekkir, og fyrir þann mann, sem hefur setið á skólabekknum hjá prófessornum allan tímann; jafnrétti fyrir þann mann, sem er of fátækur til þess að geta kostað sig hér í Reykjavík, og þann, sem á nógu ríka að til þess að geta verið hér allan tímann. Ég álít, að það eigi að vera algert jafnrétti í þessu, og ég álít, að það sé ekkert í núverandi háskólalögum, sem gefur mönnum rétt til þess að gera upp á milli þeirra, en það er verið að gera með þessu, það er meira að segja verið að gera það að skyldu. Þetta vildi ég bara biðja hv. 3. landsk. þm. að athuga. Það eru ekki prófessorarnir, sem eiga að vera þeir æðstu aðilar í þessu efni til þess að dæma, jafnvel þó að þeir þekki ekki manninn. Þá má gjarnan útskrifa menn, sem prófessorarnir þekkja ekki, ef þeir standa sig í þeim prófraunum og þeim kröfum, sem gerðar eru almennt til þeirra manna, sem útskrifaðir eru úr háskólanum. Ég vil bara minna á, hvert er verið að stefna með því að fara að mismuna á þennan hátt, eins og þarna er verið að stefna að. Það var fyrir 100 árum gefin út

bók hér á Íslandi, sem hét „Stafrófskver fyrir heldri manna börn", og mér sýnist verið að stefna að því að fara að gera háskólann meira að kennslubekkjum fyrir heldri manna börn úr Reykjavík, en útiloka þá, sem eru of fátækir til þess að geta verið hérna.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það er ekki verið að skerða jafnrétti stúdenta með þessu frv. Prófin eru núna miðuð við þá, sem kennararnir þekkja. Allar reglur, sem um prófin gilda, eru við það miðaðar, að verið sé að prófa stúdenta, sem stundað hafa nám innan veggja háskólans. Það, sem um er að ræða, er, hvort það á að halda áfram að láta próf, sem ætluð eru stúdentum, sem stundað hafa nám innan háskólans, einnig gilda fyrir þá, sem ekki hafa stundað nám innan hans. Ég tel þetta viðfangsefni algerlega óskylt spurningunni eða deilum um jafnrétti stúdenta.

Það, sem ég sagði um íþróttaskylduna út af ummælum hv. 2. þm. Eyf., var það eitt, að í frv. fælist, að lagaákvæði um íþróttanám væru felld niður. Eftir sem áður er gert ráð fyrir, að einhver ákvæði séu í reglugerð um þetta, en í því felst auðvitað, að það er hægt að draga úr þeim ákvæðum, sem nú gilda um íþróttaskyldu í 4 kennslumissiri. Að því leyti tel ég frv. vera mikla framför frá því, sem verið hefur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

5. Firmu og prókúruumboð.

Á 33. fundi í Nd., 2. des., var útbýtt:
Frv. til l. um firmu, skráningu þeirra og um prókúruumboð [175. mál] (stjfrv., A. 346).

Á 34. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 35. fundi í Nd., 5. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þeim tveimur ágætu fræðimönnum og dómurum, dr. Þórði Eyjólfssyni og Árna Tryggvasyni hæstaréttardómurum, sem fengið var það verkefni að endurskoða lögin um hlutafélög, var einnig falið að endurskoða lögin um firmu, skráningu þeirra og um prókúruumboð. Frv. þeirra í þessum efnum er nú tilbúið og hefur verið athugað af mér og atvmrn., ásamt nokkrum fleirum, og er hér lagt fyrir hv. þd.

Í frv. þessu eru ekki verulegar breyt. frá eldri lögum. Segja má, að eldri lög séu færð til betra horfs að formi. Nokkur ákvæði eru öðruvísi en áður var, en um meginbreyt. er naumast að ræða. Þess er þó að geta, að nýjar reglur eru um heiti firma og meiri takmörkum bundið en áður, með hverjum hætti firma, sem ber heiti ákveðins manns, geti haldið því, ef það kemur í hendur nýrra eigenda. Nokkrar aðrar slíkar breyt. eru í frv. Aðalbreyt. má segja að sé sú, að nú er ætlazt til þess, að skráningar á þessum firmum séu allar á einum stað, þ. e. hjá skráningarstjóra, sem hefur aðsetur hér í Reykjavík. Og eins og boðað var í frv. um hlutafélög, þá er ætlazt til þess, að félögin og firmun standi sjálf undir kostnaði við rekstur þess embættis, og eru í þessu frv. ákvæði, sem leggja gjald á aðila, til þess að þessari starfrækslu verði haldið uppi, og er það hliðstætt því, sem er t. d. um bifreiðaeftirlit og fleiri stofnanir. Tel ég, að sá kafli þessara laga sé í raun og veru veigamestur, og má segja, að hann sé í nánu sambandi við hlutafélagafrv., þannig að það frv. standist ekki, nema því aðeins að þessi lög, a. m. k. 7. kafli þeirra, séu einnig samþ.

Ég geri nú ráð fyrir og hef tjáð hv. n. það, að það sé ekki tímabært á þessu þingi að afgr. frv. um hlutafélög. Það er svo viðamikið mál og snertir marga aðila, að það er eðlilegt, að það sé nokkurn tíma til athugunar, bæði hjá Alþ. og þeim aðilum, sem hlut eiga að máli. Ég tel því æskilegast og hafði alltaf miðað við það, að hlutafélagafrv. yrði ekki afgr. á þessu þingi, heldur látið bíða til næsta þings, og álít, að sömu meðferð eigi að hafa á þessu frv. Ég ætlast ekki til þess, að það sé afgr. á þessu þingi, heldur lagt hér fram til sýnis, ef svo má segja, og athugunar, ásamt hlutafélagafrv. En að sjálfsögðu vil ég mælast til, að frv. gangi til 2. umr. og verði vísað til hv. allshn., sem hefur hitt frv. til meðferðar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

6. Skemmtanaskattur (stjfrv.).

Á 11. fundi í Ed., 20. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um skemmtanaskatt [86. mál] (stjfrv., A. 100).

Á 12. og 13. fundi í Ed., 21. og 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 14. fundi í Ed., 24. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Síðan sett voru fyrst l. um skemmtanaskatt,

hafa þau tekið miklum og margvíslegum breyt. Síðustu heildarl. um skemmtanaskatt eru frá 1927. Í l. frá 1947 er svo mælt, að þegar þau hafi öðlazt staðfestingu, skuli fella þau inn í meginmál l. frá 1927 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um skemmtanaskatt, rekstrarsjóð þjóðleikhúss, félagsheimilasjóð o. fl. — Þetta hefur ekki enn verið gert, enda var l. nr. 85 frá 1947 frestað stuttu síðar. En skemmtanaskattsl. frá 1927 voru að ýmsu leyti orðin úrelt og þurftu endurskoðunar við, og þess vegna var ákveðið, að endurskoðun skyldi fara fram. Skipaði menntmrn. nefnd til þess að endurskoða l., og það frv., sem hér liggur fyrir, er þær till., sem n. hefur lagt fram.

Helztu breyt., sem frv. gerir ráð fyrir frá gildandi l., eru þessar: Í fyrsta lagi, að gildissvið l. er stækkað með því að láta þau ná til kauptúna með 500 íbúum í stað 1500 íbúa. Þetta hefur n. talið sanngjarnt, vegna þess að mikill hluti skemmtanaskattsins rennur til félagsheimilabygginga úti um land. Í öðru lagi eru á flokkun hinna skattskyldu skemmtana gerðar smávægilegar breytingar. Skattur á dansskemmtunum hefur verið lækkaður nokkuð. Í þriðja lagi verða öll kvikmyndahús skattskyld, en nú eru nokkur kvikmyndahús í eigu bæjarfélaga undanþegin skattinum. Í fjórða lagi eru skemmtanir, sem haldnar eru til ágóða fyrir málefni, sem miða að almenningsheill, nú undanþegnar skatti. Í frv. er gert ráð fyrir, að ráðh. geti undanþegið slíkar skemmtanir þannig, að skatturinn reiknist einungis af kostnaði við skemmtunina, en ágóðinn verði skattfrjáls, sé honum varið til málefna í þágu almennings. Er þetta í samræmi við reglur, sem nú er búið að lögfesta í Danmörku og hafa þótt gefast vel, enda er með þeim girt fyrir, að almenningsheill sé notuð að yfirvarpi til þess að ná skattfríðindum í þessu sambandi. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir einfaldari innheimtu en verið hefur, t. d. að skatturinn verði reiknaður af heildaraðgangseyri í stað þess að hann er nú reiknaður af aðgangseyri að skatti frádregnum. Hefur þessi regla verið nýlega tekin upp bæði í Noregi og Danmörku.

Ég geri ráð fyrir, að sérstaklega tvær breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir, muni valda nokkurri deilu. Það er skattskylda þeirra kvikmyndahúsa, sem verið hafa skattfrjáls til þessa og eru í eigu bæjarfélaga, og hitt, að skattgreiðslan skuli ná til kauptúna, sem hafa 500 íbúa og fleiri, í stað þess að markið er nú 1500 íbúar. Hvorki menntmrn. né ríkisstj. í heild hafa tekið afstöðu til þessara eða annarra atriða frv., og þótti rétt að leggja það fyrir Alþ. eins og það kom frá n. Hafa því einstakir ráðherrar frjálsar hendur um þessi og önnur atriði frv.

Að lokinni þessari umr. legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og — ja, ég veit ekki, hvort það þykir rétt að setja það í menntmn. eða fjhn. — Ég legg til, að því verði vísað til menntmn.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Hefði till. verið uppi um það að vísa máli þessu til hv. fjhn., þá hefði ég ekki kvatt mér hljóðs, heldur gert mínar aths. við frv. í þeirri n., en úr því að till. liggur fyrir um að vísa því til menntmn., þá vil ég nú strax við 1. umr. lýsa mig andvígan nokkrum atriðum frv.

Þá er fyrst það, sem hæstv. menntmrh. ræddi dálítið um, breytingar á skattsviðinu frá því, sem áður var. Ég tel, að sú breyting, sem felst í 1. gr., um að færa skattsviðið til þeirra kauptúna og bæja, sem eru þó svo fámennir, að þar eru ekki nema 500 manns, sé óhæfa. Ég álít, að skattsviðið, eins og það var markað áður, sé sæmilega sanngjarnt. Þeir bæir og þorp, sem hafa færri en 1500 menn að íbúum, eiga yfirleitt mjög örðugt með að halda uppi sínu skemmtanalífi, og ég tel ekki sanngjarnt að skattleggja samkomur þar. Að vísu hafa þessir bæir og kauptún ýmis lagt á skemmtanaskatt til ágóða heima fyrir, en framkvæmd þeirrar skattálagningar hefur verið þannig, að ívilnað hefur verið jafnan þeim, sem kunnugleiki á staðnum hefur hverju sinni vitað að þyrftu ívilnunar við. Þeir staðir, sem eru svona fámennir, eru gagnvart hinum fjölmennari stöðum mjög líkt settir og unglingur, sem er á gelgjuskeiðinu, gagnvart fullorðnum manni. Unglingurinn hefur sínar þarfir og ekki minni en fullorðni maðurinn, en hann á örðugra með að svara til þeirra. Þessir fámennisstaðir þurfa á margan hátt að leitast við að halda sér til jafns við stærri staðina með ýmiss konar þægindi og líka um skemmtanir, og það er þeim erfitt verk iðulega. Það er haldið uppi á þessum fámennu stöðum með félagslegri fórn margs konar menningarlegri skemmtistarfsemi, eins og söngstarfsemi, íþróttastarfsemi, leikstarfsemi, og helzta ráðið til þess að afla fjár til þessarar starfsemi er að halda samkomur, sem þó eru svo fámennar, að tekjur af þeim geta ekki orðið á þá leið, að svari til þess, sem þyrfti að vera. Ég tel mjög ósanngjarnt að ætla þessum stöðum, sem þannig berjast fyrir góð málefni, og þeim fórnfúsu mönnum, sem fyrir þá eru að vinna, að greiða skatt í þennan almenna sjóð, tíundu hverja krónu eða meira af því, sem inn kemur.

Enn er á það að líta, að lögð er skattskylda samkv. þessu frv. á kvikmyndastarfsemi hreppa og bæjarfélaga, þessi smáu bæjarfélög og kauptún, sem sum hafa komið upp hjá sér kvikmyndastarfsemi til þess að fullnægja kröfu, sem almennt er farið að gera af fólki um þessa ódýru og á ýmsan hátt þægilegu skemmtun, kvikmyndasýningarnar. En reksturinn ber sig illa, og við bætist svo hjá bæjarfélögunum, að krafa er gerð til þeirra að vanda meira til mynda vegna menningar heldur en einstaklingarnir gera yfirleitt, sem þessi fyrirtæki reka. Ég tel alveg fráleitt að leggja þennan skatt á hreppa og bæjarfélög, sem halda uppi þessari starfsemi og reka hana, þótt fjárhagslega óhagkvæmt sé, sem menningarstarfsemi með myndavali, — leggja á þau svo mikinn skatt, að 30% verði að skila.

Þjóðleikhúsið er ágæt stofnun, en ég tel þó ekki rétt að skattleggja fámennið til þeirrar stofnunar eins mikið og hér er gert. Ég get vel

hugsað mér, að kvikmyndastarfsemin hreint og beint þoli ekki það að eiga að skila nálega þriðjungi að heiman í skatt, eins og hér er gert ráð fyrir, og verði víða lögð niður.

Ýmis fleiri atriði eru, sem ég tel ástæðu til að gagnrýnd séu í þessu frv., eins og það liggur fyrir, en þetta eru þó aðalatriðin, sem ég vildi vekja máls á og biðja hv. menntmn. að taka til sérstakrar athugunar. — Ég get líka aðeins nefnt það, að þegar talað er um það hér í 5. gr., að undanþegnar öllum skemmtanaskatti séu tilteknar skemmtanir, þá eru taldar með innanfélagsskemmtanir, aðrar en dans, sem aðeins eru fyrir félagsmenn. Á öðrum stað er gert ráð fyrir því, að sé skattskyld skemmtun einhver hluti skattfrjálsrar skemmtunar, einhver þáttur í skattfrjálsri skemmtun, þá skuli skemmtunin öll skattlögð. Nú er það svo, að innanfélagsskemmtanir eru oft á þá leið, að handhægt er að hafa dans. Hann er svo almenn skemmtun. Nefni ég þar til ungmennafélög, stúkufélög o. s. frv. Tel ég óréttmætt að skattleggja þær skemmtanir, þótt stiginn sé dans stundarkorn.

Við sumu af þessu, sem ég hef sagt, má kannske segja það, að gert sé ráð fyrir því, að reglugerð sé út gefin og ívilnað sé þeim skemmtunum, sem miða að almenningsheill. En ég tel það alls ekki fullnægjandi, þó að ráðuneytið gefi út slíka allsherjar reglugerð, og alls ekki sambærilegt fyrirkomulag við það, sem nú gildir á fámennu stöðunum, þar sem skemmtanaskattur er tekinn til heimaþarfa, af því að þar er kunnugleikinn með. Þar er hægt að taka tillit til alls og alls, en reglugerðarákvæðin hljóta alltaf að verða nokkuð stjúpmóðurleg í þessu sambandi.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það fór fyrir mér eins og hv. þm. S-Þ., að ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls um þetta mál við 1. umr. og er því ekki eins undirbúinn undir að ræða málið eins og ég hefði viljað, vegna þess að ég bjóst við, að þetta mál færi í fjhn., þar sem ég á sæti.

Hæstv. ráðh. var nú í mjög miklum vafa, hvert hann átti að senda málið, en fékk aðstoð frá hæstv. fjmrh. En ef athugað er sérstaklega ákvæði til bráðabirgða í frv., þá er alveg sýnilegt, að málið á heima í fjhn., en ekki í menntmn., en ég skal þó ekki deila frekar um það atriði. Það er síður en svo, að ég á nokkurn hátt vantreysti hv. menntmn. til þess að fara vel og rækilega með þetta mál, enda eiga þar sumir hverjir sæti, sem einnig eiga sæti í fjhn. En ég vildi benda á í sambandi við þetta mál þegar á þessu stigi, að mér finnst ákaflega einkennilegt, að meginatriði málsins eru sett í bráðabirgðaákvæði, sem aðeins eiga að gilda um stundarsakir, en það er að afla þjóðleikhúsinu tekna til þess sumpart að standa undir rekstri þess og sumpart til þess að standa undir byggingarkostnaði, sem enn er ógreiddur. Þetta er alveg sýnilegt. Og það á út af fyrir sig ekkert skylt við hitt atriðið, hvaða skemmtanaskattur er lagður á þjóðina og hvernig honum er skipt að öðru leyti. Það hefði verið mjög æskilegt, að hæstv. ríkisstj. hefði borið fram alveg sérstakt frv. um þetta mál og þá látið fylgja því miklu lengri og skýrari grg. heldur en hæstv. ráðh. gerði hér áðan, því að hann kom ekki nálægt þessu atriði málsins, sem er þó kjarni frv. Það hefði t. d. verið ákaflega æskilegt, að við hefðum fengið að vita um ýmislegt í starfrækslu þjóðleikhússins, m. a. í sambandi við þær deilur, sem eru alltaf að rísa þar upp, sitt hvað um ósamkomulagið, sem er innan stofnunarinnar. Einnig hefði verið æskilegt að fá að vita um, hver er fjárhagurinn raunverulega. Það hefði átt að koma þá fram hér í athugasemdum með lagafrv., hverjar eru raunverulegar tekjur þjóðleikhússins, hver er halli þjóðleikhússins og hvort ekki sé hægt að gera þar einhverjar endurbætur á aðrar en að leggja byrðina á þá þegna þjóðfélagsins, sem verða að greiða skemmtanaskatt, einnig þá, sem aldrei koma í þjóðleikhúsið. En nálægt þessu er ekki komið hér og engar upplýsingar um það. Ég vil því vænta þess af hv. menntmn., að hún fái allar þessar upplýsingar í sambandi við rekstur þjóðleikhússins, tekjur þess, skuldir þess og fjárþörf, og einnig nokkrar upplýsingar um, á hvaða stigi standa þau deiluatriði, sem nú eru þar efst á baugi, og láti þetta allt í nefndarálit, svo að hv. Alþ. fái að vita um, hvernig sú stofnun er rekin.

Ég vil enn fremur benda á, að ég er algerlega andvígur því, að íbúatalan sé færð niður eins og gert er í 1. gr. Hv. þm. S-Þ. hefur fært fyrir því allsterk rök, og í þessu er engin sanngirni gagnvart því fólki, sem býr við þau kjör á landinu, þar sem svo að segja útilokaðar eru allar skemmtanir, sem talizt geta menningarskemmtanir. Ég þekki sjálfur persónulega, hversu erfitt er fyrir þessi smáþorp t. d. að halda uppi kvikmyndasýningum. Þau geta ekki einu sinni haft ráð á því að fá beztu kvikmyndir til sín. Kostnaðurinn allur er slíkur, að sýningarnar geta ekki borið sig undir neinum kringumstæðum, þótt enginn skemmtanaskattur sé, og hafa oft orðið að standa undir þessu annaðhvort áhugamenn í þorpunum eða sveitarsjóðirnir sjálfir, til þess að geta haldið þessu uppi. Hér er því beinlínis verið að leggja einn stein í þá byggingu að flytja fólkið í burtu frá landsbyggðinni til kaupstaðanna og þá helzt til Reykjavíkur, og ég vil mjög biðja hv. menntmn. að athuga þetta mál vel. Þar sem farið er að taka skemmtanaskatt í sambandi við sýningar á þessum stöðum, þá hygg ég, að það sé alveg undantekningarlaust, að það sé til þess að hlúa að öðrum menningarmálum í sömu sveit eða í héraðinu, og það væri enn verið að rýra möguleika þessa fólks til þess að hlúa að þeim málum, ef ætti að fara að taka þetta af þeim og láta það renna í ríkissjóð.

Ég tók eftir því, að hæstv. ráðh. sagði, að hvorki hann, hans ráðuneyti né ríkisstj. í heild hefði tekið raunverulega neina afstöðu til þessa máls. Ég vildi nú óska þess, að hv. menntmn. tæki hæstv. ríkisstj. og hæstv. menntmrh. sér til fyrirmyndar og gerði það aldrei upp við sig, hvaða afstöðu hún tæki til þessa frv., og léti

það þar af leiðandi ekki koma fram aftur úr nefndinni. Það væri í samræmi við það, sem hæstv. ráðh. hefur upplýst hér, og það væri áreiðanlega í samræmi við vilja margra þeirra manna, sem búa úti á landsbyggðinni og munu mótmæla því algerlega að láta skerða þann rétt, sem þeir hafa í sambandi við þessi mál.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Ég ætla nú ekki á þessu stigi málsins að fara að deila við hv. þm. Barð. né aðra hv. þm. um einstök atriði frv. Mér finnst það óviðurkvæmilegt, að hann sé að skora á þá nefnd, sem tekur við frv., að afgreiða það ekki. Það er vægast sagt heldur óþingleg framkoma. Ef þingið er á móti þessum till., sem þarna koma fram, þá er því að sjálfsögðu innan handar að fella frv. eða breyta því í það horf, sem það telur rétt vera. Hins vegar, eins og ég gat um í framsöguræðunni, hafa verið gerðar mjög miklar breytingar á þessum lögum, og eru líklega fá lög, sem hafa verið undirseld jafnmiklum og tíðum breytingum. Þess vegna er ekki að ástæðulausu, að lögin eru tekin upp í heild, hvernig sem þingið kann að ákveða að þau verði afgreidd. Það er allt annað mál.

Hv. þm. sagði, að bráðabirgðaákvæðið í lögunum væri aðalkjarni málsins, og ég hefði ekki minnzt á þetta atriði, sem hann kallar aðalkjarna málsins. Ég veit, að hv. þingmanni er það ljóst, að öll þau ákvæði, sem eru í þessu bráðabirgðaákvæði, eru nú í lögum, og þau eru sett þarna til þess að þau séu þar, sem þau eiga heima, þ. e. a. s. í lögum um skemmtanaskatt. Þau eiga hvergi annars staðar heima. Það var talið eðlilegt, að þau ákvæði, sem þar eru til bráðabirgða, væru tekin saman á einn stað við endurskoðun laganna.

Rekstur þjóðleikhússins og deilur innan þeirrar stofnunar get ég varla skilið, að geti verið þessu frv. viðkomandi.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla, að þetta sé annað frv., sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fyrir þessa hv. deild og jafnframt látið fylgja það með, að ríkisstj. og einstakir ráðherrar hafi ekki tekið afstöðu til stjórnarfrv. sjálfs. Þetta má heita nýr siður hjá Alþ., ætla ég, eða nýlegur a. m. k. og varla til bóta, verð ég nú að segja, því þegar hæstv. ríkisstj. leggur fyrir Alþ. frv., þá er það minnsta, sem hægt er að ætlast til af henni, að hún sjálf sé þá, þegar hún leggur frv. fyrir þingið, búin að skapa sér skoðun um málið. Ég verð að segja, að það er ákaflega undarlegt athæfi að leggja fyrir Alþ. frv., sem ríkisstj. svo ætlar að snúast á móti.

Úr því að farið er að ræða þetta mál, þá eru nokkur atriði, sem ég gjarnan vildi fá upplýst, áður en málið fer til nefndar, ef það er á færi hæstv. ráðherra.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að sviðið, sem skemmtanaskatturinn nær til, verði útvíkkað þannig, að það nái til allra kauptúna og þorpa, sem hafa 500 íbúa eða fleiri, en er 1500 samkvæmt gildandi lögum. Þessu hefur verið andmælt af hv. þm. S-Þ. og ég ætla hv. þm. Barð. En mér er spurn, ef farið er að færa þetta mark niður, sem ég tel nú að ýmislegt mæli með, hvers vegna sé þá verið að undanþiggja aðra hluta landsins. Mér finnst langeðlilegast, ef skemmtanaskattur á annað borð er á lagður, að hann gildi hvar sem er á landinu. Ég fæ ekki séð, hver eðlismunur er á því að halda skemmtanir í hagnaðarskyni í sveitum, í þorpum með 500 íbúa eða þorpum eða kaupstað með yfir 1500 íbúa. Nú á síðari árum hafa m. a. vegna þess fjárstyrks, sem ríkissjóður veitti til þess, risið upp félagsheimili mjög víða um land og eru óðum að rísa upp. Í þessum félagsheimilum er rekin mjög fjölþætt skemmtanastarfsemi, í ýmsum tilfellum í hagnaðarskyni, þótt oft sé það til þess að safna fé í ákveðnu augnamiði. Þangað sækir ekki einasta fólk úr sveitinni, sem félagsheimilið er í, heldur gjarnan úr þeim kaupstöðum, sem nærri liggja, ef þau eru ekki mjög langt þaðan og jafnvel þótt nokkuð langt sé. Ég sé engan eðlismun á þessum skemmtunum og skemmtunum í þorpum og kaupstöðum og því enga ástæðu til þess að undanþiggja þær hér, ekki sízt með tilliti til þess, að mjög mikill hluti af þessum skatti er ætlazt til að renni einmitt út í sveitir landsins til byggingar félagsheimila og annars slíks. Þessi stefna, sem gengur eins og rauður þráður í gegnum ýmis frv. ríkisstj., að mismuna mönnum í öllu mögulegu tilliti eftir því, hvort þeir eru búsettir í sveit eða kaupstað eða þorpi, er að minni hyggju alveg fráleit. Það er að sjálfsögðu eðli skemmtananna, tilgangur með fjársöfnuninni og skemmtanahaldinu, sem á að ráða því, hvort skattur er lagður á þetta eða ekki, en ekki hvort skemmtunin er haldin uppi í sveit, í kaupstað eða kauptúni.

Þá verð ég að segja, að úr því að nú á annað borð er farið að endurskoða þessi lög og steypa þeim saman í eina heild, sem var full nauðsyn, — ég skal fallast á það með hæstv. menntmrh., — þá þykir mér furðulegt, að ekki skuli litið á það, sem mest kallar að, og það er að minni hyggju alveg tvímælalaust að greiða upp skuldir þjóðleikhússins. Ég vildi mega vænta þess, ef hæstv. ráðh. hefur ekki hér við höndina skýrslu um skuldir þjóðleikhússins, að þá verði þeirri nefnd, sem fær málið til meðferðar, látin hún í té. Ég álít, að ef verið er að breyta skemmtanaskattslögunum nú, þá liggi næst, áður en ráðizt er í miklu meira, þó að það verði þá að spara aðra liði, sem hér er ætlazt til að lagt verði fé til, að koma því nokkurn veginn á réttan kjöl. Það er vitað, að mikið af óreiðuskuldum hefur verið að safnast á þjóðleikhússbygginguna. Sumu af því hefur verið komið í lán til nokkurra ára, en enginn vafi er á því, að starfsemi þjóðleikhússins væri mestur léttir í því og að vissu leyti hag ríkissjóðs og þjóðleikhússtofnunarinnar í heild sinni, að hægt væri að gera þetta upp hið allra fyrsta, þó að þá yrði að fresta framlögum til annarra framkvæmda, meðan væri verið að ljúka þessum sjálfsögðu greiðslum.

Loks vildi ég svo, til þess að gera ekki mál mitt of langt við þessa umr., benda á, að mér

finnst fjarri öllum sanni að upphefja það skattfrelsi, sem bæjarbíóin nú hafa eða kvikmyndahús, sem rekin eru af bæjarfélögum, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Undantekningarlaust, þar sem bæjarfélögin hafa slíka starfsemi með höndum, er fénu varið til einhverra nytjaframkvæmda, sums staðar til þess að standa undir sjúkrahúsum og sjúkrahúsarekstri, sums staðar til annarra menningarframkvæmda, eins og kunnugt er. Að ætla sér að fara að skattleggja þessa starfsemi hjá bæjarfélögunum er því fjarri allri skynsemi, ekki sízt þegar litið er til þess, að heimild er í þessu frv. til þess að undanþiggja skatti þær skemmtanir, sem eru til fjársöfnunar í ákveðnu skyni til mannúðar- og menningarstarfsemi. Því virðist mér alveg sjálfsagt, að slíkt hið sama gildi um kvikmyndarekstur bæjarfélaganna, og því sé fráleitt að breyta frá því, sem nú er í því efni.

Ég skal láta þetta nægja við þessa umr. málsins, en vildi vænta, ef hæstv. ráðh. getur ekki veitt þessar upplýsingar nú, áður en málið fer til nefndar, að þá léti hann nefndinni þær í té.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Vegna þess að hv. 4. þm. Reykv., er síðast talaði, skaut ör að mér eða út af ummælum, sem ég lét hér falla, þegar áfengislagafrv. var lagt fram, þar sem ég lýsti því yfir, að ég og ríkisstj. hefðum ekki tekið afstöðu til einstakra atriða frv., og taldi slíkt í senn vera nýmæli, að slík yfirlýsing kæmi fram, og sízt til bóta, þá vil ég segja örfá orð.

Ég held, að það sé auðvelt að sanna, að hér er ekki um neitt nýmæli að ræða, að frv. séu flutt án þess, að flm., hvort sem það er ríkisstjórn eða aðrir, bindi sig við öll einstök atriði þeirra. Þetta er daglegt atriði, t. d. ef nefnd flytur frv. eftir beiðni annarra, að slík yfirlýsing fylgi. Um stjórnarfrumvörp stendur mjög mismunandi á, eins og enginn ætti að vita betur en þessi hv. þm. Sum stjórnarfrv. eru beinlínis útbúin í stjórnardeildum, samin undir yfirstjórn og umsjá ráðherra, sem hlut á að máli, og er þar um að ræða annaðhvort hans eigin tillögur eða till., sem hann tekur ábyrgð á. Ef frumvörp aftur á móti eru samin af nefndum, hvort sem um er að ræða milliþn. eða stjórnskipaðar nefndir, þar sem ýmsir aðilar eiga hlut að með mismunandi skoðanir, þá er engin von, að ríkisstj. geti skuldbundið sig til þess að fylgja frv. eins og þau liggja fyrir í öllum einstökum atriðum. Hitt er ljóst, að stjórnin eða einstakur ráðherra tekur frv. ekki til flutnings, nema því aðeins að hann að meginstefnu til telji frv. til bóta. Ég lýsti því yfir varðandi áfengislagafrv., að ég teldi frv. að meginstefnu til bóta, þó að ég vildi ekki binda mig við öll einstök atriði frv., alveg eins og hæstv. menntmrh. lýsti um það frv., sem hér liggur fyrir, að hann teldi það að meginstefnu til bóta, þótt hann vildi ekki binda sig við öll atriði frv., sem er samið af nefnd. Það er aftur á móti ljóst, að ef ráðherra — og það er auðvitað hugsanlegt — færi að krukka í slík frv., sem samin eru af nefnd, þá mundi nefndin telja verk sitt vera falsað og gallað og koma fram með allt öðrum hætti en hún ætlaðist til. En úr því að sérstakir aðilar ýmiss staðar frá hafa verið fengnir til þess að semja frv., þá er það sjálfsagt og eðlilegt, að frumvörpin í þeirra mynd séu lögð fram, auðvitað að því áskildu, að menn geti fellt sig við meginstefnuna, sem þar kemur fram. Þetta er ekkert nýmæli. Þannig hygg ég að það hafi ætíð verið um öll stjfrv., sem lögð hafa verið fram og samin af nefndum. Ég efast um, að það sé eitt einasta dæmi þess um slíkt frv., að stjórn hafi viljað binda sig að öllu leyti við það, sem nefndir leggja til, þó að stjórnirnar hafi tekið frv. til flutnings. Hvort þetta hefur ætíð verið tekið fram eða ekki, skal ég ekki segja, það fer mjög eftir atvikum. Ástæðan til þess, að ég tók þetta fram um áfengislagafrv., var eitt tiltekið atriði, sem ég hafði beinlínis orð á að ég væri ósamþykkur. Það geta verið fleiri minni háttar atriði, sem eins stendur á um. Slíkur háttur er langtíðkaður og sízt af öllu ástæða til þess að fara að finna að því hér með mikilli vandlætingu, þótt þessi háttur sé hafður á eða þessi orð viðhöfð af ríkisstjórninni.

Mér finnst það sannast sagt líka koma úr hörðustu átt, að hv. þm. skuli fara að ávíta núverandi ríkisstj. fyrir það, að það sé nú verið að gera upp á milli manna, hvort þeir byggi fjölbyggða staði eða fámenna, eins og það sé einhver sérstök nýtízkuleg stefna í stjórnmálum. Hér er einmitt í þessu frv. verið að draga úr þeim mun, og það eru tveir þingmenn, sem rísa upp og gagnrýna það, en að meginstefnu til hefur þessi munur — að því er mér skilst, ég hef ekki athugað það til hlítar, og leiðrétti þá þeir, sem betur vita — verið alla tíð, sem þessi lög hafa verið í gildi, frá 1927, þannig að þessi atriði laganna voru m. a. í gildi samkv. því allan þann tíma, sem hv. þm. lofsamlegrar minningar var menntmrh. Aldrei heyrðu menn þá, þegar hann átti að bera ábyrgðina, að hann hefði áhuga eða sýndi minnstu viðleitni til þess að fá þessu breytt. Svo rís hann upp hér núna og fer að ávíta núverandi stjórn fyrir það, að hún taki upp einhvern nýjan sið í þessu.

Hitt er annað mál, að það er nýmæli í þessu frv., sem ég kann mjög vel og þakka þeim, sem þar eiga upphaf að, að leggja til, að atvinnufyrirtæki bæjarfélaga séu sköttuð á sama veg eins og atvinnufyrirtæki einstaklinga. Það er ekkert vit í öðru, sannast sagt, og hefur allt of lengi viðgengizt, að bæjarfélög gætu tekið undir sig ýmiss konar atvinnurekstur, sem einstaklingar hafa rekið, og síðan hælast forgöngumenn bæjarrekstrar um yfir því, hversu hann gangi vel, þegar eini munurinn liggur í því, að annar er skattfrjáls, en hinn verður að standa undir þungum sköttum. Því aðeins fæst eðlilegur samanburður og eðlileg samkeppni í slíka starfrækslu, að báðir aðilar séu látnir lúta sömu reglum um skattgreiðslu. Þótt hér sé aðeins um smávægilega leiðréttingu í því efni að ræða, þá kann ég henni mjög vel og þakka þeim, sem þar eiga upphafið að.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. taldi nauðsynlegt að benda hæstv. forseta á það, að það hefði verið mjög óþinglegt af mér að benda hv. menntmn. á að fylgja dæmi hæstv. ráðh. um að taka enga afstöðu til málsins. En hann gaf nú sjálfur alveg tilefni til þess. Hann lýsti því yfir hér í sinni ræðu, að hann hefði sjálfur ekki tekið neina afstöðu til þessa máls og þá ekki heldur meðráðh. hans í ríkisstj. Ég gat nú vel skilið það, að meðráðh. hans tækju ekki afstöðu til málsins. Þeir hafa kannske ekki haft tækifæri til þess að rannsaka afleiðingarnar af því frv., sem hér er á ferðinni, enda heyrir það fyrst og fremst undir hæstv. menntmrh. En að hann sjálfur skuli ekki hafa tekið afstöðu til málsins, skil ég nú miklu miður, og var að sjálfsögðu undirstrikun á því, að málið væri þá hvorki mjög aðkallandi né heldur mjög mikilsvert, því að svo vel þekki ég hæstv. ráðh. og hans samvizkusemi í stjórnarathöfnum, að hann mundi ekki hafa látið þessi orð falla, ef hann hefði verið búinn að fullvissa sig um það, að málið væri mjög mikils virði og nauðsynlegt, að það næði fram að ganga.

Það var nú ekki upplýst fyrr en nú hjá hæstv. dómsmrh., að þetta mál hefði verið samið af *nefnd. Ég sé, að það stendur hér í aths.*, að rn. ákvað að láta fara fram endurskoðun á skemmtanaskattslöggjöfinni í heild. Það segir ekkert um það, að til þess hafi verið valin einhver sérstök nefnd, heldur að þetta hafi verið gert á skrifstofu ráðuneytisins. En úr því að nú er farið að tala um það hér, þá þætti mér það ekkert óeðlilegt, að hv. menntmn. fengi upplýsingar um það, áður en málið kemur hér til 2. umr., hvað hefur kostað að semja þetta frv. Hvað hefur það kostað, og hvað hefur verið greitt fyrir það úr ríkissjóði? Það er ekkert ófróðlegt fyrir okkur, sem stöndum í því daglega hér að reyna að klístra saman fjárlögum, að fá að vita um, hvað slíkur frumburður kostar ríkissjóðinn eins og þetta mál, sem hér er. Vildi ég gjarnan óska eftir því, að annaðhvort hæstv. ráðh. upplýsti það eða hv. *nefnd upplýsti* það áður en málið kemur til 2. umr.

En svo að ég snúi mér aftur að kjarna málsins, sem hæstv. ráðh. vildi ekki ræða um, og það er rekstur þjóðleikhússins, þá á ég bara ómögulegt með að skilja það, að rekstur þjóðleikhússins komi ekki þessu máli við eða hann sé þessu máli óviðkomandi, eins og hæstv. ráðh. sagði. Málið er þó borið fram til þess að reyna að tryggja áframhaldandi rekstur þjóðleikhússins annars vegar og til þess að greiða þær áhvílandi skuldir, sem hvíla á byggingunni, hins vegar. Þetta eru hyrningarsteinarnir undir þessu máli. Og svo leyfir hæstv. ráðh. sér að segja, að þetta mál sé rekstri þjóðleikhússins alveg óviðkomandi.

Nú vil ég í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að í fyrra var ákveðið, að það skyldi taka ágóða af viðtækjaverzluninni og láta hann ekki renna beint í ríkissjóðinn og ekki heldur til útvarpsins, heldur til þess að nota í rekstur þjóðleikhússins eða til að greiða með áhvílandi skuldir í sambandi við bygginguna. Nú á að kippa þessum tekjustofni burt frá þjóðleikhúsinu með þessari löggjöf. Og þó kemur þessi löggjöf ekkert þjóðleikhúsinu við, þó að það séu teknar af því 500 eða 600 þús. kr. með þessu frv., ef að lögum verður. Ég held nú ekki einasta, að hæstv. ráðh. sé áhugalítill um þetta mál, heldur held ég, að hann sé svo áhugalítill, að hann hafi bara alls ekki lesið frv. Nú, þetta, að þessi hundruð þúsunda hafa verið tekin frá útvarpinu, hefur orsakað sífelld klögumál á fjárveitingavaldið og fjvn. og verið fullyrt af útvarpsstjóra, að það hafi orðið til þess, að það verði raunverulega að loka útvarpinu, ef ekki komi eitthvað annað í staðinn. Þó er nú ekki gert ráð fyrir því í þessu frv., að það eigi að renna í sinn fyrri farveg.

Í sambandi við þessi mál hefur einnig verið upplýst, að á næsta ári þarf ríkisútvarpið 1660 þús. kr. aðeins í dagskrána, hvar af áætlað er, að 800 þús. fari til þess að hella yfir þjóðina þeim hljómleikum, sem fluttir eru af plötum í útvarpinu. Og af þeim 800 þús. kr. fari svo 500 þús. kr. a. m. k. í sinfóníuhljómsveit, sem enn þá hangir í lausu lofti, enginn ber ábyrgð á, enginn veit, hvað kostar, og enginn veit, hver stjórnar. Það má segja, að þetta komi ekki *mikið þessu máli* við, en það kemur þó sannarlega þessu máli við, þegar litið er á ákvæðið til bráðabirgða. Nú hefur fjvn. mjög óskað eftir því að fá upplýsingar um það, hvað þessi fljúgandi stofnun kostar ríkissjóðinn eða ríkisstofnanir. Við höfum m. a. óskað eftir því, því að nokkru heyrir þetta undir hæstv. menntmrh., að fá að sjá tekjur og gjöld þessarar ágætu stofnunar. Hæstv. ráðh. hefur vísað okkur á annan ágætan hv. þm. hér, sem hafði verið falið að rannsaka þetta mál. Ég hef fengið það svar frá honum, að hann geti ekki fengið neinar upplýsingar frá stofnuninni um það, hvorki um bókhald, útgjöld né tekjur. Og þó er þetta stofnun eða fyrirtæki, sem tekur a. m. k. 500 þús. kr. út úr einni stofnun ríkisins, þ. e. útvarpinu. Og mér skilst, að það sé ætlazt til þess, að hún taki allmikla upphæð, kannske aðra *eins upphæð, út úr þeim tekjum, sem* koma inn samkv. þessu frv. Ég vil því til viðbótar því, sem ég hef sagt áður, mjög mælast til þess, að áður en þetta frv. er afgr. til 2. umr., þá verði einnig leitað upplýsinga um það, hvernig hagur þessarar stofnunar er eða þessa fyrirtækis og hvað það á raunverulega að fá mikið af þeim tekjum, sem hér er um að ræða, og hvað mikið ætti þá að renna af því til sinfóníuhljómsveitarinnar. Ég hafði hugsað mér að spara þessa umr. hér, af því að ég hélt, satt að segja, að hæstv. ráðh. mundi senda þetta mál til þeirrar nefndar, sem raunverulega ber að athuga þetta, þ. e. fjhn. En úr því að þetta er ekki gert, þá er eðlilegt, að þessar fyrirspurnir komi hér fram.

Ég skal einnig benda á í sambandi við þær ádeilur, sem hafa komið til fjvn. og alveg sérstaklega á mig sem formann nefndarinnar, og það nú alveg nýlega, að fyrir áhrif frá mér sé verið að leggja útvarpið fjárhagslega í rúst með því að taka frá því þær tekjur, sem hafa komið frá viðtækjaverzluninni, að það sé því

verkefni fyrir nefndina að rannsaka, hvort þessar ádeilur séu réttar, því að ef svo er, þá er sjálfsagt að vera ekki að láta þennan tekjustofn renna til ríkisins, eins og ætlazt er til með þessum lögum, heldur fara aftur í sinn gamla farveg. En ástæðurnar fyrir því, að ég hef beitt mér fyrir því, að þetta væri tekið af útvarpinu, eru í meginatriðum tvær. Önnur er sú, að þegar þetta var ákveðið í upphafi, þá hafði útvarpið ákaflega fáa notendur og mjög litlar tekjur. Það var ákaflega eðlilegt, að það væri hjálpað til þess að láta tekjur frá viðtækjaverzluninni ganga til útvarpsins á bernskudögum þess. Nú eru útvarpshlustendur orðnir hvorki meira né minna en rúmlega 35 þúsund manns. Og það er allt annað viðhorf fyrir þá stofnun að geta staðið undir sér fjárhagslega sjálf með 35 þúsund hlustendum en aðeins með nokkrum þúsundum hlustenda, eins og var í upphafi. Hin ástæðan er sú, að útvarpið hefur síðan fengið mjög verulegan, góðan og öruggan tekjustofn, sem eru auglýsingar, þó að hæstv. ráðh., sem stjórnar þessari stofnun, hafi gert sitt ýtrasta til þess að klípa úr þeim ágóða með afskiptum sínum af dansauglýsingum. Og þetta hefði þó náttúrlega orðið enn meira, ef þeir hefðu ekki verið snjallari, sem þar voru á móti, og getað beitt þeim brögðum, sem hann ræður ekki við. Annars mundi það hafa haft meiri áhrif á auglýsingatekjur útvarpsins. En þetta voru þau sjónarmið, sem vöktu fyrir mér, þegar ég lagði til og beitti mér fyrir því, að þessi tekjustofn væri tekinn í burtu. Ofan á þetta kemur svo þriðja atriðið, að í útvarpinu er enn slík stjórnsemi á fjármálunum, að það verður ekki þolandi til lengdar. Það eru m. a. greiddar nú um 300 þús. kr. fyrir yfirvinnu í þessari stofnun, auk þess sem það er hvorki meira né minna en áætlað, að 535 þús. kr. fari til þess að innheimta gjöldin, þ. e. yfir 12%. Og á meðan slík fjárhagsstjórn er á útvarpinu, — sem ég er síður en svo að kenna hæstv. menntmrh., því að þess er sannarlega ekki að vænta, að hann geti stjórnað slíkri stofnun þannig í starfi sínu, — en á meðan slík fjármálastjórn er hjá útvarpinu og ef til vill kannske hjá þjóðleikhúsinu, sem ekki verður þó sagt um fyrr en þau gögn liggja fyrir, því að það einkennilega er nú, að það hefur aldrei þótt rétt að setja rekstur þessarar stofnunar, gjöld og tekjur þjóðleikhússins, inn í fjárlögin, en það á þar að sjálfsögðu nákvæmlega eins heima og útvarpið, — en á meðan slík fjármálastjórn er í þessum stofnunum, þá er engan veginn eðlilegt, að þeir umboðsmenn, sem eru fyrir dreifbýlið, vilji fallast á, að það sé verið að skerða þennan rétt, sem fólk hefur í dreifbýlinu nú.

Það er enginn vafi á því, að það er ekkert sambærilegt, hvað það getur verið meiri erfiðleikum bundið að reka t. d. menningarstarfsemi, leiklist eða leiksýningar eða góðar kvikmyndir, á stað, þar sem aðeins geta mætt á sýningu kannske 40—50 manns einu sinni í viku, en að reka sams konar starfsemi þar, sem geta mætt 6—8 hundruð manns á hverju kvöldi. Þetta er ekkert sambærilegt. Og ég er alveg viss um það, að það er að stíga rangt spor að láta þennan skemmtanaskatt ná til þeirra héraða, sem eru svo fólksfá, að þau geta ekki haldið uppi skemmtunum nema með tapi, ef á að leggja á þau nokkrar nýjar byrðar, og geta raunverulega ekki í dag staðið undir eðlilegum skemmtunum vegna þess, hversu dýrt það er. Það er alveg rangt að íþyngja þeim mönnum í sambandi við þetta mál, eins og það er líka rangt að ætlast til þess, að þeir greiði sams konar gjald fyrir skemmtanir og þeir, sem hafa miklu öflugri viðskiptagrundvöll að reka þessa starfsemi á. Það er líka alveg rangt að leggja þetta á þau héruðin, þó að þau séu nokkru fjölmennari en með 500 íbúa, sem hafa tekið skemmtanaskatt innan vissra takmarka af þeim skemmtunum, sem hafa getað borið sig fjárhagslega, og notað það fé til þess að byggja upp menningarstarfsemi heima fyrir. Ég álít, að það sé alveg rangt að taka þetta af þeim til þess að flytja þetta beint inn í ríkissjóðinn eða inn til þjóðarbúsins.

Ég skal svo ekki ræða þetta mál hér meira á þessu stigi, en vænti þess fullkomlega af hv. menntmn., sem ég ber fullt traust til í sambandi við afgreiðslu þessa máls, að hún afli sér þeirra upplýsinga, sem ég hef minnzt á. Það kann vel að vera, að ég komi fram með brtt. í sambandi við þetta frv., og þætti mér ekkert óeðlilegt, að þær kæmu þá fram áður en n. skilar málinu aftur frá sér, því að það er enginn vafi á því, að það eru miklu betri vinnubrögð, ef menn hafa áhuga fyrir brtt., að láta þær koma fram á fyrsta stigi málsins, eftir 1. umr., til þess að n. geti einnig tekið afstöðu til þeirra till., heldur en að láta þær koma fram eftir að n. er búin að skila sínu áliti og vinna sitt meginstarf í sambandi við afgreiðslu málsins. En þetta mál hlýtur alveg sérstaklega að verða það hitamál, þó að það sé ekki mjög stórt fjárhagsmál, að mönnum er ekki alveg sama, hvernig farið er með það. Það snertir svo mjög allan almenning, einnig hér fyrir utan kaupstaðina, að það er ekki alveg sama, hvernig það er afgr. hér frá hv. Alþ.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur tekið af mér það ómak að svara þeim aðfinnslum, sem komið hafa fram út af því, sem ég gat um, að ráðh. hefðu ekki tekið ákveðna afstöðu til einstakra atriða frv. Skal ég ekki fara frekar út í það. En ég vil benda á í því sambandi, að í þessu frv. eru tvö deiluatriði, sem ég gat um í framsöguræðu minni, og það eru þau atriði, sem hv. þm. Barð. m. a. hefur gert að umtalsefni. Það er, hvort eigi að færa markið frá 1500 íbúum niður í 500 íbúa, og hitt, hvort eigi að skattleggja þau kvikmyndahús, sem eru í eigu bæjarfélaga. Þetta eru þau tvö aðaldeiluatriði. Að öðru leyti sé ég ekki, að það sé neitt í frv., sem veldur nokkrum verulegum ágreiningi. Það eru þessi tvö atriði, er ég nú nefndi, sem einstakir ráðh. meðal annars hafa ekki tekið afstöðu til, og ég get ekki séð, að það sé á nokkurn hátt ásökunarvert. Þetta er mál, sem hefur verið mikið rætt. Það hefur verið mikið kvartað

undan því af þeim mönnum, sem kvikmyndarekstur hafa með höndum og verða að borga skattinn, að til eru á mörgum stöðum á landinu kvikmyndahús, sem þurfa engan skatt að greiða. Og það er ekki nema eðlilegt, að þessir menn kvarti undan þessari misjöfnu aðstöðu, og ég veit, að hv. þm. Barð. viðurkennir, að hér er ekki um sanngjarna atvinnulega aðstöðu að ræða. Hitt er svo annað mál, sem um má deila, hversu mikil nauðsyn þessum bæjarfélögum er að hafa þær tekjur, sem renna frá þessum rekstri. En ég ætla ekki að fara frekar inn á þessi tvö deiluatriði á þessu stigi málsins.

Hv. þm. gat þess, að ég vissi ekkert, hvað í frv. stæði, vegna þess að hagnaður viðtækjaverzlunar ríkisins hefði fallið burt sem tekjur til þjóðleikhússins. Ég veit ekki, hvað hv. þm. á við með þessum ummælum. Hér í bráðabirgðaákvæðinu, í 2. tölul., er rætt um tekjur viðtækjaverzlunarinnar. Á síðasta þingi, þegar breytt var þannig til, að ríkissjóður tók að sér að greiða byggingarskuldir leikhússins, var ákveðið, að þessar tekjur af viðtækjaverzluninni skyldu renna til ríkissjóðs upp í það, sem hann leggur út fyrir byggingarskuldum leikhússins. Hagnaður viðtækjaverzlunarinnar átti einmitt að ganga til greiðslu á þessum byggingarskuldum, svo að ég sé ekki, að hér sé um neitt nýmæli að ræða eða nokkuð, sem getur verið sérstök ástæða fyrir hv. þm. að ásaka mig fyrir eða sýna út af því sérstaka vandlætingu. Í bráðabirgðaákvæðinu er ekkert annað en það, sem er í gildandi l. Þar í er engin breyt. á ráðstöfun þeirra tekna, sem frá skattinum renna.

Ég geri ráð fyrir, að öllum komi saman um það, að þarflegt sé að sameina þær sundruðu breytingar, sem gerðar hafa verið á þessum l., á einn stað. Og þó að tvö megindeiluatriði séu í þessu frv., finnst mér ekki ástæða til þeirrar heilögu vandlætingar, sem komið hefur fram, sérstaklega hjá þm. Barð., í sambandi við frv.

Hv. þm. ræddi mikið um útvarpið í sambandi við þetta frv. Mér finnst langsótt að setja það í samband við þetta mál. Hann hlýtur að hafa nóg tækifæri til að koma með sínar athugasemdir og sínar ádeilur um útvarpið, þó að hann geri þær á réttum stað, en ekki þar, sem þær eiga ekki heima. Mér finnst, að hann ætti þá fyrst og fremst sem formaður fjvn. að ræða það og rannsaka á sínum vettvangi, áður en hann fer að koma með það hér í deildina sem deilu á mig eða aðra í sambandi við þetta frv., sem á ekkert skylt við það mál. Hann var m. a. að deila á hæstv. fjmrh. fyrir það, að þjóðleikhúsið er ekki tekið í fjárlagafrv. Ég hélt, að hv. formanni fjvn. væri kunnugt, hvers vegna þetta er ekki tekið í fjárlagafrv. Það er vegna þess, að ríkissjóður telur þetta sjálfseignarstofnun, sem ekki á heima í fjárlögunum. — Já, hv. þm. getur vel hlegið að þessu. — Það hafa verið til fyrirtæki í þessu landi, sem þannig hefur verið ástatt með, eins og t. d. síldareinkasalan gamla, sem var á snærum ríkissjóðs að mestu leyti, en hann bar enga ábyrgð á. Og ég get ekki betur séð, ef þjóðleikhúsið væri tekið inn í fjárlögin sem ein stofnun ríkisins, en að þá mundi leiða af sjálfu sér, að ríkissjóður yrði að standa straum af þeim halla, sem af rekstri stofnunarinnar kynni að leiða. — Ég skal svo ekki lengja þessar umr., en ef hv. þm. vill við 2. umr. málsins fara enn frekar inn á þau óskyldu mál, sem hann gerði nú, þá skal ég vera viðbúinn að taka upp viðræður við hann.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. er nú farinn burt héðan úr d., en ég vildi þó segja það, að mér þótti vænt um að heyra þá yfirlýsingu frá honum, að hann hefði enn ekki tekið afstöðu til þeirra atriða í þessu frv., sem ég tel athugaverð, og ég vænti þess, að þegar hann tekur afstöðu sína, þá taki hann hana á þá leið, að hann vilji láta leiðrétta frv. um þessi atriði. Skattsviðið hefur verið fært niður, og hæstv. menntmrh. gat þess til réttlætingar því, að vegna þess að sumt af skattinum gengi til félagsheimila víðs vegar úti um land, þá mætti þetta teljast sanngjarnt. En mér þykir leiðinlegt að sjá það í frv., að um leið og skattsviðið er fært niður yfir fámennið, þá er líka lækkaður hlutur dreifbýlisins til félagsheimila og lestrarfélaga og kennslukvikmynda. Til félagsheimila voru áður 35%, en nú 32%, til lestrarfélaga og kaupa á kennslukvikmyndum áður 8%, nú aðeins 7%.

En aðallega var það nú hv. 4. þm. Reykv., sem ég vildi segja nokkur orð til, en hann er kannske ekki lengur svo nærri, að hann heyri mál mitt. Hann hélt því fram, að réttast væri, að skatturinn næði til allra í landinu, og tók fram því sem næst orðrétt: Ég sé engan eðlismun á skemmtunum fjölbýlis eða fámennis. — Og þetta lagði hann til grundvallar skoðun sinni og endurtók það: Ég sé engan eðlismun á skemmtunum fjölbýlis eða fámennis. — Þetta kalla ég falsrök, af hverju sem þau eru sprottin. Þessi hv. þm. stendur að till. um að skattfría lágtekjur meira en verið hefur, og er ekkert nema gott um það að segja, að hækkaður sé persónufrádráttur. Það tel ég réttlætismál. En ef því væri svarað við slíkum till., að þær ættu ekki að koma til greina, vegna þess að það væri enginn eðlismunur á ríkum mönnum og fátækum, þá væri það alveg sambærilegt við það svar, sem hv. 4. þm. Reykv. gefur, þegar menn halda því fram, að skemmtanir fámennisins eigi ekki að skattleggjast. Það er enginn vafi á því, að ríkur maður og fátækur eru sama eðlis, það er enginn eðlismunur á ríkum manni og fátækum, en það er mikill munur á því, hvað rétt er að skattleggja þá. Það er í raun og veru ekki annað, sem ég geri kröfu til í þessu sambandi, heldur en það, að lágtekjurnar af skemmtunum séu ekki skattlagðar. Hv. þm. Barð. hefur drengilega bent á, hversu fráleitt það væri. Ég er viss um það, að ef þeir þéttbýlismenn og fjölbýlismenn, sem eru líkrar skoðunar og hv. 4. þm. Reykv., t. d. spyrðu leikflokk þann, sem fór út um land í sumar og sýndi gott leikrit, „Vér morðingjar", að því, hvort það mundi bera sig eins vel og á fjölmennum stöðum eftir reynslu

þeirra að setja leik á svið og sýna á Skagaströnd eða Dalvík eða Eskifirði eða Seyðisfirði, þá mundu þeir geta gefið þær upplýsingar, að það væri talsvert annað en t. d. að koma upp leiksýningum í Reykjavík. Og ég er ekki í vafa um það, að þeir teldu sig ekki líklega til þess, þótt góðir leikendur séu, að geta haldið uppi leikstarfsemi á þessum fámennu stöðum fjárhagslega, hvað þá goldið skatta til annarra vegna leiksýninganna. Nei, þeir, sem eru á móti því, að fámennið sé skemmtanaskattfrjálst eins og verið hefur, í sama mæli og verið hefur, þeir eru ekki vel sjáandi, og ég hefði viljað ráðleggja þeim að nudda úr augum sér. Ég hefði líka viljað ráðleggja hv. 4. þm. Reykv. að taka sér um stund bólfestu aftur á Seyðisfirði, og ég er viss um það, að ef hann hefði nú verið þm. Seyðf., þá hefði hann ekki mælt á sömu leið og hann mælti hér áðan. — Ég treysti því, að hv. menntmn. leiðrétti frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 15. fundi í Ed., 27. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

7. Verðlag (frv. GÞG o. fl.).

Á 3. fundi í Nd., 3. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm [21. mál] (þmfrv., A. 21).

Á 4. og 5. fundi í Nd., 6. og 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. felst það, að fjárhagsráð skuli skyldað til þess að ákveða hámarksverð á hvers konar vörum og verðmætum, þ. á m. hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, sem máli skiptir um verðlag í landinu. Í því felst með öðrum orðum, að aftur skuli tekið upp verðlagseftirlit hér á landi.

Það er nú liðið um það bil hálft annað ár síðan nær allt verðlagseftirlit var afnumið. Afnám verðlagseftirlitsins var einn liður í þeirri stefnu hæstv. ríkisstj. að gera verzlunina á Íslandi frjálsa. Það skal fúslega játað, að það er ekki öldungis út í bláinn að hafa afnám verðlagseftirlits sem einn þátt í stefnu, sem hefur raunverulega það markmið að gera verzlun frjálsa. Ef verzlun er raunverulega frjáls og vöruframboð er nægilegt, er takmörkuð þörf fyrir verðlagseftirlit. Hins vegar var það dæmalaus yfirsjón hjá hæstv. ríkisstj. að afnema verðlagseftirlitið hér á landi svo að segja um leið og hömlur voru afnumdar á innflutningnum og áður en nokkur reynsla var á það fengin, hvort hægt væri að halda innflutningsfrelsinu. Sökum hinnar gífurlegu vöruþurrðar, sem hér hafði verið árum saman, hlaut skyndilegt afnám verðlagseftirlits að þýða okur á fjölmörgum vörutegundum, enda varð sú raunin á. Og það var í rauninni að ýmsu leyti engu líkara en að það væri beinlínis til þess ætlazt, — að beinlínis væri að því stefnt að gefa milliliðum tækifæri til þess að ná á auðveldan hátt milljónum í sinn vasa.

Í þessu sambandi hefur verið mikið rætt um gömlu verðlagsákvæðin. Það hefur verið mikið um það rætt, hvort þau hafi verið orðin of lág eða ekki. Í gengislækkunarlögunum var svo ákveðið, að álagning mætti ekki hækka að krónutölu frá því, sem verið hafði fyrir gengislækkunina, og jafngilti það auðvitað lækkun á raunverulegri álagningu. Þessi ákvæði, eins og þau urðu eftir gengislækkunina, voru vafalaust of lág, miðað við þann innflutning, sem leyfður hafði verið undanfarin ár, og er nauðsynlegt að leggja sérstaka áherzlu á þetta síðast nefnda. En á það ber og að benda, að þessi ákvæði voru sett af sjálfri hæstv. ríkisstj. eftir tillögu sérfræðinga hennar í efnahagsmálum, dr. Benjamíns Eirikssonar og Ólafs prof. Björnssonar. En þó að ég segi, að verðlagsákvæðin hafi vafalaust verið orðin helzt til lág eftir samþykkt gengislækkunarlaganna samkv. tillögum sjálfra sérfræðinga ríkisstj., þá vek ég athygli á, að það er miðað við þann innflutning, sem leyfður hafði verið undanfarið. Í því felst auðvitað ekki, að þau hafi þurft að vera of lág, miðað við þann innflutning, sem væntanlegur var, þ. e. a. s., að þau mundu verða of lág, ef innflutningurinn yrði stóraukinn. Sannleikurinn er sá, að mikið af tali manna, sem ættu að vita betur, um þessi efni, er svo fávíslegt, að undrum sætir. Menn tala mikið um það t. d., hvort ákveðin álagningarprósenta, 6 eða 7 eða 10 eða 12 eða 15% á vefnaðarvörur t. d., sé of há eða lág í sjálfri sér, án þess að nefna í því sambandi viðskiptamagnið, sem á er lagt. Nú vita allir, sem lágmarksþekkingu hafa á þessum málum, að dreifingarkostnaðurinn er fastur að mjög verulegu leyti, þ. e. a. s. eykst ekki eða minnkar í hlutfalli við vörusöluna. Hvort ákveðin hundraðstöluálagning er of há eða lág, þ. e. a. s., hvort hún skilar miklum eða litlum hagnaði eða jafnvel tapi, er algerlega háð því, hver innflutningurinn er, þ. e. a. s., hver vörusalan er. Það, sem olli því fyrst og fremst, að gömlu verðlagsákvæðin voru orðin of lág eftir samþykkt gengislækkunarinnar, var, hversu innflutningurinn hafði verið lítill, hversu lítið magn hafði verið flutt inn til þess að leggja á. Ef innflutningurinn væri aukinn mikið, eins og gert var, gat það gert ákvæðin hæfileg. En við þetta bættist svo, að öll verðlagsákvæði voru hækkuð tvívegis. Þau voru tvívegis hækk-

uð, eftir að gengislækkunin hafði verið samþykkt. Ég fyrir mitt leyti taldi þá hækkun ekki ósanngjarna. Og eftir þessar hækkanir voru verðlagsákvæðin tvímælalaust orðin hæfileg, miðað við þann innflutning, sem fyrirhugaður var, enda litu jafnvel stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. í sjálfu fjárhagsráði þannig á, þar eð fjárhagsráð hafði samþykkt þessar hækkanir báðar og talið þau verðlagsákvæði hæfileg. Hv. fjárhagsráð og stuðningsmenn stjórnarinnar þar voru andvíg því, að verðlagsákvæðin væru algerlega afnumin. En hæstv. ríkisstj. sjálfri fannst hins vegar hagur milliliðanna ekki nógu góður og tók því þá ákvörðun, að nær því allt verðlagseftirlit skyldi vera afnumið, og gerði það, að því er ég bezt veit, í andstöðu við sjálfa fulltrúa sína í hv. fjárhagsráði.

Það er oft verið að bera saman álagningarprósentur hér og í öðrum löndum, t. d. Danmörku og öðrum Norðurlöndum. Slíkur samanburður er algerlega út í bláinn. Hann er fullkomin markleysa, nema álagningargrundvöllurinn, þ. e. a. s. kostnaðarverðið, sé sambærilegur og verzlunarkostnaðurinn, sem álagningunni er ætlað að greiða, sé hliðstæður. Við hér á Íslandi erum t. d. með miklu hærri tolla en löndin umhverfis okkur, en lagt er á tollana, eins og allir vita. Danmörk er t. d. eitt tollægsta land í Evrópu, og gerir þetta auðvitað allan samanburð að því er Danmörku snertir algerlega út í hött. Auk þess höfum við hér bátagjaldeyrisskipulagið, sem ekkert nágrannalandanna hefur, og á bátagjaldeyrisálagið er líka lagt, eins og allir vita, bæði í heildsölu og þá auðvitað einnig í smásölu, og gerir það auðvitað að verkum, að ekki er hægt að bera saman álagningarhundraðshlutana. Verzlunarkostnaðurinn hér er hins vegar að ýmsu leyti hærri, vegna hærra kaupgjalds t. d., en það er fjarri því að vega upp á móti þeirri hækkun, sem verður á kostnaðarverðinu, sem á er lagt hér, miðað við löndin í kringum okkur. Þess vegna er allur slíkur samanburður grunnfærnislegur og út í loftið. Vilji maður gera samanburð á raunverulegri álagningu hér og í nágrannalöndunum, þá verður að gera þann samanburð á grundvelli miklu víðtækari rannsókna og samanburðar.

Þá er oft um það talað, að gömlu verðlagsákvæðin hafi verið orðin pappírsákvæði. Sérfræðingar ríkisstj. í efnahagsmálum hafa stundum talað og skrifað á þennan veg, stjórnarblöðin hafa oft gert það, og nú síðast viðhafði hæstv. fjmrh. í fjárlagaræðu sinni orð svipuð þessu. Ég vil benda hv. alþm. á að íhuga, hvað þetta raunverulega þýðir, hvað það raunverulega þýðir að segja, að gömlu verðlagsákvæðin hafi verið orðin pappírsákvæði. Það getur ekki þýtt annað en það, að þau hafi verið brotin, að þau hafi ekki verið haldin. Og er það ætlun forsvarsmanna ríkisstj. að halda því fram, að verzlunarstéttin yfirleitt hafi á síðustu árum verðlagsákvæðanna brotið svo að segja öll verðlagsákvæði og þar með ekki haldið hin opinberu fyrirmæli? Þetta eru þokkaleg brigzlyrði í garð verzlunarstéttarinnar. Þetta er þokkalegur rógur í garð hennar. Og furðulegast af öllu er, að þetta skuli segja menn, sem sjálfir sátu í ríkisstj., meðan þessi verðlagsbrot eiga að hafa átt sér stað að sögn þeirra nú. Ef eitthvað er til í þessu, að öll verðlagsákvæði hafi verið orðin hrein pappírsákvæði, þá fæ ég ekki betur séð en að þetta séu upplýsingar um einhver mestu verðlagsbrot, sem hér hafi verið um að ræða. Og vegna þess að hæstv. fjmrh. tekur sér slík orð í munn, er ekki úr vegi að minnast á, hvort hann í alvöru telji, að verðlagsákvæðin hafi líka verið orðin pappírsákvæði að því er snertir kaupfélögin. Telur hæstv. fjmrh. í raun og veru, að kaupfélögin hafi brotið verðlagsákvæðin svo gífurlega, að hægt hafi verið að kalla þau pappírsákvæði? Kaupfélögin hafa í sínum höndum mjög verulegan hluta af verzlunarrekstri í landinu, og ef taka á þessi orð hátíðlega, er þetta vægast sagt ádeila á rekstur kaupfélaganna.

Nei, sannleikurinn um þessi ummæli er sá, að hér er blandað saman vöruskortinum, sem þessir menn bera einnig ábyrgð á, og verðlagseftirlitinu. Það, sem verið er að gera, er í raun og veru það, að óvinsældir vöruskortsins eru notaðar til þess að sverta verðlagseftirlitið. Látum nú vera, að forráðamenn Sjálfstfl. stundi slíka iðju fyrir þá, sem þeir bera fyrir brjósti, en að framsóknarráðherrar skuli láta hafa sig til slíks, það er að láta lágkúruleg íhaldsöfl draga sig lengra niður heldur en sæmilegt verður að teljast.

Í sambandi við allt þetta er hins vegar aldrei á það minnzt, hvert hafi verið hlutskipti almennings í þessum efnum, hvernig sú stjórnarstefna, sem hér hefur verið fylgt undanfarin ár, hafi komið við hag almennings. Fyrst verður almenningur árum saman að búa við gífurlegan vöruskort og standa í biðröðum til að fá algengustu nauðsynjar, og loksins, þegar bætt er úr þessum vöruskorti, eins og bráðnauðsynlegt og sjálfsagt var, hvað tekur þá við? Þá tekur við gífurlegt okur á þessum nauðsynjavörum, sem almenningi er nú frjálst að kaupa. Og að framfylgja þessari stefnu heitir víst á máli Framsfl., svo að ég víki aftur að hæstv. fjmrh. í framhaldi af ummælum hans um daginn, — það heitir víst að berjast gegn fjárplógsstarfsemi.

Hver hefur svo reynslan af afnámi verðlagseftirlitsins orðið á þessu hálfu öðru ári, sem liðið er síðan það var afnumið? Sem betur fer, hefur verðgæzlustjóri safnað skýrslum um verð og álagningu. Verðgæzlustjóri er mjög samvizkusamur embættismaður og starfsmenn hans dyggir í starfi sínu. En samt sem áður eru skýrslur hans ekki fullnægjandi, þær eru ekki nógu ýtarlegar, ekki nóg flokkaðar, það er ekki einu sinni fullkomlega frá þeim gengið, þær eru t. d. ekki lagðar saman, hvorki í heild né einstakir vöruflokkar. Það er í raun og veru engu líkara en að það sé verið að gera þeim mönnum, sem áhuga hafa á að vinna úr þeim, eins erfitt fyrir við það starf sitt eins og frekast er unnt. Mér hefur að vísu verið sagt, að starfsskilyrði verðgæzlustjóra séu ekki góð. Hann fái t. d. ekki kostnaðarreikninga innflytjendanna, eins og áður átti sér stað, heldur

verði sjálfur með sínu starfsliði að framkvæma nær alla útreikninga á grundvelli tollreikninganna, sem hann fái hjá skrifstofu tollstjóra. En engu að síður ber að þakka það, sem gert er, og þær skýrslur, sem verðgæzlustjóri hefur birt, hafa verið mjög merkilegar og gert mönnum kleift að mynda sér hugmynd um þessi efni, sem ella hefði ekki verið hægt. Nú nýlega hefur verðgæzlustjóri birt mjög merkilega skýrslu um athuganir, sem hann gerði í ágústmánuði s. l. Ég skal með örfáum orðum víkja að nokkrum helztu niðurstöðum þessarar skýrslu og sný mér þá fyrst að vefnaðarvöruinnflutningnum, verzlun með vefnaðarvöru, sem flutt hefur verið inn samkv. frílista. Þar hefur meðalálagning í heildsölu verið 17,1%. Er það næstum þreföldun á þeirri heildsöluálagningu, sem leyfð var meðan verðlagsákvæðin voru í gildi, eftir að álagningin hafði verið tvíhækkuð eftir gengislækkunina. Smásöluálagningin hefur reynzt 31,5%, og það er ekki nema 37% hækkun á álagningunni eins og hún var leyfð meðan verðlagsákvæðin voru í gildi. Ég skil ekki í því, að nokkur maður, sem þekkingu eða reynslu hefur í viðskiptamálum, beri á móti því, að 17% meðalálagning á vefnaðarvöruinnflutning landsins í heildsölu sé allt of há. Og eins og ég lét getið í fjárlagaræðu um daginn, þá man ég ekki betur en að hæstv. viðskmrh. hafi sagt það í umræðum hér á Alþ., að hann teldi hæfilega álagningu á vefnaðarvöru í heildsölu vera 10%. Það er rétt hjá hæstv. viðskmrh., að 10% álagning á vefnaðarvöru í heildsölu er sómasamleg álagning og ætti að vera nægileg til að standa undir dreifingarkostnaði á innfluttri vefnaðarvöru, miðað við aðstæður hér á Íslandi nú. En meðalálagningin í heildsölu reynist 17,1%, eða 70% hærri.

Ef maður vill gera sér einhverja grein fyrir, hvað þessar tölur raunverulega þýða, hvað þær hafa fært innflytjendum, þá liggur auðvitað beinast við að athuga, hversu mikið hefur verið flutt inn af vefnaðarvörum á frílista frá þeim tíma, er frílistinn var upp tekinn og frá því að verðlagseftirlitið var afnumið. Yfirfærður gjaldeyrir fyrir frílistavefnaðarvörur hefur numið 91 millj. kr. En talsvert af þessari upphæð er vefnaðarvara til iðnaðar, og hefur hún auðvitað ekki nema að litlu leyti gengið gegnum hendur venjulegrar verzlunar, og auk þess voru verðlagsákvæðin ekki afnumin fyrr en nokkru eftir að fyrsti frílistinn var gefinn út. Ég hef með aðstoð sérfróðra manna áætlað, að sá hluti hins frjálsa vefnaðarvöruinnflutnings, sem gengið hefur í gegnum hendur bæði heildsölu og smásölu, muni nema um 70 millj. kr., frá því að frílistinn var gefinn út. Og ef gengið er út frá þessu, kemur í ljós, miðað við síðustu skýrslu verðgæzlustjóra, að heildsöluálagning á frílistavefnaðarvöruinnflutninginn hefur numið 18,4 millj. kr. En hún hefði átt að nema 6,5 millj. kr., ef verðlagsákvæðin hefðu verið í gildi. Álagningarhækkun heildsalanna á þennan vefnaðarvöruinnflutning hefur þannig numið 11,9 millj. kr. Smásöluálagningin hefur raunverulega numið á þennan innflutning 39,8 millj. kr. Hún hefði átt að nema 26,3 millj., og nemur álagningarhækkunin í smásölu þannig 13,5 millj. kr. En það, sem er ekki hvað sízt athyglisvert, er, að þessi vefnaðarvara hefur hækkað í útsöluverði um 26 millj. kr.; verðið hefur orðið 26 millj. kr. hærra vegna afnáms verðlagsákvæðanna en það hefði verið, ef verðlagsákvæðin hefðu verið í gildi áfram; það hefur hækkað um 18%, og verður það ekki talið lítið.

Að því er snertir bátagjaldeyrisinnflutninginn, sem skýrsla verðgæzlustjóra fjallar um að mjög verulegu leyti, er þetta að segja: Ég hef aflað mér upplýsinga um, hvað útgefin A-skírteini, þ. e. a. s., hvað útgefin skírteini, sem veita bátaútvegsmönnum innflutningsrétt af framleiðslu ársins 1951, nemi hárri upphæð. Það eru 103,2 millj. kr. Þessi A-skírteini, þessi innflutningsréttindi selja útvegsmenn síðan innflytjendum. Og við sölu þessara réttinda hafa útvegsmenn fengið 53,6 millj. kr. Hvað snertir framleiðslu ársins 1952 horfir málið þannig við, að útgefin A-skírteini hafa numið 43,4 millj. kr. Seld innflutningsréttindi, eða svo kölluð árituð B-skírteini, nema 31,5 millj. kr., en búið er að yfirfæra fyrir vörukaupum af þessu fyrir 21,4 millj. kr. Bátagjaldeyrishlutur útvegsmanna af framleiðslu ársins 1952 mun nema um það bil 17 millj. kr., þannig að bátaútvegsmenn hafa fengið í sinn hlut alls, síðan bátagjaldeyriskerfið var tekið upp, um 71 millj. kr. Þessi tala, sem allt þetta geysilega flókna og geysilega óvinsæla braskkerfi þurfti til þess að skaffa, er þó ekki nema 71 millj. Og ef maður ber þetta saman við það, að álagningarhækkun milliliðanna á frjálsa vefnaðarvöruinnflutninginn nemur 26 millj. kr., má geta nærri, hvort ekki hefði verið hægt að útvega þessa 71 millj., sem bátaútvegsmenn hafa fengið, upp á einhvern einfaldari máta en að taka upp þetta kerfi, sem kennt hefur verið við bátagjaldeyri. Heildaryfirfærslur til kaupa á bátavörum námu til septemberloka þessa árs 101,3 millj. kr., en þær vörur eru ekki enn komnar til landsins alveg allar.

Það er auðvitað mjög erfitt að gera sér nákvæma grein fyrir því, hversu álagningin hefur numið miklu á allan þennan vöruinnflutning. Eins og ég gat um áðan, eru skýrslur verðgæzlustjóra því miður ekki svo ýtarlegar eða nákvæmar, að hægt sé að gera um þetta nákvæma áætlun. En það er hægt að fara mjög nærri um álagningu á ýmsa vöruflokka, þ. e. a. s. þá vöruflokka, sem athugun verðgæzlustjóra hefur sérstaklega beinzt að. Og það er hægt að sundurliða skýrslur hans þannig, að sjá megi, hvernig útsöluverðið á einstökum vörutegundum skiptist í helztu liðina, erlent innkaupsverð, flutningsgjöld og því um líkt, bátagjald, tolla, söluskatt og álagningu í heildsölu og smásölu. Og niðurstaðan af slíkum athugunum er mjög athyglisverð. Til þess að gera grein fyrir henni er ekki hægt að komast hjá því að lesa nokkrar tölur, en ég held, að það væri rétt, að ég léti hv. alþm. heyra nokkur sýnishorn um þetta, t. d. sundurliðun á því, hvernig útsöluverð á ávöxtum, eða appelsínum, skiptist samkv. síðustu skýrslu verðgæzlustjóra, og er þá byggt á niðurstöðum, fundnum eftir

nánari sundurliðun á verðlagi, sem skrifstofa verðgæzlustjóra gerði með samþykki hæstv. viðskmrh. fyrir mig á s. l. ári. En um ávextina er þetta að segja: Erlent innkaupsverð nemur 28,1% af útsöluverðinu. Flutningsgjald, vátrygging og annar kostnaður nemur 15,6%. Bátagjaldið 7,3%. Tollur og söluskattur 15,8%. Álagning heildsala 8,1% og smásala 25,1%. Með öðrum orðum nemur erlenda innkaupsverðið 28% af útsöluverðinu, en álagning heildsala og smásala 33,2%, þ. e. a. s. miklu meiru en varan kostar í innkaupi erlendis. — Ef við athugum kex, þá er niðurstaðan þessi: Erlenda innkaupsverðið er 28,5%, flutningsgjald o. fl. 4,4%, bátagjaldið 17,1%, tollur og söluskattur 19,9%, álagning heildsala 6,3% og smásala 23,8%, eða álagning heildsala og smásala 30,1%, en erlenda innkaupsverðið 28,5%. — Ef við athugum hreinlætisvörur, verður mjög undarlegt upp á teningnum. Erlent innkaupsverð nemur þar 24,6%, flutningsgjald o. fl. 2,6%, bátagjald 15%, tollur og söluskattur 16,9%, álagning heildsala 13,4% og smásala 27,5%, — álagning heildsala og smásala 40,9% af útsöluverðinu, en innkaupsverðið er ekki nema 24,6%. — Ég skal nefna tvö dæmi enn. Annað er silkiefni. Ég rek þar ekki allar tölurnar. Erlenda innkaupsverðið er 28,9% af útsöluverðinu, en álagning heildsala og smásala 33,3%. Um tilbúinn fatnað er það að segja, að þar er erlenda innkaupsverðið 29,1% af útsöluverðinu, en álagning heildsala og smásala 30,6%. Á bifreiðavarahlutum er erlenda innkaupsverðið 35,3% af útsöluverðinu, en álagning, ein álagning, er 27,8% af útsöluverðinu. Það má því segja nokkurn veginn almennt, að álagning heildsala og smásala er meiri á bátagjaldeyrisvörurnar, í mörgum tilfellum miklu meiri, heldur en erlenda innkaupsverðið. Hún er sjaldan lægri. Af því má draga þá ályktun, og það er vafalaust mjög varlega áætlað, að heildarálagningin hér innanlands á bátagjaldeyrisvöruna sé meiri en hið erlenda innkaupsverð hennar. Og ef erlent innkaupsverð þeirrar bátagjaldeyrisvöru, sem búið er að yfirfæra fyrir, er rúmar 100 millj. kr., þá er álagningin hér innanlands vafalaust ekki undir 100 millj. kr., heldur talsvert yfir 100 millj.

Ég hef líka gert athugun á því, hvað þessi álagning á helztu vöruflokkana nemur í krónum talið. Álagning á ávexti, sem kosta 22,7 millj. kr. í innkaupi, nemur 26,8 millj., ef miðað er við niðurstöðu síðustu skýrslu verðgæzlustjóra. Álagning á vefnaðarvöru og fatnað, sem kostaði 25,2 millj. kr. í innkaupi, nemur 24,4 millj. Álagning á hreinlætisvörur, sem kosta 6,2 millj. í innkaupi, nemur 10,3 millj., og álagning á bifreiðavarahluta, sem kosta 19,3 millj. kr. í innkaupi, nemur 15,1 millj., og þannig mætti lengi telja. Ég fullyrði, að þetta er meiri álagning en tíðkast við sambærilegar aðstæður í nágrannalöndunum. Og ég vil leggja sérstaka áherzlu á, að nú er komið það ástand, sem hæstv. ríkisstj. sagði fyrir hálfu öðru ári að yrði eðlilegt. Álagningin hefur haft meira en ár til að jafnast, verzlunin hefur haft meira en ár til þess að leita jafnvægis, og er það jafnvægi, sem náðst hefur, með þessum hætti.

Auðvitað má spyrja, hvers vegna slíkt hafi gerzt, hvernig slíkt hafi getað gerzt. Höfuðástæðan er vafalaust sú, að það hefur ekki orðið um að ræða samkeppni í verzluninni, það hefur ekki orðið um að ræða þá samkeppni, sem hæstv. ríkisstj. spáði, kannske vonaði að mundi verða. Framboð á bátavörum hefur ekki verið nógu stöðugt, til þess að verzlunin með þær vörur hafi getað talizt eðlileg frjáls verzlun. Og að öðru leyti eru aðstæður í íslenzkri verzlun þannig, að menn keppa ekki í verði. Verzlunarfyrirtækin eru það kunnug hvert öðru, kringumstæður eru svo líkar, að um samkeppni í verði er ekki að ræða. Að svo miklu leyti sem menn keppa sín á milli, keppa menn á annan hátt en þann að lækka álagningu hver fyrir öðrum. Í þessu sambandi verður þess enn fremur að geta og taka sérstaklega fram, að kaupfélögin hafa í raun og veru brugðizt í þessu sambandi. Þau hafa ekki orðið sá keppinautur fyrir einkaverzlunina, sem þau sjálf sögðu að þau mundu verða og ýmsir hafa vonað að þau yrðu. Er vissulega mjög illt til þess að vita, að þau skuli hafa brugðizt jafnhrapallega og raun er á, og á ég þar sérstaklega við Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis hér í Reykjavík, sem engan veginn hefur sýnt kaupmönnum þá samkeppni, sem eðlileg væri eða neytendur hefðu mátt búast við af því fyrirtæki. En höfuðástæðan er auðvitað sú, að í raun og veru hefur verzlunin ekki orðið frjáls, sérstaklega hefur verzlunin með bátagjaldeyrisvörurnar ekki orðið frjáls. Nú er svo komið, að frílistinn hefur enn fremur verið afnuminn að mjög verulegu leyti, og til þess kemur vafalaust bráðlega, að það verður aftur skortur á mörgum vörum, sem mikið framboð eða þó nokkuð framboð hefur verið á undanfarið. Eins og kunnugt er, hefur ríkisstj. látið það boð út ganga, að á næstunni mætti ekki kaupa ýmsar þær vörur, sem verið hafa á frílista undanfarið, nema í vöruskiptalöndunum, þar sem mjög erfitt er að fá þær, auk þess sem þær eru dýrari þar en í frjálsagjaldeyrislöndunum, og það má því hiklaust búast við því, að vöruskortur á mörgum sviðum aukist. Það má geta nærri, að það skapar enn skilyrði til aukinnar álagningar og hvers konar óheilbrigðra verzlunarhátta.

Ríkisstj. gaf á s. l. vori út bráðabirgðalög um heimild sér og verðgæzlunni til handa til þess að birta nöfn þeirra aðila, sem misnotuðu álagningarfrelsið. Þetta var góðra gjalda vert af hæstv. ríkisstj., og ber að þakka það. Sérstaklega bæri að þakka það rækilega, ef víst væri, að hugur fylgdi máli og að þetta hefði ekki verið aðeins yfirvarp, e. t. v. til þess að róa ekki allt of góða samvizku eða til þess að róa almenning og sannfæra hann um, að þrátt fyrir allt væri það þó ekki vilji hæstv. ríkisstj. að láta beint og vísvitandi okur viðgangast í skjóli álagningarfrelsisins. Því miður hefur trú manna á, að tilgangur ríkisstj. hafi verið sá að vernda almenning gegn okri og láta þá, sem um slíkt yrðu sekir, gjalda þess, minnkað nokkuð við það að komast að raun um, að hæstv. ríkisstj. hefur um alllangan tíma haft fyrir sér skýrslur ágæts trúnaðarmanns, verðgæzlustjóra,

sem leiða í ljós tvímælalaust okur, án þess að hafast nokkuð handa um það að gera almenningi kunnugt um, hverjir það eru, sem slíkt okur stunda. Ég hef hér fyrir framan mig síðustu skýrslu verðgæzlustjóra og skal nefna, um leið og ég fletti henni, örfá dæmi, og vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj., eins og ég raunar gerði líka í fjárlagaumræðunum, hvort hún telur þessa álagningu hæfilega. Hér er skýrt frá 29,5% heildsöluálagningu á léreft. Hér er skýrt frá 32,3% heildsöluálagningu á bómullarefni. Hér er skýrt frá 28,4% álagningu á bómullarefni í heildsölu. Hér er skýrt frá 38,3% álagningu í heildsölu á bómullarefni. Hér er skýrt frá 27,2% álagningu á borðdúka í heildsölu. Hér er skýrt frá 34,7% álagningu á tvinna og í annað skipti 34,2% álagningu á tvinna. Hér er skýrt frá 33,8% álagningu á raksápu o. fl. og 42,1% heildsöluálagningu á shampoo. Hér er skýrt frá 20% heildsöluálagningu á silkiefni, frá 30,9% heildsöluálagningu á nethanzka, frá 20,6% heildsöluálagningu á nylonsokka og 69,9% heildsöluálagningu á kvenveski, 22,4% heildsöluálagningu á hengilása, 59,6% heildsöluálagningu á fótbolta, 28,6% heildsöluálagningu á hárgreiður, 37,4% heildsöluálagningu á leir- og glervörur og 30,8% heildsöluálagningu á ýmis búsáhöld. Ég gæti lengi haldið áfram að lesa tölur álíka þokkalegar og þessar. Getur það verið, að hæstv. ríkisstj. telji þessa heildsöluálagningu hæfilega? Og ef hún telur hana ekki hæfilega, hvers vegna notar hún þá ekki sín eigin bráðabirgðalög til þess að skýra almenningi frá því, hverjir það eru, sem sekir gerast um slíka álagningu? Og hvers vegna setti hún yfirleitt þessi bráðabirgðalög, ef það var aldrei tilætlun hennar að nota þau?

Meginrökin fyrir þessu frv. okkar Alþfl.-manna eru þau, að eins og nú er komið, er innflutningsverzlunin í raun og veru alls ekki frjáls. Bátagjaldeyrisverzlunin er ekki frjáls verzlun. Skylduverzlunin við clearinglöndin er ekki frjáls verzlun. Þótt menn telji, að verðlagseftirlit sé óþarft, þegar verzlunin er frjáls, þá á það alls ekki við hér. Ég vil ekki gera of lítið úr þeirri röksemd, að þörf fyrir verðlagseftirlit sé takmörkuð, ef verzlun er og getur verið til langframa raunverulega frjáls og ef um raunverulega samkeppni er að ræða í verzluninni. En ég legg sérstaka áherzlu á, að þetta á sér nú ekki stað hér, meðan við höfum bátagjaldeyrisskipulagið og meðan við höfum jafnmikla verzlun við clearinglöndin eins og nú virðist tilætlunin að hafa. Fyrirætlun ríkisstj. var víst sú að hafa innflutningsverzlunina frjálsa, að hafa innflutninginn ótakmarkaðan og óháðan verðlagseftirliti. En reyndin hefur orðið sú, að innflutningurinn er ófrjáls, hann er takmarkaður, en hann er samt óháður verðlagseftirliti, og við svo búið má ekki standa. Það er þetta, sem verður að breyta. Setning nýrra verðlagsákvæða er í raun og veru í fullu samræmi við þær breytingar, sem ríkisstj. að öðru leyti hefur verið að gera á stefnu sinni. Og hæstv. ríkisstj. ætti ekki að muna meira um að hverfa frá þessu stefnuskráratriði sínu en öðrum.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég hafði nú ekki hugsað mér að taka upp neinar kappræður við hv. 3. landsk. út af þessu máli, sem hér liggur fyrir, enda hafði ég ekki búið mig undir slíkt, þótt hann auðsjáanlega hafi tekið upp bæði gamlar og nýjar lummur í þessu efni, sérstaklega staðhæfingu um milljóna álagningu, sem vægast sagt er lítið samvizkusamlega upp tekin og ekki hægt að styðja með neinum óyggjanlegum rökum. Hann gat þess í lok ræðu sinnar, að það liti út fyrir, að bráðabirgðalögin hefðu verið gefin út sem yfirskin ríkisstj. til þess að lækka það umtal, sem orðið hafði um verðlagsmálin, og hún ætlaði sér alls ekki að nota þá heimild, sem hefur verið gefin í bráðabirgðalögunum. Hv. þm. vita, að það er ekkert nýtt, þótt hv. þm. sé með slíkar dylgjur sem þessar, án þess að hann hafi nokkra rökstudda ástæðu til þess að bera þær fram. Hann segir, að þessi skýrsla, sem nú liggur fyrir, sé búin að liggja lengi fyrir viðskmrn. og því hefði þess vegna verið innan handar að beita ákvæði brbl. Þetta er bæði rétt og rangt að því leyti, að sumar af þessum skýrslum eru að vísu ekki nýjar, aðrar eru nýjar. En það var frá byrjun ljóst, að þessu ákvæði í brbl. yrði ekki beitt þannig, að það verkaði aftur fyrir sig. Lögin eru sett, ef ég man rétt, þann 6. maí, og það hefur aldrei komið til tals að beita þeim gagnvart þeim, sem brutu af sér fyrir þann tíma. Hins vegar ná þessar skýrslur, ef ég man rétt, aftur í marzmánuð, eða jafnvel febrúar, en svo eru nýjar skýrslur, sem eru teknar í ágústmánuði, og það eru þær skýrslur, sem stuttan tíma hafa legið fyrir ráðuneytinu, en einmitt í þessum skýrslum, sem síðast eru út gefnar, kemur það greinilega í ljós, að álagningin er mjög jöfn og mjög hófleg. Ef ég man rétt, þá eru ekki meira en 2—3 tilfelli í þeim skýrslum, sem telja má að sýni verulega óhóflega álagningu og það á vörum, sem skipta afar litlu máli. Ég vil geta þess út af þeim dylgjum, sem hv. þm. var að bera fram í þessu efni, að fyrirmæli hafa verið gefin um það, áður en hann hélt þessa ræðu og áður en hann gerði þetta að umræðuefni í sambandi við fjárlögin, að framfylgt yrði því ákvæði laganna, að birt séu nöfn þeirra, sem vitanlegt er að lagt hafa óhóflega á vörur innfluttar eftir setningu brbl.

Hv. þm. reyndi í síðari hluta ræðu sinnar að benda á, hversu mikið okur væri um að ræða í sambandi við álagningu á innkaupsverð vara. Þessi samanburður — og það veit hv. þm. — þarf ekki að sýna neitt okur, jafnvel þó að álagningin sé hærri en innkaupsverð varanna. Samanburðurinn á innkaupsverðinu og álagningu varanna er því vísvitandi villandi lagður fram. Og hvers vegna dregur hann ekki það fram t. d. í þessu sambandi, að það eru til vörur, sem kosta miklu minna í innkaupi heldur en flutningsgjaldinu nemur? Er það ekki óhæfa að kaupa inn vörur, ef innkaupsverðið sjálft er lægra en flutningsgjaldið? Ég þarf ekki að vera neitt að skýra fyrir mönnum, að við kaupum vörur, þó að þær séu ódýrari en flutningsgjaldið sjálft, þó að svo mikill kostnaður leggist á

þær við að flytja þær til landsins. Svo kemur náttúrlega þar í viðbót kostnaður, þeir tollar og þau gjöld, sem við sjálfir leggjum á vöruna. Ég gat ekki betur séð en að sú prósentuálagning, sem hv. þm. las upp í þessu sambandi, bæði í heildsölu og smásölu, væri mjög sanngjörn álagning og mjög í samræmi við það, sem menn yfirleitt telja að álagning í þessum greinum eigi að vera. Það sýnir ekki neitt sanngirni álagningarinnar, hversu mikill hluti hún er af innkaupsverði vörunnar. Þetta, sem hér er um að ræða, er ekkert annað en það, sem gengur fyrir sig í hverju einasta landi, að lagt er á vörurnar eins og þær kosta á staðnum með öllum kostnaði. Þetta er það, sem gert er í öllum öðrum löndum og þykir engin goðgá, að heildarverðmæti hverrar vöru á staðnum, með tollum og öllum öðrum kostnaði, er lagt til grundvallar fyrir álagningu á vöruna. Þá er það, sem ræður, hvort hér er um okur að ræða eða ekki, hvað álagningin er há á þá fjárhæð, sem eining vörunnar kostar á staðnum. En hv. þm. telur ekki fyrir neðan virðingu sína hér á Alþ. að koma með svona dæmi sem góða mynd af því, hversu miklir okrarar íslenzkir innflytjendur eru.

Þetta er álíka óvönduð málfærsla í þessum málum eins og hv. þm. yfirleitt viðhefur, og þó að hann ætti að vita betur og viti vafalaust oft og tíðum betur, þá setur hann fram sínar staðhæfingar í því ljósi, að það er beinlínis til þess að villa þá, sem ekkert þekkja til málanna, eins og allan almenning. Hann viðurkenndi í upphafi ræðu sinnar, að álagningin hefði verið orðin of lág. Það getur verið, að hann hafi viðurkennt þetta fyrr, en það er í fyrsta skipti, sem ég heyri hann viðurkenna þetta. En hver maður, sem þekkir nokkuð til verzlunar og verzlunarálagningar, veit það, að ekki er hægt að flytja inn vefnaðarvöru í heildsölu fyrir 4—5% eða selja hana í smásölu fyrir 12—15%, eins og hér var komið, áður en breyting var gerð. Það þekkist ekki í nokkru nágrannalandi slík álagning á vörur, og ég fullyrði, að álagning á vörur hér á landi, bæði í heildsölu og smásölu, er yfirleitt lægri en í nágrannalöndunum. Ég hef ekki tölur við höndina til að sýna þetta, en ég hef þessar tölur og get lagt þær fram. Ég hef minnzt á þetta við önnur tækifæri og sýnt fram á það, að í ýmsum vöruflokkum nær sú álagning, sem yfirleitt er viðhöfð hér og er frjáls, ekki þeirri álagningu í nágrannalöndunum, sem þar er heimiluð undir hámarksákvæðum. Hins vegar er erfitt að bera saman marga vöruflokka hér og t. d. á Norðurlöndum, vegna þess að þar tíðkast yfirleitt að setja hámarksverð á vörur, en ekki hámarksálagningu, og þá er illt að átta sig á því, hve mikil álagning er leyfð. En þetta geta þau lönd gert frekar en við, vegna þess að þau hafa sjálf mjög mikla framleiðslu á alls konar nauðsynjavörum, sem þau geta sett hámarksverð á og ráðið talsvert yfir, en við verðum að haga okkur eftir því, á hvaða verði við kaupum vöruna á hverjum tíma erlendis frá.

Þá gat hann þess, að það bæri að miða álagninguna við verðmæti innflutningsins. Ég hef aldrei heyrt nokkurn hagfræðing halda því fram, að setja skyldi það sem fasta reglu, að innflutningsverðmætið til landsins ætti að takmarka eða réttara sagt að ráða álagningarprósentunni. Það er alveg rétt, að ef skyndilega eykst mikið innflutningur, þá má segja, að verzlunarstéttin hagnist meira en ella vegna þess, hvað veltan verður mikil. En fyrst er nú þess að gæta, að þetta eru undantekningar og að innflutningurinn jafnar sig nokkuð frá ári til árs, og það væri bókstaflega að æra óstöðugan, ef í hverju landi ætti að miða verzlunarálagninguna við það, sem ætla má að innflutningurinn verði á næsta ári, því að ekki er hægt að miða álagninguna við innflutninginn þann tíma, sem þegar er liðinn, við þær vörur, sem búið er að flytja inn og verðleggja. Þetta verður að gerast fyrir fram. Mér sýnist, að þetta muni vera alveg ný vísindi í hagfræðinni, og ég veit ekki til, að þetta tíðkist í neinu landi. Það er nú yfirleitt svo, að föst ákvæði eru um það, hvað skuli lagt á, og það hefur verið gengið frá ákvæðum þar að lútandi á miklu skynsamlegri hátt en hér hefur verið gert. Því miður á hv. þm. talsvert mikinn hlut að því, hvernig hefur verið farið með álagningu hér og hún gerð þannig, að verzlunarstéttinni hefur ekki verið fært að selja vörur með þeirri álagningu, sem henni var skömmtuð. Að vísu orsakast þetta að verulegu leyti fyrir ákvæði þingsins í sambandi við ýmis tekjuöflunarlög. Og ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan, að það er hreinasta fjarstæða, að álagning hér sé hærri en annars staðar, nema síður sé. Þetta er hægt að sanna. Hún er talsvert miklu lægri hér á flestum sviðum. Hann gat þess, að álagning hér ætti að vera lægri en í öðrum löndum vegna þess, hvað við hefðum háa tolla, ásamt bátagjaldeyri. Það er alveg rétt, við höfum miklu hærri tolla en nágrannaþjóðirnar, en dettur hv. þm. ekki í hug, að það sé dálítið hægara að verzla í landi með milljónir íbúa heldur en að verzla í landi, sem er með 150 þús. íbúa? Ég gæti trúað, að það mætti teljast sanngjarnt, að verzlunarálagningin í stórum löndum væri lægri en á litlum mörkuðum, af augljósri ástæðu. Innflytjendur í þessum löndum geta aflað sér miklu meiri umsetningar en verzlanir geta hér á landi.

Ég skal ekki tefja umræður um þetta mál að svo stöddu með lengri málflutningi. Það verður athugað mjög bráðlega, hvaða tilefni hinar síðustu álagningarskrár verðlagsstjóra gefa til frekari aðgerða, en það mun líka verða athugað, að svona málflutningur sem hv. 3. landsk. leyfir sér að viðhafa á þingi, á opinberum vettvangi, fari ekki fram án þess, að skýrt verði fyrir almenningi, hversu óvandaður málflutningurinn er.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. sagði, að tölur þær, sem ég hefði nefnt um álagningu á innfluttar vörur, væru vægast sagt lítið samvizkusamlega unnar. Sannleikurinn er sá, að þær eru nákvæmlega eins samvizkusamlega unnar og hægt er að gera á grundvelli þeirra skýrslna, sem hæstv. við-

skmrh. lætur mönnum í té til þess að mynda sér hugmyndir um, hver álagningin hefur raunverulega orðið. Það má auðvitað alltaf segja, að áætlanir eins og þær, sem ég hef gert, séu ekki nákvæmar út í æsar, ekki upp á þúsund, tugi þúsunda eða 100 þúsund, jafnvel kannske ekki eina eða tvær milljónir, en sé það ekki, þá er það ekki mín sök, heldur sök þeirra manna, sem ekki búa nákvæmari eða betri skýrslur í hendurnar á þeim mönnum, sem áhuga hafa á að kynna sér og öðrum, hvernig ástand þessara mála raunverulega er.

Það væri verðgæzlustjóra og hæstv. viðskmrh. mjög vandalítið, og það væri einfalt verk fyrir þá að láta útbúa þessar skýrslur þannig, að hægt væri að mynda sér mjög glögga og nákvæma hugmynd um, hver raunveruleg álagning á innflutningsmagnið hefur orðið, en það er ekki gert. Að því leyti er mönnum eins og mér, sem hafa áhuga á að gera sjálfum sér eða öðrum grein fyrir, hvernig þessum málum er háttað, torveldað að hafa upplýsingar um þetta eins nákvæmar og maður vissulega vildi kjósa. En því tek ég ekki þegjandi, að það sé sagt, að tölurnar séu ekki samvizkusamlega unnar, og ég endurtek það, að þær eru nákvæmlega eins samvizkusamlega unnar og hægt er að gera á grundvelli þeirra skýrslna, sem hæstv. viðskmrh. og hans embættismenn láta í té. Hitt er svo lítið þokkaleg iðja, að leggja fyrst fyrir menn tiltölulega ósundurliðaðar og ónákvæmar skýrslur og fárast síðan yfir því á eftir, að ekki sé hægt að fá á grundvelli þeirra hárnákvæmar tölur. Aðalatriðið er, að það, sem sagt er, sé í sem nánustu samræmi við skýrslurnar, sem fyrir liggja, og það fullyrði ég, að hver einasta tala, sem ég nefndi, er. Vilji hæstv. viðskmrh. hafa þær nákvæmari, þá hefur hann í hendi sinni að gera grundvallarskýrslurnar nákvæmari, og þá skal ekki standa á mér að reikna nákvæmar.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri rangt í eðli sínu eða villandi að gera almennt samanburð á erlendu innkaupsverði innfluttrar vöru og á álagningunni. Við hæstv. viðskmrh. vitum báðir mjög vel, hvernig bæði innflytjendur og smásalar reikna út söluverð vöru sinnar. Við þekkjum báðir, þótt af ólíkum ástæðum sé, nógu rækilega aðferðir kaupmanna við að „kalkúlera" söluverð vöru sinnar. En ég hef þessa aðferð sem eins konar svar við þeirri aðferð, sem venjulega er beitt til þess að sýna fram á, að álagningin sé hófleg, og er sú að þylja upp álagningarprósenttölurnar í heildsölu og smásölu á kostnaðarverðið og nefna aðeins álagningarprósenturnar eins og innflytjendur og smásalar nota þær í sínum raunverulegu „kalkúlasjónum". En það er miklu meira villandi, vegna þess að þar er algerlega gengið fram hjá því, hvers eðlis sá grundvöllur er, sem á er lagt, og þetta má skýra með ofur einföldu dæmi, sem raunar ætti ekki að þurfa að nefna hér á þessum stað.

Gerum ráð fyrir því, að heildsöluálagning á vefnaðarvöru hafi verið 15% hjá heildsala í einhverjum ákveðnum vöruflokki. Svo er þessi vara skyndilega tekin á bátalista, og heildsalinn kaupir hana, greiðir 50—60% álag á hana til bátaútvegsmanna, kaupir A-skírteini fyrir 50—60% álag. Ef hann leggur eftir sem áður á sömu prósenttölu, 15%, þá væri sá hlutur, sem hann fær fyrir sína þjónustu, auðvitað hærri sem nemur 15% á bátagjaldeyrinn, þannig að tekjur hans aukast nettó, þar sem verzlunarkostnaður hans eykst auðvitað að engu leyti við það eitt, að varan fyrir opinbera ákvörðun sé tekin af frílista og sett yfir á bátalista. Álagningarprósentan er sú sama, og þá er oft legið á því lagi að segja: Ja, álagningin hefur ekkert hækkað. — Þetta er auðvitað algerlega villandi, álagningin í krónum hefur hækkað, jafnvel þó að verzlunarkostnaðurinn hafi hækkað mjög lítið. — Auðvitað eykst vaxtakostnaðurinn, vegna þess að kaupmaðurinn liggur með meiri krónufjölda bundinn í sínum birgðum, og áhættan vex að sama skapi, en hitt er jafnaugljóst mál, að hans dreifingarkostnaður vex alls ekki í neinu samræmi við 15% álagið á bátagjaldeyrinn.

Þetta einfalda dæmi mætti endurtaka með því að taka fleiri vörutegundir til þess að sýna, að það er algerlega villandi að tala um álagningarprósentuna í sjálfu sér sem gefandi nokkurt sýnishorn um það, hver álagningin er í raun og veru. Um þetta gat ég í raun og veru áðan líka, það sama atriði, sem gerði það algerlega villandi að bera saman álagningarprósentur hér og í nágrannalöndunum. Það er ekki hægt að bera saman álagningarprósentur frá einum tíma til annars né í einu landi og öðru, einum stað og öðrum, nema því aðeins að hafa áður gert nákvæma rannsókn á kostnaðargrundvellinum, sem lagt er á, og þeim verzlunarkostnaði, sem álagningin ætti að vera greiðsla á. Öll uppromsun um álagningarprósentur án þess að hafa þetta í huga er út í bláinn — er fjarstæða. Og ég efast ekki um, að hæstv. viðskmrh. geri sér þetta fullkomlega ljóst — með sjálfum sér að minnsta kosti.

En hvernig á maður þá að gera sér grein fyrir því, hvort álagningin er raunverulega mikil eða lítil? Það eina, sem hægt er að gera og gerir álagningartölur að einhverju leyti sambærilegar frá einum tíma til annars og frá einu verzlunarsvæði til annars og einu landi til annars, er að bera saman álagninguna og innkaupsverðið — í krónum reiknað hvort tveggja eða hlutfallstölum. Þetta á auðvitað ekkert skylt við það, að mér og öllum, sem hér eru inni, er vafalaust ljóst, að þannig er ekki „kalkúlerað" í viðskiptalífinu. Þetta er aðeins aðferð til þess að reyna að gera sjálfum sér og öðrum ljóst, hver álagningin í krónum reiknað er, og þá verður maður að hafa einhvern samanburð, og það má alveg eins taka erlent innkaupsverð eins og hvað annað. Rangast af öllu er að bera álagninguna saman við kostnaðarverðið, þó að þeim verzlunarhætti sé fylgt í viðskiptalífinu af eðlilegum og praktískum ástæðum, — rangast af öllu er að gera það, því að það gefur engan skynsamlegan samanburð frá einum tíma til annars eða frá einu svæði til annars.

Hæstv. ráðh. sagði, að álagningin hér væri lægri en hún væri í nágrannalöndunum. Þessa

staðhæfingu sína byggir hann á samanburði á prósentutölunum, en það má vera alveg ljóst af því, sem ég hef sagt um þetta, að slíkan samanburð er bókstaflega ekkert að marka. Sú þjónusta, sem í boði er t. d. í nágrannalöndunum — berum t. d. saman við höfuðstaði Norðurlandanna — í verzlun, er yfirleitt gerólík. Það er ekki hægt að gera samanburð á prósentálagningu á vefnaðarvöru hér í Reykjavík við Kaupmannahöfn, Stokkhólm, London eða New York. Það er ekkert sambærilegt, vegna þess að sú þjónusta, sem aðilarnir veita fyrir sína álagningu, er gerólík. Verzlanir eru allt öðruvísi, vöruúrvalið gerólíkt, það er látin í té þjónusta, sem að engu leyti er sambærileg. Sönnu nær væri að bera álagningarprósentuna hér, í 60 þús. íbúa smábæ eins og Reykjavík, saman við álagningarprósentu í 60 þúsund íbúa bæ í Danmörku, Englandi, Sviþjóð eða Bandaríkjunum, þar sem látin er í té svipuð þjónusta og eitthvað svipað vöruúrval er á boðstólum. En hafi menn borið saman álagningu í höfuðborgum annars staðar og þorpum og bæjum úti á landi, kemur alls staðar í ljós, að álagningin í bæjunum og þorpunum er miklu lægri en í höfuðborgunum, beinlínis af því að þjónustan, sem innt er af hendi, er allt önnur.

Þá sagði hæstv. ráðh., að hann teldi þá álagningu, sem nú væri yfirleitt tíðkuð, yfirleitt hóflega. Hann vék ekki að því, sem ég gat um áðan, að mig minnti, að rétt væri, að hann hefði sagt í umr. hér á hinu háa Alþingi, að hann teldi 10% álagningu á vefnaðarvöru í heildsölu vera hæfilega. Þetta mun hann hafa sagt meðan hann taldi sig hafa einhverja von um, að samkeppni mundi ef til vill þröngva álagningunni í heildsölu niður í 10% á vefnaðarvöru, en það er eins og hann kæri sig ekki um að standa við þetta, eftir að hann sér það, að raunveruleg álagning, eftir að hið margumtalaða jafnvægi á að hafa náðst í verzluninni, er enn þá 70% hærri, þ. e. a. s. 17,1%. Ég er sannfærður um, að hæstv. ráðh. er það ljóst, að þessi meðalálagning er of há, jafnvel þótt hann vilji ekki kannast við það nú.

Enn vék hæstv. ráðh. svolítið að gömlu verðlagsákvæðunum og ræddi um það, að þau hefðu verið orðin of lág, þegar gengislækkunin var samþykkt, og er ég honum í sjálfu sér sammála um það, en ég minni aftur á það, hverjir stóðu að þeirri ákvörðun. Það var hæstv. ríkisstj. sjálf, með núverandi hæstv. viðskmrh. í sama stól og hann nú situr í. Og þetta var gert að ráði sérfræðinga ríkisstjórnarinnar. Það, sem ég hef við þetta bætt, er, að ég taldi nægilegt að hækka álagninguna tvívegis, eins og gert var, eftir að lögin um gengislækkunina höfðu verið samþykkt, og það töldu fulltrúar sjálfrar ríkisstj. í fjárhagsráði einnig vera nægilegt. Það er sjálf ríkisstj., sem átti frumkvæði að því, að gengið var lengra í þetta og verðlagsákvæðin afnumin algerlega.

Þá taldi hæstv. ráðh. það vera ný vísindi í hagfræði, að eðlilegt væri, að álagningarprósenta breyttist, ef viðskiptaveltan tæki verulegum breytingum. Ég verð nú að segja, að hann er ekki nákunnugur hvorki nýjum né gömlum vísindum í hagfræði, ef hann telur, að þetta séu ný fræði. Þar sem um algerlega frjálsa samkeppni er að ræða, leiðir það af sjálfu sér, að álagning lækkar, ef viðskiptaveltan vex mjög verulega, og hún hækkar aftur, ef viðskiptaveltan minnkar verulega. Og alls staðar þar, sem verðlagseftirliti hefur verið beitt, hefur einmitt verið tekið tillit til viðskiptaveltunnar við setningu verðlagsákvæða, og það er talið fært að lækka verðlagsákvæði, ef viðskiptaveltan fer mjög vaxandi, en talið óhjákvæmilegt að hækka þau, ef viðskiptaveltan fer verulega minnkandi. Ég veit, að ástæðan fyrir þessu er öllum ljós, og ég hefði vænzt þess, að hæstv. viðskmrh. yrði ekki mjög undrandi, þótt hann heyrði þetta sagt.

Aðalatriðið í meðferð þess máls, sem hér er um að ræða, er það, — og skal ég láta þetta verða mín síðustu orð að þessu sinni, — að eins og ástandið er nú orðið í viðskiptamálum Íslendinga, er óverjandi annað en að taka upp verðlagseftirlit. Það er vitað, að vöruinnflutningur til landsins verður á næstunni skorinn mjög verulega niður, það verður ekki frjáls vöruinnflutningur til landsins á næstu mánuðum eða jafnvel næstu árum, og meðan svo er ekki, þá er það í ósamræmi við þær grundvallarkenningar, sem hæstv. ríkisstj. sjálf þóttist byggja á, þegar hún tók við völdum, að hafa ekkert eftirlit með verðlagi innfluttrar vöru.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr., er nú kunningi okkar frá fyrri tíð, því eins og stendur í upphafi grg., þá fluttu 3 þm. Alþfl. frv. samhljóða þessu á síðasta þingi. Það náði þá ekki fram að ganga, en þá var nú haft svo mikið við það mál, að um það voru hafðar útvarpsumr. við 1. umr. Hins vegar hefur þess ekki verið krafizt enn þá um þetta frv.

Það er efni málsins, að þarna er lagt til, að tekið verði upp á ný opinbert eftirlit með verðlagi á allri innfluttri vöru, innlendri iðnaðarvöru og þjónustu, eins og segir í grg. Þannig var þetta fyrir nokkru, eða á þeim tímum sem Alþfl. hafði forustu í ríkisstj. og viðskiptamálum, að þá var hér verðlagseftirlit, sem snerti allar vörur. Hins vegar var því að nokkru leyti aflétt í tíð núverandi hæstv. ríkisstj., en enn þá er þó verðlagseftirlit, enn þá er opinbert eftirlit með verðlagi á mörgum vörutegundum — ég hygg yfirleitt þeim vörum, sem ekki er hverjum sem er leyfilegt að flytja til landsins án leyfis frá fjárhagsráði. Aftur á móti hefur verið fellt niður eftirlit með verðlagi á vörum, sem gefinn hefur verið frjáls innflutningur á, þannig að hver sem er getur keypt þær til landsins. En eftirlit með verðlagi á þeim vörum vilja flm. þessa frv. taka upp aftur.

Hv. 1. flm. frv., 3. landsk. þm., flutti hér alllanga ræðu af hálfu flm. og birti þar ýmsa útreikninga, sem hann hefur gert um verzlunarálagninguna. Mér þykir líklegt, að þeir útreikningar, sem hann telur sig byggja á skýrslum frá verðgæzlustjóra, séu rétt gerðir, þótt ég hafi ekki haft aðstöðu til að athuga það. En að því leyti sem hv. þm. gerir samanburð á

álagningu þeirri, sem hann telur nú vera eftir upplýsingum verðgæzlunnar, við hina leyfðu álagningu á vörur, meðan þær voru allar háðar verðlagseftirliti, þá vil ég benda á, að þar hefur hann mjög laust undir fótum, því að það er öllum kunnugt, að á tímum haftanna, eða meðan þau náðu til allrar innfluttrar vöru, þá var oft ómögulegt að fá keyptar vörur nema greiða fyrir þær hærra verð heldur en leyft var samkv. hinum opinberu verðlagsákvörðunum. Vöruskorturinn gerði það að verkum, að menn urðu oft og tíðum að kaupa vörur með óleyfilega mikilli álagningu, án þess að yfirvöldin gætu þar komið til bjargar, og var þetta á þeim tímum, sem flokkur hv. 3. landsk. hafði forustu í ríkisstj. og yfirstjórn viðskiptamálanna.

Að þessu leyti byggir hv. 3. landsk. samanburð sinn á sandi.

Hv. 3. landsk. þm. sagði auk margs annars í sinni framsöguræðu, þegar hann ræddi um það, hvað álagningin hefði hækkað frá því, sem áður var, að kaupfélögin hér á landi hefðu brugðizt. Þetta var dómur hans um þau yfirleitt, og hann tók þar ekkert undan. Ég fullyrði, að þetta hefur ekki við rök að styðjast. Þetta er sleggjudómur, sem hv. 3. landsk. þm. er ekki fær um að renna stoðum undir. Ég get skýrt hér frá því að gefnu þessu tilefni, að ég er nokkuð kunnugur einu kaupfélagi, sem hefur allmikil viðskipti eða hefur verzlunina að langmestu leyti í sínum höndum í því héraði, þar sem það er staðsett, og selur vörur ár hvert fyrir margar milljónir, útvegar félagsmönnum allar venjulegar nauðsynjavörur, sem almenningur þarf að nota, þ. á m. nauðsynjar til þeirrar framleiðslustarfsemi, sem rekin er í viðkomandi héraði. S. l. ár, 1951, var meðalálagning þessa kaupfélags á allar aðkeyptar vörur, sem það seldi á því ári, rúmlega 11%. Af þessari álagningu fengu félagsmenn í árslok endurgreitt 20%. 10% af álagningarupphæðinni fóru í sameiginlega sjóði félagsins samkv. landslögum. Hinn hluti álagningarinnar fór til að greiða kostnað við vörudreifinguna, og hann var innan við 8% að meðaltali af öllum seldum aðkeyptum vörum á árinu, og þó vil ég geta þess, að í þeirri álagningu er söluskatturinn innifalinn, sem kaupfélag þetta eins og aðrar verzlanir innheimtir fyrir ríkissjóð. Ég skal viðurkenna, að ég er ekki jafnvel kunnugur rekstri annarra kaupfélaga, en mér þykir þó mjög líklegt, að þetta sé ekkert einsdæmi, og ég held, að þetta ætti að nægja til þess að sýna það, að þessi dómur hv. 3. landsk., sem hann kvað upp hér í sinni ræðu, er ósanngjarn, hefur ekki við rök að styðjast. Hann nefndi nú að vísu sérstaklega eitt kaupfélag, Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis. Ég skal játa, að ég er ekki svo kunnugur rekstri þess kaupfélags, að ég vilji ræða um hann nú á þessari stundu. Ef til vill eru aðrir hér í hv. þingdeild því kunnugri, en ég verð að draga nokkuð í efa ummæli hans um það kaupfélag, og byggi ég það á því, að ég hef orðið var við það, eins og ég sagði nú áðan, að það er ekki takandi fullt mark á því, sem hv. 3. landsk. segir um þessa hluti að því er kaupfélögin almennt snertir.

Áður fyrr, á haftatímunum, þá var það svo, að kaupfélögin gátu ekki notið sín, vegna þess að þeim var meinað af yfirvöldunum að flytja inn þær vörur, sem félagsmenn þeirra þurftu á að halda og þeir óskuðu að fá hjá þessum sínum eigin fyrirtækjum. Þeim var meinað það að verulegu leyti. Þau geta ekki notið sín enn að fullu vitanlega, vegna þess að enn hefur ekki verið hægt að gefa frjálsan innflutning á öllum vörum, sem samvinnumenn og aðrir þurfa að nota, en mikill munur er þó nú frá því, sem áður var, þar sem verulegur hluti af innflutningnum hefur verið gefinn frjáls og kaupfélögin geta því fullnægt þörfum sinna viðskiptamanna fyrir þær vörur að öllu leyti nú.

Flm. þessa frv., sem hér liggur fyrir, eru þrír að tölu. Þannig var einnig á síðasta þingi. Sú breyting er þó á orðin, að á síðasta þingi var einn flm. formaður Alþfl., hv. 8. landsk. þm. Hann er ekki með á skjalinu nú. Í hans stað er kominn hinn nýkjörni hv. þm. Ísaf., sem er hér síðastur flm. á skjalinu. Ég varð satt að segja dálítið hissa á því, þegar ég sá hans nafn á þessu plaggi, þar sem lagt er til að taka nú aftur upp opinbert eftirlit með verðlagi á öllum vörum. Ég varð nokkuð hissa á þessu vegna þess, að mér var kunnugt um það, að hv. þm. Ísaf. er samvinnumaður og hefur sýnt það í verki að undanförnu, að hann hefur verið og er ef til vill enn í stjórn stærsta samvinnufélagsins á Vestfjörðum, Kaupfélags Ísfirðinga, já, og jafnvel formaður þess. Þetta verzlunarfyrirtæki mun vera langstærsta viðskiptafyrirtækið í hans kjördæmi. Það hefur nú síðustu tvö árin, eins og önnur slík fyrirtæki, átt þess kost að flytja inn mikinn hluta af þeim nauðsynjavörum, sem félagsmenn kaupfélagsins þar fyrir vestan þurfa að nota og óska að kaupa, og hv. þm. Ísaf. er mjög vel kunnugt um það, að það er gersamlega þarflaust, að ríkið fari að kosta verðlagseftirlitsmenn til þess að líta eftir verðlagi hjá samvinnufélagi hans, Kaupfélagi Ísfirðinga. Það er alveg ástæðulaust og þarflaust að eyða starfsorku og peningum til þess eftirlits. Honum er einnig kunnugt um það, að þar sem þetta fyrirtæki er langstærsta verzlunin í hans kjördæmi, Ísafjarðarkaupstað, þá eru ekki möguleikar á því fyrir kaupmenn þar að okra á almenningi, jafnvel þó að einhverjir þar kynnu að hafa löngun til þess, sem ég er ekki að halda fram að þeir hafi, ég er ekki kunnugur þar.

Þeim, sem hlýddu á ræðu hv. þm. Ísaf. við nýafstaðnar fjárlagaumr., skildist það á ræðu hans, að hann teldi, að kostnaðurinn við ríkisreksturinn væri þegar nokkuð mikill og væri fremur þörf á að lækka hann heldur en að auka þar við að þarflausu. Mér þykir það því mjög undarlegt, að hv. þm. Ísaf. skuli nú leggja til sem meðflm. að þessu frv., að ríkið fari að auka kostnað sinn útlagðan við verðlagseftirlit, m. a. hjá hans fyrirtæki, sem engin þörf er að líta eftir af opinberri hálfu. Það er þannig með samvinnumenn, að þeir kæra sig ekkert um opinbert eftirlit með verðlagi á vöru, sem félögum þeirra er frjálst að flytja inn eftir óskum og þörfum félagsmanna.

Mér þykir líklegt, að því verði haldið áfram enn um sinn að hafa opinbert eftirlit með verðlagi á vöru, sem takmarkaður er innflutningur á. En þess vildi ég óska, og það býst ég við að samvinnumenn geri yfirleitt, að þeir tímar komi sem fyrst, að hægt sé að afnema viðskiptahöftin að fullu, og þá er um leið allt verðlagseftirlit orðið óþarft. Mér finnst því nú, að hv. þm. Ísaf. sérstaklega, sem hefur kunnugleika og reynslu í þessum efnum, hefði nú fremur átt að leggjast á sveif með öðrum samvinnumönnum og reyna að færa hv. 3. landsk. þm. og öðru fólki hér í landi, sem hefur takmarkaðan skilning á því, hvað almenningi er fyrir beztu í viðskiptaefnum, heim sanninn um það, að annað sé heppilegra en opinbert verðlagseftirlit með öllum viðskiptum. Ef þeir telja, að það kaupfélag, sem er hér í Reykjavík, uppfylli ekki kröfur samvinnumanna um góða fyrirgreiðslu, þá ætti þeim að vera í lófa lagið að stofna til nýrra samtaka, hv. 3. landsk. þm. og öðrum höfuðstaðarbúum. Ég held, að flokksbróðir hans, hv. þm. Ísaf., hefði fremur átt að hvetja flokksbræður sína hér til einhverra skynsamlegra úrræða í viðskiptamálum hér í höfuðborginni heldur en að gerast meðflm. að þessu plaggi. Það hefði verið í meira samræmi við innræti hans og skilning á viðskiptamálum. Þess eru dæmi og þau ekki gömul hér á þingi, að þingskjöl hafi verið prentuð upp og jafnvel endurprentuð vegna þess, að flm. hefur ýmist fjölgað eða fækkað, sitt á hvað. Ég hef satt að segja verið að búast við því, síðan þetta frv. kom fyrir sjónir manna, að því yrði nú útbýtt uppprentuðu einhvern daginn, þar sem nafn hv. þm. Ísaf. hefði verið klippt aftan af.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Varðandi það, að form. Alþfl. er að þessu sinni ekki flm. þessa frv., er það eitt að segja, að hann var erlendis í upphafi þingsins, eins og hv. þm. V-Húnv. er vel kunnugt um, og gat þar af leiðandi ekki gerzt flm. þess, þar sem frv. var útbýtt hér á fyrsta degi þingsins. Gamanyrði hans um þetta voru þess vegna í raun og veru ekkert fyndin.

En ég er ekki staðinn upp til þess eins að segja þetta. Ég vil ekki, að það, sem ég mælti um samvinnuhreyfinguna, kaupfélögin, áðan, sé rangtúlkað, eins og mér skilst að hv. þm. V-Húnv. langaði að gera. Það, sem ég átti við með því að segja, að kaupfélögin hefðu brugðizt undanfarið, var það eitt, að þeim hefði ekki tekizt að halda uppi svo mikilli samkeppni við kaupmenn, að komið hefði verið í veg fyrir okur í landinu. Með þessu átti ég fyrst og fremst við það, að S. Í. S. keypti lengi vel engar bátagjaldeyrisvörur og keppti alls ekki við kaupmenn á því sviði. Þetta held ég að hv. þm. V-Húnv., sem er mjög vel að sér í þessum málum öllum, viti jafnvel og ég. Ég held, að það sé enn svo, að S. Í. S. kaupi aðeins bátagjaldeyrisvörur fyrir þann bátagjaldeyri, sem til fellur frá þess eigin fyrirtækjum, en það er auðvitað svo lítið, að ekki verður talið, að samvinnuhreyfingin í heild haldi uppi neinni samkeppni í innflutningsverzluninni að því er verzlun með bátagjaldeyrisvörur snertir. Og það er þetta, sem ég kalla að bregðast að þessu leyti. Ef samvinnuhreyfingin hefði viljað gegna því hlutverki, sem neytendur vissulega ætlast til af henni sem voldugum, góðum og bráðnauðsynlegum aðila í verzluninni, þá hefði samvinnuhreyfingin átt að hefja mjög mikinn innflutning á þessum vörum og keppa á þessu sviði harðlega við kaupmenn.

Í öðru lagi átti ég við það, að neytendur í Reykjavík hafa orðið, sérstaklega nú undanfarið, fyrir miklum vonbrigðum með rekstur kaupfélagsins hér í Reykjavík, þ. e. a. s. Kron. Samkeppni af þess hálfu við kaupmenn hefur ekki verið jafnhörð og ekki jafnvel rekin eins og bæði þeir, sem eru í Kron, og aðrir neytendur í bænum hefðu óskað eftir.

Það var þetta, sem ég átti við með ummælum mínum, og þetta eitt. Í þeim átti engin óvild að felast í garð samvinnuhreyfingarinnar eða kaupfélaganna og ekkert vanmat á því mikla og góða hlutverki, sem þeim samtökum ber að inna af hendi í íslenzkum verzlunarmálum. Ég tel mig samvinnumann, rétt eins og hv. þm. V-Húnv., og hef viljað og vil enn gera mitt til þess, að samvinnuhreyfingin, neytendahreyfingin í landinu megi eflast og blómgast. Hitt er svo annað mál, að ég hef ekki svo mikla trú á úrræðum samvinnuhreyfingarinnar, að ég telji, að með hennar leiðum einnar megi leysa bókstaflega öll vandamál í viðskiptum þjóðarinnar. Ég tel, að ýmislegt annað þurfi að gera, auk þess að efla og styrkja heilbrigða samvinnuverzlun í landinu, og meðal þess er að hafa uppi opinbert verðlagseftirlit, þegar hlutdeild samvinnuverzlunarinnar í landinu er þó ekki meiri en hún er nú í dag. Meðan hlutdeild kaupmannanna er jafnmikil í verzluninni í heild og nú er, þá er óhjákvæmilegt að hafa opinbert verðlagseftirlit í landinu, og þá sérstaklega meðan innflutningur til landsins er takmarkaður eins og hann nú er. Og ég vildi benda þessum hv. þm. og öðrum á, að þetta er ekki einkaskoðun mín. Ég vil fullyrða, að þessi skoðun á sér mikið fylgi meðal samvinnumanna á Íslandi og samvinnumenn í nágrannalöndunum eru yfirleitt á þessari skoðun. Ég vil benda hv. þm. á að afla sér upplýsinga um skoðun samvinnumanna í Svíþjóð á þessu efni. Þeir eru eindregnir stuðningsmenn opinbers verðlagseftirlits. Ég vil benda honum á að afla sér upplýsinga um skoðun samvinnumanna í Danmörku og Noregi og ekki hvað sízt skoðun samvinnumanna í Bretlandi á þessum efnum. Þeir eru ekki sammála hv. þm. V-Húnv. um það, að það sé nóg að hafa nokkurn hluta verzlunarinnar í höndum kaupfélaga, við það verði opinbert verðlagseftirlit óþarft. Nei, þeir eru þvert á móti á sömu skoðun og ég um þetta efni, að samvinnuverzlun sé nauðsynlegt og ágætt úrræði, eitt mikilvægasta úrræðið, sem völ er á í baráttu almennings fyrir heilbrigðum og góðum verzlunarháttum, en það dugi ekki, eins og ástandið víðast hvar er, t. d. tvímælalaust hér, heldur þurfi jafnframt að hafa öflugt opinbert verðlagseftirlit. Þetta frv., sem hér er um að ræða, túlkar því eins vel málstað samvinnumanna, sannra samvinnumanna, og

þær skoðanir, sem komu fram í ræðu hv. þm. V-Húnv. hér áðan.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er í tilefni af ummælum hv. þm. V-Húnv., að ég legg hér orð í belg, því að hv. 3. landsk. hafði fyllilega gert grein fyrir efni þessa frv., sem hér er til umr., og þar þurfti ég þess vegna engu við að bæta. En hv. þm. V-Húnv. lét það í ljós, að hann væri mjög undrandi á að sjá, að ég, sem væri samvinnumaður og einn af stjórnendum stærsta samvinnufélagsins á Vestfjörðum, skyldi láta það henda mig að vera meðflm. að þvílíku frv. sem þessu, rétt eins og þetta væri einhver skaðræðisárás á samvinnuhreyfinguna í landinu. En hví láðist þá hv. þm. V-Húnv. að skýra það fyrir þingheimi, í hverju þessi árás á samvinnustefnuna í landinu væri fólgin? Það er alveg áreiðanlegt, að það reynist honum um megn að sýna nokkrum heilvita manni fram á það, að hér sé verið að ráðast að samvinnuhreyfingunni eða að andi þessa litla frv. stigi á nokkurn hátt á strá hennar. Ég get sagt honum það strax, að ég ber engan kinnroða fyrir það að vera meðflm. að slíku frv. og hefði ekki gert það, þótt ég hefði verið aðalflm. Ég er mjög undrandi á því, að hann skuli snúast gegn þessu frv. Mér er nær að halda, að þótt ákvæði væru sett inn í lögin um verðlagseftirlit og verðlagsdóm, þá mundi það að ákaflega litlu leyti snerta samvinnufélögin. Það yrðu aðrir, sem þá rækju upp óp, heldur en samvinnumennirnir í landinu. Það yrðu okrararnir, og þeir eru ekki innan raða samvinnuhreyfingarinnar, vænti ég, fyrst og fremst. Ég hygg, að það ættu heldur að vera aðrir, sem kvörtuðu, heldur en gamlir og góðir og grónir samvinnumenn, þegar frv. er flutt í þeim tilgangi að halda í hemilinn á skefjalausu verðlagsokri í landinu, sem hann og við allir vitum að á sér stað í þessu landi.

Það er alveg hárrétt, sem hv. 3. landsk. tók hérna fram í sinni svarræðu núna, að það eru stórir, viðtækir vöruflokkar, sem eru fluttir inn af þeim, sem hafa yfir bátagjaldeyri að ráða, sem kaupfélögin að ákaflega litlu leyti hafa. Einmitt eru slíks dæmi af kaupsvæði Kaupfélags Ísfirðinga frá s. l. ári og næsta ári á undan. Þá var rutt þar inn af kaupmönnum alls konar rafmagnsvörum, sem hafði skort í landið lengi og menn höfðu sótzt mjög eftir að fá, hrærivélum, ísskápum, þvottavélum o. s. frv., áreiðanlega fyrir mörg hundruð þúsunda á kaupsvæði Kaupfélags Ísfirðinga, og selt með geysilegu verði, sem var miklu hærra en svartamarkaðsverðið hafði verið á þessum vörum áður. Kaupfélag Ísfirðinga hafði ekki getað náð þessum vörum gegnum S. Í. S. Sambandið hafði látið líklega um, að það ætlaði að útvega þessar vörur, en þó leið allt það ár, án þess að vörurnar kæmu, og Kaupfélag Ísfirðinga gat ekki látið neina af sínum félagsmönnum fá þessar vörur. Þær voru þess vegna seldar alveg inn á kaupsvæði Kaupfélags Ísfirðinga með okurverði kaupmennskunnar eins og hún verst gerist, án þess að þetta félag gæti við nokkuð ráðið eða verið þar neinn hemill á. Þarna þurfti verðlagseftirlit á þessar vörur, og þær eru margar fleiri, vörurnar, þar sem þarf að taka fram fyrir hendurnar á þeim kaupsýslumönnum, sem ekki gæta hófs í álagningu, og binda það annaðhvort með hámarksverði eða ákvæðum í lögum um hámarksálagningu. Og þessar ástæður standa því miður allar í gildi enn í dag.

Þegar hv. þm. V-Húnv. gerir mér og þingheimi grein fyrir því, að það geti komið samvinnuhreyfingunni í landinu illa, að samþykkt væri frv. sem þetta, þá get ég verið til viðtals um það að vera ekki flm. að slíku frv., því að ég vil ekki valda samvinnuhreyfingunni í landinu tjóni. En ég er alveg sannfærður um það, að þótt settar væru skynsamlegar reglur um hámarksálagningu á vörur og um hámarksverð á vörum, þá mundi það ekki snerta kaupfélögin né skaða neitt þeirra starfsemi. Það mundi einmitt leiða til þess, að fólk sæi, að kaupfélögin væru með sitt verðlag innan þessa löglega ramma og það væru aðrir, sem lentu utan við rammann og lögin kæmu því til með að snerta.

Hv. þm. vék því að 3. landsk., Gylfa Þ. Gíslasyni, að ef eitthvað væri að athuga við starfrækslu Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis, Kron, ætti hann og einhverjir með honum að stofna til nýrra samtaka hér í Reykjavík. Hví talar hv. þm. V-Húnv. svona ókunnuglega um samvinnumál? Veit hann ekki, að það er meginstefna Sambandsins, að það sé aðeins eitt kaupfélag í hverjum bæ? Og ég efast um, að samþykki S. Í. S. fengist fyrir því, að hér í Reykjavík væri stofnað annað kaupfélag. Þetta veit hv. þm. V-Húnv. vel. Það væri andstætt reglum Sambandsins, eins og þær hafa verið til þessa. Hvað það snertir, hversu skynsamlegar þær reglur eru, skal ég svo ekki leggja dóm á, þegar um jafnstóra borg er að ræða eins og Reykjavík.

Það kemur ekki til mála, að það standi neitt til að prenta þetta frv. upp og klippa mitt nafn aftan af því, því að það er ekki þar komið í neinum misgripum, en ef hv. þm. V-Húnv. eða einhverjir, sem hann þekkir til, hafa orðið fyrir því slysi að verða meðflm. að frv., sem hann samþykkir ekki að efni til, þá samhryggist ég honum um það.

Einar Olgeirsson: Það eru aðeins nokkur orð út af ummælum, sem hér hafa fallið um einstök kaupfélög í landinu og þeirra aðstöðu til þess að hagnýta sér hina svo kölluðu frjálsu verzlun og keppa, eins og vænta mætti, ef allt væri með eðlilegum hætti, að þau ættu að geta.

Það er tómt mál að tala um frjálsa verzlun fyrir kaupfélögin á Íslandi. Þau eru háð tvennum fjötrum sem stendur. Þau eru í fyrsta lagi háð fjötrum S. Í. S. Meginið af þeim leyfum, sem kaupfélögin eiga að fá, verður að fá í gegnum S. Í. S., og í staðinn fyrir að Framsfl. einu sinni lagði til kosninga hér — það voru síðustu kosningar — undir því kjörorði að tryggja kaupfélögunum í landinu og neytendunum frelsi, þá var tekið af kaupfélögunum það litla frelsi, sem þau höfðu eftir, og kaupfélögin svipt öllum leyfum til innflutnings og S. Í. S. látið hafa öll leyfin.

Það er vitanlegt, að það er verið að herða á fjötrum gagnvart kaupfélögunum í landinu með því að taka af þeim allt frelsi til að mega flytja inn, taka af þeim öll gjaldeyrisleyfi og flytja þau í hendur S. Í. S., sem síðan hlutar þessum leyfum út til kaupfélaganna. Þetta er fyrirkomulag, sem Framsfl. hefur staðið fyrir að koma á, og ég vil minna alla aðila á, að það hafa ekki allar vörur verið gefnar frjálsar. Það er meginið af vörum enn þá, sem leyfi þarf til. Og hvernig er þá með þær fáu vörur, sem ekki þarf leyfi til? Til þess að flytja þær inn þarf peninga. Og hvernig gengur það fyrir hin einstöku kaupfélög landsins að fá það fjármagn? Hvernig gengur fyrir kaupfélög landsins að fá lán hjá bönkunum? Ég býst við, að hver einasti maður, sem þekkir eitthvað inn á það, viti, að það gengur illa. Ég skal ekki fullyrða um það, hvernig S. Í. S. kann að ganga að fá fé hjá bönkunum. Því er ég ekki svo kunnugur, en ég veit, að kaupfélögunum gengur það illa, kaupfélögunum gengur illa að fá það fé hjá bönkunum, sem þau þurfa til eðlilegs rekstrar. Og hvernig stendur á því? Það stendur þannig á því, að þeir flokkar, sem stjórna landinu núna, Framsfl. og Sjálfstfl., og ráða bönkunum og fyrst og fremst Landsbankanum, þeir ráða yfir megininu af fjármagninu í landinu.

Svo framarlega sem kaupfélögunum er ætlað að vera í þeirri aðstöðu að geta keppt, þá á að tryggja þeim eðlilegt fjármagn til þess, og það væri ekkert eðlilegra en að ríkisvald, sem maður skyldi ætla að ætti að beita fyrir almenning, beitti sínum yfirráðum yfir fjármagninu hvað bankana snertir þannig, að verzlanir almennings, kaupfélögin, stæðu að minnsta kosti jafnvel að vígi eins og einstaklingarnir, þannig að fjárskortur, sem almenningur á venjulega við að búa í sínum samtökum, væri að nokkru leyti bættur upp með því, að kaupfélögunum væri þá séð betur fyrir fjármagni. En því fer fjarri, að þetta sé gert. Þvert á móti er af hálfu þessara flokka, og það undir forustu Framsfl., sem — eins og við höfum yfirlýsingu um — ræður öllu í ríkisstj. og er sá, sem hefur forustuna að öllu leyti, að dæma eftir yfirlýsingunni um það frá síðasta þingi, — þá eru sett á með sérstakri auglýsingu sérstök gjaldeyrisleyfi, hinn svo kallaði bátaútvegsgjaldeyrir, sem ekki hefur nokkra stoð í lögum. Heimildarlaust er einstöku mönnum, sem hafa engan rétt til þess að fá gjaldeyrisleyfi í hendur, leyft að leggja svo að segja eins og þeir vilja á allar þessar vörur, með þeim afleiðingum, að það er ekki hægt fyrir aðra en þá, sem hafa gífurlegt fjármagn eða sérstök sambönd og hlunnindi hjá bönkunum, að kaupa þessa bátaútvegsgjaldeyrisvöru og flytja hana inn.

Það er því tómt mál að tala um, að kaupfélögin, eins og nú hefur verið upplýst, eigi að geta keppt í þessari bátaútvegsgjaldeyrisvöru, fyrir utan svo það, að mínu áliti, að þá er meðferðin á þessari vöru ólögleg, öll álagningin á hana beint rán, sem enga stoð á í lögum. Það er aðeins gerræði af hálfu Framsfl., sem hefur forustuna í ríkisstj., öll völdin, að hafa sett annað eins á og þetta. Það er þess vegna nokkuð hart að fara hér að deila á einstök kaupfélög fyrir, að þau keppa ekki harðvítugar um sölu á vörum, sem fluttar eru til landsins á ólöglegan hátt, lagt er á algerlega ólöglega með hreinu gerræði af hálfu stjórnarflokkanna, þegar stjórnarfl. á sama tíma ráðstafa svo þannig sínu valdi yfir fjármagninu, yfir bönkunum, yfir lánsfénu, að þessi einstöku kaupfélög eru látin vera útundan.

Ég vil aðeins minna á þetta, þegar verið er að ræða um þessa hluti, sérstaklega um það, sem hefur átt sér stað undanfarið. Ég þarf ekki að ræða þetta viðvíkjandi frv. Mín afstaða til þess kom greinilega fram hér í umr. í fyrra og við baráttuna um afgreiðslu á því frv. úr þeirri fjhn., sem ég á sæti í. Þetta vildi ég hins vegar að kæmi fram út af því, að rætt var um hin einstöku kaupfélög í landinu, og ætla ég ekki að fara í meting út af þeim. Ef þess er óskað hins vegar, þá er það fyllilega til taks að bera saman, við skulum segja Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis og Kaupfélag Ísfirðinga. En ég held það sé ekki það, sem liggur fyrir hérna fyrst og fremst að fara að ræða, heldur hitt, að skapa samvinnusamtökunum sem baráttusamtökum almennings betri aðstöðu, ekki aðeins í orði kveðnu um frelsi, heldur hvað snertir það að hafa umráð yfir fjármagni til þess að geta barizt.

Umr. frestað.

Á 7. fundi í Nd., 13. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Af ræðu þeirri, sem hv. þm. Ísaf., sem jafnframt er formaður Kaupfélags Ísfirðinga, flutti, virðist, að hann hafi ekki enn gert sér ljóst, að með því að gerast meðflm. að þessu frv. hefur hann elt flokksbræður sína inn á villigötur. Hann sagði, að ef í þessu frv. fælist árás á samvinnufélögin og ef ég gæti sannað, að eftirlitið kæmi sér illa fyrir þau, þá mundi viðhorf hans hafa verið nokkuð annað. Ég hef ekki sagt, að þetta frv. væri árás á samvinnufélögin. Hitt geri ég ráð fyrir, að við hv. þm. Ísaf. séum sammála um, að opinber íhlutun um málefni þeirra félaga, sem félagsmenn einir eiga að ráða og eru fullfærir um að ráða, sé óviðfelldin og félagsmönnum heldur til leiðinda. Kaupfélögin eru samtök manna um vörukaup og vörusölu. Þeir setja sjálfir reglur um verðlagningu á vörum og fela trúnaðarmönnum sínum, er þeir kjósa sjálfir, að framkvæma verðútreikninga. Það er að sjálfsögðu reynt að gæta þess að leggja á vörurnar fyrir óhjákvæmilegum kostnaði, sem á þær fellur, svo að ekki verði tekjuhalli. En sé tekjuafgangur, þá ráðstafa félagsmenn honum sjálfir, m. a. með því að endurgreiða hluta af vöruverðinu um áramót, eins og lög gera ráð fyrir. Opinber íhlutun um þetta er hvort tveggja í senn, óþörf og óviðkunnanleg, meðan samvinnulögin, sem félögin eiga að starfa eftir, eru ekki sniðgengin. Látum svo vera, þótt haldið verði áfram eftirliti með verðlagi á vörum, sem innflutningur er takmarkaður á, en að krefjast einnig eftirlits með verði á vörum,

sem öllum er frjálst að flytja til landsins, það er fávíslegt, það er í raun og veru krafa um aukið starfsmannahald hjá ríkinu alveg að þarflausu. Það hlýtur að vera mér, hv. þm. Ísaf. og öðrum samvinnumönnum heldur til ama og leiðinda að sjá sendimenn frá verðlagseftirliti ríkisins vera að snatta í kaupfélögunum við athugun á verðreikningum algerlega að óþörfu.

Flm. frv. spyrja um það, hvort ég telji, að eftirlitið muni verða samvinnufélögunum til tjóns. Víst verða þau og félagsmenn þeirra að taka þátt í því með öðrum skattgreiðendum í landinu að borga kaup og ferðakostnað þessara eftirlitsmanna, og ýmsir telja kostnað við ríkisreksturinn þegar orðinn nógu mikinn, þótt ekki sé þar við aukið með stofnun margra nýrra alóþarfra embætta. Það er alltaf leitt að sjá fé kastað í óþarfa í stað þess að nota það til gagnlegra hluta. Ég hafði því, eins og ég hef áður sagt, naumast búizt við því, að hv. þm. Ísaf. mundi taka þátt í að flytja slíkt frv. Hitt var mér aftur ekkert undrunarefni, þó að hv. 3. landsk. þm. sé nú eins og í fyrra flm. þessa frv., hann er svo trúaður á forsjón jarðneskra yfirvalda í viðskiptamálum og á fleiri sviðum.

Nú er svo komið, að verulegur hluti af vöruinnflutningi til landsins er frjáls. Hver sem er getur keypt þær vörur til landsins, og menn hafa því möguleika til að fá þær með sanngjarnri álagningu, ef þeir hafa fyrir því að líta í kringum sig, áður en þeir gera kaup. En þetta breytir engu eða litlu í augum hv. 3. landsk. Hann telur annað heppilegra í þessum efnum. Hans fyrsta boðorð er: Opinbert eftirlit með verðlagi á öllum vörum, enn fleiri ríkisstarfsmenn í verðlagseftirlit — og þar af leiðandi stóraukinn kostnaður ríkisins við þá starfsemi.

Hann fór að vísu nokkrum viðurkenningarorðum um samvinnufélögin í sinni seinni ræðu um þetta mál, en þó lítur út fyrir, að hann telji hið opinbera eftirlit meira virði fyrir almenning heldur en samtök um viðskiptamál. Hann virðist líta svo á, að almenningur eigi að spara sér þá fyrirhöfn að hugsa um þetta, líta í kringum sig og vinna að hagfelldum vörukaupum; hitt sé farsællegra, að einblína á hina opinberu forsjón, heimta þaðan fleiri og fleiri ríkislaunaða starfsmenn til handleiðslu. Svo strangtrúaður er hv. þm. á leiðsögn ríkisvaldsins sem forsjón, að þó að nú sé sú breyting á orðin, að hans flokkur, Alþfl., sé ekki lengur í ríkisstjórn og viðskmrh. ekki í þeim flokki eins og áður var, heldur gegnir nú því embætti einn af þm. Sjálfstfl., þá haggar það ekki vitund hinni heitu og sterku trú hv. þm. á forsjónina. Og slíkri trú verður sennilega ekki raskað hér með ræðuhöldum og röksemdum.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. þm. V-Húnv. lét enn í ljós undrun sína yfir því, að ég skyldi vera meðflm. að frv., sem fer fram á það, að komið verði aftur á verðlagseftirliti og þannig haft fullt eftirlit með því af ríkisins hálfu, að ekki sé óhóflegt verðlag á vörum landsmanna. Ég held, að þetta sé meira fyrir þrákelkni sakir heldur en af því, að hv. þm. sjái ekki, að kaupfélögunum getur þetta á engan hátt verið til óhagræðis, þó að slíkt frv. verði samþykkt, ef þau á engan hátt hafa verðlag hærra á þeim vörum, sem þau selja fyrir landslýðinn, heldur en gott hóf er á. Og það er ég honum sammála um, að kaupfélögin muni yfirleitt ekki gera.

Það má vel vera, að hann og ég teljum það nokkuð óþarft, að launaðir starfsmenn verðlagseftirlits ríkisins væru að snatta dögum og vikum, kannske mánuðum saman, í kaupfélögum til að gá þar að, hvort kaupfélögin héldu sér innan verðlagsákvæða með sína verðlagningu, en það eru aðrir menn í landinu, sem tortryggja kaupfélögin rétt á sama hátt eins og við tortryggjum ýmsa kaupmenn, og ég tel það bara ávinning fyrir samvinnuhreyfinguna í landinu, ef ríkið hefði sent út sína verðgæzlumenn og í hvert einasta skipti komizt að þeirri niðurstöðu og fengið okkur í hendur sannanir fyrir því, að kaupfélögin brytu ekki af sér, þeim mætti treysta, og þá teldi ég þessa vinnu ekki til einskis framkvæmda. Svo er annað atriði, og það er flestum kunnugt, að kaupfélögin þjást nú af rekstrarfjárskorti. Þau líta á það sem sitt höfuðhlutverk að útvega félagsmönnum sínum hinar brýnustu nauðsynjavörur. Þau geta ekki vegna rekstrarfjárskorts haft slíka fjölbreytni sem æskileg væri í vöruútvegun sinni. Það verður því þannig með æ fleiri vöruflokka vegna þessa rekstrarfjárskorts kaupfélaganna og samvinnuhreyfingarinnar, að kaupmenn eru einir með fjöldamargar vörutegundir og ráða þannig einir verðlagi á þeim. Þetta verðlag vill stundum fara nokkuð úr hófi fram. Hér vantar verðlagseftirlit. Og geta kaupfélögin, þótt þeim sé á engan hátt vantreyst, þar engu um ráðið. En þessa hafa landsmenn orðið að gjalda á undanförnum mánuðum, síðan verðlagseftirlitið var afnumið.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér finnst hálfömurlegt til þess að vita, að eftir að hæstv. viðskmrh. virðist vera uppgefinn á því að halda uppi vörnum fyrir verzlunarokrið, sem á sér stað í landinu, þá skuli hv. þm. V-Húnv. taka að sér það hlutverk að halda áfram að karpa um þetta mál og verja það ástand, sem nú er í þessum málum, því að andmæli gegn þessu frv. eru í raun og veru vörn fyrir þetta ástand, sem einkennist fyrst og fremst af óhæfilegu okri á vissum sviðum verzlunarinnar.

Hvað er í raun og veru verið að fara fram á með þessu frv.? Það eitt, að fjárhagsráð skuli hafa heimild til þess að ákveða hámarksverð og hámarksálagningu á vöru og þjónustu, sem seld er í landinu. Ef fjárhagsráð notar sér þá heimild, sem það væntanlega gerir, ef það fengi hana, þá mundi það ákveða hámarksverð og hámarksálagningu á vöru, sem verzlað er með, og vöru, sem framleidd er í landinu. Hverjir þurfa að óttast slíkt? Hverjir þurfa að hrökkva við, þótt fjárhagsráð fái heimild til að ákveða hámarksverð og hámarksálagningu? Væntanlega ekki aðrir en þeir, sem tilhneigingu hafa til þess að ákveða óeðlilega hátt verð eða ó-

eðlilega háa álagningu. Mér finnst, að hv. þm. V-Húnv., sem er góður og gegn samvinnumaður, hafi enga ástæðu til að hrökkva við fyrir hönd samvinnuhreyfingarinnar í landinu. Því aðeins væri ástæða til þess, að sú hreyfing hefði óhreint mjöl í pokanum, en ég vil engan veginn væna hana um það. Þessi viðkvæmni og þessi andstaða gegn þeim heimildum, sem hér er verið að fara fram á, gæti bent til órólegrar samvizku, sem ég þó vil ekki segja að eigi sér stað, og sízt af öllu hjá því félagi, sem hann hefur verið forgangsmaður fyrir og gaf hér nokkra lýsingu á, síðast þegar málið var til umr., og virtist vera rekið með ágætum. Hann sjálfur hefur því ekkert að óttast. Hér hlýtur því að vera um það eitt að ræða, að hv. þm. taki samábyrgðina í hæstv. ríkisstj. svo hátíðlega, að hann telji sér skylt að styðja við bakið á hæstv. ráðherra, þegar hann ekki lengur treystir sér til að standa uppréttur.

Hv. þm. sagði, að það væri fávíslegt að heimta verðlagseftirlit með vörum, sem frjáls innflutningur væri á. Ég hef sagt það áður, að ef innflutningur til landsins væri raunverulega algerlega ótakmarkaður og ef um væri að ræða í landinu algerlega frjálsa samkeppni milli kaupmanna og samvinnufélaga annars vegar og kaupmanna innbyrðis og samvinnufélaga innbyrðis, þá væri takmörkuð þörf fyrir verðlagseftirlit í landinu. En það er mergur þessa máls, að innflutningur til landsins er nú ekki frjáls, hann er takmarkaður, og það er ekki um að ræða í landinu fullkomna samkeppni, hvorki á milli kaupmanna eða kaupfélaga innbyrðis af mörgum orsökum né heldur á milli kaupmanna innbyrðis. Og það er þessi staðreynd, sem gerir það fyrst og fremst að verkum, að það er nauðsyn á verðlagseftirliti, eins og ástand okkar viðskiptamála nú er.

Ég hef líka bent á það áður, að nú er í raun og veru ekki frjáls innflutningur nema á ýmsum matvörum og ýmsum vefnaðarvörum og svo á bátagjaldeyrisvörunum svo kölluðu; á þeim er innflutningur frjálsastur. Það eina, fyrir utan ýmsar helztu matvörurnar, sem nú má flytja til landsins í algerlega ótakmörkuðu magni, eru vörurnar á bátagjaldeyrislistanum. Samt sem áður vita nú allir, að á þeim hefur verið mest okrað af öllum vörum, sem fluttar hafa verið til landsins. Af hverju? Meðal annars af því, að samvinnuhreyfingin hefur af einhverjum ástæðum ekki viljað taka að sér að verzla með þessar vörur og veita kaupmönnum samkeppni á því sviði. Á ýmsum öðrum vefnaðarvörum, eins og menn vita, er innflutningurinn nú takmarkaður, þar sem ákveðið hefur verið, að þær megi ekki flytja inn lengur samkv. frílista, heldur skuli innflutningur á þeim fyrst og fremst vera frá jafnvirðiskaupalöndunum, þar sem erfitt er að fá þær, auk þess sem þær eru þaðan dýrari heldur en í þeim löndum, sem bær áður voru keyptar frá.

Þessi röksemd hv. þm. á því ekki við neitt að styðjast, eins og málum er nú komið. — Að síðustu segir hann, að það muni verða ríkissjóði mikill útgjaldaauki, ef þetta frv. næði fram að ganga, vegna þess að þá mundi ríkisstarfsmönnum fjölga verulega, en þeir séu þegar nógu margir fyrir. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Það mætti gjarnan fækka eitthvað við ríkisjötuna, og þar hefur hv. þm. mjög góða aðstöðu til þess að láta til sín taka, þar sem hann er einn af mikilhæfustu stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj., og vafalaust einn meðal þeirra, sem hæstv. fjmrh. mundi taka mest mark á, ef hann léti einhverjar skynsamlegar tillögur frá sér heyra á því sviði, en mér þykir undarlegt, ef það er aðeins á sviði verðlagseftirlitsstarfsmanna, sem þessi hv. þm. óskar eftir því að ríkið spari. Og í þessu sambandi hefði verið mjög æskilegt að fá að vita það, og ég mun að gefnu þessu tilefni koma á framfæri fyrirspurn um það til hæstv. fjmrh., hvað stjórnin hefur í raun og veru sparað mikið með því að afnema verðlagseftirlitið. Mér segir nefnilega svo hugur um, að það hafi verið sáralítið, aðeins nokkrir tugir þúsunda, svo að það mundi í raun og veru verða mjög lítill kostnaðarauki, þó að verðlagseftirliti væri aftur komið á í sama formi og það var fyrir 1½ ári, áður en ríkisstj. tók að framkvæma þetta atriði í stefnuskrá sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. fjhn., á þskj. 213, var útbýtt 12. nóv., en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

8. Hvíldartími háseta á togurum (frv. EmJ o. fl.).

Á 3. fundi í Nd., 3. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim lögum [22. mál] (þmfrv., A. 22).

Á 4. fundi í Nd., 6. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa um þetta mál mörg orð. Það hefur legið fyrir fyrr hér í þessari hv. deild, en því miður ekki náð fram að ganga, svo að efnislega er hv. þdm. þetta frv. áður vel kunnugt. En það fer í stuttu máli fram á það, að lögfest verði 12 stunda hvíld fyrir togarasjómenn, í stað þess að nú eru í lögum ákvæði um, að lágmarkshvíldartíminn skuli vera 8 klst. á sólarhring. Það hafa, eins og ég sagði, verið færð áður fram ýtarleg og skýr rök fyrir nauðsyn þess, svo að ég skal ekki fara lengra út í þá hlið málsins. En mig langar til aðeins að minna á það, sem sagt var í umræðunum á síðasta þingi út af þessu máli.

Frsm. frv. sagði þá svo, með leyfi hæstv. forseta: „Eins og bent er á í greinargerð frv., getur svo farið nú, að gildandi samningum verði sagt upp, og stendur yfir atkvgr. um það, hvort svo skuli gert. Ef til nýrra samninga kemur, verður hvíldartíminn mikilvægt atriði, og ég veit með vissu, að sjómenn munu halda til streitu kröfu sinni um 12 stunda hvíld á öllum veiðum. Ef löggjafarvaldið leysir ekki þetta mál, getur það haft í för með sér langa og harðvítuga vinnudeilu, en á því græða engir nema óþurftarmenn þjóðfélagsins.“ Þetta hefur komið svo nákvæmlega fram eins og maður getur hugsað sér.

Það varð á þessu ári öndverðu hörð deila milli togaraeigenda og sjómannafélaganna um einmitt fyrst og fremst hvíldartímann. Eftir að þessi átök höfðu staðið um æðilangan tíma — og ég vil segja um óþarflega langan tíma, — tókst að ná samningum einmitt á þeim grundvelli, sem þetta lagafrv. gerir ráð fyrir og eins og það hefur áður gert ráð fyrir, þannig að átökin mundi gersamlega hafa verið unnt að spara, ef Alþingi hefði borið gæfu til að lögfesta frv. eins og það hefur legið hér fyrir á undanförnum þingum. Það hefur sem sagt orðið sú niðurstaða af þeim samningaviðræðum, sem áttu sér stað síðast á milli togaraeigenda og sjómannafélaganna, að þeir hafa tekið upp í samninga sína nú ákvæði um 12 stunda hvíld á togurum á öllum veiðum. En þetta er ekki nema samningsatriði og getur þess vegna enn í samningaumræðum í framtíðinni orðið nýtt deiluefni hvenær sem er og valdið þar harðvítugum átökum. Það er alveg óhætt að slá því föstu, að sjómenn munu ekki sætta sig við, að þetta ákvæði, sem þeir hafa nú fengið inn í samninga sína, verði þaðan burt numið, á meðan ekki eru lög sett um þetta efni, og alls ekki víst, að togaraútgerðarmenn muni að óreyndu sætta sig við að taka þetta upp í samninga á ný, svo að deilan getur blossað upp hvenær sem er á ný og valdið óbætanlegu tjóni og erfiðleikum. Til þess að koma í veg fyrir þetta er frv. flutt, og ég vildi nú óska þess, að þessi hv. deild og Alþingi í heild bæri gæfu til þess að samþ. frv., svo að til þeirra átaka þyrfti ekki að koma.

Ég tel svo, eins og ég sagði í upphafi, óþarfa að hafa um þetta fleiri orð. Málinu hefur verið lýst hér áður mjög rækilega, og ég sé enga ástæðu til að endurtaka það nú. Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

9. Hvíldartími háseta á togurum (frv. SG o. fl.).

Á 3. fundi í Nd., 3. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim lögum [24. mál] (þmfrv., A. 24).

Á 4. fundi í Nd., 6. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Guðnason): Herra forseti. Það er nú ekki í fyrsta sinn, sem þetta frv. hefur komið fyrir Alþingi, og það er ekki heldur í fyrsta sinn, sem tvö samhljóða frv. hafa komið fram, svo að maður gæti nú hugsað, jafnlangt og er liðið síðan þetta mál kom fyrst til umr. hér og þar sem tveir þingflokkar hafa verið með frv. um þetta efni, að það væri nú óþarfi að halda langa ræðu um málið, þegar það er orðið leyst í samningum og þetta frv. fer eingöngu fram á það, að bundið verði í lög það, sem samið var um síðast milli sjómanna og útgerðarmanna um hvíldartíma háseta á botnvörpuskipum. Það hefur tekið þetta 5—6 ár og þýtt tvær langvarandi deilur, sem hefðu verið alveg óþarfar, ef Alþingi hefði haft skilning á því, hve þetta var mikið áhugamál fyrir sjómennina, enda viðurkennt hjá yfirleitt öllum sjómönnum, að sami hópur manna afkasti eins mikilli vinnu með þessu fyrirkomulagi eins og með því að hafa 16 tíma vinnu.

Ég get nú ekki verið að rekja neitt sögu þessa máls, enda er það gert hér í greinargerð fyrir frv. að dálitlum mun. En það er ég viss um, að það er enginn vafi á því, að sjómenn láta ekki taka þennan rétt af sér, sem þeir eru búnir að semja um, því að þeir eru búnir að berjast svo mikið fyrir honum. Og það er rétt og skylt, að Alþingi komi í veg fyrir það, að þetta málefni geti orðið að harðvítugum deilum síðar meir, og það er dálítið athugavert við það, sem hv. alþm. ættu að taka til greina, að togaravökulögin eru þau einu lög, sem verkamenn hafa sótt hingað til Alþingis um rétt sinn og það að breyta þeim og fá mannsæmandi hvíld hefur kostað lengri og meiri átök og kostað þjóðina meira en nokkur önnur baráttа verkalýðsins, sem hefur ekki verið lögfest. Og ég vona nú, að Alþingi sjái sér fært að breyta togaravökulögunum í samræmi við samninga, eins og frv. fer fram á og ekkert annað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. sjútvn., á þskj. 558, var útbýtt 20. jan., en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

10. Atvinnubótasjóður.

Á 3. fundi í Nd., 3. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um atvinnubótasjóð ríkisins [34. mál] (þmfrv., A. 34).

Á 6., 7., 8. og 9. fundi í Nd., 10., 13., 14. og 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 11. fundi í Nd., 20. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Það er alkunnugt, að þótt við Íslendingar eigun nú betri atvinnutæki en nokkru sinni fyrr, þá hefur á hinum síðari árum nokkuð brytt á atvinnuleysi í landinu. Ég hygg, að menn greini ekki á um það, að orsakir þess séu fyrst og fremst tvær. Í fyrsta lagi aflabrestur á síldveiðum og sums staðar á landinu einnig á öðrum veiðum. Þessi aflabrestur hefur valdið sjómönnum og útvegsmönnum geysilegu tjóni og stórfelldum tekjumissi og hefur átt ríkan þátt í því að gera þröngt fyrir dyrum útgerðarinnar, skapað henni geysimikla lánsfjárþröng og sökkt henni í skuldir. Af þessu hefur leitt, að útgerðartími skipa hefur á mörgum stöðum — og þá fyrst og fremst vélbátaflotans — orðið styttri en ella. Af því hefur hins vegar leitt skort á hráefni, sem t. d. hraðfrystihúsin og önnur fiskiðnaðarfyrirtæki þurfa til starfrækslu sinnar, en á starfrækslu þeirra byggist atvinna og afkoma almennings við sjávarsíðuna að mjög verulegu leyti. Í öðru lagi sprettur það atvinnuleysi, sem gert hefur vart við sig á síðari árum þrátt fyrir batnandi atvinnutæki, af því, að einstök byggðarlög skortir atvinnutæki, ýmist til þess að hagnýta þann afla, sem dreginn er á land, eða til þess að sækja hráefnin, til þess að afla fisks. Það er vitað, að á fjöldamörgum stöðum á landinu er skortur á þessu hvoru tveggja. Það skortir vélbáta, og það skortir hraðfrystihús, fiskimjölsverksmiðjur og önnur iðjufyrirtæki, sem gætu átt ríkan þátt í því í senn að gera sjávarafla verðmætari og atvinnu alls almennings við sjávarsíðuna tryggari og öruggari. Því má svo bæta við sem þriðju ástæðu fyrir atvinnuleysi í landinu undanfarið, að vegna rýmri innflutnings, meira verzlunarfrelsis, hafa einstakar greinar iðnaðarins, a. m. k. fyrst í stað, átt þröngt um vik við að standast samkeppni frá erlendum iðnaðarvarningi. Ég hygg, að um það ríki ekki ágreiningur, að atvinnuleysi sé böl í hverju því þjóðfélagi, þar sem þess verður vart. Vinnuaflið er dýrmætasta eign hverrar þjóðar. Það, að eiga ekki kost á atvinnu, hlýtur að verka lamandi á hvern starfsfúsan mann. Það hlýtur þess vegna að vera höfuðtakmarkið í atvinnumálum hverrar þjóðar, að næg atvinna sé handa öllu því fólki, sem vill og getur starfað.

Íslendingar hafa sýnt á þessu glöggan skilning hin síðari ár, eftir að efnahagur þeirra fór batnandi. Eftir síðustu heimsstyrjöld var mikil áherzla lögð á að kaupa til landsins atvinnutæki og skapa þjóðinni bætta aðstöðu í lífsbaráttunni og aukna möguleika til aukinnar framleiðslu. Hefur það að sjálfsögðu átt ríkan þátt í að bæta aðstöðu margra byggðarlaga, sem áður voru illa á vegi stödd. Í þessu sambandi má geta þess, að af þeim togurum, sem keyptir hafa verið til landsins nýir eftir síðustu heimsstyrjöld, munu nú um það bil 20 vera staðsettir úti á landi í kaupstöðum og sjávarþorpum og margir þeirra á stöðum, sem alls ekki höfðu togaraútgerð áður. Þetta hefur orðið þessum stöðum hin mesta lyftistöng og jafnframt ýtt undir aðra, sem enn þá hafa ekki fengið slík framleiðslutæki, til kröfugerðar um það, að hliðstæðar ráðstafanir verði gerðar til viðreisnar eða eflingar atvinnulífsins hjá þeim. En þrátt fyrir þessar atvinnulífsumbætur síðustu ára fer því þó víðs fjarri, að hægt sé að segja, að jafnvægi hafi skapazt í atvinnumálum þjóðarinnar og að öll byggðarlög landsins hafi nægileg framleiðslutæki. Það eru enn þá margir kaupstaðir og kauptún, sem skortir atvinnutæki til þess að fullnægja atvinnuþörf íbúa sinna.

Með því frv., sem hér liggur fyrir og flutt er af okkur 7 þm. Sjálfstfl., er lagt til, að gerðar verði sérstakar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir sköpun atvinnuleysis í landinu og að tryggja á varanlegan hátt atvinnu alls almennings. Þar er lagt til, að stofnaður verði sérstakur sjóður, sem heiti atvinnubótasjóður, til þess að stuðla að atvinnuframkvæmdum á þeim stöðum, sem skortir atvinnutæki, og er fyrst og fremst haft í huga, að það fé, sem veitt er til atvinnulífsframkvæmda á einstökum stöðum, verði notað til varanlegra framkvæmda, til kaupa á framleiðslutækjum, sem tryggi í framtíðinni afkomu fólksins í hlutaðeigandi byggðarlagi og næga atvinnu þar á staðnum. Það er hugmynd okkar flutningsmanna, að það verði fyrst og fremst einstaklingar, samtök þeirra í hlutafélags- eða samvinnufélagsformi, og enn fremur bæjar- og sveitarfélög, sem forustu hafi um slíkar umbætur í atvinnumálum á hverjum stað. Hér er því ekki verið að stofna til umfangsmikils ríkisrekstrar. Við höfum meiri trú á því, að þetta vandamál verði leyst með því, að einstaklings- og félagsframtak njóti sín sem bezt, að vísu í samvinnu við opinbert framtak, bæjar- og sveitarfélög, heldur en að byggja allt á því, að ríkið annist rekstur slíkra tækja og flækist þannig inn í áhætturekstur víðs vegar um land allt.

Þá er lagt til í frv. þessu, að ríkissjóður leggi fram 4 millj. kr. til stofnunar atvinnubótasjóðs á næsta ári. Það er sama upphæð og hv. Alþ. heimilaði hæstv. ríkisstj. að verja á líðandi ári í atvinnubótaskyni. Sú heimild mun nú hafa verið notuð að mestu eða öllu leyti, og það virðist ekki freklega í sakirnar farið að leggja til, að atvinnubótasjóður verði stofnaður með svipaðri upphæð. En enn fremur er gert ráð fyrir, að til hans verði greiddar af ríkisfé 2 millj. kr. á ári hverju næstu 10 ár, og í þriðja lagi, að ¼ hluti af mótvirðissjóði renni í atvinnubótasjóð, eftir því sem lán hans innheimtast, en mótvirðissjóður mun nú vera um 320 millj. kr. Í þessu sambandi vil ég minna

á, að Alþ. samþykkti á síðasta þingi viljayfirlýsingu um það, að ráðstafanir yrðu gerðar til þess, að mótvirðissjóði yrði varið, þegar fé hans er tiltækt til slíkrar ráðstöfunar, til lánastarfsemi að hálfu í þágu landbúnaðarins og að hálfu til eflingar framleiðslu og framkvæmdum fyrir kaupstaði og kauptún.

Við flm. leggjum til, að helmingur þess fjár, sem þáltill. gerir ráð fyrir að renni til framkvæmda við sjávarsíðuna, renni í atvinnubótasjóð, þennan sjóð, sem á að hafa það hlutverk að byggja upp atvinnulíf sjávarsíðunnar og skapa þar jafnvægi og tryggja afkomumöguleika almennings á þeim stöðum, sem nú búa þar við öryggisleysi um afkomu sína. Ég skal ekki fjölyrða um þennan þátt frv., en vil þó benda á það, að ef til vill er aldrei meiri nauðsyn á því en nú, þegar ríkisvaldið hefur haft forustu um stórfelldar framkvæmdir í þéttbýlinu, — á ég þar við hinar miklu raforkuvirkjanir við Sog og Laxá, — að líta á þörf þeirra landshluta, þar sem byggðin er strjálust. Ég hygg, að ef ekki yrði snúizt að því að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja afkomu almennings og atvinnuskilyrði í þeim hlutum landsins, þá skapaðist stórkostleg hætta á því, að einmitt þau auknu lífsþægindi og bættu atvinnuskilyrði, sem renna í kjölfar hinna miklu raforkuvirkjana fyrir þéttbýlið, yrðu til þess að skapa stórfelldan fólksflótta frá hinum strjálbýlli framleiðslubyggðarlögum til lands og sjávar víðs vegar um land. Þess vegna held ég, að það sé mjög rökrétt hjá okkur flm. að leggja til, að mótvirðissjóðurinn, sem myndaður er af erlendu framlagi, sem notað hefur verið að langmestu leyti til byggingar hinna miklu raforkuvera fyrir þéttbýlið, gangi einmitt til þessa sjóðs til þess að skapa jafnvægi í atvinnulífi þjóðarinnar. Ég vil því leggja mikla áherzlu á það, að hv. Alþingi gefi þessari hlið málsins gaum. Það hafa á undanförnum árum legið og liggja einnig fyrir þessu þingi frv. og till. frá hæstv. ríkisstj. um stórfelldar fjárveitingar til þessara miklu framkvæmda þéttbýlisins, sem ég að sjálfsögðu er fylgjandi og tel sjálfsagðar og eðlilegar. En við megum ekki gleyma þeim landsmönnum, sem við verri aðstöðu búa, en engu að síður inna af höndum mikilvægt starf í framleiðsluatvinnugreinum þjóðarinnar. Þvert á móti verðum við að freista þess að koma í veg fyrir, að enn aukið jafnvægisleysi skapist og ný vandamál verði til í því þéttbýli, sem mest hefur verið gert fyrir.

Ég hygg, að ég hafi í aðalatriðum gert grein fyrir þeirri stefnu, sem þetta frv. byggist á. Sé ég ekki ástæðu til að ræða ýtarlega einstakar greinar þess við þessa umr. En í frv. er lagt til, að stjórn atvinnubótasjóðs verði mynduð af fulltrúum frá verkalýðssamtökunum, Vinnuveitendasambandi Íslands og ríkisstjórninni. Virðist það eðlilegt, þar sem atvinnurekendur og launþegar eiga að sjálfsögðu báðir ríkra hagsmuna að gæta í því, að unnt verði að koma í veg fyrir atvinnuleysi og skapa jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Ég vil svo að lokum segja það, að erfitt árferði getur að sjálfsögðu skapað þá erfiðleika í atvinnulífi þjóðarinnar, sem erfitt er að bæta úr á hverjum tíma. En þess er þá að gæta, að því betri og meiri framleiðslutæki sem þjóðin á, því meiri er mótstöðuþróttur hennar, því minni hætta er á því, að það fólk, sem vill vinna og getur unnið, verði fyrir barði atvinnuleysis og vandræða.

Ég vil svo leyfa mér að vænta þess og við flm. allir, að þetta frv. fái hér góðar móttökur og að þessu þingi ljúki ekki svo, að ekki verði stigin spor til varanlegra umbóta í atvinnulífi þessarar þjóðar, spor, sem marki merka áfanga í baráttu hennar fyrir atvinnuöryggi í landinu.

Ég leyfi mér svo að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Það er vissulega satt, sem segir í upphafi grg. fyrir þessu frv., að það hafi orðið vart atvinnuleysis hér á landi nokkur undanfarin ár, og sízt er of djúpt tekið í árinni, þó að þetta sé orðað á þann veg. Það er vitanlegt, að sérstaklega tvö síðustu árin hefur verið allalvarlegt atvinnuleysi víða um landið og virðist hafa farið vaxandi eftir því, sem lengur líður. — Svo halda hv. flm. þessa frv. áfram í grg. sinni og segja að þessu valdi ýmsar ástæður, og er það rétt. En þeir telja fram tvær ástæður, sem þeir vilja fyrst geta um, þ. e. „aflabrest hjá sumum greinum útvegsins og þá fyrst og fremst á síldarvertíð fyrir Norðurlandi“ — og þetta er rétt, — en síðan er bætt við: „erfitt veðurfar hefur einnig átt nokkurn þátt í atvinnuerfiðleikum til lands og sjávar“. Úr þessu atriði vil ég ekki gera ýkjamikið, ekki frekar en vanalegt er á okkar nokkuð óveðrasama landi, þar sem svo er oft, að það eru landlegudagar við sjóinn, og eins er við suma útivinnu, að ekki er jafnmikið hægt að stunda hana á öllum tímum ársins. En það er vissulega ekki þetta sérstaka fyrirbæri, sem hefur orðið til þess að skapa atvinnuleysi á Íslandi. En mér virðist, að hv. flm. gangi fram hjá einu miklu atriði, sem vissulega hefur átt sinn þátt í því að skapa atvinnuleysi á Íslandi undanfarin ár, og það er sú stjórnarstefna, sem hér hefur verið upp tekin hin síðustu árin.

Það gefst vafalaust til þess betra tækifæri síðar á hv. Alþingi að ræða um stjórnarstefnuna og áhrif hennar á hag almennings í landinu, en ég ætla þó, að það sé ekki nokkrum vafa bundið, að margt er það í stefnu núverandi ríkisstj., sem beinlínis hefur haft það í för með sér, að það hefur skapazt aukið og vaxandi atvinnuleysi á Íslandi. Ég vil þá einmitt tilnefna, eins og hv. 1. flm. drap á, hvernig iðnaðarmálum okkar er komið á seinustu tímum og hvern þátt stjórnarstefnan hefur átt í því að skapa það aukna atvinnuleysi, sem orðið hefur í iðnaðinum. Ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum, en vil aðeins segja það, að sá — ég vil segja skipulagslausi, þó að það fari í taugarnar á mörgum mönnum, sem tala um skipulagsbundinn innflutning og skipulagsbundinn útflutning, — en ég vil aðeins segja,

að sá skipulagslausi innflutningur, sem verið hefur hin síðustu árin og hefur leitt til þess, að hrúgað hefur verið inn í landið m. a. miklu af fullunnum iðnaðarvörum, samtímis því sem lagður hefur verið hár tollur á efni til iðnaðarvarnings fyrir íslenzkan iðnað, hefur átt verulegan þátt í því að skapa atvinnuleysi í iðnaðinum íslenzka. En ég skal ekki við þessa umr. málsins, af því að það snertir þetta ekki nema óbeint, fara langt inn á þessi atriði öll, en ég vildi aðeins undirstrika það, út af því, sem segir í þessari grg., að hægt hefði verið og með miklum sanni að telja upp aðrar og að sumu leyti áhrifaríkari ástæður fyrir því, að atvinnuleysi hefur skapazt hér á landi, heldur en það, sem flm. frv. benda á, og þá sérstaklega það atriði, er varðar veðráttufarið. Úr hinu vil ég ekkert draga, heldur undir það strika, að aflabrestur, sérstaklega á síldarvertíð, sem verið hefur nú raunar átta síðustu árin og var hér 5—6 ár áður en fór nokkuð verulega að bera á atvinnuleysi á Íslandi, — að þessi aflabrestur hefur í sumum verstöðvum landsins átt mjög mikinn þátt í því að skapa þar örðuga atvinnuhætti. En sem sagt, frá mínum sjónarhóli séð er gengið fram hjá kannske áhrifaríkustu ástæðunum fyrir því, að atvinnuleysi hefur skapazt á Íslandi. Þess vegna vildi ég vekja athygli á því, sem mér finnst á vanta í grg. hv. flm. varðandi þetta atriði, en mun ekki varðandi þetta mál, nema gefist frekara tilefni til, fara inn á það nánar, því að eins og ég sagði áður gefst vafalaust tækifæri til þess hér á Alþingi síðar að ræða um áhrif núverandi stjórnarstefnu á atvinnuhætti landsmanna og afkomu fólksins í landinu yfirleitt, og mun það áreiðanlega verða gert áður en þessu þingi lýkur. En hitt vil ég undirstrika betur með flm., að það hefur orðið vart atvinnuleysis hér á landi undanfarin ár, og ég vil undirstrika það líka, sem hv. flm. þessa frv. segja hér aftarlega í grg., að mestu máli skipti, að unnt sé að koma í veg fyrir, að atvinnuleysi skapist. Þetta er vissulega sannmæli og aldrei of oft undirstrikað og aldrei of mikið gert til þess að sýna í verki þann vilja að hindra atvinnuleysið.

En þegar ég nú hef aðeins drepið á þetta, hvers mér finnst ávant í grg., þá skal ég snúa mér að sjálfu frv. og skal þá byrja á því að lýsa ánægju minni yfir framkomu þessa frv. Hvað sem að öðru leyti má segja um það, að það hefur oft verið þörf, en nú nauðsyn að gera einhverjar slíkar úrbætur eins og frv. gerir ráð fyrir, og hvað sem líður því, af hvaða ástæðu þetta atvinnuleysi hefur skapazt, þá erum við sammála, flm. og ég, um það, að þörf sé úrbóta og það sé þörf að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Og ég endurtek það aftur: Ég fagna framkomu þessa frv., og ég álít það spor í rétta átt, að ríkið leggi af mörkum ákveðið fjárframlag til þess að stuðla að því, að meiri og betri atvinna megi skapast á þeim stöðum sérstaklega, þar sem hefur orðið vart alvarlegs atvinnuleysis. Og ég álít það líka rétt og er sammála flm. frv. um það, að það sé sjálfsagt og eðlilegt að gera ráð fyrir því, að sá hluti af mótvirðissjóðnum, sem þeir ræða um í frv. sínu, verði lagður fram til þessarar sjóðmyndunar. Sem sagt, hugmyndin í frv., sem hér liggur fyrir, er góð, og ég og við Alþýðuflokksmenn munum styðja hana, eftir því sem við bezt getum. Það má að vísu segja, að það gæti verið matsatriði, hvort orða bæri öðruvísi niðurlag 1. gr. frv. um það, hverjir ættu að fá það fé að láni, sem gert er ráð fyrir að safnist í atvinnubótasjóðinn, en það er þó frá mínu sjónarmiði ekki neitt aðalatriði. Það er kannske ekki alveg skýrt, þó að segja megi það, að félagssamtök sé vítt hugtak, að það nái t. d. jafnt til samvinnufélaga, hlutafélaga og sameignarfélaga, og vildi ég mega vænta þess, að svo væri, því að ég álít, að einmitt samvinnufélög, hlutafélög og sameignarfélög, sem reka atvinnu á stöðum, þar sem örðugt er um atvinnu, ættu að eiga þess kost að geta fengið lán úr sjóðnum á þann hátt og í þeim tilgangi, sem gert er ráð fyrir í frv. En það er sem sagt mikið aukaatriði og mætti lagfæra, ef þurfa þætti, í meðferð þingsins á þessu máli, sérstaklega þá niðurlag 1. gr. frv., sem þó mætti ef til vill skilja á þann veg, að ég teldi, að þar væru allar leiðir nægilega opnaðar til þess, að þeir fengju lán, sem helzt væru líklegir til þess að nota það á þann veg til að hrinda áfram atvinnuframkvæmdum á atvinnuleysisstöðum.

Ég mun nú ekki hafa þessi orð mín öllu fleiri við þessa umr. málsins, en vildi taka þetta fram strax þegar frv. var hér til 1. umr., en þó vildi ég að lokum mjög undirstrika niðurlag greinargerðar frv., þar sem stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Það er von flm., að um þetta mál geti tekizt gott samkomulag, þannig að það fái skjóta afgreiðslu.“ Ég vil mjög taka undir þessi orð í niðurlagi grg., og ég vil heita ótrauðu fylgi Alþfl. til þess, að þetta frv. geti fengið skjóta og góða afgreiðslu, og þar sem svo margir áhrifaríkir og skeleggir menn flytja frv. og eiga að baki sér væntanlega stærsta þingflokkinn hér á Alþ., þá vildi ég mega vænta þess, að engin vandkvæði yrðu á að hrinda þessu máli áleiðis. Ég vildi fyrir mitt leyti hjálpa flm. til að auglýsa ágæti þessa frv., þar sem væri hægt að koma því við, en það er ekki nægilegt, jafnvel þótt sé fyrir nýjar alþingiskosningar, að auglýsa ágæti nýrra mála, sem fram koma á Alþingi. Mest er undir því komið, að málin séu flutt á þann veg og njóti þess stuðnings í Alþingi, að þau nái fram að ganga, og ég er ekki að draga það í neinn vafa, að hv. Sjálfstfl. muni fylgja þessu máli vel og einarðlega, og þá vildi ég mega vænta, að samstarfsflokkurinn í ríkisstj. mundi ekki vera sérstaklega óvinsamlegur stóru máli samstarfsflokks síns, og þar sem ég geri ráð fyrir því, að þeir fulltrúar íslenzkra kommúnista, sem hér eiga sæti á Alþ., muni ekki vera þessu máli óvinsamlegir, þá held ég, að það væri alveg öruggt, sem stæði í niðurlagi frv., að það ætti að takast um það gott samkomulag og það fá skjóta og góða afgreiðslu. Að því vildi ég vinna með hv. flm. þessa frv., og vona ég, að niðurlagsorðin í greinargerðinni verði að áhrínsorðum á yfirstandandi Alþingi.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vildi í fáeinum orðum láta í ljós mjög eindreginn stuðning minn við þá hugsun, sem fram kemur í þessu frv. Ég tel, að ekki leiki á tveim tungum, að brýna nauðsyn beri til þess að tryggja lánsfé til framkvæmda á þeim stöðum í landinu, þar sem sérstaklega vantar nú framleiðslutæki til þess að tryggja það, að allar verkfúsar hendur þar hafi nóg verk að vinna. Sú hugsun, sem í frv. felst, er tvímælalaust heilbrigð, og ég óska þess einlæglega, að hún nái fram að ganga í einhverju formi. Hins vildi ég hins vegar láta getið, að mér virðist það ekki vera í fullu samræmi við viss atriði í fjárlagaræðu hæstv. fjmrh. Þar kom fram, að ríkisstj. hefði í hyggju að koma á fót Framkvæmdabanka, sem í skyldi renna m. a. mótvirðissjóðurinn og þá væntanlega þannig, að tillit yrði tekið jafnframt til þeirrar till. til þál., sem samþ. var á síðasta Alþ., sem m. a. kvað svo á um, að helmingi af fé mótvirðissjóðs skyldi varið til þess að efla ýmsar framkvæmdir í sveitum, en hinum helmingnum til þess að efla framkvæmdir við sjávarsíðuna.

Nú verður hvort tveggja náttúrlega ekki gert á sama þingi, annars vegar að koma upp Framkvæmdabanka, sem allur mótvirðissjóðurinn skuli renna í, með þessu fororði þó, og koma upp atvinnubótasjóði, sem fjórðungur af fé mótvirðissjóðs skuli renna í. Mig langar þess vegna til þess að vita, hvort hæstv. ríkisstj. muni verða reiðubúin til þess að stuðla að framgangi þessa máls. Margir mjög áhrifaríkir stuðningsmenn ríkisstj. í öðrum stjórnarflokknum eru flm. að þessu frv. Því var útbýtt eftir að hæstv. fjmrh. gerði það kunnugt í fjárlagaræðu sinni, að stjórnin, að því er manni skildist, mundi leggja til, að stofnaður yrði Framkvæmdabanki, sem fá skyldi mótvirðissjóðinn allan. Mér finnst ástæða til þess, að hv. þdm. verði frá því skýrt, hvort framkoma þessa frv. þýði það að einhverju leyti, að stjórnin hafi horfið frá þessari tilkynningu hæstv. fjmrh. eða hvort stjórnin hafi kannske aldrei staðið á bak við hana, sem ég þó engan veginn geri ráð fyrir. Þetta er sem sagt svo mikilsvert mál, að mér finnst, að 1. umr. þessa máls eigi ekki að ljúka án þess, að fram komi skýrar upplýsingar um þetta. Er það tilætlun hæstv. ríkisstj. að koma á fót Framkvæmdabanka, sem fá skuli mótvirðissjóðinn allan? Það hlýtur að þýða, að hæstv. ríkisstj. getur ekki stutt að þessu frv. Eða er það tilætlun hæstv. ríkisstj. að hverfa frá yfirlýsingu hæstv. fjmrh. og styðja þetta frv.? Ég skal taka það skýrt fram, að frá mínum bæjardyrum séð er það ekki aðalatriðið, hvor leiðin verður farin, heldur hitt, að því fé mótvirðissjóðs, sem verður til ráðstöfunar til fjárfestingar, verði varið að mjög verulegu leyti til þess að tryggja atvinnuskilyrði fólksins þar, sem þau nú eru rýr. En hitt vil ég að komi skýrt fram í jafnmikilsverðu máli og þessu, hver er hin raunverulega fyrirætlun hæstv. ríkisstj., og þess vegna leyfi ég mér að beina þessari fyrirspurn til hennar: Stendur hún við tilkynningu hæstv. fjmrh. um stofnun Framkvæmdabankans, eða ætlar hún sér að styðja að framgangi þessa frv.?

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

11. Sjúkrahús o. fl. (frv. PO og JR).

Á 3. fundi í Nd., 3. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 1949, um breyt. á l. nr. 33 12. febr. 1945, um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl. [35. mál] (þmfrv., A. 35).

Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Nd., 13. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Ottesen): Ég flutti á síðasta þingi frv., sem er samhljóða þessu. Það náði þá ekki fram að ganga, og höfum við hv. þm. Ak. nú flutt þetta frv. að nýju.

Það ríkti sú tilhögun hér um alllangt skeið, að ríkið lagði fram ⅓ kostnaðar við byggingu sjúkrahúsa í landinu, en jafnframt var þannig hagað til um þessi fjárframlög, að þau voru einungis látin taka til þess kostnaðar, sem leiddi af húsbyggingunni einni saman. Styrkurinn eða fjárframlagið tók hins vegar ekki til innanhússmuna eða læknisáhalda, sem þurfti að nota í sambandi við sjúkrahúsið. Þetta var á þeim tíma ekki jafntilfinnanlegt eins og nú af þeirri ástæðu, að þá voru læknavísindin miklu skemmra á veg komin og ekki þörf jafnmargra og dýrra tækja eins og nú er í sambandi við lækningarnar, því að eins og kunnugt er hafa framfarir í lækningum byggzt mjög á því, að handlækningarnar og nauðsynleg áhöld, sem nota þarf í sambandi við þær, hafa tekið stórum og miklum breytingum og framförum í seinni tíð.

Á þinginu 1949 voru gerðar þær breyt. um framlög til sjúkrahúsbygginga, að nú leggur ríkið fram allt að ⅔ kostnaðar, þegar um er að ræða byggingu slíkra húsa í kaupstöðum, en allt að ⅔ í öðrum sveitarfélögum, en hins vegar hefur ekki verið gerð sú lagfæring eða breyting á löggjöf um þetta efni að mæta þeirri ósk, sem fyrir hendi er, að styrkurinn nái einnig í sömu hlutföllum til húsbúnaðar, áhalda og lækningatækja. Eins og nú er komið um kostnað við þessa hlið sjúkrahúsbygginganna, þá er þetta orðið mjög nauðsynlegt og aðkallandi, af því að ég ætla, að kostnaður, sem leiðir af húsbúnaði, áhöldum og lækningatækjum, sé nú orðinn ⅓ hluti af heildarkostnaði við slíka framkvæmd. Þetta leiðir vitanlega af því, sem ég drap á áðan, hve handlækningarnar hafa tek-

ið miklum og stórvægilegum framförum. Í þessu frv. er því lagt til, að þessum óskum sé mætt, sem öll sanngirni mælir með, og það því fremur sem reynslan sýnir það alls staðar, að rekstur slíkra sjúkrahúsa, eftir að þeim hefur verið komið upp, er mjög erfiður, og víðast hvar, ef ekki alls staðar, eru þau, þrátt fyrir há daggjöld á sjúkrahúsunum, samt sem áður rekin með halla og það víða allverulegum halla, eins og t. d. þau sjúkrahús, sem ríkið stendur að, og svipað mun vera að segja um þau, sem eru á höndum annarra aðila. Við flm. leggjum þess vegna mjög ríka áherzlu á það, að eins og mætt var nauðsynlegum breyt., sem orðið hafa á kostnaði við byggingu slíkra húsa, 1949 með hækkuninni á framlaginu, þá verði nú tekið tillit til þess, hve geysilega hár liður í slíkri framkvæmd stafar af kostnaði við húsbúnað, áhöld og lækningatæki, og nú verði mætt þeirri ósk, að ríkisframlagið verði einnig látið taka til þessara framkvæmda. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að þetta er í fullu samræmi við yngri löggjöf um svipaða þátttöku ríkisins í byggingu t. d. skólahúsa og nokkurra annarra slíkra fyrirtækja, þar sem innanstokksmunir þeirra eru reiknaðir með byggingarkostnaðinum. Hér er því um sanngjarna og eðlilega samræmingu að ræða, sem gerð er með hliðsjón af þeim miklu breytingum, sem orðið hafa á þessu sviði frá því, sem áður var, þegar grundvöllurinn að þessu var lagður, um það, hversu haga skyldi þátttöku ríkisins í þessum kostnaði. — Ég vil svo óska þess, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

12. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. GÞG, StJSt o. fl.).

Á 4. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 1942, um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt [39. mál] (þmfrv., A. 39).

Á 6. og 7. fundi í Nd., 10. og 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 8. fundi í Nd., 14. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. felst það, að persónufrádráttur skuli hækkaður mjög verulega frá því, sem nú er, eða að hann skuli um það bil tvöfaldaður. Gert er ráð fyrir, að persónufrádráttur fyrir einstakling skuli vera 7 þús. kr., fyrir hjón 14 þús. og fyrir hvert barn 6 þús. kr., miðað við meðalvísitölu yfirstandandi árs.

Þingmenn Alþfl. hafa á undanförnum þingum hvað eftir annað flutt frumvörp í aðalefni samhljóða þessu frv., en þau hafa til þessa ekki náð fram að ganga. Hér er um að ræða tilraun til að bæta úr einum af mörgum ágöllum skattalöggjafarinnar eins og hún er nú, en ég tel, í stuttu máli, að á gildandi skattakerfi séu einkum þessir þrír gallar:

1) Að hlutdeild óbeinu skattanna sé orðin óhæfilega mikil.

2) Að mestur hluti óbeinu skattanna er söluskattur, sem hvílir mjög þungt á öllum almenningi, en skilar sér illa í ríkissjóð, og tollar á ýmsar nauðsynjavörur.

3) Að beinu skattarnir hvíla mjög misþungt á einstökum þjóðfélagsstéttum.

Ef athuguð er skipting ríkisteknanna samkvæmt fjárlfrv. því, sem hæstv. fjmrh. hefur nú lagt fyrir þetta þing, þá kemur í ljós, að gert er þar ráð fyrir því, að beinir skattar ríkisins nemi aðeins 14% af heildartekjum ríkisins, tekjur af ríkisstofnunum ýmsum hins vegar 22%, en tekjur af tollum og ýmsum óbeinum sköttum hvorki meira né minna en 62% af tekjum ríkisins. — Hæstv. fjmrh. gat þess í fjárlagaræðu sinni, að ríkistekjurnar væru hér svipaðar í hlutfalli við þjóðartekjurnar og í nokkrum nágrannalandanna, og efast ég ekki um, að þetta sé rétt reiknað, en hins vegar gleymdi hæstv. ráðh. að geta þess, að hlutfallið milli beinna og óbeinna skatta er hér allt annað en í þessum sömu löndum, sem hann nefndi. Þar skiptast tekjur ríkis og sveitarfélaga samanlagt um það bil til helminga milli beinna og óbeinna skatta, þ. e. a. s. ríki og sveitarfélög afla sér í Danmörku, Svíþjóð og Bretlandi t. d. um það bil helmings tekna sinna með beinum sköttum.

Allir beinir og óbeinir skattar hér til ríkis og sveitarfélaga munu vera um 540 millj. kr., en beinir skattar af því aðeins um 200 millj. Beinir skattar eru hér aðeins um 10% af þjóðartekjunum, en óbeinu skattarnir 17%, og er hér átt við bæði skatta til ríkis og sveitarfélaga. Þ. e. a. s., óbeinu skattarnir eru hér tiltölulega miklu hærri hluti af heildartekjuöflun ríkis og sveitarfélaga heldur en í löndunum í kringum okkur, og í því fyrst og fremst kemur fram hinn gífurlegi munur, sem er á tekjuöflunaraðferðum íslenzka ríkisins eða hinna opinberu aðila á Íslandi og landanna í kringum okkur. En þótt beinu skattarnir hér á Íslandi séu aðeins um 10% af þjóðartekjunum, þá eru þeir samt sem áður óbærilega þungir fyrir fjölmargar þjóðfélagsstéttir og þó sérstaklega ýmsar launastéttir. Atvinnurekendur hafa hins vegar, svo sem kunnugt er, margvísleg skilyrði til þess að skjóta undan skatti, auk þess sem þeir njóta margs konar hlunninda í skattgreiðslu, varasjóðsfrádráttar t. d., sérstakra reglna um fyrningarafskriftir og þar fram eftir götunum. Það er raunar ekkert sérstakt fyrir Ísland, að tekjur allar af atvinnurekstri komi ekki fram við skattaframtal. Athugun, sem gerð var í

Danmörku á þessu efni, leiddi í ljós, að tæplega 30% af tekjum af landbúnaði komu þar ekki til skatts, tæplega 20% af tekjum af iðju, iðnaði og verzlun komu ekki til skatts, en aðeins rúmlega 10% af öðrum tekjum, þ. á m. tekjum opinberra starfsmanna og margra launamannastétta, komu ekki til skatts. Þ. e. a. s., skattaundanbrögðin þar í landi voru næstum þrefalt meiri í landbúnaði, næstum tvöfalt meiri í iðju, iðnaði og verzlun heldur en átti sér stað um flestar mikilvægustu launastéttirnar.

Heildarundanbrögðin hér eru vafalaust meiri en á sér stað í Danmörku. Um skiptinguna á einstakar tekjustéttir verður hins vegar ekki sagt, þar eð engin slík athugun hefur farið hér fram, en margt bendir þó til þess, að sú staðhæfing sé rétt, að tekjuskattarnir hér á landi séu fyrst og fremst launaskattar, að þeir hvíli tiltölulega langþyngst á þeim mönnum, sem hafa föst laun.

Gallinn, sem nú er á óbeinu sköttunum, sem hér eru innheimtir á Íslandi, er fyrst og fremst sá, að þeir eru of almennir, þeir hvíla of þungt á allri almennri neyzlu. Ýmsa óbeina skatta, sem einkum hvíla á eignamönnum, vantar hér alveg, svo sem t. d. verðhækkunarskatta, og aðrir skattar, sem einkum lenda á þeim, sem hæstar hafa tekjur og mestar eignir eiga í þjóðfélaginu, svo sem erfðafjárskattar, eru hér mjög lágir. Hins vegar eru ýmsir óbeinir skattar, sem hvíla beinlínis á neyzlu jafnvel tekjulágra manna, tiltölulega mjög háir. En það er ekki aðeins, að óbeinu skattarnir hvíli of þungt á öllum almenningi og tekjulágu fólki, heldur gera beinu skattarnir það líka, og er það undarlegra og fullkomið sérkenni á skattakerfi okkar Íslendinga, og skattabyrði af beinu sköttunum er nú tiltölulega þyngri en hún var, þegar núgildandi skattalög fyrst voru sett, þ. e. a. s. 1935.

Það er grundvallaratriði í flestri skattalöggjöf, að hreinar þurftartekjur skuli undanþegnar skattgjaldi. Reglum þeim, sem settar eru um persónufrádrátt, er ætlað að tryggja slíkt. Samkvæmt rannsókn, sem skipulagsnefnd atvinnumála gerði á raunverulegum tekjum verkamanna hér í Rvík 1935, eða sama ár og gildandi tekjuskattslög voru sett fyrst, leiddi í ljós, að meðaltekjur verkamanna hér í Rvík voru þá 2500 kr. Gera má ráð fyrir, að þetta hafi verið algerar þurftartekjur, enda voru þessar tekjur skattfrjálsar samkv. tekjuskattslögunum frá 1935. Verkamaður hefði á því ári haft 3300 kr. í tekjur, ef hann hefði haft fulla vinnu og unnið 8 tíma á sólarhring alla vinnudaga ársins. Miðað við væntanlega visitölu yfirstandandi árs mundu verkamannstekjur verða 33 þús. kr., ef unnið væri 8 tíma á dag alla vinnudaga ársins, eða um það bil tífaldar fullar árstekjur ársins 1935. Virðist því ekki vera úr vegi að gera ráð fyrir því, að peningatekjur hafi á þessu tímabili, fyrir margar launastéttir a. m. k., tífaldazt, og er þá fróðlegt að bera saman, hvaða skatt mönnum var ætlað að greiða samkvæmt tekjuskattslögunum 1935, samanborið við tífaldar peningatekjur nú samkv. ákvæðum þeim, sem nú gilda á þessu ári.

Ég gat þess áðan, að verkamaður með 2500 kr. tekjur 1935, kvæntur verkamaður með 3 börn á framfæri, hefði engan skatt þurft að greiða 1935. Kvæntur verkamaður með 3 börn, sem hefði haft 25 þús. kr. tekjur í fyrra, átti nú í ár að greiða 101 kr. í skatt. Hann átti að greiða skatt, þó að tekjurnar hlytu að teljast hreinar þurftartekjur.

Af 3500 kr. tekjum 1935 hefði kvæntur verkamaður með 3 börn á framfæri þurft að greiða aðeins 0,1% af tekjum sínum í skatt, þ. e. a. s., hann var raunverulega skattfrjáls. Á þessu ári hefði kvæntur verkamaður með 3 börn og 35 þús. kr. tekjur þurft að greiða 548 kr. í skatt.

Sami maður með 4500 kr. tekjur 1935 hefði líka raunverulega verið skattfrjáls. Hann hefði þurft að greiða aðeins 0,37% af tekjum sínum í skatt, aðeins 17 krónur. Á þessu ári hefði kvæntur verkamaður með 3 börn og 45 þús. kr. tekjur þurft að greiða 1185 kr. í skatt, eða 1018 kr. meira en hann hefði þurft að gera, ef um væri að ræða sambærilegar skattgreiðslur og 1935.

Af 6000 kr. tekjum 1935 þurfti heimilisfaðir með 3 börn á framfæri sínu aðeins að greiða 1% af tekjum sínum í skatta, en af 60 þús. kr. tekjum á árinu 1951, sem greiddir eru skattar af á þessu ári, hefði þurft að greiða 2629 kr. í skatta til ríkisins.

Af þessum tölum sést mjög greinilega, að skattþunginn hefur aukizt mjög verulega á sambærilegum tekjum frá því, sem gert var ráð fyrir að hann yrði 1935. Ef skattur ætti að vera sambærilegur, þá ætti maður með 25 þús. kr. tekjur engan skatt að greiða, eins og ég tók fram áðan. Fjölskyldufaðir með 3 börn á framfæri, sem hefði haft 35 þús. kr. tekjur í fyrra, hefði aðeins átt að greiða 35 kr. í skatt, en greiddi raunverulega 548. Hann greiðir þannig rúmum 500 kr. meira en hann hefði gert 1935. Af 45 þús. kr. tekjum ætti slíkur fjölskyldufaðir nú raunverulega að vera skattlaus, þ. e. a. s., hann hefði átt að greiða 166 kr. í skatt, en er raunverulega látinn greiða 1185 kr. Og jafnvel þótt slíkur fjölskyldufaðir hefði haft 60 þús. kr. tekjur, þá hefði hann aðeins átt að greiða 600 kr. í tekjuskatt, ef sömu reglur hefðu gilt nú og giltu 1935, en hann greiðir 2629 kr. í skatt, þ. e. a. s., skattbyrðin hjá slíkum fjölskylduföður af 60 þús. kr. tekjum er 2029 kr. meiri en verið hefði samkv. reglunum frá 1935.

Um það er því ekki að deila, að þungi beinu skattanna er nú miklu meiri á öllu þessu tekjubili, frá 25 þús. upp í 60 þús. kr., en gert var ráð fyrir að hann væri samkv. reglunum frá 1935. Höfuðástæðan fyrir þessu er sú, að persónufrádráttur var þá ákveðinn tiltölulega miklu hærri en hann er nú reiknaður.

1935 var persónufrádráttur heimilaður 800 kr. fyrir einstakling, 1500 fyrir hjón og 500 kr. fyrir hvert barn. Nú á þessu ári hefur hann hins vegar verið reiknaður 3654 kr. fyrir einstakling, 4308 kr. fyrir hjón og 2842 kr. fyrir eitt barn í Rvík, en utan Rvíkur 2436 kr. Þannig hefur persónufrádráttur aðeins 4—5-faldazt á þessu tímabili, þótt tekjur hafi allt að tífaldazt,

eins og ég gat um áðan, og það er þetta fyrst og fremst, sem veldur því, hversu þungi beinu skattanna á launum hefur aukizt gífurlega. 1935 var persónufrádráttur einstaklings 32% af raunverulegum meðaltekjum verkamanns og persónufrádráttur hjóna 60% af þeim. En sé gert ráð fyrir því, að meðaltekjur verkamanns 1951 hafi numið um 30 þús. kr., er persónufrádráttur einstaklings aðeins 12% þessara tekna og hjóna aðeins 26%.

Þetta nær auðvitað engri átt. Sú hlutfallslega lækkun, sem hefur orðið á persónufrádrættinum, er mjög ósanngjörn. Hitt er hins vegar rétt, að það er ekki nóg að lagfæra þetta, það er ekki nóg að hækka persónufrádráttinn við útreikning á tekjuskatti til ríkisins. Það þarf einnig að breyta þeim reglum, sem gilda um útsvarsálagningu á tekjur. En þar eð niðurjöfnunarnefndir fylgja yfirleitt hliðstæðum reglum og gert var við álagningu tekjuskattsins, má búast við því, að slík hækkun á persónufrádrætti í skattalögunum mundi verða til þess, að niðurjöfnunarnefndir hækkuðu einnig persónufrádrátt við álagningu útsvara.

Útsvarsálagningin hér í Rvík er þannig, að af 25 þús. kr. tekjum á s. l. ári hefðu hjón með 3 börn þurft að greiða 1291 kr. í útsvar. 25 þús. kr. tekjur eru, eins og ég sagði áðan, hreinar þurftartekjur og ósvinna að leggja nokkurn skatt á slíkar tekjur, hvort sem er til ríkis eða bæjar. Engu að síður innheimtir bæjarsjóður Reykjavíkur 1291 kr. í útsvar af slíkum tekjum. Af 35 þús. kr. tekjum er útsvarið meira að segja 2719 kr., og þarf ég ekki að fara fleiri orðum um það, að í þessu felst slíkt ranglæti, að við svo búið má ekki lengur standa, hefur raunar staðið allt of lengi.

Ég skal svo að síðustu gera svolitla grein fyrir því, hvaða áhrif samþykkt þessa frv. hefði á greiðslu tekjuskatts og enn fremur á greiðslu útsvars, ef gert er ráð fyrir því, að reglum um útsvarsstigann hér í Rvík yrði breytt þannig, að persónufrádráttur þar yrði tvöfaldaður, eins og gert er ráð fyrir að persónufrádráttur við ríkisskattaálagningu verði samkv. þessu frv.

Af 25 þús. kr. tekjum greiðir verkamaður með 3 börn á framfæri nú 101 kr. í skatt og 1291 kr. í útsvar, en yrði skattfrjáls og útsvarsfrjáls, ef þessum reglum yrði breytt.

Af 35 þús. kr. tekjum greiðir kvæntur maður með 3 börn nú 548 kr. í ríkisskatt og 2419 kr. í útsvar. Ríkisskatturinn lækkaði hjá honum um 509 kr. og útsvar um 1409 kr. Samtals yrði lækkun hans á opinberum gjöldum 1918 kr.

Af 45 þús. kr. tekjum er skattgreiðslan nú 1185 kr. og útsvarsgreiðslan 4609 kr. Skattgreiðslan mundi lækka um 949 kr., útsvarsgreiðslan um 1499 kr. og greiðsla skatta og útsvars samtals þannig um 2448 kr.

Um þetta mundi muna mjög verulega fyrir launamenn með þessar tekjur. Það mundi bæta mjög verulega úr því ranglæti, sem nú á sér stað, að jafnvel beinu skattarnir hvíla með óeðlilegum þunga á þessum launastéttum, og það má vissulega ekki dragast lengur, að leiðréttingar séu gerðar á skattalöggjöfinni að þessu leyti.

Ríkissjóður mundi missa nokkuð í tekjum við samþykkt þessa frv. Það er mjög erfitt að áætla, hvað sá tekjumissir mundi nema miklu, en það liggur að sjálfsögðu beinast við að reyna að bæta hann upp með bættu skatteftirliti. Skatteftirlitinu hér á Íslandi er mjög ábótavant, og það er enginn vafi á því, að ekki koma nálægt því allar raunverulegar tekjur fram til skatts. Það mætti auka tekjur af beinum sköttum mjög verulega með því að taka upp nýjar og betri aðferðir við skattheimtuna, og ég er þess fullviss, að það mætti auka skatttekjurnar með bættu skatteftirliti um það bil um þá sömu upphæð og tekjurnar mundu minnka vegna þess hækkandi persónufrádrátta, sem hér er gert ráð fyrir.

Ég vil svo að síðustu leyfa mér að óska þess, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. fjhn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 9. fundi í Nd., 16. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

13. Raforkulög.

Á 4. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á raforkulögum, nr. 12 1946, og um breyt. á l. nr. 58 1949, um breyt. á þeim lögum [44. mál] (þmfrv., A. 44).

Á 7. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Virkjun fallvatna og dreifing raforku um landið er mjög ofarlega á baugi með þjóðinni. Fallvötnin eru dýrmætur orkugjafi. Þær þúsundir manna í landinu, sem þegar njóta raforku, finna glöggt, hve mikilli breytingu það veldur á heimilum frá því, sem áður var. Og þau heimili víðs vegar í byggðum landsins, sem enn fara á mis við raforku, bíða þess með óþreyju, að raftaugar flytji þeim ljós og yl. Um þessar mundir er og unnið að stórfelldari framkvæmdum á þessu sviði en nokkru sinni fyrr, þar sem eru hinar stóru virkjanir við Sog og Laxá. Þær virkjanir munu kosta hátt á þriðja hundrað millj. króna. Ákveðið hefur verið að verja ríflegum hluta af Marshallfé, sem Íslendingar hafa fengið, til að standa straum af hinum mikla kostnaði við þessar tvær stórvirkjanir. Fjölmennustu byggðir landsins eiga að njóta raforku frá þessum orkuverum, og einnig

verða þau orkugjafar fyrir iðnaðarfyrirtæki, m. a. áburðarverksmiðju.

En þótt það takist innan skamms, svo sem vonir manna standa til, að koma upp þessum stórvirkjunum, þá ná þær ekki til landsins alls. Mörg héruð, einkum á Austurlandi og Vesturlandi, fara á mis við raforku eftir sem áður. Ef ekkert verður aðhafzt um framkvæmdir á þessu sviði í þeim héruðum, leiðir af því svo mikinn mun á þægindum og aðstöðu íbúanna í landinu, að það hlýtur að hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þau héruð, sem útundan verða, og þá jafnframt fyrir þjóðfélagið í heild. Hv. alþm. hafa gert sér þetta ljóst. Síðan raforkul. voru sett árið 1946 hefur verið lögfest að heimila rafmagnsveitum ríkisins að reisa orkuver á a. m. k. 12 stöðum í landinu, auk virkjana Sogs og Laxár, og leggja orkuveitur um þéttbyggðustu svæði þeirra héraða, sem hlut eiga að máli. Þó að þessar lagaheimildir séu fyrir hendi, hafa framkvæmdir ekki hafizt enn nema á mjög fáum af þessum stöðum. Valda því ýmsar ástæður, en ekki sízt fjárskortur. En þó að öll þau orkuver, sem rafmagnsveitum ríkisins hefur þegar verið heimilað að reisa, verði byggð og fleirum bætt við, þarf ekki að gera ráð fyrir, að það bæti úr rafmagnsþörf allra byggða í landinu.

Í erindi, sem raforkumálastjóri flutti á búnaðarþingi á öndverðu ári 1951, gaf hann gott yfirlit um þetta efni. Um það leyti hafði fimmta hvert sveitabýli rafmagn til heimilisnota, og eru þá vindrafstöðvar ekki taldar. Raforkumálastjóri gerði ráð fyrir, og mun hann byggja þá skoðun á athugunum rafmagnseftirlits ríkisins, að rúmlega helmingur hinna rafmagnslausu býla, þ. e. 2300 sveitabýli, fengju á sínum tíma raforku með samveitum frá orkuverum, en 2100 sveitabýli munu ekki eiga þess kost fyrir kostnaðar sakir samkvæmt áliti og áætlun raforkumálastjóra að fá rafmagn frá héraðsrafmagnsveitum. Er talið ódýrara að sjá þeim sveitabýlum fyrir raforku á annan hátt. Talið er, að meðalvegalengd milli bæja megi ekki vera mikið fram yfir einn km, til þess að fjárhagslegur grundvöllur samveitu sé fyrir hendi. Ef þau 2100 sveitabýli, sem hér er um að ræða, eiga að fá rafmagn, verða þau að koma sér upp litlum rafstöðvum, eitt og eitt eða fá saman eftir staðháttum. Koma þar til greina bæði vatnsaflsstöðvar og mótorstöðvar. Raforkumálastjóri áætlar, að vatnsaflsstöðvar megi reisa á 600 býlum auk þeirra, sem komnar eru, en að mótorstöðvar verði að nægja á 1500 sveitabýlum. Er auðsætt, að ekki má hjá líða að hugsa fyrir þörfum þessara 2100 sveitabýla, jafnhliða því sem unnið er að samveitum fyrir þá, er þeirra geta notið.

Raforkusjóður gegnir því hlutverki að lána fé til raforkuframkvæmda. Um lánveitingar úr sjóðnum segir svo í 35. gr. raforkul.:

„1) Úr raforkusjóði má veita rafmagnsveitum ríkisins lán, sem veitast til allt að 30 ára, til að koma upp tilteknum mannvirkjum.

2) Úr raforkusjóði má einnig veita rafmagnsveitum ríkisins rekstrarlán og bráðabirgðalán til skemmri tíma, þ. á m. til að greiða rekstrarhalla, sem verða kann af mannvirkjum fyrstu árin eftir að þau eru gerð.

3) Úr raforkusjóði má og veita einstökum bændum, sem einir eða fleiri saman reisa vatnsaflsstöðvar til heimilisnota utan þess svæðis, sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, lán úr raforkusjóði, að upphæð allt að ⅔ stofnkostnaðar viðkomandi vatnsvirkjana og línulagna heim að bæjarvegg. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um lánskjör og skilyrði til lánveitinga.

4) Úr raforkusjóði má enn fremur veita bændum, sem eru svo í sveit settir, sem um getur í 3. tölulið, og ekki hafa aðstöðu til vatnsvirkjunar, lán til að koma upp mótorrafstöðvum á heimilum sínum, að upphæð allt að ⅔ stofnkostnaðar rafstöðvarinnar. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um lánskjör og skilyrði til lánveitinga."

Fjárþörf raforkusjóðs er mjög mikil. Það er augljóst þegar þess er gætt, að eftir er að reisa orkuver og orkuveitur í mörgum héruðum og að verðlag hefur hækkað að miklum mun frá því að raforkul. voru sett og framlag ríkisins til raforkusjóðs ákveðið. Samkvæmt upplýsingum, sem flm. þessa frv. hafa aflað sér, höfðu hinn 30. sept. 1951 verið veitt lán úr raforkusjóði að upphæð samtals 11,5 millj. kr. Af þessari fjárhæð voru nálega 95% lán til hinna stærri orkuvera og samveitna, en aðeins 5% til einkarafstöðva. Lán til einkarafstöðva voru þá 46 talsins, síðan sjóðurinn tók til starfa, þar af 24 til vatnsaflsstöðva og 22 til mótorstöðva, og þessi lán hafa ekki nærri náð því hámarki í hlutfalli við stofnkostnað, sem sett er í raforkul. Þetta bendir til þess, að fyrirgreiðsla vegna einkarafstöðva hafi orðið mjög útundan. Hafa menn jafnvel gert ráð fyrir, að öll býli á landinu gætu notið rafmagns frá samveitum áður en langt liði, en samkvæmt áliti raforkumálastjóra virðist tæplega hægt að gera ráð fyrir því.

Í frv. þessu er lagt til, að árlegt framlag ríkisins til raforkusjóðs verði frá 1. jan. 1954 5 millj. kr. í stað 2 millj. kr. Efling raforkusjóðs er mikið nauðsynjamál og tímabært með tilliti til þeirra verkefna, sem fram undan eru í mörgum héruðum, og þeirra breytinga á verðlagi, sem orðið hafa síðan raforkul. voru sett og hið árlega framlag var ákveðið, 2 millj. kr.

Í 2. gr. frv. er kveðið svo á, að eigi minna en þriðjungi þess fjár, sem lánað er úr sjóðnum, skuli verja til lána vegna einkarafstöðva í sveitum. Með þessu ákvæði er stefnt að því að bæta í þessu efni hlut þeirra 2100 sveitabýla, er samkvæmt áliti raforkumálastjóra geta ekki vænzt þess að fá rafmagn frá stórum orkuverum. Ef framlag ríkisins til sjóðsins yrði áfram 2 millj. kr. á ári, mætti lána til einkarafstöðva árlega samkvæmt 2. gr. frv. samtals 600—700 þús. kr., en væri framlagið hækkað í 5 millj. kr., eins og lagt er til í 1. gr. þessa frv., yrði hægt að lána til einkarafstöðva samtals 1,6 eða 1,7 millj. kr. á ári. Samkvæmt áætlun raforkumálastjóra í fyrrnefndri grg. og gildandi lagaákvæðum um hámark lána úr raforkusjóði mátti þá gera ráð fyrir, að meðalvatnsaflsstöð

eða hluti býlis í sameignarstöð gæti, ef fé væri fyrir hendi, fengið allt að 40 þús. kr. lánsfé, og er þá miðað við það hámark, sem l. setja, en mótorrafstöð allt að 18 þús. kr. Af þriðjungi núverandi framlags til raforkumálasjóðs hefði þá verið hægt að veita árlega hámarkslán til 16 eða 17 vatnsaflsstöðva eða rúmlega helmingi fleiri mótorstöðva. En verði framlagið hækkað í 5 millj., er að sjálfsögðu hægt að fjölga þessum lánum að sama skapi.

Frá því að áætlanir raforkumálastjóra, sem hér er stuðzt við, voru gerðar, hefur verðlag enn hækkað. Nú mun mega gera ráð fyrir, að lán til vatnsaflsstöðva fyrir heimili geti numið kringum 50 þús. kr., ef fylgt væri ákvæðum l. um hámark, og yfir 20 þús. kr. til mótorrafstöðva fyrir heimili. Þótt 1,6 eða 1,7 millj. kr. yrðu árlega til ráðstöfunar í þessu skyni, þá væri aðeins hægt að veita á ári hverju 30—40 hámarkslán til vatnsaflsstöðva í sveitum. Verkefnin, sem fyrir liggja á þessu sviði, eru svo stórfelld, að þótt þetta frv. verði að l. og verðlag hækki ekki frá því, sem nú er orðið, mun það taka langan tíma að veita þeim rúmlega 2000 sveitabýlum, sem þurfa að reisa einkarafstöðvar, fullnægjandi úrlausn um lánsfé til þeirra framkvæmda. — Við flm. væntum þess, að frv. þessu verði vel tekið hér í hv. d. Ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. verði, er þessari umr. lýkur, vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til iðnn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

14. Raforkuverð.

Á 3. fundi í Sþ., 7. okt., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um jöfnun raforkuverðs* [51. mál] (þmfrv., A. 51).

Á 7. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Eiríkur Þorsteinsson): Herra forseti. Ástæðan fyrir nauðsyn á lagafyrirmælum um þetta efni er sú, að frá dieselstöðvum sjávarþorpanna er kostnaðarverð á raforku það hátt, að lítt bærilegt er íbúunum, í mörgum tilfellum meira en tvöfalt hærra en frá ýmsum vatnsaflsstöðvum bæjanna. Málið er jafnréttismál, og að því er ég tel, felur frv. í sér þá eðlilegustu lausn, sem fyrir hendi er frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Flest þau sjávarþorp, sem verðmiðlunin nær til samkvæmt frv., hafa þegar komið sér upp nægilega stórum stöðvum. Er því nauðsyn að búa þannig að þeim og málinu í heild, að unnt verði að segja, að íbúarnir njóti eðlilegrar og sjálfsagðrar tillitssemi hins háa Alþ., en það er ekki nokkur leið, nema verð á raforku til heimilisþarfa þessa fólks verði í fyllsta samræmi við verðið í bæjunum. Sakir aðstöðu bæjanna hafa þeir jafnan setið fyrir öllum meiri háttar aðgerðum í raforkuframkvæmdum hér á landi. Er ekki nema gott eitt að segja um, hve mikið var gert þessum málum til framdráttar meðan verðlag var lágt. En fyrir þessar aðgerðir hafa bæir og þéttbýlið nálægt þeim fengið sérstöðu til þessara mála. Þess vegna tel ég eðlilegt, að þessir aðilar, sem hafa betri aðstöðu, leggi nú fram sinn skerf til uppbyggingar og framgangs þessu aðkallandi velferðarmáli fámennari og dreifðari sjávarþorpa, er verr hafa orðið úti til þessa. Það er því von mín, að hv. alþm. sýni frv. einhuga stuðning, svo að það nái fram að ganga og verði að lögum nú á þessu Alþingi. Óska svo málinu vísað til 2. umr. og iðnn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 8. fundi í Nd., 14. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til iðnn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

15. Raforkulánadeild Búnaðarbankans.

Á 4. fundi í Sþ., 9. okt., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um raforkulánadeild Búnaðarbanka Íslands* [55. mál] (þmfrv., A. 55).

Á 8. fundi í Nd., 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. um þetta efni var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Nú hefur því verið breytt dálítið til þess að gera sigur þess vísari á þessu þingi, þannig að framlag það, sem ríkissjóði er ætlað að leggja til raforkulánadeildar við Búnaðarbanka Íslands, skiptist á 3 ár. Væntum við flm. þá, að með þessu móti verði málinu komið fram til sigurs.

Eins og kunnugt er, þá hefur á undanförnum árum verið lagt töluvert af rafmagnsveitum út um sveitir landsins. Þeir, sem fá rafmagnið, verða að greiða ¼ kostnaðar í heimtaugagjöldum, auk þess sem þeir þurfa um leið að kaupa öll tæki, sem rafmagninu fylgja, og lagnir í húsin, og hafa — óhætt að segja flestir — komizt í hálfgerð vandræði í sambandi við það að greiða þessi heimtaugagjöld. Hafa þeir orðið að taka víxla, sem hvíla á þeim með þungum byrðum, og er nauðsynlegt, að á þessu verði ráðin bót, ekki aðeins vegna þeirra, sem nú þegar hafa fengið rafmagnið og búa við víxil-

skuldir, heldur og einnig vegna hinna, sem eiga eftir að fá rafmagn og við væntum að muni fá það áður en langur tími líður.

Það er draumur þeirra, sem í sveitum búa og í kauptúnum, sem ekki enn hafa fengið rafmagn, að það komi áður en langur tími líður.

Það munu nú ýmsir segja, að það sé ekki nóg að leysa þennan þátt rafmagnsmálsins, sem að bændunum eða fólkinu lýtur úti í sveitunum, hvað heimtaugagjald snertir. Það er aðeins ¼ hluti af kostnaði við veiturnar. Það verður vitanlega ekkert lagt af veitum, nema einnig sé bætt úr hinu, sem að ríkissjóði lýtur, og gerðar séu ráðstafanir til þess, að ¾ hlutar kostnaðarins verði einnig greiddir. Þá komum við að þeim vanda, hvernig á að fara að því að útvega ríkissjóði fé í þessu efni.

Á s. l. þingi flutti ég frv., ásamt þrem öðrum þm., um að tvöfalda framlag ríkissjóðs árlega til raforkusjóðs, þannig að í staðinn fyrir 2 millj., eins og nú er lagt til samkv. raforkulögunum, kæmu 4 millj. Okkur var ljóst, að þetta var raunverulega allt of lítið til þess, að raforkuframkvæmdir gætu haldið ört áfram. En við fluttum nú frv. í þeirri trú, að það yrði samþ. og að það gæti bætt úr að einhverju leyti. Nú er komið fram frv. um sama efni, flutt að vísu af öðrum þm., þar sem lagt er til, að í staðinn fyrir 2 millj. komi 5 millj., og það er ljóst, að með stöðugt vaxandi dýrtíð verður þetta einnig of lítið, þó að það frv. nái fram að ganga. Það mun að vísu bæta töluvert úr, en það mun ekki verða nóg til þess, að hægt verði að halda raforkuframkvæmdum áfram og byggingu veitna á næstu árum með svipuðum hraða og var á árunum 1947, 1948 og 1949. Það er þess vegna enginn vafi á því, að enda þótt þetta frv., sem ég nú nefndi, verði samþ., þá þarf, til þess að geta haldið nokkurn veginn svipuðum hraða og verið hefur á undanförnum árum, enn fleira að koma til, og ég held þá, þar sem ríkissjóður hefur alltaf yfir takmörkuðu fjármagni að ráða, að það verði ekki hjá því komizt á þessu þingi að flytja frv. um heimild til lántöku fyrir ríkissjóð í þessu skyni að einhverju vissu marki, enda þótt frv. um aukningu á framlagi til raforkusjóðs nái fram að ganga.

Verði þetta frv. samþ., þá má fullyrða, að það geti bætt að miklu leyti úr þeim vandræðum, sem margir eru í, þegar þeir eiga að fara að greiða heimtaugagjöld, því að það væri eðlilegt, þar sem fé þessarar deildar er mjög takmarkað, að við útlán væru þeir látnir sitja fyrir, sem hefðu mesta þörf fyrir það og kæmu með vottorð frá hreppsstjóra eða oddvita um það, hvernig efnahagurinn væri, og að það væri raunveruleg þörf að hjálpa þessum manni um lán. Það væri óeðlilegt, að þessi deild, meðan hún hefur mjög takmörkuð fjárráð, færi að veita þeim mönnum lán, sem hefðu þess ekki beinlínis þörf og gætu hjálpað sér sjálfir án lántöku.

Með þessu frv. er ekki séð fyrir áframhaldandi tekjum eða framlagi, eftir að þessi 3 ár eru liðin og þessar 5 millj. hafa komið fram, að öðru leyti en því, sem afborgun af lánum gefur og vaxtatekjur, sem yrðu 3%, fram yfir það, sem rekstur deildarinnar kæmi til með að kosta. Það er lagt til, að lánað sé með 3½% vöxtum, en Búnaðarbankinn taki aðeins ½% af útistandandi skuldum deildarinnar fyrir það að sjá um rekstur hennar. Þess vegna mundi deildin, þegar hún hefur lánað út þessar 5 millj., hafa árlegar tekjur, sem svarar ½ millj. kr., og væri það að vísu nokkuð til þess að velta áfram, en að sjálfsögðu of lítið. Þótt ekki sé nú lagt til um framhald tekna fyrir deildina, tel ég, að það gætu komið tímar og ráð til þess síðar meir, þegar reynslan af rekstri deildarinnar er fyrir hendi og Alþingi og alþjóð er ljóst, hversu nauðsynleg hún er að öllu leyti.

Ég tel nú ekki ástæðu til að svo komnu að fjölyrða meira um þetta mál. Við væntum þess, flm., að það nái nú fram að ganga að þessu sinni, vegna þess að nú er greiðslunni skipt á 3 ár og ríkissjóði ætti ekki að verða íþyngt um of með þessum framlögum.

Ég vil mælast til þess, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til iðnn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Aðstoð við barnafjölskyldur til mjólkurkaupa.

Á 4. fundi í Sþ., 9. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um opinbera aðstoð við barnafjölskyldur til mjólkurkaupa [58. mál] (þmfrv., A. 58).

Á 8. fundi í Nd., 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Þeir, sem muna ástand og horfur í atvinnu- og efnahagslífi Íslendinga áratuginn næsta fyrir styrjöldina, muna einnig, að það markaðist m. a. af tvennu, í fyrsta lagi því, að í kreppunni og fyrst eftir að henni fór að létta var mjög mikið hér um atvinnuleysi og efnahagur alls almennings í bæjum þessa lands mjög erfiður, og í öðru lagi því, hvað snerti annan aðalatvinnuveg þjóðarinnar, landbúnaðinn, að mjög erfitt var að selja vörur hans einmitt vegna hins erfiða fjárhagsástands meðal alls almennings í bæjum og kauptúnum landsins. Þetta breyttist nokkuð, þegar fram á stríðsárin kom. Byrjaði það raunar strax að breytast á fyrsta ári stríðsins og breyttist þannig, að atvinna jókst, tekjur almennings hækkuðu og því fylgdu aftur á móti stóraukin afurðasala og vaxandi framleiðslumöguleikar fyrir landbúnaðarvörur. Og svo var

ástandið breytt, þegar komið var nokkuð fram á stríðsárin, að þá var ekki nærri því fullnægt eftirspurn eftir landbúnaðarvörum, vegna þess að þá hafði kaupgeta almennings aukizt svo mikið, að þrátt fyrir það að framleiðsla þeirra hafði vaxið að mun, var eftirspurninni ekki nærri fullnægt. Og það sýndi greinilega, hversu langt var frá því, að áratuginn fyrir styrjöldina hefði almenningur fengið nægju sína af þessum vörum, eða réttara sagt getað keypt nægju sína af þessum vörum.

Í sambandi við þetta má benda á það, að árið 1942 var tekið upp nýtt fyrirkomulag hér á landi í kaupgreiðslum, og var þá tekið fyrir að mæla dýrtíðina, ef svo mætti komast að orði, þ. e. a. s. að nota vísitöluna sem mælikvarða á dýrtíðina, og ákveðið jafnframt, að laun skyldu greidd í samræmi við hækkandi vísitölu og hækkandi dýrtíð. Þetta varð til þess m. a. að tryggja launakjörin og tryggja einnig sölu þeirra vara, sem hér er um að ræða. Þetta hélzt út öll stríðsárin og raunar fram yfir stríð. En segja má, að nokkur þáttaskipti verði í þessu eftir stríðið, og má telja, að þau hefjist í raun og veru þegar Alþ. ákvað að binda kaupgreiðslur við 300 stiga vísitölu í árslok 1947, en það var samþ. í árslok 1947 og byrjaði í ársbyrjun 1948. Þetta varð til þess, að þá var kaupgjald slitið að nokkru leyti úr sambandi við hækkandi verðlag, og þýddi raunverulega lækkaðar kaupgreiðslur, sem þó urðu ekki mjög áberandi fyrst í stað. Ástæðan til þess, að þetta virtist ekki fyrst á eftir koma mjög mikið fram í lækkuðum tekjum almennings, var tvímælalaust það, að með auknum atvinnutækjum, sem þá voru að berast inn í landið, sköpuðust möguleikar til þess að auka útflutningsframleiðsluna, og meðan hægt var að selja hana úr landi fyrir allgott verð, þá mátti segja, að ekki bæri mjög mikið á þeim erfiðleikum, sem þessi lækkun kaupgreiðslna að öðru leyti hlaut að valda öllum almenningi. Það verður þess vegna í raun og veru fyrst árið 1950, þegar gengislækkunin er samþ., sem verulega má segja að verði þáttaskipti hvað það snertir, að kaupgeta almennings fór verulega að rýrna. Með gengislækkunarlögunum var ákveðið að breyta vísitölufyrirkomulaginu mjög mikið. Þá var ákveðið, að sú 300 stiga vísitala, sem kaup- og launagreiðslur höfðu verið miðaðar við áður, skyldi nú sett niður í 100 stig, og síðan skyldi eftir vissum reglum hækka kaup í samræmi við hækkandi vísitölu, þó aldrei fyrr en nokkuð eftir á. Sú staðreynd liggur fyrir núna, að síðan þetta var ákveðið hefur hin nýja vísitala hækkað um 62 stig, eða rúmlega um %, 60%. Þetta upplýsti m. a. hæstv. fjmrh. í fjárlagaræðu hér á Alþ. núna fyrir stuttu. Hins vegar hefur alltaf verið haldið áfram að reikna út vísitölu eftir hinu eldra fyrirkomulagi, og sá útreikningur sýnir það, að sú vísitala, sem nú er reiknað með í öllu viðskiptalífi, þ. e. hin nýja vísitala, sem ákveðin var með gengislækkunarlögunum, sýnir alls ekki hina réttu mynd af dýrtíðinni eins og hún er orðin. Hin raunverulega vísitala, sem miðað skal við og miðuð er við sama útreikning eins og var áður, er núna komin nokkuð upp yfir 600 stig, en var 328 stig þegar kaupgreiðslur voru fyrst festar í ársbyrjun 1948, og þess vegna má segja, að eftir þeim útreikningi, sem er tvímælalaust hinn réttasti, þá hafi dýrtíðin eða verðlag í landinu hækkað um allt að því helming síðan þá. Enn fremur má benda á það, að núverandi kaupgjaldsvísitala, sem mun vera núna um 154 stig, nær ekki því, að greidd séu laun í samræmi við hina raunverulegu dýrtíðarvísitölu, og þess vegna liggur mjög beint við að álykta og er rétt að álykta, að það vantar verulega mikinn hluta á það, að launþegi, hvort sem það er verkamaður eða opinber starfsmaður, hafi launagreiðslu núna í samræmi við það, sem áður var. Það mun óhætt að fullyrða, að launagreiðslur séu núna ¼ til ⅓ lægri en vera ætti, samanborið við það, sem var á stríðsárunum, meðan fylgt var hinni eldri reglu um vísitöluútreikninginn. Við þetta hefur svo bætzt það einmitt núna á síðustu árum, að mjög hefur vaxið atvinnuleysi í öllum bæjum og kauptúnum landsins, svo að segja, og það hefur gert að verkum, að tekjur almennings hafa þorrið mun meira heildarlega heldur en bæði nýrri og eldri vísitöluútreikningur bendir til. Þetta hefur mjög komið fram núna á síðustu árum í minnkandi sölu landbúnaðarafurðanna, og það er það, sem er býsna óálitlegt, ekki aðeins fyrir framleiðendur landbúnaðarvaranna, heldur ekki síður fyrir þann hluta þjóðarinnar, sem þarf að kaupa þær til neyzlu, því að það er viðurkennt af öllum, að framleiðsluvörur landbúnaðarins séu einn nauðsynlegasti þáttur í lífsframfæri þjóðarinnar og ekki sízt nauðsynlegar fyrir hina yngstu kynslóð, sem er að vaxa upp. Sérstaklega gildir þetta þó um mjólk og mjólkurvörur.

Enn þá liggja ekki fyrir nákvæmar opinberar tölur um lækkun á söluvörum þessum fyrir það, sem liðið er af því ári, sem nú er yfirstandandi. En ég get bent á það, að það liggja fyrir alveg opinberar tölur um það, að mjólkursalan frá samsölunni hér í Reykjavík lækkaði á s. l. ári um milli 400 og 500 þús. lítra, og það er hreint ekki lítið, þegar miðað er við það, að sífellt er einnig fólkinu að fjölga og framleiðslan að aukast. Lækkun rjóma var þó hlutfallslega miklu meiri en þetta, og það hefur allt saman komið fram í því, að orðið hefur að vinna meiri vinnsluvörur úr þeirri mjólk, sem ekki hefur selzt. Þær hafa síðan, bæði smjör og ostar, safnazt verulega fyrir hjá mjólkurbúunum, ekki selzt, og núna á s. l. sumri greip ríkisstj. til þess ráðs, til þess að reyna að koma út einhverju meiru af smjörbirgðunum, að auka niðurgreiðsluna á smjörinu. Eins og ég tók fram áðan, þá er þetta einmitt mjög alvarlegt mál fyrir þjóðina í heild, ekki sízt það, að mest hættan er á því, þegar kaupgeta almennings minnkar, að mest minnki kaupgeta þeirra, sem mesta þörf hafa fyrir að kaupa nægilegt af þessum vörum, en það eru barnafjölskyldurnar, þar sem eins manns laun þurfa að sjá fyrir hlutfallslega stærstu heimili, og það mun ekki neinn vafi á því vera, að það séu einmitt þær, sem mest hafa þurft að draga við sig kaup þessara vara.

Þetta frv. er flutt til þess að gera tilraun til að bæta dálítið úr þessu, meðan núverandi ástand ríkir í þessum málum. Ég skal benda á það í þessu sambandi, að miðað við núverandi mjólkurverð mundi 7 manna fjölskylda, sem ætlaði að leyfa sér að kaupa 6 lítra af nýmjólk á dag, þurfa að kosta til þess 7—8 þús. kr. á ári. Það sér hver heilvita maður, að þetta er svo mikill hluti af tekjum eins heimilisföður, að hann verður að hafa ekki aðeins þau venjulegu verkamannalaun, sem nú eru ákveðin í landinu, hann verður a. m. k. að hafa vinnu hvern einasta virkan dag ársins, til þess að hann eigi að geta nálgazt þær tekjur að geta keypt svona mikla mjólk fyrir sitt heimili. Þess vegna er það álit okkar flm., að hið opinbera verði, meðan ástandið er svona í þessum efnum, að hlaupa undir bagga til þess að reyna að hindra þá minnkun þessarar neyzlu, sem mjög er farið að bera á og mjög er hætt við að fari vaxandi, ef svo heldur áfram í efnahagsmálunum sem nú horfir.

Í sambandi við þetta vil ég enn fremur benda á það, að mjög er mikið um það talað og ýmislegt til þess gert að örva landbúnaðarframleiðsluna. Það er verið að fjölga býlum í landinu. Til þess að vinna að því starfar sérstök stofnun, sem Alþingi hefur sett á stofn. Það er verið að auka vélainnflutning til landbúnaðarins, og það er stöðugt verið að leggja kapp á að auka ræktunina, bæði með framlagi þeirra einstaklinga, sem þar eiga hlut að máli, og með sérstökum ráðstöfunum ríkisins í því efni. Þetta allt saman má segja að sé út í hött, ef ekki er séð fyrir því, að hægt sé að selja framleiðsluvörur þær, sem landbúnaðurinn lætur af hendi. Og það getur ekki svo farið, að ef svo heldur áfram sem núna virðist horfa, að áframhald verði á frekar minnkandi sölu á framleiðsluvörum landbúnaðarins, þá hlýtur þessi framfaraþróun hans að stöðvast líka. Hjá því verður ekki komizt. Þess vegna teljum við flm., að þetta frv. þjóni tvennu í senn, það þjóni hagsmunum tveggja aðila, bæði þeirra, sem þurfa á þessum vörum að halda til neyzlu, og þeirra, sem framleiða þær.

Ég vil enn fremur benda á það, hvað útlit er fyrir að þetta muni kosta ríkissjóð mikil útgjöld. Ég veit það vel, að það munu margir þm. vera, — og mér þykir það út af fyrir sig ekkert undarlegt, — sem kysu heldur, að ekki þyrfti að taka aftur upp í stórum mæli hið gamla fyrirkomulag um niðurgreiðslur varanna úr ríkissjóði. Og það er ekki heldur meining okkar flm. að slá því föstu með flutningi þessa frv., að svo eigi að vera um ófyrirsjáanlega framtíð. Þess vegna höfum við sett tímatakmark í frv. og gert ráð fyrir, að það gildi fyrst um sinn aðeins það sem eftir er af þessu ári og næsta ár, vegna þess að næsta ár ætti að vera búið að laga það atvinnuástand, er hefur skapað þá fjárhagskreppu, sem er orsök þeirra söluerfiðleika, sem ég hef rætt hér.

En hvað snertir væntanleg útgjöld ríkissjóðs, þá vil ég benda á það atriði, sem raunar er líka tekið fram í grg., að samkv. lauslegri áætlun hagstofustjóra, sem er að vísu miðuð við barnafjölda í kaupstöðum og stærri kauptúnum landsins árið 1940, við næstsíðasta manntal, vegna þess að það liggja ekki fyrir nákvæmar tölur frá síðasta manntali, og miðað við það, að hlutfallið milli barna á þessum aldri, 14 ára og yngri, og fullorðins fólks sé svipað og þá, þá ætti sá barnafjöldi núna að vera rúmlega 30 þús. að tölu. Væri um að ræða 30 þús. börn, sem fengju að njóta þeirra hlunninda, sem frv. gerir ráð fyrir, þá mundi upphæðin verða 5,4 millj. kr. Nú má benda á það, að í mörgum kauptúnum landsins, einkum hinum smærri, er verulega mikil mjólkurframleiðsla, þ. e. a. s., það er fjöldi af fjölskyldufeðrum þar, sem framleiða næga mjólk fyrir sig og sín heimili, og þess vegna má óhætt fullyrða, að sá fjöldi barna, sem þessara réttinda kynnu að njóta, muni verða nokkrum mun minni heldur en ætti að vera samkv. þessari áætlun hagstofustjóra. Ég hef þess vegna gert lauslega ráð fyrir því í grg. frv., að þessi upphæð mundi ekki fara yfir 5 millj. kr., og tel ég það ekki óhóflega farið í sakir að leggja til, að ríkissjóður leggi á næsta ári þessa upphæð fram til jafnmikils nauðsynjamáls og það er að tryggja það, að yngsta kynslóðin, sem er að vaxa upp í landinu, fái nægilega mikið af þessum vörum í neyzlu sinni, og líka það, að sú framleiðsla, sem framleidd er af bændunum og þyrfti til að fullnægja þessari neyzlu og þessari eftirspurn, geti selzt.

Ég vil svo leggja það til, að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og landbn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 9. fundi í Nd., 16. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 19:2 atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. fjhn., á þskj. 702, var útbýtt 2. febr., en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

17. Almannatryggingar (frv. GÞG o. fl.).

Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 1951, um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau [60. mál] (þmfrv., A. 60).

Á 8. fundi í Nd., 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er hv. þdm. kunnugt frá því á síðasta þingi, þar sem það var flutt þá í sama formi og það er flutt nú, svo að ég get látið mér nægja fáein orð til þess að mæla með því.

Í frv. er lagt til, að bætt verði í almanna-

tryggingalögin ákvæði um nýjan flokk bóta, mæðralaun. Það er tilgangurinn með þessum ákvæðum að greiða einstæðum mæðrum, sem hafa fleiri en eitt barn á framfæri sínu, sérstakar bætur, þannig að kona með tvö börn fái sem svarar þriðjungi lífeyris eins og hann er nú, kona með þrjú börn ⅔ lífeyris og kona með fjögur börn eða fleiri sem svarar fullum lífeyri samkv. gildandi lögum.

Þegar tryggingalögin voru endurskoðuð á árinu 1948, þá mælti nefnd sú, sem það gerði, með því, að ákvæði um mæðralaun væru tekin í lögin, enda má segja, að það sé sá galli þeirra, sem sé mest áberandi. Á næsta þingi samþykkti Ed. tillögur um þetta efni, en þá stöðvaðist málið hins vegar í Nd. Síðan hafa till. oftar en einu sinni verið fluttar um þetta, en aldrei náð fram að ganga. Málið er þó mikið réttlætismál og á stuðning margra aðila. Fjölmargir aðilar, einkum ýmis kvennasamtök, hafa sent Alþingi áskoranir um að samþ. slík ákvæði sem þessi.

Það má segja, að móðir, sem hafi aðeins fyrir einu barni að sjá og fær greiddan með því lögskipaðan barnalífeyri, eigi yfirleitt að geta komizt af án nokkurs frekari styrks. En þeim mun fleiri sem börnin eru, er móðirin að sjálfsögðu bundnari af þeim, og þegar börnin eru orðin fjögur, má gera ráð fyrir því, að öll vinna móðurinnar sé bundin við það að annast börn sín, og því ekki ósanngjarnt, að hún njóti sem svarar fullum lífeyri sem þóknunar fyrir það starf.

Langmesti hluti þeirra kvenna, sem mæðralauna mundu njóta, ef ákvæði þessa frv. yrðu samþ., yrðu ekkjur og fráskildar konur, því að langflest óskilgetin börn eru einbirni mæðra sinna.

Ég vil síðan óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn. að lokinni þessari umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 9. fundi í Nd., 16. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

18. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. JÁ og ÁkJ).

Á 7. fundi í Nd., 13. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt [62. mál] (þmfrv., A. 62).

Á 9. fundi í Nd., 16. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, var flutt á seinasta þingi nokkuð seint og náði ekki afgreiðslu. Er vonandi, að betur takist til með afgreiðslu þess þegar það er nú flutt í annað sinn snemma þings.

Í grg. með frv. er birt yfirlit yfir þann kostnað, sem það hefur í för með sér fyrir mann að hefja starf sem háseti á togara. Er sýnt fram á, að kostnaður þessi, kaup á nauðsynlegum fatnaði, er ekki undir 1000 kr. og með endurnýjunar- og viðhaldskostnaði verði samanlagður vinnufatakostnaður fullstarfandi sjómanns aldrei undir 5000 kr. á ári. Eflaust hafa þessar upplýsingar komið mörgum á óvart. Þó er þess að gæta, að yfirlit þetta var gert fyrir tæpu ári, og var kostnaður þá mjög varlega áætlaður, en síðan hefur, eins og allir vita, frekar aukizt dýrtíðin heldur en minnkað, og er það álit margra, sem máli þessu eru kunnugir, að árlegur vinnufatakostnaður fullstarfandi togaraháseta fari nú upp í 7 og jafnvel 8 þús. kr. Þann kostnað, sem menn verða fyrir vegna vinnufataslits, ber auðvitað að skoða eins og hvern annan kostnað við öflun tekna, og er sannast að segja undarlegt, að ekki skuli þegar hafa verið tekið tillit til hans sem slíks í lögum. Er hér um að ræða ranglæti, sem vinnandi stéttir, og þá sérstaklega sjómenn, verða að þola.

Með frv. þessu er lagt til, að bætt verði úr því ranglæti og heimilað skuli að draga frá vinnufatakostnað, þegar tekjur eru taldar fram til skatts. Tel ég óþarft að eyða að þessu fleiri orðum, en treysti því, að réttsýni hv. Alþ. endist frv. til fullrar samþykktar að þessu sinni. Legg ég svo til, að frv. verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

19. Meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Á 8. fundi í Nd., 14. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra [65. mál] (þmfrv., A. 65).

Á 9. fundi í Nd., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í lögum frá 1949 um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra er gert ráð fyrir tvenns konar gæzluvistarhælum. Annað þeirra sé miðað við þarfir þeirra drykkjusjúklinga, sem ætla má að eigi sér sæmilegar batahorfur, m. ö. o. lækningahæli. Lögin kveða svo á, að ríkissjóður skuli reisa og reka slíkt hæli á sinn kostnað. Er það hæli nú þegar tilbúið að Úlfarsá og í þann veginn að taka til starfa.

Hin tegund hæla er sú, sem miðast við þarfir þeirra drykkjusjúku manna, sem „ætla má að þarfnist vistar og umönnunar í langan tíma", eins og það er orðað í lögunum, m. ö. o. hæli til langrar dvalar fyrir drykkjusjúklingana. Gert er ráð fyrir, að vilji sveitarfélög reisa slík hæli, skuli þau fá til þess sama stofnstyrk og gildir um sjúkrahús, þ. e. a. s. ⅔ hluta stofnkostnaðar, úr ríkissjóði, en sveitarfélögin sjálf greiða ⅓ stofnkostnaðar og annast reksturinn síðan. Nú virðist það eðlilegt, að ríkið, sem hefur með höndum áfengissöluna og hefur á ári hverju tugmilljóna hagnað af henni, standi sjálft undir stofnun og rekstri slíkra hæla. Í fjárlfrv. fyrir 1953 er gert ráð fyrir, að tekjur ríkisins af áfengissölu verði 53 millj. kr.

Með lögunum frá 1949 var stofnaður sérstakur sjóður, gæzluvistarsjóður, og er svo ákveðið, að á árunum 1950—56 skuli árlega leggja 750 þús. kr. af ágóða áfengisverzlunarinnar í þennan sjóð. Á þremur árum eru því komnar 2 millj. 250 þús. kr. í þennan sjóð. Hann er að mestu ónotaður enn.

Það er efni þessa frv., að ríkissjóður taki að sér að reisa og reka báðar þær tegundir hæla, sem lögin gera ráð fyrir. Virðist það eðlilegt, þar sem ríkið hefur hagnaðinn af áfengissölunni og á því með eðlilegum hætti að sjá um þær ráðstafanir til áfengisvarna, til lækninga og annars, sem af áfengissölunni leiðir. Í öðru lagi er þess að geta, að ríkissjóður hefur þegar í gæzluvistarsjóðnum verulegt handbært fé til þessara framkvæmda og að sá sjóður mun aukast verulega á næstu árum, þar sem 750 þús. kr. renna í hann árlega.

Ég vænti þess, að þetta frv. fái góðar undirtektir hér í þinginu, og leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 8. des., utan dagskrár, mælti

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Fyrst farið er hér að óska afgreiðslu á tilteknu máli úr n., þá tel ég nauðsynlegt að beina umkvörtun til hæstv. forseta út af tilteknu máli, það er á þskj. 65, frv. til l. um breyt. á l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Þetta mál var 16. okt. til 1. umr. hér í deildinni og var þá vísað til heilbr.- og félmn. Sú n. er búin að hafa málið til meðferðar í nærri tvo mánuði, og þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir mínar til formanns n. hefur hann ekki fengizt til að afgreiða það frá n. Hef ég þó ríka ástæðu til að ætla, að meiri hl. nm. sé frv. fylgjandi. Og það er náttúrlega óviðunandi, að formenn n., þótt þeir kunni að vera andstæðir málum, ætli að leggjast á þau og reyna að svæfa þau þannig í n. Ég vil beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hann hlutist til um, eftir því sem í hans valdi stendur, að fá mál þetta afgreitt úr nefndinni.

Forseti (SB): Ég skal flytja hv. heilbr.- og félmn. þá umkvörtun, sem hv. 7. þm. Reykv. hefur hér fram borið, og gjarnan hvetja hv. n. til þess að hraða sínum störfum.

Nefndaráliti frá minni hl. heilbr.- og félmn., á þskj. 738, var útbýtt 4. febr., en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

20. Veitingaskattur.

Á 8. fundi í Nd., 14. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um afnám l. nr. 99 1933, um veitingaskatt [67. mál] (þmfrv., A. 67).

Á 10. fundi í Nd., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi. Var því vísað til fjhn., en dagaði þar uppi.

Eins og tekið er fram í grg. frv., var með lögum nr. 99 frá 1933 ákveðið, að greiða skyldi 10% skatt til ríkissjóðs af söluverði matfanga, drykkjarfanga og annarra neyzluvara, sem seldar eru á greiðasölustöðum. Mun þessi skattur á sínum tíma hafa verið sniðinn eftir danskri fyrirmynd og litið á hann sem nokkurs konar lúxusskatt. Skattur þessi hefur komið nokkuð hart niður á allri veitinga- og gistihúsastarfsemi í landinu, og getur vart talizt sanngjarnt eða hagkvæmt að halda honum við, þar sem veitingasala hefur yfirleitt ekki verið neinn gróðavegur hér á landi og sízt utan Reykjavíkur.

Á síðustu árum hefur mjög verið leitazt við að fá erlenda ferðamenn hingað til landsins. Ef takast á að gera Ísland að ferðamannalandi, þarf að hlúa að hótelrekstri og heilbrigðri veitingastarfsemi í landinu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv. þetta við þessa umr., enda gerði ég grein fyrir því á síðasta þingi. Ég mælist til þess, að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

21. Byggingarsjóður kauptúna.

Á 8. fundi í Nd., 14. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um byggingarsjóð kauptúna [72. mál] (þmfrv., A. 76).

Á 9. fundi í Nd., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Í frv. því, sem hér liggur fyrir og ég hef leyft mér að flytja, ásamt hv. 2. þm. N-M. og hv. þm. V-Ísf., felst það nýmæli, að komið verði á fót sérstakri stofnun til að annast byggingarlán til íbúðarhúsa í þorpum, sem hafa 1000 íbúa, eða færri.

Þau þorp eða kauptún í landinu, sem þessa íbúatölu hafa, munu vera rúmlega 50 samkv. upplýsingum, sem við flm. frv. höfum aflað okkur um það efni. Flest af þessum þorpum eru, eins og kunnugt er, á ströndum landsins, þ. e. a. s. sjávarþorp, en á síðustu árum hafa einnig verið byggð nokkur þorp fjarri sjó. Svo að segja öll þessi þorp eru jafnframt kauptún, enda oftast nefnd svo í lögum, og er því heiti haldið í frv. Íbúatala hinna einstöku þorpa, sem þetta frv. tekur til, er tilgreind í fskj. með grg. frv., á þskj. 76, samkv. upplýsingum hagstofunnar. Hún er nokkuð misjöfn, íbúatala þessara rúmlega 50 þorpa, allt frá 800 til 900 og niður í 50 til 60. En samtals er íbúatala þeirra nú, eða var við aðalmanntalið í árslok 1950, sem hér er lagt til grundvallar, 17—18 þús. Meðalíbúatala í þorpi hefur hins vegar verið á þeim tíma um hálft fjórða hundrað. Flest þessara þorpa hafa verið að byggjast upp smátt og smátt. Sum eru að vísu nokkuð gömul, gamlir verzlunarstaðir, en mjög mörg af þeim hafa eiginlega ekki verið þorp fyrr en á 19. eða jafnvel á 20. öld. Þau hafa verið að byggjast upp smátt og smátt á seinni tímum, gengið á ýmsu um íbúatöluna, stundum farið fjölgandi, stundum fækkað og á öðrum tímum staðið í stað, en yfirleitt mun það vera svo nokkuð víða, að til þessara þorpa hefur flutzt fólk úr sveitunum, fátækt fólk, sem skorti bústofn eða jarðnæði, og hefur þar á sínum tíma komið sér upp einhvers konar húsnæði af litlum efnum, en víða hefur því húsnæði, íbúðarhúsnæði í þorpum, verið mjög áfátt.

Á þessu hafa að vísu orðið breytingar til batnaðar í seinni tíð, eins og mörgu öðru hér á landi, en það er þó svo, að þorpin eða kauptúnin hafa í raun og veru lítinn aðgang að lánsstofnunum, þar sem hægt sé að fá lán til íbúðarhúsabygginga. Það hafa að vísu verið starfandi ýmsar lánsstofnanir, sem veitt hafa lán til bygginga, svo sem veðdeild Landsbankans, byggingarsjóður verkamanna og nú síðast lánadeild smáíbúðarhúsa, svo að nokkuð sé nefnt, en ég held, að það sé ekki rangt með farið, að lánsfé þessara stofnana hafi aðallega gengið til kaupstaðanna; íbúar kauptúnanna eða þorpanna hafi hér fremur lítils góðs af notið.

Það er skoðun okkar flm. þessa frv., að helzta ráðið til þess, að hér verði breyting á til batnaðar fyrir það fólk, sem þarna á hlut að máli, íbúa kauptúnanna eða þorpanna, sé að koma upp sérstakri byggingarlánastofnun fyrir íbúðir á þessum stöðum. Við hugsum okkur, að þessari stofnun yrði komið upp samkv. því, sem í frv. segir, til bráðabirgða með því að ríkissjóður lánaði byggingarsjóðnum nokkra upphæð, sem hér er til tekin 5 millj. kr. og yrði eins konar stofnfé sjóðsins, enda þótt gert sé ráð fyrir, að það endurgreiðist. Síðan veitti ríkissjóður ábyrgð fyrir lánum, sem byggingarsjóðurinn kynni að taka til starfsemi sinnar. Þessi starfsemi, sem hér er gert ráð fyrir, lán til íbúða í þorpum, er nokkuð sérstök, hefur ekki verið til áður sem sérstök starfsemi, og við gerum ráð fyrir því, að það mundi smátt og smátt sýna sig, er sjóðurinn færi að starfa, hverjar aðferðir væru heppilegastar, bæði við útlánastarfsemina sjálfa og eins til þess að afla sjóðnum fjár. Út í það er hér ekki lengra farið í frv., en ætlazt til þess, að sú starfsemi, sem hér er gert ráð fyrir að koma á fót, þróist smátt og smátt eftir aðstæðum.

Það er gert ráð fyrir því í frv., að sjóður þessi verði í vörzlu félmrn. og að það annist bókhald hans og fjárreiður. Hins vegar sé sérstök stjórn fyrir sjóðinn, sem hafi með höndum að segja fyrir um, hvernig starfseminni skuli hagað, þó að félmrn. annist framkvæmdina. Hér er gert ráð fyrir því, að formaður sjóðsstjórnarinnar sé skrifstofustjóri félmrn., en auk hans séu í stjórninni tveir menn, sem kosnir séu af Alþ.

Í 6. gr. frv. er ákvæði um lánskjör. Þau eru þar sniðin að miklu leyti eftir lánskjörum í lánadeild smáíbúðarhúsa, samkv. l. frá síðasta þingi. Í l. um lánadeild smáíbúðarhúsa er gert ráð fyrir, að sú deild veiti aðeins lán með 2. veðrétti í húsum. Hér er gert ráð fyrir, að um geti verið að ræða annaðhvort lán með 1. veðrétti eða lán með 2. veðrétti, og mundi það fara nokkuð eftir reynslu, hvort almennara yrði. En um það, hvað 1. og 2. veðréttar lán samtals megi nema miklum hluta af kostnaðarverði, er farið eftir ákvæðum l. um lánadeild smáíbúðarhúsa.

Ég skal ekki rekja efni frv. öllu nánar en ég nú hef gert. Það er með vilja gert að kveða ekki nákvæmlega á um ýmislegt í þessari lána-

starfsemi, og höfum við flm. talið, að það væri heppilegra, af því að hér er um nýmæli að ræða, sem ekki hefur hlotið mikinn undirbúning, að slíkt yrði ákveðið með reglugerð, sem ráðh. setti, og svo með þeim starfsreglum, sem stjórn sjóðsins væntanlega setti sér smátt og smátt síðar.

Ég ætla, að ýmis rök séu til þess, að þjóðfélagið ætti að gefa hinum fámennu kauptúnum og þorpum meiri gaum en gert hefur verið til þessa. Fólk, sem af einhverjum ástæðum hverfur úr sveitunum, leggur oft leið sína til þorpanna í fyrsta áfanga, en margt af því hverfur þaðan aftur eftir skamma dvöl til hinna stóru kaupstaða, m. a. vegna þess, að viðunandi íbúðarhúsnæði skortir í þorpunum. En þar með hefur það að fullu yfirgefið hérað sitt og æskustöðvar og á þá yfirleitt ekki afturkvæmt. Hins vegar er það svo, að í þorpum og kauptúnum eru víða mjög sæmileg afkomuskilyrði, í sjávarþorpunum bæði til sjós og lands, og vel má ætla það, að þau skilyrði fari heldur batnandi, ef sá árangur verður af stækkun landhelginnar, sem margir hafa gert sér vonir um.

Ég vildi mega vænta þess fyrir hönd okkar flm., að þessu frv., sem er algert nýmæli og eins og ég sagði e. t. v. ekki svo rækilega undirbúið sem skyldi, verði tekið með velvild og skilningi í þeirri nefnd, sem nú væntanlega fjallar um það, og síðar af hv. deild. Það getur orkað nokkuð tvímælis, til hvaða nefndar ætti að vísa frv. Það gæti átt heima í hv. fjhn., og það gæti einnig átt heima í hv. heilbr.- og félmn., ekki sízt af því, að það er beint gert ráð fyrir því, að félmrn. annist störf fyrir sjóðinn. Ég vil leggja til, að frv. verði vísað til hv. félmn. að lokinni þessari umr.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins lýsa því yfir við þessa 1. umr. málsins, að ég tel, að frv. það, sem hér liggur fyrir, sé mjög virðingarverð tilraun til að leysa eitt af meiri háttar vandamálum, sem nú eru uppi í þjóðfélaginu, sem er bygging hæfra og ódýrra húsa fyrir þá menn, sem búa við húsnæðisskort. Ég get þess vegna fyrir mitt leyti fagnað framkomu þessa frv. og vænti þess, að þetta Alþ. afgreiði það nú, jafnvel þó að þurfi að taka til athugunar væntanlega einhverjar breytingar á sjálfu frv.

Ég geri ráð fyrir því, að með þessu móti, ef frv. yrði samþykkt í líkri mynd og það liggur nú fyrir, mundi dálítið létta á byggingarsjóði verkamanna, sem starfað hefur frá 1930, en hann hefur því miður ekki nándar nærri getað fullnægt þeirri miklu þörf fyrir nýtt og ódýrt og hentugt húsnæði, sem er alls staðar fyrir hendi, bæði í kauptúnum og kaupstöðum, eða a. m. k. á flestum stöðum. Ég hef að vísu ekki athugað og ekki fengið upplýsingar hjá starfsmanni byggingarsjóðs verkamanna, hversu mörg þau þorp, sem hér eru talin upp á fskj. í sambandi við þetta frv., hafa notið lána frá byggingarsjóði verkamanna, en eftir mínu minni sem eins af stjórnendum byggingarsjóðsins telst mér til, að það muni nú vera ¼—⅓ af þeim þorpum, sem hér eru upp talin, sem hafa hlotið einhver lán til byggingar verkamannabústaða, að vísu flest þeirra ekki til margra íbúða og ekki mikið á hvern stað. Það mundi því vissulega létta á byggingarsjóði verkamanna, og er þess brýn þörf.

Hitt er svo annað mál, hvort ekki þyrfti að athuga í sambandi við þetta frv. að setja það í ákveðnari tengsl við byggingar verkamannabústaða og byggingarsjóðinn heldur en þarna er gert í frv., því að þar finnst mér fulllosaralega um búið. Annars vegar er talað um það, að þorpin njóti eftir sem áður möguleika til þess að fá lán úr byggingarsjóði verkamanna, en hins vegar er í niðurlagi 9. gr. frv. gert ráð fyrir, að ef lagt verður það gjald á hreppsfélögin, sem heimilað er í 9. gr., þá eigi að greiða hreppunum eða þorpunum til baka þau framlög, sem þau kynnu að hafa innt af höndum til byggingarsjóðs verkamanna. Er það talsvert vafasamt, að það geti orðið, a. m. k. meðal þeirra þorpa, sem fengið hafa lán úr byggingarsjóði verkamanna, að þau ættu þá að fá endurgreitt úr byggingarsjóðnum það framlag, sem þau hefðu til hans greitt, sem kynni að vera mun minna en það lánsfé, sem þau hafa fengið til byggingar verkamannabústaða. En þetta er allt til athugunar.

Svo hefði ég kosið fyrir mitt leyti líka, að skýrari og fyllri ákvæði hefðu verið í 5. gr. frv. um þessar fyrirhuguðu byggingar. Þar er talað um að lána fé efnalitlum mönnum og þá einkum fjölskyldumönnum í kauptúnum til eigin nota. Það eru engar reglur um það, hverja telja eigi efnalitla o. s. frv., en að vísu er gert ráð fyrir í frv., að sett verði reglugerð, sem útfylli það, sem á vantar í lögunum. En ég hefði þó talið réttara að athuga, hvort ekki væri rétt að hafa fyllri ákvæði varðandi ýmis atriði í 5. gr. frv. Þar er verið að tala um íbúðir til eigin nota, og það er ekki talað um stærð húsanna heldur. Að mínu viti þyrfti að koma til athugunar um stærð húsanna, líkt og er um verkamannabústaðina, því að þar eru nokkur ákvæði, og einnig í löggjöfinni sem gildir um fyrirgreiðslu við byggingu smáíbúða. — Þá er ekki talað um það heldur í 5. gr., sem kæmi líka til athugunar, hvort ekki væru leyfðar sambyggingar, jafnvel í smáfélögum eða samtökum manna innan þorpanna, sem féllu þó undir þessi ákvæði í frv., þannig að þau gætu notið lána úr þeim fyrirhugaða sjóði, sem gert er ráð fyrir eftir frv. að stofnað sé til.

En þetta eru allt aukaatriði frá mínu sjónarmiði. Hitt er aðalatriðið, sem ég fyrir mitt leyti vildi lýsa samþykki við, og það er að gera frekari tilraun en gert hefur verið til þessa til að leysa húsnæðisvandamálin, sérstaklega í þéttbýlinu, í kaupstöðum og kauptúnum. Ég veit, að það eru húsnæðisvandamál líka í dreifbýlinu, í sveitunum, en það er önnur löggjöf og aðrar reglur, sem um það gilda, aðrar lánsfjárútveganir, sem verið er nú eiginlega frá hverju ári til annars að greiða fyrir að gætu orðið meiri og notadrýgri. Það er sem sagt þetta höfuðatriði, að hér er verið að mínu viti að gera virðingarverða tilraun til þess að greiða fyrir byggingum umkomulítilla manna í kauptúnun-

um, og ég vil mjög taka undir það með hv. þm. N-Þ., að það er kannske of lítill gaumur gefinn og of lítið gert að því að gera möguleikana fyrir þá, sem flutzt hafa í þorpin í kringum strendur landsins, þannig, að þeir væru ekki svo aumir, að fólkið þyrfti af þeim ástæðum að flýja þaðan. Sums staðar eru verstöðvarnar, sem bundnar eru við þorpin, einhverjar beztu verstöðvar hér á landi, og það er sannarlega þess vert, að athugað sé, hvort almannavaldið getur ekki á einhvern hátt greitt fyrir því, að fólkið geti setzt að í þorpunum og lifað þar því lífi, sem er því sæmandi.

Ég vildi sem sagt lýsa ánægju minni yfir framkomu þessa frv. og heita hugmyndinni stuðningi Alþfl., og þar sem þetta frv. er flutt af áhrifamönnum í öðrum stjórnarflokknum og ég geri jafnvel ráð fyrir, að stjórnarandstaðan muni vera fylgjandi hugmyndinni, þá vona ég, að ekki muni á skorta um, að þessi löggjöf geti náð fram að ganga á þinginu. Ég get f. h. Alþfl. heitið þessu frv. meðmælum og vinsamlegum stuðningi, og þá vænti ég, að svo fari sem hv. 1. flm. mæltist til, að þetta frv. nái fram að ganga á Alþingi og að þeir virðulegu fulltrúar úr öðrum stjórnarflokknum, sem það flytja, hafi þar líka stuðning síns eigin flokks og þá væntanlega samherjanna líka, sem standa að núverandi ríkisstj., þar sem ég geri ráð fyrir því, að samkomulag á milli stjórnarflokkanna sé svo gott, að annar geti þá sannfært hinn, ef eitthvað skortir á fullan skilning eða velvilja. Þegar ekki stendur á stjórnarandstöðunni, þá mætti ætla, að stjórnarflokkarnir gætu komið slíku máli heilu í höfn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

22. Búnaðarbanki Íslands (frv. JörB o. fl.).

Á 9. fundi í Nd., 16. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands [74. mál] (þmfrv., A. 82).

Á 10. fundi í Nd., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að láta þessu máli fylgja nema örfá orð að þessu sinni. Það var flutt á síðasta þingi og var afgr. í þessari hv. deild til hv. Ed., en hlaut þar ekki afgreiðslu. Ég vil vænta þess, að hv. landbn., sem ég geri ráð fyrir að fái þetta mál til meðferðar, hraði afgreiðslu þess svo, að unnt verði að afgr. málið til fulls frá þinginu.

Ég ætla nú, að ekki sé síður ástæða til þess að sinna slíku máli sem þessu heldur en var í fyrra. Enn berlegar er það komið í ljós, að alvarlegt atvinnuástand kann að verða í þessu landi, ef þær höfuðatvinnugreinar, sem þjóðin hefur til þessa byggt tilveru sína á, eiga að búa við enn erfiðari aðstöðu en hefur verið nú um skeið.

Ég minnist þess ekki, að ég hafi lesið, hvað áhrærir þetta atriði, öllu ömurlegri fregn en þá, sem stóð í blöðunum nýlega, þar sem sagt var frá því, að síðustu íbúar eins hreppsfélags hefðu nú verið fluttir í burtu. En fyrir ekki mörgum árum voru íbúar í þessu hreppsfélagi rúm 400, að ég ætla. Þó að þetta kunni að vera nokkuð sérstakt, hvað áhrærir þetta sveitarfélag, að hver einasti íbúi þess er fluttur í burtu, þá ber þess þó að gæta og verður jafnframt að hafa í huga, að í allmörgum sveitarfélögum annars staðar hefur fólki fækkað. Og það er ekki nema á heldur fáum stöðum úti um byggðir landsins, sem ég veit um, að fólksfækkunin haldi ekki að einhverju leyti áfram. Það virðast að vísu í nokkrum sveitum, sem ég veit um, vera straumhvörf í þessu efni, en í tiltölulega fáum. Ég ætla, að eins og komið er, þá stafi það, að fólk festir ekki rætur nú til sveitanna, einkum af því, hversu erfitt og torvelt það er þeim, sem ekki njóta einhvers sérstaks stuðnings, eiga efnaða venzlamenn að eða taka við ábýli feðra sinna. Hvað fáir verða til þess að hefja búskap í sveitunum, stafar af þeim feikna erfiðleikum, sem á því eru fyrir efnalítið og ungt fólk. Eðlilegast er, að unga fólkið, þegar það stofnar sitt heimili, geti þá um leið hafið sjálfstæðan atvinnurekstur. En eins og nú er ástatt í þessu efni, þá er ekki hægt að búast við því, að ungu og efnalitlu fólki reynist þetta mögulegt. Svo fjárfrekt er allt, sem til búrekstrar þarf, að það er engin leið til þess, að fólk geti af eigin rammleik lagt fjármunina fram. Það er nógu erfitt samt, þó að fjármunirnir séu einhvers staðar fáanlegir til þess, en eins og nú hagar til með lánsstofnanir okkar í þessu landi, þá hafa þær ekki nema að mjög litlu leyti — svo litlu leyti, að það getur tæpast talizt — getu til að geta sinnt því að lána fólki, sem er að byrja að hefja búrekstur.

Þetta finnst mér alvarlegt. Ég ætla, að þetta málefni sé þannig vaxið, að það snerti þjóðina alla og afkomu hennar. Nú er mikið um það talað, að nokkurt atvinnuleysi sé í kaupstöðum og kauptúnum, og það blasir þó enn meira við, að það kunni að aukast og verða meira, það þurfi að gera sérstakar ráðstafanir, og það hefur borið við á undanförnum árum, að dálítið hefur verið gert að því af fullri nauðsyn, vil ég meina. Og eftir ýmsu, sem fram kemur nú á þessu þingi og í ræðum manna, þá er svo að sjá sem menn búist við, að atvinna verði mjög af skornum skammti við sjávarsíðuna. En er það ekki meira en tímabært orðið að reisa rönd við því, að fólkið haldi áfram að streyma til sjávar, og gera því mögulegt að

hefja búskap og sjálfsbjörg úti um byggðir landsins? Ég ætla, að það sé. Ég hygg, að þessari þjóð verði það notadrýgst að reyna að efla þá atvinnuvegi, sem fyrir eru, og þá fyrst og fremst — eftir minni meiningu — landbúnaðinn. Eins og verkaskiptingu eða atvinnuháttum okkar er varið, þá tel ég, að það muni vera hyggilegast. Þetta er á engan hátt sagt til þess, að maður vantreysti eða kasti rýrð á hinar atvinnugreinarnar, svo sem sjávarútveg og iðnað. Iðnaðurinn er nauðsynlegur og gagnlegur okkur, en því aðeins, að minnsta kosti eins og enn er ástatt hjá okkur, mun hann taka þrifnaði, að sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn gangi allvel í þessu landi.

Landbúnaðurinn hefur það í sér fólgið — sú starfsemi eða sá atvinnurekstur — að það er sjaldnast skjóttekinn mikill gróði, en ef forsjálega er að farið, þá er það nokkuð öruggur atvinnuvegur og má teljast öruggur til bjargræðis fyrir þjóðfélagið. Hitt er vitanlegt, að þegar starfsemi, sérstaklega hvað sjóinn áhrærir, gengur vel, þá er þar skjótfenginn gróði og oft mikill. En svipull er sjávarafli. Það hefur jafnan verið svo, og má búast við því, að það kunni að verða þannig áfram. Þess vegna er ekki hyggilegt fyrir okkur að ætla að byggja afkomu þjóðarinnar um of á þeirri atvinnugrein. Og hvað áhrærir aukningu iðnaðar til þess að taka á móti fólki langt umfram það, sem er, og umfram það, sem þjóðin kann að þurfa sjálf með, þá er enn of snemmt að spá nokkru um það, hvernig það kann að ganga. Ég verð að segja fyrir mitt leyti, að stóriðja, þótt henni sé komið á, er því aðeins æskileg og eftirsóknarverð af okkar hálfu, að við getum sjálfir verið nokkurn veginn herrar yfir því kapítali, sem slík stóriðja byggist á. Ég fyrir mitt leyti er ekki fíkinn í það, að erlendir menn með mikið kapital fari að starfrækja það hér á þann hátt, að við Íslendingar getum ekki ráðið nokkurn veginn óhindrað, hvernig sú starfsemi fer fram. Okkur ber að hafa í huga, að við erum fámenn þjóð á mælikvarða erlendra þjóða. Við erum ekki heldur rík þjóð. Þess vegna álít ég hyggilegast fyrir þjóðina að haga sinni starfsemi þannig í landinu, að hún þurfi ekki að vera svo mjög upp á slíkan atvinnurekstur komin, nema henni þyki gagnlegt og gott að slíku að vinna og hafi örugg yfirráð þeirrar vinnu. En slíkt getur ekki talizt öruggt, nema því aðeins að við höfum ráð á höfuðfjármunum, sem til slíkrar starfsemi eru settir. Þess vegna finnst mér, að allra hluta vegna eigum við að gera eitthvað verulegt, eitthvað mikið til þess að mæta nú óskum hins unga fólks í sveitunum með því að rétta því hjálparhönd, svo að það geti hafizt handa um myndun nýrra heimila og búið sig undir lífsstarfið úti um byggðir landsins. Það mun verða þessari þjóð notadrýgst og öruggast fyrir framtíðina að halda þannig á atvinnumálum sínum.

Ég vil svo leyfa mér að þessari umr. lokinni að leggja til, að málinu verði vísað til hv. landbn., og ég treysti hv. nefnd til þess að hraða afgreiðslu málsins, eftir því sem hún sér sér frekast hægt.

Alþt. 1952. C. (72. löggjafarþing).

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

23. Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Á 10. fundi í Nd., 17. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um stofnlánadeild landbúnaðarins [77. mál] (þmfrv., A. 86).

Á 11. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv., sem ég og hv. 2. þm. Skagf. flytjum á þskj. 86, um stofnlánadeild landbúnaðarins, er að nokkru leyti kunnugt hér í þessari hv. d., því að frv. um þetta sama efni var af minni hálfu flutt á síðasta þingi og gekk þá í gegnum þessa d., en varð ekki afgr. í hv. Ed. Frv. er nú að nokkru leyti með þeim svip, sem skilið var við það hér í hv. Nd. í fyrra, en að nokkru leyti er þó breyting á gerð. Sú aðferð, sem ég ætlaði mér samkv. frv. í fyrra, var í aðalatriðum á þá leið, að þessi stofnlánadeild landbúnaðarins fengi tækifæri á því að taka við sparifé, sem ekki væri skattað og ekki þyrfti að telja fram til skatts. Þessu var breytt hér í hv. Nd., þannig að þótt því væri haldið, að þetta fé væri skattfrjálst, þá yrði að telja það fram til skatts, og þá um leið eru tækifæri til þess nægileg að leggja á það útsvör eins og annað fé. Þessa aðferð höfum við flm. nú tekið upp í frv., eins og það liggur hér fyrir, en að öðru leyti bætt inn till. um hærra framlag frá ríkissjóði heldur en var í frv. í fyrra, þannig að við förum fram á, að ríkissjóður láni þessari stofnlánadeild landbúnaðarins 5 millj. kr., er svo skuli borgast með ákveðnum afborgunum.

Um nauðsyn þess að gera hér ráðstafanir skal ég fara fáeinum orðum, enda þótt það sé í aðalatriðum tiltekið í grg. þessa frv. Það er svo komið, að eitt af því, sem bagar mjög landbúnaðinn nú á síðustu árum, eru sívaxandi örðugleikar fyrir unga og fátæka menn að stofna til búskapar vegna þess, hve stofnkostnaðurinn er mikill. Fyrr á árum gátu menn, sem fengu jörð eða jarðarpart á leigu, stofnað til búskapar með mjög lítið fjármagn milli handa, en nú er þetta gersamlega breytt, síðan verðgildi peninga hefur breytzt jafnmikið og raun er á orðin. Í þessu sambandi skal ég t. d. varðandi búfé taka það fram, að þegar ég var á unglingsárum fyrir um 50 árum, þá kostaði fullgild ær að vorlagi 10—12 kr. og kýrin 60—80 kr. Núna er ekki að tala um að fá leigufæra á fyrir minna en 5—6 hundruð krónur og ekki kú, sem er í fullgildu, leigufæru ástandi, fyrir

minna en 3 þús. kr. Á þessu sést það, að það fjármagn, sem til þess þarf að kaupa búfé fyrir frumbýlinga, hefur á þessu tímabili margfaldazt svo, að það er svona 40—50-falt. Að öðru leyti er það svo alkunnugt mál, að jarðir hafa hækkað mjög í verði, og allur kostnaður, sem þarf til umbóta á jörðunum, hefur hækkað svo gífurlega, að það er ekki hægt fyrir fátæka menn að stofna til búskapar nema með talsverðu fjármagni, og það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að það verði hægt að fá á annan hátt en þann, að mennirnir eigi kost á lánsfé með sæmilega góðum kjörum. Nú er þetta fé hvergi fáanlegt. Mér vitanlega eru hvergi fáanleg lán, eins og sakir standa nú, til jarðakaupa eða til bústofnskaupa eða verkfærakaupa, og þetta gerir það að verkum, að ungir menn, sem gjarnan vilja stofna til búskapar í sveitum landsins, hafa lokaða leið vegna fjárskorts til þess að stofna til þessa atvinnurekstrar, sem þeir nauðsynlega vilja fara í.

Hér er mjög oft á hv. Alþ. verið að tala um atvinnuleysi í bæjunum, og það er raunar ekki að ástæðulausu og ekkert undarlegt við það, þó að atvinnuleysi sé komið í bæjum og kauptúnum, eins og sakir standa í okkar þjóðfélagi. Ég sé ekkert undarlegt við það, vegna þess að það hefur alltaf á undanförnum síðustu áratugum smátt og smátt verið að draga unga fólkið burt úr sveitunum, vegna þess að því hefur ekki verið sköpuð þar aðstaða, sem hefur jafnazt á við þau lífsþægindi, sem kaupstaðirnir hafa að bjóða. Og nú er svo komið, að í sveitum landsins er ekki nema annaðhvort tæplega eða um ¼ hluti þjóðarinnar, um 25%. Ég vil nú halda því fram, að öruggasta leiðin til að koma í veg fyrir alvarlegt atvinnuleysi í okkar landi sé að byggja upp sveitirnar, auka möguleikana á því, að það geti verið það mikill fólksfjöldi í sveitum okkar lands, að það þurfi ekki að vera hætta á því, að það verði stórir hópar af atvinnulausu fólki í bæjunum. En til þess að þetta geti orðið, þá þarf stórkostlega aukið lánsfé í sveitirnar og ekki sízt handa þeim mönnum, sem eru að byrja búskapinn.

Mér er kunnugt um það, að það eru nú, síðan fjárskiptin fóru fram, mjög margir af ungum og efnilegum mönnum, sem flutzt hafa til bæjanna, er vildu mjög gjarnan snúa aftur heim í sveitina sína og hefja þar búskap, en leiðin, sem fram undan er, er lokuð vegna þess, að þessir menn fá ekki það lánsfé, sem nauðsynlegt er til þess að hefja búskapinn. — Ég skal svo ekki að þessu sinni hafa um þetta mál fleiri orð, en legg til, að frv. að þessari umr. lokinni verði vísað til hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

24. Fiskveiðasjóður Íslands.

Á 11. fundi í Nd., 20. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 34/1943, um fiskveiðasjóð Íslands, og á l. nr. 39/1946, um breyt. á þeim lögum [81. mál] (þmfrv., A. 91).

Á 12. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Nd., 23. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Eiríkur Þorsteinsson): Herra forseti. Þjóðin hefur frá öndverðu byggt afkomu sína á tveim meginatvinnugreinum, landbúnaði og fiskveiðum. Allt fram á síðustu öld var þó landbúnaðurinn grunnmúr hins íslenzka þjóðlífs og fiskveiðar stundaðar sem hjálparatvinnuvegur til þess að færa björg í bú og veita íslenzkum sveitaheimilum afkomuöryggi. Þá var ekki mikill iðnaður við Faxaflóann í landi, enda var aðalverkunaraðferðin sú, sem kunnugt er, að herða hann. Er hluti af þjóðinni tók að fylkja sér saman við firði og flóa, þar sem hafnarskilyrði voru bezt og fiskimiðin auðugust úti fyrir, sköpuðust ný viðfangsefni. Þá varð að gera framleiðsluna sem fjölbreyttasta og skapa sem mesta afkomumöguleika íbúum þeim, sem þarna höfðu vænzt nýrra lífsskilyrða sér og sínum. Um þessar mundir fór verzlunin smám saman að færast á innlendar hendur, og framtak þjóðarinnar fékk á sig heildarsvip hins íslenzka þjóðernis. Um alllangt skeið var saltfiskverkun stór atvinnugrein þessara sjávarbyggða, en hin síðari ár hefur freðfiskverkun orðið sú merkasta og stærsta og til mestrar uppbyggingar bæjum og kauptúnum, og þó einkum hinum síðar töldu. Til fiskiðnaðar þessa hefur verið mjög vandað, og gefur hann mestar vonir allra núverandi iðngreina um að geta framvegis orðið snar þáttur í að koma hér á fullkomnu efnalegu sjálfstæði. Til þess að þetta megi takast, er brýn nauðsyn á, að fiskiðjuverin eigi aðgang að nægilegu lánsfé, svo að unnt verði að byggja þau upp það sómasamlega, að vinnunýtni og afkastamöguleikar séu sem beztir. Það er því eigi fært fyrir Alþ. Íslendinga að sjá ekki þessum stórvirku verksmiðjum á íslenzkan mælikvarða fyrir eðlilegu stofnfé.

Fiskveiðasjóður hefur verið efldur allmikið hina síðustu tvo áratugi í því skyni að hjálpa bátaútveginum og fiskiðjuverum, auk þess sem fiskimálasjóði var gert kleift að hlynna að iðjuverunum. En dýrtíðin, hækkað verðlag á öllu, sem kaupa þarf, bæði utan lands og innan, hefur reynzt hraðskreiðari öllum þessum ráðstöfunum. Og fiskveiðasjóð skortir fé til að geta komið til móts við áhugaaðila í uppbyggingu hraðfrystihúsa, fiskimjölsverksmiðja, fiskverkunarstöðva o. s. frv. og það svo tilfinnanlega, að l. frá 1946 um hámarkslán, 500 þús. kr., til þessara fyrirtækja hafa svo til aldrei orðið raunhæf, heldur hefur hámarkið samkv. lögunum frá 1943 orðið að nægja, sem var 300 þús. kr., en stofnkostnaður þessara fyrirtækja er orð-

inn það hár, að nær engir geta rönd við reist eða þá að óeðlilega verður að ganga á rekstrarfé, sem sízt er of mikið af. Þá er sem kunnugt er stofnlánadeild sjávarútvegsins uppurin, svo að hana tjáir ekki að nefna í þessu sambandi. Hér er um það mikið velferðarmál sjávarþorpa og bæja að ræða, að oltið getur á lífsafkoma og framtíð þeirra, hvort hér verður bót á ráðin.

Frv. það, sem ég flyt hér, er breyt. á l. um fiskveiðasjóð Íslands frá 1943 og 1946. Felur það í sér að hækka í fyrsta lagi lánsheimild fiskveiðasjóðs úr 4 millj. upp í 20 millj. kr., í öðru lagi að hækka lán gegn 1. veðrétti áðurgreindra iðjufyrirtækja úr helmingi virðingarverðs þeirra upp í ⅔, en hámarkslánið hækki þó úr 500 þús. kr. upp í 1 millj., en þetta síðasta ákvæði er eðlilegt og sjálfsagt vegna hækkaðs verðlags og getur orðið stór lyftistöng fyrrgreindum atvinnuvegi til þessara iðjuvera.

Hin síðari ár hefur mjög gengið til þurrðar handbært fé einstaklinga og fyrirtækja. Veldur þar um hækkað verðlag, sem aukið rekstrarfé þarf til. Þessar ástæður gera það því meira aðkallandi, að hið háa Alþ. sjái fyrir hækkuðu lánsfé til þessara alnauðsynlegustu atvinnutækja almennings. Það er því fyllsta von mín, að frv. þetta njóti skilnings og velvildar hv. alþm., svo að það megi verða að lögum nú á þessu þingi. — Að lokinni 1. umr. óska ég svo málinu vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 15. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 91, n. 496).

Frsm. (Eiríkur Þorsteinsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur athugað þetta mál og orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég gerði allýtarlega grein fyrir málinu við 1. umr. sem flm. þess, og ætla ég ekki að fara um það mörgum orðum, en þetta er það merkilegt mál, að ég tel illa farið, ef það nær ekki að verða að lögum á þessu þingi, þar sem það snertir mjög ein stærstu atvinnutæki þjóðarinnar víðs vegar um land, sem eru fiskiðjuverin. Ég vil leyfa mér að þakka n. fyrir ágæta afgreiðslu á málinu og tel, að það sé spor í áttina til þess, að frv. geti orðið, eins og ég sagði áðan, að l. á þessu þingi, þó að senn líði nú að þinglokum.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta að sinni, en vænti þess, að það verði samþ. og afgreiðslu þess hraðað sem mest. Vil ég beina því til hæstv. forseta, að hann stuðli að því, að svo geti orðið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 19. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 51. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 52. fundi í Ed., 20. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

25. Raforkuframkvæmdir.

Á 11. fundi í Nd., 20. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku vegna nýrra raforkuframkvæmda [82. mál] (þmfrv., A. 92).

Á 12. og 13. fundi í Nd., 21. og 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 14. fundi í Nd., 24. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það hefur oft verið um það rætt og réttilega, að það afl, sem fólgið er í fossum okkar og fljótum, væri hin mesta auðlind, sem þjóðin ætti. Því miður er svo málum háttað hjá okkur, í okkar atvinnulífi, Íslendinga, að við höfum lítið um dýrmæt jarðefni og námur í landi okkar, þannig að atvinnuvegir okkar eru að verulegu leyti háðir ýmiss konar árstíðasveiflum, ekki hvað sízt sjávarútvegurinn, og hefur þetta átt sinn stóra þátt í því að skapa það öryggisleysi, sem oft hefur orðið vart hér í okkar atvinnulífi, og valda miklum erfiðleikum um það að gera sér fullkomna grein fyrir á hverjum tíma, hvaða horfur væru fram undan um afkomu þjóðarinnar.

Á síðustu árum hefur aukizt mjög áhugi bæði almennings í landinu og forustumanna þjóðarinnar almennt um að nýta þá auðlind, sem ég gat um í upphafi máls míns, vatnsaflið, til þess í senn að skapa landsfólkinu bætt lífsþægindi og einnig að bæta efnahagslega afkomu þess og skapa skilyrði til margvíslegs atvinnurekstrar í landinu, ekki hvað sízt iðnaðar, sem raforkan er óhjákvæmileg fyrir. En það er einnig svo málum háttað nú, að eins og flestir vita, þá er mjög mikil breyting í því efni vegna nýjustu

uppfinninga, að í raun og veru skiptir orðið minna máli nú um ýmiss konar hráefni til iðnaðar heldur en áður hefur verið, og það er fyrst og fremst orkan, sem máli skiptir. Þetta hefur leitt til þess, að það að sjálfsögðu skapar okkur aukna og bætta aðstöðu til þess að nýta þessa auðlind okkar, raforkuna, og að hefja iðnað á ýmsum sviðum, sem áður hefði verið óhugsandi að gera, því að það er vitanlegt öllum, sem til þekkja, að raforka úr fossaafli er miklum mun ódýrari en raforka, sem framleidd er á annan hátt. Enda liggur reynsla fyrir um það hérlendis og hefur einnig birzt hér í frv., sem liggur fyrir þessari hv. d., að það er mikill munur á því um framleiðslu raforku í landinu, hvort sú raforka er framleidd úr vatnsafli eða hvort hún er framleidd á annan hátt, með dieselrafstöðvum eða á annan slíkan hátt.

Árið 1942 voru sett l. um raforkusjóð, sem gerði mögulegt að hraða meira en verið hafði framkvæmdum í raforkumálum, og árið 1946 voru síðan sett heildarl. um raforkuframkvæmdir, og á grundvelli þeirrar löggjafar hefur verið haldið áfram síðar með stærri og mikilvægari raforkuframkvæmdir en áður hafa þekkzt á landi hér. Mestu mannvirkin á þessu sviði er nú verið að reisa, en það eru hin nýju orkuver við Sog og Laxá, sem gera má ráð fyrir að kosti hátt á þriðja hundrað millj. kr. og munu auka stórkostlega þá raforku, sem hægt er að framleiða í landinu, og skapa skilyrði fyrir bæði aukinn iðnað og einnig til þess, að mörg byggðarlög, sem ekki höfðu áður kost á að hljóta raforku, geta nú fengið hana frá þessum orkuverum. En samt er það svo, að þótt þessi orkuver séu nú langt á veg komin með að komast upp, þá er enn geysimargt óunnið í þessum málum. Og þó að segja megi ef til vill, að það sé svo stórt spor, þessi stóru orkuver við Sog og Laxá, að þess sé ekki að vænta, að hægt sé að halda áfram stórstígum framkvæmdum á því sviði, þá er því þar til að svara, sem ég veit að hv. þm. munu einnig allir hafa gert sér ljóst, að einmitt þessar miklu framkvæmdir og einmitt þau stórauknu þægindi og bætta lífsafkoma, sem þau orkuver skapa, sem upp eru komin, auka mjög þörfina á því, að hraðað sé framkvæmdum í öðrum byggðum landsins. Orsökin er augljóslega sú, að eftir því sem lífsafkoma fólksins batnar í ýmsum hlutum landsins, þá er stóraukin hætta á því, að jafnvægisleysi verði, þannig að þær byggðir, sem ekki njóta raforku og ef til vill sjá fram á það að geta ekki notið hennar um ófyrirsjáanlegan tíma, — það er hætt við því, að það fólk, sem þar býr, kjósi heldur að leita til þeirra staða, þar sem þægindin eru þegar komin og lífsafkoma fólksins að ýmsu leyti þegar orðin betri, bæði beinlínis vegna þessara þæginda og einnig vegna þeirrar auknu atvinnu, sem raforkan hefur víða í för með sér. Einmitt af þessum orsökum er óumflýjanlegt að gera sér grein fyrir þeirri staðreynd, að það verður að hraða eftir föngum raforkuframkvæmdum sem víðast á landinu til þess að vega upp á móti því jafnvægisleysi, sem annars er hætt við að myndaðist í þjóðfélaginu.

Einnig er þess að gæta í þessu sambandi, að það er að sjálfsögðu um tvíþætt vandamál að ræða, annars vegar að koma upp nýjum orkuverum og hins vegar það vandamálið, sem enn er óleyst, að þótt orkuverin við Sog og Laxá komist upp, þá vantar stórlega fjármagn til þess að leggja héraðsveitur út um byggðirnar frá þessum orkuverum, þannig að hægt sé að leiða raforkuna til fólksins. Þetta á ekki einungis við um þessi tvö orkuver, heldur einnig ýmis önnur orkuver, sem komið hefur verið upp víðs vegar um landið, og orkuver, sem nú er verið að koma upp. Það er að sjálfsögðu ekki nóg að koma orkuverunum sjálfum upp, heldur þarf um leið að tryggja það, að það sé hægt að nýta þau af því fólki, sem á að njóta þessara þæginda. Það er, eins og ég sagði áðan, bæði með hliðsjón af því, að koma þarf í veg fyrir þá misjöfnu aðstöðu, sem verður í þjóðfélaginu vegna raforkunnar, og einnig vegna hins, sem augljóslega er einnig brýn þörf að hafa í huga, að afkoma raforkuveranna og möguleikar þeirra til þess að standa straum af kostnaði við þessar miklu framkvæmdir byggist að sjálfsögðu á því, að það sé hægt að nýta orku þeirra sem fyrst til fulls og að það sé hægt að leiða þess vegna raforkuna út um þær byggðir, sem samkvæmt þar um gerðri áætlun eiga að njóta rafmagnsins frá orkuverunum.

Af þessum sökum er það, sem við nokkrir þm. höfum leyft okkur að bera hér fram í þessari hv. d. frv. það, sem hér liggur fyrir nú til umr. á þskj. 92, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkisstj. verði heimilað að taka allt að 15 millj. kr. lán til raforkuframkvæmda. Þau framlög, sem um er að ræða nú til raforkumála, eru annars vegar framlag á 16. gr., sem er til nýrra raforkuframkvæmda, og hins vegar hið árlega framlag til raforkusjóðs. Annað þýðir ekki um að ræða til þess að leysa af hendi það verkefni, sem ég gat um áðan. Og með þeim framlögum er sýnt, að það muni taka áratugi að leysa þetta verkefni, sem nú er brýn þörf að leysa sem allra fyrst.

Það má ef til vill segja sem svo, að það sé varhugavert að fara að leggja út í lántökur fyrir ríkissjóðinn til framkvæmda sem þessara, ekki sízt þar sem gert er ráð fyrir, að þetta lán sé ef til vill ekki nema að nokkru leyti endurgreitt, heldur sé um bein framlög að ræða og þau ættu þá að takast af fjárlögum. Því er nú bæði til að svara um það, að það er ekki ótítt, að ríkið taki sjálft lán til ýmiss konar framkvæmda, enda þótt ekki sé um endurlán að ræða og endurgreiðsla lánsins falli beint á ríkissjóðinn, og í þessu efni bætist það við, að hér er um verkefni að ræða, sem ríkið hefur samkv. l. tekið að sér að leysa. Það, sem mundi gerast með þessari lántöku, er ekki annað en það, að þessu verki yrði hraðað. Og það hygg ég, að allir hv. alþm. séu mér sammála um, að nauðsyn sé að gera, eftir því sem nokkur tök eru á, og af þeim sökum sé það á engan hátt varhugavert, ef auðið er að fá lánsfé til þeirra framkvæmda, sem hér er um að ræða, og með hliðsjón af þeim rökum, sem ég hef áður lauslega drepið á.

Það er þannig gengið frá ákvæðum um raforkuframkvæmdir í raforkul., að sum af þeim verkefnum, sem þar þarf að leysa, er ekki unnt að leysa með endurlánum, þ. e. a. s. með lánum úr ríkissjóði, sem þessi mannvirki svo standi undir. Það er gert ráð fyrir því, að um sé að ræða tvenns konar framkvæmdir, annars vegar rafmagnsveitur ríkisins, sem er gert ráð fyrir að geti staðið undir sér sjálfar, og um endurlán til þeirra getur að sjálfsögðu verið að ræða. En svo eru hins vegar héraðsrafveiturnar, og falla þær undir lagnirnar út frá orkuverunum út um sveitirnar og til bæja og sjávarþorpa, sem rafmagnsins eiga að njóta. Í mörgum tilfellum er þarna um að ræða framkvæmdir, sem ekki geta staðið undir sér sjálfar og ekki geta staðið straum af stofnkostnaði sínum, og er þá gert ráð fyrir beinum framlögum úr ríkissjóði til þeirra hluta.

Við flm. gerum ráð fyrir, að það fé, sem hér er áætlað að taka að láni, geti orðið notað til beggja þessara framkvæmda, og þess vegna er það látið opið í frv., hvort um lán yrði að ræða, hvort um endurlán yrði að ræða til raforkusjóðs eða til rafmagnsveitna ríkisins eða hvort um bein framlög yrði að ræða, heldur er gert ráð fyrir, að þessu fé yrði ráðstafað í samráði við raforkuráð og eftir nánari ákvörðunum raforkumálastjórnarinnar, til þess að það nýtist sem bezt. En nú eru einmitt í áætlun hjá raforkustjórninni og raforkuráði margvíslegar framkvæmdir í sambandi bæði við þessi nýju orkuver tvö, orkuver, sem áður eru komin upp, og orkuver, sem verið er nú að koma langt áleiðis og óumflýjanlegt er að leysa á næstu árum. Eins og vikið er að í grg. þeirri, sem fylgir frv., er þess að geta, að í sambandi við lánsútboð t. d. nú við byggingu orkuveranna við Sog og Laxá hefur þátttaka í bréfakaupum í þeim lánsútboðum verið langmest úti um sveitirnar í nánd við orkuverin, þær sveitir, sem ekki hafa fengið raforkuna, en gera ráð fyrir að fá að njóta hennar frá þessum nýju orkuverum. Og það yrði að sjálfsögðu mjög mikil óánægja hjá þessu fólki, ef það, eftir að hafa lagt fram drjúgan skerf til að hrinda þessum miklu málum áleiðis, fengi svo ekki fyrr en eftir langa hríð að njóta þægindanna af þessum orkuverum. Og það er enn þessi ástæða, sem bætist við og gerir brýna þörfina á því að hraða þessum framkvæmdum svo sem kostur er á.

Ég býst við, að ýmsir kunni að segja sem svo, að það hafi lítið að þýða að samþ. frv. um lántökuheimild fyrir ríkisstj., ef ekki sé bent á neinar leiðir til að fá slík lán. Það kann að vísu rétt að vera að vissu marki. En í fyrsta lagi er nú þess að gæta, að það er að sjálfsögðu ekki nema æskilegt, að ríkisstj. hafi fyrir sér yfirlýsingu um vilja Alþingis í því efni. Í öðru lagi tel ég alls ekki útilokað að fá lán það, sem hér um ræðir. Þess er fyrst að gæta, — reynslan hefur sýnt það, — að auðveldast er að fá erlend lán til raforkuframkvæmda hér á Íslandi af þeim mannvirkjum, sem við á annað borð höfum leitað eftir lánum til. Og það stafar ekki hvað sízt af því, að erlendir aðilar gera sér fyllilega ljósa þá staðreynd, að einmitt virkjun fallvatnanna hér er einhverjar hagkvæmustu framkvæmdir, sem við getum í ráðizt, og þær framkvæmdir, sem eru einna líklegastar til að stuðla að því að tryggja efnahagslega afkomu þjóðarinnar. Þess er þá einnig að gæta, að viðtökur þær, sem almenningur hefur sýnt hinum nýju raforkuframkvæmdum, og sá feikimikli áhugi, sem víða hefur komið fram úti um allt land um það að fá raforku sem fyrst, — ég hygg, að sá áhugi mundi nægja til þess, að það ætti að vera hægt með lánsútboði að fá töluverða upphæð upp í þetta fyrirhugaða lán. Og í þriðja lagi er eitt atriði, sem ég vildi vekja hér athygli á, og það er það, að á þessu ári, 1952, er flutt inn geysimikið magn af ýmiss konar vélum og vörum til orkuveranna við Sog og Laxá. Á þennan hátt hafa ríkissjóði bætzt óvenjulegir tekjustofnar, sem aðeins er um að ræða þetta eina ár, og tollgreiðslur þessara fyrirtækja til ríkisins munu vafalaust nema allt að 15 millj. kr. Hér er um fé að ræða, sem ekki er reiknað með, að því er mér hefur skilizt, í hinni venjulegu tolltekjuáætlun, sem lögð er til grundvallar í fjárlögum, enda ekki eðlilegt, að það sé gert, því að hér er um alveg óvenjulegar tekjur að ræða, sem aðeins munu koma ríkissjóði til góða í eitt skipti. Ég tel alls ekki fráleitt, að þessar tekjur, sem á þennan hátt er aflað, væru að einhverju leyti notaðar til þess einmitt að auka raforkuframkvæmdir og til þess að greiða fyrir því, að raforkan geti sem fyrst orðið nýtt af sem flestum landsmanna, og þá ekki hvað sízt, að það mætti a. m. k. nota einhvern hluta þessa fjár til þess að leggja héraðsveitur út frá þessum nýju orkuverum við Laxá og Sog, þar sem það er beinlínis um það að ræða að tryggja afkomu þessara fyrirtækja.

Mér virðist því, að ef fullur vilji er fyrir hendi, þá ætti að vera möguleiki til að fá þetta fé, sem hér er gert ráð fyrir. Og það er engum vafa bundið, að hér er um framkvæmdir að ræða, sem er mikil þjóðfélagsleg nauðsyn að sé hraðað. Það er ekki um að ræða nein ný útgjöld fyrir ríkið umfram það, sem í l. er gert ráð fyrir að ríkið leysi af hendi, þó að á lengri tíma kunni að vera, heldur er með því að hraða þessum framkvæmdum aðeins stuðlað að því að koma í veg fyrir jafnvægisleysi í þjóðfélaginu og hraða því, að allur landslýður geti sem fyrst orðið þessara miklu og lífsnauðsynlegu þæginda aðnjótandi, og á þann hátt er um leið skapaður grundvöllur fyrir ýmiss konar nýjan atvinnurekstur í landinu til bættrar lífsafkomu fyrir þjóðarheildina.

Ég mun svo ekki orðlengja frekar um þetta mál, en vil að þessari umr. lokinni leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn.

Hannibal Valdimarsson: Ég er algerlega sammála hv. flm. þessa frv. um það, að nauðsyn sé á því, að aflað verði lánsfjár til þess að hraða framkvæmdum í raforkumálum. Það er vitað, að heilir landshlutar hafa algerlega farið varhluta af aðstoð ríkisins til rafvirkjana og að atvinnulífið í þessum landshlutum bíður stórkostlegan hnekki af því að hafa ekki nema rán-

dýra og ótrygga raforku, framleidda með erlendu hráefni. Það hefur verið upplýst hér á Alþ., að búið sé að ráðstafa tekjum raforkusjóðs a. m. k. 2 ár fram í timann og þó kannske heldur lengur, og jafnljóst er hitt, að þjóðfélagið hefur veitt stórkostlega aðstoð til þess að byggja risavaxin orkuver í Sunnlendingafjórðungi og Norðlendingafjórðungi, og veitti ekkert af því. Ég er þess vegna hræddur um það, ef það er tilætlun þessara hv. flm. með þessu frv., að erlend lántaka bæti að nokkru verulegu leyti úr um raforkuþörfina — að ég ekki segi raforkuhungrið — í þeim landshlutum, sem enn þá hafa verið settir til hliðar og líkur eru til að verði settir til hliðar kannske um áratugi enn þá, þá þætti það skammt, þó að hæstv. ríkisstj. fengi heimild til að taka allt að 15 millj. kr. lán í þessu skyni. Ég tel því, að það mundi lítið gagna til þess að þoka þessum málum nokkuð verulega fram á leið, nema þarna væri fengið miklu meira fjármagn. Ég mun því flytja brtt. við þetta frv. um það í fyrsta lagi, að í stað 15 millj. kr. komi allt að 50 millj. kr. lán, og tel þó, að sú upphæð muni reynast of lág, ef þjóðfélagið ætlar sér að koma þarna verulega til hjálpar til þess að flýta framkvæmdum, svo að nokkru nemi. Ég er algerlega sammála flm. um það, að það muni vera auðveldara að fá erlend lán til raforkuframkvæmda heldur en til flestra annarra framkvæmda í landinu og jafnframt að þörfin sé hvergi brýnni en einmitt að fá lánsfé til slíkra mannvirkja.

Þá vil ég í annan stað gera brtt. við þessa sömu grein frv. á þá lund, að í stað „rafmagnsveitna“ komi: raforkuframkvæmda, — því að það mætti skilja það svo, þegar til framkvæmda kæmi, að þar væri eingöngu átt við, að þessu fé mætti verja til raforkuleiðslna frá raforkuverum, því að það mun vera sú merking, sem er lögð venjulega í orðið rafmagnsveita, þ. e. leiðslurnar frá raforkuverinu, og má vera, að það hafi vakað fyrir flm. að verja þessu lánsfé eingöngu til þess að leggja leiðslur út frá orkuverunum, sem búin eru nú að fá á þriðja hundrað millj. kr. lánsfé í gegnum ríkisaðstoð. En ég vil, að það sé a. m. k. opið fyrir raforkumálastjórninni að verja þessu lánsfé, sem aflað kynni að verða samkvæmt þessu frv., til hvers konar raforkuframkvæmda, sem nauðsynlegar þættu, en ekki aðeins til þess að byggja kerfi út frá þeim orkuverum, sem nú eru í byggingu eða þegar eru til. Ég vildi við þessa umr. málsins boða það, að ég mun flytja þessar brtt. við frv., en sé ekki ástæðu til að leggja þær fram fyrr en við 2. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins í tilefni af orðum hv. þm. Ísaf. taka það fram í sambandi við síðari brtt. hans, sem hann vék hér að út af orðunum „nýrra rafmagnsveitna“, eins og einnig kom fram í minni frumræðu, að ég hélt, að það er ekki áform flm. þessa máls að binda þetta fé við það, að því verði einungis varið til héraðsveitna, heldur verði það notað jöfnum höndum til þess að leggja héraðsveitur og til nýrra raforkuframkvæmda eftir atvikum, og þess vegna er það, sem við höfum sett í frv., að ráðstöfun þess skuli vera háð nánari ákvörðun raforkumálastjórnarinnar, og það fer þá alveg eftir atvikum, hvort lán þetta yrði endurlánað rafmagnsveitunum eða raforkusjóði eða lagt fram sem nýtt, óafturkræft framlag til héraðsrafveitna. Hins vegar, ef þetta orðalag, sem þarna er í frv., kynni að valda einhverjum misskilningi, þá er að sjálfsögðu rétt, að sú hv. n., sem fær málið til meðferðar, lagfæri það, til þess að það sé alveg ótvírætt. En við vildum sem sagt hafa það alveg opið, að það væri hægt að nota þetta fé jöfnum höndum, þar sem við teljum, að þessar framkvæmdir séu hvorar tveggja mjög brýnar, og það ekki hvað síst vegna þess, eins og þessi hv. þm. tók fram, að það eru vissir landshlutar, sem eru enn algerlega útundan um vatnsorkuvirkjanir.

Varðandi það atriði, sem hann boðaði í brtt., að þessi lánsupphæð yrði hækkuð í 50 millj. kr., þá brýtur það að sjálfsögðu ekkert í bága við skoðun okkar flm. þessa máls, en það má að sjálfsögðu segja 50, 60, 100 millj., það er eins og bent er á í grg., að hér er um átök að ræða, sem auðvitað er engin von til að sé hægt að leysa að öllu leyti í einu skrefi. Það er alltaf matsatriði, hvort lántakan á að vera 10 milljónum hærri eða lægri. Það, sem fyrir okkur vakti fyrst og fremst, var að setja sem lántökuheimild einhverja sennilega upphæð, þannig að það yrði nokkurn veginn öruggt, að það fé væri hægt að fá. Hins vegar, ef ríkisstj. hefur tök á að afla meira lánsfjár, þá mundi þetta frv. og samþykkt þess vera tvímælalaus vísbending til hennar um það, að það væri vilji Alþ., að áfram væri haldið eins langt á þessari braut eins og nokkur tök eru á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. við það barst á þskj. 128.

---

26. Brúargerðir.

Á 11. fundi í Nd., 20. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir [83. mál] (þmfrv., A. 93).

Á 12. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég get látið nægja að þessu sinni að vísa til

grg. frv. Þar er drepið á þau höfuðatriði, sem færð munu fram til stuðnings þessu máli, og þó að mér komi ekki til hugar, að þegar verði hafizt handa um framkvæmd í þessu máli, hvað byggingu mannvirkisins áhrærir, þá er í alla staði réttmætt og hyggilegt, að brúnni sé komið inn á brúalög, því að vonandi verða framfarir í þessu landi það hraðar, að áður en mjög langir tímar líða verði talið sjálfsagt að koma þessu mannvirki í framkvæmd.

Aðstaðan til sjósóknar á þessum stöðum er þannig, að það mun verða um langa stund helzta afdrep fyrir báta í Þorlákshöfn, en frá kauptúnunum á Stokkseyri og Eyrarbakka, sem eru allfjölmennar byggðir eins og er, mun sjór verða sóttur allmikið að öllum eðlilegum hætti. Og þó að stuttlega sé að því vikið í þessari grg., hvað mikla þýðingu það hefur að stytta leiðina milli þessara staða, kauptúnanna austan Ölfusár og Þorlákshafnar, þá er það þó bert af því litla, sem þar er drepið á, að þarna er um óhemju mikla fjármuni að ræða, sem liggja í flutningunum. Það kostar, ef miðað er við Eyrarbakka, rúmar 100 kr. að flytja tonnið út í Þorlákshöfn, eða frá Þorlákshöfn til Eyrarbakka; það mun vera milli 40 og 50 km langur vegur, ef farið er um Selfoss, en eitthvað rúmir 12 km, ef farið er yfir ána í Óseyrarnesi og beina leið í Þorlákshöfn. Kemur þó vissulega fleira til greina en aðeins þetta við það að stytta flutningaleiðina austur í héruðin fyrir austan Ölfusá.

Ég vil vænta þess, að hv. Alþingi fallist á þessar óskir okkar Árnesinga. Það er a. m. k. engin hætta á ferðum fyrir þingið, þó að það samþ. málið og komi þessari brú inn á brúalög. Ef einhver hefur ótta af því, að framfarir verði of hraðar úti um byggðir landsins, — það kynni að tefja fyrir, að allir Íslendingar flyttust hér á þessa tanga við Faxaflóa, — þá er unnt að grípa til þeirra úrræða að framkvæma þá ekki þetta mannvirki, svo að hættan fyrir þá er þá ekki mikil.

Brúarstæði er öruggt þarna á ánni, en vitaskuld kostar mannvirkið mikla fjármuni, hvenær sem það verður gert.

Ég vil svo leyfa mér að stinga upp á, að þessu máli verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til samgmn. með 21 shlj. atkv.

Á 36. fundi Nd., 8. des., utan dagskrár, mælti

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. 20. okt. var útbýtt hér í hv. deild frv. um brú á Ölfusá í Óseyrarnesi. 21. s. m. var þetta frv. tekið fyrir til 1. umr. og vísað til 2. umr. og hv. samgmn. Ég hef nokkrum sinnum innt hv. samgmn. eða formann hennar eftir, hvað þessu máli liði, og jafnan fengið þau svör, að beðið væri eftir áliti. Nú vil ég mega spyrja hæstv. forseta, hvort hann geti nú ekki hlutazt til um það, að þetta mál fari að verða afgreitt frá hv. n., því að sérstæður er þessi dráttur, þar sem efni málsins er ekki annað en hvort þessi brú skuli tekin inn á brúalög eða ekki. Sýnist mér, að það hefði ekki þurft að taka svona langan tíma. Þeir, sem er það hugarhaldnast að gera sem minnst, eiga þess kost að vera á móti málinu, þegar að því kemur, að eitthvað á að fara að gera.

Forseti (SB): Út af fyrirspurn hv. 1. þm. Árn. skal það tekið fram, að það er rétt hjá honum, að samgmn. hefur beðið eftir áliti vegamálastjóra. Hv. þm. veit, að slík frv. eru allajafna ekki afgreidd án álits þessa embættismanns, sem fjallar um brúargerðir og vegamál í landinu. Nú hefur þetta álit vegamálastjóra ekki borizt, en þrátt fyrir það skal orðið við þeirri ósk hv. þm., að málið verði afgreitt frá n.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir það, að hann ætlar sér nú að afgreiða málið. Og það er síður en svo, að ég telji það úr vegi að senda vegamálastjóra slíkt mál til álits. Það, sem kemur til hans kasta undir slíkum kringumstæðum sem þessum, er vitaskuld, hvort brúarstæði á ánni, sem þarna er tilgreint, er hæfilegt eða ekki, hvort það kunni að vera nokkrum vanköntum búið að setja brú þarna á. Og það var ekki langrar stundar verk, eftir að búið var að athuga, hvernig brúarstæðið væri. Það var búið í haust, og brúarstæði er þarna gott. Mér þykir leitt til þess að vita, að hæstv. forseta skuli ekki hafa borizt þetta álit, því að ég veit til þess, að vegamálastjóri er búinn að senda það, reyndar ekki fyrir svo löngu, og ég hef lesið álit vegamálastjóra hér í Alþingi.

Forseti (SB): Út af þessum ummælum hv. þm. vil ég aðeins taka það fram, að það álit hlýtur þá að hafa borizt nú allra síðustu daga, laugardag eða í dag, því að að jafnaði eru þau skjöl, sem berast samgmn., flutt n. þegar er þau berast. En ég ítreka þau ummæli, að málið skal verða afgreitt.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. við það bárust á þskj. 125 og 129.

---

27. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. GÞG og KS um hjónaskatt).

Á 6. fundi í Sþ., 22. okt., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og á l. nr. 20 1942, um breyt. á þeim lögum* [90. mál] (þm-frv., A. 110).

Á 14., 15. og 16. fundi í Nd., 24., 27. og 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., 30. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Í þessu frv. okkar hv. 9. landsk. þm. felst það, að hvort hjóna um sig skuli vera sjálfstæður skattþegn, þ. e. a. s., að allar konur skuli verða sjálfstæðir skattborgarar, hvort sem þær starfa á heimili, að sameiginlegum atvinnurekstri eða vinna utan heimilis. Gert er ráð fyrir því, að sértekjur konu séu ávallt skattlagðar hjá henni. Sameiginlegum tekjum hjóna eða heimilis skal hins vegar skipt þannig, að konunni séu taldar allt að 25 þús. kr. Ef hún vinnur úti, en fyrir minni tekjum en 25 þús. krónum, skal hún fá svo mikinn hluta af tekjum mannsins, að tekjur hennar verði 25 þús. kr., en þó aldrei meiri en tekjur mannsins.

Gildandi lög gera ráð fyrir samsköttun hjóna. Sú regla á vafalaust rót sína að rekja til hinna gömlu réttarreglna um sameign hjóna, en reglan um samsköttun hjóna mun í upphafi tvímælalaust hafa haft önnur áhrif en hún hefur nú. Henni mun í upphafi hafa verið ætlað að veita hjónum nokkur skattfríðindi á þann hátt, að konu, sem vinnur á heimili, eru ekki talin til tekna störf hennar í þágu heimilisins. Á síðari tímum hefur þessi regla hins vegar tekið að hafa allt önnur áhrif, og eru ástæðurnar fyrst og fremst þrjár. Í fyrsta lagi sú, hve algengt það er orðið, að konur vinni utan heimilis, í öðru lagi, hversu persónufrádráttur er lágur, og í þriðja lagi, hversu stighækkun skattstigans er mikil.

Ég skal leyfa mér að nefna mjög einfalt dæmi til þess að sýna í grundvallaratriðum, hver áhrif samsköttunarreglan hefur. Gerum ráð fyrir, að herra A og ungfrú B vinni hvort um sig hálfan daginn fyrir 15 þús. kr. Gerum einnig ráð fyrir, að það dugi þeim til lífsframfæris, ef þau vinna sjálf að nauðsynlegum heimilisstörfum, þ. e., þau matreiða fyrir sig sjálf, þjóna sér sjálf og þar fram eftir götunum. Skatt- og útsvarsgreiðsla þeirra hvors um sig af þessum 15 þús. kr. tekjum nemur 1253 kr. Nú skulum við gera ráð fyrir því, að þau giftist, en haldi engu að síður algerlega óbreyttum störfum sínum, þ. e., þau haldi áfram að vinna hvort um sig utan heimilisins og haldi áfram að vinna sömu störf á heimilum sínum eða heimili sínu og áður. Eina breytingin er sú, að þau hafa gifzt. En samkv. gildandi skattareglum eru nú tekjurnar lagðar saman, og eiginmaðurinn greiðir nú tekjuskatt og útsvar af 30 þús. kr. tekjum, og skattur og útsvar af þessum tekjum verður 3629 kr. eða 1123 kr. hærri en samanlagður skattur og útsvar þessara tveggja einstaklinga var áður. Skattgreiðsla þessara tveggja einstaklinga, sem vinna fyrir hreinum þurftarlaunum, hækkar m. ö. o. um 45% vegna þess eins, að þeir giftast, þótt þeir í engu breyti störfum sínum og efnahagsaðstaða þeirra í lífinu sé nákvæmlega hin sama eftir sem áður.

Nú skulum við í þriðja lagi gera ráð fyrir því, að þau komi á með sér verkaskiptingu, þ. e., að A, eiginmaðurinn, taki að vinna úti allan daginn og geti þá unnið helmingi lengri tíma en áður og fái 30 þús. kr. í kaup, en konan, B, taki að vinna öll heimilisstörfin fyrir sig og eiginmanninn. Þá er komið á þeirri verkaskiptingu, sem venjulega er látin sigla í kjölfar hjónabands og er talin eðlileg og hagkvæm báðum aðilum, en skatt og útsvar á, eins og í dæminu á undan, að greiða af 30 þús. kr. Eiginmaðurinn greiðir 3629 kr. í skatta og útsvar, eða 45% hærri skatt en þessir tveir einstaklingar hefðu greitt, ef þeir hefðu unnið hvor í sínu lagi. Þetta einfalda dæmi sýnir, að samsköttunarregla er óeðlileg í sjálfri sér, og í raun og veru er vandamálið, sem hér er á ferðinni, óskylt spurningunni um það, hvort réttmætt sé að skattleggja sérstaklega vinnu kvenna utan heimilis eða ekki. Eðli vandamálsins sjálfs er annað og meira.

Af þessum sökum verður að reikna konunni, sem vinnur á heimili, tekjur. Spurningin er sú, hvort eðlilegt sé að reikna henni tekjur til viðbótar tekjum eiginmannsins eða hvort reikna eigi henni í tekjur hluta af tekjum eiginmannsins, þ. e., hvort skoða á vinnu konunnar í þágu heimilisins sem sjálfstæðar tekjur, þótt ekki sé hún greidd með peningum, og reikna henni þær til viðbótar þeim peningatekjum, sem maðurinn aflar sér með vinnu utan heimilisins. Ef konunni væru reiknaðar tekjur til viðbótar tekjum mannsins, þá greiddi þetta heimili hjónanna skatt af tekjum, sem eru aldrei skattlagðar hjá einstaklingi. Skattur heimilisins yxi því við það, að þessir tveir einstaklingar giftast.

Í þessu frv. er ekki lagt til, að horfið verði frá þeirri grundvallarreglu skattalaga okkar og allra skattalaga nágrannaþjóða, að vinna í þágu eigin heimilis sé skattfrjáls. Auðvitað mætti lækka skattstigann, þannig að þetta kæmi í heild í sama stað niður fyrir hjónin, en einstaklingar nytu þó einnig góðs af þeirri lækkun skattstigans, svo að misræmið gagnvart þeim héldist. Hér yrði einnig um að ræða ívilnun gagnvart atvinnurekstri, sem ýmsum mundi þykja ástæðulaus. Það er og ávallt hæpið að innheimta skatt af reiknuðum tekjum, sem hafa aldrei verið peningatekjur, en það væri gert, ef konunni væri gert að greiða skatt af tekjum til viðbótar tekjum mannsins.

Nú skulum við gera ráð fyrir því sem tilbrigði frá dæminu, sem ég nefndi áðan, að A kæri sig ekki um að kvænast eða engin kæri sig um að giftast honum og hann ráði til sín ráðskonu, af því að hann þarf að halda heimili, t. d. vegna þess, að hann hefur börn eða foreldra á framfæri sínu. Gerum ráð fyrir, að hann greiði ráðskonunni 15 þús. kr. í kaup, svo að hann geti sjálfur unnið utan heimilisins allan daginn. Gerum og ráð fyrir því, að ráðskonan vinni hálfan daginn hjá A, en hálfan daginn fyrir sjálfa sig og komist því af með 15 þús. kr. peningatekjur. A fær ráðskonufrádrátt, sem nú er ca. 3700 kr. Þetta heimili greiðir því meiri skatt en hjón mundu gera, ef tekjum þeirra yrði skipt. Þetta er óeðlilegt, en orsökin er sú, að ráðskonufrádrátturinn er of lágur, og má ekki rugla þessu vandamáli saman við afleiðingar samsköttunarreglunnar.

Ég tel, að A ætti að hafa heimild til þess að draga frá tekjum sínum greitt ráðskonukaup, ef hann á annað borð er talinn hafa þörf fyrir það að hafa ráðskonu, og þetta frádráttarbæra ráðskonukaup ætti að vera jafnhátt hinu reiknaða kaupi eiginkonunnar sem hámark. Þá kæmi í sama stað niður, hvort þessi einstaklingur væri giftur eða hefði ráðskonu, ef honum er það nauðsynlegt á annað borð, og sú skipun virðist vera eðlileg og skynsamleg. Hinn heimilaði ráðskonufrádráttur, sem nú er jafn persónufrádrætti, 3700 kr., þyrfti því einnig að hækka.

Í framhaldi af þessu má geta þess, að á það hefur verið bent, að væru reglur þessa frv. samþykktar, væri hjónum, þar sem kona vinnur heima, ívilnað óeðlilega á kostnað hjóna, þar sem konan vinnur úti og þarf að kaupa vinnu ráðskonu. Ég skal skýra þetta með dæmi. Gerum ráð fyrir því, að einstaklingur, X, sé kvæntur og hafi 40 þús. kr. tekjur. Samkv. reglum þessa frv. mundu þær skiptast til helminga. Annar maður, Y, hefur 40 þús. kr. tekjur og kona hans 20 þús. kr. tekjur fyrir vinnu utan heimilis, en þau hafa ráðskonu og greiða henni 20 þús. kr. í kaup, þ. e. allt kaup eiginkonunnar. Raunveruleg aðstaða beggja þessara hjóna er hin sama. Það, sem síðari hjónin hafa afgangs, eftir að tekjur eiginkonunnar hafa farið til greiðslu ráðskonukaupsins, er það sama og hins heimilisins, þar sem húsbóndinn hafði 40 þús. kr. og konan vann heima. En þar eð síðari eiginmaðurinn þyrfti að greiða skatta af 40 þús. kr., en eiginkonan af sínum tekjum, 20 þús. kr., að frádregnum hinum lága ráðskonufrádrætti, ca. 3700 kr., þá væru síðari hjónin verr sett hvað skattgreiðslu snertir heldur en hin fyrri. Ástæðan til þess misræmis, sem hér kemur fram, er sú, að ráðskonufrádrátturinn er of lágur. Úr þessu á að bæta með því að hækka ráðskonufrádráttinn. Ef eiginmaðurinn mætti draga ráðskonukaupið, 20 þús. kr., frá sínum tekjum, greiddi hvort hjónanna skatt af 20 þús. kr., eins og hjónin á því heimilinu, þar sem konan vann heima. Þess er þó að geta, að vafasamt væri að heimila að draga allt greitt ráðskonukaup frá tekjum mannsins eða konunnar sökum hættu á misnotkun á slíkri heimild. En koma mætti í veg fyrir hættu á slíku með því að hafa sama hámark á heimiluðum ráðskonufrádrætti og hinum reiknuðu eiginkonutekjum. Þá yrði aðstaða þessara tveggja heimila, sem ég nefndi í þessu dæmi, jöfn. En ég endurtek, að þetta vandamál er í sjálfu sér óskylt hinu vandamálinu, hvernig forða eigi hjónum frá stighækkun skattstigans.

Þess ber líka að geta í þessu sambandi, að sú staðreynd, að heimilisvinna er skattfrjáls samkv. núgildandi skattalögum og skattalögum allra nágrannalanda, getur valdið vissu misræmi í skattgreiðslum milli einstaklinga innbyrðis og þeirra annars vegar og hjóna hins vegar. Þetta skal ég líka reyna að skýra með einföldu dæmi. Gerum ráð fyrir, að einstaklingur vinni hálfan daginn fyrir 15 þús. kr. og vinni hinn helming dagsins fyrir sjálfan sig á heimili sínu. Hann greiðir skatt af 15 þús. kr. tekjum. Ef hann fer að vinna fyrir 30 þús. kr. tekjum allan daginn, en kaupir að heimilisvinnu fyrir 15 þús. kr., þ. e. helminginn af öllum tekjum sínum, þá greiðir hann nú skatt af 30 þús. kr. að frádregnum ráðskonufrádrætti, þó að aðstaða hans og raunverulegar tekjur í verðmætum reiknað séu alveg þær sömu og áður. Segja má, að þetta sé óeðlilegt, en á þessu yrði ekki ráðin bót nema með því að taka að telja til tekna alla vinnu, sem unnin er í þágu heimilis. Það er ekki tilætlun þessa frv. að gera svo róttækar breytingar á skattalöggjöfinni, enda væru á slíkri breytingu mjög margir annmarkar, sem ég mun þó ekki ræða frekar, þar eð þessi breyting er ekki lögð til í frv. og mér vitanlega hefur ekki verið upp á henni stungið áður hér á hv. Alþ.

Samsköttunarreglan bitnar sérstaklega illa á þeim konum, sem afla sér tekna með vinnu utan heimilis. Má skýra þetta með dæmi: Kvæntur maður hefur 30 þús. kr. árstekjur. Skattar hans og útsvar nema 3629 kr. Eiginkona hans vinnur utan heimilis fyrir 20 þús. kr. tekjum. Við þetta hækka skattar og útsvar eiginmannsins upp í 9478 kr., eða um 5849 kr. Skattarnir og útsvarið hækka m. ö. o. um 5849 kr. vegna þess, að eiginkonan vinnur utan heimilisins fyrir 20 þús. kr. tekjum. Ógift kona mundi greiða 2075 kr. í skatt og útsvar af 20 þús. kr. tekjum. Af tekjum giftu konunnar verður hins vegar að greiða meir en tvöfalda þessa upphæð, eða eins og ég sagði 5849 kr. Þetta er auðvitað fráleitt, og það má ekki lengur við svo búið standa. Ef þetta fólk hefði verið ógift, hefðu skattar þess og útsvar numið 6278 kr. Skattarnir og útsvarið nema 9478 kr. vegna samsköttunarreglunnar, þ. e. vegna þess, að þessir tveir einstaklingar eru giftir. Skattarnir hækka um 50%.

Þeirri spurningu má varpa fram, hver skattgreiðslan hefði orðið, ef maðurinn hefði unnið viðbótarvinnuna, en ekki konan. Það er rétt, að ef eiginmaðurinn hefði aflað 20 þús. kr. tekna með viðbótarvinnu, en ekki konan, þá hefði skatturinn hækkað upp í þá upphæð, sem ég nefndi, þ. e. um 5849 kr. Hjá því er ekki hægt að komast. En sá munur er hér á, þrátt fyrir hin fögru og ágætu orð, að maður og kona skuli vera eitt, að þau eru samt sem áður tveir einstaklingar, sem geta unnið sér inn hvort sínar tekjur og jafnvel skilið. Hvort þau búa saman gift eða ógift, má með engu móti hafa áhrif á upphæð þeirra opinberu gjalda, sem þeim ber að inna af hendi. Það er ekki aðeins óskynsamlegt, heldur einnig óréttlátt.

Ýmsar till. hafa komið til úrbóta þeim augljósu göllum, sem eru á skattalögunum hvað þetta snertir. Í fyrsta lagi hafa komið fram till. um, að giftar konur, sem vinna utan heimilis, skuli greiða sérskatt af sínum tekjum. Galli á þessari skipan er sá, að þá greiddi gift kona, sem vinnur utan heimilis, lægri skatta af tekjum sínum heldur en kona, sem eykur sameiginlegar atvinnutekjur þeirra hjónanna, þ. e. tekjur þeirra af sameiginlegum atvinnurekstri. Enn fremur greiddi þá það heimili lægri skatta, þar sem konan ynni úti, en annað, þar sem heimilisfaðirinn ynni fyrir jafnmiklum tekjum, og

hvort tveggja er auðvitað óeðlilegt. Þá hafa einnig komið fram till. um að leysa allan vandann einvörðungu með hækkun ráðskonufrádráttarins. Á því er sá galli, að sú regla kæmi þeim einum til góða, sem hefðu efni á því að hafa ráðskonu. Þau heimili greiddu þá lægri skatta, sem hefðu ráðskonu, en hin, þar sem húsmóðirin vinnur bæði utan heimilis og heimilisstörf á heimilinu. Þess vegna teljum við, flutningsmenn þessa frv., einu skynsamlegu leiðina til úrbóta á hinum augljósu göllum skattalaganna vera þá að skipta sameiginlegum tekjum hjóna milli þeirra og láta konuna greiða skatt af sínum sértekjum. Í þessu frv. er lagt til að takmarka hlutdeild konunnar í sameiginlegum tekjum við 25 þús. kr. Má auðvitað um það deila, hvort þetta hámark sé eðlilegt eða hæfilegt, hvort það sé of hátt eða lágt. Á það hefur verið bent, að kona, sem vinni utan heimilis, sé betur sett en sú, sem eykur sameiginlegar atvinnutekjur manns síns, vegna þess að sú, sem vinnur utan heimilis, fái allar tekjur sínar reiknaðar sem sértekjur, en sú, sem eykur sameiginlegar atvinnutekjur þeirra hjónanna, geti aldrei fengið sér reiknaðar hærri sértekjur en 25 þús. kr. Það ósamræmi, sem hér er um að ræða, er óhjákvæmilegt, nema því aðeins að sá kostur yrði tekinn að skipta bókstaflega öllum tekjum hjóna til helminga milli þeirra, en ég tel, að á þeirri skipun væru meiri gallar heldur en sá, sem hlýzt af því að binda hlutdeild konunnar í sameiginlegum tekjum við ákveðið hámark. Ég held, að það gæti skapað skilyrði til misnotkunar á þessum reglum, ef heimildin yrði höfð sú, að tekjum hjóna skyldi alltaf skipt til helminga. Ræði ég það að öðru leyti ekki frekar.

Þegar þetta frv. var flutt á síðasta Alþ., hlaut það mikinn stuðning ýmissa félagasamtaka. Alþ. barst fjöldi áskorana um að samþykkja frv., alls um 20 áskoranir, og meðal þeirra voru ýmis mjög fjölmenn samtök. Við flm. þessa frv., hv. 9. landsk. og ég, væntum þess mjög eindregið, að frv. hljóti nú á þessu þingi stuðning þessarar hv. deildar. Við óskum þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjhn., og vonum, að hv. n. taki málið til sem skjótastrar meðferðar.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hv. fyrri flm. þessa frv. hefur nú haldið alllanga ræðu og talað fyrir málinu. Ég vil, vegna þess að þetta mál mun eiga að fara í n., aðeins benda á fáein atriði í þessu sambandi, sem mér virðast ekki vera til þess að mæla með því, að frv. verði samþykkt.

Það er augljóst, að það er ákaflega margt, sem má færa þessu máli til gildis, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði, en það eru líka augljós nokkur atriði, sem ekki eru til þess fallin að vera sérstaklega til þess að mæla með frv. Sú spurning hlýtur óhjákvæmilega að vakna, þegar þetta frv. er lesið, hvort þjóðfélagið eigi yfirleitt að stuðla að því, að giftar konur vinni utan heimilis, hvort vettvangur giftra kvenna eigi að vera innan heimilisins og starfssviðið aðallega þar eða hvort þær eigi að sækja atvinnu sína utan heimilisins. Það er eðlilegt, að spurning vakni hjá mörgum um það, hvort það sé ekki hollast fyrir þjóðfélagið, að konan helgi heimilinu alla krafta sína og orku óskipta, hvort það sé ekki hollast fyrir hina ungu þjóðfélagsþegna, börnin, að konan, móðirin, sé oftast heima, hvort börnin geti ekki liðið við það í uppeldinu, að konan sé sjaldan heima og gefi sér lítinn tíma til þess að hugsa um börnin. Þessi spurning vaknar hjá mér, og mér finnst, að það sé eðlilegt, að sú kona, sem velur sér starfsvettvang utan heimilisins, greiði nokkuð fyrir það sérstaklega.

Ég er á sama máli og síðasti ræðumaður um það, að ég vil, að konan hafi fullt jafnrétti í þessu þjóðfélagi. Ég vil, að konan hafi fullt jafnrétti, en það er eigi að síður eðlilegt, að menn spyrji um það, hvort það sé þjóðfélagslega hollt og þjóðfélagslega rétt að raska þannig hornsteinum þjóðfélagsins, heimilunum, að konan, sem á mestan þátt í því að byggja þau upp, að konan, sem á mestan og drýgstan þátt í barnauppeldinu, fari út af heimilinu allan daginn og vinni þar og láti svo óviðkomandi konu hugsa um börnin eða láti jafnvel börnin vera umhirðulaus eða umhirðulítil, á meðan hún er fjarverandi.

Svo vaknar önnur spurning líka hjá mér í sambandi við þetta mál, og hún er þannig: Eins og okkur er ljóst, þá er hér oft takmörkuð atvinna, og mér dettur nú í hug, að prófessorinn, hv. fyrri flm. þessa frv., þekkti ef til vill dæmi hér í Rvík um tvenn hjón, sem búa í sömu götunni. Þessi hjón eru bæði jafnvel menntuð og hafa svipuð skilyrði til þess að starfa. Konurnar hafa fengið sömu menntun og gætu leyst sama verkið jafnvel af hendi. Mennirnir eru einnig jafnvel færir til starfs. En ef prófessorinn þekkti nú dæmi um það, að bæði hjónin í öðru húsinu hefðu fulla atvinnu, en hvorugt hjónanna í hinu húsinu fengi atvinnu, mundi þá ekki einhver segja, að þarna væri ójöfnuður á ferð og að það væri ekki rétt, að hjónin í öðru húsinu gætu bæði unnið fyrir fullu kaupi, á meðan hvorugt hjónanna í hinu húsinu fái nokkuð að gera? En þessi dæmi eru til og þau ekki fá, að giftar konur vinna störf, sem heimilisfeður í öðrum húsum nauðsynlega þyrftu að fá, en fá ekki vegna þess, að hjónin bæði, nágrannahjónin, vinna úti fyrir tvöföldum tekjum. Ég held það sé hollast að játa staðreyndir. Og staðreyndin er, að það er oft takmörkuð atvinna, og það eru margir heimilisfeður, sem eiga oft erfitt með að fá vinnu til þess að hafa ofan í fjölskyldu sína og sjá henni borgið. Þá segi ég, að ef við viljum reyna að tryggja það, að allir þegnar þjóðfélagsins hafi nokkuð að bíta og brenna, þá megum við ekki stuðla að því, að sumir geti á þennan hátt fengið tvöföld laun.

Hv. fyrri flm. nefndi hér nokkur dæmi áðan af kvæntum manni, sem hefði í fastar tekjur 30 þús. kr. Telur hann hér með þessu dæmi, sem hann tekur í grg., vafasamt, að hann geti lifað af því. Það er að vísu rétt, að 30 þús. kr. nú eru lágar tekjur. Þó verða ákaflega margir að sætta sig við það að hafa ekki meiri

tekjur. Og það má segja, að enginn sveltur, sem hefur 30 þús. kr. tekjur, en sá hinn sami verður e. t. v. að neita sér um margt, sem hann vill kaupa og æskilegt væri að hann gæti keypt. Og svo heldur hv. fyrri flm. áfram og segir: Tökum nú dæmi og segjum, að konan vinni úti og hún fái 20 þús. kr. í tekjur. Þá verða samanlagðar tekjur hjónanna 50 þús. kr., en þá hækka skattar hjónanna um hvorki meira né minna en rúmar 5 þús. kr. — Þetta segir hv. flm. En við það, að konan vinnur úti, hækka tekjur hjónanna samt sem áður um 15 þús. kr. og samanlagðar tekjur hjónanna verða þá 45 þús. í staðinn fyrir 30 þús. Þegar svo er komið, að tekjur heimilisins eru orðnar 45 þús. kr., þá getum við hætt að vorkenna þessu heimili fyrir það, að það hafi ekki nægilegt til þess að bíta og brenna. Og þetta heimili stenzt betur við það að greiða 9448 kr. í skatta og útsvör heldur en sá maður, sem aðeins hafði 30 þús. kr. tekjur og verður að greiða 3629 kr.

Ég held, að með þessu frv. sé ekki verið að vinna fyrir þá, sem illa eru settir í þjóðfélaginu, sem verst eru settir. Ef hjónin bæði eiga þess kost að vinna utan heimilisins og þannig tvöfalda tekjur heimilisins, þá eru það ekki þeir þegnar þjóðfélagsins, sem illa eru settir og mest þörf er að bæta fyrir. Hv. flm. flutti sams konar frv. á síðasta þingi og hann flytur nú og talaði jafnmikið fyrir því á síðasta þingi og hann talaði nú, og það er dálítið einkennilegt, að þessi hv. flm., sem oft hefur verið að tala um þá, sem verst eru settir, skuli nú taka upp baráttuna fyrir þá þjóðfélagsþegna, sem bezt eru settir í þessu þjóðfélagi, taka upp baráttuna fyrir þau hjón, sem bæði hafa atvinnu utan heimilisins og tvöfaldar tekjur, en láta svo ógert að gera nokkuð fyrir þá, sem enga atvinnu hafa og lítið hafa að bíta og brenna. Ég held, að hv. Alþ. ætti að leggja þetta frv. á hilluna og leita frekar að leiðum fyrir þá, sem hafa litla og takmarkaða atvinnu og ekki hafa þurftartekjur.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. 2. þm. Rang. varpaði fram þeirri spurningu í upphafi máls síns, hvort vettvangur giftra kvenna ætti að vera innan veggja heimilis síns eða utan þess. Þessi spurning er algerlega óskyld því máli, sem hér er um að ræða í þessu frv. Hann sagði, að þessar reglur, sem hér væri gert ráð fyrir, yrðu giftum konum hvatning til þess að vinna utan heimilis. Þetta er alger misskilningur. Það er ekki um slíkt að ræða hér. Það eina, sem hér er um að ræða, er það að hætta að refsa giftum konum fyrir að vinna utan heimilis á þann hátt að láta þær eða eiginmenn þeirra greiða miklu hærri skatt af sínum tekjum heldur en ógift kona mundi greiða. Það er um þetta, sem hér er að ræða, að því er snertir þær konur, sem vinna utan heimilis.

En raunar virðist hv. þm. hafa sumpart gert sér grein fyrir efni þess, sem hann var að segja, því að hann sagði, að kona, sem ynni utan heimilis, ætti að greiða fyrir það sérstaklega. Ég kemst ekki hjá að leggja þann skilning í þetta, að hann telji það eðlilegt, að giftri konu, sem vinni utan heimilis, sé refsað fyrir að vinna utan heimilis með því að greiða hærri skatta af sínum tekjum heldur en ógiftur einstaklingur mundi gera. Þetta verð ég að segja að er mjög undarlegur hugsunarháttur, mjög ósanngjarn og geti með engu móti samrýmzt almennum hugmyndum, sem menn hafa um jafnrétti skattborgaranna, að fara eigi eftir því, hver er þjóðfélagsaðstaða skattborgarans, hversu háan skatt hann greiðir af tekjum sínum.

Ég endurtek, að það, sem hér er um að ræða, að því er varðar giftar konur, sem starfa utan heimilis, er það eitt að afnema það ranglæti, sem felst í gildandi skattalögum gagnvart þeim, að þær skuli greiða meiri skatt af sínum tekjum en þær mundu gera, ef ógiftar væru. Það er algengt, að saman sitji við skrifborð í skrifstofu, sitt hvorum megin við borðið, tvær konur, sem hafa sömu laun, önnur er gift, en hin er ógift. Skattgreiðsla af tekjum giftu konunnar getur hæglega orðið, eins og ég hef þegar nefnt um dæmi og endurtek ekki, 50% hærri en skattgreiðsla af tekjum ógiftu konunnar. Þetta er svo augljóst ranglæti, að ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að hv. 2. þm. Rang. haldi lengi áfram að verja það.

Hitt er svo allt annað mál, hvort heppilegt sé frá þjóðfélagslegu sjónarmiði, að gift kona starfi frekar á heimili eða utan heimilis. Ég er sammála því, sem hv. þm. sagði um það, að ég teldi það mjög óheppilegt, ef þjóðfélagshættir breyttust yfirleitt í það horf, að húsmæður hættu að sinna heimilisstörfum og gengju til starfa utan heimilis og keyptu heimilishjálp í staðinn frá óskyldu fólki. Þá þjóðfélagshætti tel ég ekki til bóta, síður en svo. En það er algerlega óskylt því máli, sem hér er um að ræða. Þó að giftum konum, sem vinna utan heimilis, sé sýnt það réttlæti í skattgreiðslu, að þeim sé ekki refsað sérstaklega fyrir það, þá felst ekki í því nein sérstök hvatning til þess að sækjast eftir vinnu utan heimilis.

Sú spurning, sem hér er um að ræða, er einnig algerlega óskyld spurningunni um það, hvernig bregðast eigi við atvinnuleysi, ef það ber að höndum. Hv. þm. sagði, að það væri ástæðulaust að gera sérstakar ráðstafanir til léttis á skattgreiðslu hjóna, sem bæði ynnu utan heimilis, vegna þess að verið gæti, að í landinu væri atvinnuleysi, og þá væri, að því er mér skildist, meiri ástæða til þess að hrekja gifta konu úr því starfi, sem hún annars er í, ef það mætti verða til þess, að einhver atvinnulaus karlmaður fengi starfið í hennar stað. Ekki mæli ég bót þeim þjóðfélagsháttum, sem veita ekki öllum vinnufúsum höndum skilyrði til þess að afla sér lífsviðurværis, síður en svo. Og hv. þm. veit mjög vel, að það stendur ekki á mér eða mínum skoðanabræðrum að vilja styðja ráðstafanir til þess, að slíkt ástand komi aldrei fyrir, að það sé óhugsandi, að nokkur starfsfús hönd sé til í þjóðfélaginu, sem ekki hafi skilyrði til þess að afla tekna. En hitt er svo annað mál, að ef um almennt atvinnuleysi er

að ræða, þá sé ég ekki, að konur eigi frekar að verða fyrir því en karlar. Atvinnuleysi er vandamál, sem leysa þarf algerlega almennt, alveg án tillits til þess, hvort það bitnar frekar á konum eða körlum.

Varðandi dæmi það, sem tekið er í grg. frv. um kvæntan mann, sem hafi 30 þús. kr. árstekjur og greiði 3629 kr. í tekjuskatt og útsvar, *en þurfi að greiða 5849 kr. hærri skatta og útsvar, ef eiginkona hans tekur að sér vinnu*, sem greidd er með 20 þús. kr., sagði hv. þm., að hann vorkenndi ekki þessu heimili, þrátt fyrir það þótt það þurfi að greiða rúmlega fjórðung af tekjum konunnar í skatta og útsvar, *vegna þess að það hefði nógu miklar* tekjur eftir. Ef hv. þm. á annað borð telur það vera eðlilegt að skattleggja heimili, sem hafa 50 þús. kr. tekjur, með þeirri skattgreiðslu, sem hér er gert ráð fyrir, þá á það auðvitað að gilda jafnt um alla, bæði einstaklinga og hjón. Ég er hér ekki að tala um það, hvað skattstiginn í sjálfu sér skuli vera hár, og ekki heldur um það, hversu stighækkandi hann skuli vera. Það er annað mál, sem hægt er að ræða á sérstökum vettvangi, og raunar koma þessar röksemdir dálítið á óvart, vegna þess að hv. þm. tilheyrir þeim flokki, sem alltaf hefur verið heldur andvígur mikilli hækkun skattstigans. En það spursmál er allt saman óskylt því máli, sem hér er um að ræða. Kjarni málsins hér er sá, að það er óeðlilegt að láta skatta þessa heimilis hækka um 5849 kr. vegna þess, að eiginkonan vinnur sér inn 20 þús. kr. tekjur, þegar ógift kona mundi ekki þurfa að greiða nema 2075 kr. af sömu tekjum. Hér er m. ö. o. dæmi um konurnar tvær á skrifstofunni, sem sitja sín hvorum megin við skrifborðið og vinna sér báðar inn 20 þús. kr. tekjur. Önnur er gift. Hið opinbera tekur af hennar tekjum 5849 kr. Hin er ógift. Hið opinbera tekur af hennar tekjum 2075 kr. Það er þetta, sem ég kalla misrétti. Það er þetta, sem ég kalla ranglæti. Það er þetta, sem ég segi að sé óverjandi ástand.

Hv. þm. sagði, að með þessu frv. væri ekki verið að vinna fyrir þá, sem illa væru settir eða lágar tekjur hefðu, heldur að því er mér skilst fyrir einhverja hátekjumenn, þar sem bæði hjónin ynnu utan heimilisins og hlytu af því miklar tekjur. Ég vil benda hv. þm. á það, að í frv. er engin till. gerð um lækkun skattstigans. Hann á að haldast vegna þessa frv. óbreyttur frá því, sem er. Stighækkun hans á að vera alveg sú sama. Hér er því alls ekki verið að ívilna neinum hátekjumönnum frá því, sem áður hefur verið, heldur einvörðungu verið að afnema það misrétti, sem hjón nú verða að búa við, miðað við einstaklinga, og giftar konur, sem vinna utan heimilis, verða að búa við, miðað við ógiftar konur.

Það er alger misskilningur, að samþykkt þessa frv. mundi ekki koma til góða tekjulágu fólki. Það er gerð grein fyrir því hér í grg., að lækkun á skatt- og útsvarstekjum barnlausra hjóna með 30 þús. kr. tekjur, sem eru hreinar þurftartekjur, yrði hvorki meira né minna en 1125 krónur. Og ég trúi því ekki, að hv. 2. þm. Rang. beri á móti því, að fyrir hjón með aðeins 30 þús. kr. tekjur sé skatt- og útsvarslækkun um 1125 kr. engir smámunir. Það er veruleg hagsbót. Lækkun á 40 þús. kr. tekjum yrði rúmar 2000 kr., og lækkun á 50 þús. kr. tekjum yrði 3300 kr. Lækkunin á skattgreiðslu lágu teknanna er tiltölulega langmest. Ívilnunin til handa tekjulága fólkinu er auðvitað *minni í krónum, en hún er meiri* að tiltölu við tekjuhæðina heldur en til hins fólksins. Þessi röksemd hv. þm. var því ekki heldur á rökum reist.

Ég vildi því vona það, að hv. þm. hugleiddi þetta mál enn betur en hann hefur þegar gert. *Og ég vona, að þeim mun rækilegar sem hann* hugleiðir málið, þeim mun fyrr muni hann komast að þeirri niðurstöðu, að hér er um mikið réttlætis- og sanngirnismál að ræða.

Kristín Sigurðardóttir: Herra forseti. Mér kom það dálítið á óvart, að hv. 2. þm. Rang. skyldi vera svona á eftir tímanum, — hann hefði ekki fylgzt með þeirri þróun, sem hefur orðið hér í atvinnumálum kvenna á undanförnum árum. Hv. 3. landsk. þm. hefur svarað öllum hans mótbárum, svo að það gerist nú lítil þörf fyrir mig að koma hér upp. En það voru aðallega tvö atriði, sem ég ætlaði að draga fram, og það er þá fyrst, að vegna þessara ranglátu skattalaga ber nokkuð á því, að fólk giftir sig alls ekki, en býr saman ógift, enda er því það varla láandi. Ég þekki t. d. dæmi um tvenn hjón, mennirnir eru bræður, og konurnar vinna báðar úti, og heimilin hafa álíka miklar tekjur. Önnur hjúin eru gift, hin búa saman ógift. Í öðru tilfellinu eru það 15 þús. kr., sem hjónin eiga að borga í skatta, en þau, sem búa saman ógift, eiga aðeins að borga rúmlega 7 þús. kr. Verð ég þó að viðurkenna það, að önnur hjónin búa dálítið utan við Reykjavík, og þar gildir kannske ekki sama útsvarsálagning, en ríkisskatturinn er þó sá sami. Ég hugsa, að hv. þm. kæri sig ekki um að stuðla að því, að þessi þróun verði áframhaldandi og að ef til vill verði svo, að flest börn fæðist utan hjónabands. Ísland á nú þegar Norðurlandamet í tölu óskilgetinna barna; máske er hér skýringin. Í öðru lagi finnst mér það vera skortur á mannréttindum að meta ekki til tekna starf þeirrar konu, sem vinnur á heimilinu. En það er gert með því, að hver þjóðfélagsþegn sé sjálfstæður skattþegn, jafnt konur sem karlar. — Annað hef ég nú ekki að segja í þessu máli, og ég vona, að þetta frv. verði samþ. hér á þinginu í þetta skipti.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja. — Hv. síðasti ræðumaður sagði, að sér hefði komið á óvart, hvað ég væri langt á eftir tímanum, hefði ekki fylgzt betur með þróuninni í öðrum löndum í sambandi við þetta. Mér skildist á hv. þm., að ef þetta frv. næði ekki fram að ganga, þá mætti jafnvel reikna með því, að fólk hætti að gifta sig. Ég geri nú ekki ráð fyrir því, að menn taki slíkar fullyrðingar alvarlega og að blessuð frúin hafi nú sagt þetta

svona til þess að segja eitthvað, frekar en að færa rök fyrir málinu.

Það, sem hv. fyrri flm. sagði, var það, að hann gat tekið undir það með mér, að hann teldi eðlilegra, að konan ynni á heimilinu frekar en utan heimilisins. Og mér þótti nú vænt um það, að hann viðurkenndi þetta og hefur sömu skoðun á hlutverki konunnar í þjóðfélaginu og ég hvað þetta snertir. Úr því að við erum nú sammála um þetta, þá ættum við einnig að geta verið sammála um fleira varðandi þetta mál. Við ættum t. d. að vera sammála um það, að þetta frv., sem hér er flutt, ef það verður lögfest, er hvatning til kvenna að vinna utan heimilis. En hv. fyrri flm., sem talaði hér áðan, sagði, að þetta frv., ef að lögum yrði, væri ekki hvatning til kvenna að vinna utan heimilis. Ég efast ekkert um, að ef hv. flm. íhugar þetta betur, hlýtur hann að komast að raun um, að um leið og stuðlað er að því að afnema samsköttun hjónanna og koma í veg fyrir það, að skattur og útsvar hækki nokkuð verulega við það, að konur vinni utan heimilis, þá hlýtur það að verða hvatning til þess, að konan fari að leita í þessa átt, eins og það er nokkur bremsa á því, að konurnar fari að vinna utan heimilisins, ef skatturinn er eins og hann er nú.

Hv. ræðumaður misskildi mig áðan, þegar hann var að tala um það, að ég vildi refsa konunum. Ég sagði, að þetta væri ef til vill frá þjóðfélagsins hendi eitt ráðið til varnar því, að heimilin sundrist og að konan helgi sig heimilinu, eins og hún hefur lengst af gert í þessu þjóðfélagi, og það er enginn vafi á því, að það er allt of mikið um það, að konan vinni utan heimilisins eins og nú er orðið.

Hv. ræðumaður sagðist vilja stuðla að því, að ekki væri hér atvinnuleysi í nútíð og framtíð. Það er auðvitað gott að heyra það, en mér kemur ekki til hugar, að hér sé nokkur hv. þm. inni, sem ekki vill stuðla að því. Við viljum áreiðanlega allir stuðla að því, að hér skapist varanleg atvinna fyrir alla þjóðfélagsþegna. Við viljum allir vinna að því. En við skulum eigi að síður játa staðreyndirnar, að hér hefur oft verið atvinnuleysi, meira og minna, og þeir menn, sem hafa viljað stofna heimili, hafa oft og tíðum átt mjög erfitt með að fá sér trygga atvinnu, til þess að þeir gætu séð heimilinu farborða. Og hv. ræðumaður svaraði því ekki hér áðan, hvernig hann vildi snúast við því dæmi, sem ég hér nefndi, þegar hjón búa við sömu götu, önnur hjónin vinna bæði og hafa tvöfaldar tekjur, en hin hjónin vinna hvorugt og hafa engar tekjur. Önnur fjölskyldan sveltur, en hin hefur óþarflega mikið. Hvað segir hv. jafnaðarmaður um þetta? Hann svaraði því ekki. Hann svaraði aðeins út í hött og sagðist vilja stuðla að því, að hér væri ekki atvinnuleysi, alveg eins og hann væri eitthvert sérstakt fyrirbrigði í þessu efni, eins og við hinir, sem sitjum hér inni, værum eitthvað öðruvísi þenkjandi í því máli. Hv. ræðumaður ætlar þó ekki að fara að telja manni trú um, að hann og hans flokkur einn hugsi þannig? Hann ætlar þó ekki að fara að gera tilraun til þess að telja þingheimi trú um það, að við hinir viljum hafa hér atvinnuleysi og eymd? Nei, það held ég, að hann ætli ekki að gera og að hann hafi sagt þetta vegna einhvers misskilnings.

Ég þarf nú ekki að segja meira um þetta. Ég skal taka það fram, að ég vil, að konan njóti jafnréttis í þessu þjóðfélagi, en ég vil, að þeim hornsteinum, sem hafa staðið undir þjóðfélagsbyggingunni frá aldaöðli, verði ekki raskað. Það er alveg víst, að heimilin hafa verið hinir traustu hornsteinar í þessu þjóðfélagi, — að konan, móðirin, hefur innt af höndum í þessu þjóðfélagi það hlutverk, sem hún þarf að hafa áfram, ef við viljum fá vel uppalin og siðsöm börn. Og það er enginn vafi á því, að þegnar þjóðfélagsins munu, þegar þeir komast út í lífið og lífsbaráttuna, njóta þess eða gjalda, hvernig heimili þeir áttu í æsku, hvernig móðirin var við börnin sín.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég verð nú að taka undir það með meðflm. mínum, hv. 9. landsk. þm., að hv. 2. þm. Rang. er dálítið á eftir tímanum. Hin fallegu og hjartnæmu niðurlagsorð hans í ræðunni voru að vísu ekkert á eftir tímanum, þau eru sígild og hafa gott gildi, en áttu hins vegar ekki heima í ræðu um það mál, sem hér er um að ræða. Það voru falleg orð og hefðu getað sómt sér á hvaða samkomu sem væri. En í umr. á hv. Alþ. um þetta frv., sem hér er um að ræða, voru þau hins vegar dálítið utan garna.

Ég skal segja það aftur í tilefni af þessum ummælum, að ég er hv. þm. sammála um það, að það séu heppilegir þjóðfélagshættir, að gift kona vinni á heimili og annist heimilisstörf og uppeldi barna sinna. En hins vegar dettur mér ekki í hug að draga þá ályktun af þessari almennu skoðun, að það þýði, að skylda eigi eiginkonu til að vinna á heimili, ef hugur hennar stefnir til annars. Það er mergurinn málsins í því, sem hér er um að ræða. Það tel ég vera í algeru ósamræmi við nútímahugmyndir um mannréttindi og lýðfrelsi, að það eigi annaðhvort að skylda beint eða óbeint eða a. m. k. torvelda konu mjög að leita sér annarra starfa, ef hugur hennar stendur til þess. En það kalla ég að torvelda henni að gegna köllun sinni, ef henni er refsað fyrir það að leita starfa utan heimilis með sérstökum skattaálögum. Hv. þm. orðaði það að vísu nokkru vægilegar en áður; hann sagðist ekki vilja láta refsa giftri konu fyrir að vinna utan heimilis, heldur telja eðlilegt að bremsa það, að giftar konur ynnu utan heimilis, á þann hátt, að um þær gilti alveg sérstök stighækkun skattstigans. Þetta kalla ég óeðlilegt, og það er þetta, sem ég er alveg sammála hv. meðflm. mínum um að er að vera dálítið á eftir tímanum.

Það er mikið til í því, sem hv. 9. landsk. þm. sagði áðan, að ýmsar líkur benda til þess, að hin háa hlutfallstala óskilgetinna barna hér á Íslandi standi að miklu leyti í sambandi við þessi mjög svo fráleitu ákvæði skattal., sem nú gilda. Ég vænti, að hv. þm. sé það yfirleitt kunnugt, að Íslendingar eru sú þjóð í Evrópu,

sem hefur einna hæsta hlutfallstölu óskilgetinna barna og hefur haft það nokkur undanfarin ár. Meira en fjórðungur allra barna, sem fæðast á Íslandi árlega, er óskilgetinn. Þetta stendur vafalaust ekki í sambandi við það, að hér á landi sé meiri lausung en annars staðar, og ég efast mjög um, að það standi í sambandi við það, að félagshættir séu á þessu sviði verulega frábrugðnir því, sem tíðkast annars staðar. Ég hygg, að það sé einmitt rétt, sem hv. 9. landsk. þm. benti á, að gildandi skattalöggjöf eigi einhvern þátt í þessu. Þegar það kemur í ljós, að það getur munað hjón með venjulegar tekjur frá allt að 3 til 6—7 þús. kr., hvort þau eru gift eða ógift, er þeim í sjálfu sér ekki láandi, þótt þau hugsi sig um, hvort það borgi sig að gefa þessar þúsundir fyrir það að fara til prests eða fógeta og láta vígja sig til hjónabands. Þetta er auðvitað ekki til fyrirmyndar, og ef siðgæðisáhugi hv. þm. er jafnmikill í raun og veru — sem ég vil nú ekkert draga í efa — eins og kom fram í hinu ágæta niðurlagi ræðu hans, þá finnst mér, að hann ætti einnig að hafa tilfinningu fyrir því, að hér er nokkurt siðleysi á ferðinni, sem vert væri að reyna að koma í veg fyrir að héldi áfram.

Hv. þm. sagði, að ég hefði ekki svarað neinu dæmi sínu um hjónin, sem byggju í sömu götunni, þar sem þannig væri ástatt á öðru heimilinu, að bæði hjónin ynnu og hefðu miklar tekjur, en á hinu heimilinu væri ástandið þannig, að þar hefði hvorugt hjónanna tekjur og þau syltu. Satt að segja fannst mér þetta dæmi vera svo einfalt og augljóst, að ég hélt, að þau almennu orð, sem ég sagði um atvinnuleysið, ættu að geta nægt sem svar við því. Það, sem ég vil láta gera í slíku ástandi, er auðvitað að útvega hjónunum, sem svelta, atvinnu, — manninum, ef hann óskar að vinna, og báðum, ef bæði óska að vinna. Hv. þm. sagði, að við mundum vera sammála um það að stuðla að því að útrýma atvinnuleysi, og í sambandi við það vil ég undirstrika, að ég vil útrýma atvinnuleysi svo rækilega, að ef bæði hjónin á síðara heimilinu, sem hann nefndi, vilja vinna, þá vil ég gefa þeim kost á því eins og hinum.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það er nú ef til vill dálítið erfitt að ræða þetta frv. eitt út af fyrir sig, og ég bjóst ekki við því, að um það mundu spinnast svo miklar umr. Það eru fleiri skattamál, sem eru hér til meðferðar fyrir þinginu, og verða þau sjálfsagt öll metin sameiginlega af þeirri n., sem fær þau til meðferðar.

Eins og hv. þm. er kunnugt, var samþ. ályktun hér á síðasta þingi um skipun mþn. til þess að rannsaka þessi mál öll í heild, og sú n. mun hafa starfað í allt sumar að þessum málum. Mér er ekki kunnugt um að vísu, hvort þess muni skammt að bíða, að hún ljúki endanlega störfum, eða ekki, en ég vildi þó mjög mega vænta þess, að það yrði hægt á þessu þingi að sjá einhvern árangur af hennar starfi, því að vissulega eru skattamálin í því ástandi, að það er ógerlegt að láta það dragast lengur að gera þar á einhverja úrbót.

Þetta frv. er aðeins einn þáttur í því stóra máli, og það er, eins og ég sagði í upphafi máls míns, ef til vill nokkuð erfitt að ræða þann þátt einan út af fyrir sig, enda skilst mér, að þau ummæli, sem hv. 2. þm. Rang. hefur hér haft um þetta mál, bendi nánast í þá átt, að hann telji ekki út af fyrir sig, að það geti ekki komið til greina að taka upp þá reglu, sem hér er gert ráð fyrir, heldur það, að það þurfi að gera meira og það þurfi að leysa þetta mál almennara og taka tillit til fleiri sjónarmiða heldur en koma fram í þessu frv. Þannig hef ég a. m. k. skilið orð hans, því að ég get ekki ímyndað mér, að hann sé að meginstefnu til andvígur því sjónarmiði, sem felst í þessu frv., vegna þess að sjónarmiðið, sem þar er um að ræða, er í alla staði mjög eðlilegt. En þó má segja, og um það hefur verið deilt og má færa með því og móti ýmis rök, hvort það á að einskorða það á þann hátt, sem hér er gert, eða hvort það á að útfæra það lengra, þannig að allar giftar konur séu sjálfstæðir skattgreiðendur, sem í raun og veru má segja að sé að mörgu leyti eðlilegt með hliðsjón af því, að svo sem málum er háttað í okkar þjóðfélagi, þá viðurkennum við fullkomið jafnrétti konunnar við karlmanninn, og það á þá að sjálfsögðu að viðurkennast á sama hátt varðandi skattlagningu hennar og tekjuöflun. Af þeim sökum er það augljóst mál, að það atriði, sem felst í þessu frv., er fullkomið réttlætismál. Það eina, sem við getum deilt um, ef það kann að valda deilum, er það, hvort það eigi ekki að útfæra þetta lengra og ákveða, að allar giftar konur, hvort sem þær vinna á heimili eða utan heimilis, skuli taldar sjálfstæðir gjaldþegnar eða ekki.

Hins vegar mun hugsun hv. flm. málsins vera sú, eins og kom fram í framsöguræðu hv. 3. landsk. þm. hér, að þetta mál megi leysa eitt út af fyrir sig, þar sem hér sé aðeins um það að ræða að skapa jafnrétti þessara tveggja skattgreiðenda, en að það sé ekki verið að fara út í það á neinn hátt, hvort skattstigar sem slíkir séu eðlilegir og sanngjarnir eins og þeir eru nú eða ekki. Og ég verð að taka undir þau orð, sem hann hefur látið falla hér um það, að þetta er sanngjarnt og eðlilegt sjónarmið, sem ég tel ekki með nokkru móti fært að standa gegn. Hvort hins vegar þarf að gera aðrar ráðstafanir til þess að tryggja jafnrétti á öðrum sviðum, það er svo aftur annað mál, og það álít ég að þurfi líka að gera, og það geri ég ráð fyrir að allir þeir hv. þm., sem hér hafa talað, séu einnig sammála um að verði að gera. Ég vil því ákveðið á þessu stigi máls lýsa fylgi mínu við þá hugmynd, sem kemur fram í þessu frv. Hitt er svo aftur annað mál, hvort hægt er að afgreiða það sjálfstætt út af fyrir sig, án þess að taka þá til greina önnur atriði skattalöggjafarinnar einnig, sem þetta grípur að meira og minna leyti inn í. En ég vil leggja áherzlu á það, að ég tel það með öllu óviðunandi ástand, eins og nú er ríkjandi í þessum málum, að kona skuli þurfa

að gjalda þess, hvort hún giftir sig eða ekki. Hún á að hafa rétt til þess áfram að vinna sína vinnu og greiða af henni skatt á sama hátt og hún hefur áður gert, hvort sem hún gengur í hjónaband eða ekki. Það er þannig ástatt með mörg hjón, að þau þurfa alls ekki á því að halda, að konan vinni heima. Það er í ýmsum tilfellum þannig, að það eru ekki alltaf það mörg börn, sem er að hugsa um á heimili, — jafnvel ekkert barn, — og það getur verið algerlega óeðlilegt og óheppilegt fyrir heimilislífið, að konan hafi ekki eitthvað fyrir stafni utan heimilis. Ég tel það ekki á neinn hátt frambærileg rök eða geti verið á nokkurn hátt búið verr að neinum öðrum þjóðfélagsborgurum með því að viðurkenna það sem grundvallarreglu, og ég álít, að það hljóti að vera réttlætis- og sanngirniskrafa kvenna, hvort sem þær vinna utan heimilis eða á heimili, að sú regla verði viðurkennd sem meginregla, að konan eigi að vera sjálfstæður skattgreiðandi og skattleggjast sem slíkur, en tekjur hennar verði ekki lagðar við tekjur mannsins og hún af þeim sökum komist í miklu hærri skattstiga heldur en ella hefði verið, ef þau hefðu verið skattlögð hvort út af fyrir sig.

Eins og ég gat um í upphafi máls míns, eru skattamálin sjálf það víðtækt mál, að það er ekki hægt að ræða þau í sambandi við þetta, enda er hér um einstakt atriði að ræða. Ég vænti þess hins vegar, að þess verði skammt að bíða, að hv. Alþ. geti gert viðunandi úrbætur ekki aðeins á þessu sviði, heldur á skattalöggjöfinni yfirleitt, sem ég álít að sé, eins og nú standa sakir, í fullkomnu ófremdarástandi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

28. Búnaðarbanki Íslands (frv. ÁS um útvegun stofnfjár).

Á 14. fundi í Nd., 24. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um útvegun stofnfjár til Búnaðarbanka Íslands [96. mál] (þmfrv., A. 123).

Á 15. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Nd., 28. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Þetta frv., sem ég flyt hér á þskj. 123, er mjög nátengt framkvæmd l., sem samþ. voru hér á Alþingi fyrir um það bil 6 árum. Og ég vil fyrst, áður en ég fer að ræða um þetta frv. sjálft, gera dálitla grein fyrir því, hvernig gengið hefur með undirbúning og framkvæmd þeirra l., og þar á ég við l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum ásamt l. um ræktunarsjóð, sem hafa nú raunar líka verið til umr. á þessu þingi fyrir nokkrum dögum. Það má segja, að undanfari þeirrar lagasetningar hafi verið samþ. hér á Alþingi nokkrum árum áður, en það var raunar árið 1935, þegar samþ. voru l. um nýbýli og samvinnubyggðir.

Aðalatriði þeirra laga var það, að stefna skyldi að nokkuð hærra marki í framfaramálum landbúnaðarins en áður hafði verið. Þar var m. a. gert ráð fyrir því, að ríkið veitti sérstaka aðstoð til þess að stofna nýbýli og það skyldi framkvæmt á tvennan hátt, í fyrsta lagi með stofnun einstakra býla og í öðru lagi með stofnun samvinnubyggða. Aðstoð hins opinbera til framkvæmdar þessara l. var tvenns konar. Það var í fyrsta lagi dálítill ófafturkræfur styrkur, er var gert ráð fyrir að væri raunverulega vaxtalaust lán, sem skyldi skilað með býlinu í hendur næsta viðtakanda, og í öðru lagi voru það lán með fremur góðum kjörum. En í framkvæmdinni reyndist það verða svo með þessi l., að það var aldrei reynt að framkvæma nema annan þáttinn, þ. e. a. s. stofnun einstakra býla. Kaflinn um stofnun samvinnubyggða var aldrei framkvæmdur, og ástæðan til þess, að hann var aldrei framkvæmdur, var, að ég held, fyrst og fremst sú, að það var aldrei séð fyrir því fjármagni, sem til þeirra hluta hefði þurft. Til þess að sýna fram á, í hvaða efni þetta var komið, þegar kom fram á stríðsárin og verðlag allt hafði brjálazt svo mjög sem allir muna, þá ætla ég að benda á það, að öll stríðsárin, frá 1940—46, var það fjármagn, sem ætlað var til framkvæmda þessara l. um nýbýli og samvinnubyggðir, aðeins 5 millj. og 400 þús. kr. Og þessi upphæð var raunar ætluð til meira, því að hún var líka ætluð til endurbyggingar á sveitabæjum almennt.

Það var auðséð, þegar svona var komið, að þessi l. voru gersamlega úrelt orðin og til einskis að láta þau vera í gildi, enda var árið 1944, á þingi þá um haustið, flutt af tveimur þm. í Ed. frv., sem gerði ráð fyrir gerbreytingu á þessu fyrirkomulagi. Þetta frv. hét frv. til l. um byggðir og byggðasjóð og varð ekki útrætt á því þingi, heldur vísað til nýbyggingarráðs, sem tók þetta mál til ýtarlegrar meðferðar og skilaði aftur árið 1945 og 1946 tveimur nýjum frv. inn í þingið, öðru um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum og hinu um ræktunarsjóð, sem bæði voru gerð að l. og komu til framkvæmda árið 1947. En ég tel nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um það, hvernig gengið hefur með framkvæmd þessara l., til þess að sýna fram á það, að eins og nú er komið verðlagi öllu og fjármálum, þá er nauðsynlegt að taka til endurskoðunar það atriði, hvernig á að tryggja fjárhagslega framkvæmd þessara l. framvegis fremur en gert hefur verið.

Aðalatriðið í frv. um landnám, nýbyggðir og

endurbyggingar í sveitum má segja að sé tvenns konar, þ. e. í fyrsta lagi kaflinn um stofnun landnáms ríkisins, þar sem gert er ráð fyrir, að hið opinbera sjái um að eignast eða ná eignarrétti á landi á vissum stöðum og undirbúa þar landnám til stofnunar byggðarhverfa. Um þennan kafla ætla ég ekki að fara fleiri orðum, vegna þess að það er ekki sú hlið fjárhagsmálsins, sem er til meðferðar tekin í þessu frv. Hitt atriðið er um byggingar, þar sem ákveðið er, að stofnaður skuli byggingarsjóður, sem skuli hafa með höndum það verkefni að lána fé bæði til endurbyggingar á sveitabýlum og sömuleiðis til byggingar á einstökum nýbýlum og í byggðarhverfum. Ákvæðin um stofnun byggingarsjóðsins í l. eru í stuttu máli þau, að hann skuli stofnaður með 10 millj. kr. stofnfé, sem að nokkru leyti var höfuðstóll gamla byggingarsjóðsins, sem til var áður, svo og nýbýladeildar og smábýladeildar, sem voru í Búnaðarbankanum fyrir, og síðan skyldi ríkissjóður leggja fram eða útvega að láni það, sem á vantaði til þess að þetta næði 10 millj. kr. Tekjur sjóðsins skyldu verða vaxtatekjur og 2½ millj. kr. framlag úr ríkissjóði næstu 10 ár, sem fyrirhugað var til að greiða vaxtamismun á því fé, sem sjóðurinn yrði að fá að láni, og útlánum hans, því að það var ljóst, að þetta 10 millj. kr. stofnfé mundi skammt hrökkva, — og í öðru lagi, ef einhver afgangur yrði á þessu framlagi ríkissjóðs, þá legðist það við stofnsjóðinn. Síðan segir svo um frekari lánsútvegun í 16. gr. l., sem ég vil lesa með leyfi hæstv. forseta.

„Byggingarsjóði skal heimilt, ef stofnfé hrekkur ekki til fyrir þeim lánum, sem álitin eru æskileg, að taka lán eða gefa út handhafavaxtabréf, allt að þreföldum stofnsjóði sínum. — Handhafavaxtabréfin skulu tryggð með skuldabréfum lánþega, stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs."

Ég hef áður upplýst það í umr. hér á Alþingi í þessari hv. d., að einmitt þetta atriði l. hefur ekki verið framkvæmt. Ég ætla ekki að fara út í það frekar, hver ástæðan er til þess, að það hefur ekki verið framkvæmt. Þetta er bara staðreynd, sem fyrir liggur, og verður þess vegna að haga sér núna í samræmi við það.

En áður en ég fer lengra, þá ætla ég aðeins að benda á það, hversu mikið verkefni þessum sjóði var ætlað. Í fyrsta lagi var honum ætlað að lána nægilegt fé til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum. Í öðru lagi var honum ætlað að lána fé til byggingar íbúðarhúsa, bæði í byggðarhverfum og á einstökum nýbýlum, sem stofnuð yrðu. Og í þriðja lagi var honum líka ætlað að lána fé til byggingar peningshúsa á öllum nýbýlum, sem stofnuð yrðu, bæði í byggðarhverfum og af einstaklingum. Lánsupphæðin, sem heimiluð er í þessum l., er allt að 75% kostnaðarverðs við þessar byggingar.

Ég ætla að geta þess strax, að tvö af þessum lagaákvæðum hafa aldrei verið framkvæmd vegna fjárskorts. Í fyrsta lagi hafa aldrei verið framkvæmd þau ákvæði að lána fé úr þessum sjóði til byggingar peningshúsa á nýbýlunum, hvorki einstökum nýbýlum né í byggðarhverfum. Ástæðan er sú, að sjóðinn hefur skort peninga til þess. Í öðru lagi skal ég benda á það, að það er heimilað að veita lán upp í 75% kostnaðarverðs til íbúðarhúsabygginga. Það hefur aldrei verið hægt að framkvæma þetta, og hámark þeirra lána, sem hafa verið lánuð til einstakra íbúðarhúsa, var fram undir gengislækkunina 45 þús. kr., og síðan, eftir gengislækkunina, var það hækkað um 15 þús. kr., upp í 60 þús. Nú liggur það ljóst fyrir, að hér er ekki um að ræða hámarkið, — líklega mætti segja, að þetta væri helmingur þess, sem heimilað er í l. Ég tek það líka fram, að það er ekki beint hægt að segja, að þarna sé verið að brjóta l., en ég vil benda á það, að það er ekki þægilegt fyrir þá, sem eiga að sjá um þessi útlán, þegar þeir, sem þurfa á þeim að halda, geta bent á það, að það er a. m. k. heimilt að lána 75% af kostnaðarverði, að neita gersamlega um nema helming þeirrar upphæðar.

Til þess að átta sig betur á því, hversu mikið verkefni hér var um að ræða, þá vil ég nefna fáeinar tölur um ástand íbúðarhúsa eins og það var í sveitum í byrjun síðasta áratugs og þá breytingu, sem orðið hefur á þessum áratug. Því miður get ég ekki gert samanburð á ástandinu eins og það var þegar þessi lög tóku gildi, þ. e. a. s. árið 1947, vegna þess að það liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um það, en það liggja fyrir opinberar upplýsingar um byggingarástand 1940 og aftur 1950, og maður getur séð á því nokkuð, hvað fram hefur fleytt í þessum efnum, — og það skal ég taka fram strax, að það er ekki lítið, sem mest er að þakka þessari löggjöf, því að mest hefur breytingin orðið þessi ár síðan hún var samþ. Það liggur ljóst fyrir, þegar athugaðar eru lánsupphæðirnar.

Árið 1940 voru í byggð 5862 jarðir á landinu. Þar af voru steinhús á 1921 jörð, eða 32,8%. Þá voru timburhús á 1760 býlum, eða 30%, og þar næst voru torfbæir á 2181 býli, eða 37,2%. Nú hefur orðið á þessu nokkur breyting á þessum áratug. Steinhúsum hefur fjölgað, þannig að þeim hefur fjölgað um 907. Það er óhætt að segja, að byggð hafi verið á þessum áratug um 907 steinhús. Timburhúsum hefur fjölgað um 175, og skal ég þó taka það fram, að þessi tala ein út af fyrir sig gefur ekki fyllilega rétta hugmynd um þetta. Í þessum flokki eru einnig þau hús, sem byggð eru að ytri veggjum úr steinsteypu, þó að innrétting og loft séu úr timbri, vegna þess að þau koma undir þann lánaflokk, sem timburhúsin tilheyra. Torfbæjum hefur aftur á móti fækkað um svipaða tölu eins og hér er um að ræða og raunar meira, vegna þess að nokkuð margar jarðir hafa fallið úr byggð á þessum tíma, og torfbæir munu hafa verið á þeim flestum. Samt sem áður er óbyggt upp á nokkuð verulegum hluta þeirra jarða, sem áður voru torfbæir á, og auk þess liggur það ljóst fyrir, að enn þarf að byggja upp verulegan hluta af þeim gömlu timburhúsum, sem enn er búið í, eru orðin gömul og léleg og geta ekki verið nema til tiltölulega fárra ára.

Þegar aftur er litið á það, hvaða fé þessi

sjóður hefur haft til umráða, þá vil ég upplýsa það, að um s. l. áramót var búið að lána út úr honum um það bil eða rúmar 32 millj. kr. Það er ósköp eðlilegt, að sú upphæð hafi ekki nægt til þess að byggja upp öll þau íbúðarhús, sem hér hafa verið byggð á þessum tíma, hefði átt að veita nægileg lán til þeirra, og einnig til nægilegra lána til að byggja peningshúsin á öllum nýbýlunum, sem stofnuð hafa verið á þessum tíma. Það liggur ljóst fyrir, að þessar 32 millj. kr. gátu aldrei hrokkið til þessarar starfsemi allrar, og afleiðingin er sú, að það hafa orðið stórvandræði núna síðustu árin með að lána eftir þessum reglum, sem þó hefur verið fylgt. — Ég skal þá láta útrætt um byggingarsjóðinn að svo stöddu.

Önnur lánastofnun í Búnaðarbankanum, sem sömuleiðis var samþ. breyting á með nýjum lögum árið 1947, var ræktunarsjóðurinn. Honum voru upphaflega ætlaðir þessir tekjustofnar: Það var höfuðstóll gamla ræktunarsjóðsins, sem til var áður og var rúmlega 4 millj. kr., sömuleiðis hluti viðlagasjóðs, sem var lítið eitt á aðra millj. kr. Þetta var samtals um það bil 5½ millj. kr., og auk þess mælir 8. gr. ræktunarsjóðsl. svo fyrir, að ríkissjóður skuli lána eða útvega 10 millj. kr., sem leggist við stofnsjóðinn eða úr því verði stofnsjóðurinn myndaður. Þetta var gert. Enn fremur segir í 8. gr. l., að seðladeild Landsbankans skuli skylt, ef ríkisstj. óskar, að leggja fram 10 millj. kr., sem ræktunarsjóður fái að láni til 20 ára með 1½% vöxtum, en þetta hefur aldrei verið framkvæmt. Síðan skyldu tekjur ræktunarsjóðs verða vaxtatekjur og tekjur af þjóðjörðum og af andvirði þeirra þjóðjarða, sem seldar kunna að verða; sömuleiðis 500 þús. kr. árlegt framlag frá ríkinu, sem gert var ráð fyrir að færi til þess að greiða vaxtamismun þeirra lána, sem ræktunarsjóðurinn kynni að þurfa að taka, og þess, sem hann þyrfti að lána út, en eins og gengið hefur framan af með lánsfé til ræktunarsjóðsins, hefur reynslan orðið sú, að þetta ríkissjóðsframlag fór í fyrstunni til þess að lána út nokkuð, en nú er svo komið með þeim lánum, sem hann hefur fengið, að það hrekkur ekki til að greiða vaxtamismuninn. Fjármagn ræktunarsjóðs núna mun vera innan við 30 millj. kr., eða réttara sagt um það bil 28 millj. kr., sem lánaðar hafa verið út úr honum fram að þessu ári, og það er ljóst, þegar athugað er það hlutverk, sem hann hefur, að það er lítið. Í 4. gr. l. um ræktunarsjóð segir svo t. d., með leyfi hæstv. forseta:

„Ræktunarsjóður veitir stofnlán til jarðræktar, peningshúsa og geymsluhúsa og annarra mannvirkja við landbúnað, þar með talin jarðyrkja, vermirækt og loðdýrarækt, enn fremur til mannvirkja í þágu landbúnaðarins, svo sem mjólkurvinnslustöðva, kjötfrystihúsa, ullarverksmiðja, skinnaverksmiðja, þvottahúsa, viðgerðarstöðva, landbúnaðarverkfæra, íbúðarhúsa og verkstæða fyrir iðnaðarmenn í sveitum, rafstöðva fyrir sveitir og sveitahluta og einstaka sveitabæi, svo og til bústofnsauka og til kaupa á vélum, sem notaðar eru við landbúnað."

Í viðbót við þessi verkefni öll hefur það ráð orðið að taka sem afleiðingu af því, að byggingarsjóðurinn gat ekki annað því hlutverki sínu að lána fé til útihúsabygginga á nýbýlum, að þær hafa allar orðið að koma á ræktunarsjóðinn, og það er stór þáttur í viðbót við öll þau verkefni, sem honum voru lögð á herðar með ákvæðum þessarar greinar. Það þarf því engan að undra, þó að þær 28 millj. kr., sem honum hefur verið mögulegt að lána út, hafi hrokkið skammt til þess að anna þessum verkefnum auk þess, sem hann fékk frá byggingarsjóðnum, enda hefur reynslan orðið sú, að það hefur ekki verið hægt að sinna nema sumum þessara verkefna og yfirleitt af skornum skammti.

Í sambandi við þetta vil ég enn fremur minna á það, að til er enn þá í Búnaðarbankanum ein lánsstofnun, sem heitir veðdeild og er jafngömul bankanum. Hlutverk hennar á að vera að lána út til margs konar framkvæmda, og um það segir svo í 19. gr. Búnaðarbankalaganna:

„1. Að veita lán gegn veði í jörðum og hvers konar fasteignum, sem ætlaðar eru til framleiðslu landbúnaðarafurða eða til almenningsnota í sveitum landsins.

2. Að veita lán bæjar-, sýslu- eða sveitarfélögum, eða tryggð með ábyrgð þeirra, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda, enda sé lánið ætlað til jarðræktar, búrekstrar eða til einhvers fyrirtækis til almenningsheilla í sveitum."

Enn fremur er hér gert ráð fyrir víðtækari lánaheimildum, sem ég skal ekki fara frekar út í núna, en ég ætla aðeins að geta þess, að til þess að inna þessi lán af hendi hefur veðdeildin haft mjög takmarkað fjármagn. Höfuðstóll hennar mun vera núna um það bil 2 millj. kr., sem er allt í útlánum, og árlegar tekjur hennar eru ekki nema um það bil 120 þús. kr. á ári. Á síðasta þingi var ákveðið, að veðdeildin skyldi fá frá ríkinu 1 millj. kr. að láni. Sú milljón var tekin á yfirstandandi ári, en hún fór svo að segja þegar í stað til að greiða skuld, sem veðdeildin var komin í við sparisjóðsdeild bankans. Síðan hefur aftur verið haldið áfram að taka lán úr sparisjóðsdeildinni til veðdeildarinnar, svo að nú má heita að sé komið í sama horf og var fyrir einu ári, að skuld sparisjóðsdeildarinnar við veðdeildina er orðin aftur álíka mikil og þá var.

Það liggur þess vegna fyrir samkvæmt þessu, að á þessum árum hafa þessar lánsstofnanir haft til útlána um það bil 60 millj. kr., sem áttu að nægja til þess að anna þeim miklu verkefnum, sem þeim eru ætluð með þessum lögum, og þegar tillit er tekið til þess í viðbót, að á þessu tímabili síðan lögin tóku gildi hefur verðlag allt hækkað svo stórkostlega sem allir þekkja, er ekki undarlegt, þótt erfiðlega hafi gengið að sinna þessum verkefnum öllum. Rétt er að benda á það, að Alþ. hefur reynt undanfarin tvö ár að hlaupa dálítið undir bagga með því að ákveða að lána Búnaðarbankanum tvö lán til byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs, hið fyrra af gengishagnaði bankanna árið 1950 og hið síðara af greiðsluafgangi ríkissjóðs árið

1951. Þau eru bæði talin með í þeim upphæðum, sem ég hef hérna nefnt.

Það liggur í augum uppi, að það þarf að finna annan og heppilegri grundvöll til lánastarfsemi Búnaðarbankans heldur en þann, að á hverju ári þurfi Alþ. að hlaupa undir bagga með því að bæta úr brýnustu verkefnum, og það er þess vegna, sem ég hef flutt þetta frv. Tilgangurinn með því er sá að skapa stöðugri grundvöll að lánastarfsemi bankans, þannig að hann geti með tímanum eða helzt áður en langt um líður rekið starfsemi sína þannig, að hann hafi nægilegt fjármagn með höndum, þannig að það, sem borgast inn af lánum, nægi til nýrra útlána og þurfi ekki að vera að leita á náðir Alþ. árlega um úrbót á brýnustu vandræðum. Sú leið, sem farin er í frv., er mörkuð hér í þrem fyrstu greinunum. Það getur verið, að ýmsum þm. þyki hún nokkuð nýstárleg, og um það vil ég fara fáeinum orðum.

Í 1. gr. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður skuli leggja Búnaðarbanka Íslands óafturkræft framlag að upphæð 60 millj. kr., sem skiptist milli þessara þriggja deilda bankans í þeim hlutföllum, sem þar um ræðir. Og í 2. gr. er aftur gert ráð fyrir, að ríkissjóður skuli beinlínis taka þetta fé að láni hjá seðladeild Landsbankans og endurgreiða það á 40 árum, en til tryggingar þessu láni skuli ríkissjóður veðsetja Landsbankanum gegn 1. veðrétti þann hluta af jarðeignum þess opinbera, sem liggur utan kaupstaða og kauptúna.

Ég vil taka það fram strax, að þessi upphæð, 60 millj. kr., er sú upphæð, sem ég tel að sé hið raunverulega sölugildi þessara jarðeigna. Ég hef fengið upplýsingar um það í stjórnarráðinu, að fasteignamat þessara jarðeigna, sem hér um ræðir, er rétt um það bil 7 millj. kr., og ég hika ekki við að álykta, að söluverð þessara eigna núna sé allt að tífalt fasteignamatsverð, því að það vita allir, hvað fasteignamatsverðið er lítið. Hér er um að ræða eignir, sem ríkið á, eignir, sem eru í sveitunum og eru undirstaða verulegs hluta landbúnaðarins, því að það er ekki lítill hluti af jarðeignum í sveitum, sem hið opinbera á. Mér finnst mjög eðlilegt, að ríkið noti þessar eignir til þess að hafa sem baktryggingu bak við það fjármagn, sem nauðsynlega þarf að útvega til þessarar stofnunar, sem á að hafa lánastarfsemi landbúnaðarins eingöngu með höndum. Þess vegna tel ég eðlilegt að fara inn á þessa leið, að ríkið taki beinlínis lán hjá Landsbankanum út á þessar jarðeignir og leggi síðan Búnaðarbankanum það fé til sinnar starfsemi.

Nú er rétt að taka það fram, að á nokkrum hluta þessara jarðeigna hvíla veðbönd; að vísu hef ég ekki hér upplýsingar um, á hversu miklum hluta það er, það er vafalaust einhver hluti af þeim, en þó áreiðanlega ekki á nærri því öllum. Ástæðan til þess er sú, að yfirleitt hefur Búnaðarbankinn ekki veitt lán til bygginga nema gegn veði í fasteign, en hins vegar hefur það orðið að fastri reglu, að ábúendur þeirra jarða, sem eru í opinberri eign, hafa hiklaust fengið veðleyfi hins opinbera til þess að veðsetja jarðirnar ásamt þeim mannvirkjum, sem þeir reisa á þeim, fyrir þau lán, sem þeir hafa fengið í bankanum. Þessi veðbönd þarf vitanlega að leysa, ef inn á þá braut er farið að veðsetja Landsbankanum þessar eignir fyrir láni handa Búnaðarbankanum, og þess vegna er ákvæði um það í 3. gr., að séu þær jarðeignir, sem hér er um að ræða, veðsettar fyrir lánum, þá skuli viðkomandi lánsstofnun skylt að gefa þann veðrétt eftir, enda verður þá ríkisstj. að ábyrgjast þessi lán f. h. ríkissjóðs eða taka ábyrgð f. h. ríkissjóðs á þessum lánum. Ég skal geta þess í sambandi við það, að þessi lán eru a. m. k. svo að segja öll við Búnaðarbankann, en eðlilegast með þann litla hluta, sem kynni að vera við aðrar lánsstofnanir og þá helzt við einhverja sparisjóði, en áreiðanlega mjög lítið, að Búnaðarbankinn innleysi þau lán.

Ef til vill kann einhver að benda á það, að hér sé aftur Búnaðarbankanum skylt að lána út á eitthvað lakara veð en beinlínis það fasteignaveð, sem hann hefur lánað út á hingað til, en ég þykist þess fullviss, að bankastjórn Búnaðarbankans muni ekki hafa neitt við þau atriði að athuga. Enn fremur má benda á það, að á nokkrum hluta þessara jarðeigna er ekki búið að vinna þær framkvæmdir, sem eðlilegast er að séu unnar fyrir lán úr þessari lánsstofnun, Búnaðarbankanum eða stofnlánadeildum hans, og þar sem búið yrði samkv. 1. og 2. gr. að veðsetja þessar eignir annarri lánsstofnun, þá verður að sjá fyrir því, að hægt sé að lána enn framvegis til sams konar framkvæmda á þessum jörðum eins og Búnaðarbankanum er skylt yfirleitt að lána til framkvæmda á öðrum jörðum. — Þetta þýðir þá það, að ríkisstj. eða ríkissjóður verður að taka ábyrgð á lánum til þeirra framkvæmda, sem unnar eru og gerðar á hans eigin eignum, þar sem hann væri búinn að binda með lögum veðrétt þeirra annars staðar.

Þá er enn fremur í 5. gr. gert ráð fyrir, að lánum þeim, sem Búnaðarbankinn hefur fengið samkv. 1. og 8. tölulið 1. gr. laga nr. 14 1952, um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951, og sömuleiðis láni ræktunarsjóðs af gengishagnaðinum skuli breytt í óafturkræf framlög. Ég benti á það í sambandi við umr. um annað mál í þessari hv. þd. fyrir fáum dögum, að það væri eðlilegt, að ríkið hjálpaði til þess að leysa úr þessum fjárhagsvandræðum, að því leyti sem það væri hægt, með því að innheimta ekki þessi lán, þar sem þau hefðu beinlínis komið upp í hendur ríkisins vegna sérstakra aðgerða annarra en þeirra að afla ríkinu tekna, og ég ætla ekki að fara að eyða mörgum orðum um það hér aftur. En ég vil aðeins benda á það, að svo virðist sem það muni vera nokkurt fylgi a. m. k. fyrir þessari till. í þinginu, þar sem síðan hafa 3 hv. þm. í Ed. flutt frv. um nákvæmlega sama efni.

Ég vil svo leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og landbn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 17. fundi í Nd., 30. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. landbn., á þskj. 700, var útbýtt 2. febr., en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

29. Endurgreiðsla skatta af efni til skipa.

Á 8. fundi í Sþ., 29. okt., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um endurgreiðslu tolla og skatta af efni til skipa, sem smíðuð eru innanlands* [108. mál] (þmfrv., A. 144).

Á 18. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það virðist vera nokkuð útbreidd skoðun, að iðnaðurinn í landinu sé tiltölulega lítilsverð atvinnugrein, og ég gæti meira að segja trúað því, að ýmsir hv. alþm. hefðu naumast gert sér það fullljóst, hvílíka geysilega þýðingu iðnaðurinn hefur þegar fyrir atvinnulíf landsmanna. Ég hafði t. d. sjálfur ekki gert mér þess fulla grein, að samkv. nýjustu skýrslum virðist svo sem iðnaðurinn sé orðinn annar aðalatvinnuvegur íslenzku þjóðarinnar. Samkv. skýrslum virðist mega lesa þróun iðnaðarins, frá því að hans er fyrst getið á skýrslum, eitthvað á þessa leið í sem allra stytztu máli: Árið 1860 stundar 1,1% af þjóðinni handverk og iðnað, um 1880 er þetta orðið 2,1%, um 1890 er þetta 2,6%, árið 1910 er það orðið 8,3%, sem stunda handverk og iðnað, og 10 árum síðar, 1920, eru það 11,3%, 1930 eru það 18,9%, og samkv. seinasta aðalmanntali, en það er eingöngu í sambandi við aðalmanntöl, sem skýrslum er einnig safnað um atvinnuskiptingu þjóðarinnar, eru það 21,3% af íslenzku þjóðinni, sem hafa handverk og iðnað sem aðalatvinnu. Þá er það þannig við sama manntal, 1940, að af landbúnaði lifa 30,6% og af sjávarútvegi eða fiskveiðum 15,9%. M. ö. o., iðnaðurinn virðist um 1940 vera orðinn annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar, og þegar menn líta yfir þá þróun, sem átt hefur sér stað síðan 1940, virðist ekki vera nokkur vafi á því, að nú muni um 25% þjóðarinnar lifa af iðnaði, eða fjórði hver Íslendingur.

Það mætti nú spyrja t. d. á þá leið, hvort íslenzkur iðnaður muni nú hafa þróazt á þennan hátt í skjóli lögverndar eða þrátt fyrir löggjöf, og ég verð a. m. k. að segja það sem mína skoðun, að ég held, að það verði heldur að segja það, að þessi þróun iðnaðarins hafi átt sér stað þrátt fyrir íslenzka lagasetningu, en ekki í skjóli hennar.

Það verður varla um það deilt, að íslenzka þjóðin á mjög mikið undir sjávarútvegi og siglingum, og mætti því ætla, að skipasmíðar væru viðurkenndar í tölu þeirra iðngreina, sem landsmenn hlytu að láta sig miklu varða og bera fyrir brjósti að efla með hverju móti, sem hægt væri, þ. á m. með lagasetningu. En það virðist samt vera fjarri því, að svo sé. Það er t. d. staðreynd, að háa tolla ber að greiða af efni til skipa og efni í vélar, og enn fremur ber að borga háa tolla af vélum, sem fluttar eru inn sem verzlunarvara, en þegar skip eru flutt inn fullunnin frá útlöndum, þá eru þau með öllu tollfrjáls samkv. íslenzkri tollalöggjöf, og sama er að segja um vélar og vélahluta til skipa. Nú er þó kunnugt, að mörg stærstu iðnfyrirtæki landsins eru einmitt iðnfyrirtæki í skipasmíðaiðnaði, og það er þess vegna geysileg skattlagning, sem þessi iðngrein verður fyrir. Það virðist tvímælalaust hafa verið miklu fremur lítið á tekjuþörf ríkissjóðsins heldur en hitt, hversu ríka nauðsyn bæri til þess að efla þessa starfsemi í landinu, hjálpa til þess með löggjöf, að íslenzkur iðnaður yrði einn af aðalatvinnuvegum þjóðarinnar.

Ég hef fengið upplýst hjá skipaverkfræðingi, sem er í þjónustu Fiskifélags Íslands, að í efniskostnaði 60 rúmlesta fiskibáts felist t. d. verðtollsupphæð, sem nemi kr. 19235,00, enn fremur nokkur hundruð krónur í vörugjald og í þriðja lagi kr. 21172,00 í söluskatt, og vegna bátagjaldeyrisfyrirkomulagsins séu af efniskostnaði í slíkan bát greiddar kr. 18457,00, eða með öðrum orðum, að tollar samkv. tollskrá og samkv. ákvæðunum um söluskattinn og bátagjaldeyrinn séu af efnisverði 60 tonna báts, sem er um 350 þús. kr., borgaðar á þennan hátt yfir 60 þús. kr. Þegar nokkur smærri gjöld eru svo tekin með, þá verður þetta alls um kr. 70500.00, sem borgaðar eru til ríkisins í tolla og skatta af efni til 60 tonna báts, eða um 1175 kr. á hverja smálest í slíkum bát, sem er fiskibátur af meðalstærð. Þetta sýnast vera gífurlegar skattaálögur, sem hljóta að verka á þann hátt, að lagður sé steinn í götu íslenzks skipasmíðaiðnaðar, eða réttara sagt, það verkar eins og verndartollur á erlendum skipasmíðum gagnvart hinni íslenzku starfsemi á þessu sviði. Ég held, að það hljóti nú að vera frekar vegna þess, að mönnum hafi yfirsézt í þessu efni, heldur en að þetta sýni hug ráðandi manna og flokka í landinu til iðnaðarins, og hlýtur þá að vera auðsætt mál, að það þurfi ekki að heyja neina baráttu fyrir því að fá þetta lagfært.

Þetta frv. fer fram á leiðréttingar á því ranglæti, að skip, sem flutt eru fullgerð frá útlöndum, eru tollfrjáls, en hins vegar greiddir geysiháir tollar af öllu efni, sem íslenzkir skipasmiðir vinna úr, og skal ég ekki fara mörgum orðum um, hversu sjálfsagt það er, að slík leiðrétting fáist fram. Það mætti kannske hugsa sér að fara aðra leið, það skal ég fúslega játa. Það mætti ef til vill hugsa sér að tolla innflutning erlendra skipa, en ef til vill þekkist það ekki annars staðar og þykir því ekki frambærileg leið, en þá sýnist ekki önnur leið vera fær heldur en sú að skerða að vísu tekjur ríkissjóðs og auðvelda þar með, að sú starfsemi geti farið fram innanlands, sem hefði ekkert smávægilega þýðingu í atvinnulífinu eins og nú standa sakir.

Um það verður ekki deilt, að Íslendingar eru vel kunnandi í þessum efnum, þeir kunna vel að smíða bæði trausta, vandaða og góða fiskibáta og eru orðnir allfærir líka í ýmiss konar stórskipasmíði, og þetta hvort tveggja hefur verið og á að vera verulegur þáttur í íslenzku atvinnulífi. Ég hef fengið skýrslur um það, að á 5 ára tímabili, 1915—20, voru hvorki meira né minna en smíðuð hér á landi 157 skip, nærri því 2000 rúmlestir að stærð. Síðan virðist þróunin vera afar hæg, þangað til á áratugnum milli 1940 og 1950. Þá eru smíðuð 120 skip, samtals rúmar 5000 smálestir, eða rúmar 500 smálestir á ári. Þá voru margar skipasmíðastöðvar starfandi víðs vegar um land, — ég hygg, að þær muni hafa verið upp undir 20, — og á mörgum þessum skipasmíðastöðvum voru starfandi skipasmiðir þetta milli 20 og 30 og upp í 40 manns, og þetta hafði þýðingu í atvinnulífi ýmissa bæja hér á landi. En núna á seinustu árunum hefur brugðið svo við, að skipasmíðarnar, sérstaklega smíðar fiskibáta, hafa nálega með öllu fallið niður. Skýrslur segja, að á árinu 1950 hafi ekkert skrásetningarskylt skip verið smíðað hér á landi, og á árinu 1951 er aðeins smíðað eitt einasta skip hér á landi í íslenzkri skipasmíðastöð, einn 100 rúmlesta bátur á skipasmíðastöðinni á Akranesi. Ég þekki líka til þess t. d. vestur á Ísafirði. Þar var á árunum milli 1940 og 1950 starfandi skipasmíðastöð, sem smíðaði hvern fiskibátinn á fætur öðrum. Þessir bátar reyndust mjög vel og eru taldir meðal beztu báta í íslenzka fiskiskipaflotanum, engu síðri en þeir, sem um líkt leyti voru smíðaðir erlendis, en þessi skipasmíðastöð hefur nú orðið að leggja niður sína starfsemi að því er allt nýsmíði snertir og fjöldi manns þar með orðið atvinnulaus. Og þannig er sagan í kringum allt landið. Skipasmíðastöðvarnar, sem störfuðu með blóma fyrir nokkrum árum, eru núna vettvangur atvinnuleysis, hafa engin verkefni önnur en þau, sem til falla í sambandi við viðgerð skipa. Hinum stærri skipasmíðastöðvum, sem fást við stórskipasmíði, hefur hins vegar verið íþyngt með stórfelldri skattlagningu á öllu því efni, sem íslenzkir skipasmiðir vinna úr, eins og ég hef þegar gert grein fyrir, þó að ég hafi aðeins tekið smávægilegt dæmi úr smáskipaiðnaðinum.

Ég vona, að hv. alþm. beri ekkert á milli um það, að það þurfi að gera ráðstafanir til að vinna íslenzka skipaiðnaðinn upp aftur og að við tökum þegar til starfa um það að smíða okkar fiskibáta að öllu leyti innanlands. Á seinustu árum, þegar engin endurnýjun hefur átt sér stað, hefur fiskibátaflotinn fyrnzt og gengið úr sér, og þarf því að gera meira átak en ella til þess að vinna það starfsleysistímabil upp. Á sama tíma hefur verið mjög torveldað að fá fiskibáta flutta inn fullgerða frá útlöndum, og er mér kunnugt um eina slíka sorgarsögu úr minu byggðarlagi. Það gerðist á s. l. ári, að það fórst bátur frá Bolungavík, og útgerðarmaðurinn, sem var sterkefnaður og hafði fullan hug á því að bæta þetta skarð sem allra skjótast, sótti til fjárhagsráðs um leyfi til þess að fá slíkan bát smíðaðan í Danmörku og fluttan inn. Hann átti í löngu stríði, eins og menn munu nú almennt eiga við þá góðu stofnun fjárhagsráð og voldugu, en fékk engin jákvæð svör lengi vel. Þar kom þó, að honum voru veitt leyfi til þess að fá smíðaðan bát í Danmörku, og þá hélt þessi ágæti útgerðarmaður, að stríðið væri unnið við stjórnarvöld til þess að fá þarna smíðaðan bát, sem átti að fylla skarð báts, sem hafði farizt. Og byggðarlagið stóð þannig, að þetta skarð varð að fylla. Það voru ekki nema 3 vélbátar til í 700 manna þorpi, og atvinnulífið þarna hafði orðið fyrir áfalli, sem þessi viðkomandi maður vildi bæta sem skjótast. Hann sendi því umboðsmann til Danmerkur til þess að semja um smíði báts. Það var gengið frá samningum, og svo átti að fara að fullnægja samningunum núna á þessu sumri. En þá var viðkomandi atvinnurekandi, sem hafði látið semja um smíði báts í Danmörku, gerður að svikara í raun og veru að samningnum. Hann sagði núna fyrir örskömmu, að hann yrði sennilega að borga sektir og yrði að rifta samningnum og hverfa þannig frá því að fá þennan bát smíðaðan. Þannig var hans saga, og gat ég ekki láð honum það, að hann var æfareiður yfir því, hvernig allar leiðir virtust vera lokaðar um það að halda skipastól þessa litla kauptúns óskertum. Meðal annars taldi hann, að það væri vegna ákvæða íslenzkrar skattalöggjafar, sem það hefði sýnt sig undireins, að það væri útilokað að smíða bátinn innanlands vegna þess, hversu miklu dýrari hann yrði hér vegna hinna stóru upphæða, sem færu í skattlagningu af starfi hinna íslenzku smiða, sem kæmu til með að vinna að byggingu slíks báts.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta frv. Ég tel, að það liggi í augum uppi, að íslenzkum löggjafa beri skylda til að létta tollum og sköttum af þeirri innlendu starfsemi, sem er því samfara, að við byggjum sjálfir okkar bátaflota upp, og létta jafnframt sams konar sköttum af þeim starfandi mönnum, sem vinna í stórskipaiðnaðinum hér á landi. Ég treysti því, að þetta frv. fáist samþ., og legg til, að frv. að lokinni þessari umr. verði vísað til iðnn.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Mér þykir ástæða til að segja aðeins örfá orð í tilefni af þessu frv., sem hér er til umr. Þetta mál hefur verið í athugun í Sjálfstfl. nú undanfarnar vikur og raunar oft áður verið á það minnzt vegna þeirrar brýnu nauðsynjar, sem fyrir því er, að breytingar verði gerðar frá því skipulagi, sem nú ríkir í þessum efnum. Ég treysti mér þó ekki til að segja um það á þessu stigi málsins, hvort sú leið, sem bent er á í þessu frv., mundi vera sú æskilegasta, og dreg ég það raunar nokkuð í efa. Aðalatriði málsins er, að það verður á engan hátt stutt skynsamlegum rökum, að ef bátur er fluttur til landsins fullsmíðaður, þ. e. a. s., ef smíðalaun bátsins hafa fallið til erlendra manna, þá skuli allur efniviður til bátsins raunverulega vera skattfrjáls, eins og þetta er í framkvæmdinni. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt að verðlauna þá aðferð, að smíðalaunin falli öll utan

við íslenzka hagsmuni. En ef báturinn er smíðaður á Íslandi, þar sem fjöldi manns kann vel til þeirra verka og þarf á þessari atvinnu að halda, þá skuli, eins og hv. flm. skýra frá í sínu frv., vera teknir tugir þúsunda af efni í bátinn í tollum í ríkissjóðinn. Ég vil þess vegna gjarnan fyrir mitt leyti leggja þessu máli í einu eða öðru formi lið, því að það er ekki hægt að mæla í gegn annars vegar þörfinni og hins vegar því, að þetta er leiðrétting á órökréttri hugsun. Ég tel hins vegar ekki hægt að aðhyllast þá uppástungu, sem hv. flm. varpaði fram, að þetta mætti jafna með því að tolla innflutta báta. Það er rétt, að það leiðréttir rökrétta hugsun í þessum efnum, en hins vegar gerir það náttúrlega hag hins aðilans, sem hér á hlut að máli, sjávarútvegsins, ekki nægjanlega hátt undir höfði. Þá vil ég enn fremur leyfa mér þegar á þessu stigi málsins að benda á, að ef menn á annað borð geta aðhyllzt þessa hugsun, hvort það þætti þá ekki, ef hnigið er að skynsamlegum úrræðum í þessum efnum, eðlilegri og hagkvæmari leið til úrbóta, að í stað þess, eins og frv. fer fram á, að tollar skuli endurgreiddir, þá sé ákveðið, að allir tollar skuli eins og nú renna í ríkissjóðinn, en ríkissjóður aftur greiða í verðlaun svipaða upphæð á hvern bát, sem smíðaður er og þá mundi væntanlega finnast sæmilega réttlátur mælikvarði fyrir með því að ákveða gjaldið visst á smálest. Ég varpa þessu bara fram til athugunar.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég vil mjög þakka hæstv. atvmrh. fyrir hans undirtektir undir þetta mál. Ég held það verði ekki hægt að deila um það, að þetta frv. fer fram á leiðréttingu á auðsæju ranglæti, sem hefur bitnað þunglega á íslenzku atvinnulífi, og því megum við sízt við eins og sakir standa nú. Ég tel, að það sé ekki nema sjálfsagður hlutur að vera til viðtals um hvers konar breytingar á þessu frv. og fara hverja þá leið, sem hægust þykir til þess að fá þetta ranglæti leiðrétt. Okkur flm. er ekkert sérstakt kappsmál, að það sé endilega nákvæmlega í því formi, sem við leggjum til. Það, sem er aðalatriðið fyrir okkur, er að fá þetta ranglæti leiðrétt. Og við teljum raunar eðlilegast, að tollarnir, sem ríkisstj. tekur af þessari starfsemi, sem á að fara fram hér í landinu, en ekki erlendis, verði endurgreiddir, þegar skip hefur verið smíðað í íslenzkri skipasmíðastöð eða þegar unnið hefur verið úr hráefninu.

Það er ekki auðvelt að koma því við að láta ekki koma til þessarar tollgreiðslu, því að þegar efniskaupandinn kaupir efnið, er ekki gott að vita, hvort hann notar það endilega til skipasmíðaiðnaðarins eða til einhverra annarra hluta, t. d. að því er timbrið snertir. Og skattaákvæðin í tollskránni eru a. m. k. á 57 stöðum snertandi efni til skipasmíða, að því er mér hefur tjáð hinn glöggi og samvizkusami skipaverkfræðingur Bárður G. Tómasson. Það er því varla framkvæmanlegt öðruvísi en sem endurgreiðsla, þegar skip hefur verið smíðað. En það er sennilega vel framkvæmanlegt, að því er a. m. k. fiskibáta snertir, að ákveða það með vissri upphæð á smálest, því að slík skip eru smíðuð eftir nákvæmum skipasmíðareglum, og það fer nákvæmlega sama efnið í rúmlest hvers báts, vegna þess að þetta ákvarðast alveg af skipasmíðareglunum, hversu efnismikill bátur skuli vera, og það eru sömu reglur sem gilda um styrkleika báta frá 20 til 80 lestir, hefur hann einnig tjáð mér. — Ég skal því ekki ræða frekar um þetta mál, en aðeins láta það í ljós, að við flm. erum fúslega til viðræðu um hverjar þær breytingar, sem til mála kæmi að gera á þessu frv., að því tilskildu, að að því sé stefnt að ná sem allra bezt höfuðtilganginum, að létta af því ranglæti, sem nú ríkir í þessu efni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til iðnn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

30. Unglingavinna og námsmanna.

Á 10. fundi í Sþ., 5. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um vinnu unglinga og námsmanna [120. mál] (þmfrv., A. 173).

Á 22. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Tilgangur þessa frv. er að reyna að bæta nokkuð úr þeim vandræðum, sem verið hafa undanfarið fyrir unglinga, sem slæm efni hafa, til þess að geta haldið áfram námi og tryggt sér vinnu. Það er öllum hv. þm. kunnugt, hvernig gengið hefur til undanfarin ár. Það hefur farið mjög vaxandi atvinnuleysi hjá þjóðinni, og ég ætla hér ekki að ræða um, hvernig það atvinnuleysi kemur við þá fullorðnu og þá, sem fyrir heimilunum eiga að sjá. Það hefur oft verið gert á öðrum vettvangi og ýmsar till. frammi um að reyna eitthvað að gera til þess að bæta úr því. En í þessu frv. hef ég eingöngu haldið mér við það tiltölulega þrönga svið að reyna að tryggja, að þjóðfélagið bæti að einhverju leyti úr þessu atvinnuleysi, að svo miklu leyti sem það kemur við unglingana og þá sérstaklega þá, sem hefðu hug á því sjálfir að geta haldið áfram námi nokkru lengur en til 16 ára aldurs.
Ég held, að það blandist engum hugur um, að það sé alveg tvímælalaust þjóðarheildinni ákaflega nauðsynlegt, að sem allra flestir af þeim mönnum, sem veljast til þess að halda áfram framhaldsnámi, eins og það er kallað, séu menn, sem gera það af áhuga og vinna að því af ó-

sérplægni, en séu ekki svo að segja hálfpiskaðir til þess af foreldrum, sem vilji forframa þá og koma þeim í háar stöður. Ég held, að það sé engum efa bundið, að það væri stórkostlegt tjón fyrir þjóðina, svo framarlega sem efni aðstandendanna fyrst og fremst yrðu látin ráða því, hvaða menntun menn hljóta í þjóðfélaginu, þegar 16 ára aldrinum sleppir eða þegar menn yfirleitt útskrifast úr þeim skólum, sem skylda er nú að ganga í. Hins vegar býst ég við, að hver einasti þingmaður hafi orðið þess var, hvað gerzt hefur núna tvö undanfarin ár. Það munu flestir hafa haft meiri eða minni persónuleg kynni af því. Mjög efnilegir unglingar, sem útskrifazt hafa og fyrir nokkrum árum gátu svo að segja alltaf unnið fyrir sér að sumrinu, þannig að þeir slömpuðust svona með ofur lítilli aðstoð í gegnum veturinn, hafa verið þannig staddir, sérstaklega nú í sumar, að þeir hafa gengið um, beðið um vinnu og hvergi getað fengið hana. Ég þekki sjálfur ýmsa unglinga, sem undanfarin ár hafa ýmist verið í síldarvinnu, vegavinnu eða slíku eða í vinnu hjá bændum við landbúnaðinn og hafa nú leitað alls staðar fyrir sér og hvergi getað fengið neitt. Piltar, sem hafa þótt með efnilegustu unglingum í sínum bekkjum, tekið hafa góð próf, en átt fátæka foreldra að eða jafnvel enga foreldra, hafa gengið um göturnar í bæjunum hér á Íslandi, slitið upp skónum sínum án þess að eiga til þess að sóla þá aftur, gengið jafnvel tötrum klæddir og ekki séð nokkra möguleika til þess að fá tækifæri til að vinna fyrir sér til þess að halda áfram skólanámi. Á sama tíma eru svo sumir ungu mennirnir úr auðmannafjölskyldunum hér í Reykjavík látnir skemmta sér í þessum fínu bílum auðmannanna eða ríkisins. Síðan er haldið að þeim, að þeir verði nú endilega að nema, þeir verði endilega að verða stúdentar, þeir verði endilega að fara á háskóla, það sé svo fínt, og jafnvel kostaðir aukakennarar til þess að reyna að troða í þá. Og svoleiðis er verið að reyna að knýja menn, sem engan áhuga hafa fyrir því að læra, til þess að taka próf. Foreldrarnir eiga nægileg efni. Þeir þurfa ekki að vinna. En jafnvel ef foreldrarnir eru svo skynsamir, að þeir sjá, að þeim sé betra að vinna, þá veitist venjulega auðvelt fyrir þá að skaffa þessum mönnum vinnu. Þeir hafa nóg sambönd. Og á meðan ganga efnilegir, fátækir unglingar atvinnulausir, hálfhungraðir, hálfklæðlausir og eru stöðvaðir í því að geta haldið áfram að læra. Afleiðingin verður svo, þegar hærra sækir, þegar kemur t. d. upp í háskólann og annað slíkt, að meginið af mönnunum, sem útskrifast, fer að verða menn, sem eru hálfpíndir í gegnum skóla, áhugalitlir og áhugalausir, eiga ríka að, eiga góð sambönd alls staðar og er svo troðið í embætti á eftir. Og hvernig haldið þið, að þjóðfélaginu sé þjónað með þessu móti? Ég held þess vegna, að það sé það minnsta, sem er raunverulega hægt að fara fram á, að þeim unglingum af alþýðustétt, sem langar til þess að læra og hafa áhuga fyrir því, sé gefinn kostur á því að mega vinna fyrir sér sjálfir að sumrinu til, til þess að geta stundað nám að vetrinum.

Ég veit, að í þjóðfélögum, sem lengra eru á veg komin í félagsmálum heldur en okkar, er öll skólaganga, alveg upp í háskólana og að þeim meðtöldum, ókeypis fyrir þá, sem hafa áhuga fyrir því að læra, vegna þess að það er litið svo á, að það sé þjóðinni fyrir beztu, að sem allra flestir öðlist sem allra bezta menntun og þjóðin hafi sem allra mestu úr að velja af menntuðum mönnum. Hérna aftur á móti virðist með þeirri stefnu, sem nú er, stefnt að því, að menntunin sé raunverulega eitthvað, sem helzt eigi að stía mönnum frá, sérstaklega þó ef þeir eru fátækir, og á sama tíma eigi að gera menntunina og síðar meir trúnaðarstörfin í þjóðfélaginu að einkaréttindum fyrir þá, sem eiga ríkasta að og haldið hefur verið að skólum meira af metnaðargirnd foreldranna heldur en meira að segja þeirra sjálfra. Ég þekki marga menn af efnuðu fólki, sem hefur verið haldið að skólagöngu á móti þeirra vilja og þeim sjálfum til ógæfu, — menn, sem hefur dauðlangað til þess, þegar þeir voru strákar, að fá að vinna venjuleg verkamannastörf eða vélastörf eða ýmislegt annað slíkt og hefðu getað orðið ágætir menn á slíku sviði, hefðu þeir fengið að gera það, en af því að það þótti ekki nógu fínt, þá var verið að reyna að reka þá til þess að fara í skóla, kosta handa þeim kennara og annað slíkt, þangað til þeir sjálfir, þegar þeir voru búnir að eyða svo og svo mörgum árum ævi sinnar, reka sig meira eða minna á, tóku í taumana og fóru í það, sem hafði verið upprunalega langheppilegast fyrir þá.

Ég fer ekki fram á mikið í þessu litla frv., 1. og 2. gr., og raunverulega ekki fram á annað en það, sem með núverandi lögum, ef þau væru framkvæmd og ef nokkuð skapaðan hlut væri hugsað um að reyna að framkvæma þau, ætti að vera gert. Það er lagt svo fyrir í lögunum um fjárhagsráð, að fjárhagsráð skuli miða starf sitt við það, að öllum verkfærum mönnum sé tryggð næg og örugg atvinna. En þar sem þetta er svo herfilega framkvæmt, að ekki er einu sinni um þetta hugsað hvað snertir þá menn, sem eiga fyrir fjölskyldum að sjá og vinna, þá er náttúrlega ekki við því að búast, að það sé um það hugsað, þegar unglingarnir eiga í hlut, — þeir unglingar, sem enga volduga eiga að og ekki heldur nein verkalýðssamtök til þess að berjast fyrir þeirra rétti. Eins og skiljanlegt er og nauðsynlegt, þá verða verkalýðssamtökin að einbeita sínum krafti, sinni baráttu að því að sjá fyrir því, sem er númer eitt í þessum hlutum, og það er að tryggja fjölskyldufeðrum vinnu, fyrirvinnum heimilanna, og reyna að sjá um það, að þeir menn, sem eiga velferð fjölskyldunnar á herðum sínum og hafa það á ábyrgð sinni, að hún komist af, geti þó að minnsta kosti fengið vinnu.

Það hefði e. t. v. þótt eðlilegra að fara í þessu frv. lengra, og ég mundi ekki verða á móti því, ef það fengi það góðar undirtektir, að því yrði bætt við að tryggja þessum ung-

lingum í skólum að vetrinum til nokkurn styrk, t. d. með því að auka þá bræðrasjóð, sem er t. d. í menntaskólanum, eða aðra félagssjóði, sem ætlaðir eru til þess, ýmsa gamla sjóði, sem settir voru af ýmsum góðum og framsýnum mönnum á stofn á síðustu öld til þess að reyna að styðja fátæka unglinga hér á Íslandi til náms. En allir slíkir sjóðir hafa á þessum síðustu árum orðið að engu fyrir aðgerðir ríkisins. Ég hefði síður en svo haft á móti því og fagnað því, ef þetta frv. fengi það góðar undirtektir, að það væri hægt frekar að auka þarna við og tryggja þessum unglingum meiri styrk að vetrinum heldur en þeir fá nú. En höfuðatriðið álít ég þó hitt og það er raunverulega það minnsta, sem þjóðin getur sagt við sína æsku, þegar hún útskrifar hana úr skyldunámsskólunum: Eitt skuluð þið þó vita: Þið getið fengið að vinna fyrir ykkur til þess að öðlast menntun. — Þjóðin ætti að biðja þessa unglinga sína um að reyna að öðlast sem mesta menntun. Hún ætti þó að minnsta kosti ekki að banna þeim að fá að vinna fyrir sér að sumrinu til þess að kosta námið að vetrinum. Ég vildi þess vegna vonast til, að það, sem felst í 1. og 2. gr., fengi góðar undirtektir hjá hv. þm.

Í 3. gr. legg ég til, að ríkið leggi fram nokkurt fé til þess að aðstoða þau bæjar- og sveitarfélög, sem kæmu hins vegar upp vinnu fyrir unglinga innan 16 ára aldurs. Það er vitanlegt, hve erfitt hefur verið — og það veit ég að allir eru mér sammála um — fyrir slíka unglinga að hafa vinnu að sumrinu, eins og bæði er þeim hollt og þeirra fjölskyldum oft nauðsynlegt. Og það hafa einstöku bæjarfélög, eins og t. d. Reykjavíkurbær, þegar haft góða forgöngu í þessum efnum, og mundu vafalaust fleiri bæjarfélög vilja gera slíkt. Þarna er lagt til, að ríkisstj. heimilist að verja allt að 2 millj. kr. til þess að leggja fram framlög á móti því, sem viðkomandi bæjarfélög treysta sér til að gera.

Ég vildi mega vona, að þetta litla frv. fengi góðar undirtektir, bæði hér í deildinni og hjá þeirri hv. n., sem ég legg til að það fari til og ég tel eðlilegast að sé menntmn. Ég er auðvitað til viðtals um hverjar þær breytingar á því, sem betur mættu ná þeim tilgangi, sem fyrir mér vakir, en ég vildi ákaflega mikið óska þess, að slíkt samstarf gæti um þetta náðst, að eitthvað, sem að gagni mætti verða, mætti þó koma út úr flutningi þess. — Ég vildi svo, eins og ég hef tekið fram, leyfa mér að leggja til, að því verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. menntmn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vil með örfáum orðum lýsa yfir eindregnum stuðningi mínum við þá hugsun, sem felst í þessu frv., og tilgang þess. Ég tel hér vera um að ræða merkilegt mál, sem brýna nauðsyn beri til að nái fram að ganga í einhverju formi. Ég hafði í undirbúningi frv. um sama efni og þetta. Ég hafði að vísu hugsað mér svolítið aðra framkvæmd á málinu og skal víkja fáeinum orðum að því á eftir.

Það er auðvitað ranglátt í hæsta máta að láta atvinnuleysi og efnaskort valda því, að ungur maður, sem hefur námshæfileika og námslöngun, geti ekki stundað það nám, sem hugur hans stendur til. Það er skylda þjóðfélagsins — um það er ég alveg sammála hv. flm. — að tryggja, að slíkt gerist ekki. En þetta er ekki aðeins efnahagslegt vandamál þess unglings, sem hér á hlut að máli. Þjóðfélagið sjálft hefur einnig mikilla hagsmuna að gæta af því, að unglingar, sem vilja vinna og þurfa að vinna til þess að sjá fyrir sér, eigi þess kost. Þjóðfélagið sjálft hefur mikla hagsmuni af því, að unglingar gangi ekki iðjulausir þann tíma, sem þeir þurfa ekki að vera við skólanám. Og þetta mál er ekki einvörðungu fjárhagsatriði fyrir þá æskumenn, sem hér eiga hlut að máli, og fyrir hið opinbera, heldur einnig stórkostlegt uppeldisatriði. Það hefur verið einn af meginkostunum á uppeldi íslenzks æskulýðs, að hann hefur ætíð verið vinnandi jafnframt því, sem hann hefur verið nemandi. Það er yfirleitt einkenni á íslenzkum menntamönnum, að þegar þeir hafa lokið námsbraut sinni, hversu löng sem hún annars kann að hafa orðið, og ganga til þeirra starfa, sem þjóðfélagið síðar felur þeim, þá eru þeir ekki einungis skólamenntaðir menn, heldur hafa þeir einnig gengið til þeirra sömu starfa sem vinnandi stéttir almennt ganga til, kynnzt þessum stéttum í starfi sínu og þeim störfum, sem þær vinna, og þeim verkefnum, sem þar er við að etja. Þetta hefur gefið menntun þessara manna mjög aukið gildi og gert þá hæfari til þess að sinna skyldum sínum í þágu þjóðfélagsins heldur en ella mundi hafa verið. Ef verulegt framhald verður á því ástandi, sem ríkt hefur nú undanfarin ár, að nemendur í skólum, hvort sem er í unglingaskólum, menntaskólum eða háskóla, eigi ekki kost á að vinna þann tíma, sem þeir þurfa ekki að stunda nám, þá hefur það ekki einungis efnahagslegar afleiðingar, sem kunna að torvelda þeim námið og tefja framkvæmdir, heldur hefur það einnig uppeldislega séð mjög óheppileg áhrif, sem gæta mun síðar í störfum þessara manna, vegna þess að hætt er við, að þeir losni úr þeim lífrænu tengslum við atvinnulíf og starf þjóðarinnar, sem svo mjög eru nauðsynleg og sjálfsögð. Það er þess vegna einnig, sem ég tel mál þetta vera sérstaklega mikilvægt og í raun og veru alls ekki mál þeirra unglinga einna, sem nú á þessum árum eiga hlut að máli, heldur í raun og veru hagsmunamál þjóðfélagsins í heild.

Ég vil í þessu sambandi minna á, að í frv. um atvinnustofnun ríkisins, sem þm. Alþfl. í þessari deild hafa tvíflutt og nú er flutt af þm. Alþfl. í efri deild, er einmitt að þessu vandamáli vikið. En eitt af þeim verkefnum, sem atvinnustofnuninni er ætlað, er einmitt að tryggja unglingum, einkum á aldrinum 16—20 ára, atvinnu við þeirra hæfi. Í 8. gr. frv. um atvinnustofnun segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Atvinnustofnun ríkisins skal leitast við að veita unglingum 16—20 ára, sem ekki hafa atvinnu, kost á viðfangsefnum með þeim hætti, sem ákveðið er í lögum þessum. Þegar tala

þeirra unglinga á þessum aldri, sem atvinnustofnunin getur ekki vísað á atvinnu, er óverulegt að dómi stofnunarinnar, skal hún greiða fyrir því, að þeir geti stundað nám við sitt hæfi. Þegar um verulegt atvinnuleysi unglinga á aldrinum 16—20 ára er að ræða, skal atvinnustofnunin skipuleggja sérstakar vinnustöðvar eða vinnuskóla fyrir þá eða stofna til sérstakra opinberra framkvæmda, sem ella mundi ekki vera varið fé til í nánustu framtíð. Vinnutími við slíka vinnu skal ekki fara fram úr 6 stundum á sólarhring, en ef hægt er að koma því við án of mikils kostnaðar, skal henni vera samfara nám, bóklegt eða verklegt, og kennsla í íþróttum."

Ég hygg, að hér sé drepið á þá framtíðarlausn, sem æskilegust væri í þessu máli, þ. e., að komið væri á fót atvinnustofnun ríkisins, sem m. a. skuli hafa skipulagða unglingavinnu sem eitt af hlutverkum sínum. Þar eð frv. þetta hefur verið flutt þing eftir þing án þess að hafa fengið verulegar undirtektir eða nógu góðar undirtektir af hálfu þingmeirihlutans, þannig að vafasamt er að gera sér von um, að það muni ná fram að ganga t. d. nú á þessu þingi, þá hafði ég hugsað mér að freista þess að koma fram öðru í sambandi við þetta mál, þ. e. a. s. unglingavinnuna eða skilyrði unglinga, einkum skólanemenda, til þess að vinna fyrir sér, og það var að freista þess að fá endurreistar vinnumiðlunarskrifstofurnar, sem lagðar voru niður á s. l. ári, vegna þess að núverandi stjórnarmeirihluti samþykkti hér á hv. Alþ. að fella niður allan ríkisstyrk til þessara stofnana. En svo sem kunnugt er, var það ein af helztu sparnaðarráðstöfunum hæstv. ríkisstj. á síðasta þingi að fella niður allan opinberan fjárstyrk til starfsemi vinnumiðlunarskrifstofanna, með þeim árangri, að vinnumiðlunarskrifstofurnar, sem styrktar voru af ríkinu, hafa verið lagðar niður í öllum kaupstöðum, þar sem þær áður voru starfræktar, nema í Hafnarfirði. Hafnarfjörður er eini kaupstaðurinn, sem haldið hefur áfram að starfrækja sína vinnumiðlunarskrifstofu, jafnvel þótt kaupstaðurinn væri sviptur öllum ríkisstyrk til hennar. Hér í Reykjavik starfrækir Reykjavíkurbær og vinnumiðlunarskrifstofu.

Mér hefði fundizt eðlilegast, að það væri einmitt verkefni vinnumiðlunarskrifstofa að sjá unglingum fyrir atvinnu og að vinnumiðlunarskrifstofurnar væru endurreistar og þeim gert að skyldu að sjá unglingum fyrir vinnu. Í frv. því, sem hér er flutt, er þessi skylda hins vegar lögð á fjárhagsráð. Ég skal ekki andmæla því, að það sé gert, ef hv. n. eða meiri hl. Alþ. væri á þeirri skoðun, að það væri heppilegra, en ég læt þess einungis getið, að það, sem ég hafði hugsað mér í þessu efni, var, að vinnumiðlunarskrifstofurnar væru alls staðar endurreistar og þeim yrði gert að skyldu að tryggja unglingum og þó einkum námsmönnum atvinnu við sitt hæfi, þar eð ég teldi þær hafa betri aðstöðu til þess sökum kunnugleika á vinnumarkaðnum. Það væri í fyllsta samræmi við verkefni þeirra að hafa þetta með höndum, en hins vegar dálitið fjarskylt verkefni fjárhagsráðs að veita slíka fyrirgreiðslu. En þó að ég hafi talið heppilegra að fara þarna svolítið aðra leið en lögð er til í þessu frv., þá breytir það engu um það, að ég er þeirri grundvallarhugsun, sem í frv. felst, og tilgangi þess algerlega sammála og mun því ekki flytja frv. að svo stöddu máli um hitt efnið, a. m. k. ekki fyrr en séð er, hvernig nefnd kann að taka þessu frv. En ég vildi beina því til hv. n. og taka mjög undir tilmæli hv. flm. um, að hún íhugi þetta mál rækilega. Beini ég því jafnframt til hennar, hvort hún vildi ekki hugleiða, hvort það væri ekki fært að fara þá leið, sem ég hef hér gert að umtalsefni, að endurreisa vinnumiðlunarskrifstofurnar og láta þær fá þetta verkefni, sem ég tel alveg nauðsynlegt að einhver opinber aðili hafi með höndum, þannig að því ástandi ljúki, að skólanemendur gangi sumar eftir sumar atvinnulausir án þess að geta unnið sér inn nauðsynlegt fé til vetrarnámsins og verði um leið fyrir þeim óhollu áhrifum að þurfa að slæpast, að þurfa að ganga án starfs í stað þess að komast í þau lífrænu tengsl við atvinnulífið og þjóðlífið í heild, sem í því felast að stunda vinnu jafnhliða námi.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Það fer nú að tíðkast talsvert mikið hér á Alþ., að hv. flokkar, Alþfl. og Sósfl., hafi samstöðu í ýmsum málum. Það er nú kannske ekki annað en gott um það að segja, en manni dettur helzt í hug, að þetta muni aðallega stafa af verkefnaskorti hjá Alþfl. og þess vegna hafi hann tekið þann kostinn að ganga á mála hjá Sameiningarflokki alþýðu.

Ég ætla ekki að deila um nauðsyn unglingavinnu, því að bersýnilegt er, að mikil nauðsyn er fyrir hana. En ég vil benda á, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, bætir ekki úr þeim vanda á nokkurn hátt að mínu áliti og þá sérstaklega af því, á hvern hátt samkv. frv. er gert ráð fyrir að koma málinu í framkvæmd. Hér er sú kvöð lögð á stofnun, sem heitir fjárhagsráð, að unglingur, sem þarf aðstoðar þjóðfélagsins til starfa, skuli hljóta fyrirgreiðslu fjárhagsráðs til þess að fá atvinnu. Ef slík fyrirgreiðsla nægir ekki, þá er fjárhagsráði skylt að tryggja unglingunum atvinnu. Þetta er alveg nýtt verkefni, sem fjárhagsráði er fengið í hendur. Ég hélt satt að segja, að verkefni þess væru nógu víðtæk, þótt ekki væri bætt á það þessari kvöð, sem ég sé ekki að það geti á nokkurn hátt leyst, eins og þessi stofnun er byggð upp. Mér finnst, að hv. flm. frv. hefði átt að byrja á því að láta breyta l. um fjárhagsráð þannig, að það gæti sinnt þessu hlutverki. En ég get ekki séð, að með þessum l., eins og þau liggja fyrir, sé hægt að setja þessa kvöð á fjárhagsráð. Það hefur engan möguleika til þess að sinna þessu. Það væri einfalt, ef hægt væri að leysa þetta þjóðfélagsvandamál með þeim einum hætti að fá fjárhagsráði vandann í hendur og segja því að leysa það, án þess að gefa því í hendur vopnin, sem það þarf til þess. Þess vegna sýnist mér, að frv., eins og það liggur fyrir, sé hvorki fugl né fiskur. Og ég get ekki séð, hvernig hv. n. getur farið að mæla með því, að

fjárhagsráð taki að sér þetta verkefni, sem það hefur ekki nokkurn möguleika til að leysa. Ég hefði satt að segja búizt við því, að hv. flm. mundi koma með tillögur um stórar fjárhæðir, sem Alþ. ætti að verja í þessu skyni, og þá hefðu slíkar fjárhæðir átt að koma til ráðstöfunar fjárhagsráðs. Ég get ekki séð, að það sé lagt til í frv. Hins vegar er samkv. 3. gr. heimilað að verja allt að tveim millj. í því skyni, sem 3. gr. fjallar um, en ekki að neinu leyti í því skyni, sem 2. gr. fjallar um. Það er þó þungamiðja málsins. Mér þykir hv. flm. hafa gengið heldur illa frá þessu máli, ef hann gerir sér nokkra von um, að það njóti fyrirgreiðslu hjá þinginu.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir góðum undirtektum hv. 3. landsk. undir frv., og mér þótti mjög vænt um þær skoðanir, sem hann lét í ljós viðvíkjandi því; en líka viðvíkjandi þeim till., sem hann var með, og því, sem hann hafði verið að hugsa um sjálfur, þá væri það ákaflega æskileg aðferð, ef hægt væri að fá það fram. Við vitum nú hins vegar báðir viðvíkjandi vinnumiðlunarskrifstofunum, þó að það væri auðvitað miklu heppilegra að láta þær hafa um þetta að fjalla á öllum stöðum á landinu, að þá er það náttúrlega ekki rétt gott útlit. Við höfum sameiginlega barizt á móti því, að þær væru allar lagðar niður, svo sem ríkisstj. kúskaði hér í gegn, og það lítur náttúrlega ekki vel út fyrir, að það yrði mögulegt að fá það í gegn að endurreisa þær núna. En sem sagt, ég vil fullvissa hann um það, að hvaða háttur sem á yrði hafður, sem næði þessum tilgangi, þá er ég alveg sammála honum. Það yrði eingöngu að fara eftir því, hvernig hægt væri að ná þessum tilgangi fram.

Ég vil taka það fram út af því, sem hæstv. viðskmrh. sagði, að það virtist koma eitthvað illa við hann, að það hefur komið stundum fyrir, að Alþfl. og Sósfl. hafi staðið mjög áberandi saman um ýmis mál hérna á þinginu, og ég sá meira að segja, að blaði hv. Sjálfstfl., Morgunblaðinu, varð næstum bumbult af að sjá, að við formenn þessara flokka, sem eigum sæti í fjhn., skyldum flytja till. saman, fannst bara alveg ósköp, að annað eins skyldi nú koma fyrir. Það má vel vera, að hv. Sjálfstfl. sé eitthvað smeykur við það, ef verkalýðurinn í landinu stæði betur saman en hann hefur gert fram að þessu, og ég held, að það sé alveg rétt af hæstv. ráðh. að vera dálítið smeykur við það. Það gæti vel orðið ýmiss konar breyting hér á, ef það mætti takast.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. viðskmrh. var að segja, að ég hefði lagt skyldur á herðar fjárhagsráði í þessu efni, ég hefði átt að breyta l. um fjárhagsráð og ég hefði átt að gefa því einhverja möguleika, aumingja fjárhagsráði, til þess að geta gert þetta, þá finnst mér satt að segja kveða við nokkuð annan tón núna hjá hæstv. ráðh. heldur en þegar hann var að tala um fjárhagsráð seinast í sambandi við bátaútvegsgjaldeyrinn. Ég hef aldrei vitað almáttugri stofnun en fjárhagsráð, — Alþingi, það var bara ekki neitt, — ríkisstjórnin, nú það var ekki nema pínulítið það, — stjórnarskráin, það var einskis virt blað, — fjárhagsráð, það var bara fjárhagsráð, sem gat gert allt. Hvaða skatta sem átti að leggja hér á í þjóðfélaginu, hvaða gengi sem menn vildu hafa á íslenzkum gjaldeyri, hvernig sem menn vildu ráðstafa öllum íslenzkum innflutningi, hvað sem menn vildu leggja á hann, hvern sem menn vildu láta fá innflutninginn til þess að selja hann, — fjárhagsráð gat ráðið því öllu saman. En núna á þetta aumingja vesalings fjárhagsráð að vera svoleiðis stofnun, að það ætti ekki einu sinni að mega fela því að sjá um, að 50, 60, 100 eða 200 ungir námsmenn gætu fengið vinnu í gegnum fjárhagsráð, og ég hefði átt að þurfa að breyta l. til þess. Á ég nú enn einu sinni að þurfa að fara að taka fjárhagsráðsl. til þess að lesa þau upp fyrir hæstv. viðskmrh.? Ég las dálítið upp fyrir hann úr þeim seinast, þegar okkur lenti saman, 11., 12. og 13. gr. Núna er hann í vandræðum með það.

Hann segir, að fjárhagsráð hafi ekki neinn möguleika til þess að skipuleggja neina vinnu. Má ég þá ekki í fyrsta lagi minna hæstv. ráðh. á 2. gr. l. um fjárhagsráð, þar sem þessu ráði er gefið í hendur bókstaflega valdið yfir öllum framkvæmdum í íslenzku atvinnulífi, að samræma þær allar saman — og til hvers? Í fyrsta lagi til þess, að öll framleiðslugeta sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna. Veit hæstv. ráðh. það ekki, að í fimm ár er lögum samkv. búið að hvíla á fjárhagsráði að sjá öllum mönnum í landinu fyrir vinnu, ekki bara unglingunum, heldur líka öllum fjölskyldufeðrum og öllum þeim, sem vilja vinna? Og það er ekkert smáræðisvald, sem lagt er í hendurnar á fjárhagsráði til þess að framfylgja þessu. Í 3. gr. er alveg sagt fyrir um, hvaða vald það hafi viðvíkjandi undirbúningi að þessu öllu saman, hvernig það semji áætlun um þetta allt saman, hvernig það leggi heildaráætlun yfir þetta allt saman fyrir Alþingi, hvernig það sé lagt til grundvallar fyrir samningu fjárlaga hvers einasta árs, hvernig fjárhagsráð getur gert sínar áætlanir um allan þjóðarbúskapinn, hvernig allur innflutningur og útflutningur er fyrst og fremst undir stjórn þessa ráðs. Nú, svo er þetta fjárhagsráð aldeilis ekki valdalaust til þess að tala við stofnanir þjóðfélagsins. Má ég minna hæstv. ráðh. á, hvernig 4. gr. fjárhagsráðsl. hljóðar? Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárhagsráð leitar samvinnu um samningu heildaráætlunar við opinberar stofnanir, félög og einstaklinga, sem framleiðslu, verzlun, iðnað eða annan atvinnurekstur hafa með höndum, er fjárfestingu þarf til. Skulu þessir aðilar senda fjárhagsráði fyrir þann tíma, er það ákveður, áætlun um stofnfjárþörf sína, lánsfjárþörf, gjaldeyrisþörf og vinnuaflsþörf.“ — Og síðan stendur áfram: „Enn fremur skal fjárhagsráð hafa samvinnu við lánsstofnanir í landinu um samningu og framkvæmd fjárfestingaráætlunar, og ber þeim að skýra fjárhagsráði frá fjármagni því, er þær hafa yfir að ráða. Nú telur

fjárhagsráð eigi nægilega séð fyrir fjárþörf fyrirtækja, er það telur nauðsyn til að stofnsetja, og skal það þá leita samvinnu við ríkisstjórn, lánsstofnanir og aðra aðila, er hlut gætu átt að máli, um fjáröflun til þessara fyrirtækja."

Þetta er skylda, sem lögð er á herðar fjárhagsráðs. Það er lagt á herðar fjárhagsráðs og því er gefið vald til þess að sjá um það, að allir menn í landinu hafi vinnu og stofnsett sé nógu mikið af fyrirtækjum og rekinn nógu mikill atvinnurekstur, til þess að allir menn í landinu hafi vinnu, og ekki aðeins að þeir hafi vinnu, heldur líka til þess, að þeir hafi réttlátar tekjur fyrir sína vinnu. Og þetta er sú skylda lögum samkv., sem hvílir á fjárhagsráði. Og þegar fjárhagsráð framfylgir ekki þessari skyldu, þá er það að brjóta l. og fyrirgera grundvellinum, sem það á að starfa á.

5. gr., sem kemur þarna næst á eftir, gefur því vissar heimildir til þess að mega takmarka ákveðnar framkvæmdir, svo framarlega sem því virðist, að í of miklar framkvæmdir sé ráðizt og það sé ekki nægilegt vinnuafl til fyrir þessu öllu saman. Þá á að takmarka. En hver hefur svo verið praxisinn? Praxisinn hefur verið sá, að fjárhagsráð hefur einbeitt sér að því í umboði og með valdi ríkisstj. að skera þannig niður atvinnuna, að það væri ekki nóg atvinna handa öllum, heldur sárasta atvinnuleysi fyrir fjöldann allan af mönnum í landinu, sem sérstaklega hefur lent á unglingunum.

Fjárhagsráð hefur allan tímann haft möguleika til þess að tala við bankana, tala við ríkisstj., tala við alla þá, sem geta látið fé af mörkum hér á Íslandi og geta ráðið seðlaútgáfunni og lánsfjárveltunni. Fjárhagsráð hefur haft möguleika til þess að tala við þessa menn og til þess að skipuleggja það, að það væri nægileg atvinna. Og það, sem ég legg hér til, var ekki styrkur, að það væru gefnir svo og svo miklir peningar til þessara unglinga. Það var ekki það. Ég var ekki að biðja um náðarbrauð handa þeim. Ég var að biðja um, að þeir fengju að vinna fyrir sér. Ég var að biðja um það réttlæti, að þeir fengju að vinna fyrir sér, til þess að þeir gætu haldið áfram námi að vetrinum. Og fjárhagsráð hefur haft þær skyldur á herðum í fimm ár að sjá um þetta. Það er því ekki til neins að koma hérna og segja: Fjárhagsráð hefur ekki þetta vald. — Það hefur það einmitt, það hefur alla möguleikana. Það hefur möguleika til þess að skipuleggja það, að ekki vanti sérstaka vinnu. Það hefur möguleika til þess að skipuleggja það, að bankarnir jafnvel láni fé til sérstakrar vinnu. Það hefur möguleika til þess að sjá um það, að fé sé sett í veltuna, því að það er talað um arðbæra vinnu í þessu sambandi. Og það er gengið út frá því, að þetta séu hlutir, sem eigi að bera sig. Hann talar um, að það vanti, að fjárhagsráði séu gefin vopnin. Því eru gefin vopnin. Og svo talar hann um peningavandræði. Hann áleit sjálfur seinast þegar við ræddum saman, að fjárhagsráð gæti tekið eins mikla peninga og það vildi af þjóðfélaginu og úthlutað peningunum til hverra sem það vill. En hæstv. viðskmrh. álítur kannske, að fjárhagsráð hafi bara þetta vald, þegar það ætlar að taka peninga af almenningi með ólöglegu móti, eins og bátaútvegsgjaldeyrinum, og úthluta þeim til ríkra manna í landinu, en það sé ómögulegt að útvega peninga nokkurs staðar, ef það á að fara til fátækra unglinga, til þess að þeir geti unnið fyrir sér. Ég held þess vegna, að það sé alveg óþarfi að koma með þann fyrirslátt í þessu sambandi, og ég vil algerlega vísa því frá mér. Svo framarlega sem hæstv. viðsk.- og menntmrh. ætlar að standa hér á því, að það vanti valdið hjá fjárhagsráði og ríkisstj. til þess að gera eitthvað af þessum hlutum, — þessum sömu stofnunum sem hann sagði að eigi að hafa allt vald á himni og jörðu, þegar hann ræddi um bátaútvegsgjaldeyrinn, þá er auðséð, að hér er annað á bak við og verra. Þá er það hér á bak við, að auðmannastéttin hér í Reykjavík getur ekki sætt sig við það, að efnilegir unglingar úr alþýðustétt fái að læra, fái að nema og hafi sama rétt í þjóðfélaginu eins og börn auðmannanna. Og þá er bezt að horfast í augu við það, að það dugir engin hræsni og undansláttur í því sambandi.

Ég vil minna hv. þm., líka þá, sem koma til með að fjalla um þetta, að það er varla sárara til fyrir ungan mann úr alþýðustétt, sem langar til þess að læra, heldur en þegar honum er neitað um það, — neitað um það að fá að afla sér menntunar. Ég býst við, að hv. þingmenn þekki það máske margir sjálfir af eigin reynslu og margir máske af reynslu þeirra, sem tala og skrifa betur um það en nokkur okkar gerir. Ég að minnsta kosti man varla eftir átakanlegri frásögn í okkar bókmenntum heldur en þegar Stephan G. Stephansson lýsir því, þegar hann var í Víðimýrarseli sem ungur piltur og langaði til þess að læra. Það var á þeim árum, sem hann fékk lánaðar allar bækurnar hjá Jóni á Víðimýri, bækurnar, sem hann átti ekki fyrr en seint og síðar meir, en hann orti mörg af sínum beztu ljóðum út frá því, sem hann mundi úr þeim bókum. Ég veit, að þið munið það allir: Hann langaði til þess að komast hingað suður til þess að læra; og eitt haustið, þegar þeir, sem efnaðri áttu að, Indriði Einarsson og ýmsir fleiri, voru að ríða suður veginn yfir Vatnsskarðið og hann horfði á eftir þeim og kastaði sér síðan niður á milli þúfnanna og grét; og þegar móðir hans kom og kallaði á hann og hann svaraði henni ekki, af því að hann vildi ekki láta hana sjá, hvað hann væri útgrátinn; og þegar hún gekk svo á hann seinna um daginn til þess að spyrja hann, hvað það hefði verið, sem að gengi; og hann sagði henni frá því; og því sagðist hann mest iðrast eftir, að hafa sagt henni það, því að mörgum árum seinna, þá hefði tilfinningin enn setið svo fast í henni, þegar hann hélt, að hún væri búin að gleyma því; og hún sagði við hann þá, að aldrei hefði sér fundizt sárari fátæktin heldur en þegar hann sagði henni þetta.

Það eru ekki margir af þeim efnilegu unglingum úr íslenzkri alþýðustétt, sem hafa þann kraft að geta brotizt þannig áfram og þá snilld

til þess að geta sagt frá því, sem þeir hafa lifað og hugsað, eins og Stephan hafði. Það eru margir þeirra, sem brotna saman á lífsleiðinni og fá aldrei að njóta þess, sem í þeim býr. En við skulum bara muna það, að á okkar valdi, þingmannanna, er það, hvort við búum þannig að unglingunum, sem vaxa upp, að það sé ekki skilin eftir í sál þeirra nístandi tilfinning um óréttlætið, sem þeir verða að þola, og það bætist ofan á, að þjóðfélagið sé svipt mörgum af beztu kröftum sínum, sem það gat eignazt.

Ég vil sem sé lýsa ánægju minni yfir þeim undirtektum frá hv. 3. landsk., sem hér hafa komið fram. Og ég vil mega vonast eftir því, að sú hv. n., sem þetta frv. fer til, afgr. þetta fljótt og vel, taki tillit til þeirra athugasemda og till., sem hér hafa komið fram, og reyni sem mest að einbeita sér að því, að eitthvað til bóta verði í þessum málum gert, eftir hvaða leiðum sem henni finnst skynsamlegt að fara.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

31. Atvinnuframkvæmdir.

Á 20. fundi í Nd., 4. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um stuðning við bæjar- og sveitarfélög til atvinnuframkvæmda [122. mál] (þmfrv., A. 176).

Á 21. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Öllum hv. alþm. er kunnugt um það, að atvinnuleysi hefur farið mjög í vöxt hin síðari ár. Sérstaklega hefur atvinnuleysið þó verið almennt og þungbært víða í þorpum og kaupstöðum úti á landi. Ég skal ekki rekja hér orsakir atvinnuleysisástandsins, þær eru eflaust margar og mismunandi, en atvinnuleysið er sem sagt staðreynd, sem við er að glíma. Og með þessu frv. hef ég leitazt við að benda m. a. á leið, sem ég tel að sé fær í þeim efnum að greiða nokkuð fram úr þessu, þar sem vandinn er mestur.

Það er staðreynd, að bæjar- og sveitarstjórnir úti á landi standa yfirleitt máttvana frammi fyrir atvinnuleysisvandanum. Sveitarfélögin hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að efna til stórkostlegra nýrra atvinnuframkvæmda eða að koma yfirleitt öllum vinnufærum mönnum til vinnu, a. m. k. ekki allt árið. En þá er spurningin sú: Hvað er helzt til úrræða í þessu efni? Það er augljóst, að víða skortir beinlínis á í þorpum og kaupstöðum, að til séu næg atvinnutæki. Á öðrum stöðum eru þau atvinnutæki, sem efnt hefur verið til, ekki að fullu komin upp og alls ekki komin í fullan rekstur, og þar stendur aðallega á fjármagninu. Sú leið hefur víða verið farin í sambandi við þessi vandamál að reyna að útvega vinnufærum mönnum í kaupstöðum og þorpum úti á landi bráðabirgðavinnu, einkum hér á flugvellinum í grennd við Keflavík eða á öðrum hliðstæðum stöðum. Slíkt úrræði getur vitanlega ekki verið nema aðeins neyðarúrræði og aðeins til bráðabirgða og leysir engan vanda til frambúðar. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er bent á þann möguleika, að ríkissjóður taki allt að 50 millj. kr. lán og endurláni þessa fjárhæð til bæjar- og sveitarfélaga til þess sérstaklega að koma þar upp nýjum atvinnutækjum og fullkomna þau atvinnutæki, sem fyrir eru.

Fyrir þessu Alþingi, sem nú starfar, liggja þegar nokkur frv. um lántökuheimild fyrir ríkissjóð til framgangs ýmsum málum, en mér sýnist, að þótt mörg þeirra mála séu mjög aðkallandi og góð, þá verði ekki dregið í efa, að lántaka ríkissjóðs, sem ætluð er í því skyni að koma upp nýjum atvinnutækjum og auka við framleiðslu þjóðarinnar, auka á þann hátt þjóðartekjurnar, á jafnvel enn þá meiri rétt á sér en flestar þær lántökubeiðnir, sem hér liggja fyrir Alþingi.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að hinar einstöku bæjar- eða sveitarstjórnir geri sjálfar fyrst og fremst tillögur um það, í hvaða atvinnuframkvæmdir þær telja hagkvæmast að ráðast. En ríkisvaldið getur að sjálfsögðu haft nokkur áhrif á það, hvað tekið verður til bragðs á hverjum stað, og sett það þá að skilyrði í sambandi við lánveitingu.

Ég hef í grg. fyrir þessu frv. alveg sérstaklega bent á þann möguleika, sem mér sýnist að nú sé fyrir hendi mjög víða í sjávarþorpum og kaupstöðum landsins, en það er sú breytta aðstaða, sem er að verða með vinnslu á nýjum fiski frá togaraflota landsmanna. Menn hafa tekið eftir því, að á síðustu árum er það sífellt að færast meira og meira í vöxt, að togaraflotinn veiði fyrir innanlandsvinnslu. Það er að verða styttri og styttri tími á hverju ári, sem togararnir sigla með aflann óunninn á erlendan markað, en hins vegar er hinn tíminn að lengjast, sem þeir fiska fyrir frystihús og aðrar vinnslustöðvar í landinu. En við þetta skapast að sjálfsögðu gífurlega mikil atvinna á þeim stöðum, þar sem þessi skip leggja afla sinn upp. En þá koma líka upp ný vandamál víða, til þess að staðirnir geti notfært sér þessa miklu atvinnumöguleika. Það er sem sé ekki hægt að vinna úr afla togara alls staðar í fiskibæjum, þar sem nú er hraðfrystur fiskur eða þar sem nú er unnið úr bátaafla. Frystihúsin þurfa yfirleitt að vera allmiklu stærri, afkastameiri, geymslur þeirra miklu stærri, sérstaklega fyrir nýja fiskinn sjálfan. Það þarf að vera ýmis aðstaða til móttöku og afgreiðslu á fiskiskipunum, sem ekki er í hinum smærri höfnum eða ekki

hefur verið þar til reiðu, á meðan hafnirnar höfðu aðallega búið sig út til þess að taka við hinum smærri fiskibátum.

Nú er það reynslan, að fjöldamargir staðir sækja ákaft eftir því að fá til sín afla frá togurum til vinnslu. En þá reka menn sig á þennan vanda, að aðstaða er hvergi nærri nógu góð, og þessi afkastamiklu skip sveigja þá frá þeim stöðum, sem hafa ófullkominn útbúnað, og leita frekar til stærstu og bezt útbúnu hafnanna, sem þá í sumum tilfellum þurfa ekki eins mjög á aukinni vinnu að halda eins og einmitt hinir staðirnir, sem eru lakar útbúnir.

Ef þetta frv., sem hér liggur fyrir, næði samþykki Alþingis, þá efast ég ekki um, að það yrðu æði margir staðir úti á landi, sem mundu nota það lánsfé, sem þeim þarna áskotnaðist, til þess að gera hafnaraðstöðu sína og aðstöðu til vinnslu á fiski þannig, að þeir gætu keypt heila togarafarma.

Það er ekkert að efast um það, að á næstu árum mun vinnsla á togarafiski í landinu stóraukast og á þann hátt aukast mikið vinna á þeim stöðum. Ég hef lýst áður yfir hér á Alþingi, að það er mín skoðun og það af nokkurri reynslu, að það láti í rauninni heldur undarlega í eyrum að heyra sagt frá t. d. miklu atvinnuleysi á Vestfjörðum, eins og raun hefur verið á, vitandi þó það, að úti fyrir Vestfjörðum eru einmitt mjög mikil og góð fiskimið togara og þar hefur togarafloti okkar stundað einna mest veiðar. En einmitt hafnirnar á Vestfjörðum liggja sérstaklega vel við veiðisvæði togaranna til þess að landa þar nýjum afla svo að segja jafnóðum og hann veiðist og taka hann þar til vinnslu á bezta stigi. Hvergi mundi togaraflotinn yfirleitt óska frekar eftir því að geta landað afla sínum til vinnslu heldur en einmitt á höfnunum á Vestfjörðum. En á sama tíma sem togarafloti landsmanna vill gjarnan á vissum tímum árs landa afla sínum til vinnslu innanlands, þá sem sagt gerist þetta, að á Vestfjörðum er svo mikið atvinnuleysi, að menn verða að leita þaðan í hundraða- og jafnvel þúsundatali til óarðbærrar vinnu suður á Keflavíkurflugvelli. Ástæðan til þessa, sem auðvitað er ekki eingöngu á Vestfjörðunum, heldur er nokkuð svipað að segja um ýmsa aðra landshluta, þó að þetta sé einna mest áberandi einmitt um Vestfirðina, — ástæðan til þess, að þetta getur gerzt, er sú, að það vantar enn þá aðstöðu á þessum útgerðarstöðum þar vestra til þess, að það geti heitið boðleg aðstaða fyrir hina stóru og fullkomnu togara okkar að landa þar afla sínum og hægt sé að vinna hann þar með eðlilegum hraða.

Það er skoðun mín, að það eigi að leysa atvinnuvandamál þessara staða á Vestfjörðum, á Norðurlandi, Austfjörðum og enn víðar m. a. á þann hátt að gefa bæjar- og sveitarstjórnum í þessum landshlutum möguleika til þess að fá nægilegt fjármagn að láni frá ríkinu til þess að koma upp þeirri aðstöðu, sem gæti skapað þeim möguleika til þess að fá allan þennan afla til vinnslu og hafa þannig svo að segja óþrjótandi vinnu fyrir allt sitt fólk. Það er ekki að efa, að af hálfu ríkisvaldsins verður ekki hægt að skjóta sér undan þeim vanda að ráða fram úr þessum erfiðleikamálum, sérstaklega fyrir þorp og kaupstaði úti á landi, þar sem ég tel að þetta ástand sé nú langalvarlegast. En þá er aðeins hitt, hvaða ráð eru tiltækilegust, hvernig verður helzt hægt að útvega fjármagn til nauðsynlegra framkvæmda til þess að ráða bót á þessu.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa mitt mál lengra hér við þessa umr. Málið er í sjálfu sér allkunnugt hv. alþm., en ég vil vænta þess, að það fái góðar undirtektir, svo mjög aðkallandi sem lausn á því í rauninni er, og vildi því leggja til, að að lokinni þessari umr. yrði málinu vísað til hv. fjhn.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal taka það strax fram, að mér finnst þetta frv. vera mjög athyglisvert, og um það verður ekki deilt, að það grípur á einu stærsta vandamáli þjóðfélagsins nú, sem sé leið til þess að fyrirbyggja atvinnuleysi við sjávarsíðuna, og annað mál kem ég nú ekki auga á, sem sé stærra viðfangsefni og verðugra fyrir góða ríkisstj. að færast í fang að leysa, annaðhvort með þessum hætti, sem hér er bent á, eða þá að einhverjum öðrum færum leiðum, sem hún kynni að finna. Það er alveg tvímælalaust, að það þarf að gerast eitthvað í þessum málum, sem breytir núverandi ástandi stórkostlega. Annaðhvort þarf að gera lánsstofnunum þjóðarinnar fært að veita lánsfé með hagkvæmum kjörum til þeirra atvinnuumbóta, sem rætt er um í þessu frv., eða að efla sjóði eins og fiskveiðasjóð og fiskimálasjóð til lausnar á þeim verkefnum, sem þetta frv. ræðir um, eða þá með því, sem lagt er hér til, að ríkisstj. taki allstórt lán til þess að endurlána það þeim aðilum, sem vildu færast það í fang að búa svo um hnútana, að atvinnuleysi væri ekki landlægt, þar sem hægt er að komast hjá því með eflingu sjávarútvegsins. Og það er nálega kringum alla strandlengju Íslands hægt að koma í veg fyrir atvinnuleysi, ef nægilega vel væri búið að atvinnulífinu í bæjum og kauptúnum.

Það er vikið að því hér í þessu frv., að það sé í raun og veru hlálegt, að það skuli vera ár eftir ár hægt að ræða um atvinnuleysi á Vestfjörðum, og bent á, að það stafi af því, að ekki sé nægilega vel búið að atvinnulífinu í þessum landshluta og þannig ekki hægt að nota þau frábærlega góðu skilyrði, sem eru þar til fiskveiða — alveg sérstaklega með togurum. Það er alveg rétt, sem flm. segir, að á haustin og veturna eru Austfjarðahafnir og Norðurlandshafnir ekki eins vel settar og Vestfjarðahafnirnar til þess að taka á móti togurum til þess að verka aflamagn þeirra. Það þykir illt í skammdeginu að þurfa að sigla af Halamiðum austur fyrir Horn og alla leið til Austfjarða, og mundi þá verða miklu aðgengilegra, ef hægt væri að verka afla togara í fiskvinnslustöðvum á vestfirzkum höfnum. En það er fjarri því, að aðstaða sé til þess sem skyldi. Svo að ég nefni sérstaklega Ísafjarðarkaupstað og aðstöðu hans til slíkra hluta, þá er það í

fyrsta lagi þannig, að þetta bæjarfélag hefur aðallega byggt á vélbátaútgerð, en þorskaflinn hefur af einhverjum **ástæðum lagzt** svo frá á undanförnum árum, að ekki hefur til hans náðst með vélbátaflotanum nema að mjög litlu leyti. Til þess að geta tekið togara og verkað fiskinn af þeim í landi hefði þurft að bæta aðstöðuna að mjög miklu leyti, bæta hraðfrystihúsakost kaupstaðarins og stækka, koma þar upp ísframleiðslutækjum, hafa þar olíustöð til þess að birgja togarana upp, þegar þeir kæmu að landi, með brennsluolíur o. s. frv. Að fara í bankana til þess að fá þessum mannvirkjum komið upp núna á nokkrum seinustu árum, það hefur ekki verið fær leið. Bankarnir hafa ekki haft fé til slíkra nauðsynlegra hluta, og þar af leiðandi hafa þessi mannvirki ekki risið upp.

Á s. l. þingi var mjög um það rætt að veita Ísafjarðarkaupstað aðstoð til þess að bæta hraðfrystihúsakostinn í bænum. Sú aðstoð, svo aðkallandi sem hún þó var, er ekki komin enn frá hæstv. ríkisstj., og hefur þar staðið á einhverju, sem hefur að því er virðist verið nálægt því að vera að einhverju leyti dularfullt. Það verð ég að segja, því að atvinnuleysismál eru þó þannig, að lausn þeirra er aðkallandi, og í slíkum málum ætti hæstv. ríkisstj. einmitt sérstaklega að hafa hraðan á, þegar komið er auga á nauðsynleg verkefni, sem menn vilja færast í fang að leysa. Það er t. d. alkunnugt, að á undanförnum árum hefur verið góður markaður fyrir svo kallaðan stokkfisk, sem hefur verið fluttur héðan út og selzt ágætlega með góðum hagnaði. En á hverju hefur staðið, að togararnir almennt hafi getað tekið upp þessa verkunaraðferð? Á því, að innflutningsyfirvöld landsins hafa ekki viljað veita gjaldeyri til þess að kaupa inn efni í hjalla og þess vegna ekki hægt að notfæra sér þessa markaðsmöguleika. Það hefði þurft að kaupa inn mikið af trjárenglum frá Noregi til þess að koma upp þessum verkunarstöðvum. En nú gleður stærsta og víðlesnasta blað landsins okkur með því, að um þessi jól verði hægt að flytja inn mikið af jólatrjám frá Noregi, þ. e. a. s. nálega sams konar timbur eins og þarna er um að ræða að hefði þurft að flytja inn á undanförnum árum í fiskþurrkunarhjalla, en gjaldeyrisyfirvöldin hafa ekki séð sér fært að flytja inn. Nú skulum við fá jólatré, svo að það verði gersamlega ólík jól nú eða í fyrra, þegar jólatrjáainnflutningurinn stöðvaðist vegna gin- og klaufaveikinnar í Danmörku. En mér er spurn: Mundi fjárhagsráð sjá sér fært að veita togarafélögunum innflutningsleyfi fyrir trjárenglum frá Noregi í hjalla, jafnvel að einhverju leyti í staðinn fyrir jólatrén, sem okkur er nú lofað? Þetta er dæmi þess, að glysið er látið sitja fyrir jafnvel hinum brýnustu þörfum undirstöðuatvinnuvegar eins og sjávarútvegsins af gjaldeyrisyfirvöldum þessa lands.

Af starfi mínu í atvinnumálanefnd ríkisins síðan í haust er mér það fyllilega ljóst, og var það reyndar áður, að ef það á að vera hægt að koma í veg fyrir árvisst atvinnuleysi í kaupstúnum og kaupstöðum, þá verður fyrst og fremst að bæta um og leggja stórfé í bætt hafnarskilyrði, í byggingu þurrkhúsa, í byggingu harðfiskstöðva, í byggingu saltfiskverkunarstöðva og til stækkunar hraðfrystihúsum og byggingar smárra fiskimjölsverksmiðja, þ. e. a. s. til þess að vinna úr fiskúrgangi hraðfrystihúsanna, svo að ekki þurfi að kasta þeim verðmætum í sjó eins og gert hefur verið víða fram að þessu. Og ef þetta væri gert með myndarlegum hætti, þá er mér og mínum meðnm. ljóst, að það væri nálega í hverju einasta kauptúni og hverjum einasta bæ hægt að koma í veg fyrir það atvinnuleysi, sem við erum alltaf að horfast í augu við á hverjum einasta vetri í kringum landið og alltaf er verið að lappa við með því að kasta fram hundruðum þúsunda og sum árin milljónum til þess að eyða því í ófrjóa atvinnubótavinnu. Við erum sem sé alltaf að fást við þann draug, sem hægt væri að kveða niður með myndarlegu átaki í eitt skipti fyrir öll, annaðhvort með því að samþ. svona frv. ellegar með öðrum aðgerðum af hendi ríkisvaldsins, ef lánsfjárstofnunum þjóðarinnar væri gert kleift að bæta úr þeirri þörf, sem hér er vissulega fyrir hendi í atvinnulífinu við sjávarsíðuna.

Ég vil því vænta þess, að þetta frv. fái mjög vandlega athugun í n. og ef ekki verður hægt að fá samkomulag um, að það verði samþ., þá verði gerðar ráðstafanir til að efla svo lánsstofnanir sjávarútvegsins, fiskveiðasjóð, eins og frv. mun nú liggja fyrir um hér á þinginu, flutt af hv. þm. V-Ísf., og fiskimálasjóðinn, eða þá, ef það þykir ekki ráðlegt, að Útvegsbanka Íslands verði gert fært að vera lánsstofnun að því er þetta snertir og að það verði ekki hans hlutverk, eins og nú virðist helzt líta út fyrir, að hann gangi fyrst og fremst að vélbátaflotanum í landinu og heimti uppboð og sölu á honum, meðan verið er að brjótast í því að koma upp nýsköpunarstöðvum til þess að afstýra atvinnuleysinu í kaupstöðum landsins. En það er nú það, sem við horfumst í augu við í dag, að Útvegsbanki Íslands gengur að hinni fjárvana vélbátaútgerð og heimtar uppboð og sölur bæði austanlands og vestan, norðanlands og sunnan.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. fjhn., á þskj. 671, var útbýtt 30. jan., en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

32. Jarðræktarlög.

Á 10. fundi í Sþ., 5. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45/1950 [124. mál] (þmfrv., A. 178).

Á 22. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 23. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Í sjálfu sér væri hægt að færa margar og mikilvægar ástæður til stuðnings þessu máli, því að svo gagnlegt og nauðsynlegt er það, að greitt sé fyrir því, að ræktun landsins aukist. En ég ætla, að flestir hv. þdm. séu það kunnugir þessum málum, að þess gerist ekki þörf að fjölyrða svo mjög um það. Ég get líka skírskotað til þeirrar grg., sem fylgir frv., því að þar er drepið á nokkur þau höfuðatriði, sem máli skipta. Ég hygg, að það sé ekki hægt að mæla móti því, að eitthvert mikilvægasta verkefnið, sem fram undan er, er að rækta jörðina og gera hana færa til þess að gefa þeim, sem hana erja, mikinn arð. En eitthvert þýðingarmesta atriðið í þeim efnum er einmitt framræsla.

Víðs vegar um landið er sérstök aðstaða til þessara verka. Á stórum svæðum þessa lands er ekki hægt að auka túnrækt að neinu ráði, nema landþurrkun fari fyrst fram. Slíkt kostar afar mikið fé, og það skilar engu verðmæti fyrr en eftir nokkur ár. Framræsla lands til túnræktar er ekki í góðu lagi, nema því aðeins að eftir að landið er þurrkað standi það brotið í tvö til þrjú ár í minnsta lagi. Allir geta því séð, hvort það er ekki nokkuð þungt í vöfum hjá efnalitlum mönnum að annast þessar framkvæmdir.

Ég er þeirrar trúar, að hv. alþm. hafi gert sér grein fyrir því, að eftir því sem högum okkar þjóðar er háttað nú, þá er þetta eitthvert nauðsynlegasta og gagnlegasta verkið, sem þarf að sinna. Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um málið nú, í trausti þess, að hv. landbn. og alþm. geri sitt til þess að greiða fyrir framgangi þess.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá landbn., á þskj. 776, var útbýtt 6. febr., en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

33. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. GÞG og KS um ráðskonufrádrátt).

Á 22. fundi í Nd., 7. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt [133. mál] (þmfrv., A. 190).

Á 23. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í gildandi skattalögum er kveðið svo á, að þurfi skattgreiðandi að kaupa heimilisaðstoð, megi hann draga lögheimilaðan persónufrádrátt frá tekjum sínum vegna hinnar keyptu heimilisaðstoðar. Þurfi hjón af sérstökum ástæðum að hafa ráðskonu eða þurfi einstaklingur að hafa ráðskonu vegna ómegðar, sem hann hefur á framfæri sínu, þá er honum heimilt að draga frá tekjum sínum sem svarar persónufrádrætti einstaklings, en ekki hið greidda ráðskonukaup. Þessi regla er skiljanleg vegna þeirrar grundvallarreglu skattalaganna, að tekjur hjóna eru skattlagðar saman. Ef reglan væri ekki þessi, hefði það í för með sér, að einstaklingur, sem þyrfti að hafa ráðskonu vegna ómegðar, greiddi lægri skatt en eiginmaður, ef kona hans vinnur á heimilinu. Hann fær aðeins að draga frá tekjum sínum persónufrádrátt einstaklings, og er þess vegna talið rétt, að einhleypur maður t. d., sem hefur ráðskonu, fái ekki heldur að draga meira frá tekjum sínum en sem svarar persónufrádrætti einstaklingsins. Með tilliti til samsköttunarreglunnar, sem gildandi l. byggja á, er því þessi regla um hámark ráðskonufrádráttarins skiljanleg og eðlileg.

Hitt er svo annað mál, að þessi regla getur komið mjög ranglátlega niður. Gerum ráð fyrir því, að hjón hafi 30 þús. kr. árstekjur, þau hafi enga ráðskonu, en eiginkonan vinni á heimilinu. Af einhverjum ástæðum óskar konan þess ekki að inna störf sín af hendi á heimilinu, en vill heldur taka að sér starf utan heimilisins og kaupa ráðskonu til þess að vinna heimilisstörfin. Gerum ráð fyrir því, að hún geti unnið sér inn 15 þús. kr. utan heimilisins og geti fengið sér ráðskonu til þess að vinna heimilisstörfin fyrir 15 þús. kr. Hún gerir þetta. Afkoma hjónanna og heimilisins er því nákvæmlega hin sama eftir sem áður. Það, sem gerzt hefur, er einvörðungu það, að eiginkonan hefur viljað hagnýta sér þau skilyrði til verkaskiptingar, sem henni eru að skapi, samrýmast óskum hennar og starfslöngun, hún vill heldur vinna utan heimilisins og kaupa sér fyrir tekjur sínar þá heimilisstjórn, sem nauðsynleg er. En samkv. núgildandi reglum mundu skattgreiðslur þessa heimilis, þó að raunverulegar tekjur þess séu algerlega óbreyttar, hækka mjög verulega, vegna þess að 15 þús. kr. leggjast við tekjur mannsins. Tekjur hans verða því

45 þús. kr., en hann má aðeins draga persónufrádrátt einstaklings, sem nú er um 3700 krónur, frá þessum 45 þús. kr. Skattskyldar tekjur húsbóndans hækka því um 15 þús. kr. að frádregnum aðeins 3700 krónum. Raunveruleg lífsafkoma fjölskyldunnar er algerlega óbreytt, en aðeins vegna þess, að konan hefur óskað að hagnýta sér sjálfsagðan rétt sinn til þess að stunda það starf, sem er að hennar skapi, vaxa skattgreiðslur þessa heimilis verulega.

Þetta er auðvitað mjög óeðlilegt. Við svo búið má ekki standa. Með þessum reglum, eins og þær eru, er í raun og veru verið að skerða skilyrði konu til þess að vinna þau störf, sem henni eru hugstæðust. Hún er í raun og veru ekki algerlega frjáls að því að gegna starfi utan heimilis, jafnvel þótt hún láti allar tekjurnar ganga til greiðslu heimilisstjórnarinnar. Hún er ekki algerlega frjáls að því vegna þess, að það bakar heimilinu, eiginmanni hennar, aukna skattskyldu. Þetta er í raun og veru skerðing á atvinnufrelsi giftrar konu. Það verður tæplega talið, að hún njóti algers atvinnufrelsis, meðan hún eða þau hjónin verða að gjalda þess í skattgreiðslu, ef hún velur sér starf utan heimilisins, þó að hún með því starfi sjái fjárhagslega séð algerlega jafnvel fyrir heimilinu og áður. Þetta þarf nauðsynlega að breytast.

Annað mál er svo það, að ekki er hægt að lagfæra þetta með því einu að leyfa hækkaðan ráðskonufrádrátt frá því, sem nú er, t. d. með því að leyfa, að allt ráðskonukaup skuli vera frádráttarhæft. En till. um það hafa komið fram hér á hv. Alþingi, að ég held oftar en einu sinni. Ef slík skipan væri lögtekin, að allt ráðskonukaup skuli vera frádráttarhæft, ef á annað borð er talin þörf á ráðskonu, þá getur borgað sig betur fyrir konu að vinna utan heimilis og hafa ráðskonu, því að þá fæst meiri frádráttur vegna heimilisstarfanna en eiginmaður fær vegna eiginkonu sinnar, og það er auðvitað líka óréttlátt. Þá eru og greiddir lægri skattar af tekjum giftrar konu, sem vinnur utan heimilis, en konu, sem starfar að sameiginlegum atvinnurekstri þeirra hjónanna, starfar að atvinnurekstri manns síns og eykur sameiginlegar atvinnutekjur þeirra. Og þetta er líka óeðlilegt. Mál þetta er þess vegna engan veginn einfalt viðfangs. Það, sem verður að gera, er því fyrst og fremst að áætla eiginkonu ávallt tekjur vegna heimilisstarfanna, þ. e. a. s. áætla eiginkonunni hluta af tekjum manns síns sem greiðslu fyrir heimilisstörfin, ef hún innir þau af hendi.

Við flm. þessa frv. höfum einmitt lagt til, að þessi skipan verði tekin upp í frv. á þskj. 110, þar sem gert er ráð fyrir því, að allar giftar konur verði sjálfstæðir skattþegnar og fái í sinn hlut hluta af tekjum mannsins auk þeirra tekna, sem þær vinna sér inn sjálfar. En væri þetta gert, þá er eðlilegt að leyfa hækkaðan ráðskonufrádrátt frá því, sem nú er. Annars helzt það ranglæti gildandi skipunar, að eiginkona er ólíkt sett eftir því, hvort hún vinnur heima eða vinnur úti og kaupir heimilishjálp.

Má skýra þetta með dæmi. Gerum ráð fyrir því, að kvæntur maður hafi 30 þús. kr. árstekjur. Væri nú frv. á þskj. 110 lögtekið, þá væri tekjum skipt á milli hjónanna þannig, að hvoru þeirra væru reiknaðar 15 þús. kr. Gerum hins vegar ráð fyrir því, að annar kvæntur maður hafi einnig 30 þús. kr. árstekjur, en kona hans vinni utan heimilisins fyrir 15 þús. kr. og noti þessar tekjur til þess að greiða ráðskonu kaup fyrir að hafa með höndum heimilisstjórnina. Raunveruleg afkoma beggja þessara hjóna er því nákvæmlega hin sama. En jafnvel þó að frv. á þskj. 110 væri lögtekið, þá greiddi, að óbreyttum ráðskonufrádrætti, síðari eiginmaðurinn skatta af 30 þús. kr., að frádregnum hinum lága ráðskonufrádrætti, eða 3700 kr., en kona hans af 15 þús. kr. tekjum. Og þessi hjón greiddu því hærri skatt af sömu raunverulegum tekjum, vegna þess að greidda ráðskonukaupið er 15 þús. kr., en honum er aðeins heimilað að draga 3700 krónur frá tekjum sínum vegna hinnar aðkeyptu heimilisstjórnar. Þetta er auðvitað óeðlilegt, og þetta þarf að breytast. Þess vegna er lagt til í þessu frv., að hámark frádráttarbærs kostnaðar við heimilisstjórn sé hækkað úr löglegum persónufrádrætti, eða nú 3700 kr., og upp í 25 þús. kr., en það er sama tekjuhámarkið og gert er ráð fyrir á tekjum eiginkonu í frv. á þskj. 110.

Það er hins vegar ekki eðlilegt að heimila að draga allt greitt ráðskonukaup frá tekjum, vegna þess að þá gæti það heimili orðið betur sett, þar sem konan ynni utan heimilis og keypti dýra ráðskonu, heldur en hjón, þar sem konan vinnur á heimilinu. Það má því segja, að þetta frv. sé eins konar viðbót við frv. um sérsköttun hjóna á þskj. 110. Það er mjög eðlilegt, að þetta frv. nái fram að ganga, ef frv. á þskj. 110 nær fram að ganga. Hins vegar væri hægt að samþ. það frv. — og í því fælist mikil réttarbót — án þess að þetta frv. næði jafnhliða fram að ganga, sem þó væri tvímælalaust æskilegast. Hins vegar er ekki eðlilegt, að þetta frv. yrði samþ., ef sú réttarbót, sem í frv. á þskj. 110 felst, yrði ekki samþ., vegna þess að það mundi þá ívilna óeðlilega þeim hjónum, sem hafa ráðskonu, miðað við þau heimili, þar sem eiginkonan vinnur að heimilisstörfum.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, að þessu frv. verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umr., og mælast til þess við hv. fjhn., að hún taki bæði þessi frv., þetta og frv. á þskj. 110, til athugunar sameiginlega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

34. Holræsagerð.

Á 22. fundi í Nd., 7. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um aðstoð til holræsagerðar [134. mál] (þmfrv., A. 191).

Á 23. og 24. fundi í Nd., 10. og 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 25. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 24 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. á þskj. 191 ásamt fleiri hv. þm. um aðstoð til holræsagerðar. Frv. þetta skýrir sig nú að mestu sjálft, og er ástæðulítið að reifa það mikið að þessu sinni. Ég býst við einnig, að hv. þm. sé nokkuð ljós sú þörf, sem er á því að styrkja ýmsa staði til þess að koma á hjá sér fullkomnum holræsum eða skolpleiðslum öðru nafni. Þetta er heilbrigðismál, sem því miður er mjög ábótavant víða um land allt. Er það sérstaklega í hinum smærri og nýrri þorpum, sem ástandið er slæmt. Fullkomin holræsi eða skolpleiðslur eru mjög dýr, þar sem leiða þarf langar leiðir, og er ekki við því að búast, að fámenn byggðarlög geti undir því risið að ljúka þessu verki á eigin spýtur. Það hefur þótt ástæða til að samþykkja lög um aðstoð til vatnsveitna, og það er góðra gjalda vert. En eins og það var nauðsynlegt á sínum tíma að gera það og eins og hv. Alþ. hefur þótt nauðsynlegt hverju sinni að styrkja vatnsveitur, þá tel ég víst, að þetta sé enn þá nauðsynlegra. Hin ýmsu byggðarlög geta með mörgu móti bjargað sér við það að ná í vatn, t. d. með brunnum, þótt það heyri ekki nútímanum til og skapi ekki þau þægindi, sem fólk helzt vill. En að koma skolpinu í burtu er ekki unnt nema með fullkomnum ræsum. Þar, sem þessi mál eru í ólagi, er hætta á ferðum heilbrigðislega séð.

Það, sem hér er farið fram á, er það, að styrkur til holræsagerðar verði veittur allt að helmingi kostnaðar, þar sem ástæða þykir til, og er það að nokkru á valdi ráðherra að kveða á um, hvernig styrkveitingunni skuli hagað hverju sinni. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að ríkisstj. sé heimilt að veita ábyrgð f. h. ríkissjóðs, en ábyrgðin og styrkur samanlagt má þó aldrei fara fram yfir 85% af kostnaðarverði. Styrkveitingin er vitanlega bundin við það, hversu mikið er veitt í þessu skyni á fjárlögum hverju sinni, og má því segja, að það sé hættulaust að samþykkja þetta frv. hvað það snertir, að ríkissjóði yrði ekki vegna þessara laga íþyngt um of. Það yrði aldrei veitt meira í styrk heldur en fært þætti að veita á hverjum fjárlögum í þessu skyni.

Ég tel svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið á þessu stigi, en vil leyfa mér að mælast til, að því verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

35. Stofnlánadeild sjávarútvegsins (frv. ÁkJ og EOl).

Á 23. fundi í Nd., 10. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands [138. mál] (þmfrv., A. 198).

Á 24. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Flm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er um breyt. á l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins, nr. 41 frá 1946, og er sérstaklega ætlað að leysa úr stofnlánaþörf sjávarútvegsins og þau vandamál, sem risið hafa nú í sambandi við það.

Svo sem frv. ber með sér, þá er 1. gr. þess umorðun á 6. gr. l., eins og hún er núna, og felur þess vegna í sér í upphafi það, að 6. gr. l., eins og hún er núna, fellur niður, en 6. gr. l. fjallar um það, að stofnlánadeildin skuli endurgreiða seðlabankanum á hverju ári jafnháa upphæð og þau A-lán nema, er falla í gjalddaga á því ári, án tillits til þess, hvort skuldunautar deildarinnar greiða á tilteknum tíma. Þessi 6. gr. hefur verið framkvæmd þannig, að þær 100 millj., sem seðlabankinn lánaði stofnlánadeildinni upphaflega, hafa verið borgaðar inn í seðlabankann jafnóðum og þær hafa átt að borgast inn til stofnlánadeildarinnar. Áhrifin af þessu hafa orðið þau, að stofnlánadeildin er hægt og hægt að strikast út. Ekki safnast fyrir í henni neinir vextir eða neitt slíkt, vegna þess að seðlabankinn mun taka eiginlega alla þá vexti, sem stofnlánadeildin fær, sem eru 2,5%, og ætlar víst stofnlánadeildinni ekki nema 0,1%, sem er rétt aðeins fyrir starfsemi hennar, og verða þess vegna engir fjármunir eftir í deildinni. Það er sem sagt sýnilegt, að fyrir seðlabankanum vakir að strika þessa lánadeild út.

Ég tel vera mjög mikla þörf á því, að þessi stofnun sé gerð að varanlegri lánastofnun fyrir útveginn. Þegar hún var stofnuð 1946, þá stóðu sakir þannig, að Íslendingar áttu mikla fjármuni í erlendum gjaldeyri og voru sammála um, að það væri mikil nauðsyn á því, að keypt væru skip, sérstaklega fiskiskip, inn til landsins. Þá var stofnuð þessi deild, þannig að það

var stofnuð A-deild og B-deild. A-deildin átti að lána það, sem var lánað í erlendum gjaldeyri. T. d. voru togararnir, skipin, sem byggð voru í Svíþjóð, og fleira greidd með gjaldeyri, sem bankarnir höfðu á sínu valdi, og síðan var þeim, sem keyptu þessi tæki hér innanlands, lánað úr A-deildinni. Vegna þess að heildarkostnaðarverð þessara atvinnutækja var greitt upphaflega í erlendum gjaldeyri, þá voru þau talin í A-deild í stofnlánadeildinni og lánuð upphæð út á þau, sem samsvaraði 2/3 hlutum og 3/4 hlutum, ef viðkomandi bæjarfélag ábyrgðist lánið, þangað til það hafði greiðzt niður um helming. Þetta varð til þess, sem ekki er óeðlilegt, að það var betra að fá lán til þess að kaupa skip erlendis, láta smíða þau þar, heldur en hér innanlands. Þetta varð vitanlega af sjálfu sér með togarana. Við höfum ekki tök á því að smíða togara sjálfir. En þetta má segja að hafi verið illu heilli með fiskiskipin, vegna þess að það er komið á daginn núna, að það hefði verið betra að smíða fiskiskipin innanlands. Við höfum fulla möguleika til þess. Við eigum skipasmiði, sem eru fyllilega jafnfærir erlendum skipasmiðum til að smíða tréskip, og það bendir ýmislegt til þess, að það hefði verið hægt að smíða þau hér fyrir mjög svipað verð og þau hafa verið smíðuð erlendis og sennilega þó haldbetri, vegna þess að það hafa komið fram ýmsir gallar á þessum skipum, Svíþjóðarbátunum, þó sérstaklega í sambandi við vélarnar, sem hefur orðið til þess, að eigendum þeirra eða þeim, sem tóku við þessum skipum, þegar þau voru komin hingað inn, hefur orðið erfiðara að reka þessi skip en annars hefði þurft að vera.

Nú eru þessi rök fyrir því að skipta stofnlánadeildinni niður í A-deild og B-deild í raun og veru algerlega úr sögunni. Við höfum engan þann gjaldeyrissjóð erlendis, sem ástæða er til að halda að verði notaður til stórfelldra kaupa á atvinnutækjum, enda býst ég við því, að á sviði fiskiskipa þurfi ekki nú orðið að gera eins stór átök og gert var á árunum 1945—47 og á meðan skipin voru að koma hingað upp, og má segja, að aðstæður landsins og þjóðarinnar hvað snertir fiskiskipastól séu nú miklum mun betri en þá var. Hins vegar sýnir það sig, að það er óhjákvæmilegt á hverju ári að reikna með því, að það þurfi að endurbæta og fylla upp í skörð í fiskiflota okkar, og eftir þeim skýrslum, sem fyrir liggja, þá mun það vera svo, að fiskiskip, sem nema allt að þúsund tonnum brúttó, hverfi úr sögunni á hverju ári. Nokkuð af því er að vísu skip, sem ekki hafa verið starfrækt þannig núna um lengri tíma, sérstaklega ýmsir af gömlu bátunum, sem eru smám saman að falla út af skrá og verða ónothæfir og komast í það ástand, að engum manni dettur í hug að hreyfa þá framar. En þessar tölur sýna þó, að það er óhjákvæmilegt að halda áfram að geta byggt skip í skörð þeirra, sem falla úr á einn eða annan hátt. Það líður ekki svo ár, að við missum ekki fleiri skip og sum þeirra meira að segja með öllum mannskap, og hefur það komið fyrir núna þráfaldlega á síðustu árum, að skip hafa týnzt alveg, og það meira að segja skip, sem hafa verið keypt inn með fé úr stofnlánasjóði, úr A-deildinni. Þar á ég sérstaklega við gömlu Svíþjóðarbátana, sem keyptir voru inn og eru, þó að þeir hafi gott skipalag og séu að mörgu leyti heppilegir í rekstri, yfirleitt með lélegum vélum og gömlum, og sérstaklega er þó yfirbygging þeirra ekki eins traust og yfirbygging á íslenzk-byggðum bátum, og telja sumir, að það, hvað margir af þessum sænsku bátum hafa farizt, þannig að ekkert hefur til þeirra spurzt, stafi af því, að tekið hafi ofan af þeim yfirbygginguna. Slíkt hefur ekki komið fyrir íslenzku skipin. Þau hafa staðið sig betur í hinum miklu veðrum, sem oft skella á hér á vetrarvertíðinni, og stafar það af því, að þau eru öll rammbyggilegar gerð en þessi erlendu skip. Þetta sýnir okkur, að við getum ekki trúað öðrum þjóðum fyrir því að byggja okkar báta. Þeir gera sér það ekki ljóst niðri í Svíþjóð, hvers konar sjólag er hér við Ísland að vetrinum til og hvað styrkurinn, sérstaklega í yfirbyggingunni, þarf að vera mikill til þess, að bátarnir standist þau óskaplegu veður, sem hér geta skollið á. Íslenzku bátarnir hafa sem sagt gefizt betur. Og það ætti m. a. að vera mikil hvöt fyrir okkur til að halda áfram stöðugt að byggja íslenzk skip, gefa íslenzkum skipasmíðastöðvum verkefni og fylla í skörðin með góðum bátum, sem við vitum af reynslu okkar að munu reynast betur en skip, sem við höfum getað fengið erlendis frá. Til þess að þetta sé hægt, þá þarf að breyta stofnlánadeildinni í varanlegan lánasjóð, stofnlánasjóð útvegsins. Ég tel, að þarna sé eitt stærsta verkefnið, að halda áfram að byggja skip nægilega mikið til þess að halda við okkar bátaflota. Að svo komnu held ég, að það sé ekki sérstök þörf fyrir að auka flotann frá því, sem komið er. Það þarf miklu frekar að gera ráðstafanir til þess, stjórnmálalegs eðlis, fjárhagslegs eðlis, að tryggja lengri rekstrartíma hvers báts heldur en nú er. En hins vegar er óhjákvæmilegt að gæta þess, að bátarnir týni ekki tölunni, þannig að útgerðin dragist saman. Á s. l. tveimur árum hefur verið nokkuð um það, að menn hafa keypt báta erlendis frá, byggða í Danmörku og jafnvel víðar, sérstaklega þeir menn, sem hafa misst báta sína í veðrum hérna eða af einni eða annarri ástæðu. Það held ég að sé ekki heppileg þróun, vegna þess að þeir bátar reynast aldrei eins vel og þeir íslenzku.

Sem sagt, fyrsta breyt., sem þetta frv. felur í sér, er það, að stöðvuð verði sú útstrikun á stofnlánadeildinni, sem felst í 6. gr. l., eins og þau eru nú, og stofnlánadeildin verði gerð að fastri lánastofnun, sem heldur áfram að lána stofnlán til sjávarútvegsins.

Þegar svo er komið, að menn sjá nauðsyn þess, að þarna sé haldið áfram stöðugri lánastarfsemi til sjávarútvegsins, þá er nauðsynlegt að breyta — og því gerir frv. ráð fyrir — þessu um þessar 100 millj., sem lánaðar voru stofnlánadeildinni upphaflega, þannig að það verði ekki um lán að ræða, heldur verði þetta aðeins talið sem framlag, sem liggur í þessari stofnlánadeild til notkunar í þessu ákveðna

skyni, sem l. um stofnlánadeild gera ráð fyrir, og það er skýrt markað í 3. gr. þeirra l. Lánunum frá seðlabankanum samkv. 4. gr. er sem sagt breytt í það að verða framlag frá seðlabankanum til stofnlánadeildarinnar til varanlegrar notkunar þar. Eins og nú er komið, þá mun stofnlánadeildin vera búin að endurgreiða seðlabankanum nokkra milljónatugi af upphaflegum lánum. Ég hef ekki þær tölur við höndina, — það skiptir ekki heldur mestu máli, — en í frv. er gert ráð fyrir, að þessi upphæð verði afhent stofnlánadeildinni á nýjan leik, til þess að hún sé fyrir hendi til þeirrar starfsemi, sem stofnlánadeildinni er ætlað að inna af höndum.

Með tilliti til þess, að stofnlánadeildinni var upphaflega þannig háttað, að það var betur hægt að komast af með að láta byggja fiskiskip erlendis, það var hægt að fá hagstæðari lán með því móti, þá höfum við flm. sérstaklega tekið hér upp í frv., að lán út á fiskiskip, sem byggð séu innanlands, skuli að öðru jöfnu ganga fyrir. Ég tel nauðsynlegt, að það komi nú skýrt fram, þegar við förum að viðhalda okkar bátaflota, að þá viljum við sérstaklega, að íslenzkar skipasmíðastöðvar vinni að því viðhaldi og þeim endurbyggingum, sem þarf að framkvæma, vegna þess að reynslan hefur sýnt það, að þær eru vel færar til þess, og vegna þess líka, að ef stöðug smíði á sér stað hér innanlands, þá fer ekki hjá því, að íslenzkum skipasmíðastöðvum takist að fullkomna svo sína handiðn og sína báta, að við verðum vel færir um það að bera okkur saman í því efni við hverja aðra. Með nokkurri tilhliðrunarsemi í tollamálum má líka sennilega gera þessa báta mikið til jafnódýra og erlendu bátana. Það er líka ótalið það fé, sem hefur farið í það að lagfæra ýmsa af þeim bátum, sem smíðaðir eru erlendis, vegna þess að þegar þeir koma hingað upp, þá er eitt og annað við þá báta, sem íslenzkir fiskimenn vilja ekki sætta sig við og vilja ekki una, og þá þarf að breyta því með ærnum kostnaði. Þegar tekið er tillit til þessara atriða, þá eru íslenzku skipasmíðastöðvarnar sem næst samkeppnisfærar hvað verð snertir við erlendar skipasmíðastöðvar.

Við flm. höfum talið, að það væri hyggilegast að fela framkvæmdastjórn Landsbankans að annast stjórn sjóðsins og taka ákvarðanir um lánveitingar úr honum. Eins og l. voru samþ. á sínum tíma, þá var nýbyggingarráði ætlað að úrskurða um það, hverjir fengju þessi lán, — það var nefnilega í sambandi við ráðstöfunina á gjaldeyrinum erlendis eðlilegt, að það félli undir þá stofnun, sem hafði með gjaldeyrinn að gera. En nú, þegar hér verður eingöngu um innlenda lánastofnun að ræða, þá er eðlilegast, að stjórn Landsbankans annist þessa hluti og taki ákvarðanir um lánveitingar og hvaða tryggingar hún heimtar fyrir lánum.

Það hefur verið mikið um það rætt, að nauðsyn sé á því að koma af stað einhverjum skipabyggingum hér innanlands og halda þeim gangandi. Ég flutti á síðasta þingi þáltill. um það, að ríkið hlutaðist til um, að það yrðu smíðaðir 10 fiskibátar. Og það er ekki meira en sem svarar því, sem hefur helzt úr lestinni á tæpum tveimur árum. Þetta er líka nauðsynlegt til þess bókstaflega að halda skipasmíðastöðvunum gangandi í landinu. Það er ekki hægt að halda skipasmíðastöðvunum gangandi með viðgerðum einum saman, þó að viðgerðirnar séu gersamlega óhjákvæmilegar, til þess að bátaflotinn geti yfirleitt starfað. Það er þannig óhjákvæmileg nauðsyn, að alltaf stöðugt sé byggt eitthvað af bátum innanlands, sem skipasmíðastöðvarnar geta haft við höndina og sett sinn vinnukraft í þess á milli, að þær snúa sér að því að vinna að viðgerðum við bátana fyrir vertíðir, eins og gerist og gengur.

Það er náttúrlega alltaf álitamál, hvað mikið eigi að byggja, en ég býst við því, að það muni enginn mæla því í gegn, að það sé óhjákvæmilegt að halda áfram nokkrum nýbyggingum stöðugt hér innanlands. Með því að breyta stofnlánadeildinni svona, eins og gert er ráð fyrir með þessu frv., þá er líka aðstaða stofnlánadeildarinnar til þess að lána út á ýmislegt annað en báta og skip miklu rýmri en áður hefur verið. En samkv. 3. gr. má lána út á ýmislegt annað en fiskiskip, svo sem hraðfrystihús, beitugeymsluhús, niðursuðuverksmiðjur, verksmiðjur til vinnslu á fiskúrgangi, lifrarbræðslu, skipasmíðastöðvar, jafnvel dráttarbrautir, vélsmiðjur, verbúðir í viðleguhöfnum og ýmislegt fleira, vegna þess að með hverju ári má segja að komi fram nýmæli og nýjungar á sviði sjávarútvegsins. Við verðum að breyta okkar framleiðslu eftir því, sem markaður er fyrir okkar vörur. Og liggja fyrir okkur vafalaust núna stórfelld átök í því sambandi að geta unnið betur okkar sjávarafurðir heldur en við höfum gert fram að þessu. Það mundi líka auka okkar möguleika til þess að geta rétt okkar gjaldeyrishalla, ef betur væri að sjávarafurðunum unnið, áður en þær eru sendar út úr landinu.

Verkefni stofnlánadeildarinnar eru þess vegna ótæmandi, og ég tel ekki vera forsvaranlegt, að það fé, sem upphaflega var lagt til þess að tryggja sjávarútveginn með stofnlán, verði þannig frá henni tekið, þegar verkefni hlaðast stöðugt upp, sem er óhjákvæmilegt að verði leyst.

Samtök útvegsmanna hafa nú undanfarið verið að ræða um þessi stofnlán, og þau hafa, eftir því sem ég sé í blöðunum, gert samþykkt um að lengja lánstímann. Inn á það er ekkert farið í þessu frv. Þetta gæti vitanlega vel komið til mála, og væri rétt að láta fagmenn líta á það, hvað hæfilegt er að lána til langs tíma út á jafngóð skip eins og fiskiskipin okkar, þau nýrri, eru yfirleitt núna, og sérstaklega er athugandi, hvort ekki væri hægt að hjálpa til við þá stundarörðugleika, sem sjávarútvegurinn á nú við að stríða, með því að slaka eitthvað til á þessum afborgunum. En það er í raun og veru mál, sem ekki snertir þetta atriði, sem frv. okkar hv. 2. þm. Reykv. fjallar um. Mun ég ekki ræða það frekar að svo komnu. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða

frekar um þetta mál, en vil gera það að till. minni, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn. þessarar deildar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 25. fundi í Nd., 13. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

36. Togarakaup og togveiðibáts (frv. SB).

Á 24. fundi í Nd., 11. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild handa ríkisstj. til þess að ábyrgjast lán til kaupa á togara og togveiðibát fyrir Ísafjörð og sjávarþorpin við Ísafjarðardjúp [142. mál] (þmfrv., A. 208).

Á 25. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 24 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 208 frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast lán til kaupa á togara og togveiðibát fyrir Ísafjörð og sjávarþorpin við Ísafjarðardjúp. Efni þess er það, að ríkisstj. er heimilað að ábyrgjast fyrir h/f Ísfirðing á Ísafirði eða fyrir samtök, sem kynnu að verða mynduð af Ísfirðingum og útgerðarmönnum í Bolungavík, Hnífsdal og Súðavík, lán til kaupa á einum togara. Enn fremur er samkv. frv. gert ráð fyrir, að ríkisstj. sé heimilað að ábyrgjast lán fyrir samtök útvegsmanna í Bolungavík til kaupa á 200 tonna togveiðibát. Þá er lagt til, að ábyrgðirnar megi vera fyrir upphæðum, sem nema allt að 90% af kaupverði skipanna, enda sé kaupverðið ekki óeðlilega hátt að áliti ríkisstj. og tryggingar settar, sem hún metur gildar.

Rökin fyrir þessu máli eru í fáum orðum þau, að rányrkjan á fiskimiðunum undanfarin ár hefur ekki bitnað eins harkalega á neinum og vestfirzkum sjómönnum og útgerðarmönnum. Það er alkunna, að fyrir utan Vestfirði liggja ein beztu veiðisvæði togaraflotans og að á þessi mið hafa sótt árlega hundruð erlendra og innlendra togara. Það leiðir af sjálfu sér, að þessi gífurlega ásókn togveiðiskipanna hlýtur að hafa haft mjög mikil áhrif á fiskigengd á grunnmið, þ. e. a. s. þau mið, sem bátafloti Vestfirðinga fyrst og fremst sækir á, enda er reynslan sú, að afli hefur farið stórminnkandi ár frá ári, þannig að segja má, að í allmörg ár hafi verið um verulegan, ef ekki algeran aflabrest að ræða.

Nú er það hins vegar þannig, að í þessum landshluta hefur togaraútgerð verið mjög lítil. Um alllangt skeið hafa að vísu verið gerðir út togarar af Patreksfirði með góðum árangri. Á síðari árum, eftir síðustu heimsstyrjöld, hefur einnig verið togaraútgerð á Ísafirði og áður fyrr einnig í smáum stíl. Sú togaraútgerð, sem nú er hafin á Ísafirði, hefur verið stórkostleg atvinnubót fyrir byggðarlagið, og má raunar segja, að ef hennar hefði ekki notið við, þá hefði verið um algert öngþveitisástand að ræða í atvinnumálum byggðarlagsins, svo lélegar sem þorskvertíðirnar hafa verið undanfarin ár. Þegar enn fremur er á það litið, að aflabrestur hefur orðið á síldveiðum 8 s. l. ár í röð, er auðsætt, hversu bátaútvegurinn í þessum kaupstað og í þessum landshluta yfirleitt hlýtur að vera illa á vegi staddur.

Af þessu ástandi hjá bátaútveginum á Vestfjörðum hefur hins vegar leitt það, að fjöldi vestfirzkra sjómanna hefur orðið að leita sér atvinnu utan landshluta síns, bæði á togurum og vélbátum. Ég held, að það sé ekki mælt af neinni svartsýni, þótt ég segi, að ef svo fer fram um langt skeið enn, að vestfirzkir sjómenn hafa ekki atvinnutæki, sem þeir geta stundað atvinnu sína á frá heimahögum, en verða að sækja í fjarlæga landshluta ár eftir ár, þá hljóti svo að fara, að þetta fólk neyðist til þess að flytjast burt frá þessum stöðum.

Það er þess vegna tillaga mín í þessu frv., að snúizt verði á raunhæfan hátt gegn þeim vanda, sem steðjar að vestfirzkri útgerð og sjómönnum, og ríkisvaldið leggi fram sinn skerf til þess að fá þeim ný atvinnutæki, þannig að þeir geti haldið áfram framleiðslustörfum frá þeim landshluta, sem þá hefur alið og staðið hefur mjög framarlega í framleiðslustarfsemi þjóðarinnar við sjávarsíðuna. Það hagar þannig til, að einn togari til viðbótar, sem gerður væri út frá Ísafirði, gæti orðið að miklu liði einnig fyrir sjávarþorpin við Ísafjarðardjúp, Bolungavík, Hnífsdal og Súðavík, þar sem akfært er nú á milli allra þessara þorpa og því hægt að hagnýta afla skips, sem leggur upp á Ísafirði. Á undanförnum árum hafa þeir tveir togarar, sem fyrir eru á Ísafirði, lagt afla sinn nokkuð upp þar á staðnum, og stundum hefur töluvert af honum gengið til vinnslu í hraðfrystihúsunum í þessum sjávarþorpum. Hins vegar er ekki því að neita, að útgerðin hefur ekki talið sér fært að leggja eins oft og jafnmikið af afla sínum á land til vinnslu hérlendis og æskilegt hefði verið séð frá atvinnusjónarmiði fólksins vestra. En það er mál, sem ég tel óþarft að rekja hér og er ekki einungis mál togaraútgerðar á Vestfjörðum, heldur og í landinu yfirleitt.

En auk þess sem hér er lagt til, að ríkissjóður greiði fyrir því, að nýr togari, hinn þriðji, komi til Ísafjarðar, er einnig lagt til, að ábyrgzt verði lán til kaupa á 200 tonna togveiðiskipi fyrir Bolungavík. En þar hagar þannig til vegna erfiðra hafnarskilyrða, að togari getur illa athafnað sig við hafnarmannvirki staðar-

ins. Það er þess vegna nauðsynlegt fyrir Bolungavík, sem er allfjölmennt pláss, hreppurinn samtals með um 800 íbúa, að fá aukin atvinnutæki, atvinnutæki, sem miðuð eru við hafnarskilyrði staðarins. 200 tonna skip getur mjög vel afgreitt sig við brimbrjótinn, og geta þess vegna orðið full not af rekstri þess þar og mjög mikil atvinnubót. Þess er einnig að geta í sambandi við þetta, að Bolvíkingar eiga einna erfiðast með að hagnýta afla, sem lagður er í land á Ísafirði, vegna þess að vegurinn til Bolungavíkur er einna skemmst opinn á ári hverju af þeim vegum, sem hér er um að ræða.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara miklu fleiri orðum um þetta frv. Kjarni málsins er sá, að rányrkjan fyrir Vestfjörðum, rányrkja erlendra og innlendra togara, er að koma bátaútveginum þar vestra á kaldan klaka og skapa atvinnuleysi og vandræði meðal almennings. Úr þessu verður að bæta, og það er ekki nema sanngirniskrafa, að þjóðfélagið hlaupi undir bagga með þeim landshluta, sem einna verst hefur orðið úti af völdum hinnar gegndarlausu rányrkju, sem framkvæmd hefur verið á íslenzkum fiskimiðum undanfarna áratugi.

Ég vil að lokum geta þess, að frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni stjórnar togarafélagsins Ísfirðings á Ísafirði og samkvæmt beiðni og í samráði við hreppsnefndir allra hreppanna, sem hlut eiga að máli, Hólshrepps, Eyrarhrepps og Súðavíkurhrepps. — Ég leyfi mér svo að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjhn.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég get að mörgu leyti tekið undir það, sem hv. flm., þm. N-Ísf., sagði um þetta mál, þegar hann mælti fyrir því núna rétt áðan. Það er vissulega satt, að togaraágengnin á miðin úti fyrir Vestfjörðum hefur gengið nærri þessum miðum og er vafalaust ein meginorsök þess, að aflabrestur hefur verið í hinum vestfirzku veiðistöðvum árum saman. Það er því ómótmælanlegt, að þess er full þörf, að ríkisvaldið veiti aðstoð til styrktar atvinnulífinu í þessum byggðarlögum. Það, sem menn gæti þá greint á um í þessu efni, væri það eitt, á hvern hátt sé heppilegast, að þessi aðstoð ríkisvaldsins sé veitt. Það hagar þannig til nú á Ísafirði, að vegna aflabrests undanfarinna ára er vélbátaútgerðin í Ísafjarðarkaupstað í stórkostlegum fjárhagslegum vandræðum, og getur víst engan undrað það, þegar þess er gætt, að þessi útgerð hefur orðið fyrir hinum tilfinnanlegustu skakkaföllum vegna aflabrests á síldveiðum, og þar við hefur svo bætzt aflabrestur á þorskveiðum. Afleiðingin af þessu er sú, að nú hafa 5 vélskip á Ísafirði verið auglýst til sölu á uppboði.

Ég fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að sú aðstoð, sem sé mest aðkallandi fyrir atvinnulífið í Ísafjarðarkaupstað af hendi ríkisins, sé að afstýra sölu á vélbátaflotanum úr bænum, það sé algerlega númer eitt. Það eru fjögur 80 tonna skip, sem eru auglýst til uppboðs, og auk þess hefur Útvegsbanki Íslands auglýst 40 tonna skip þaðan til uppboðs, og öll þessi uppboð eiga að fara fram í n. k. desembermánuði. Þetta tel ég vera það fyrsta, sem gera þarf. Þá teldi ég það eðlilegt, að það næsta, sem gert væri af hendi ríkisvaldsins til eflingar atvinnulífinu þarna, væri að stuðla að því, að þeir togarar, sem gerðir eru út í bænum, gerðu meira að því en þeir hafa gert hingað til að leggja afla sinn þar á land til verkunar, annaðhvort sem hraðfrystan fisk ellegar sem saltfisk. Hvort tveggja mundi geta orðið stórkostleg atvinnubót, þó að togararnir gerðu það ekki nema í einni og einni veiðiför að leggja aflann á land til verkunar. En eins og hv. frsm. tók hér fram áðan, þá hafa togararnir því miður ekki séð sér fært að leggja aflann þar á land að staðaldri, heldur siglt með hann mikið til til Englands og til Danmerkur. Þó skal það játað, að á s. l. sumri var lagt nokkurt aflamagn af saltfiski á land af togarafélaginu Ísfirðingi, en hins vegar þótti ekki ráðlegt að verka þann saltfisk, og verður hann fluttur út sem blautfiskur, blautur saltfiskur, en ekki þurrkaður, og hefur af þessu orðið nokkuð veruleg atvinnubót í bæjarfélaginu, en þó hefði hún orðið stórkostlega miklu meiri, ef hægt hefði verið að þurrka þennan fisk og selja hann út fullverkaðan.

Ég held, að það hljóti að vera, að þessir útgerðarhættir, að fiskur frá Íslandi er aðallega seldur út sem óunnið hráefni, sem ísfiskur til Englands eða Þýzkalands eða að hinu leytinu látinn fara algerlega fram hjá íslenzkum höfnum og fluttur til Danmerkur og seldur þar sem óverkaður saltfiskur, hljóti að stafa af því, að togarafélögin sjái sig ekki hafa fjárhagslega aðstöðu til að leggja aflann á land til verkunar hér innanlands. En það mundi tvímælalaust vera þess virði, að einhver hjálpandi hönd væri þá rétt togaraútgerðinni, til þess að þeir gætu breytt útgerðarháttum sínum í það horf, að aflinn yrði að miklu meira leyti en nú er verkaður hér innanlands. Um það hafa togaraútgerðarmenn nú nýskeð sent erindi til hæstv. ríkisstj., en enn þá er ekki vitað, hvaða undirtektir þau erindi togaraútgerðarmanna fá hjá ríkisstj.

Þetta tvennt tel ég að sé í fyrstu röð þeirra aðgerða, sem hæstv. ríkisstj. þyrfti að gera til aðstoðar við atvinnulífið í Ísafjarðarkaupstað. Þá er það það þriðja, sem mjög æskilegt væri að hæstv. ríkisstj. gerði, að veita bæjarfélagi og nærliggjandi sveitarfélögum, sem öll geta notið atvinnuaukningar af togara, sem væri heimilisfastur á Ísafirði, aðstoð til að fá þar togara í viðbót. Ég skal ekki mæla gegn því. Það væri mjög æskilegt, og stjórn togarafélagsins Ísfirðings, sem ég er þátttakandi í, hefur mælzt til flutnings þessa frv. við hv. þm. N-Ísf. En ef slíkt skip, þriðji togarinn á Ísafjörð, ætti að koma að nokkru verulegu gagni til atvinnuaukningar í Bolungavík, Súðavík og Hnífsdal, þá yrði það skip að leggja afla sinn á land til verkunar á Ísafirði, en ekki sigla með hann til Esbjerg eða til Englands eða Þýzkalands, því ef þriðja skip félagsins gerði það, eins og hin hafa að langmestu leyti gert, þá væri að því einhver atvinnubót fyrir Ísafjörð, en engin

fyrir kauptúnin þar í grennd. Og það er það, sem Súðvíkingum, Hnífsdælingum og Bolvíkingum sviður nokkuð, að þegar seinni nýsköpunartogarinn var látinn fara til Ísafjarðar, til togarafélagsins Ísfirðings, þá var sett skilyrði um það, að þetta fyrirtæki yrði einnig til atvinnuaukningar fyrir kauptúnin, en um það þykjast þau greypilega hafa verið svikin, vegna þess að togarinn hefur ekki lagt afla á land á Ísafirði í hraðfrystihúsin nema að mjög svo hverfandi litlu leyti. Slíkri ábyrgð þyrfti þá bókstaflega að fylgja sú skylda, ef Hólshreppur, Eyrarhreppur og Súðavíkurhreppur ættu að verða hluttakendur að þessu nýja skipi í einhvers konar félagsskap.

Ég hef með þessum orðum gert grein fyrir afstöðu minni til frv. Ég tel hina brýnustu þörf á, að ríkið veiti aðstoð til þess að efla atvinnulífið á Ísafirði og í nærliggjandi sveitarfélögum. Það væri góð hjálp, að það væri gert með því að ábyrgjast 90% af andvirði togara, sem hefði aðalaðsetur á Ísafirði og væri t. d. eign togarafélagsins Ísfirðings h/f, en þá yrði að vera tryggt, að rekstri hans væri hagað þannig, að hann yrði til atvinnuaukningar í kauptúnunum kringum Ísafjörð. En þó er það eitt, sem ég vil benda hér á og veldur því, að ég er ekki eins brennandi í áhuganum fyrir þessu eins og ég var, þegar annar togarinn var útvegaður til Ísafjarðar. Og það er þetta: Það er rétt, sem segir hér í grg. hjá hv. flm., að fjöldi vestfirzkra sjómanna hefur orðið að leita sér atvinnu í öðrum landshlutum, af því að hlutir hafa gerzt svo rýrir hjá vélbátaútgerðinni á Ísafirði og þar í grennd, að menn hafa ekki getað framfleytt lífinu á því og leitað til verstöðva, þar sem aflamagnið hefur verið meira. Þetta þýðir það, að ísfirzkri sjómannastétt hefur á undanförnum árum fækkað stórlega. Við höfum meira að segja orðið að gjalda afhroð í hópi okkar ötulu skipstjóra, sem hafa heldur leitað núna til þeirra verstöðva, þar sem aflabrögðin hafa verið betri árum saman. Af þessu leiðir það, að ég er ekki alveg óttalaus um það, ef þriðji togarinn væri kominn á Ísafjörð, þó að hann fengi að einhverju leyti sjómenn, ekki aðeins úr bænum, heldur úr nærliggjandi kauptúnum, að þá væri hætt við, að vélbátaflotann skorti sjómenn. En ég tel, að Ísafjarðarbær verði að leggja mikið upp úr því, að vélbátaútgerðin leggist ekki niður. Það er viðurkennt af öllum, sem vit hafa á því, að hraðfrystur fiskur er naumast fyrsta flokks vara frá hraðfrystihúsunum, nema nokkur verulegur hluti af fiskmagninu sé bátafiskur. Ef eingöngu er togarafiskur í hraðfrystihúsunum, þá verður að minnsta kosti að gæta mjög allrar vandvirkni um verkun hans í þessum stóru skipum, til þess að ekki verði úr því 2. og 3. flokks vara. Viljum við halda okkar hraðfrysta fiski í fullu áliti, þá verðum við að leggja kapp á það, að verulegs hluta hans sé aflað af vélbátum, sem stunda línuveiðar. Ég bendi á þennan agnúa, af því að alls verður að gæta í uppbyggingu atvinnulífsins meðfram strandlengju landsins. Og þó að það sé ágætt að ráðast í stórt og fá mikilvirk atvinnutæki, þá megum við þó ekki kippa fótunum undan þeim stoðum atvinnulífsins, sem mjög vel hafa dugað til þessa og ekki mega bresta. Vestfirðingar verða áreiðanlega að reyna að heyja sína lífsbaráttu þannig, að þeir hafi sem fjölbreyttastan veiðiflota, að þeir hafi smábáta, opna smábáta, þilbáta, að þeir hafi 40 tonna báta og 80 tonna báta, sem séu þar með jafnframt hæfir sem síldveiðiskip, og svo í þriðja lagi togara. Og ég trúi því ekki, að það takist ekki, þrátt fyrir nokkurra ára aflabrest, að fleyta fram lífinu í þessum byggðarlögum, ef kostað er kapps um, að allar þessar tegundir skipa séu nægilega fyrir hendi í bæjum og kauptúnunum þar vestur frá. En hitt tel ég jafnviðsjárvert, ef stórreksturinn væri látinn kippa fótunum undan rekstri smærri vélbátaútgerðarinnar eða torvelda hana.

Þá er það síðara atriðið í frv., um það, að ábyrgzt verði af hendi ríkisins 90% af verði 200 tonna vélbáts fyrir Bolungavík. Ég mæli eindregið með því, að slíkt verði gert, og tel það mikið nauðsynjamál fyrir atvinnulífið í Bolungavík, að þessi ábyrgð fengist. Ég veit, að það er samstilltur hugur í Bolvíkingum um að afla sér slíks skips í veiðiflotann þar. Á s. l. ári urðu Bolvíkingar fyrir því áfalli, að einn af bátum þeirra Bolvíkinganna fórst, og þeir hafa ekki fengið að bæta það skarð enn þá. Þar hefur hv. fjárhagsráð staðið í vegi, alveg óneitanlega, svo að útgerðarmaður þar á staðnum, sem hafði nægilegan fjárhagslegan styrk til að kaupa bát, hefur ekki fengið nauðsynleg leyfi fyrir fjárhagsráði og nú síðast ekki yfirfærsluleyfi hjá Landsbanka Íslands til þess að kaupa slíkan bát í staðinn. En þó að fjárhagsráð verði nú sigrað í þeirri glímu, þá er fyllsta þörf á því, að Bolvíkingar fái eitt 200 tonna skip í plássið, því að að öðrum kosti er atvinnulífinu þar ekki fyllilega borgið, en aðstaða er þar ekki, eins og hv. frsm. gat um, til afgreiðslu á togara.

Ég tel, að ég geti því mælt með báðum efnisliðum frv., en bendi þeirri hv. n., sem fjallar um þetta mál, á, að jafnframt því sem þessu máli sé veittur vinsamlegur stuðningur af hv. Alþingi, þá þurfi fyrst og fremst og það sé mest aðkallandi að rétta Ísfirðingum hjálparhönd um það, að vélbátaflotinn sé ekki tættur út úr höndunum á þeim á þessu hausti og fargað úr bænum, þegar skipakostur er ekki svo mikill þar, að af neinu megi missa. Þessi þriðji togari verður ekki kominn á næstunni, þó að frv. yrði samþ. Og ég skal segja það að síðustu í þessari umr., að ég verð að harma það, að það virðist vera stefna bankanna nú að selja í burtu og ganga miskunnarlaust að útgerðarmönnum í þeim verstöðvum, þar sem aflinn hefur brugðizt árum saman, og knýja á með alveg sérkennilegum vinnubrögðum um sölu bátanna til þeirra staða, þar sem betur aflast. Þar þykjast bankarnir þurfa að hafa minni áhyggjur af rekstri þeirra. Og þá er það einhliða bankasjónarmið látið ráða, og þeir knýja þannig á um sölu á bátum frá þeim stöðum, sem standa höllustum fæti vegna aflabrestsins, burt þaðan á þá staði, þar sem atvinnulífið stendur styrkustum fótum, vegna þess að afli hefur

ekki brugðizt. Ég tel, að atvinnulífið víða um land gæti orðið fyrir stórkostlegum áföllum af þessari blindu og skammsýnu bankapólitík, ef hæstv. ríkisstj. veitir ekki byggðarlögunum, sem nú eru knúin til að selja bátana í burtu, aðstoð.

Að því er snertir búning þessa frv., hefði ég að síðustu viljað segja það, að ég hefði talið eðlilegast, að ríkisstj. væri heimilt að ábyrgjast fyrir Ísafjarðarkaupstað o. s. frv. — Í því formi er frv., sem hv. þm. S-Þ. flytur um að ábyrgjast kaup á togara fyrir Húsavíkurkaupstað. Og flest þau frv., sem hafa verið flutt um ríkisábyrgð í slíkum tilgangi og þetta frv., hafa held ég verið ríkisábyrgðarheimildir til handa viðkomandi bæjarfélögum eða sveitarfélögum. Hér er lagt til, að ábyrgðin verði veitt hlutafélagi, sem búsett er á Ísafirði og gerir þar út tvo togara, en Ísafjarðarkaupstaður er að vísu hluthafi í því félagi. Ég hefði talið, að þessi ábyrgð væri með mjög eðlilegum hætti, ef hún yrði veitt á annað borð, veitt Ísafjarðarkaupstað. En það tel ég þó vera aukaatriði í málinu og hef með þessum orðum, sem ég hef mælt, gert grein fyrir afstöðu minni til málsins og þó rætt nokkuð um þörf atvinnulífsins á Ísafirði að öðru leyti og í nágrenninu þar í sambandi við málið, áður en það fer til n.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

37. Skipaútgerð ríkisins.

Á 26. fundi í Nd., 14. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um Skipaútgerð ríkisins [147. mál] (þmfrv., A. 230).

Á 27. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Við höfum 4 þm. þessarar hv. deildar, þ. e. hv. þm. A-Sk., hv. þm. N-Þ., hv. þm. V-Húnv. og ég, leyft okkur að bera fram á þskj. 230 frv. til l. um Skipaútgerð ríkisins, þar sem lagt er til, að Skipaútgerðinni sé með l. markað starfssvið, ákveðin í stórum dráttum helztu verkefni hennar og sett ákvæði um réttindi og skyldur stofnunarinnar.

Það er öllum ljóst, að fátt er okkur Íslendingum eins nauðsynlegt og góðar og öruggar samgöngur á sjó, jafnt landa á milli sem með ströndum fram. Á síðustu áratugum hefur í þessu efni orðið mikil og farsæl þróun. Íslenzkt framtak og félagssamtök eru nú á góðum vegi með að taka í sínar hendur allar millilandasiglingar okkar og virðast fullfær um að leysa það verkefni. Hins vegar mun það ekki vera á færi annarra en ríkisins að annast þær strandferðir, sem fullnægja bæði vöru- og fólksflutningum hér við land. Það er erfitt og kostnaðarsamt að halda uppi siglingum alla tíma ársins með viðkomu á hverri höfn við okkar miklu strandlengju og það jafnt í dimmu og illviðrasömu skammdegi sem á nóttlausum vordögum. En þetta verður að gerast. Á þessari siglingaleið hafa röskir skipstjórnarmenn siglt skipum til mikilla nytja fyrir dreifbýlið, en ekki skipseigendum til fjár. Reynslan virðist því fyrir löngu hafa sýnt, að þessa sjálfsögðu og óhjákvæmilegu þjónustu verði ríkið að hafa með höndum, og þess vegna var Skipaútgerð ríkisins stofnuð fyrir meira en 20 árum. Á þessum tíma hefur Skipaútgerðin vaxið undir öruggri stjórn þess manns, sem frá upphafi hefur veitt henni forstöðu, og er hún orðin mikið fyrirtæki með allgóðum skipakosti og veltir nú árlega í krónum mörgum milljónatugum. Samkv. skýrslum og reikningum Skipaútgerðarinnar fyrir árið 1951 hafa skip hennar það ár komið við á milli 70 og 80 höfnum víðs vegar í kringum land, og samanlagðar viðkomur skipanna á þessum höfnum námu nokkuð á 4. þúsund. Þungavöruflutningarnir voru samtals yfir 40 þús. smálestir, og farþegaflutningur var yfir 24 þús. menn. Auk rekstrar strandferðaskipanna hefur Skipaútgerðinni verið á ýmsum tímum falin útgerðarstjórn annarra skipa, sem ríkið þarf að annast starfrækslu á, og ber þar fyrst og fremst að nefna varðskip ríkisins, og ef dæma má af eðli málsins og þeirri reynslu, sem fengizt hefur af starfsemi varðskipanna undir stjórn Skipaútgerðarinnar með yfirstjórn hlutaðeigandi ráðherra, þá verður tæplega um það deilt, að þeim málum er bezt fyrir komið á þann hátt, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Það má segja, að frv. til l. um Skipaútgerð ríkisins sé vonum seinna fram komið, þar sem um svo stóra og umfangsmikla ríkisstofnun er að ræða, sem engu minni nauðsyn hefði verið að kveða á um í l. heldur en fjöldamargar aðrar ríkisstofnanir, sem sett hafa verið lög um. Má þar m. a. nefna vegamál, vita- og hafnamál, póst- og símamál, flugmál, raforkumál o. fl. Þetta frv. um Skipaútgerðina, sem nú kemur fram eftir meira en 20 ára starfsemi hennar, er stutt og einfalt í sniðum og inniheldur aðeins nauðsynlegustu ákvæði um starfssvið, skyldur og réttindi stofnunarinnar, sem í raun og veru má segja að í sumum tilfellum sé búin þegar að vinna sér hefð eða dómur reynslunnar hefur sýnt, að rétt hefur verið þar að unnið, og má þ. á m. nefna ákvæðin um, að útgerðarstjórn varðskipanna heyri undir Skipaútgerð ríkisins undir yfirstjórn þess ráðherra, sem slík mál eru á hverjum tíma falin til meðferðar. — Ég vil svo óska, að að

lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og samgmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til samgmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

38. Togaraútgerð ríkisins.

Á 28. fundi í Nd., 18. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar [155. mál] (þmfrv., A. 250).

Á 29. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta mál hefur tvívegis verið flutt í hv. Ed., í bæði skiptin af mér og hv. 4. þm. Reykv. (HG). Nú er þetta mál flutt af öllum þm. Alþfl. í þessari hv. d. og þannig flutt í þriðja sinn.

Aðalhugsunin, sem liggur að baki þessa frv., er sú að freista þess að taka atvinnuleysisvandamálin nokkuð öðrum tökum en gert hefur verið til þessa. Meginefni frv. er túlkað í 1. og 2. gr. þess. Er þar gert ráð fyrir, að ríkið sjálft geri út ekki færri en fjóra togara af þeirri stærð og gerð, sem að áliti reyndustu útgerðarmanna séu heppilegastir taldir til þess hlutverks að afla hráefnis á heimamiðum fyrir hraðfrystihús og önnur fiskiðjuver, sem nú eru illa hagnýtt, vegna þess að þau vantar hráefni. Ég hygg, að flestir útgerðarmenn, sem um þessi mál hafa hugsað, séu sammála um, að þegar togurunum er ekki ætlað að sækja veiðar á fjarlæg fiskimið og ekki heldur ætlað það hlutverk, sem nýsköpunartogurunum er ætlað öðrum þræði, nefnilega að vera flutningaskip aflans til annarra markaðslanda, þá henti bezt, að hér séu 200—300 tonna skip valin til þessa hlutverks. — Í 2. gr. frv. er svo tekið fram, hvert sé höfuðmarkmið þessarar fyrirhuguðu ríkisútgerðar á togurum. Og höfuðmarkmiðið er sem sé það, að reynt verði að jafna atvinnuna í kaupstöðum og kauptúnum landsins með því móti að láta togara þessa leggja afla einkum þar á land, sem atvinnuleysi gerir vart við sig, þannig að brýn þörf sé aukinnar atvinnu, og þar sem svo háttar til, að fiskvinnslutæki séu til á staðnum, sem ekki hafi verkefni að vinna; m. ö. o., að þeim sé ætlað að leggja afla þar á land, sem vinnuafl er ónotað og þjóðfélagið á fast fé í illa notuðum atvinnutækjum.

Í 3. gr. frv. er svo gert ráð fyrir því, og er það í sparnaðarskyni, að stjórn togaraútgerðar ríkisins verði falin stjórn síldarverksmiðja ríkisins og að framkvæmdastjóri síldarverksmiðjanna verði einnig framkvæmdastjóri togaraútgerðarinnar. Með þessu móti ætti að vera hægt að spara verulegt fé í stjórnarkostnaði og framkvæmdastjórakostnaði og einnig skrifstofuhaldi, þar sem líklegt má telja, að ekki þyrfti neitt aukið mannahald hjá ríkisverksmiðjunum, þó að starfsliði þeirra væri ætlað að taka þetta hlutverk einnig að sér.

Í 4. gr. er svo tekið fram, að þessum togurum sé einnig ætlað að afla ríkisverksmiðjunum hráefnis, þannig að rekstrartími þeirra geti orðið nokkru lengri en nú er og þannig bætt afkomumöguleika þeirra, þó þannig, að ekki sé misst sjónar á höfuðhlutverki hinna ríkisreknu togara, sem sé að jafna atvinnuna í landinu.

Ég sé ekki ástæðu til að gera efni 5., 6. og 7. gr. að umræðuefni. Þær greinar skýra sig að öllu leyti sjálfar.

Eins og ég hef þegar gert grein fyrir, þá er þetta frv. tilraun í þá átt að taka atvinnuleysisvandamálin öðrum tökum en gert hefur verið til þessa. Menn eru búnir að fá reynslu af því, að atvinnubótavinna, sem framkvæmd er af bæjar- og sveitarfélögum, venjulegast með ríkisaðstoð, með framlögðu fé úr ríkissjóði, vill oft og tíðum skila litlum arði, þó að menn hins vegar séu líklega sammála um, að hún sé þó tiltækilegri úrlausn í atvinnuleysisvandamálunum heldur en að taka hið atvinnulausa fólk hreint og beint á framfærslu hins opinbera. Það er þó vitað, að ekkert verðmæti kemur upp í framfærslueyrinn. En atvinnubótavinnan hrekkur skammt. Og þá er spurningin: Hvernig á að sjá fyrir því fólki, sem ekki á þess kost að leggja fram vinnuorku sína í þjónustu þjóðfélagsins og verður þannig vanmegnugt þess að sjá fyrir sér og sínum? Það eru ekki áhyggjur af þessum málum þar, sem nægur skipastóll er og næg atvinnutæki í landi, nema því aðeins að afli bregðist gersamlega, en aflatregða undanfarinna ára hefur víða valdið því, að það er fjarri því á ýmsum stöðum, að nægilega margir vélbátar séu í rekstri til þess að fullnægja í fyrsta lagi atvinnuþörf viðkomandi staðar og í öðru lagi til þess að þeir geti með þeim lélegu aflabrögðum séð fiskvinnslustöðvum viðkomandi staðar fyrir hráefnum til vinnslu. Og þá gerist það, að fólkið gengur vitanlega atvinnulaust og stórkostleg atvinnutæki eru ónotuð. Á öðrum stöðum er ekki hægt að bjarga því við að afla fiskiðnaðarfyrirtækjunum hráefnis með vélbátaútgerð, vegna þess að það er orðið svo langsótt á fiskimið, að það er ekki unnt að ná til aflans með vélbátum. Þá hefur á nokkrum stöðum verið bætt úr þessu með kaupum togara, sem annaðhvort einstaklingar eða einstök bæjarfélög hafa keypt og rekið. Menn gerðu sér vonir um, að nýsköpunartogararnir mundu bæta úr atvinnuleysisvandamáli þeirra staða, sem þeir fóru til, en þær vonir hafa að verulegu leyti brugðizt víðast hvar. Rekstri

þeirra hefur verið hagað þannig, eins og alkunnugt er, að þeir hafa flutt aflafeng sinn á erlendan markað sjálfir, gersamlega óunninn, og þannig skapað mjög litla atvinnu í landi. Það er fullyrt, að þeir eigi ekki annars kost, því að lánastarfsemi bankanna sé hagað á þann veg, að þeir fái ekki nægilegt rekstrarfé til þess að geta átt sjálfir aflafeng sinn, legið með hann í fleiri eða færri mánuði og kostað vinnslu hans. Hins vegar fá þeir greitt út í hönd andvirði aflans, ef þeir sigla með hann á erlendan markað.

Það virðist ekki, að hæstv. ríkisstj. hafi getað haft þau áhrif á stefnu bankanna í þessum málum, að hægt yrði að beita nýsköpunartogurunum almennt sem atvinnusköpunartækjum í sambandi við fiskiðjuverin, en það hefði vitanlega verið það langsamlega æskilegasta og leyst vandamál þeirra staða, þar sem slíkir togarar eru gerðir út. Það getur ekki heitið, að það sé nema einn kaupstaður á Íslandi, sem hefur notað nýsköpunartogarana til öflunar hráefnis fyrir hraðfrystihúsin og hefur með því móti gerbreytt atvinnuástandi þess kaupstaðar, en þetta er Akraneskaupstaður. Aðrir telja sig ekki geta þetta og bera aðallega fyrir sig, eins og ég áður sagði, rekstrarfjárskortinn. Það hafa því orðið erlendir verkamenn, en ekki íslenzkir, sem hafa fengið vinnu við afla þessara íslenzku skipa, en atvinnuleysið aftur blómgazt á Íslandi samtímis. Það er afar hætt við því, að það verði svo í næstu framtíð, að nýsköpunartogararnir verði að nokkuð miklu leyti látnir sækja afla á fjarlæg mið og fara með hann óunninn til markaðslandanna. Það verða því ekki byggðar sterkar vonir á því, að þeir bæti úr atvinnuleysisvandamálinu umfram það, sem þeir hafa gert núna á seinustu árum, sem er allt of lítið, eins og ég hef tekið fram.

Þá hefur verið stungið upp á því, og þeirri skoðun virðist vaxa fylgi frá ári til árs, að Íslendingar kaupi sér nokkra togara af smærri gerð en nýsköpunartogararnir eru, ekki stærri en 200—300 tonna skip, og geri þá beinlínis út með það fyrir augum, að þeir leggi aflann á land á ýmsum stöðum eftir atvinnuþörf og verkefnaþörf fiskiðjuvera. Ef þessi skip væru keypt af einstaklingum og rekin af þeim, þá yrði verkefni hvers slíks skips aðeins það að bæta úr atvinnuþörf og fullnægja fiskvinnslumöguleikum einhvers eins staðar. Sama yrði niðurstaðan, ef þeir yrðu keyptir og reknir sem bæjarfyrirtæki. Það er því ekki af prinsipástæðum, sem við flm. þessa frv. leggjum til, að þessir togarar verði reknir af ríkinu, heldur af hinu, að þeir gegni því hlutverki að leggja afla á land, kannske á 2—3 höfnum norðanlands í einni veiðiför og svo kannske á 2—3 höfnum vestanlands í annarri veiðiför og ef til vill afla á 2—3 Austfjarðahöfnum í þeirri þriðju. Þessu er ekki hægt að koma fyrir, nema því aðeins að þetta séu skip, sem séu eign ríkisins, undir stjórn manna, sem valdir væru af ríkinu til þess að leysa þetta þjóðfélagslega vandamál hinna ýmsu staða, sem ríkið vitanlega hefur skyldur við. Það er af þessum ástæðum og þessum ástæðum einum, sem við í þessu frv. leggjum til, að ríkisrekstrarfyrirkomulagið sé viðhaft. Við getum ekki séð, að hin önnur rekstrarform, einstaklingsrekstur eða bæjarútgerð, geti átt þarna við, svo að skipin næðu þeim tilgangi sínum, sem markaður er í þessu frv.

Ég get upplýst það, að í skýrslum þeim, sem atvinnumálanefnd ríkisins hefur nú fengið frá mörgum bæjarfélögum og kauptúnum, þar sem lagðar hafa verið fram till. frá sveitarstjórnum og atvinnumálanefndum viðkomandi staða, hefur mjög víða verið till. um það, að þar þyrfti að leggja afla á land úr togurum þann tíma ársins, sem ekki sé hægt að stunda fiskveiðar á þeim vélbátaflota, sem á stöðunum sé. Sumir þessir staðir hafa ekki hafnarskilyrði til þess að geta afgreitt nýsköpunartogara, en hefðu hins vegar hafnarskilyrði til þess að geta afgreitt togara, sem væru ekki stærri en 200—300 tonn. Sumir þessara staða eru þannig settir með hraðfrystihúsakost, að þeir gætu ekki tekið við svo stórum farmi sem nýsköpunartogararnir koma með úr einni veiðiför, en gætu hins vegar ráðið við farm smærri togara, sem þess vegna hefðu styttri útivist hverju sinni og kæmu með minni aflafeng í einu. Að þessu tvennu leyti mundu smærri togarar miklu betur fullnægja þeim skilyrðum, sem eru fyrir hendi, einkanlega í kauptúnunum, og leysa betur þetta vandamál heldur en unnt væri nema með stórkostlegum umbótum, stækkun fiskiðjuvera og umbótum á hafnarmannvirkjum, ef nýsköpunartogurunum væri ætlað að leysa vandann. Þá er það svo með ýmis hinna smærri kauptúna, að þar eru kannske ágæt skilyrði meira en helming ársins til þess að afla fisks á smærri vélbátum og sjómannastéttin þar hæfir nokkurn veginn þeim vélbátaflota, sem til er. Ef nú væri fenginn togari í svona kauptún og ætti að manna hann út þaðan og hann væri í einkaeign eða bæjarrekstri, þá má búast við, að fyrst í stað sköpuðust af því vandkvæði, að meginþorri sjómannanna færi á togarann og vélbátaflotinn stæði svo mannlaus eftir, og drægi þannig úr framleiðslugetu þess flota, sem fyrir er, og það væri hvergi nærri gott. Hitt hentaði þá betur, að ríkistogari kæmi þar að landi þann hluta ársins, sem vélbátaflotinn væri ekki í gangi, og legði þar afla á land til þess að skapa atvinnumöguleika fyrir verkafólkið á landi. Það kom t. d. fram í sambandi við togaramál Húsvíkinga. Þeir gerðu grein fyrir því, að það væri mjög þýðingarmikið fyrir þá að halda úti vélbátunum, sem þar væru, vor og sumar og fram á haust, en eftir að komið væri fram í októbermánuð, væri engin leið að ná á fiskimiðin með vélbátunum, sem þar væru staðsettir, fyrr en aftur kæmi fram í marz- eða aprílmánuð, og á þessum tíma væri þess vegna staðbundið atvinnuleysi í Húsavík og þyrfti að vera hægt að leggja togaraafla þar á land. Það yrði vissulega miklu minni röskun í þessu kauptúni með því móti, að sjómennirnir af vélbátaflotanum færu ekki á togara, sem ætti þar heima, heldur héldu áfram sínum atvinnuvegi 7—8 mánuði ársins, en atvinnulífinu væri séð

borgið eða því veitt nauðsynleg aðstoð með því, að lagður væri á land aflafengur ríkisrekins togara yfir vetrarmánuðina. Þannig eru margir staðir, að það þarf að fá verkefni fyrir hraðfrystihúsin og verkefni fyrir atvinnulaust fólk yfir vetrarmánuðina. Á öðrum stöðum þarf að sinna þessu hlutverki yfir sumarmánuðina. T. d. á Vestfjarðahöfnunum ýmsum skapast atvinnuleysistímabil jafnaðarlega yfir sumarmánuðina. Þá fá hraðfrystihúsin ófullnægjandi hráefni frá vélbátum þar vestur frá. Meginhluti vélbátaflotans hefur þá oftast nær verið á síldveiðum í öðrum landshluta og ákaflega rýr atvinna oft hjá fólkinu, sem eftir er í kauptúnunum vestanlands, einmitt á sumrin. Þannig gæti hlutverk ríkisrekins togara skipt um stað nokkuð eftir árstíðum, — togarinn fullnægt sínu hlutverki yfir vetrarmánuðina í einum landshlutanum og á sumrin eða á vorin í öðrum.

Ég hef með því, sem ég hef nú sagt, gert í fyrsta lagi grein fyrir meginefni frv. og í öðru lagi rætt það, hvers vegna við teljum, að þessir togarar þurfi að vera ríkisins eign, þegar þeir eru að inna það almenna þjóðfélagslega hlutverk af hendi að koma í veg fyrir atvinnuleysi, hvar sem það gerir vart við sig í landinu. Í þriðja lagi hef ég reynt að gera grein fyrir því, hvers vegna þeir komi að almennari notum en jafnvel hinir stóru og fullkomnu nýsköpunartogarar okkar og hvernig þeir falli betur inn í það atvinnulíf, sem á vissum tímum árs er í kauptúnum og sjávarþorpum og togaraútgerðin, sem ætti að bæta úr atvinnuleysisástandinu vissan tíma árs, mætti þá ekki trufla eða raska, og hef komizt að þeirri niðurstöðu, að þessu öllu verði bezt náð með því, að ríkið ráðist í að kaupa ekki færri en fjóra 200—300 tonna dieseltogara og geri þá út með þetta hlutverk fyrir augum.

Ríkið hefur ekki getað komizt hjá því á undanförnum árum að verja milljónum til þess að hlaupa undir bagga með kaupstöðum og kauptúnum vegna atvinnuleysis, og hefur því verið varið ýmist til styrktar við vélbátaútgerð ellegar til þess að framkvæma miður arðsama atvinnubótavinnu. Ég mundi vilja gera mér vonir um það, að ef ekki tækist svo lánlega til, að slík útgerð nýtízku skipa, sem þannig ættu að vera ódýrari í rekstri en hinir eldri togarar, gæti verið rekin hallalaus, þá mætti þó a. m. k. gera sér vonir um það, að halli þeirra yrði ekki meiri en þeim fjárfúlgum nemur, sem þjóðfélagið hefur nú á undanförnum árum varið til þess að reyna að draga úr atvinnuleysinu, þegar það hefur skapazt og verið komið í algleyming, og þó ekki tekizt nema að sáralitlu leyti að bæta úr því. Það er ömurlegt að horfa upp á það framvegis eins og hingað til, að atvinnufyrirtæki, sem annaðhvort einstaklingar eða sveitarfélög eru búin að binda of fjár í, séu lítt eða ekki notuð og fólkið atvinnulaust allt í kringum þessi fyrirtæki. Mér virðist — og okkur flm. þessa frv., að það væru miklu ánægjulegri afskipti af þessum málum fyrir ríkisstj. á hverjum tíma að bæta úr þessu hvoru tveggja með myndarlegum aðgerðum heldur en að vera sífellt að leggja fram stórfé í þessu skyni, án þess að geta þó nokkurn tíma ráðið við atvinnuleysisvofuna, sem alltaf skýtur upp kollinum frá ári til árs þrátt fyrir þá viðleitni, sem sýnd hefur verið af hendi ríkisins í því formi, sem gert hefur verið til þessa.

Ég vil vona, að vilji hv. þm. til þess, að ríkisvaldið geri myndarlega tilraun til þess að fyrirbyggja atvinnuleysi með þessum hætti, sem hér er lagt til, fái góðar undirtektir og frv. verði afgr. á þessu þingi. Þm. eru vissulega búnir að fá góðan tíma til þess að átta sig á þessu máli, þar sem málið er nú flutt í þriðja sinn og viðhorfið hefur á þeim tíma vissulega breytzt í þá átt, að þörfin er brýnni nú en nokkru sinni fyrr. Atvinnuleysið er alvarlegra nú en það hefur verið nokkru sinni fyrr, a. m. k. nú í mörg ár.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði, þegar þessari umr. lýkur, vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

39. Búnaðarbanki Íslands (frv. ÁS um lán úr mótvirðissjóði).

Á 31. fundi í Nd., 24. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um lán úr mótvirðissjóði til Búnaðarbanka Íslands [163. mál] (þmfrv., A. 280).

Á 32. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Flm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð í framsögu fyrir þessu máli, vegna þess að í grg. er tekið fram svo að segja allt, sem þarf að segja til skýringar á því.

Það er kunnugt, að fjárskortur hefur mjög háð starfsemi Búnaðarbanka Íslands, og núna stendur mjög illa á gagnvart því atriði, sem þetta frv. fjallar um. Það hefur verið um það rætt hér í Alþ., og hv. þdm. muna það vel, að á síðasta þingi var samþ. frv. til l. um lántökuheimild fyrir ríkisstj. handa Búnaðarbankanum, og skyldi það lán tekið í Alþjóðabankanum. Þetta lán var tekið á þessu ári, og það er það fé, sem bankinn hefur yfirleitt til að lána út nú sem stendur. En þessu láni fylgdu þau skilyrði, að það má ekki lána neitt af því

fé til framkvæmda, sem unnar voru fyrir 1. nóv. 1951. Þetta hefur komið til umr. hér í d. fyrr á þessu þingi. Nú stendur svo á, að það fé, sem bankinn hafði til umráða, áður en hann fékk þetta lán, hefur ekki hrokkið til þess að greiða út lán til allra þeirra framkvæmda, sem unnar voru fyrir þennan tíma, og þess vegna er þar bil á milli, sem alveg nauðsynlegt er að brúa, því að eins og ástandið er núna, eru allmargir menn, sem búnir voru að vinna ákveðnar framkvæmdir í þeirri góðu trú, að þeir fengju lán í bankanum eins og aðrir, þ. e. a. s. þeir nytu sömu réttinda eins og aðrir, en hafa lent á þessu tímabili, og þess vegna er það hreinn óréttur gagnvart þeim, ef ekki verður leyst úr þessu hið allra bráðasta. Þess vegna er það, að ég flyt þetta frv. um, að ríkisstj. skuli heimilt að lána Búnaðarbankanum allt að 3 millj. kr. úr mótvirðissjóði til þess að leysa úr þessu eina atriði, sem hér er um að ræða.

Ég vil benda á það í sambandi við þetta, að það er hér á leiðinni í gegnum þingið frv. frá ríkisstj. um 22 millj. kr. lán í Alþjóðabankanum vegna Búnaðarbanka Íslands. En það má ganga út frá því sem vísu, að þó að þetta lán fáist, sem ekki mun þó vera einu sinni víst um enn þá, þá muni því fylgja sömu skilyrði eins og hinu fyrra, svo að það mundi alls ekki leysa úr þessu vandamáli, sem hér er um að ræða, og alls ekki bæta úr þeim órétti, sem þessum mönnum verður gerður, ef ekki verður fljótlega leyst úr lánaþörf þeirra hvað þetta snertir. Mér virðist þess vegna eðlilegt, að það verði gripið til þess ráðs að lána þetta fé úr mótvirðissjóði, a. m. k. núna í bili, til þess að leysa úr þessu sérstaka vandamáli, og ég geri mér von um það, að þetta frv. geti, vegna þess að hér er svo lítið um að ræða, komizt mjög fljótt í gegnum þingið. Það vita að vísu allir, að það eru fleiri frv. í þinginu um aukið fé handa Búnaðarbankanum, en það eru yfirleitt miklu stærri mál, og má búast við, að þau tefjist meira. En þetta verkefni þarf að leysa svo fljótt, að ég tel ástæðu til þess að taka það sérstaklega út úr.

Ég skal ekki hafa miklu fleiri orð um þetta. Ég mundi út af fyrir sig alveg eins sætta mig við það, ef hæstv. ríkisstj. sæi einhverja aðra leið til þess að leysa úr þessu sérstaka vandamáli. Þá er það út af fyrir sig gott og blessað. Mér hefur komið þessi lausn til hugar, og ég tel hana tiltölulega mjög auðvelda vegna þess fjár, sem er núna í mótvirðissjóði, og hef þess vegna flutt þetta frv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er rétt, sem kemur fram í grg. þessa frv. og framsöguræðu hv. þm., að hér er bil nokkurt, sem brúa þarf, til þess að allt geti farið vel fram um lánveitingar úr ræktunarsjóði og byggingarsjóði og engir verði útundan. Ríkisstj. hefur þetta mál í athugun, og geri ég mér vonir um, að hún muni áður en langt um líður finna á því heppilega lausn. En þessa leið, sem hv. þm. stingur upp á í frv., er aftur á móti ekki hægt að fara af ýmsum ástæðum, sem ég sé ekki ástæðu til að greina nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

40. Framleiðsluráð sjávarútvegsins o. fl.

Á 17. fundi í Sþ., 27. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um framleiðsluráð sjávarútvegsins, afnám bátagjaldeyrisskipulagsins o. fl. [169. mál] (þmfrv., A. 309).

Á 33. og 34. fundi í Nd., 2. og 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., 8. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ekki fyrir alls löngu var til umr. í Sþ. þáltill. varðandi bátagjaldeyrinn, sem um urðu allmiklar umr. Ég gat þess þá, að Alþfl. mundi síðar bera fram á lögformlegan hátt og í frumvarpsformi till. sínar um það, hvað ætti að koma í stað þess vanskapnaðar, sem undanfarin ár hefði verið og ríkt í þessum efnum, þ. e. bátagjaldeyrisins. Þetta frv., sem nú er til 1. umr., gengur einmitt m. a. í þá átt að benda á önnur og frá okkar sjónarmiði séð heillavænlegri úrræði til þess að tryggja rekstur bátaútvegsins. Það er ekkert vafamál, að sjávarútvegurinn er Íslendingum lífsnauðsyn. Milli 95 og 97% af öllum þeim útflutningi, sem gjaldeyri gefur heim til íslenzku þjóðarinnar, eru sjávarafurðir, og það mun láta nærri, að um helmingur af þessari upphæð séu verðmæti, sem veidd eru á bátaflotann, en þó að verulegu leyti unnin í landi í frystihúsum, til herzlu og á ýmsan annan hátt. Má því segja, að um 45—50% af þeim gjaldeyri, sem útflutningur Íslendinga gefur, stafi beint og óbeint frá bátaútveginum. Ræður þá að líkum, hversu mikil nauðsyn það sé, að þessi atvinnurekstur geti áfram starfað, og þá einnig hitt, að hann sé rekinn með því hagkvæmasta og bezta móti, sem unnt er við að koma fyrir þjóðarheildina og þann mikla fjölda fólks, sem hefur lífsafkomu sína beint eða óbeint í sambandi við rekstur bátaútvegsins.

Það skyldi þess vegna engan undra, þó að það gæti verið verulegt og stórt mál hér á Alþ. að ræða um, hvaða úrræði væru heppilegust og bezt til áframhaldandi rekstrar þessa nytja-

atvinnuvegar íslenzku þjóðarinnar, en í staðinn hefur á þessu — ég vil segja nokkuð einstæða og ég vil einnig segja allt að því ömurlega Alþ., sem nú stendur yfir, litlum tíma verið eytt í það að ræða um lausn slíkra nytsemdarmála eins og þess, sem hér liggur fyrir. Í stað þess hefur verið farið inn á þær brautir, að íslenzka ríkisstj. hefur tekið sér vald, sem er mjög vafasamt að hún hafi fulla heimild til í l., til þess að framkvæma þær aðgerðir, sem hafa orðið til þess, en þó ekki á heillavænlegan hátt, að rekstur bátaútvegsins hefur ekki stöðvazt.

Það var svo, eins og alkunnugt er, að á árunum frá 1946—49 incl. ákvað Alþ. Íslendinga, til þess að tryggja rekstur bátaútvegsins, að ábyrgjast þeim, sem höfðu þennan útveg með höndum, ákveðið lágmarksverð, miðað við hvert kíló af fiski, sem aflaðist á bátana, sem stunda hér fiskveiðar. Þessar ákvarðanir Alþ. sættu misjöfnum dómum, og oft voru þær gagnrýndar, en þær voru framkvæmdar af tveimur ríkisstjórnum í röð, annarri þeirri ríkisstj., sem tók þetta upprunalega upp undir forsæti hæstv. núverandi atvmrh., og sú stjórn naut stuðnings þriggja flokka hér á Alþ., og síðan af þeirri ríkisstjórn, sem næst kom á eftir og ég hafði forsæti í. Það, sem ekki hvað sízt var talið þessu skipulagi til óþurftar, var það, að afla þurfti verulegra tekna til þess að standa undir þeim ábyrgðum, sem ákvarðaðar voru um verðlag á þeim fiski, sem veiddist á íslenzku bátunum. Ég játa það að vísu, að skattar og tollar eru aldrei vinsælir, og svo var ekki heldur með þá skatta og tolla, sem voru lagðir á til þess að standa undir þeim skuldbindingum, sem ríkið tók á sínar herðar til þess að tryggja rekstur bátaútvegsins. En það hefur þó komið á daginn, að þegar leitað var nýrra úrræða og annarra og segja má róttækari til þess að tryggja rekstur þessa mikilsverða atvinnuvegar, þá var það samt ekki svo, að niður væru felldir þeir skattar og tollar, sem áður voru á lagðir í því skyni að standa straum af ábyrgðarverðinu, sem tekið var á Alþ. og var samfleytt í gildi um 4 ára skeið. Ekki aðeins var þessum sköttum og tollum við haldið og þeir látnir renna til greiðslu almennra útgjalda ríkisins, sem fara stórlega hækkandi með hverju ári, sem líður, heldur var líka gripið til þess úrræðis, sem allir kannast við, þ. e. gengislækkunarinnar, sem m. a. tók í upphafi helming til sín af öllum sparifjáreignum landsmanna. Helmingurinn var gerður að engu með einu pennastriki á Alþ., auk þess sem þessi ráðstöfun hafði í för með sér þungar byrðar og sívaxandi fyrir allan almenning í landinu. En ekki nóg með það, að svo væri. Fyrirheitin um gengislækkunina voru bundin þeim loforðum, að nú mundi vera hægt að reka bátaútveginn án annarra aðgerða af hálfu ríkisvaldsins, en það hefur líka reynzt rangt. Í staðinn fyrir og ofan á gengislækkunina, þar sem haldið er öllum sköttum og tollum, sem áður voru á lagðir til þess að forðast gengislækkunina og til þess að tryggja rekstur bátaútvegsins, var farið inn á nýjar leiðir, til þess að bátaútvegurinn stöðvaðist ekki alveg, og lagðar milljónabyrðar á herðar landsmanna með þeim hætti, sem gert var. Því hefur verið haldið fram, að bátagjaldeyrisleiðin hafi raunverulega verið byrjuð á þeim tíma, sem ríkisstjórn sú sat, þar sem ég átti forsæti. Þetta er rangt í öllum höfuðatriðum, og hefur hv. þm. Hafnf. að gefnu tilefni út af ummælum hæstv. viðskmrh. rækilega sýnt fram á, að svo er, og þarf ég ekki að endursegja þá réttu frásögn, sem hann hafði uppi hér á Alþ. um þetta atriði í sögu málsins.

Það hefur verið farið inn á það í sívaxandi mæli að heimila að leggja á allt að helming af þeim afla, sem veiddur er á bátaflotann, ákveðið gjald fyrir þá aðila, sem flyttu inn vörur fyrir andvirði þessa útflutta fisks, — sérstakt gjald, sem nemur frá 20 og upp í 60% af heildarupphæðinni af þeim helmingi andvirðisins, sem fékkst fyrir fiskinn, sem veiddur var á íslenzka bátaflotann. Nú er einn sá galli á öllu þessu, að ekki hefur verið unnt að fá frá hæstv. ríkisstj. nokkra skýrslu eða almenna frásögn um framkvæmd þessa óskapnaðar, þannig að menn þurfa að reyna að kafa inn í þetta völundarhús til þess að leita þar véfrétta um það, hvernig fyrirkomulagið sé og hvernig því hafi yfirleitt verið háttað, og það er erfitt að rata um völundarhús bátagjaldeyrisóskapnaðarins.

Um hitt þarf ekki að deila, eins og nú hefur verið sagt og stundum hefur líka komið fram hér á Alþ. frá öðrum hv. þm., að með bátagjaldeyrisóskapnaðinum hefur verið lagður nýr og mjög þungur tollur eða eins konar aðflutningsgjald á vissar vörutegundir, sem fluttar eru inn samkv. þeim listum, sem kenndir eru við bátagjaldeyrinn. Þarf ekki um það að vita annað né meira en það, eins og ég nú hef sagt, að upphæð þessi nemur í hundraðshluta 20—60%. Mega allir af því sjá, hverjar geysiupphæðir eru þannig lagðar á landsmenn þá, er neyddir eru til þess eða vilja óneyddir kaupa þær vörur, sem háðar eru þessu okurálagi. Og ofan á allt þetta bætist, að kaupsýslumönnum þeim, sem verzla með þessar vörur, eru engin takmörk sett um eigin álagningu á þessar vörutegundir. Fyrir utan sjálft innkaupsverðið á vörunum kemur þetta háa álag, sem nefnt er bátagjaldeyrir, og ofan á allt þetta leggja innflytjendurnir svo sinn ágóðahluta, sem er ekki alltaf sérstaklega skorinn við nögl. Þarf því engan að undra, þó að bátagjaldeyrisskipulagið hafi orðið einn þáttur til þess að koma á því öngþveiti í íslenzka þjóðfélaginu, sem ríkir í dag, því öngþveiti, sem enginn sér nú fram á, hvernig muni ljúka, ef áfram verður haldið á líkum brautum og verið hefur undanfarin 2—3 ár. Má það heita hamingja íslenzku þjóðarinnar, ef þetta öngþveiti skapar ekki meiri ófarnað í íslenzku þjóðfélagi heldur en menn grunar enn þann dag í dag. Það er ekki nokkrum vafa bundið, að þetta leggst mjög þungt á allan almenning og það er einn þáttur í þeirri geigvænlegu dýrtíð, sem ríkir á Íslandi í dag, þeirri dýrtíð, sem á sér engan líka til samanburðar nokkurs staðar hér í Vestur-Evrópu, þeirri dýrtíð, sem sköpuð hefur verið á Íslandi

fyrir skammsýni stjórnarstefnunnar, sem ríkir á Íslandi í dag.

Það væri allt of langt mál og flókið að fara inn á framkvæmd þessa óskapnaðar og inn á það, hvernig þessu er fyrir komið. Þó vil ég aðeins nefna eitt dæmi, sem sýnir það, hversu mikið vald hæstv. ríkisstj. tekur sér umfram skýlaus lagaákvæði og hversu langt er gengið í því að leggja þungar álögur á þjóðina, og það er hinn svo kallaði guli saltfiskur. Á árinu 1950, áður en gripið var til bátagjaldeyrisóskapnaðarins í þeirri mynd, sem nú er, þá fluttist hingað til landsins allmikið af skemmdu eða slæmu salti fyrir ókunnugleika sakir. Og vegna óaðgæzlu sumra, ef til vill vegna óprúttni annarra, þá var þetta salt notað að verulegu leyti til að salta íslenzkan fisk, sem síðan átti að flytjast út sem útflutningsvara og saltfiskur frá Íslandi. Fiskur þessi reyndist lítt seljanlegur. Þá var tekið upp á því eftir samþykkt, sem gerð var í félagi íslenzkra útvegsmanna, þó með mjög knöppum meiri hluta, að óska eftir því, að andvirði þessa útflutta gula fisks kæmi undir bátagjaldeyrinn og heimilt væri eigendum fisksins að leggja hámarkið af bátagjaldeyrisálaginu á andvirði þessa fisks, eða 60%. Fyrst og fremst skorti, að mínu viti, alla heimild til þess að setja þennan gula fisk undir bátagjaldeyrisóskapnaðinn. Í annan stað var enn bætt gráu ofan á svart með því að leggja á sölu þessa fisks hæsta álagið, sem lagt hefur verið á í sambandi við bátagjaldeyrinn, eða um 60%. Ef það er rétt, að salan á þessum fiski hafi numið um 3 millj. kr. og að lagt hafi verið 60% ofan á það, þá hefur verið lagður nýr skattur á landsmenn, sem nemur um 1800 þús. í dýrari vörusölu í landinu vegna þessa fyrirbæris, sem meðal almennings og ekki sízt meðal útvegsmanna er kallað „guli fiskurinn". Þetta er eitt dæmi um ráðaleysisfálmið og ég vil segja allt að því óskammfeilni, sem beitt er í framkvæmd þessara mála. Og þegar það er líka athugað, að bátagjaldeyririnn sjálfur er lagður á innfluttar vörur, sem notaðar eru beint og óbeint til bátaútvegsins sjálfs, þá skyldi engan undra, þó að örðugt sé fyrir bátaútveginn með reksturinn, þar sem lagður er nýr og aukinn skattur á vöru, sem þarf nauðsynlega að nota til bátaútvegsins, en svo mun vera hvað þetta snertir.

Þegar þess er gætt, hvernig þessum málum er hagað í dag, þá hefði engan undrað, þó að ríkisstj., sem gerði sér ljóst, hversu væri um að ræða mikla líftaug íslenzks þjóðfélags, þar sem er útflutningur á sjávarafurðunum, reyndi að leggja sig fram í því skyni að gera eitthvað, þótt ekki væri það annað en skárra heldur en það ófremdarástand, sem ríkir í þessum málum í dag. En eins og ég sagði áðan, þá hefur hæstv. ríkisstj. og flokkar hennar hugsað um annað frekar en endurbætur á þessu sviði. Þess vegna er brýn þörf fyrir alþm., sem sjá, hversu það er nauðsynlegt að koma á einhverju viturlegra eða skárra skipulagi, að leggja fram till. sínar um það atriði.

Einmitt með þetta fyrir augum flytjum við þm. Alþfl. í þessari hv. d. það frv., sem hér liggur fyrir til umr. og er á þskj. 309, um framleiðsluráð sjávarútvegsins, afnám bátagjaldeyrisskipulagsins o. fl. Það, sem vakir fyrir okkur með flutningi þessa frv., er að koma á nýju og betra skipulagi í sambandi við bátaútveginn og þann iðnað, sem stendur í órjúfanlegu sambandi við sjálfan bátaútveginn, hraðfrystihúsin og aðrar slíkar stöðvar, sem eru í landi reknar aðallega til þess að vinna úr þeim afla, sem fæst á bátana. Það er lífsnauðsyn, eins og oft hefur verið sagt og undirstrikað, að auka verðmæti íslenzkrar framleiðslu með það fyrir augum, að fólkinu í landinu gæti liðið betur. Þegar verkalýðurinn, aðframkominn af kröppum kjörum, hefst handa um að heimta leiðréttingu mála sinna, þá er svarið: Þetta er ekki unnt. Við þurfum að framleiða meira og fá meiri verðmæti fyrir okkar útfluttu vörur. — En mér er spurn: Væri þá ekki ráð að líta lítið eitt í kringum sig og gæta að, hvort ekki finnast betri vegir í því skyni að reka íslenzka framleiðslu og þá sérstaklega þá framleiðslu, er varðar bátaútveginn, með betra og hagnýtara skipulagi til þess að fá meiri verðmæti til útflutnings og meiri gjaldeyri til kaupa á innfluttum nauðsynjavörum? — Þess er vissulega þörf, og ég tek bókstaflega ekkert mark á tali þeirra manna, sem segja, að það sé ekki hægt að greiða hærra kaup, vegna þess að framleiðslan þoli ekki hærra kaup, — þeirra sömu manna sem láta framleiðsluhættina reka á reiðanum og sinna engu, hversu skipulagslaust og illa þessi framleiðsla er rekin. Ef þeir gætu sýnt fram á það með gildum rökum, að framleiðslan væri vel rekin, með góðu skipulagi, svo ódýru og hentugu sem frekast væri kostur á, og samt væri ekki hægt að greiða hærra kaup, þá horfði málið öðruvísi við. En í dag, þegar þessir sömu menn neita því harðlega, að hægt sé að greiða hærra kaup, en láta það viðgangast, að framleiðslan sé rekin með algeru sleifarlagi og sem féþúfa fyrir fámenna stétt á Íslandi, þá tek ég ekki mikið mark á þessu ramakveini íslenzku ríkisstj. og atvinnurekenda þeirra, sem hún hefur á bak við sig.

Ég held, að það sé ekki nokkrum vafa bundið, að það sé nauðsynlegt að taka til athugunar, á hvern hátt er hægt að koma betur fyrir þeim stórþýðingarmikla atvinnuvegi, sem bundinn er við bátaútgerðina, og það sé hægt að slá því föstu, að það skipulag, eða réttara sagt skipulagsleysi, sem ríkir í þeim efnum, sé þjóðarheildinni mjög óhagstætt, en aðeins fámennum spákaupmannahópi til gróða, því að geta má nærri, að margur hefur fengið spón í askinn sinn í sambandi við innflutning á þeim vörum, sem fluttar eru inn eftir bátalistaóskapnaðinum, þar sem byrjað er á, eins og ég sagði áðan, að leggja 60% ofan á verðið, sem hefur fengizt fyrir útflutninginn, og síðan leggja ótakmarkað og eftir vild á það fyrir dreifinguna og söluna á þessum vörum. Það er hart til þess að vita, að þessi óskapnaður skuli hafa orðið til þess, að heiðarlegir bátaútvegsmenn búa við mjög kröpp kjör, og íslenzkir sjómenn,

sem vinnu stunda á þessum bátum, eru sannarlega ekki þannig settir, að þeirra kjör séu of góð, samtímis því sem fámennur hópur innflytjenda og dreifingaraðila á öllum þeim vörum tekur milljónir á milljónir ofan vegna þessa, sem látið er við líðast og hrundið af stað af íslenzkum stjórnarvöldum. Það er vissulega þörf á því, að þar sé tekið í taumana og það rösklega.

Eftir þessar almennu athugasemdir mun ég með fáum orðum minnast á efni frv., sem er þó frá mínu sjónarmiði séð svo skýrt og greinilegt, að fáar skýringar þurfa að fylgja.

Í 1. gr. er gert ráð fyrir að stofna framleiðsluráð sjávarútvegsins, sem skipað sé 5 mönnum, sem kjörnir séu á þann veg, sem 1. gr. tiltekur. Menn gætu sagt, að það væri verið að hrúga upp nýju ráði og nýrri n. hér og okkar till. beindust þá aðallega í þá átt. En svo er ekki, því að samtímis leggjum við til, sem frv. flytjum, að lögð verði niður fiskimálanefnd, sem starfað hefur mörg undanfarin ár, og framleiðsluráði sjávarútvegsins falið það hlutverk, sem fiskimálanefnd hefur með höndum. Er því raunverulega ekki um það að ræða, að það sé verið að stofna nýja nefnd eða nýtt ráð, heldur er verið að breyta um starfstilhögun frá einni n. til annarrar með það fyrir augum að koma þar á betra og hagnýtara skipulagi.

Í 2. gr. er svo ákveðið, hvað sé verkefni framleiðsluráðsins, og það er, eins og ég gat um nú á undan, að fara með þau störf, sem fiskimálanefnd hefur haft samkv. lögum nr. 75 frá 1937, í öðru lagi rannsókn á þörf bátaútvegsins fyrir opinbera fjárhagslega aðstoð og skipulagning og stjórn þeirrar aðstoðar og í þriðja lagi yfirstjórn á sölu afurða bátaflotans, þegar hann nýtur opinberrar aðstoðar á vegum ráðsins. Ég bið menn mjög að athuga ákvæði c-liðar 2. gr., hvað snertir yfirstjórn þá, sem gert er ráð fyrir að framleiðsluráði sé falin, að það er einungis fyrirgreiðsla og ákvörðun um sölu og útflutning þess fisks, sem aflast á þá báta, sem njóta aðstoðarinnar. Ef það eru fleiri eða færri af bátunum utan við það að njóta aðstoðar, þá hefur framleiðsluráð ekkert að gera með sölu á þeirra afurðum.

Það er gert ráð fyrir því í 3. gr., að framleiðsluráðið rannsaki í tækan tíma ástand og horfur hvað snertir bátaútveginn, svo að framleiðsluráðið sé tilbúið til að taka sínar ákvarðanir nógu snemma með það fyrir augum, að engin stöðvun þurfi að vera á útgerð bátanna.

Svo er í 4. gr. skilyrði fyrir því, að bátar geti notið aðstoðar, og það er í a-liðnum, að ýtrustu hagsýni sé gætt í rekstri bátaútvegsins. Þó að svo sé með rekstur sumra báta, — því skal sízt neitað, — að þar sé gætt ýtrustu hagsýni í rekstrinum, og er svo í sumum verstöðvum alveg sérstaklega, þá er það samt víst og áreiðanlegt, að á öðrum stöðum og hjá öðrum mönnum er sízt gætt þeirrar hagsýni og ráðdeildar, sem þyrfti í þessum efnum. Í b-liðnum er gert ráð fyrir því, að framleiðsluráðið setji það skilyrði, að allar rekstrarvörur séu keyptar hjá innkaupasamtökum bátaútvegsins, séu þær fáanlegar þar, eða með kjörum, sem ekki eru verri en þar gerast. Það er m. ö. o. verið að hvetja bátaútvegsmenn til víðtækari samtaka sér til hagsbóta varðandi innkaup á vörum til útgerðarinnar, og álít ég það mjög merkilegt atriði.

Í 5. gr. er svo gert ráð fyrir, hvernig aðstoðin sé veitt, og þarf ég ekki að skýra það efni sérstaklega.

Í 6. gr. er svo ráð fyrir því gert, að framleiðsluráði sé heimilt, að fengnu leyfi ráðh., að fela einum eða tveimur útflytjendum að annast sölu þeirra afurða, sem sæta eiga sölumeðferð samkv. 5. gr. Það er gert ráð fyrir því á sama hátt eins og í löggjöfinni um fiskimálanefnd og fiskimálasjóð, að það sé hægt að löggilda útflytjendur og að það sé hægt að koma fyrir skipulagi eitthvað í þá átt eins og nú tíðkast talsvert, t. d. með S. Í. F. og annað slíkt, sem hefur með útflutninginn á sjávarafurðunum að gera.

Þá er í 7. gr. gert ráð fyrir ákveðnum verðuppbótum til þeirra bátaútvegsmanna, þar sem sýnilegt er að undangenginni rannsókn, að þeir fái ekki hagað rekstrinum þannig, að verðlag á vörum þeirra sé nægilegt til þess að standa undir öllum rekstrarkostnaði. Er þá gert ráð fyrir því, að það verði greidd verðuppbót af því fé, sem framleiðsluráð hefur til umráða og rætt er um í 9. gr. frv.

Í 9. gr. er svo einmitt í sambandi við þetta rætt um fjáröflunarleiðir. Það er á þrennan hátt. Það er framlag ríkissjóðs, sem sé 10 millj. kr. á ári í 5 ár. Svo er gert ráð fyrir í b-liðnum í þessari gr., að ef það hrekkur ekki til og hagkvæmari rekstur en nú tíðkast á bátaútveginum og fiskiðnaðinum, sem stendur í sambandi við hann, dugi samt ekki til þess, að endarnir nái saman, þá sé heimild til þess að leggja aðflutningsgjald á vissar vörur, sem til landsins séu fluttar, í því skyni að taka þar af fé, sem varið væri til uppbótanna. Þar er ákvæði um, að það sé óheimilt að leggja nokkurt álag á gjald þetta, er vörur, sem það er greitt af, eru seldar í smásölu eða heildsölu, og að á brýnustu nauðsynjar almennings megi aldrei leggja þetta gjald. Að öðru leyti er gert ráð fyrir því í 12. gr., að ráðh. ákveði með reglugerð um starf framleiðsluráðs og framkvæmd laga þessara, þ. á m. um álagningu hundraðsgjaldsins, sem nú hef ég nefnt.

Svo er gert ráð fyrir í 10. gr., til þess að tryggja enn þá betur, að það sé ekki fjatrað með aðflutningsgjald, sem kynni að vera lagt á þessar vörur, á þann hátt, sem til óþurftar sé fyrir almenning, að innflutningur þeirra vörutegunda, sem greiða ber gjaldið af, skuli vera frjáls og óhindraður. Ef framleiðsluráð telur, að innflutningi þessara vara sé ekki haldið áfram með nægilegum hraða, þá er ráðinu, til þess að það geti staðið við ábyrgðarskuldbindingar sínar, heimilt að ákveða, að innflutningurinn sé háður leyfi ráðsins, og getur ráðið þá jafnframt boðið út til innflutnings einstaka vöruflokka og veitt þeim leyfi til innflutnings, sem bezt kjör býður hvað snertir verð og gæði, falið neytendasamtökum innflutning ákveðinna vörutegunda eða falið hags-

munasamtökum bátaútvegsins eða framleiðenda, sem vinna úr sjávarafurðum, þennan innflutning. Er þannig allt við þetta miðað, að komið sé í veg fyrir það hóflausa brask og spákaupmennsku, sem siglt hefur í kjölfar bátagjaldeyrisóskapnaðarins, eins og hann er nú rekinn og hefur verið rekinn síðustu ár.

Þá vil ég leggja ríka áherzlu á ákvæði 11. gr. Það er eitt af þýðingarmestu hlutunum varðandi þessi nýmæli og er um það, að framleiðsluráðið eigi að hafa með höndum, eftir því sem frekast er kostur á, öflun markaða fyrir íslenzkar sjávarafurðir. En það er áreiðanlega eitt af því, sem er einna nauðsynlegast og þarf mestra úrbóta, að ábyrg stofnun og aðilar, sem sérstaklega sé þetta falið, geri meira að því en gert hefur verið undanfarið að leita eftir nýjum mörkuðum erlendis fyrir okkar afurðir og að víkka út þá markaði, sem áður hafa fundizt og hafa verið of þröngir til þess, að þangað væri hægt að koma nægilega miklu af útflutningsvöru okkar.

Ég tel, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um efni þessa frv. En ég vil að lokum endurtaka það, að ég tel, að hér sé um mjög stórt og þýðingarmikið mál að ræða. Hunzun á slíkum till. sem þessum hjá ráðalausri ríkisstj. ber ekki vott um það enn þá, að hún hafi áttað sig á, á hvaða vegi hún er stödd og á hvaða veg hún hefur nú leitt íslenzku þjóðina. Ég vildi þess vegna mega vænta þess, að svo rík ábyrgðartilfinning væri meðal sumra hv. þm. í stjórnarfl., að þeir tækju til gagngerðrar athugunar þessar till., sem við nú flytjum fram. Vera má og er sjálfsagt, að þessar till., eins og öll mannanna verk, séu á þann veg, að það sé hægt að betrumbæta þær. Og ekki mundum við verða öðru fegnari heldur en að það kæmu umbótatill. varðandi þetta frv. frá hv. þm. eða öðrum þeim, sem um það eiga að fjalla. Erum við að sjálfsögðu mjög reiðubúnir til þess að athuga allar slíkar brtt., sem fram kynnu að koma. En ég vil aðeins segja, að ef þessu seinasta Alþ. á kjörtímabilinu lýkur án þess, að nokkuð sé gert í þessum málum, þá er þung ábyrgð þeirra, sem valda kyrrstöðunni og vandræðunum, m. a. út af meðferð þessara mála.

Ég legg svo til, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr., og ég held, að það ætti bezt við, að því væri vísað til hv. fjhn., þar sem hér er um stórt fjárhagslegt málefni að ræða, og legg ég það til fyrir mitt leyti.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það er aðeins viðvíkjandi till. 1. flm. um nefnd. Ég vil leyfa mér að leggja það til, að máli þessu verði vísað til hv. sjútvn., en ekki fjhn. Frv. er um framleiðsluráð sjávarútvegsins o. fl., og ég vil benda á það í þessu sambandi, að t. d. þegar hér var á ferð á þingi áður fyrr frv. um framleiðsluráð landbúnaðarins, þá fór slíkt mál til landbn. Ég tel því, að málið eigi betur heima á sjútvn. heldur en í fjhn.

Pétur Ottesen: Það er mikið rétt, að efnislega að sumu leyti ætti þetta mál heima í sjútvn. og ætti að fá meðferð þar. En ég vil benda á, að einn ekki lítill þáttur þessa frv. felur í sér stór árleg fjárframlög úr ríkissjóði, og að því leyti á þetta mál auðvitað frekar heima í fjhn. heldur en sjútvn. Og af því að hér var minnt á, að frv. um framleiðsluráð landbúnaðarins hefði áður fyrr verið í landbn., þá vil ég á það benda, að engin slík fjárframlög úr ríkissjóði voru tengd við það frv. Ég vildi þess vegna styðja þá till., sem flm. þessa frv. hefur borið fram, að eðlilegt væri, að þessu máli — vegna þeirra miklu fjárframlaga úr ríkissjóði, sem það felur í sér — væri vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 15:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJSt, ÁkJ, ÁB, EirÞ, EmJ, GTh, JPálm, JS, KS, MJ, ÓTh, PO, SÁ, SG, SB.

nei: SkG, HÁ, IngJ, JG, PÞ.

HelgJ greiddi ekki atkv.

14 þm. (StgrSt, AE, ÁS, BÓ, EOl, EystJ, GG, GÞG, HV, JóhH, JÁ, JR, JörB, LJós) fjarstaddir.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

41. Landshöfn í Höfn í Hornafirði.

Á 19. fundi í Sþ., 28. nóv., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um landshöfn í Höfn í Hornafirði* [172. mál] (þmfrv., A. 330).

Á 34. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., 8. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Vélbátafloti landsmanna hefur á undanförnum árum dregið mikla björg í þjóðarbúið. Mjög stór hluti af gjaldeyrisverðmætum þjóðarinnar hefur verið framleiddur af vélbátaflota landsmanna. Þetta er hv. alþm. og raunar allri þjóðinni ljóst, og til þess að vélbátaflotinn hafi getað haldið áfram starfsemi sinni nokkurn veginn óhindrað, hafa ýmsar ráðstafanir verið gerðar af hálfu ríkisvaldsins, sem í sjálfu sér leggja byrðar á ýmsar stéttir í þjóðfélaginu, en talið er óhjákvæmilegt vegna þess hlutverks, sem vélbátaflotinn hefur að gegna á sviði framleiðslunnar.

Eitt af því, sem er mjög mikilvægt atriði í sambandi við framleiðsluna, framleiðslu vélbátaflotans, er það að dreifa flotanum hæfi-

lega á fiskimiðin umhverfis landið. Þetta hefur þjóðhagslega þýðingu, bæði að því er viðkemur aflabrögðum og eins að því leyti, sem snertir búsetu þjóðarinnar í landinu.

Það er kunnugt, að fiskimiðin við suðurströnd landsins hafa reynzt mjög gjöful, og á vetrarvertíðum eru það þau fiskimið, sem gefa mesta björg í þjóðarbúið, en suðurströnd landsins er mjög hafnlítil, því að allt frá Þorlákshöfn að vestan og Vestmannaeyjum til Hornafjarðar að austan er algert hafnleysi og því útilokað, að vélbátar geti sótt veiðar á nokkrum stað á milli þeirra, sem ég hef nefnt, Þorlákshafnar og Hornafjarðar, þar út frá ströndinni.

Lega Hornafjarðar er þannig, að það er óhjákvæmilegt, að *vélbátafloti hafi þar bækistöð* á vetrarvertíðum, svo framarlega sem þjóðin ætlar sér að nota fiskimiðin við suðausturströnd landsins og fiskimiðin, sem liggja vestur með hinum hafnlausu ströndum Skaftafellssýslu.

Á s. l. hausti gerðist það enn fremur, að nokkur síldveiði átti sér stað á Hornafirði, og er það álit kunnugra manna, að því muni hafa að undanförnu verið allt of lítill gaumur gefinn, að það séu möguleikar á að stunda síldveiðar á þessum stað, því að sjómenn frá Hornafirði telja sig hafa orðið vara við síldartorfur þar á miðunum, á sama tíma sem vélbátaflotinn hefur legið aðgerðalítill eða nær aðgerðalaus við Norðurland. Er nokkur ástæða til að ætla, að það sé sjálfsagt að gefa því máli nánari gaum og að síldveiðar kunni að eiga sér nokkra framtíð á þessum slóðum.

Sú þróun hefur orðið að undanförnu í framleiðslunni við sjóinn, að bátarnir, sem sækja á miðin, hafa verið gerðir stærri og stærri, í því skyni að þeir gætu sótt lengra á djúpmiðin og aflað meira en hinir smáu bátar gerðu áður. En um leið og þróunin verður á þennan veg, þá þurfa hafnarskilyrðin að batna.

Hornafjörður er enn fremur allmikið framleiðsluhérað, og nær allir flutningar til Austur-Skaftafellssýslu, meginhluta héraðsins, fara *um höfnina í Hornafirði*. Það kallar enn á, að hafizt sé handa um endurbætur á höfninni til þess að greiða fyrir því, að flutningaskip geti athafnað sig á sem auðveldastan hátt á þessum stað. Eins og hafnarskilyrðin á Hornafirði eru nú, þá stendur það fyrir þrifum bæði vélbátaútgerðinni og vöruflutningum þar á staðinn, og er svo komið, að óhjákvæmilegt er nú á allra næsta tíma að hefjast handa um allstórfelldar framkvæmdir í hafnargerð á þessum stað.

Á undanförnum þingum hefur verið flutt frv. um landshöfn í Hornafirði, en það frv. hefur ekki náð fram að ganga. Frv. er því flutt hér að nýju með litlum breyt. frá því, sem verið hefur áður, og stöndum við 4 þm. í þessari hv. d. að flutningi málsins nú. Það er mjög mikilsvert, að löggjöf sé sett um þetta efni í samræmi við það frv., sem hér liggur fyrir, áður en hafizt er handa um þær framkvæmdir í höfninni, sem óhjákvæmilegt er að gera. Það er því von okkar flm., að hv. Alþingi beri gæfu til þess nú að lögfesta þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Ég vil svo leyfa mér að leggja það til, að frv. verði, eftir að þessari umr. lýkur, vísað til hv. sjútvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 37. fundi í Nd., 9. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 22. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 23. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 330, n. 557 og 583).

Frsm. meiri hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft frv. þetta til athugunar og sent það til umsagnar vitamálastjóra, en umsögn hans um frv. fylgir hér með í nál. frá meiri hl. n. á þskj. 557. Sjútvn. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en tveir nm. geta ekki fallizt á að samþ. frv. og hafa gefið út sérstakt nál.

Frv. um landshöfn í Höfn í Hornafirði hefur legið hér fyrir Alþingi áður og verið hér rætt talsvert, svo að málið er í öllum aðalatriðum þm. kunnugt og því ekki þörf á því að ræða ýtarlega um það. En ég vildi þó láta þess getið sérstaklega í sambandi við þetta mál, að svo mikil þörf sem hefur verið á því að undanförnu að fá samþykkt l. um það, að Höfn í Hornafirði yrði tekin í hóp þeirra staða, þar sem yrði gerð landshöfn og ríkið kostaði hafnarframkvæmdirnar að öllu leyti í sambandi við stofnframlag, þá er þó, eins og nú er komið, enn þá ríkari nauðsyn á því, að lög verði sett um þetta efni, heldur en áður var.

Það er kunnugt, að nú eru þegar í byggingu tvær landshafnir, báðar hér að vestanverðu á landinu, önnur í Keflavík og hin í Rifi, en hins vegar hefur Höfn í Hornafirði, sem lengi hefur verið á dagskrá, verið látin bíða. Af þessu leiðir svo það í framkvæmd, að bátar frá Austurlandi neyðast til þess að hætta útgerð að verulegu leyti fyrir suðausturströnd landsins, þar sem þeir hafa lengi áður fiskað á vetrarvertíð, og nú t. d. í vetur er svo komið, að næstum allir bátar frá Austurlandi flýja þessa gömlu útgerðarstöð sína og leita til útgerðar til Vestmannaeyja og til Faxaflóa og annarra þeirra hafna, sem hægt er að stunda vetrarvertíð frá og uppfylla betur skilyrði fyrir stærri báta heldur en höfnin í Höfn í Hornafirði. Hitt er svo líka ljóst mál, að aðstæður í Höfn í Hornafirði eru þannig, að það er varla við því að búast, að heimamenn þar leggi af eigin rammleik að mestu leyti í þær dýru hafnarframkvæmdir, sem þarna yrði um að ræða, því að á þeirra mælikvarða yrði þarna um talsvert dýrar hafnarframkvæmdir að gera, þótt hins vegar lands-

höfn í Höfn í Hornafirði yrði engan veginn neitt svipað því eins dýr og t. d. landshöfnin í Keflavík og ekki heldur eins dýr og höfnin í Rifi.

Það er áreiðanlegt, að samþykkt þessa frv., sem er að vísu mjög mikið hagsmunamál fyrir Austfirðinga, er einnig verulegt hagsmunamál fyrir þá, sem veiðar stunda hér við Faxaflóa, því að ég hygg, að þeim þyki flestum vera komið fullnóg af, að útgerð hvaðanæva af landinu svo að segja, t. d. öll útgerðin á Austurlandi, skuli eiga að koma hingað í Faxaflóa og keppa þar öll um tiltölulega takmörkuð mið hér, á sama tíma sem ágæt fiskimið, t. d. fyrir suðausturhluta landsins, eru látin alveg ónotuð vegna ónógra hafnarskilyrða.

Ég skal svo, eins og ég sagði, ekki hafa um þetta verulega mörg orð að þessu sinni. Ég veit, að hv. þm. þekkja málið, úr því að það hefur verið hér til umræðu áður, í öllum aðalatriðum, en meiri hl. sjútvn. leggur til, að þessum stað verði nú bætt við sem þriðja stað á landinu, þar sem ríkið lætur gera landshöfn og gera á þann hátt kleift að koma upp þeim hafnarmannvirkjum, sem þarna vantar tilfinnanlega.

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Nd., 28. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Frv. til l. um landshöfn í Höfn í Hornafirði var vísað til sjútvn. þessarar hv. deildar. N. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. n. hefur gefið út nál. á þskj. 557, þar sem hann mælir með samþykkt frv. Minni hl., hv. þm. Borgf. og ég, hefur einnig gefið út nál. á þskj. 583, þar sem við mælum gegn því, að frv. verði samþ.

Það, sem minni hl. sjútvn. vill sérstaklega benda á, er umsögn hv. vitamálastjóra um frv., sem prentuð er með nál. meiri hl. á þskj. 557. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. til l. um landshöfn í Höfn í Hornafirði hefur áður verið borið fram, en ekki náð fram að ganga. Það er rétt, sem segir í grg. með frv., að þessi staður er sá eini, sem kemur til greina á allstóru svæði að gera höfn á, og að í grennd við þennan stað eru fiskimið góð. Staðurinn hefur því mikla þýðingu sem verstöð fyrir vélbátaflota, bæði heimabáta og aðkomuskip. Það hefur hins vegar háð útgerð frá þessum stað, að afgreiðsluskilyrði í höfninni hafa ekki verið góð og móttökuskilyrði fyrir afla í landi hafa ekki verið fullnægjandi, t. d. hefur til skamms tíma ekki verið hægt að leggja fisk þar á land til frystingar. Nokkuð hefur verið úr þessu bætt á síðustu árum. Bátaafgreiðslan, sem áður fyrr var í eyjum, bæði Mikley og Álaugarey, hefur færzt inn í Höfn. Bryggjupláss þar hefur verið bætt, renna grafin frá Standey inn að Höfn, fyrirstöðugarðar byggðir frá Heppu í Standey og vestan við hafnarsvæðið fyrir innan Höfn. Frystihús hefur einnig verið reist, vatnsveita lögð og fleira gert til aukins hagræðis, svo sem innsiglingarljós á Suðurfjörur og við ósinn, sem komið var fyrir s. l. sumar.

Það, sem nú liggur fyrir að gera í hafnarmálum Hafnarkauptúns, er að grafa nýjan skipgengan skurð úr aðalálnum inn að Höfn og síðar að stækka og auka bryggjuplássið. Áætlun hefur nýlega verið gerð um skurðinn, og er áætlað, að hann muni kosta um 1 millj. kr., og þó e. t. v. eitthvað minna, ef heppilegt sanddæluskip fengist. Er þá reiknað með 4 m dýpi í skurðinum.

Um það, hvort heppilegra sé eða réttara að breyta nú til um rekstur hafnarinnar, þannig að ríkið taki eitt við framkvæmdum og höfnin verði gerð að landshöfn, eða sami háttur verði hafður á og áður, að hafnarn. staðarins annist þetta, skal ég ekki dæma. Það fer að sjálfsögðu eftir því, hvaða ákvörðun hæstv. Alþ. tekur um það mál, en ég vil þó leyfa mér að benda á nokkur atriði til íhugunar, áður en sú ákvörðun verður tekin:

1) Ef Höfn í Hornafirði verður gerð að landshöfn, má gera ráð fyrir, að þó nokkrar fleiri hafnir geri með engu minni rétti kröfu um það sama.

2) Ríkissjóður á nú í byggingu tvær landshafnir, sem erfiðlega hefur gengið að útvega fé til. Ætla má, að ef landshöfnum fjölgaði, yrði það ekki til þess að flýta fyrir hafnargerð á þessum stöðum, heldur þvert á móti.

3) Í frv. því, sem hér liggur fyrir um landshöfn, er gert ráð fyrir því, að rekstur hafnarinnar standi undir ⅔ af byggingarkostnaði, eða 66⅔%, en samkvæmt núgildandi l., sem höfnin býr við nú, er aðeins gert ráð fyrir, að höfnin sjálf standi undir 60% af byggingarkostnaði, þannig að hlutur hafnarinnar verður ekki betri, heldur lakari, þó að litlu muni, en áður var, ef breytingin verður gerð.

4) Það er sjálfsagt erfitt fyrir lítið hreppsfélag að standa í þeim stórræðum, sem hafnargerð óneitanlega er, auk annarra aðkallandi hluta. Skuldir hafnarinnar vegna hafnarmannvirkja, sem þegar hafa verið gerð, munu nú nema um ½ millj. kr. rúml. eftir þeim gögnum, sem ég hef í höndum. Viðbótarlán vegna þeirra framkvæmda, sem næst liggja fram undan, þurfa væntanlega að verða samkvæmt ofanrituðu um 600 þús. kr., og vildi ég mega ætla, að með aukinni útgerð, sem væntanlega fylgdi í kjölfarið, að takast mætti fyrir hafnarsjóð að standa undir þeirri upphæð."

Þetta er umsögn hv. vitamálastjóra.

Samkvæmt framangreindum upplýsingum virðist aðstaða í hafnarmálum Hafnarkauptúns hafa tekið töluverðum framförum á undanförnum árum, auk þess sem nú er fyrirhugað að grafa skipgengan skurð úr aðalálnum inn í höfn og síðan stækka og auka bryggjuplássið. Allar virðast þessar hafnarframkvæmdir miða í rétta átt. Þá bendir vitamálastjóri réttilega á það, að nú standi Hafnarkauptún aðeins undir 60% af kostnaði við hafnarframkvæmdir, en ef höfnin yrði gerð að landshöfn samkv. frv., yrði það að standa undir 66⅔% af þessum kostnaði.

Tvær landshafnir eru nú í byggingu. Önnur

í Keflavík og Njarðvíkum og hin í Rifi á Snæfellsnesi. Byggingu landshafnar í Rifi miðar mjög seint, enda hefur gengið mjög erfiðlega að útvega fé til hennar. Þar sem hæstv. ríkisstj. og Alþ. sér sér ekki fært að leggja meira fé árlega fram á fjárl. til hafnarframkvæmda heldur en raun ber vitni, er ekki að vænta stórkostlegra átaka í þessum málum, nema þá helzt á þeim fáu stöðum, þar sem bæjarfélögin eru vel efnum búin eða hafa aðstöðu til lánsfjárútvegunar, sem geri þeim mögulegt að flýta hafnarframkvæmdum. Ég tel því, eins og nú standa sakir, ekki ráðlegt fyrir hæstv. Alþ. að samþykkja fleiri landshafnir.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég þarf nú ekki að eyða mjög löngum tíma í að ræða þetta mál, vegna þess að það hefur svo mikið verið rætt áður hér í Alþ. og meira að segja búið að samþ. það áður í báðum deildum þingsins, þó að það gæti ekki orðið á sama ári, því miður, og þess vegna hafi það ekki orðið að l. En ég verð að segja það, að mér finnst það dálítið undarlegt, að hv. þm. Snæf. skuli sérstaklega ganga fram fyrir skjöldu til þess að mæla á móti landshafnargerð á þessum stað, þar sem hann hefur nú einmitt fengið í sitt eigið kjördæmi samþ. landshöfn og ekki samþ. á þann hátt, að það væri fyrst gengið gegnum Alþ., heldur var það raunverulega samningur milli tveggja flokka, áður en það kom til Alþ. En e. t. v. er það ástæðan til þess, að hann leggst á móti þessu máli, að hann óttist, að það muni draga úr framkvæmdum á Snæfellsnesi.

Ég vil taka fram, að ég vil þakka meiri hl. n. fyrir afgreiðslu þessa máls, og enn fremur það, að hv. frsm. meiri hl. skýrði nægilega vel í sinni framsöguræðu það atriði, að hér er alls ekki um að ræða hafnargerð fyrir Hornfirðinga eina, heldur fyrir Austfirðingafjórðung eða vélbátaútgerðina á Austurlandi.

Það er vitað, að áratugum saman hefur þetta verið verstöð fyrir vélbátaflota Austurlands, og nú er svo komið vegna þess, hvað seint gengur með hafnarbætur á Hornafirði, þar sem þar er aðeins um lítið hreppsfélag að ræða, sem að þessum mannvirkjum stendur, að vélbátafloti Austurlands getur ekki lengur stundað veiðar frá þessum stað og er farinn að þyrpast hingað suður í Faxaflóa, og þar af leiðandi verða ágæt mið, sem þarna eru, lítt eða miklu minna notuð heldur en vera skyldi.

Ég verð einnig að segja það, að mér finnst mjög hæpið af minni hl. n. að telja, að álit vitamálastjóra sé þannig úr garði gert, að ástæða sé til að vitna í það sérstaklega sem andstöðu gegn landshafnargerð á Hornafirði. Vitamálastjóri leggur yfirleitt málið ákaflega hlutlaust upp. Hann lýsir hlutlaust því, sem gert hefur verið síðast liðin ár, og hann lýsir enn fremur, að það er mikið þarna ógert. Í sambandi við það vil ég einmitt benda á annað, sem ekki hefur komið fram í umræðunum og ég ætlaði sérstaklega að gera að umtalsefni. Það er það, að nú virðist horfa þannig, að það séu möguleikar á að stunda allmiklar síldveiðar við Suðausturland og hefðu e. t. v. fyrr verið möguleikar, þó að þeir hafi ekki verið notaðir.

Á s. l. sumri fór lítill hluti af bátaflota landsmanna á síldveiðar við Suðausturland, einmitt á miðin út og austur af Hornafirði, og fiskaði þar ágætlega, eftir að hann var búinn að vera gersamlega síldarlaus hina eiginlegu síldarvertíð á miðunum við Norður- og Norðausturland. Ég hef aflað mér upplýsinga um það, þó að þær liggi ekki enn fyrir opinberlega, en verða væntanlega birtar áður en langt líður, að samkvæmt fiskirannsóknum eru mjög miklar líkur til, — svo að ég ekki segi alveg fullar sannanir fyrir því, — að á þessu svæði, út af Hornafirði og þar við Suðausturlandið, stutt frá Hornafirði, sé um mjög miklar hrygningarstöðvar sumargotsíldar að ræða, og enn fremur það, að vegna þess að þarna sé um svo miklar hrygningarstöðvar sumargotsíldarinnar að ræða, þá sé þar einmitt fyrir hendi sú líffræðilega undirstaða, sem þarf til þess, að síldveiðar geti verið nokkurn veginn öruggar. Það var rokið til þess að byggja miklar síldarverksmiðjur hér við Faxaflóa vegna þess, að eitt ár veiddist mikið af síld í Hvalfirði. Það var rokið til þess líka að kaupa síldarbræðsluskipið Hæring, sem er minnisvarði um þær framkvæmdir. En það hefur ekkert komið fram enn, sem hefur bent til þess, að í sambandi við Hvalfjarðarsíldina hafi verið um að ræða neina sérstaka líffræðilega undirstöðu, eins og hrygningarstöðvar þar í nánd, heldur hafi þarna verið aðeins einstakt fyrirbrigði síldargangna, sem stundum koma fyrir á einstökum stöðum, detta svo niður og ekki verður meira úr.

Þetta atriði vil ég sérstaklega benda á, og ég vil taka það fram, að ég vænti þess, að ekki verði langt þangað til eitthvað kemur fram opinberlega um þetta mál, sem sanni þetta mál mitt betur. Og fari svo, sem ég tel miklar líkur til, að það reynist, að þarna séu möguleikar fyrir bátaflota landsmanna til þess að stunda síldveiðar verulega seinni part sumars, á haustin og fram eftir vetri, og ef ekkert verður gert sérstakt af hálfu hins opinbera til þess að bæta hafnarskilyrði á Hornafirði meira en hefur verið gert og þessi litli hreppur með 400 manns á eingöngu að sjá um það verk, þá er hætt við, að það fari svo, að þjóðin verði af öflun stórkostlegra verðmæta, vegna þess að Alþ. hefur ekki viljað sinna þessu máli.

Af því að það er komið að þinglokum og ég vil ekki vera að tefja það, að málið komist áfram í þessari hv. deild, þá ætla ég ekki að hafa þessi orð fleiri núna. Málið hefur áður hlotið góðar undirtektir í þessari deild, þótt það hafi þannig viljað atvikast, að þó að allt Alþ. sé áður búið að samþykkja það, þá hafi ekki verið hægt að fá það samþ. á einu ári og þess vegna sé það ekki orðið að l. enn. En ég vildi samt sem áður vænta þess, að það fái góðar undirtektir í þessari deild núna við atkvgr.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil greiða fyrir því, að þetta mál fái skjóta afgreiðslu hér

í deildinni, og ætla ekki að tefja það með því að halda langa ræðu.

Ég vil aðeins með örfáum orðum þakka hv. sjútvn. fyrir afgreiðslu á þessu máli, og sérstaklega vil ég þó þakka meiri hl. n. fyrir þá afstöðu, sem hann hefur tekið til málsins, þar sem hann leggur til, að frv. verði lögfest.

Mér eru það nokkur vonbrigði, að n. skyldi ekki sjá sér fært að standa saman um afgreiðslu þessa máls og skila jákvæðri afgreiðslu, en það verður auðvitað að ráðast hér í deildinni, hvaða afgreiðslu málið fær að lokum.

Það hefur verið vitnað hér af hv. frsm. minni hl. n. í álitsgerð frá vita- og hafnarmálastjórninni um þetta mál. Í þeirri álitsgerð er það skýrt dregið fram, sem raunar sjútvn. og allir hv. þm. hljóta að vita, að Hornafjörður er eini staðurinn á allstóru svæði á landinu, sem til greina kemur sem útgerðarstöð, ef nota á þau auðugu fiskimið, sem eru við suðausturströnd landsins og vestur með eyðisöndunum í Skaftafellssýslu. Þetta er skýrt dregið fram í umsögn vitamálastjóra.

Nú er svo háttað, að hjá því verður ekki komizt að ráðast í allstórar framkvæmdir í höfninni á Hornafirði. En það leiðir af sjálfu sér, að það er ólíku saman að jafna, hvort fámennt og fremur fátækt hreppsfélag á að standa straum af hafnarframkvæmdum fyrir við skulum segja 10 vélbáta, sem mundi nægja þeim stað um nokkra framtíð, eða hvort á að miða framkvæmdirnar við útgerð 40—50 vélbáta. Það er það, sem um er að ræða, að hreppsfélagið sér sér naumast kleift að standa straum af þeim framkvæmdum, sem þarf að gera, til þess að tryggt sé um útgerð vélbáta, sem sækja þangað að frá ýmsum stöðum á landinu.

Ég tók það fram í upphafi máls míns, að ég vildi ekki tefja þetta mál, og ætla því ekki að hafa þessa ræðu lengri, en ég vænti þess, að hv. þd. gefi þessu gaum og fylki sér um það að afgr. þetta mál, svo að það geti náð fram að ganga sem l. á þessu þingi.

Umr. frestað.

Á 60. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 2. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Nd., 3. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SG, SkG, StgrSt, EOl, EirÞ, EystJ, GG, HÁ, HelgJ, JÁ, JörB.

nei: KS, PO, SÁ, StJSt, EmJ, GÞG, JóhH, JPálm, JS, JR.

MJ, HV, IngJ, SB greiddu ekki atkv.

9 þm. (LJós, ÓTh, AE, ÁkJ, ÁB, ÁS, BÓ, GTh, JG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég er því mjög hlynntur, að bætt verði hafnarskilyrði í Höfn í Hornafirði. En ég tel þetta ekki heppilegustu leiðina til þess og segi þess vegna nei.

2.—16. gr. samþ. með 13:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, StgrSt, ÁB, ÁS, EOl, EirÞ, GG, HÁ, HelgJ, JÁ, JörB, PÞ, SG.

nei: StJSt, EmJ, GÞG, JóhH, JS, JR, KS, PO, SÁ.

HV, IngJ, JPálm, MJ, SB greiddu ekki atkv.

8 þm. (AE, ÁkJ, BÓ, EystJ, GTh, JG, LJós, ÓTh) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:1 atkv.

Á 66. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., 5. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13:3 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

42. Búfjárhald í bæjum.

Á 34. fundi í Nd., 4. des., var útbýtt:

Frv. til l. um búfjárhald í bæjum og öðru þéttbýli [176. mál] (þmfrv., A. 365).

Á 35. og 36. fundi í Nd., 5. og 8. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 9. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Eins og fram er tekið í grg. fyrir þessu frv., þá er það flutt af hv. landbn. eftir beiðni landbrn.

Aðdragandi að þessu frv. er orðinn býsna langur, því að fyrrv. landbrh., Bjarni Ásgeirsson, skrifaði skógræktarstjóra um það árið 1948 að taka til athugunar, hvort hagkvæmt muni þykja að takmarka eða banna sauðfjárrækt og hrossaeign á öllum Reykjanesskaga.

Um langan tíma gerist nú ekki neitt í þessu máli, fyrr en á þessu ári, að skógræktarstjóri leggur fram mikið álit um það, þar sem hann mælir fast með því að banna allt búfjárhald á Reykjanesskaga. Út af þessu hafa verið haldnir margir fundir meðal hreppsbúa í hreppum hér í kring og í kaupstöðunum, Reykjavík og Hafnarfirði. Afleiðingin af þessu hefur svo orðið sú, að hæstv. landbrh. skipaði tvo menn, þá Árna Eylands stjórnarráðsfulltrúa og Sæmund Friðriksson framkvæmdastjóra, til þess að taka þetta mál til rækilegrar athugunar og gera till. um það. Og það er nú hvorki meira né minna heldur en öll þessi bók, sem er álit þessara manna og grg. fyrir þessu frv. En till., sem þeir hafa komizt að niðurstöðu um, er það frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 365. Þeir hafa í sínum till. horfið frá þeirri miklu ráðstöfun — og maður verður að segja að minnsta kosti vafasömu ráðstöfun — að ætla sér að fara að banna alla sauðfjárrækt og skepnuhald á öllum Reykjanesskaga, en hins vegar fara þeir fram á það í sínum till. að gera þær ráðstafanir að afgirða með rækilegri og sterkri girðingu Reykjavíkurland, Hafnarfjarðarland og það svæði, sem er á milli þessara stærstu kaupstaða landsins, og gefa heimild til þess, að það sé gerð samþykkt um það að takmarka að mjög miklu leyti eða banna alla sauðfjárrækt og stóðhrossaeign á þessu svæði. Þetta liggur að vísu undir samþykki, og er gert ráð fyrir því samkv. frv., að sú samþykkt, sem um þetta á að verða, ef lögin koma til framkvæmda, verði gerð á svipaðan hátt og á sér stað um lögreglusamþykktir í bæjum.

Ég skal nú ekki fara að rekja þetta frv. hér grein fyrir grein, en aðeins víkja að þeim aðalatriðum, sem það fer fram á, og eins og gefur að skilja af því, sem ég nú hef sagt, þá er hér um geysilega mikið stórmál að ræða. Til þess er ætlazt samkv. þessu frv., að það ekki einasta gildi fyrir þetta svæði, sem þarna er um að ræða, heldur og víðs vegar úti um land, þar sem kauptún og kaupstaðir eru, þeir geti gert samþykktir á þann hátt um meiri eða minni takmarkanir á búfjáreign innan sinna vébanda.

Það eru nokkur ákvæði í þessu frv., sem eru algerlega ný í okkar löggjöf, og má segja, að það sé allvafasamt sumt af því. M. a. er það, að ríkissjóði er ætlað að styrkja þá stóru girðingu, sem á að setja, ef af þessu verður, umhverfis Reykjavík og Hafnarfjörð og löndin, sem þar á milli liggja. Ríkissjóður á að styrkja hana samkv. frv. allt að ⅓. Þetta er alveg óvanalegt í okkar löggjöf, því að ég minnist þess ekki, að það sé styrkt úr ríkissjóði til neinna samgirðinga annars staðar á landinu. Í öðru lagi er samkv. þessu frv., og það er kannske stærsta atriðið, í rauninni farið inn á það að snúa alveg við þeim hugmyndum, sem menn hafa hingað til haft um skyldu þeirra, sem eiga skepnur, og hinna, sem eiga land. Það hefur hingað til verið talið aðalatriði, að þeir, sem eiga ræktað land, skuli verja það sjálfir með girðingu. Nú er farið fram á það samkv. þessu frv., ef samþykktir verða gerðar um það, að þeir, sem eiga skepnurnar, ábyrgist þær undir öllum kringumstæðum og allt, sem af þeim leiðir. Þannig er jafnvel gert ráð fyrir því, að þeir, sem eiga garðlönd og skógarbletti og annað slíkt, t. d. hér í höfuðstaðnum, þurfi ekkert að girða það, vegna þess að þeir, sem eiga skepnurnar, eigi að bera algerlega ábyrgð á þeim og það megi ekki hafa þær öðruvísi en í húsi yfir vissan tíma ársins. Ég skal nú ekki leyna því, að mér þykir þetta nokkuð hörð ákvæði, og f. h. landbn. get ég ekki gefið neitt loforð um það að svo komnu máli, að hún fylgi þessum ákvæðum eins og þau eru hér sett fram. Ég reikna með því, að þó að þetta frv. sé flutt af landbn., þá taki hún það til rækilegrar athugunar og kannske vísi því til umsagnar þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, eftir að þessari umr. er lokið. En á þessu stigi legg ég að sjálfsögðu til f. h. nefndarinnar, að málinu sé vísað til 2. umr., og skal ekki fjölyrða meira um það, nema eitthvert tilefni gefist til.

Pétur Ottesen: Mér finnst það ekki vera að ófyrirsynju eða ástæðulausu, þótt landbn. vilji þvo hendur sínar af ýmsum ákvæðum, sem í þessu frv. eru fólgin. Ég verð satt að segja að láta í ljós undrun mína á því, að landbn. skuli hafa flutt þetta frv. í því formi, sem það er, því að hér virðist vera að því stefnt með frv. og áreiðanlega tilgangur þeirra, sem að því standa, að gera sem allra erfiðast fyrir um það í bæjarfélögum og hreppsfélögum, að menn geti þar byggt að nokkru afkomu sína á skepnuhaldi, að minnsta kosti sauðfjárframleiðslu, og er á allan hátt leitazt við að gera erfitt fyrir um að hafa þar aðrar skepnur.

Tilefni þessa frv. er það, að hér hefur komið upp í Rvík og Hafnarfirði vilji til þess að gera víðtækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir sauðfjáreign ekki einasta í kringum Rvík og Hafnarfjörð, heldur jafnvel á öllum Reykjanesskaganum, að því er virðist. Það hefur nú að vísu verið horfið frá þeirri gereyðingarstefnu í þeim ákvæðum, sem í frv. þessu felast, að setja fortakslaust bann við sauðfjáreign á þessu svæði. Hins vegar er tilætlunin að ná þessu takmarki með því að veita bæjarfélögum heimild til að koma slíku í framkvæmd.

Ég held þess vegna, að það hefði verið miklu réttara, þar sem allar ástæður fyrir þessu frv. eru byggðar á þeim óskum, sem hér hafa komið fram um þetta í Rvík og Hafnarfirði, að byggja þá frv. utan um það, en fara ekki að stíga svo stórt spor eins og í því felst að búa til heimildarlög, sem taka til alls landsins í þessu efni og engar óskir hafa komið annars staðar um. Og mér virðist, að hlutverk landbn. ætti frekar að beinast að því að gera ráðstafanir til þess að styrkja atvinnu manna til þess að afla sér lífsframfæris með því að geta haft búpening, í hvaða formi sem það nú er, heldur en hitt, að fara að leggja upp í hendur skammsýnna manna í þessum efnum vopn og verkfæri, sem geta snúizt alveg á öfuga lund við það.

Ég vildi þess vegna mjög vænta þess, að landbn. athugaði afstöðu sína gagnvart þessu

frv. eða þeirri hugmynd, réttara sagt, sem hér kemur fram, og ef hún telur nauðsyn bera til að sinna henni að einhverju leyti, að miða það þá við þá staði, þar sem óskir hafa komið fram um þetta, en fara ekki að þröngva upp á menn, sem engar slíkar óskir hafa borið fram, heimild, sem svo yrði máske síðar notuð til þess, að gerðar yrðu óheppilegar og jafnvel skaðlegar ráðstafanir, sem gefið er undir fótinn með í þessu frv.

Ég veit ekki heldur, hvort landbn. hefur gert sér grein fyrir því, til hvað mikils kostnaðar er stefnt með þessu frv. Ef í það væri farið að setja girðingar utan um land allra kaupstaða og kauptúna, þá mundi slíkt sjálfsagt hafa í för með sér ekki lítinn kostnað, og af þessum kostnaði er svo gert ráð fyrir því, að ríkissjóður beri ⅓. Ég held, að þetta sé allathugavert atriði eitt út af fyrir sig. Hitt er alkunnugt, að mjög víða í kauptúnum þessa lands byggist afkoma þeirra að mjög verulegu leyti á gripahaldi, að minnsta kosti að svo miklu leyti, að við ýmis skakkaföll, sem menn, sem þar búa, bíða í sambandi við aðalatvinnu þá, sem þeir reka þar, sjávarútgerð sérstaklega, getur það orðið til þess og verður í mörgum tilfellum til þess að fleyta þeim yfir þá örðugleika, sem þeir komast í í sambandi við aflabrest og óáran, auk þess sem það er mjög mikilvægt menningar- og uppeldisatriði, að börnin, sem þar alast upp, komist í nokkur kynni við búrekstur, ræktun og annað, sem helzt í hendur við slíkan atvinnurekstur. Það er mjög mikið uppeldis- og menningaratriði. Og mér virðist það satt að segja býsna hart, og alveg sérstaklega af landbn., að bera fram till., sem eru þess eðlis, að hægt sé að gera ráðstafanir, sem brjóta í bága við þetta sjónarmið.

Í 1. gr. frv., — án þess að ég ætli að fara að ræða nokkuð sérstaklega einstakar greinar þessa frv., það á vitanlega ekki við við 1. umr. málsins, — er það fært fram sem ástæða fyrir nauðsyn á því að gera girðingar um ræktunarlönd tilheyrandi bæjum og kauptúnum, að verjast þurfi ágangi á þau lönd frá aðliggjandi sveitum. Ég hygg, að hitt sé nú miklu algengara, að nærliggjandi sveitir við kaupstaði og kauptún verði fyrir ágangi af þeim, heldur en að brögð séu að því, að ágangur sé úr sveitunum til kaupstaðanna. En eins og frsm. landbn., hv. þm. A-Húnv., tók fram, þá eru svo þröngar skorður settar við gripahaldi í kaupstöðum, þar sem slíkar samþykktir hafa verið gerðar, að það er raunar sama sem útilokun á því, miðað við þá staðhætti, sem hér er um að ræða.

Ég vildi hreyfa þessum athugasemdum við frv., og mér sýnist, eins og komið er, að ekki sé nema um tvennt að gera fyrir hv. landbn., annaðhvort að gerbreyta frv. ellegar þá að beita sér gegn því. Virðist mér blátt áfram vera hlutverk n. að snúast þannig við þessu máli.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Hv. þm. Borgf. lét í ljós mikla undrun yfir því, að hv. landbn. skyldi gerast flutningsaðili að þessu frv. Ég er nú dálítið hissa á þessum orðum frá þessum hv. þm., sem eins og kunnugt er er búinn að vera lengst allra manna hér á þingi, því að hann hlýtur að vita það, að það er algild regla um þau mál, sem eru af hæstv. ráðh. eða hæstv. ríkisstj. send til einstakra n. til flutnings, að flytja þau inn í þingið, án þess að n. með því taki nokkra afstöðu til þeirra mála, sem um er að ræða.

Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er órætt í landbn., og hún hefur ekki tekið afstöðu til neinna ákvæða, sem í því eru. En hún taldi sér skylt, eins og algild regla er, að flytja þetta mál hér inn í þingið, og auðvitað áskilur hún sér allan rétt til þess að gera till. um breyt. á því, eftir því sem henni þóknast, við síðari meðferð málsins, áður en það kæmi til úrslita við 2. umr.

Varðandi þær athugasemdir um efnishlið þessa máls, sem hv. þm. Borgf. vék að, þá er ég honum að mörgu leyti sammála, að hér þarf áreiðanlega athugunar við og breyt. á þessu frv., áður en það yrði gert að l., svo að við þurfum ekki að fara hér við þessa umr. í neina deilu um þau efni. Það er alveg rétt, sem þessi hv. þm. tók fram, að ef það væru gerðar samþykktir á þeim grundvelli, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þá stappar það mjög nærri því, að það sé útilokun fyrir alla sauðfjáreign og hrossa innan þeirra svæða, sem frv. eða samþykktin ætti þá að ná til. En ég skal ekki á þessu stigi fara neitt út í það nánar en ég hef þegar gert. Ég tel það sjálfsagt, að málinu verði vísað til 2. umr. og þá tekið til athugunar og það mjög rækilega af hv. landbn. og þeim aðilum öðrum, sem ég geri ráð fyrir að hún leiti umsagnar hjá og hlut eiga að máli í þessu sambandi.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

43. Tollskrá o. fl. (frv. iðnn. Nd.).

Á 24. fundi í Sþ., 10. des., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 5. júní 1947, um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.* [180. mál] (þmfrv., A. 412).

Á 38. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 412 er flutt af iðnn. þessarar d. að tilmælum Félags íslenzkra iðnrekenda. Málavextir eru þeir, að hraðfrystihúsin hafa

þurft að flytja mikið af fiskumbúðum frá Ameríku, og nemur andvirði þeirra á s. l. ári 9,6 millj. kr. Þessar fiskumbúðir er hins vegar hægt að framleiða hér á landi, og hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að svo megi verða.

Tollur eða innflutningsgjöld af þessum erlendu umbúðum er aðeins 2,8%. Í núgildandi tollskrá er að vísu heimild til þess að endurgreiða aðflutningsgjöld af hráefni eða efni í þessar fiskumbúðir, en hins vegar er mjög hár tollur á þeim vélum, sem flytja þarf inn til þess að framleiða þær hér á landi. Sá tollur eða þau innflutningsgjöld nema hvorki meira né minna en 25—33% af vélunum, en tollurinn af þessum tilbúnu fiskumbúðum er aðeins 2,8%, eins og ég gat um.

Af þessum ástæðum er þetta frv. flutt og fer fram á viðbót við j-lið í 3. gr. tollskrár. Þessi j-liður hljóðar svo nú, að fjmrn. er heimilt „að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af umbúðum um innlendar framleiðsluvörur, sem sendar eru til útlanda til sölu þar, og af vörum, sem notaðar eru í vörur þessar til þess að gera þær söluhæfari eða til þess að þær geymist betur.“ Frv. fer fram á að bæta við þessa endurgreiðsluheimild heimild til að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af vélum, sem notaðar eru til framleiðslu á þessum umræddu umbúðum. Hér er um að ræða galla á tollskránni, þar sem tilbúnar vörur eru tollaðar tiltölulega lágt, en hins vegar nauðsynlegar vélar til að framleiða þær hér heima tollaðar mjög hátt. Virðist sjálfsagt að lagfæra þetta, og vinnst þá tvennt; annars vegar má með þessu spara verulegan erlendan gjaldeyri og í öðru lagi skapa hér aukna atvinnu í iðnaði.

Vænti ég þess, að hv. d. ljái frv. þessu fylgi.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég veitti því athygli, að hv. frsm. málsins gerði ekki till. um, að frv. yrði vísað til n. Vil ég leyfa mér að gera það að till. minni, að málið fari til fjhn. til athugunar. Þar hafa ætíð tollamál verið til meðferðar, þegar þau liggja fyrir þingi. Mál þetta er að vísu flutt af n., en ég sé ekki, að það breyti neinu í þessu efni. Ef þeir 4 eða 5 hv. þm. í iðnn., sem tóku ákvörðun um að flytja málið, hefðu ritað sín nöfn á það persónulega sem flm., þá hefði málinu að sjálfsögðu verið vísað til fjhn., og ég sé ekki, að það breyti neinu, þó að þeir í stað þess telji málið flutt af þeirri n., sem þeir eiga sæti í.

Ég legg því til, að þetta mál — eins og öll önnur tollamál — fari til fjhn. til athugunar.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af iðnn. óskiptri. Það er að vísu rétt, að hv. þm. V-Húnv., sem á sæti í n., var forfallaður — gat ekki mætt á þessum fundi. Hins vegar hafði málið verið rætt á einum eða tveim fundum áður í n., og hafði hann þá ekki hreyft því þar, að málið heyrði undir fjhn. fremur en iðnn.

Ég býst við, að það sé mjög óvenjuleg aðferð í þingi, að máli, sem flutt er af n. óskiptri, sé vísað til annarrar n. Ég fyrir mitt leyti tel enga ástæðu til þess og tel sjálfsagt og rétt, að málið gangi venjulega leið, án þess að því sé vísað til einnar eða annarrar n. að nýju.

Skúli Guðmundsson: Ég verð að segja, að mér finnst það einkennileg skoðun, sem kemur fram hjá hv. 7. þm. Reykv., að mál þetta eigi ekki að fá þinglega meðferð og athugun í þeirri n., sem samkv. eðli málsins á að athuga það, þó að það sé flutt af annarri n. Eins og hann gat um, þá var ég nú forfallaður vegna lasleika, þegar nefndarfundur var haldinn í iðnn., sem ákvað að flytja málið, en það hefði ekki breytt neinu, því að ég hefði ekkert haft á móti því, að málið væri flutt, en þrátt fyrir það á það náttúrlega að fá athugun í fjhn.

Ég vil út af þessari skoðun hv. 7. þm. Reykv. varpa fram þeirri spurningu t. d., hvernig mundi vera litið á það, ef fjhn. þessarar d. bæri hér fram frv., sem snerti iðnaðinn, við skulum segja frv. til iðnaðarl. eða frv. til l. um iðnfræðslu eða eitthvað þess háttar. Ætti þá ekki slíkt mál að fá athugun í iðnn., þó að það væri flutt af annarri þingn.? Ég geri ráð fyrir, að hv. 7. þm. Reykv. og ýmsum öðrum þætti það eðlilegt, að þannig væri með það mál farið. Sama gildir vitanlega um þetta. Tollamál hafa alltaf verið og eiga að vera til athugunar í fjhn. þingsins, og það er engin ástæða til að breyta út af þeirri venju og sjálfsögðu reglu, hvernig sem háttað er um flutning frumvarpanna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 39. fundi í Nd., 12. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Forseti (SB): Lagt hefur verið til, að frv. verði vísað til fjhn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það urðu að vísu nokkrar umræður um þetta atriði hér á þingfundi í gær, en vegna þess, hvað fáir voru þá viðstaddir á fundi, vil ég gjarnan skýra þessa till. mína, en ég bar fram þessa till. um að vísa málinu til fjhn. Tollamál eiga að athugast í fjhn. þingdeilda, og ég benti á það þá, að það mundi þykja einkennilegt, ef t. d. fjhn. færi að flytja frumvörp snertandi iðnaðinn, við skulum segja um iðnfræðslu eða frv. til iðnaðarlaga, og slíkt mál fengi ekki athugun í iðnn. Mér finnst engu skipta, hver flytur þetta mál, það á að fá athugun í fjhn.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þar sem hv. þm. V-Húnv. fann ástæðu til að endurtaka hér ræðu sína frá í gær, þá ætla ég, að mér leyfist það líka. — Þetta mál var sent iðnn. og þess óskað, að hún flytti það. Málið var rætt þar á líklega tveimur eða þremur fundum. Hv. þm. V-Húnv., sem á sæti í iðnn., hreyfði því ekki í n., að málið heyrði

ekki undir nefndina, heldur undir aðra. Varðandi það, að skatta- og tollamál heyri undir fjhn., þá vitum við þm., að það er sitt á hvað, að málum er vísað til fjhn. eða annarra n. Það liggja t. d. fyrir iðnn. ýmis mál um lánveitingar og bein framlög úr ríkissjóði til iðnaðarmála. Þessu er stundum vísað til fjhn., stundum til iðnn. Sama máli gegnir um landbn. og sjútvn. Ef öll mál, sem snerta að einhverju leyti fjármál eða skattamál, ættu að ganga til fjhn., þá ætla ég, að það yrðu harla fá mál, sem hinar n. ættu um að fjalla. Ég tel með öllu ástæðulaust að fara að vísa þessu máli til annarrar n. heldur en það er flutt af.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég hygg, að það megi leita í þingsögunni og það muni ekki koma í ljós, að það hafi nokkru sinni verið hér á hv. Alþ. afgr. nokkurt mál, sem hefur fjallað um tolla eða skatta til ríkissjóðs, þannig að það hafi ekki farið í fjhn. Væri þá algert einsdæmi, ef þannig væri farið að með þetta mál. Ég ætlaði þar að auki að upplýsa í gær, en gat ekki verið við umr., að það er eftir að leggja fyrir þetta Alþ. frv. um breyt. á tollskránni, einmitt um ýmis atriði, sem varða iðnaðinn, og það mun fara í gegnum fjhn., og þess vegna væri það líka eðlilegt, að þetta mál færi til fjhn. og væri skoðað þar í sambandi við hið nýja mál, sem á eftir að koma fram.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. vék að því, að það væri nýlunda um mál, sem að vísu kynnu að snerta verkahring annarra nefnda, en væru flutt af nefnd, sem ekki væri beinlínis talið að málin heyrðu undir, að þá afgr. þær eigi að síður málin og hefðu þau til meðferðar. Það er rétt að því leyti, að það eru svo óljós takmörk um ýmis málefni, að það kunna að vera áhöld um það, til hvaða n. málið á endilega að heyra. En slíku er ekki til að dreifa hér. Þetta frv. er hreint skattamál. Það er að vísu ekki hreyfing á skatteiningu, þannig að hún hækki eða lækki, en skattamál er það eigi að síður, og gerist þá þannig, að ríkissjóður á að endurgreiða samkv. frv. þessu nokkurn hluta, sem honum ber samkv. venjulegum skattalögum. Sú ákvörðun hefur það í sér fólgið að tekjur ríkissjóðsins rýrna. Þess vegna heyrir þetta beinlínis undir fjhn., og ég er undrandi á því, að þó að iðnn. geri þeim mönnum greiða, sem snúið hafa sér til hennar um flutning málsins, þá skuli hún vilja halda fast við það að hafa málið endilega áfram og það verði afgr. þannig frá þinginu. Vitaskuld er henni frjálst að gera það og halda fram þessari skoðun, en það er að hafa hausavíxl á hlutunum eigi að síður að ætla sér að vinna svona. Og vel mætti fara svo, ef farið er að tíðka að hafa slíka afgreiðslu á málum nefnda á milli, að þá verði lítið hald í því, þó að sú löggjöf, sem þingið á að vinna eftir, gefi fyrirmæli um, hvernig flokka skuli mál til hinna ýmsu nefnda. Ég álít þess vegna, að hv. d. verði að gæta sín fyrir slíku sem þessu upp á framtíðina að gera og það sé óruggast, að þau mál heyri þeim nefndum til, sem skýlaus lagafyrirmæli eru um að þau skuli heyra til.

Einar Olgeirsson: Ég á sæti í fjhn. Ég er mjög fylgjandi því yfirleitt, að mál, sem undir hana heyra, komi til hennar og séu afgr. þaðan, því að mín hugmynd um nefndir í þingi er, að þær séu til að afgr. mál. Hins vegar hefur sá háttur orðið á, að mál, sem vísað hefur verið til fjhn. fyrir tveim mánuðum, liggja hjá henni enn þá, og gengur mjög erfiðlega að fá þau afgreidd. Ég býst ekki við, að það sé tilætlun hv. d., að mál séu send í n. til þess að svæfa þau. Ef farið er að nota nefndirnar til þess að svæfa mál, þá fer að verða eins gott að láta málin ganga nefndalaust í gegnum þingið. Ég held, að fjhn. eigi það mörg mál óafgreidd, sem undir hana heyra, að þó að hún sleppti því að fjalla um þetta mál, sem formaður fjhn. hefur haft aðstöðu til þess að fjálla um í iðnn., þá gerði það ekkert til, þó að þetta mál fengi að halda áfram sína leið. — Þetta vildi ég aðeins láta koma fram vegna þess, hvernig nú stendur á, þó að ég sé því almennt fylgjandi, að mál fari til fjhn. og komi frá henni aftur.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Mér þykir óhjákvæmilegt vegna furðulegra ummæla hæstv. fjmrh. og hins virðulega fyrrverandi forseta þessarar d., hv. 1. þm. Árn., að skýra nokkuð þessi atriði. Þeir halda því fram, að öll frv., sem snerta tolla- og skattamál eða fjárhag ríkisins, eigi yfirleitt að fara til fjhn. Ég vil aðeins minna á það hér, hvaða málum hefur verið vísað á þessu þingi af þessari d. mótmælalaust til iðnn. Það hefur verið vísað til iðnn. frv. á þskj. 55 um raforkulánadeild Búnaðarbankans, þar sem svo er ákveðið, að stofnfé deildarinnar skuli vera 5 millj. kr., sem ríkissjóður leggur deildinni til á næstu árum sem bein fjárframlög úr ríkissjóði. Það hefur verið vísað til n. frv. frá fjórum þm. Framsfl. um breyt. á raforkulögum, þar sem á að hækka framlög ríkissjóðs á ári úr 2 millj. upp í 5 millj. Það hefur verið vísað til nefndarinnar frv., sem heitir „Um endurgreiðslu tolla og skatta af efni til skipa, sem smíðuð eru innanlands". Það er hreint tollamál. Það kom ekki nokkur uppástunga fram um það varðandi þessi mál, sem ég nú hef greint hér í d., að þau ættu að ganga til fjhn., heldur var samþ. einróma að vísa þeim til iðnn. Þegar þetta mál, sem hér liggur fyrir, um eftirgjöf á aðflutningsgjöldum af þessum vélum til að gera umbúðir um útfluttan fisk, var rætt í iðnn., þá, eins og ég tók fram, hreyfði hv. þm. V-Húnv., sem nú gerir till. um það, að málið fari til fjhn., aldrei andmælum á þeim grundvelli, að málið heyrði undir fjhn., en ekki iðnn. Það er því alveg ljóst, að hér er eitthvað alveg sérstakt, eitthvað nýtt, sem kemur til, að þessar háværu kröfur þeirra þremenninganna eru gerðar um, að málið gangi til fjhn. Þessar raddir hafa ekki heyrzt áður, og ef ætti að fylgja þessum skoðunum, mundi það leiða af sér, að varla nokkurt mál færi til nefnda hér í þinginu eins og

iðnn., sjútvn., landbn. Ég vil aðeins benda á það, að það hljóta að vera hér einhverjar annarlegar ástæður, sem mér þykir sennilegt að séu þær, að það á að gera tilraun til þess að draga þetta mál eða svæfa.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég ætlaði bara að benda á, að þessi síðustu orð hv. þm. eru heldur barnaleg, þegar þess er gætt, sem ég upplýsti áðan, að það er eftir að koma í gegnum þingið frv. um breyt. á tollskránni, sem sumar eru sérstaklega sniðnar fyrir iðnaðinn, eiginlega flestar, og þar af leiðandi náttúrlega auðvelt fyrir þingmenn að koma fram brtt., t. d. um þetta í sambandi við það mál. Hér er því bara um það að ræða, hvort menn vilja hafa við þetta eðlileg vinnubrögð eða ekki. Það er frá mínu sjónarmiði alveg augljóst, að einu af þessum málum, sem hv. þm. minntist á, hefur verið vísað til iðnn., sem ekki á þar heima, og það er málið um endurgreiðslu á tollum. Það finnst mér að hefði átt að fara til fjhn. Mér sýnist augljóst, að til fjhn. eigi að fara öll mál, sem beinlínis snerta skatta og tolla til ríkissjóðs.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Út af síðustu ummælum hv. 7. þm. Reykv. varðandi flutning þessa frv., þá vil ég geta þess, sem ég reyndar gerði hér í gær, að þegar ákveðið var í iðnn. að flytja málið, þá var ég ekki á fundi. Ég var forfallaður sökum lasleika. Það hafði að vísu verið minnzt á þetta mál áður. Rétt er það, að ég hafði ekkert á móti því, að málið væri flutt. Ef ég hefði verið á þessum síðasta fundi, þar sem ákveðið var að flytja málið, þá hefði ég að vísu lagt það til, að við nm. flyttum það persónulega, en teldum ekki nefndina flytja málið. Ég hefði talið það eðlilegra. En það má segja, að það skipti ekki miklu máli. Það hafa allir leyfi til þess að flytja mál inn í þingið, allir þm., einn eða fleiri saman, og þingnefndir að sjálfsögðu líka, en það breytir engu um það, að þau mál eiga að fá þinglega meðferð og athugun í þeim nefndum, sem málin eðli sínu samkvæmt heyra undir, hver sem flytur þau.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Af því að inn í það mál, sem nú hefur verið rætt utan dagskrár, hefur blandazt meðal annars afgreiðsla mála frá nefndum, þá vildi ég nota tækifærið hér til að beina því til hæstv. forseta og meiri hluta hv. fjhn. þessarar d., að frv., *sem lagt var hér fram í byrjun þings,* frv. til laga um breyt. á l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, var afgr. 9. eða 10. nóv. í fjhn., og við, sem skipuðum minni hl. fjhn., gáfum út nál. 11. nóv. eða fyrir röskum mánuði. Meiri hl. fjhn. hefur haft svo annríkt, að hann hefur ekki getað skilað nál. Ég vil skjóta því til hæstv. forseta, hvað lengi hann ætli að bíða eftir meiri hlutanum, án þess að þetta mál sé tekið fyrir til umr. hér í hv. d. Og mér finnst, að minn kæri vinur, hv. form. fjhn., ætti, áður en hann óskar eftir fleiri málum til okkar ágætu fjhn., að hugsa um að afgr. af sinni hálfu nál. eftir mánaðartíma um mál, sem búið er að afgr. í n.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það eru ekki nema aðeins örfá orð. — Hv. 7. þm. Reykv. drap hér á nokkur mál, hvernig þeim hefði verið vísað til nefndar og hvers eðlis þau væru, og sum af þessum frv., sem hann minntist á, kæmu þó við fjármál. Það er rétt. En það er nokkuð annað en þegar beinlínis er um skattalöggjöf að ræða. Þó að málsatriði séu þannig vaxin, að um fjármuni geti verið að ræða í þágu ýmissar starfsemi hjá þjóðinni, þá er það nokkuð annað en þar sem er beinlínis um hreina skattalöggjöf að ræða. Þess vegna er ekki hægt að leggja það til grundvallar um málaflokka og skiptingu milli nefnda, að öllum slíkum málum skuli vera vísað til fjhn. En eitt mál, sem hv. þm. minntist á, var beinlínis skattamál. Það var um endurgreiðslu á tolli við bátasmíði, minnir mig. Það er beinlínis skattamál, og auðvitað átti það að fara í fjhn. og hefur af vangá dm., vitaskuld, verið vísað til þeirrar nefndar, sem þm. nefndi. Hv. þm. leggur einmitt áherzlu á það, að þessu máli hafi verið vísað til iðnn. Og þá fór eins og mig grunaði. Af því að hv. d. hafði orðið á sú skyssa að vísa þessu máli til annarrar nefndar en fjhn., þá á að nota það sem fordæmi til réttlætingar því að fara svona ámóta að, þó að það sé alls ekki viðeigandi. Það var einmitt það, sem ég lagði áherzlu á og mig grunaði. Eitt dæmi er hægt að nefna, sem er hliðstætt þessu, og það á að nota sem fordæmi. Hvað mun þá verða síðar meir, þegar þau fara að tíðkast? Ég ætla, að það sé þess vegna hyggilegt að halda sér við anda laganna, sem við eigum að vinna eftir um þetta efni. — Hitt, sem hann gat sér svo til, að það mundi vera af einhverjum annarlegum ástæðum, það frábið ég mér alveg, að fyrir mér vaki nokkuð annað en að þetta mál fari nú til þeirrar nefndar, sem á að vinna að því, og hv. þm. getur alveg sparað sér svigurmæli í þeim efnum til annarra manna. „Margur ætlar mann af sér mátulega dyggan."

Hv. 2. þm. Reykv. var mér sammála um það, hvert málinu skyldi vísa, en sakir þess, að n. hefði mörg mál og gengi seint afgreiðsla, þá fannst mér að hann mundi neyðast til að greiða nú atkvæði með, að þetta héldi áfram sem málefni iðnn. Mér þykir mikið fyrir þessu. Hann á rétt á, að mál séu tekin fyrir innan n., þó að hann sé í minni hl., og það er skylt að taka ákvörðun í n. Hann getur, þegar sú ákvörðun er fengin, gefið út minnihlutaálit, og ég veit, að hæstv. forseti brýtur ekki svo lög á honum, að hann sinni ekki ósk hans áður en löng stund líður að taka það málefni til meðferðar, úr því að nál. er komið. Meiri hl. n. hefur engan rétt á því að liggja á máli, eftir að það er komið fram í deildina, og þann rétt ætti hv. þm. að nota sér. Og ég skal styðja hann í því, ef hann þarf á liðsinni að halda, að málið komi fyrir. *(EOl:* Þú ættir að láta Framsókn setja þig í nefndina.) Það er nú um seinan á þessu þingi. — Ég vil því vænta, að hv. deild

fari ekki að taka upp nýjan sið um afgreiðslu mála og hvernig unnið er að þeim.

Forseti (SB): Þessum umræðum um þingsköp er lokið. Ég vil aðeins endurtaka það, að sú till. hv. þm. V-Húnv. að vísa málinu til annarrar n. en flytur það er fyllilega þingleg. Það er svo hv. þm. að skera úr um það í þeirri atkvgr., sem fer fram um till., hvert þeirra álit sé.

Till. um að vísa frv. til fjhn. felld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PÞ, SkG, StgrSt, ÁB, EirÞ, EystJ, GG, HÁ, HelgJ, JG, JS, JR, JörB.
nei: SÁ, SG, StJSt, ÁS, EOl, EmJ, GTh, GÞG, HV, IngJ, JóhH, JPálm, JÁ, KS, LJós.
MJ, SB greiddu ekki atkv.
5 þm. (ÓTh, PO, AE, ÁkJ, BÓ) fjarstaddir.

Á 40. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

44. Skattfrelsi sparifjár.

Á 39. fundi í Nd., 12. des., var útbýtt:

Frv. til l. um skattfrelsi sparifjár [183. mál] (þmfrv., A. 426).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Á síðasta Alþingi flutti ég frv. um stofnlánadeild landbúnaðarins og lagði þar til, að gerð yrði tilraun með það, að þeirri deild yrði leyft að taka á móti sparifé, án þess að það væri talið fram til skatts eða væri skattskylt. Þetta var að vissu leyti fellt út úr frv. hér í þessari hv. deild á þann hátt, að það var tekið inn, að þótt leyft yrði að taka þetta fé inn í deildina, án þess að það væri skattskylt, þá yrði að telja það fram. Var talið, að ef ætti að fara inn á þessa leið, þá yrði það að gilda um allt sparifé.

Í hv. Ed. var á síðasta þingi einnig flutt frv. af hv. þm. S-Þ. um skattfrelsi sparifjár, en í því var sá sami ágalli, að það var ákveðið samkvæmt því, að þetta skattfrjálsa sparifé skyldi teljast fram, og frá því sjónarmiði mundi það ekki hafa komið að því gagni, sem nauðsyn ber til, vegna þess að þá voru um leið ótæmandi tækifæri til þess að leggja á það önnur gjöld en tekju- og eignarskatt.

Nú hef ég leyft mér ásamt hv. 1. þm. Rang. að flytja þetta mál hér fyrir hv. deild í annarri og nýrri mynd, og þetta frv., eins og ég þykist vita að hv. þm. hafi veitt athygli, er á þskj. 426. Samkvæmt þessu frv. er til þess ætlazt, að allt sparifé í landinu, sem stendur inni í bönkum og sparisjóðum og öðrum stofnunum, svo sem innlánsdeildum samvinnufélaga, sé skattfrjálst og það sé ekki skylt að telja það fram til skatts, svo framarlega sem það hefur staðið inni lengur en eitt ár. Það takmörkunarákvæði er í frv. sett til þess, að það sé ekki hægt að braska með þetta á þann hátt að leggja inn um nýár sparifé og taka það út aftur innan skamms og það sé í raun og veru ekki standandi fé inni í viðkomandi innlánsstofnun.

Um einstök atriði í frv. skal ég ekki fara öllu fleiri orðum að þessu sinni, því að það skýrir sig nokkurn veginn sjálft og tilgangur þess er nokkuð skýrður í grg. En ég vil segja örfá orð um málið í heild sinni.

Tilgangurinn með þessu frv. er fyrst og fremst sá að koma í veg fyrir það, að haldið sé áfram að örva eyðsluhneigð þjóðarinnar, því að það hefur óhjákvæmilega orðið til þess að örva eyðsluhneigð meðal þjóðarinnar, að fólkið í landinu hefur tapað að mjög miklu leyti trúnni á það, að það hefði verulegt gildi að eiga peninga inni í lánsstofnunum. Þetta hefur átt sér stað á þann hátt, að allt verðlag, öll laun og allt annað en peningar hefur hækkað margfaldlega á síðustu 10—20 árum og allra mest nú á síðustu 12 árum. Enn fremur er það kunnugt, að það hefur hvað eftir annað verið til þess gripið af ríkisvaldinu í nauðvörn að lækka gengi okkar krónu, til þess að ekki yrði alger stöðvun á útflutningsframleiðslunni. Allt er þetta frá mínu sjónarmiði sprottið af þeim öfgum, sem eiga rót sína að rekja til vísitölulaganna og þeirrar skrúfu, sem vísitalan hefur skapað í okkar þjóðfélagi. Það hefur verið, er og verður — frá mínu sjónarmiði — tiltölulega þýðingarlítið að tala um að stöðva dýrtíðarflóðið, sem svo er kallað, meðan sú regla er í gildi að reikna út vísitölu, hvort sem það er mánaðarlega eða á þriggja mánaða fresti, og borga upp í topp öllum launþegum í landinu, sem hefur haft þær afleiðingar í för með sér, að framleiðslustéttirnar hafa gripið til nauðvarna til þess að verða ekki alveg troðnar undir í þessum skrúfugangi.

Nú mætti segja, að þetta frv., sem hér er flutt um skattfrelsi sparifjár, ætti lítinn rétt á sér, vegna þess að það væru ríkir menn, sem ættu peninga í bönkum og sparisjóðum landsins, en það sanna er, að þeir, sem almennt í umræðum manna á milli og hér á Alþingi eru kallaðir ríkir menn, þ. e. verzlunarmenn, verzlunarerindrekar, iðnrekendur, útgerðarmenn, efnaðri bændur o. s. frv., eiga yfirleitt ekki sparifé. Þeirra eignir eru í allt öðru. Þær eru í fasteignum, skipum, vörubirgðum o. s. frv., þeim hlutum, sem nauðsynlegir eru til þess að geta rekið framleiðsluatvinnuvegina. Flestir þessir menn, sennilega með örfáum undantekningum, eru stórskuldugir, skulda bönkum og sparisjóðum og ýmsum öðrum stofnunum, en þeirra efnahagur byggist á því, hve eignirnar eru miklar umfram skuldirnar.

Þeir, sem eiga sparifé í stofnunum landsins, eru fjöldi annarra manna, sem hafa sparað

saman af þeim tekjum, sem þeir hafa öðlazt. Er þar fyrst að telja þá menn, sem eru komnir á efri ár og hættir eru atvinnurekstri og hafa selt eignir sínar, en lagt þær fyrir í peningaeign. Þeir, sem þannig stóð á um áður en verðbólgan skall yfir í þessu landi, hafa orðið fyrir þeim ægilegu óhöppum, að þessar eignir þeirra hafa verið gerðar nálega verðlausar samanborið við allt annað, og ef unnt væri að rétta þessum mönnum ofur litla hjálparhönd, þá er það vissulega skylt og réttmætt. Það var gerð lítils háttar till. í sambandi við afgreiðslu gengislaganna á árunum, en sú till. er nú ekki komin að fullu leyti til framkvæmda enn. Aðrir þeir menn, sem eiga sparifé, eru fjöldi manna, sem eru í launastéttum, fastlaunamenn, verkamenn, iðnaðarmenn o. s. frv., og nokkrir menn einnig meðal sveitamanna, sem ekki hafa eytt sínum tekjum eða lagt þær í framkvæmdir.

Það er þess vegna ekki þannig að skilja, að það séu þeir menn, sem almennt eru kallaðir ríkir menn eða stóreignamenn, sem eiga sparifé í landinu og hér er farið fram á að veita þau hlunnindi, að þetta sé ekki talið fram til skatts og sé undanþegið þeim gjöldum, sem nú hvíla þungt á öllum almenningi. En eins og tekið er fram í grg. fyrir þessu frv., þá er aðaltilgangur þess að stuðla að því, ef verða mætti, að draga ofur lítið úr þeim hugsunarhætti, sem nú er mjög ríkjandi í okkar þjóðfélagi, að eyða bara hispurslaust öllu, sem aflað er. Ég man ekki betur en að það stæði í einhverju áreiðanlegu riti nú í vetur, — ég man ekki, hvort það var í Hagtíðindunum eða annars staðar, — að á s. l. ári hefði verið eytt 17 millj. í erlendum gjaldeyri í ferðalög erlendis, og hvað halda hv. þm. að hafi farið margar millj. eða tugir millj. í ferðalög, þörf og óþörf, innanlands? Við vitum líka, að þótt ekki séu teknar aðrar vörutegundir en áfengi og tóbak, þá er eytt í það nærri 200 millj. á ári hverju síðustu árin. Svona mætti halda áfram að telja, og allt þetta sýnir, að það er ákaflega takmörkuð trú orðin meðal almennings á því, að það hafi nokkuð að þýða að eignast peninga í bönkum og sparisjóðum, vegna þess að þeir verði þá og þegar gerðir verðlausir og þar að auki séu vextirnir að miklu leyti teknir í skatta. Það er breyting á þessu, sem fyrir okkur flm. vakir með flutningi þessa máls, og ég vil mega vænta þess, að hv. þdm. og alþm. yfirleitt hafi það glöggan skilning á því, hvað hér er á ferðinni, að þeir vilji taka þessu máli með fullum velvilja. — Að lokinni þessari umr. legg ég til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég er sammála því, sem fram kom hjá hv. frsm., hv. þm. A-Húnv., að bráðnauðsynlegt er að gera einhverjar ráðstafanir til þess að rétta hlut sparifjáreigenda í landinu. Þeir hafa orðið óeðlilega hart úti í verðbólguþróun síðastliðins áratugs rúms. Þeir hafa orðið harðara úti en nokkur önnur einstök stétt, ef þá mætti kalla stétt, og það hefur dregizt allt of lengi að gera skynsamlegar og raunhæfar ráðstafanir til þess að rétta hag þessa fólks, sem margt er ekki efnað, þó að það sé sparifjáreigendur. Margt af því er einmitt þannig stætt, að það hefur treyst á sína sparifjársöfnun til þess að geta lifað áhyggjulausu lífi í elli sinni, sett traust sitt á sparifé sitt sem eins konar varasjóð gegn áföllum, sem það kynni að verða fyrir. Sú hugsun, sem liggur til grundvallar þessu frv., er því heilbrigð að mínum dómi.

Hitt er svo annað mál, hvort hér er gripið á vandamálinu á hinn æskilegasta hátt, og í því sambandi vildi ég mega beina einni fyrirspurn til hv. flm. og frsm., þ. e. a. s. hvernig beri að skilja ákvæðið í 1. gr., sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta, að allt sparifé í peningastofnunum skuli undanþegið eignarskatti og hvers konar öðrum sköttum og gjöldum til hins opinbera, þ. á m. eignarútsvari til sveitarfélaga. Mér leikur forvitni á að vita, hvort flm. ætlast til, að það fé, sem sparað er, sé einnig undanþegið tekjuskatti og útsvari, eða hér sé einvörðungu um að ræða undanþágu undan eignarskatti. — Þetta langar mig til að fá upplýst, áður en ég kynni að segja örfá orð til viðbótar um málið.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Ég vil nú þakka hv. 3. landsk. þm. fyrir vinsamleg orð í sambandi við þetta frv., því að mér skildist á ræðu hans, að hann skildi rétt tilgang þess og nauðsyn.

Varðandi þá fyrirspurn hans, sem hann bar hér fram, hvort það væri tilgangurinn, að sparifé væri líka undanþegið útsvari, eignarútsvari, þá er auðvitað ekki hægt að leggja útsvar á eign, sem engin bæjarstjórn eða hreppsnefnd veit hver er, vegna þess að það er tilgangurinn, að það sé ekki skylt að telja fram þessa eign. Hins vegar má gera ráð fyrir því, að hreppsnefndir úti um land og bæjarstjórnir í kaupstöðum hafi einhverja hugmynd um það, ef það eru einhverjar eignir, sem þessi og þessi á, þó að þær hafi það ekki fast. Og ef hlutaðeigandi yfirvöld hafa þannig einhverja hugmynd um það, þá kemur það eðlilega undir það ákvæði í okkar útsvarslögum, að það séu ástæður, sem hlutaðeigandi yfirvöld geti þá tekið til greina, því svo sem kunnugt er á að leggja á útsvar eftir efnum og ástæðum. En um leið og það væri lögfest, að það sparifé, sem stendur í peningastofnunum lengur en eitt ár, sé ekki talið fram, þá er eðlilega ekki hægt að leggja á það útsvar sem fasta eign.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Hv. frsm. svaraði því miður ekki fyrirspurn minni, sem var um það, hvort hann ætlaðist til þess, að sparað fé væri einnig undanþegið tekjuskatti og útsvari, en ekki einvörðungu eignarskatti til ríkisins og eignarútsvari. Sannleikurinn er sá, að 1. gr. er ekki nákvæmlega orðuð hvað þetta snertir. Ég hygg þó, að greinin mundi verða skilin þannig, að þar væri ekki ætlazt til þess, að sparað fé, sem lagt væri inn í peningastofnanir, væri undanþegið tekjuskatti og útsvari, tekjuútsvari. En ef það er rétt, og ég tel eiginlega ómögulegt að skilja frv. öðruvísi en þannig, með sérstöku tilliti til 3. gr., þar sem sagt er,

að vaxtatekjur af skattfrjálsu sparifé skuli vera undanþegnar opinberum sköttum og gjöldum, þá hlýtur maður af því að draga þá ályktun, að sjálft hið sparaða fé eigi hvorki að vera undanþegið tekjuskatti né útsvari. Sé þetta rétt skilið, þá vildi ég benda á, að samþykkt þessa frv. mundi hafa allt of litla þýðingu til þess að rétta hlut þeirra, sem spara fé sitt, því að eignarskatturinn og eignarútsvarið eru svo lág, að sparifjáreigendur mundi ekki muna verulega um þetta.

Þess vegna er það, að ég tel, að athuga þyrfti þetta mál betur og rækilegar. Það, sem sérstaklega kemur til greina í því sambandi, álít ég vera till., sem mjög hefur verið uppi í ýmsum nágrannalandanna, t. d. á Norðurlöndum, að undanþiggja þann hluta af tekjum, sem tekjuhafi sparar, tekjuskatti og þá ef til vill líka útsvari, m. ö. o. gera mönnum ekki skylt að greiða tekjuskatt og útsvar af þeim hluta tekna sinna, sem þeir spara, eða greiða a. m. k. ekki skatt af hinum spöruðu tekjum eftir sama skattstiga og þeir greiða af hinum eyddu tekjum. Þetta er hugmynd, sem ég tel mjög athyglisverða. Hún hefur að vísu ekki náð fram að ganga í neinu nágrannalandanna, þó að hún hafi verið rædd þar í mörg ár, en hana tel ég vera umræðuverða. Og ég vil benda þeirri hv. n., fjhn., sem málið fær til athugunar, á að kynna sér þær umræður, sem farið hafa fram um þetta mál í nágrannalöndunum, og hugleiða, hvort hún treysti sér til þess að taka slíkar ráðstafanir hér til athugunar. Það mundi verða til þess að ýta mjög undir sparnað í framtíðinni, sem vissulega er nauðsynlegt, eins og hv. frsm. tók skýrt fram.

Eitt af því, sem mest háir okkur í okkar efnahagslífi, er einmitt það, hversu sparnaður er lítill. Það má vel vera, að takast mætti að auka sparnað verulega með því annaðhvort að undanþiggja skatti eða létta skatta á þeim hluta tekna, sem er sparaður, en ekki eytt, og um það mundi sparara og sparifjáreigendur muna mjög verulega og margfalt meira en að undanþiggja það sparifé, sem nú er fyrir hendi, undan eignarskatti og eignarútsvari einvörðungu.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Hv. 3. landsk. taldi ekki, að ég hefði svarað nægilega hans fyrirspurn viðvíkjandi gjaldi af vöxtum af hinu skattfrjálsa sparifé, en ég þóttist taka það nokkurn veginn skýrt fram og vil ítreka það, að það er til þess ætlazt samkvæmt þessu frv., að einnig vaxtatekjur séu skattfrjálsar, enda er það greinilega tekið fram í 3. gr. frv., því að þar segir: „Sparifé, sem samkvæmt ákvæðum laga þessara er undanþegið opinberum sköttum og gjöldum, er ekki framtalsskylt til skatts, og sama gildir um vaxtatekjur af slíku fé.“ Það er hvorugt framtalsskylt, og um leið er ætlazt til þess, að einnig vaxtatekjurnar séu hvorki skattskyldar til tekjuskatts né útsvars.

Nú verð ég að segja það, að það er mitt álit og hefur lengi verið, að vextir væru óþarflega háir. Og það er sannarlega miklu sanngjarnari leið og kemur betur við framleiðsluna, að vextir, sem eru mikil byrði á framleiðslunni, séu ekki mjög háir í bönkum og sparisjóðum heldur en að hafa þá háa og taka þá svo af sparifjáreigandanum með skatti og útsvari. — Að öðru leyti vænti ég, að hv. þm. misskilji ekki, hvað það er, sem hér er um að ræða, og taki frv. með fullri vinsemd.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Hv. þm. A-Húnv. hefur ekki enn áttað sig á, hver var mergur þess máls, sem ég ræddi hér í upphafi. Mér er það alveg ljóst, að í frv. er fram á það farið, að sparifé, sem menn eiga nú, skuli undanþegið eignarskatti og eignarútsvari, og jafnframt, að til þess er ætlazt, að vaxtatekjur af slíku fé skuli undanþegnar tekjuskatti og útsvari. Það, sem ég sagði, var, að þetta eitt væri ekki nóg, hvorki til þess að rétta hlut sparenda og sparifjáreigenda né heldur til þess að ná þeim tilgangi, sem frv. er annars ætlað að ná.

Það, sem hér þarf að taka til athugunar til viðbótar, er, hvort ekki eigi að létta skattgreiðslu af þeim hluta tekna, sem menn spara á ákveðnu ári. Ég tel, að í raun og veru eigi að koma til alvarlegrar athugunar, hvort ekki eigi, hafi maður t. d. 40 þús. kr. árstekjur, spari af þeim 5 þús. kr. og myndi þannig sparifjáreign upp á 5 þús. kr., að létta honum skattgreiðsluna af þessum 5 þús. kr., en ekki einvörðungu að láta hann sleppa við eignarskatt af þessum 5 þús. kr. og tekjuskatt og útsvar af vöxtunum af 5 þús. kr. Það er væntanlega öllum ljóst, að á þessu er mjög mikill munur, og sparara mundi muna miklu meira um það, ef hann fengi ívilnun í skattgreiðslu af því fé, sem hann sparar, en ekki einvörðungu ívilnun af vöxtunum af því fé, sem hann sparar eða hefur sparað. Það er þetta, sem ég vildi beina til hv. fjhn. að taka til nokkurrar athugunar. Um það eru til miklar heimildir frá Norðurlöndunum og Bretlandi, sérstaklega Norðurlöndunum, þar sem þetta mál hefur nú þegar verið rætt í nokkur ár, án þess þó að vísu, að löggjöf hafi verið um það sett.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 60. og 63. fundi í Nd., 30. jan. og 3. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 3. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 426, n. 672, 673).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Meiri hl. fjhn. hefur orðið ásáttur um, eins og fram kemur á þskj. 672, að leggja til, að þetta frv. verði samþ., en nm. meiri hl. áskilja sér rétt til þess að flytja og fylgja brtt., og höfum við hv. þm. Snæf. flutt brtt. á þskj. 673.

Þetta frv. var á sínum tíma sent bönkunum þremur hér í Reykjavík, Landsbankanum, Útvegsbankanum og Búnaðarbankanum, og Skattstofu Reykjavíkur og beðið um umsögn þessara aðila, og fylgja nál. meiri hl. umsagnir þessara

viðkomandi aðila, sem allir sendu þær. Af þeim kemur það glöggt fram, að bankarnir allir mæla eindregið með samþykkt þessa frv., en fjórði aðilinn, skattstofan, telur hins vegar, að frv. kunni að fela í sér nokkra annmarka, þar sem samþykkt þess mundi torvelda eftirlit með framtölum manna, eins og fram kemur í grg. skattstofunnar.

Ég hygg, að menn almennt séu nokkuð sammála um réttmæti þessa máls, jafnvel þó að n. í heild hafi ekki getað staðið að afgreiðslu þess, og það sé fremur vegna þess, að málið þurfi kannske í einstökum atriðum nánari athugun en þegar hefur verið gerð. Við höfum hins vegar álitið, nm. meiri hl., sem leggjum eindregið með þessu máli, að þar vegi það þungt á metunum hið samhljóða álit allra bankanna þriggja, að það beri vissulega að taka tillit til þess. Höfuðástæðurnar, sem bankarnir færa nú fyrir því, að það sé rétt að samþykkja frv. þetta um skattfrelsi sparifjár, eru þær, að þeir telja, að með þeim hætti mundu að verulegu leyti örvast sparifjárinnlög manna, sem vissulega mundi þá verða til góðs atvinnu- og framleiðslustarfseminni í landinu og auðvelda starfrækslu bankanna. Það er á það bent í nál. Landsbankans, að í Finnlandi hafi verið gerð tilraun í þessu skyni og samþ. löggjöf um skattfrelsi sparifjár árið 1943, og síðan hafa löggjafarákvæði um þetta verið framlengd. Það er jafnframt á það bent sem eftirtektarvert, að á árinu 1951, þegar sú breyt. var gerð á löggjöf Finna í þessu sambandi, að framtalsskyldunni var aflétt, hafi stórlega hækkað innlánsfé þar í landi, meira en þrefaldazt frá því, sem það var árið áður. Meðal annars með vísun til þessa og samkv. áliti bankanna á öðrum stöðum er af þeirra hálfu lögð mikil áherzla á ákvæði 3. gr. þessa frv., sem mælir fyrir um það, að sparifé skuli ekki vera framtalsskylt.

Ég vil leyfa mér að vísa til nokkurra atriða hér úr þeim umsögnum, sem fyrir liggja. Það kemur fram í umsögn bankastjóra Búnaðarbankans eftirfarandi, þar sem hann heldur þessu fram:

„Verulegur hluti þess“ — þ. e. a. s. sparifjárins — „er ekki talinn fram og verður ekki, enda þótt skattskylt sé að lögum. Og engum heilvita manni kemur til hugar að hefja eltingarleik til að fá það fram talið.“

Að svo miklu leyti sem þessi staðhæfing bankastjórans er rétt, þá vegur auðvitað minna sú gagnrýni, sem kemur fram hjá skattstofunni um það, að skattfrelsi sparifjár muni mjög torvelda eftirlit með skattframtölunum. Ég hygg, að segja megi, að enda þótt skattstofan hafi lagaheimild til þess að fá upplýsingar um innistæður manna og telji í sínu áliti, að það sé mjög hæpið að afnema þá lagaheimild, þá sé það rétt, að henni hafi verið beitt að mjög óverulegu leyti og sennilega alls ekki nema í alveg einstökum undantekningartilfellum. Ég hygg einnig, að það sé ekki fullkomlega á rökum reist í áliti skattstofunnar, þar sem segir, að menn þyrftu ekki að gera skattyfirvöldunum grein fyrir því, hvernig tekna hafi verið aflað til að mynda sparifjáreignina, því að samkv. frv. er að sjálfsögðu teknaframtalsskyldan óbreytt frá því, sem er, en aðeins gert ráð fyrir því, eins og raunar kemur fram í áliti skattstofunnar í upphafi, að undanþiggja sparifé eignarskatti og svo arð af því eða vextina tekjuskatti.

Þær brtt., sem við flytjum, hv. þm. Snæf. og ég, eru í aðalatriðum í samræmi við þær till. eða ábendingar, sem fram komu í áliti Útvegsbankans til breytinga á frv. og komu reyndar einnig fram sumar í ábendingu Búnaðarbankans.

Fyrsta till. er við 2. gr. Í þeirri grein er ákvæði um það, til hvaða sparifjár ákvæði laganna taka. Við leggjum til, þegar um er að ræða innistæðu, sem greiðist innistæðueiganda ákveðnum tíma eftir að hann hefur tilkynnt úttekt hennar, að þá sé það miðað við hálft ár eftir að þessi tilkynning hefur komið, og að því er varðar innistæður, sem bundnar eru til ákveðins tíma í senn og greiðast á tilteknum degi án undangenginnar uppsagnar, sé undanþága l. bundin við, að tíminn milli gjalddaga innistæðunnar sé hálft ár í staðinn fyrir eitt ár, eins og segir í 2. gr. Það kemur fram í áliti Útvegsbankans, að að undanskildum 10 ára bókum, sem litlu máli muni skipta í þessu sambandi, sé lengsti uppsagnarfrestur á innistæðum sex mánuðir og í samræmi við það beri að miða þessar tímaákvarðanir 2. gr., og bendir bankastjóri Búnaðarbankans á þetta sama atriði, svo að það virðist einsætt að breyta þessu, ef menn að öðru leyti verða ásáttir um að fylgja þessu frv.

Þá leggjum við til, að 4. gr. frv. falli niður, þar sem segir, að innistæðueiganda sé í lifanda lífi óheimilt að selja, veðsetja eða ráðstafa á nokkurn annan hátt sparisjóðsbókum eða innlánsskírteinum fyrir skattfrjálsu sparifé, og eru lögð viðurlög við því. Við álítum, að það sé mikil skerðing á þessu frv., ef innistæðueigendur hafi ekki möguleika til þess að nota þetta sparifé til veðsetningar og annarra ráðstafana, og sé því óþarft að setja þá takmörkun, sem í 4. gr. segir. Við skulum segja, að bæði væru foreldrar og venzlamenn, sem eiga slíkt skattfrjálst sparifé. Okkur virðist óeðlilegt, að það verði lagðar hömlur á það, eins og 4. gr. segir, að viðkomandi aðilar t. d. gætu hjálpað sínum nánustu, börnum og niðjum og öðrum, með því að gefa þeim heimild til þess að veðsetja þessa sparifjáreign fyrir t. d. lánum, sem viðkomandi aðili vildi taka, og mætti benda á mörg hliðstæð tilfelli.

Loks er svo þriðja brtt., sem er lítilfjörleg. Það er umorðun á 6. gr., þar sem við viljum, að hún hljóði aðeins þannig, að ráðh. skuli með reglugerð ákveða nánar um framkvæmd laga þessara, og sleppt sé því sérstæða tilfelli, sem fram kemur í 6. gr. frv. eins og nú er, — það verði þá á valdi ráðh., hvort hann vilji taka tillit til þess atriðis, eins og margra annarra, þegar að því kemur að setja reglugerðina, m. ö. o., að 6. gr. verði aðeins almennt ákvæði um það, að ráðh. setji reglugerð um nánari framkvæmd laganna.

Ég tel svo ekki á þessu stigi málsins, að það

sé ástæða til þess að hafa um þetta fleiri orð. Við sem sagt leggjum til, þm. Snæf. og ég, að frv. verði samþ. með þessum breyt., sem ég hef lýst, og á bak við það standa, eins og ég sagði áðan, mjög einróma meðmæli frá öllum þessum þremur bönkum hér í Reykjavík, sem frv. hefur verið sent til umsagnar og látið hafa í ljós álit sitt. Og enda þótt við viðurkennum, að það sé viss ástæða til þeirrar varfærni, sem skattstofan bendir á, þá sýnist okkur ekki, að öllu athuguðu, að þær mótbárur, sem þar koma fram, séu það veigamiklar, að þær ættu að valda því, að þetta frv. næði ekki þrátt fyrir það fram að ganga.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það mun vera tilgangur þeirra hv. þm., sem flytja þetta frv., að rétta með því hlut sparifjáreigenda og hvetja fólk til aukinnar sparifjársöfnunar. Hvort tveggja er þetta virðingarvert. Undanfarið hefur verið illa búið að þeim, sem hafa átt fé í peningastofnunum, því að þær eignir hafa tapað miklu af gildi sínu, og gott væri, ef takast mætti að auka sparifjársöfnun, því að lánsfé vantar til margra hluta.

En þrátt fyrir það, að ég viðurkenni viðleitni þeirra hv. þm., sem flytja frv., þá sé ég mér ekki fært að mæla með því, að það verði samþykkt, því að miklir annmarkar eru á frv., eins og það er lagt fyrir, og ekki tel ég, að þeir gallar verði lagfærðir, þó að þær brtt., sem fram hafa verið bornar af tveim hv. fjhn.-mönnum, verði samþ.

Í 1. gr. frv. segir, að sparifé skuli undanþegið eignarskatti og hvers konar öðrum sköttum og gjöldum til hins opinbera, þ. á m. eignarútsvari til sveitarfélaga. Mér er ekki ljóst, hvað flm. eiga við með orðunum: „hvers konar öðrum sköttum og gjöldum", og ég hef ekki orðið þess var, að skýringar hafi verið gefnar á því, við hvaða skatta og gjöld hér er átt.

Samkv. 2. gr. frv. á skattfrelsið aðeins að ná til innistæðna, sem bundnar eru í eitt ár. Fram er komin brtt. um að færa þetta tímabil niður í 6 mánuði. Ekki sýnist sú breyting til bóta. Þá gætu menn notið skattfrelsis fyrir fé, sem þeir hefðu hálft árið laust í ýmiss konar viðskipti eða lánastarfsemi utan við banka eða sparisjóði, ef þeir aðeins hefðu það í sparisjóðsreikningi um áramótin með 6 mánaða uppsagnarfresti.

Þetta tel ég þó minna atriði heldur en ákvæði 3. gr. Þar segir, að skattfrjálst sparifé skuli ekki vera framtalsskylt og ekki heldur vaxtatekjur af því; enn fremur, að skattayfirvöld skuli ekki eiga rétt á upplýsingum um innistæðureikninga með skattfrjálsu sparifé.

Ég vil leyfa mér að benda hv. þdm. á umsögn skattstjórans í Reykjavík um þetta atriði, sem birt er með nál. meiri hl. fjhn. á þskj. 672. Þar vekur skattstjórinn athygli á því, að þetta ákvæði, ef að lögum verður, muni torvelda mjög eftirlit með framtölum manna og gera skattyfirvöldunum mjög erfitt og jafnvel ómögulegt að sannreyna gildi framtala. Nefnir skattstjórinn í bréfi sínu dæmi, sem sýnir þetta.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, skipaði hæstv. ríkisstj. 5 manna n. á s. l. ári til að endurskoða lög um skatta og útsvör. N. hefur enn ekki getað lokið störfum, en þess er að vænta, að álit hennar og till. geti legið fyrir, áður en næsta reglulegt Alþ. kemur saman til funda. Í skattamálanefndinni hefur m. a. verið rætt um þetta mál, skattfrelsi sparifjár, og mun það verða tekið þar til nánari athugunar ásamt öðru, sem n. hefur til meðferðar. En málið er, eins og mörg önnur atriði skattamála, ærið vandasamt.

Til þess að hvetja fólk til aukins sparnaðar og rétta hlut sparifjáreigenda getur verið um fleiri leiðir að velja en þá, sem hér er lagt til að farin verði, en hvaða leið sem valin verður, þá er nauðsynlegt að gæta þess vel við lagasetningu um þetta efni, að ekki verði opnuð ný leið fyrir menn, sem ekki eiga einseyring — hvað þá meira — á sparisjóðsreikningi, til þess að komast undan lögákveðnum gjöldum til hins opinbera. En það tel ég einmitt stærsta gallann á frv., að menn, sem hafa laust fé í alls konar viðskiptum utan við banka og sparisjóði og hafa tilhneigingu til að komast undan lögákveðnum gjöldum, gætu haft stórum meiri hagnað af samþykkt frv. heldur en sparifjáreigendurnir, sem eiga fé sitt í bönkum og sparisjóðum.

Enn vil ég vekja athygli á því í sambandi við þetta mál, að verði lögákveðið skattfrelsi fyrir sparifé í bönkum og sjóðum, þá getur komið til álita, hvort skattfrelsið eigi ekki líka að ná til eigna í ríkisskuldabréfum eða vissum tegundum verðbréfa með ríkisábyrgð. Ég minnist þess t. d., að fyrir allmörgum árum var hafinn mikill áróður, m. a. af hálfu opinberra aðila, fyrir því, að menn keyptu skuldabréf stofnlánadeildar sjávarútvegsins til þess að styðja þann atvinnuveg. Síðar voru menn svo hvattir mjög til þess að kaupa skuldabréf Sogsvirkjunarinnar og Laxárvirkjunarinnar. Fleiri dæmi má sennilega finna þessu líkt um það, að fólk hefur verið hvatt til þess að verja sparifé sínu til kaupa á vissum tegundum verðbréfa í því skyni að greiða fyrir nauðsynlegum framkvæmdum. Margir munu hafa tekið þessar óskir til greina að einhverju leyti. En hvers eiga þeir menn þá að gjalda, ef skattfrelsi sparifjár verður í lög tekið, en þeir verða hafðir útundan? Það skal ég þó viðurkenna, að vandasamt getur verið að ákveða, hvaða verðbréfaeignir ættu að vera undanþegnar sköttum og hverjar ekki.

Málið er þannig allvandasamt og hefur alls ekki hlotið þann undirbúning, sem nauðsynlegur er til slíkrar lagasetningar. Er það hvort tveggja, að augljósir annmarkar eru á þeim till., sem fram eru bornar í frv., og ýmislegt fleira þarf að athuga í sambandi við málið heldur en þar er nefnt.

Eins og ég hef áður frá skýrt, er þetta mál einn þátturinn í þeim athugunum á skatta- og útsvarslöggjöfinni, sem stjórnskipaða skattamálanefndin hefur nú til meðferðar. Ég tel það því eðlilegustu meðferðina á frv., að því verði vísað til hæstv. ríkisstj. til athugunar.

Ég hef ekki enn gefið út skriflegt nál., en fer þó ekki fram á, að málinu verði frestað þess

vegna. En það er till. mín til hv. d., að frv. verði vísað til ríkisstj.

Jón Pálmason: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég nokkra grein fyrir því, hvernig á því stæði, að ég og hv. 1. þm. Rang. flyttum það hér inn í þingið. Því var vísað til hv. fjhn. 12. des. s. l. Verð ég að segja það, að mér hefur þótt hv. n. þurfa nokkuð langan tíma til þess að afgreiða málið, og kemur það nú í raun og veru í ljós hjá hv. form. n., af hvaða orsökum það er; hann er málinu sem sé andvígur. En ég vil nú þakka hv. meiri hl. fjhn. fyrir það að mæla með þessu frv. og vil gjarnan óska, að það fái afgreiðslu nú, áður en þingi slítur, enda þótt einhverjar breytingar séu á því gerðar.

Mér þykir mjög ánægjulegt að sjá þær umsagnir um þetta mál, sem fram hafa komið frá bönkunum, og vil aðeins víkja að nokkrum atriðum, sem koma fram í umsögnum þeirra.

Það segir hér í umsögn Landsbankans, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki vitum vér til, að verðtrygging sparifjár hafi nokkurs staðar verið lögfest.“ — Það er nú ein till., sem liggur fyrir. — „En málið hefur verið víða rætt síðustu árin og fengið einna ýtarlegasta athugun í Finnlandi, án þess þó að nokkuð hafi orðið úr framkvæmdum.

Finnar lögleiddu skattfrelsi sparifjár 1943 til 4 ára. Síðan hafa þessi lög tvisvar verið framlengd og gilda nú til ársloka 1955. Við síðustu framlengingu laganna var framtalsskyldu sparifjár aflétt að fullu. Það er eftirtektarvert, að árið 1950 hækkaði innlánsfé í Finnlandi um 17000 millj. finnskra marka, en árið 1951, eftir að framtalsskyldunni var aflétt, hækkaði innlánsféð um 59500 millj. marka.“

Þetta gefur nokkra bendingu um, hvaða áhrif það hefur haft í því eina landi, sem þetta fyrirkomulag hefur verið reynt, og gefur jafnframt til kynna, að það muni ekki vera fjarri lagi, sem við flm. höldum fram í grg., að þetta mundi verða sterkt ráð til þess að auka sparnað í landinu og hvetja fólkið til þess að leggja sína aura, sem það annars mundi eyða, í banka og sparisjóði.

Nú skal ég hér, með leyfi hæstv. forseta, víkja að nokkrum atriðum, sem hér koma fram í umsögn bankastjóra Búnaðarbankans, sem eðlilega hefur nána þekkingu eins og aðrir bankastjórar á þessum málum. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjöldi manna, einkum úr sveitum, kvartar sáran undan framtalsskyldunni á sparifé, ekki sér í lagi af því, að það sé skattskylt, heldur miklu fremur af því, að jafnskjótt og það er komið á skattskrá, er ekki stundlegur friður fyrir lánbeiðnum, en um það er, eins og gefur að skilja, flestum lítið gefið. M. a. af þessu liggur fólk oft með peninga, svo að um munar, heima hjá sér, í stað þess að geyma þá og ávaxta í bönkum eða sparisjóðum landsins.“

Og enn fremur segir bankastjórinn: „Sumir virðast standa í þeirri trú, að það séu fyrst og fremst ríkisbubbarnir, sem eigi sparifé. En hér er um fullkominn misskilning að ræða. Þeir, sem mestan kunnugleika hafa á þessum málum, vita, að stórefnamenn eiga sjaldan fé í bönkum eða sparisjóðum. Sparifé er svo að segja allt í smærri upphæðum. Það eru ekki hinir ríku, sem eiga það að jafnaði. Það er fjöldinn, sem á það. Það er hinn almenni borgari til sveita og sjávar, það er alþýðan, en ekki neinir fáir auðjöfrar. Það eru mjög oft börn og gamalmenni. Það er langoftast nægjusamasti hlutinn af fólkinu, iðjusamasti og sparneytnasti. Það er þetta fólk, sem endalaust er rúið og aftur rúið, þvert ofan í fyrirheit um hið gagnstæða og ítrekaðar áskoranir um meiri sparnað.“

Ég verð að segja, að þetta eru mjög athyglisverð orð, sem ég vil algerlega undirstrika að séu sönn. Þess vegna tel ég, að það sé mjög mikil nauðsyn á því, að þetta frv. verði afgr. nú áður en þingi lýkur, og vænti ég, að það komi nokkuð mikið í ljós, hvort það hefur fylgi, þegar atkvgr. fer fram um þá till., sem hv. þm. V-Húnv. ber hér fram um að vísa málinu til ríkisstj., því að hana geta auðvitað ekki aðrir samþ. heldur en þeir, sem eru á móti málinu. Og það er vegna þess, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki það á valdi sínu á þessu nýbyrjaða ári að gera neinar framkvæmdir í þessu máli nema með brbl., og það mundi hún sennilega ekki gera, sem ekki er eðlilegt, að nýafstöðnu þingi.

Sú viðbára, sem hér er flutt af hv. minni hl. fjhn., að þetta beri ekki að samþ., vegna þess að það sé verið að athuga skattamálin í heild, hefur heyrzt hér hvað ofan í annað og æ ofan í æ á þessu þingi, og er ekki — frá mínu sjónarmiði — réttmætt að taka hana það gilda, að það megi ekki gera nokkra breytingu, hversu réttmæt sem hún er, enda þótt það sé starfandi n. í þessum málum, sem hefur dregið sitt starf meira en hóf er á.

Varðandi brtt. frá hv. 5. þm. Reykv. og hv. þm. Snæf. vil ég nú segja það um tvær fyrri brtt., að þær eru að vissu leyti til bóta, vegna þess að það gerir styttri frestinn heldur en annars er. En þrátt fyrir það geri ég það ekki að neinu kappsmáli, síður en svo, hvort þær verða samþ. eða ekki. Önnur brtt., um það að fella niður 4. gr., held ég að sé nú heldur til hins verra. Eftir þeim athugunum og upplýsingum, sem fram hafa farið um þetta mál, þá mundi það verða til hins lakara, ef hún er samþ. En ég geri það ekkert að kappsmáli, hvort sú till. verður samþ. eða ekki, því að aðalatriðið er, að þetta mál nái fram að ganga og þau ákvæði, sem eru aðalatriði þess og eru í 1., 2. og 3. gr.

Varðandi þá mótbáru, sem fram hefur komið frá skattstofunni, skal ég ekki fara mörgum orðum, því að hv. frsm. meiri hl. fjhn. svaraði því eins og vera bar. En hitt er vitaður hlutur, að ef það ætti að afnema 3. gr., eins og mér fannst vera aðalmótbáran hjá hv. þm. V-Húnv., þá er málið tiltölulega þýðingarlítið.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um þetta frekar, nema sérstakt tilefni gefist til, en ég legg áherzlu á það, eins og gert er hér í þeim umsögnum, sem ég hef vísað til, að þetta er mál, sem mundi hafa mjög mikla þýðingu í fjár-

málalífi landsins og miklu meiri þýðingu en það, þótt það lækkuðu nokkuð skattar frá því, sem annars er, aðallega eignarskattur, og svo það, sem vextir af sparifé nema.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, vil ég taka fram, að eins og þetta mál liggur fyrir núna hérna, þá er það eins og hvert annað uppboðsmál. Það vita allir, að núverandi stjórnarflokkar eru búnir að gera samkomulag um það sín á milli í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna, að skattar og gjöld séu óbreytt, þ. e. fyrir það ár, sem yfir stendur. Samt stendur hér í þessu frv., að ákvæði þess um að undanþiggja sparifé sköttum skuli gilda á árinu 1953, sem sé á yfirstandandi ári. Nú er hins vegar búið að telja fram. — Ég veit ekki, hvort mönnum getur verið alvara með svona málsmeðferð, hvað sem menn meina nú um málið sjálft. — Menn eru núna búnir að telja fram þessar innistæður. T. d. rann út fresturinn til þess að skila framtölum í Rvík núna 31. jan. Það gæti því aldrei komið til mála, að þessi lög gætu tekið gildi fyrr en á næsta ári, og hefði því enga praktíska þýðingu fyrir borgarana í ár, þótt það gengi nú fram.

Eins og hér hefur verið tekið fram af hv. þm. V-Húnv., er verið að athuga skattalögin í mþn., og ef menn vilja vinna skipulega að þeirri endurskoðun og að allir þættir skattamála fái hæfilega athugun, þá er auðvitað skynsamlegast að vísa þessu máli núna til stjórnarinnar, þar sem það getur ekki hvort sem er komið til framkvæmda á því ári, sem nú er að líða, og skattamálin eru til athugunar í mþn. Það ættu nú satt að segja allir að geta sameinazt um þá aðferð. Hitt er svo annað mál, að ef menn ætla að nota þetta mál til þess að metast um það eða til að sýnast betri en aðrir, þá munu menn ekki vilja aðhyllast skynsamlegar vinnuaðferðir.

Ég vil einnig benda á það, sem ég hygg að hv. þm. V-Húnv. hafi raunar bent á, að málið er ekki eins einfalt og ráða mætti af þessu frv. Ég hygg, að ef hnigið yrði að því ráði að undanþiggja sparifé skattgreiðslu, sem ég vil engan veginn taka fyrir að geti komið til mála, þá yrði niðurstaðan sú, að það mundi ekki vera talið nóg að undanþiggja skattgreiðslu aðeins sparifé á innistæðureikningum, eins og hér er gert ráð fyrir. Ef það væri gert eitt út af fyrir sig, þá mundi það verða til þess, að svo erfitt sem það hefur nú verið undanfarið að selja t. d. ríkisskuldabréf eða skuldabréf með ríkisábyrgð og önnur verðbréf til þess að fá lán til langs tíma, þá mundi það verða gersamlega útilokað, að nokkur maður liti við slíkum bréfum, eftir að búið væri að gera einhliða ákvörðun um skattfrelsi sparifjár. Þess vegna býst ég fremur við, að yrði niðurstaðan sú að undanþiggja sparifé sköttum, þá yrði einnig að undanþiggja sköttum verðbréf, a. m. k. ríkistryggð verðbréf. En þá kemur aftur á móti til greina, ef undanþegið er skatti sparifé og verðbréf með ríkisábyrgð, að þá má gera ráð fyrir, að allt laust fjármagn leiti í þetta tvennt, í sparisjóði og ríkistryggð verðbréf, og ómögulegt verði að bjóða út annars konar skuldabréf. Kemur þá upp spurningin, hvort fara yrði enn þá lengra og undanþiggja þá skatti öll verðbréf. — Ég vil sérstaklega benda á þessa hlið málsins, vegna þess að þetta mál hefur verið talsvert ýtarlega athugað í fjmrn., og ástæðan til þess, að t. d. ég er ekki búinn að gera till. um að undanþiggja sparifé skatti, er aðallega sú, að það hefur víðtækar afleiðingar í þá stefnu, sem ég nú hef verið að lýsa, og athugunum á því, hvernig slíkt mundi verka á fjárhagsmálin, er ekki lokið. Slíkar athuganir standa einmitt yfir.

Eitt af því, sem er allra erfiðast í öllum okkar þjóðarbúskap, er það, hve erfitt er að fá lán til langs tíma. Við höfum alveg nýlega sett hér löggjöf á Alþingi um Framkvæmdabanka, og honum er ætlað að afla fjár til langs tíma. Ef næsta skref þingsins yrði svo að gera sparifé skattfrjálst, en ekki verðbréf, þá er það nokkurn veginn auðséð, að jafnvel þótt það tækist að viðhalda hér fjárhagslegu jafnvægi og auka traust á peningunum á næstu árum, þá mundu menn alls ekki kaupa nein skuldabréf frá þessum banka, af því að þau væru ekki skattfrjáls eins og sparifé.

Þetta mál er geysilegt stórmál, bæði nokkuð stórt frá skattalegu sjónarmiði, en þó enn þá stærra sem almennt fjárhagsmál, af því að inn í málið blandast ekki aðeins, hvort hægt muni að auka sparnaðinn, heldur líka inn í hvaða farvegi er hægt að beina fjármagninu. Og ég hygg, að allir hv. alþm. séu sammála um það, að svo gott sem það er, að menn leggi fé sitt á sparisjóð, þá er það þó enn þá betra, ef menn vilja festa féð í skuldabréfum til langs tíma. Allar þjóðir keppa fyrst og fremst að því að reyna að fá menn til þess að festa féð til langs tíma í slíkum skuldabréfum. Það er eitt helzta áhugamálið hjá mörgum þjóðum að fá almenning til þess að gera það. Það er aðlaðandi hugmynd að gera sparifé skattfrjálst. Menn segja, að það sé skattfrjálst í Finnlandi. Ég hef nú ekki rannsakað, hvernig því er varið, en nýlega hefur þetta málefni verið athugað mjög gaumgæfilega í Danmörku, og niðurstaðan hjá þeim varð sú að veita hlunnindi nokkur í skatti þeim, sem legðu fyrir sparifé, en þau hlunnindi voru mjög takmörkuð og mundu þykja mjög lítil hér.

Réttast er að viðhafa þá aðferð núna að vísa málinu til stjórnarinnar, sem þýðir mþn. í skattamálum, þar sem það fær eðlilega athugun, og það styður þá skoðun, að þetta mál getur ekki haft neina þýðingu fyrir skattaálagninguna árið 1953.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að segja nokkur orð um þetta mál, en skal þó ekki vera langorður til þess að tefja ekki tímann um of.

Svo sem hv. þdm. munu minnast, þá var lagt hér fyrir þessa hv. d. rétt fyrir jólin frv. til laga um tekjuskattsgreiðslur einstaklinga, sem við hv. 5. þm. Reykv. stóðum að. Þar sem nú er komið nærri þinglokum, virðast litlar horfur á því, að það mál nái frekari afgreiðslu að sinni á yfirstandandi þingi. Þess vegna liggur það þá næst fyrir, hvort hægt er að fá fram einhverjar

minni háttar breyt. og lagfæringar á skattakerfinu heldur en það frv. gerði ráð fyrir, og liggur þá að minni hyggju næst fyrir að athuga einmitt það mál, sem hér er til meðferðar í dag, þ. e. a. s., hvort tök væru á því að gera sparifé skattfrjálst.

Hæstv. fjmrh. vék að því mjög réttilega í sinni ræðu, að þetta mál hefði mjög mikil og víðtæk áhrif á fjármálakerfi þjóðarinnar yfirleitt. Og sannleikurinn er sá, að skattamál yfirleitt hafa slík áhrif, og mér hefur oft virzt því vera allt of lítill gaumur gefinn af löggjafarvaldinu, hversu skattamál hafa stórfelld áhrif á alla þróun fjármálanna í landinu. Það virðist oft og tíðum hafa verið farin dálítið öfug leið. Það er talað nú réttilega um margvíslega erfiðleika á efnahagssviðinu, sem við eigum við að stríða. Það er oft talað um erfiðleika á að fá lánsfé til margvíslegra framkvæmda, sem leiða af sér aftur það, að æ meiri og háværari kröfur eru gerðar til ríkisins um fyrirgreiðslu á öllum sviðum varðandi útvegun fjár til margháttaðra framkvæmda. Þessu er svo aftur mætt með því, að það verður að hækka skatta eða tolla, til þess að ríkið geti staðið undir þessum kröfum um fjárframlög til framkvæmda, sem eru eðlilegar og nauðsynlegar fyrir þjóðfélagið. Hins vegar virðist því ekki hafa verið eins gaumur gefinn, hvort ekki mætti fara aðra leið, hvort ekki mætti með einhverju öðru móti skapa aðstæður til þess að auka möguleikana á öflun lánsfjár, að auka vilja einstaklinganna í landinu til þess að verja fé sínu til skynsamlegra hluta, til þess þar með að létta byrðunum beinlínis af ríkissjóði. Þetta er að minni hyggju sú eina rétta leið, sem fara verður, ef við ætlum ekki að stefna út í þá ófæru, að ríkið verði að taka yfirleitt alla framfærslu borgaranna á sínar herðar, sem hlýtur auðvitað að leiða til þess, sem hæstv. fjmrh. minntist hér á, að það séu ekki möguleikar til þess að létta á sköttum, heldur verði þvert á móti með vaxandi þróun slíks ástands að leggja á aukna skatta og aukna tolla. Þetta er mjög mikið alvörumál, og það er mikilsvirði fyrir hæstv. Alþingi að gera sér þess grein, áður en í fullt óefni er komið, hvort hér er ekki stefnt í öfuga átt við það, sem fara á. Og mér virðist, að einmitt þetta frv., sem að sjálfsögðu snertir aðeins einn þátt skattalöggjafarinnar, marki nokkurt spor í þá átt að snúa til baka af þeirri leið, sem farin hefur verið, — ég vil segja óheillaleið, — þ. e. a. s. þeirri leið að reyna að halda öllu gangandi með sífellt auknum og vaxandi álögum á þjóðfélagsborgarana, þannig að nærri lætur, að þeir sligist undir þeim álögum. Virðist mér, að hér sé um að ræða mál, sem sé þess virði, að því sé mjög vandlega gaumur gefinn, og jafnframt hygg ég, að það séu ekki fram komin hér í þessari hv. d. nein þau rök, sem séu það veigamikil, að hægt sé að réttlæta það að vísa þessu máli frá, heldur beri að samþ. það þegar á þessu þingi.

Það þarf í rauninni ekki að gefa skýr rök fyrir málinu umfram það, sem gert hefur verið af þeim hv. frsm. fjhn., 5. þm. Reykv., og hv. fyrri flm. málsins, hv. þm. A-Húnv., og í þeim mjög greinargóðu umsögnum, sem fylgja með nál. meiri hl. fjhn. frá öllum bönkunum hér í Rvík, þar sem þetta mál er mjög rækilega tekið til meðferðar og þar sem m. a. er sagt í umsögn bankastjóra Búnaðarbankans, að öllum, sem um þetta mál vilji hugsa af sanngirni og án barnalegrar tortryggni, sé það ljóst, hvílíkt nauðsynja- og réttlætismál er um að ræða.

Ég vildi því ekki láta þessa umr. svo hjá líða að lýsa ekki minni afstöðu til þessa máls, og ég tel, að það sé þess eðlis, að það beri að afgr. það pósitívt á þessu þingi.

Það hafa verið færðar fram þær röksemdir gegn málinu, — í rauninni þær einu röksemdir, — að það séu erfiðleikar á því fyrir skattayfirvöld að sannreyna rétt framtöl manna, ef eigi að taka af bönkunum skylduna til þess að gefa upp sparifé. Ég hygg, að það sé almenn skoðun bankamanna yfirleitt, að það hafi verið mjög ógæfulegt fyrir þróun sparifjársöfnunar í landinu, að bönkunum var gert skylt að gefa upp sparifé. Ég skal játa það, að mér er ekki kunnugt um, hversu þessu er háttað erlendis, en mér er sagt, að víða sé þessi regla að minnsta kosti alls ekki látin gilda og sé talið mjög óheppilegt að hún gildi. Og ég man eftir, að einn mjög kunnur bankastjóri sagði við mig fyrir nokkrum árum, að hann teldi þetta vera eitthvert óskynsamlegasta ákvæðið, sem sett hefði verið inn í skattalöggjöfina.

Skattstofan bendir á það, að það séu vissir erfiðleikar á því að sannreyna það, hvernig menn hafi aflað sér fjár, ef þessi heimild sé úr lögum tekin. Þetta er að vissu leyti rétt. Á það benti líka hv. þm. V-Húnv. En við skulum ekki loka augunum fyrir því, að þessir erfiðleikar eru þegar til staðar í mjög ríkum mæli. Við vitum það ákaflega vel, að fólk tekur iðulega fé út úr bönkunum fyrir áramót til þess að láta það ekki liggja inni í bönkum, þegar áramótauppgjör fer fram. Þess verður mjög vart. Og jafnframt er hitt, sem hefur haft mjög alvarleg áhrif á sparifjársöfnunina og notkun sparifjár á heilbrigðum grundvelli, að mér er sagt af þeim mönnum, sem fást við skipti á búum, að það sé mjög algengt, að jafnvel tugir þúsunda króna finnist heima hjá fólki, sem það hefur ekki viljað leggja inn í bankastofnun. Þetta er náttúrlega atriði, sem ber mikla nauðsyn þjóðfélagslega að reyna með einhverjum ráðum að vinna á móti. Annaðhvort liggur fólk með það fé, sem er dregið út úr bönkunum, eða það sem verra er ef til vill, að það lendir í hvers konar braski, sem er í alla staði óheilbrigt fyrir fjármálaþróunina í landinu. Þetta gerir það að verkum, að það eru þegar fyrir hendi mjög miklir erfiðleikar fyrir skattayfirvöld að kynna sér, hvernig er með fjáreign manna í peningum. Svo er nú enn fremur það, svo að maður haldi sér nokkuð við það dæmi, sem skattstofan tekur í sinni umsögn, að við skulum segja, að maður hafi átt og eigi í banka nokkurt sparifé, við skulum segja 30—40 þús. kr. um áramót, en svo á hann um næstu áramót enga innistæðu í bankanum, vegna þess að hann hefur verið skattlagður og hann kærir sig ekki um það. Ef hann segir við skattayfir-

völdin: Ja, ég hef eytt þessu fé, — þá er ekki ljóst, að það sé möguleiki eftir gildandi skattalöggjöf fyrir skattayfirvöldin að gera nokkurn hlut annan en að taka það gott og gilt.

Eins og nú er ástatt með okkar skattkerfi, þá eru þeir, sem eyða öllu sínu fé, lausir við að borga af því eignarskatt, en þeir, sem leggja fé til hliðar, sýna ráðdeildarsemi og sparnað og verja því beinlínis til þjóðnytjaframkvæmda í þjóðfélaginu, ef þeir leggja það inn í banka eða kaupa verðbréf, verða að gjalda þess, og þeir eru látnir borga aukaskatta til ríkisins af þessu fé sínu. Þetta sýnist mér vera svo óheilbrigt og óskynsamlegt með hliðsjón af heilbrigðri fjármálaþróun í landinu, að ekki eigi að halda þessu kerfi áfram. Hitt skal ég taka undir, að það kann vel að vera, að á þessu frv. séu einhverjir annmarkar, og þá sérstaklega það, sem bent var á bæði af hv. þm. V-Húnv. og hæstv. fjmrh., að það getur að sjálfsögðu verið ákaflega varhugavert að veita mun meiri forréttindi fé, sem liggur inni í sparisjóðum, heldur en því fé, sem varið er til kaupa á ríkisskuldabréfum og gildir raunverulega alveg það sama um, og auðvitað hefur mjög mikla þýðingu þjóðfélagslega, að fólk vilji kaupa ríkisskuldabréf. Af þeim sökum hefði mér fundizt það ekki óeðlilegt, að það hefði verið tekið inn í 1. gr. frv., að jafnframt væru undanþegin skatti ríkisskuldabréf og jafnvel einnig skuldabréf með ríkisábyrgð, því að það er auðvitað mjög óheppilegt, ef komið verður í veg fyrir það, að fólk vilji leggja fé sitt til kaupa á ríkisskuldabréfum.

Varðandi þau ummæli hæstv. fjmrh., að það hefði verið gengið út frá því, að ekki yrðu gerðar neinar breytingar á skattalöggjöfinni nú á þessu þingi, þá verð ég að játa það, að mér er ekki kunnugt um það samkomulag að öðru leyti en því, að það hafði verið gert ráð fyrir því, að það yrðu afgreidd tekjuhallalaus fjárlög. Það er rétt. En að öðru leyti er mér ekki kunnugt um, að það hafi verið samið um það, að það mætti ekki gera neina breytingu á gildandi skattalöggjöf. — Og svo er þá því til að svara varðandi þetta mál, að ég hygg, að það liggi nokkurn veginn ljóst fyrir, að það muni ekki hafa ýkjamikil áhrif á tekjuskatt eða eignarskatt ríkisins, þó að þetta frv. yrði að l. Það kann vel að vera, að það séu einhverjir tekníiskir örðugleikar á því að láta það gilda á þessu ári, — ég skal ekki um það segja, — en það væri náttúrlega mjög æskilegt, að það gæti orðið. Ég tel, að það væri skynsamlegt og til bóta fyrir fjárhagskerfi þjóðfélagsins í heild, að frv. sem þetta næði fram að ganga.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég get nú ekki leynt því, með allri virðingu fyrir hæstv. fjmrh., að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum af ræðu hans hér. Hæstv. fjmrh. segir, að það, að hann sé ekki búinn að leggja fyrir þingið till. um skattfrelsi sparifjár, sé vegna þess, að rannsókn sé ekki lokið í fjmrn. á þessu máli. Ef þetta er rétt og það strandar á þessu einu, þá hefði maður sannarlega mátt búast við svolitið meiri áhuga og betri undirtektum hjá hæstv. fjmrh. í þessu máli. Og mér finnst, að hann hefði þá átt að telja það þakkarvert, að nokkrir þm. hafa tekið sér fram um að hjálpa svolitið upp á erfiðleikana, sem fjmrn. hefur við að stríða að átta sig á þessu máli. Það ætti a. m. k. að vera nokkur fengur fyrir fjmrn. að fá umsagnir helztu fjármálastofnana landsins, eins og komið hefur fram hér í þinginu.

Þetta segi ég vegna þess, að það sama á við varðandi afstöðu hv. þm. V-Húnv., og þegar hann heldur því fram, að það sé eðlilegt að rannsaka þetta mál betur og vísa því til milliþn. í skattamálum, þá má þetta að vísu til sanns vegar færa, en það dregur auðvitað ákaflega mikið úr áhuga manna til þess að verða nú við þessum tilmælum, þegar hv. þm. les svo upp allar greinar frv. og er á móti hverri einustu og er nú formaður í þessari mþn., sem á að endurskoða málið. Það hefði náttúrlega verið líklegra til þess, að menn vildu fara þessa leið, ef menn hefðu heyrt meiri áhuga og vilja hv. formanns mþn. og þingmanns hér til þess að greiða þessu máli götu heldur en fram kom í ræðu hans.

Mér finnst því miður og hef hugboð um það, að það gæti mjög um of skattheimtusjónarmiðsins hjá báðum þessum mönnum, hæstv. fjmrh. og hv. þm. V-Húnv., í sambandi við þetta mál og að þeir mikli fyrir sér það, sem skattstofan talar um, að það muni kippa fótunum undan því að hafa eftirlit með framtölum manna. En hvar stendur nú skattstofan í þessu máli? Búnaðarbankastjóri segir alveg réttilega: Það er ekki nema lítill hluti af sparifénu, sem er talinn fram. — Ef það er rétt, eins og ég sagði áðan, þá hefur þetta að sjálfsögðu ekki eins mikil áhrif og skattstofan vill vera láta.

Við skulum þá taka dæmi skattstofunnar. Hún talar um kaup og sölu á fasteign, nokkur hundruð þúsund krónur, og svo á viðkomandi maður að fara að tíunda það fyrir skattstofunni, hvernig hann gat eignazt þessa fasteign. Það er alveg rétt, að það getur vel verið, að það sé auðveldara að tíunda það fyrir skattstofunni, ef menn hafa möguleika til að benda á, að þeir hafi getað átt svo og svo mikið skattfrjálst sparifé. En við megum þá ekki heldur gleyma því, hvaða tölur það eru, sem teknar eru. Hvaða tölur eru það, sem gefnar eru upp, þegar menn eru að tíunda fyrir skattstofunni kaup og sölu á fasteignum? Ég held, að allir, sem eitthvað hafa við þessi mál fengizt, viti það með sjálfum sér, að hér er í stórum stíl farið fram hjá þeim raunverulegu kaupupphæðum, sem um er að ræða. M. ö. o., eftir því sem menn reyna að fara lengra upp og ná sér betur niður á að vita til hlítar um efnahag og tekjur og eignir manna, þeim mun lengra ganga borgararnir í því að reyna að komast undan þessu. Þetta er bara staðreynd, sem ekki er hægt að mæla á móti, og þá fer að verða spurning um það, hvort það er ekki meira virði fyrir þjóðfélagið að gera ráðstafanir til þess að örva sparifjármyndun og auka fjármálaviðskiptin í þjóðfélaginu, enda þótt

menn á sama tíma geti ekki talið sér trú um, að þeir geti með einhverri hnýsni í skattamálunum uppgötvað hverja krónu, sem skattþegnarnir eiga.

Ég er sammála hæstv. fjmrh. og hv. þm. V-Húnv. í því, að það beri að sjálfsögðu að koma til athugunar, hvort það ætti ekki í þessu sambandi að gera skattfrjáls ríkisskuldabréf, eins og hv. 2. þm. Eyf. benti á. Það væri auðvitað auðvelt að koma slíkri breytingu inn í þetta mál, ef menn hefðu haft áhuga fyrir því. Í Finnlandi var það svo, að einmitt ríkisskuldabréf voru skattfrjáls, eins og kemur fram í plöggum, sem fjhn. hafði til athugunar og Landsbankinn lét henni í té, m. a. í sambandi við skaðabótaskyldu Finna eftir styrjöldina, þar sem ríkið hafði þurft að leita á það að fá sparifé manna, og ýmis önnur tiltekin bréf. En ég get hins vegar ekki fallizt á það sjónarmið hjá hæstv. fjmrh., að þetta sé hættulegt út frá því sjónarmiði, að ef bara sparifé sé skattfrjálst, þá fari allt fjármagnið inn í sparisjóðina og þá sé ekki neitt fé til til þess að gera aðra hluti. Mér þætti nú heldur líklegt, að bankarnir stæðu dálítið betur að vígi, ef sparisjóðirnir fylltust af fé hjá þeim, og það er ekki útilokað, að þeir gætu kannske keypt eitthvað af ríkisskuldabréfum og eitthvað af verðbréfum Framkvæmdabankans væntanlega, m. ö. o. ráðstafað því fé, sem kemur inn, í trygg verðbréf, eins og m. a. eru lögákveðin fyrirmæli um í samþykktum bankanna, að þeir skuli gera að svo og svo miklu marki, en hafa sjálfsagt gert miklu minna en heppilegt er. Við megum ekki ganga út frá því, að sparifé hverfi eða fé almennings hverfi, ef það er lagt inn í sparisjóði bankanna og peningastofnanir landsins, svo að þetta atriði er ekki eins hættulegt og hæstv. fjmrh. vildi vera láta.

Varðandi það, að frv. geti ekki haft nein áhrif á þessu ári, þá er það að sjálfsögðu alveg rangt, þó að menn eigi að vera búnir að telja fram. Við skulum segja, að sú athugasemd sé rétt í sambandi við 5. gr., þar sem talað er um, að lögin eigi að koma til framkvæmda við skattframtal, og væri kannske eðlilegt að breyta því eitthvað, úr því sem komið er, en það kemur ekki við álagningu opinberra gjalda, og það ákvæði hefur fullkomlega gildi, því að það er meiningin að gera svo og svo mikinn hluta af því fé, sem menn nú hafa talið fram, skattfrjálsan, og það hefur auðvitað gildi eftir sem áður, þó að fyrra atriðið hafi ekki sömu þýðingu eins og í upphafi, þegar frv. var flutt, vegna þess, hvað nú er orðið áliðið.

Eins og hv. 2. þm. Eyf. benti á, þá hefur allt of lítið verið gert að því í okkar þjóðfélagi að taka tillit til þess, hversu slæm áhrif viss ákvæði skattalöggjafar geta haft á fjármálastarfsemi þjóðfélagsins. Hjá okkur er það vissulega svo, að það eru, eins og hann sagði, engar hömlur á því að eyða sparifé, sem menn taka út og láta fara í eyðslu, og telja skattstofunni trú um, að það sé ekki lengur til. Það er ákaflega auðvelt að eyða í okkar þjóðfélagi. En það hefur verið gert torvelt að safna fé og þ. á m. sparifé, og það er engum blöðum um það að fletta, eins og kemur fram í umsögnum bankanna, að það er ríkjandi tortryggni í okkar þjóðfélagi og einhver ótti hjá almenningi við að láta fé koma inn í peningastofnanirnar, og þennan ótta verður að fjarlægja. Og fólkið hefur vissulega ástæðu til þess að hafa nokkurn ótta í þessu efni vegna þess, hvernig búið hefur verið að sparifjáreigendunum, og ég vil nú segja með öðrum ráðstöfunum, eins og eignakönnuninni, sem hefur sennilega verið ein dýrasta og óhagkvæmasta fjármálaráðstöfun, sem gerð hefur verið á seinni árum, því að hún er áreiðanlega búin að kosta ríkið og einstaklinga margfalt meira fé heldur en ríkissjóður hafði í tekjur af þeirri eignakönnun. Þar er m. a. að leita orsakanna fyrir því, að hæstv. fjmrh. getur ekki selt ríkisskuldabréf og önnur verðbréf, þó að fullkomlega séu tryggð. Það er lögð áherzla á það að fá menn til þess að kaupa þessi bréf á mismunandi tímum, þegar þarf að gera veigamiklar framkvæmdir í þjóðfélaginu, og menn kaupa handhafabréf, en svo kemur ríkisvaldið eftir á og segir: Herrar mínir, nú skuluð þið koma og skila þessu inn og standa svo eins og meira og minna opinberir skattsvikarar eftir. — Afleiðingin fyrir ríkisvaldið verður svo sú, að það nær í bili nokkrum milljónum króna, náttúrlega miklu færri milljónum heldur en menn voru að gera hér ráð fyrir í þinginu á sínum tíma, og hefur eyðilagt verðbréfamarkaðinn í þjóðfélaginu.

Þess vegna þarf að snúa við á þessari braut, skapa meira traust og eyða tortryggni og fjarlægja fyrst og fremst ótta almennings við að leggja fé inn í peningastofnanir landsmanna og koma þannig í veg fyrir þann leiða hátt, sem hér er í þjóðfélaginu, að menn láta peningana mygla heima í skúffum sínum og verða ekki að því afli í þjóðfélaginu, sem þeir vissulega eðli sínu samkvæmt eiga að vera.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. fyrri flm. málsins, þm. A-Húnv., talaði um það, að frv. þetta hefði verið nokkuð lengi til athugunar hjá fjhn. d. — Frv. mun hafa verið vísað til n. fáum dögum áður en hlé var gert á þingstörfum í desember. N. gerði ráðstafanir þá, áður en þingi var frestað, til þess að senda frv. til umsagnar bönkunum og skattstofunni í Reykjavík. Umsagnir frá sumum þessum aðilum, t. d. einum bankanum, bárust ekki fyrr en seinni hluta janúarmánaðar, og ég held, að því verði nú ekki haldið fram, að málið hafi tafizt óeðlilega hjá n.

Það sé fjarri mér að gera lítið úr umsögn bankastjóranna um þetta mál, en þó virðist mér, að ummæli þeirra um frv. séu, eins og ef til vill er eðlilegt, fyrst og fremst byggð á því, að bankastjórarnir gera sér vonir um, að ef frv. verði samþ., þá muni það verða til þess að auka nokkuð sparifé í bönkunum, en hins vegar hafi bankastjórarnir ekki svo sem skyldi athugað aðrar hliðar málsins eða frágang frv. að öðru leyti. — Hv. þm. A-Húnv. las hér upp nokkuð úr umsögnum bankastjóranna. M. a. kemur þar fram hjá einum bankastjóranum það álit, að mönnum sé mjög illa við að þurfa

að telja fram sparifé, því að strax þegar það sé komið á skattskrá, þá megi þeir búast við að verða fyrir ónæði af lánbeiðendum og þyki þeim ýmsum illt undir að búa. Út af þessu vil ég nú benda á það, að þær skattskrár, sem lagðar eru fram opinberlega almenningi til sýnis, gefa engar upplýsingar um það, í hvaða verðmætum eignir manna liggja. Þær upplýsingar er aðeins að finna í sjálfum framtölunum, sem aðrir hafa ekki aðgang að heldur en skattanefndirnar.

Þá segir hv. þm. A-Húnv., að það geti ekki aðrir samþ. till. mína um að vísa málinu til stjórnarinnar en þeir, sem séu á móti því. Þetta er alger misskilningur hjá hv. þm. Mér finnst einmitt mjög eðlilegt, að menn, sem eru málinu hlynntir og vilja láta það fá betri undirbúning heldur en það hefur fengið, verði með þessari till. minni. Þetta finnst mér mjög eðlilegt vegna þess, hvað frv. er gallað í þeim búningi, sem það nú hefur, en hins vegar mjög líðið að þinglokum, og því er ekki tími til þess fyrir Alþingi að láta fara fram þá athugun málsins og gera þær breyt. á frv., sem þörf er á, áður en þing lýkur störfum að þessu sinni.

Það er eitt atriði enn, sem mér finnst ástæða til að vekja athygli á í sambandi við málið. Það er gert ráð fyrir því, að sparifé verði undanþegið sköttum til ríkisins og útsvari líka, t. d. eignarútsvari til bæjar- og sveitarfélaga. Nú er það svo, að lög um útsvarsálagningu eru mjög ófullkomin og engar skýrar reglur um það, hvernig eigi að haga útsvarsálagningu. Það er enn í lögum, að hreppsn. og niðurjöfnunarn. geti miðað útsvarsálagninguna við það, sem kallað er „efni og ástæður". Þeim er ekki skylt að fara eftir skattframtölum við niðurjöfnun útsvara, þó að margar niðurjöfnunarn. og hreppsn. muni hafa skattframtölin til hliðsjónar. Það er því engin trygging fyrir því, að sparifjáreigendur fengju nokkra tilslökun á útsvörum, þó að 1. gr. þessa frv. yrði samþ., því að niðurjöfnunarn. gætu haldið því fram, að þær hefðu lagt á eftir efnum og ástæðum, en ekki sérstaklega eignarútsvar.

Hv. frsm. meiri hl., 5. þm. Reykv., heldur því fram, að það hafi ekki birzt neinn áhugi hjá mér eða vilji fyrir þessu máli. Þetta tel ég nú ekki alls kostar rétt hjá hv. þm., þó að ég hafi ekki séð mér fært að mæla með þessu frv. eins og það liggur fyrir. Ég vil í þessu sambandi t. d. benda á það, að ég hef nú á þessu þingi borið fram ásamt fleiri hv. þm. till. til þál. um verðtryggingu sparifjár. Var sú till. borin fram í því skyni að fá það athugað, hvort ekki væri unnt að koma á slíkri verðtryggingu og á þann veg rétta hlut sparifjáreigenda. Till. þessi hefur verið til meðferðar í Sþ. og fjvn. þingsins sammála um að mæla með því, að hún yrði samþ. — að vísu með nokkurri breyt., og vænti ég, að till. fái afgreiðslu, áður en þingi lýkur.

Ég tel þannig, eins og ég hef áður sagt, fulla þörf á því að athuga þetta mál með það fyrir augum að auka hvöt manna til sparnaðar og gera hlut sparifjáreigenda betri en verið hefur að undanförnu, en ég tel aðeins, að það megi ekki hrapa svo að málinu að samþ. nú í þinglokin frv., sem er mjög gallað að ýmsu leyti.

Hv. 5. þm. Reykv. viðurkenndi nú í sinni ræðu, að það ætti að setja í frv., að skattfrelsið nái einnig til ríkisskuldabréfa. Ekki hefur þó sá hv. þm. flutt till. um þetta, þó að hann hafi haft málið til athugunar með öðrum fjhn.-mönnum. Þetta eitt út af fyrir sig sýnir, að málið þarf meiri undirbúning heldur en það hefur fengið, því að það getur verið mikið álitamál, ef á að taka þessi verðbréf inn í frv., hvaða tegundir verðbréfa þá á að taka. Ég fyrir mitt leyti treysti mér ekki til nú á þessari stundu að láta uppi álit um það, hvað þarna ætti að taka með og hverju ætti að sleppa.

Ég vil að síðustu benda á það eða minna á það, að þetta er nú ekki í fyrsta sinn, sem rætt hefur verið um þessi mál hér á þingi. Á þingi í fyrra bar hv. þm. S-Þ. fram í Ed. frv. um skattfrelsi sparifjár. Það er að finna í þingtíðindum frá síðasta þingi á þskj. 163. En sá var aðalmunur á því frv. og þessu, sem hér liggur fyrir, að þar var gert ráð fyrir því, að sparifjáreigendur ættu að gera grein fyrir sparifé sínu, þegar þeir teldu fram til skatts, þó að sparifé eða viðlagðir vextir þess væri ekki reiknað með við útreikning skattsins. Enn fremur var ákvæði um það í því frv., að forstöðumenn banka, sparisjóða og innlánsdeilda skyldu svara tafarlaust fyrirspurnum skattan. um upphæðir á skattfrjálsum innistæðum framteljanda. Þetta frv. fékk einróma meðmæli fjhn. Ed. á þinginu í fyrra, og er álit n. birt á þskj. 387. Einn nm., hv. 11. landsk., tók þó fram þar, að hann mundi ef til vill flytja brtt. Ekki komu nú samt neinar till. frá honum til breyt. á frv. þar í Ed., og málið var afgreitt til Nd., en þá var svo liðið á þingtímann, að ekki vannst tími til að athuga málið frekar.

Þá vil ég enn minna á það, að á síðasta þingi flutti hv. þm. A-Húnv. hér í d. frv. um stofnlánadeild landbúnaðarins, á þskj. 179, og í 5. gr. þess frv. var gert ráð fyrir því, að þessi stofnlánadeild tæki fé til ávöxtunar á sparisjóðsreikning, sem væri ekki framtalsskylt og stjórn bankans væri bannað að gefa upplýsingar um. Frv. þetta var athugað og rætt hér í þessari d. í fyrra, og þá var samþ. hér í d. brtt. frá mér, á þskj. 459, um að sparifjáreigendum skyldi skylt að gera grein fyrir eign sinni í stofnlánadeildinni, þegar þeir telja fram til skatts, þótt eignin reiknist ekki með við skattaútreikning. Þessi till. var samþ. hér í d., og virtist því koma fram sami vilji í þessu efni hjá þessari d. í fyrra eins og hv. Ed., en það fór nú þannig um þetta mál eins og það fyrra, sem ég gat um, að það fékk ekki fullnaðarafgreiðslu á þinginu.

Ég vildi minna á þessi tvö mál frá þinginu í fyrra til þess að benda á það, að þá var meiri hl. þm. í báðum d. þingsins þeirrar skoðunar, að það væri varhugavert að undanþiggja sparifé framtalsskyldu, auðvitað vegna þess, að það mundi opna leiðir fyrir ýmsa menn, sem ekki hafa sparifé sitt geymt í bönkum eða sjóðum, til þess að komast undan réttmætum gjöldum til hins opinbera. Það liggur í augum uppi þeim, sem athuga þetta mál, að verði þetta frv. samþ. í

svipuðu formi eins og það nú er, þá er mögulegt fyrir menn, sem kæmu undir ákvæði frv. með sitt fé um tíma, — hvort sem það væru nú sex mánuðir eða eitt ár, — að taka þetta fé út úr sparisjóði eða banka að þeim tíma liðnum og verja því til ýmissa ráðstafana utan við bankana eða sparisjóðina, og væri þá ekki auðvelt fyrir skattayfirvöld, og ég vil segja raunar ókleift, að fylgjast nokkuð með þessum ráðstöfunum manna, ef það væri fyrir það girt, að skattayfirvöldin mættu leita nokkurra upplýsinga hjá bönkum eða sjóðum um þær breytingar, sem verða á innistæðum á þessum reikningum.

Ég sé nú ekki ástæðu, nema tilefni gefist, að hafa um þetta fleiri orð að sinni, en vænti þess, að d. geti á mína till. fallizt, að vísa málinu til stjórnarinnar, til þess að það fái nánari athugun, því að þess er vissulega þörf.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Nd., 4. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. frá þm. V-Húnv. um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 17:11 atkv.

1. gr. samþ. með 22:2 atkv.

Brtt. 673,1 samþ. með 18:6 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 18:1 atkv.

Brtt. 673,2 (4. gr. falli niður) samþ. með 15:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KS, LJós, MJ, ÓTh, PO, SÁ, SG, StJSt, ÁkJ, ÁS, EOl, JóhH, JS, JR, SB.

nei: ÁB, HÁ, HelgJ, JPálm, JörB.

PÞ, SkG, StgrSt, BÓ, EirÞ, EmJ, EystJ, GG, GÞG, HV, JG, JÁ greiddu ekki atkv.

3 þm. (AE, GTh, IngJ) fjarstaddir.

5. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 20:3 atkv.

Brtt. 673,3 (ný 6. gr., verður 5. gr.) samþ. með 18:1 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:2 atkv.

Á 68. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 773, 774).

Afbrigði um brtt. 774 og 780, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa frv. hér í d. í gær bar ég fram þá till., að málinu yrði vísað til ríkisstj. Ég færði þær ástæður fyrir þessari till. minni, að það væri ljóst, að undirbúningur málsins væri mjög ófullkominn og frv. gallað á ýmsan hátt og því væri ekki hægt nú í þinglokin að vænta þess, að mögulegt yrði að ganga frá málinu þannig, að viðunandi mætti teljast. Hv. d. felldi þessa till. mína, en samþ. hins vegar nokkrar brtt., sem fyrir lágu, og tel ég ekki, að frv. hafi tekið breytingum til hins betra við þær breytingar. Það er vitanlega mjög naumur tími til athugana á málinu nú milli umræðna, þar sem 2. umr. lauk seint í gær og frv. útbýtt eins og það nú er mjög nýlega. Ég hef þó reynt að gera mér nokkra grein fyrir því, hver áhrif frv. gætu orðið í ýmsum tilfellum á skattgreiðslur manna til hins opinbera.

Það er vafalaust rétt, sem haldið er fram, að sparifé í bönkum og sjóðum sé eign fjölda manna og yfirleitt ekki stórar fjárhæðir í eigu einstaklinga. Þeir menn, sem efnaðastir eru eða umsvifamestir í fjármála- og athafnalífinu, munu yfirleitt ekki eiga mikið fé geymt á sparisjóðsreikningum. Á þetta er bent í umsögnum bankanna um málið, og ég geri ráð fyrir, að þetta sé í höfuðatriðum rétt. Eins og ég sagði við 2. umr., tel ég virðingarverða þá viðleitni flm. frv. að rétta hlut sparifjáreigenda og hvetja fólk til sparifjársöfnunar. En til þess að ná því marki getur verið um fleiri leiðir að velja en þá, sem hér er stungið upp á. Ég benti einnig á við 2. umr., að verði sett lög um þetta efni, þá þarf að ganga svo frá þeim, að ekki séu með lagasetningunni opnaðar leiðir fyrir ýmsa fjáraflamenn til að komast undan lögákveðnum gjöldum til ríkis og sveitarfélaga, þó að þeir eigi raunverulega engar innistæður í bönkum og sjóðum. En ég tel einmitt, að slíkir möguleikar séu opnaðir með frv., eins og það nú er, ef að lögum verður. Það er auðvelt að nefna dæmi til sönnunar því, sem ég hef hér haldið fram.

Í næstliðnum mánuði voru hér umræður einu sinni um annað frv. varðandi skattamál. Ég nefndi þá dæmi um skattgreiðslur einstaks manns hér í Reykjavík, sem hafði um 150 þús. kr. í skattskyldar tekjur samkv. síðustu skattskrá. Af þeim tekjum þarf hann að borga í tekjuskatt, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatt samkv. gildandi lögum samtals rúmlega 48 þús. kr. Nú hef ég gert nokkra athugun á því, hvernig maður þessi gæti komið sínum fjármálum og skattframtali fyrir framvegis sér til hagnaðar, ef frv. þetta verður gert að lögum eins og það nú liggur fyrir. Maður þessi, sem ég hirði ekki um að nafngreina frekar en áður, hefur umfangsmikil viðskipti, þar á meðal bankaviðskipti. Við skulum segja, að hann skuldi í banka eða bönkum eina millj. kr. vegna víxla, sem bankarnir hafa keypt af honum. Í stað þess að borga skuldina, leggur hann eina millj. kr. inn á sparisjóðsreikning í bankanum. Þetta eru mjög hagstæð viðskipti fyrir bankann, því að útlánsvextir eru hærri en vextir af innistæðum. Af víxilskuld, sem nemur einni millj. kr., þarf nú að borga í vexti og framlengingargjöld, ef um framlengingu er að ræða, ásamt stimpilgjaldi milli 80 og 90 þús. kr. á ári, en vextir af jafnhárri innistæðu á innlánsskírteini eru rúmlega 60 þús. kr. yfir árið. Mér reiknast svo til, að vaxtamismunur, sem maður þessi þyrfti að borga bankanum yfir árið vegna þeirra viðskipta, sem ég nú nefndi, mundi verða um 23 þús. kr. Vaxtagjöld hans mundu verða þeim mun hærri en vaxtatekjurnar. En hver áhrif mundu nú þessi viðskipti hafa á skattframtal hans og skattgreiðslur? Eins og ég sagði áðan, þá reiknast mér svo til, að vextir af einnar millj. kr. víxilskuld og önnur gjöld muni vera 84800 kr. Þessa upphæð má maðurinn draga frá sínum tekjum, og

þá mundu skattskyldar tekjur hans færast úr 150 þús. kr. niður í milli 60 og 70 þús. kr. Hins vegar þarf hann ekki samkv. frv. að telja fram sem tekjur vextina, sem hann fær af jafnhárri innistæðu í bankanum, yfir 60 þús. kr. Þeir vextir eru ekki framtalsskyldir eða skattskyldir samkv. frv. Niðurstaðan af þessu mundi verða sú, að maður þessi mundi ekki borga rúmlega 48 þús. kr. í skatta til ríkisins, heldur um 5 þús. kr., þannig að skattar hans til ríkisins mundu lækka af þessum ástæðum um um það bil 43 þús. kr. Auk þess átti nú þessi maður að borga nokkur þús. kr. í eignarskatt samkv. síðasta skattframtali, en sá eignarskattur mundi hverfa alveg, vegna þess að hann þyrfti ekki að telja fram milljónina, sem hann ætti inni í bankanum, en fengi að telja með öðrum skuldum víxilskuldina, sem stæði þar á móti. Hann gæti sem sagt haft upp úr þessum viðskiptum við bankann lækkun á ríkissköttum, sem næmi samtals um 50 þús. kr., en yrði að láta af því 23 þús. kr. í vaxtamun til bankans, hefði í hreinar tekjur 27 þús. kr. af þessum viðskiptum. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að ég hafi reiknað þetta dæmi svo nákvæmlega, að hér geti ekki skakkað neinu, sem teljandi er.

Þá skulum við líta á útsvörin. Það er nú að vísu svo, að niðurjöfnunarnefndir eru ekki bundnar við nein ákveðin lagafyrirmæli um niðurjöfnun útsvara. En hér í Reykjavík er nú talið, að útsvörin hafi einkum verið miðuð við tekjur og eignir samkv. þeim upplýsingum, sem fyrir liggja í útsvarsskránni, og mér reiknast svo til, að ef fylgt yrði framvegis svipuðum reglum um álagningu tekjuútsvara og eignarútsvara hér í bænum eins og gert var síðast, þegar þessi gjöld voru á lögð, þá mundi þessi maður fá lækkun á útsvari, sem næmi um 20 þús. kr., vegna þessara viðskipta, þannig að hann hefði þá um 47 þús. kr. í hreinan ágóða af þessum bankaviðskiptum sínum, ef hann gæti notið hlunninda þeirra, sem boðið er upp á í þessu frv. Ég er eiginlega dálítið hissa á því, að einn af meðnm. í fjhn., hv. 5. þm. Reykv., sem á nú sæti í bæjarstjórn hér, skuli leggja til, að þetta frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Mér virðist, að annaðhvort hafi hann ekki athugað til neinnar hlítar, hver áhrif þess kynnu að verða í vissum tilfellum, m. a. fyrir bæjarfélagið, eða þá að hann metur hér meir hagsmuni einhverra annarra heldur en þess bæjarfélags.

Ég hef nú leyft mér að leggja fram brtt. við frv. á þskj. 774, sem var verið að útbýta hér í d. nú rétt áðan, og vil ég skýra þær nokkuð.

Fyrsta brtt. mín er við 1. mgr. 1. gr. Í henni segir, að sparifé skuli vera undanþegið eignarskatti og hvers konar öðrum sköttum og gjöldum til hins opinbera. Ég hef ekki fengið neinar skýringar á því frá flutningsmönnum, við hvað er átt, þar sem talað er um hvers konar aðra skatta og gjöld. En ég legg til, að þessi 1. mgr. verði orðuð þannig, að allt sparifé í peningastofnun, sem fullnægir þeim skilyrðum, sem um getur í 2. gr., skuli undanþegið eignarskatti til ríkisins og eignarútsvari til sveitarfélaga. Við útreikning á eignarskatti skuli þó telja sparifé til eignar á móti skuldum framteljanda. Ég tel, að það sé alls ekki fært að undanþiggja sparifé sköttum hjá þeim mönnum, sem láta standa skuldir á móti, því að með því móti er auðvelt að misnota ákvæði laganna, eins og ég hef áður greinilega sýnt fram á. Á sama hátt tel ég, að ákvæðið um skattfrelsi vaxtanna af sparifénu þurfi að vera þannig, að menn fái aðeins skattfrjálsar vaxtatekjur að svo miklu leyti sem þær eru meiri heldur en vaxtagjöld, sem þeir telja á skattframtali sínu til frádráttar tekjum. Og við það er miðaður b-liðurinn í fyrstu brtt. minni. Þar legg ég til, að verði bætt við 1. mgr. svo hljóðandi ákvæði, með leyfi hæstv. forseta: „Sömuleiðis skulu vextir af þessu fé vera skattfrjálsir sem tekjur, ef þeir leggjast við höfuðstólinn, þó aðeins að svo miklu leyti sem vaxtatekjur skattgreiðanda eru meiri en vextir af skuldum, sem hann telur fram til frádráttar tekjum."

Ég tel mig hafa fært rök fyrir því í því dæmi, sem ég nefndi hér áðan, að það sé alveg óhjákvæmilegt, ef mönnum er alvara með þetta mál, að samþykkja þessar brtt. mínar, því að annars er opin leið fyrir menn til þess að misnota þessi ákvæði í stórum stíl.

Þá flyt ég aðra brtt., við 3. gr. Legg ég þar til, að greinin verði orðuð um og verði þannig:

„Skylt er sparifjáreigendum að gera grein fyrir hinu skattfrjálsa fé og vöxtum af því, þegar þeir telja fram til skatts, og hvar það stendur inni, þótt það eða viðlagðir vextir þess reiknist ekki með við útreikning skattsins."

Þessi till. er að efni til alveg eins og till., sem samþ. var á síðasta þingi hér í hv. d., þegar það lá fyrir að greiða atkv. um frv. viðkomandi stofnun nýrrar deildar við Búnaðarbankann, sem borið var fram á því þingi. Upphaflega var ráðgert í því frv., að sparifé í þeirri nýju deild skyldi ekki framtalsskylt, en það var samþ. hér í d., að það skyldi skylt að telja féð fram, þó að það teldist ekki með, hvorki höfuðstóll né vextir, við útreikning á sköttum. Og eins og ég sagði við 2. umr., þá var þetta skattfrelsismál einnig fyrir hv. Ed. á síðasta þingi og hlaut fullnaðarafgreiðslu í þeirri d., og þar var málið afgr. með þeim hætti, að ákveðið var, að það skyldi telja fram sparifé og vexti af því, þó að það væri ekki reiknað með, þegar skattur væri á lagður. — Ég vil enn fremur benda á það út af því, sem hér hefur verið sagt um fyrirkomulag þessara mála í Finnlandi, að þegar þar voru sett lög um skattfrelsi sparifjár, þá mun ekki hafa verið ákveðið, að sparifé skyldi undanþegið framtalsskyldu. Ég vil enn fremur benda á það, að það er ekki hægt að girða fyrir þann möguleika, að menn geti misnotað ákvæðin á þann hátt, sem ég sýndi í dæmi mínu áðan að mögulegt væri, nema með því móti að halda framtalsskyldunni.

Eins og ég áður hef sagt, þá er þetta mál ærið vandasamt, og sá tími, sem mönnum hefur gefizt til að athuga það nú á milli umræðna, er mjög stuttur. Því má það vel vera, að það séu enn ákvæði í frv., sem séu mjög varhugaverð, og að mér hafi sézt yfir þau. Því tel ég,

að málið þurfi að fá betri athugun og undirbúning milli þinga, áður en gengið verður frá lagasetningu um þetta efni. Ég sagði einnig frá því við 2. umr. málsins, að þetta væri eitt af þeim atriðum, sem skattamálanefndin hefði til athugunar, hvað hægt væri að gera til þess að rétta nokkuð hlut sparifjáreigenda og að hvetja fólk til aukinnar sparifjársöfnunar, því að víst er þörf fyrir það hvort tveggja. En það getur verið mjög varhugavert að afgr. slíkt mál sem þetta í flaustri á síðustu klukkustundum þingsins, því að þá getur vel svo farið, að löggjöfin verði þannig, að á henni reynist, þegar til framkvæmda kemur, miklir annmarkar.

Ég vil nú aðeins að síðustu benda hv. flm. á það, að mér sýnast ákvæði frv. um gildistöku laganna nokkuð óákveðin, og eins og þau eru nú, þá er mjög hæpið að það væri hægt að láta þetta koma til framkvæmda við skattaálagningu á þessu ári, þó að vilji væri til þess. En ég tel það nú mjög vafasamt, þó að frv. næði fram að ganga, að þá ætti þetta að koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1953, — teldi það nú eðlilegt, að það væri ekki haft þannig.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég veit ekki, hvort ástæða er til að halda áfram umr. lengi um þetta mál, en mér er tjáð, að hv. Ed. hafi nú lokið störfum, og málið hefur ekki enn verið tekið til meðferðar í þeirri hv. deild. En ég hef leyft mér að flytja brtt. við frv. á þskj. 780 og skal í mjög stuttu máli gera grein fyrir efni hennar. Brtt. er um það, að á eftir 3. gr. komi ný gr., þess efnis, að ákvæði 1.—3. gr. laganna gildi um ríkisskuldabréf og eigin skuldabréf Framkvæmdabanka Íslands, sjóða Búnaðarbanka Íslands, Fiskveiðasjóðs Íslands og iðnlánasjóðs, eftir því sem við á hverju sinni.

Þau hlunnindi, sem frv. gerir ráð fyrir, taka eingöngu til sparifjár. Nú er það svo, að talsvert mikið er um það, að menn fái því opinbera fé sitt til varðveizlu, án þess að þar sé um sparifé að ræða samkvæmt venjulegri merkingu þess orðs. Og hlunnindin, sem ákveðin eru í frv., mundu þó ekki taka til þess fjár. En ríkið sjálft og ýmsar opinberar stofnanir gera töluvert að því — sumar þeirra byggja starfsemi sína að nokkuð miklu leyti á því — að veita viðtöku slíku fé til langs tíma með sölu eigin skuldabréfa. Meðal þeirra stofnana, sem gert er ráð fyrir að afli sér fjár á þennan hátt, er Framkvæmdabanki Íslands, sem stofnaður hefur verið með lögum á þessu þingi nú fyrir fáum dögum, og sama er að segja um fleiri slíkar stofnanir. Mér sýnist hins vegar, ef frv. væri samþ. eins og það nú er, þannig að hlunnindin taki eingöngu til sparifjár, að þá mundi það hafa þær afleiðingar, að menn mundu ekki kaupa slík skuldabréf, ekki binda fé sitt til langs tíma, af því að þá yrðu þeir að greiða skatt af því fé, en slyppu hins vegar við að greiða hann, ef þeir leggja féð inn í sparisjóði. Slík ákvæði mundu því verða mjög afdrifarík fyrir verðbréfamarkaðinn í landinu, og ég held, að það sé ekki stefnt í rétta átt, því að löggjafinn ætti fremur að stuðla að því með aðgerðum sínum að örva þann markað heldur en að draga úr honum. Við þurfum mjög á því að halda, eins og sakir standa, að afla fjár til margs konar framkvæmda, og þessa fjár verður að afla sem lána eða innlána til langs tíma, annars getur það ekki komið að notum til þessara framkvæmda.

Af þeim ástæðum, sem ég nú hef nefnt, hef ég leyft mér að bera fram þessa brtt. á þskj. 780. Ég hef haft mjög skamman tíma til þess að athuga það, hvernig till. ætti að vera og hversu víðtæk, og má vel vera, að hér hefði átt að tiltaka fleiri stofnanir, fleiri tegundir skuldabréfa heldur en þarna eru talin, en það er nokkur vandi að greina þar á milli, og ég hef því tekið það ráð að telja ríkisskuldabréf og svo eigin skuldabréf nokkurra stofnana, sem mér virðist vafalaust að eigi að njóta þessara hlunninda, ef að lögum yrðu.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það er nú auðsætt, að það er lagt á það mikið kapp að koma þessu frv., sem hér liggur fyrir, fyrir kattarnef, og þykir mér það í sjálfu sér nokkuð undarlegt. Við 2. umr. þessa máls sagði hæstv. fjmrh., að þetta væri uppþotsmál. Mér þótti þetta mjög illa og ómaklega mælt og undarlegt að heyra það, því að það hlýtur hæstv. ráðh. að vita, að við 1. þm. Rang. erum engir uppþotsmenn, enda komnir á þann aldur, að við erum ekki líklegir til þess að vera neinir byltingarforingjar. Þar að auki er það, að þetta mál er flutt sem alþjóðlegt hagsmunamál og menningarmál. Það er ekki flutt á neinum flokkslegum, stéttarlegum eða persónulegum grundvelli, heldur eingöngu af þeirri trú, að það sé nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að stöðva ofur lítið þá eyðslustefnu, sem verið hefur og er byggð ekki síst á því, að fólkið er að tapa trúnni á það að safna nokkrum peningum.

Nú hafa verið fluttar hér brtt. við þetta frv. af hv. þm. V-Húnv. og hv. þm. N-Þ., sem mundu, ef samþ. yrðu, algerlega eða því sem næst eyðileggja þetta mál eða það væntanlega gagn, sem af því gæti hafzt.

Mér hnykkti dálítið við, þegar hv. þm. V-Húnv. sagði, að hann hefði haft svo nauman tíma til þess að athuga þetta mál milli umræðna. Þetta er maður, sem er búinn að halda málinu í n. í sex vikur og ætti því að vera nokkurn veginn ljóst, hvað það er, sem fyrir liggur. En það er auðséð, að það hefur verið sterkur áhugi frá hans hlið til þess að stöðva þetta mál, alveg á sama hátt eins og honum tókst í fyrra að eyðileggja mál á svipuðum grundvelli, sem ég flutti hér varðandi stofnlánadeild landbúnaðarins, því að það er vitaður hlutur, að um leið og framtalsskyldan er inn í þetta sett, þá er skattfrelsið nauðalítils virði, og það er af því, að gjaldaþunginn, sem á sparifénu er, færist þá bara til og verður tvöfaldaður hjá sveitarfélögunum, sem fá þeim mun meira tækifæri til þess að leggja á sparifé, sem ríkið sleppir af sínum rétti við það. Þess vegna eru ákvæði 3. gr. þessa frv. aðalatriði, sem allra sízt má hagga við, og þau ákvæði, sem eru í 1. og 2. brtt. hv.

þm. V-Húnv., eru í rauninni afleiðing af 3. brtt., sem er aðalatriðið í hans till., því að það er ekki hægt að leggja þau gjöld á, sem hann gerir ráð fyrir samkv. sinni 1. og 2. till., ef það er ekki vitað, hvert sparifé er og vextirnir af því. Þess vegna er í rauninni hans till. ein með nokkrum útúrdúrum í 1. og 2. brtt., og aðalatriði hennar er frá mínu sjónarmiði það eitt að halda framtalsskyldunni, og þá er málið um leið orðið nauðalítils virði, sérstaklega vegna þess, hvernig nú er komið hag bæjar- og sveitarfélaganna, sem mundu tvímælalaust nota sér það, ef sparifé er gefið upp, að það er ekki skattur á það lagður hjá ríkinu, hvorki eignarskattur né tekjuskattur, og mundu leggja þá á það þeim mun hærra útsvar. Þess vegna var það, að frv. um skattfrelsi sparifjár, sem flutt var af hv. þm. S-Þ. í Ed. í fyrra og ákvað það, að gefa skyldi upp hið skattfrjálsa sparifé, var í rauninni ekki annað en tilraun til þess að fá aukinn tekjustofn fyrir bæjar- og sveitarfélög, með því að láta ríkið gefa nokkuð eftir af sínum rétti.

Þeir útreikningar, sem hv. þm. V-Húnv. kom hér með, varðandi það, hvaða áhrif þetta geti haft, gætu kannske í einu eða tveimur tilfellum staðizt, en ákaflega held ég að það yrði óvíða, sem slíkt gæti komið til greina, því að eins og hv. þm. í rauninni viðurkenndi, þá er það vitaður hlutur, að það er mikill fjöldi í okkar þjóðfélagi af gamalmennum, börnum og fátæklingum, sem eiga í sparifénu sína aleigu, og þessa aleigu þessa fólks er búið að fara ákaflega illa með. Það er í rauninni skömm að því, að það er ekki fyrir löngu búið að gera þær ráðstafanir, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég held, að ef það hefði verið gert fyrir svona tíu árum að gera þessar ráðstafanir, þá mundi vera allt annað ástand nú og ekki neitt svipaður sá lánsfjárskortur og tregða alls staðar eins og nú er, og það mundi ekki vera komið á eins mikið los með eyðslu í ferðalög, nautnir og alla skapaða hluti, sem ónauðsynlegir eru og eytt er í, af því að fólkið er búið að tapa trúnni á að safna sér sparifé.

Ég skal nú ekki fara miklu fleiri orðum um þessar till. hv. þm. V-Húnv. En eins og gefur að skilja, þá mæli ég harðlega móti þeim öllum og vonast eftir, að þeir hv. þm., sem á annað borð fylgja þessu máli, greiði þeim ekki atkv. Og eftir að hafa flutt þær og eftir það, sem þessi hv. þm. gerði í fyrra varðandi stofnlánadeildina, þá hljómar það mjög illa í hans munni, að hann skuli nú vera að tala um, að það þurfi nú að hvetja fólk til meiri sparifjársöfnunar, því að það er auðséð, að hann vill drepa allar tilraunir í þá átt. Það eru í raun og veru skýjaborgir, þótt það sé sjálfsagt að athuga það, sem menn samþ. hér í dag, að athuga það að gulltryggja eða verðtryggja sparifé. Það mundi kosta ríkissjóðinn mörgum sinnum meira en það að sleppa skatti af sparifé, sem hann nú heldur í.

Þá skal ég segja örfá orð um till. hv. þm. N-Þ. Hún stefnir í rauninni í sömu átt, að koma þessu frv. út á svo víðan grundvöll, að það verði ekkert vit í því, því að ef á að fara að taka inn í það margvísleg verðbréf, þá er það komið út á allt annan grundvöll heldur en þann að hafa sparifé skattfrjálst. Það er mjög mikill eðlismunur á sparifé og verðbréfum. Verðbréfin ganga kaupum og sölum, og þau eru í höndum þeirra manna, sem hafa mikið fjármagn undir höndum, og þau eru í höndum stofnana, bæði banka og annarra peningastofnana, og hvarvetna annars staðar. Það væri t. d. ekki óhugguleg að setja það inn í frv. að fara að gera skattfrjáls happdrættisbréf ríkissjóðs, sem fólkið hefur verið örvað til að kaupa með því að setja inn í það happdrætti. Og svo er það með margt. Þetta er þannig vaxið, að ég er nú viss um, að jafngreindur maður og hv. þm. N-Þ. sér, ef hann hugsar sig vel um, að á því er mjög mikill eðlismunur að fara að gera verðbréfin skattfrjáls og að gera sparifé skattfrjálst, sem er miklu meira í höndum almennings og hins fátækara fólks, sem vill þó spara eitthvað af sínum tekjum. Ég mæli því algerlega á móti því, að þessi till. verði samþ. Og mig grunar það, að þessi till. sé líka fram sett til þess að eyðileggja þetta mál, en ekki í fullri alvöru, því að þarna er um svo mikið bil að ræða á milli, að fara að taka öll þau verðbréf, eins og hér er stungið upp á, inn í frv., eða hins, að hafa það bundið við sparifé eitt.

Að öðru leyti skal ég svo ekki fjölyrða um málið, en ég vona, af því að það kom hér í ljós í gær, að yfirgnæfandi meiri hluti þessarar hv. d. er með málinu, að sá hinn sami meiri hluti standi saman um það að fella þær skemmdartill., sem hér hafa verið fluttar af þessum tveimur hv. þm., sem sýnilega vilja koma málinu fyrir kattarnef.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru aðeins fáein orð af tilefni þess, sem hv. þm. A-Húnv. tók fram, og að sumu leyti til þess að bæta fáeinum orðum við það, sem ég sagði hér í gær.

Ég hef talið mér trú um, að mér væri það eins ljóst og flestum öðrum, að það þyrfti að auka sparnaðinn. Það má heita, að ég hafi ekki opnað minn munn svo undanfarin ár í sambandi við fjárhagsmál, að ég hafi ekki einmitt lagt áherzlu á það atriði, og þá ekki sízt í sambandi við þann gífurlega fjárskort, sem alltaf er, þegar á að leggja í einhverjar meiri háttar framkvæmdir. Þegar við eigum að leggja fram sjálf fé til meiri háttar framkvæmda, þá lendum við ætíð í vandræðum vegna þess, hve lítil eftirspurnin er eftir skuldabréfum, sem þarf þá að selja til þess að koma fyrirtækjunum á fót. Bankarnir geta ekki lánað til langs tíma til nýrra framkvæmda, vegna þess að þeir byggja starfsemi sína á sparifé, sem lagt er inn þar og getur orðið tekið út hvenær sem er, m. ö. o. sparifé, sem lagt er inn til stutts tíma, og enn fremur er svo mikil eftirspurn eftir rekstrarlánum í bönkunum, að þeir geta ekki einu sinni fullnægt þeirri eftirspurn með því fé, sem þeir hafa, hvað þá heldur haft aflögu nokkurt fé til fjárfestingarlána. Úr þessu ætlum við að reyna að bæta með ýmsu móti, og eru ýmsar bollaleggingar um það. Við tölum um að reyna að koma á meira fjárhagslegu jafnvægi til þess

að auka traustið á peningunum, og það er vitanlega nauðsynlegt, og við höfum sett á fót sérstakan Framkvæmdabanka til þess að reyna að safna fé til langs tíma, sem þá mætti lána aftur til langs tíma í ný fyrirtæki. Okkur er það öllum ljóst áreiðanlega, að það, sem gerir það að verkum meðal annars, hversu sparnaður er lítill, er það, hvernig hér hefur verið farið með fjármálin, að verðgildi sparifjárins hefur minnkað stórkostlega svo að segja árlega og menn, sem hafa lagt fé á vöxtu, orðið fyrir þungum búsifjum. Andrúmsloftið er nánast þannig eða hefur verið alveg fram að þessu þannig, að menn hafa alls ekki talið sér hagkvæmt að eiga innistæður eða reiðufé, heldur viljað koma öllum fjármunum sínum í fastar eignir. Áhrifin eru svo þau á lánsfjármarkaðinn, sem ég var að lýsa áðan.

Nú er spurningin: Hvað er hægt að gera fleira til að auka sparnaðinn? Ég fyrir mitt leyti hef undanfarið mjög verið að hugsa um að gera það að minni till., að sparifé eða þeir fjármunir, sem menn eiga í peningum eða sparisjóðsinnistæðum, væru gerðir skattfrjálsir að einhverju eða öllu leyti. Ég hef haft þetta mál til athugunar nokkuð undanfarið. Ég skal segja mönnum alveg hreinskilnislega frá minni reynslu í þessu og hvernig stendur á því, að ég hef ekki enn þá gert þetta að minni till. hér á hv. Alþ. Ástæðan er blátt áfram sú, að eftir því sem ég hef skoðað þetta mál meira, eftir því hefur það komið betur í ljós, að málið er þess eðlis, að það þarf mjög vandlegan undirbúning og það þarf að gæta þess, þegar stigið er skref í þá átt að létta sköttum af sparifé, að það verki ekki að vissu leyti öfugt við tilganginn eða að minnsta kosti verði ekki þeir gallar á, sem geti verið hættulegir í framkvæmdinni.

Eitt af því fyrsta, sem kemur til íhugunar í því sambandi, er einmitt það, sem hér hefur nokkuð verið rætt, en mér virðist fyrsti flm. þessa máls ekki hafa gert sér ljóst að skipti jafnmiklu máli og það gerir, og það er hversu víðtækar undanþágurnar frá sköttum eigi að vera. Hugsum okkur, að farin væri sú leið að lögleiða, að ekki skuli greiða skatt af sparifjárinnistæðum, eins og flm. þessa frv. hafa gert uppástungu um með frv. Þá fá menn mikil hlunnindi í sambandi við það að leggja fé inn á sparisjóð, og það er út af fyrir sig gott og blessað. En þá kemur annað til greina. Ef menn hafa þessi hlunnindi á það fé, sem þeir leggja inn á sparisjóð, þá er vitað mál, að allir, sem eru skattskyldir, leggja allt það fé, sem þeir ætla að leggja fyrir, inn á sparisjóðina. Það kemur þá vitanlega alls ekki til mála, eftir að slíkt hefur verið lögfest, að nokkur maður eða nokkurt skattskylt fyrirtæki mundi geyma fé í nokkru öðru en á sparisjóðsreikningum, þar sem féð væri laust og hægt að taka það út með ársfresti eða svo. Með öðrum orðum, það væri þá alveg gersamlega loku fyrir það skotið, að nokkur maður vildi kaupa ríkisskuldabréf eða skuldabréf með ríkisábyrgð, hvað þá önnur verðbréf. Ef þessi framkvæmd væri gerð ein út af fyrir sig, þá mundi það m. ö. o. gersamlega skjóta loku fyrir það, að það tækist að byggja upp verðbréfamarkað í landinu. En eitt af því, sem okkur er allra nauðsynlegast, er að reyna einmitt að byggja upp verðbréfamarkað, að reyna að koma málum þannig fyrir, að þeir, sem hafa fé, kaupi eitthvað þó nokkuð af skuldabréfum til langs tíma og að það skapist í landinu nokkuð stöðugur og jafn markaður fyrir verðbréf, þannig að menn geti selt þau aftur, t. d. ef þeim liggur mikið á. Og einmitt stofnuninni, sem við höfum verið að setja á fót núna á þessu þingi, Framkvæmdabankanum, er ætlað að vinna að því að skapa slíkan verðbréfamarkað. Okkur er þetta svo stórkostleg nauðsyn, að það er ómögulegt að hugsa sér, að við getum komizt nokkuð áleiðis með þau miklu fyrirtæki, sem við höfum á prjónunum, ef okkur tekst ekki að skapa svona verðbréfamarkað á næstu árum. Þess vegna hef ég komizt að þeirri niðurstöðu við þær bollaleggingar, sem ég hef haft í þessu máli, að ef við leggjum út á þá braut, sem mér finnst vel geta komið til mála, að undanþiggja sparifé sköttum, þá verðum við að láta það sama ná einnig til þeirra skuldabréfa, sem við viljum reyna að skapa markað fyrir. Það er óhugsandi, finnst mér, að gera það öðruvísi. Og mér finnst, að allir skynsamir menn hljóti að sjá þetta. En þá kemur upp eitt vandamál í sambandi við það, sem hefur valdið því, að þessum athugunum öllum saman — a. m. k. að því leyti, sem ég hef verið riðinn við þær — er ekki lokið, og það er þetta: Hvaða skuldabréf eigum við þá að taka undir friðindin? Eigum við aðeins að láta friðindin ná til ríkisskuldabréfa eða bréfa með ríkisábyrgð, eða eigum við að láta fleiri bréf koma til greina í þessu sambandi? Og þeir, sem hafa hugsað um þetta í alvöru, hafa nokkuð mismunandi skoðanir á því, hversu langt skuli ganga í þessu tilliti. Þeir benda á það t. d., að ef menn hafa ríkisskuldabréfin eingöngu undir hlunnindunum ásamt sparifénu, þá þýði það, að aldrei verður hægt að selja nein önnur skuldabréf í landinu en ríkisskuldabréf, hversu vel sem þau kunna að vera tryggð. Þá er m. ö. o. allur verðbréfamarkaðurinn einokaður af ríkinu, og segja sumir: Þetta þarf að vera enn víðtækara.

Nú sé ég, að Finnar, sem hafa tekið upp skattfrelsi fyrir sparifé, hafa látið það ná til sparisjóðsinnistæðna og ríkisskuldabréfa. En vitanlega hefur þeim aldrei dottið í hug að láta það ná aðeins til sparifjár, því að þeir eru hyggnari fjármálamenn en svo, að þeim detti í hug að láta svona hlunnindi ná aðeins til sparifjár og útiloka þar með gersamlega, að nokkur verðbréfamarkaður geti byggzt upp í landinu. Þeir hafa þess vegna tekið ríkisskuldabréfin með og þó — sýnist mér — með einhverjum takmörkunum.

Fyrir utan það, sem þetta mál þannig grípur inn í alla fjárhagsstarfsemi landsins meira en nokkurt annað nýmæli, sem hreyft hefur verið á þessu þingi, þá er hér einnig um þýðingarmikið atriði að ræða í sambandi við skattamálin, þó að málið hafi kannske enn þá meiri þýðingu vegna þeirra áhrifa, sem það hefur á peningamálastarfsemi í landinu, heldur en það

hefur t. d. fyrir tekjur ríkissjóðs. En varðandi skattahliðina kemur það atriði, hvort það eigi að láta telja sparifé fram eftir sem áður. Það er vandasamt að ráða fram úr, hvort það skuli gera. Ég hef nú hallazt að því, að það verði nauðsynlegt að láta telja fé fram samt sem áður, þó að það væri gert skattfrjálst. Og mér hefur sýnzt, að það séu svo stórkostleg hlunnindi að fá skattfrelsi fyrir fé, að það mundi verða geysilega mikils metið, þó að menn þyrftu að telja fé fram eftir sem áður. Það er náttúrlega fullkomin fjarstæða, sem hér er haldið fram, að skattfrelsi, jafnháir og skattar eru hér, sé lítils virði, ef telja þarf fé fram samt sem áður. Það er fjarstæða að halda slíku fram.

Það var bent á það hér áðan af hv. þm. A-Húnv., að ef talið væri fram fé, þá gæti farið svo, að það yrði bara þeim mun meira lagt á það af útsvörum, sem minna væri lagt á það af sköttum til ríkisins. Þetta er alveg rétt. Þetta þarf að taka til athugunar og er ein hlið málsins, sem er í athugun. Það þarf sem sé að athuga þetta mál einnig í sambandi við skattstofna bæjar- og sveitarfélaga. Og ef það verður ofan á að leiða í lög, að það megi ekki leggja á fé tekjuskatt, þá sýnist mér, að það verði líka að banna að leggja á fé sveitarútsvör, því að eins og hv. þm. réttilega tók fram, þá mundi ekki þýða neitt að undanþiggja þetta fé skatti, ef það mætti þá leggja á það þeim mun meiri útsvör. Þessar hliðar málsins eru vitaskuld í athugun í þeirri mþn., sem sett hefur verið í skattamálin. Og það hefur enga þýðingu fyrir málið, mundi enga þýðingu hafa fyrir borgarana, þó að þetta mál væri samþ. núna á þessu þingi. Aðalatriðið er, að þetta mál fái góðan undirbúning, sé vel undirbúið, þegar það endanlega kemur til afgreiðslu, og að það sé rækilega athugað, hvaða áhrif skattfrelsi yfirleitt hefur á fjárhagskerfi landsins.

Ég fyrir mitt leyti mundi telja rétt að samþ. þær brtt., sem hafa komið fram frá hv. þm. V-Húnv. og hv. þm. N-Þ. Það leiðir af því, sem ég hef sagt. En afstaða mín til málsins er sú, að ég hef verið og er mjög hlynntur því að innleiða skatthlunnindi eða skattfrelsi að meira eða minna leyti fyrir sparifé, vegna þess að mér er það ljóst, að það þarf að gera eitthvað verulegt til þess að gera aðgengilegra fyrir menn að spara. En mér hefur jafnframt verið það ljóst, einmitt af því að ég hef lagt talsvert mikla vinnu í að athuga þetta mál með mínum samstarfsmönnum ýmsum, að málið er ekki komið á það stig, að hægt sé að afgr. það. Við eigum eftir að komast að niðurstöðu um það, hvernig eigi að haga mjög þýðingarmiklum þáttum í þessu máli.

Ég man nú ekki til þess, að ég viðhefði þau orð að kalla þetta „uppþotsmál“ eða þess konar, eins og hv. þm. A-Húnv. talaði um. En hitt benti ég á, að mér fyndist það ekki viðeigandi að hlaupa til á síðustu dögum þessa þings og gera ráð fyrir því, að hægt sé með afbrigðum í flughasti að afgr. jafnmikið vandamál og þetta er og mál, sem er einmitt nú í athugun í mþn. Ég kann alls ekki við, að þessi sjálfsagða afstaða mín, að styðja það, að málið verði ekki afgr. nú, heldur vísað til ríkisstj., eins og uppástunga kom fram um, sé túlkuð þannig, að ég sé mótgangsmaður þess, að gerðar séu skynsamlegar ráðstafanir til að veita skattívilnanir í sambandi við sparifé. Þvert á móti hef ég lagt í það mikla vinnu undanfarið að reyna að finna í því efni heppilega og framkvæmanlega lausn, og ég tek ekki með þökkum við neinum skútyrðum frá hv. þm. A-Húnv. í sambandi við það, að ég tel þetta mál þannig vaxið, að ekki sé fært að afgr. það nú, heldur verði mþn. að fjalla um málið áfram sem einn þátt skattamálanna.

Skúli Guðmundsson: Hv. þm. A-Húnv. sagði m. a., að ég hefði haldið málinu í n. í sex vikur og það hafi m. a. þannig komið fram sterkur áhugi minn fyrir að stöðva málið. Ég vil út af þessum ummælum hans enn benda á það, að máli þessu var vísað til fjhn. nokkrum dögum áður en þinghlé hófst fyrir jólin. N. sendi það þá þegar til umsagnar bönkunum og skattstofunni í Rvík, en umsögn um frv. frá þeim banka, sem síðast svaraði bréfi n., kom ekki fyrr en í síðari hluta janúarmánaðar, svo að ég hygg, að menn geti af þessu séð, að það hefur enginn óeðlilegur dráttur orðið á afgreiðslu málsins frá n. — Hann segir enn fremur, hv. þm. A-Húnv., að það sé auðséð, að það sé lagt allt kapp á að koma málinu fyrir kattarnef. Ég held, að ef einhver hefur að því unnið að koma málinu fyrir kattarnef á þessu þingi, þá sé það fyrst og fremst hv. flm., með því að ganga svo hroðvirknislega frá frv., að það er ómögulegt að samþ. það nema með mjög mikilli athugun og stórkostlegum breyt. Eins og málið er lagt fyrir þingið af hálfu flm., þá er það í raun og veru tilboð til braskara um léttfenginn gróða, ef þeir vilja nota sér þá möguleika, sem frv. gefur.

Hv. þm. viðurkenndi það í sinni ræðu, að þeir útreikningar, sem ég birti hér, mundu geta staðizt, en það mundi óvíða koma til greina, að menn notfærðu sér þessa möguleika til þess að hagnast óeðlilega á ákvæðum frv. Hv. þm. segir, að gamalmenni, börn og fátæklingar eigi í mörgum tilfellum aleigu sína í sparisjóðsreikningum. Það er víst mikið til í þessu, og ég er ekki hræddur um það, að þetta fólk mundi gera tilraunir til að misnota ákvæði slíkra laga, en það eru ýmsir aðrir, eins og áður hefur verið bent á, sem ekki geyma fé sitt á sparisjóðsreikningum, en eru umsvifamiklir samt í fjármálalífinu, og ýmsir slíkir spekúlantar mundu geta hagnazt stórlega á ákvæðum frv., ef það yrði samþ. nokkuð svipað því, sem það er nú.

Það er þannig, að eftir að menn eru komnir nokkuð hátt í tekjustiganum, þá getur það borgað sig fyrir þá að taka lán og borga af því vexti, en eiga fé aftur á móti skattfrjálst í sparisjóðsreikningum, vegna þess að hagnaðurinn, sem þeir mundu fá í lækkun á sköttum, gerði þá miklu meira en sem næmi vaxtamismuninum, sem þeir yrðu að borga. Þetta sýndi ég glögglega í því dæmi, sem ég nefndi hér áðan.

Hv. þm. A-Húnv. segir að síðustu, að ég vilji

drepa allar till., sem gangi í þessa átt, og till. sú, sem ég og fleiri þm. fluttum um verðtryggingu sparifjár og var samþ. hér í dag nokkuð breytt í Sþ., sé aðeins skýjaborg, sem mundi kosta ríkissjóð stórfé. Það skal nú fram tekið út af þessu, að eins og glögglega kom fram í grg., sem fylgdi þeirri till., þá var það ekki ætlun okkar flm., að ríkissjóður tæki að sér nein útgjöld í sambandi við verðtryggingu sparifjárins, heldur ætti að koma því öðruvísi fyrir.

Við höfum, ég og hv. þm. N-Þ., gert tilraunir til þess að leiðrétta hér allra stærstu vitleysurnar í þessum stíl, sem hér liggur frammi frá tveim hv. þdm. Og þakkirnar, sem við fáum fyrir þessa viðleitni okkar til að koma frv. í það horf, að það sé ekki stórhneykslanlegt að samþ. það, eru þær, að við séum að eyðileggja málið.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil aðeins sem frsm. meiri hl. fjhn. í þessu máli segja nokkur orð um það, sem fram hefur komið.

Hv. þm. V-Húnv. lauk máli sínu á því, að þeir, hann og hv. þm. N-Þ., hefðu gert tilraunir til þess að leiðrétta allra verstu vitleysurnar, sem í þessu máli væru. Ein leiðréttingin er sú hjá hv. þm. V-Húnv., að það sé skylt að telja sparifé fram. Hann lýsir því m. ö. o. yfir í þessu sambandi, að það sé mesta vitleysan í þessu máli. — Hæstv. fjmrh. vitnaði til Finna og sagði, að þeir væru meiri fjármálamenn heldur en við í sambandi við lagasetningu þeirra um þetta mál, þar sem þeir m. a. hefðu viss ríkisskuldabréf skattfrjáls. En hvað gerðu Finnar? Eftir að sparifé hjá þeim var með lögum búið að vera 6 ár skattfrjálst, þá afnámu þeir framtalsskylduna, og þá meira en þrefaldaðist sparifé í landinu. En þessa ráðagerð, sem Finnar tóku til eftir 6 ára reynslu af skattfrelsi með framtalsskyldu, telur hv. þm. V-Húnv. mestu vitleysuna í sambandi við þetta mál.

Sannleikurinn er sá, að hvorki hæstv. fjmrh. né hv. þm. V-Húnv. hafa komið til dyranna eins og þeir eru klæddir í þessu máli, og að því leyti er málflutningur beggja þeim til skammar. Þeir segjast hafa hugsað mikið um þetta mál. Og hæstv. fjmrh. segir, að búið sé að láta athuga þetta um lengri tíma í ráðuneytinu, en bara ekki nógu lengi. Hv. þm. V-Húnv. vill athuga málið í mþn. En þegar báðir þessir menn tala svo um málið, þá er allt ómögulegt í sambandi við skattfrelsi sparifjár. Þeir hafa allt á hornum sér í þessu sambandi, og m. a. var hæstv. fjmrh. inni á sömu bylgjulengd og hv. þm. V-Húnv. í sambandi við framtalsskylduna, sem þó, þar sem reynsla hefur fengizt í málinu, hefur reynzt vera veigamesta atriðið í sambandi við skattfrelsi sparifjár, eins og hjá Finnum. Það er miklu heiðarlegra fyrir þessa hv. þm. að koma hér og segja það, sem þeir meina, heldur en að vera að dylja sig undir einhverri sauðargæru, — að þeir séu að vísu með skattfrelsi sparifjár, — en allt, sem þeir láta til sín heyra í þessari hv. d. um það, hnígur í aðra átt og er negatívt. Það er það, sem hv. þm. eiga að gera sér grein fyrir og menn eiga að fá að vita. Og þá á að koma fram hér í hv. þingi, hver afstaða manna er til þessa máls, í sambandi við atkvgr. um málið.

Það er hreinasta fjarstæða, að málið sé illa tilbúið. Meginefni málsins er ákaflega einfalt, en ákvæði um hin einstöku atriði er gert ráð fyrir að sett séu með reglugerð af ráðherra.

Það fær á engan hátt staðizt, — í sambandi við það, sem fram hefur komið hjá hv. þm. N-Þ., — að það sé rétt að gera verðbréfin líka skattfrjáls, og hæstv. fjmrh. var nú enn með það í dag, sem hann var með í gær, að ef allt sparifé færi inn í bankana, þá mundu engir menn kaupa verðbréf, ríkisskuldabréf og önnur. Ég benti honum á það í gær, að það væri þá kannske hægt að fá bankana til þess að kaupa eitthvað af þessum bréfum, ef þar kæmi slík hrúga af sparifé eins og hann vildi gera ráð fyrir. Og í því sambandi verður maður að gera sér grein fyrir því, að það er ekkert aðalatriði í því, hvort það yrði sett fyrr eða seinna. Ef menn hafa áhuga fyrir að koma þessu máli fram, þá má athuga þá hlið málsins, um verðbréfin, einmitt miklu betur en hér hefur verið gert og setja þá einhverja flokka verðbréfa inn, ef mönnum sýnist svo. Það er þess vegna ekki ástæða til þess að búast við því, að þm. geti nú, að jafnlítt athuguðu máli, tekið afstöðu með till. hv. þm. N-Þ. um vissa flokka verðbréfa, þegar heildarathugun á því máli hefur ekki komið fram og eru því ekki fluttar till. um það fyrr en á síðasta stigi málsins. En það er enginn skaði skeður, þótt sú till. sé felld, því að ef mönnum sýnist við nánari athugun þess máls, að rétt sé að skattfrelsi slíkra verðbréfa komi inn, þá mundu menn geta flutt um það till. á næsta þingi, og munaði litlu. En meginefnið í málinu og það, sem mestu máli skiptir, væri orðið að lögum og hin almenna sparifjársöfnun í landinu væri þá búin að fá þá uppörvun, sem þetta frv. mundi gefa henni.

Skúli Guðmundsson: Það var nokkur gustur í hv. meðnm. mínum, 5. þm. Reykv., virtist mér. Hann hefur nú lagt sinn skerf til þess að gera þetta frv. eins úr garði eins og það nú er, því að hann flutti ásamt öðrum manni brtt., sem voru samþ. við 2. umr. Hann fékk fellda niður 4. gr. úr frv. Hún hófst á þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Innistæðueiganda er í lifanda lífi óheimilt að selja, veðsetja eða ráðstafa á nokkurn annan hátt sparisjóðsbókum" o. s. frv.

Það mátti nú, ef þetta var tekið alveg bókstaflega, fá þann skilning út úr þessu, að menn gætu aldrei, meðan þeir væru á lífi, hérna megin a. m. k., tekið út innistæðu sína af þessum reikningum. Og þessi grein var nú felld niður. En það var fleira í henni. Það var líka í þessari sömu grein bann við því að selja og veðsetja þessar innistæður. Nú er það burt fallið líka, og m. a. fyrir þá breytingu er nú hægt fyrir ýmsa spekúlanta að hafa þau viðskipti við bankana, sem ég skýrði hér í mínu dæmi í fyrri umr. um þetta. Það gæti náttúrlega verið gott, t. d. fyrir Útvegsbanka Íslands h/f, sem hv.

5. þm. Reykv. er bankastjóri fyrir, að fá slík viðskipti við menn að lána þeim fé, með útlánsvöxtum að sjálfsögðu, og fá til tryggingar sparisjóðsbækur við sama banka, þar sem féð væri geymt með lægri vöxtum. Þetta væri gott fyrir hans stofnun. En ég get nú ekki fallizt á, að slíkt væru heilbrigð viðskipti frá almennu sjónarmiði eða til heilla fyrir þjóðfélagið, að gera ráðstafanir til þess, að menn gætu með slíkum viðskiptabrögðum komið sér undan sköttum og gjöldum, bæði til ríkis og sveitarfélaga, að verulegu leyti.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki fara í mikla þrætu út af þessu máli frekar en orðið er við andstæðinga þess, því að mér er annt um, að það komist undir atkv. En ég kemst ekki hjá að gera athugasemd við nokkur atriði, sem fram hafa komið hjá þeim.

Mér skilst, að það sé aðalröksemdin gegn þessu máli, að það sé mjög illa undirbúið, og það er helzt á þessum mönnum að heyra eins og við flm. hefðum kastað því alveg óundirbúnu inn í þingið eða jafnvel samið það án nokkurs samráðs við aðra menn. En það er áreiðanlegt, að það er búið að „stúdera" þetta mál af fróðum mönnum og það lengi. Það kemur m. a. fram í því, að allir bankastjórar við alla okkar banka mæla með frv. og það mjög fastlega og að mestu leyti án breyt. — Hv. þm. V-Húnv. lét að því liggja í gær, að það væri ekkert undarlegt, þótt bankastjórar mæltu með því, því að það væru hagsmunir fyrir þá. En hvað eru bankastjórar annað en menn, sem eiga að reyna að koma fjármálum þjóðarinnar í sem bezt horf, og þeir finna manna mest til þess, hvað sparifé eykst lítið?

Varðandi það, sem hér hefur verið sagt, að það væri ekki hugsanlegt að framkvæma þetta nú, vegna þess m. a., að það er búið að telja fram, þá er að vísu rétt, að það er víða búið að telja fram, en það eru engar skattanefndir eða skattstjórar farnir að starfa, og ef þetta frv. væri samþ. nú, þá væri ekkert auðveldara en að þær breyti framtölunum að því leyti til að strika út sparifé, sem fram er talið. En ég hef nú grun á því, eins og bankastjóri Búnaðarbankans tekur rækilega fram, að þó að það hafi nú verið framtalsskylda á því, þá hafi hún ekki alls staðar gilt, svo að það séu nú bara þeir, sem heiðarlegastir eru í því, sem verða fyrir barðinu. Það er ekki þægilegt verk fyrir skattanefndir, a. m. k. þar sem eru margir skattgreiðendur, að ná því öllu upp.

Varðandi það, sem hv. þm. V-Húnv. sagði, að þessu frv. hefði verið vísað til n. fáum dögum fyrir jól, þá var því nú vísað til hennar 12. des., og því er ekki skilað úr n. fyrr en um mánaðamót jan.—febr. og hefði aldrei verið skilað, ef þessi hv. þm. hefði mátt ráða sem form. n. Það kemur því úr hörðustu átt, að hann sé með afsakanir í því efni.

Þá er það viðvíkjandi 4. gr., sem var felld í gær. Ég álít það nú til spillis í rauninni og greiddi atkv. gegn því, að sú grein væri felld niður, því að það er alger útúrsnúningur, að það sé ekki hægt samkv. þeirri grein að taka út úr bókunum og leggja inn í þær alveg eins og hverjum lízt, sem sparifé á. Hitt er ekki neitt óeðlilegt ákvæði, þótt það sé sett í frv., að það sé ekki heimilt að veðsetja eða selja bækurnar sjálfar, þannig að það sé tekið allt úr þeim o. s. frv. Þess vegna eru þær athugasemdir gegn 4. gr., sem í frv. var, að mínu áliti byggðar á misskilningi.

Þá er það þessi mikla hætta, sem sumir sjá af því, að það verði spekúlöntum, hinum og þessum, til mikils hagnaðar, ef þessi regla yrði upp tekin. Ég skal ekki neita því, að það er hugsanlegur möguleiki, en það er a. m. k. minni hætta heldur en hættan, sem yfir vofir með því að hafa þetta eins og það er. Ég get ekki fullyrt nema það gæti í einhverjum tilfellum átt sér stað.

Þá er það, að hæstv. fjmrh. taldi, að þetta mundi eyðileggja mjög verðbréfamarkaðinn. Hann var nú að mestu eyðilagður með eignakönnuninni hér á árunum, og a. m. k. voru veðdeildir bankanna þá þannig meðfarnar, að þær eru óstarfhæfar síðan. En ef mokaðist verulega aukið sparifé inn í bankana, þá væri það áreiðanlega sá hagnaður, sem gerði mikið að verkum til að draga úr þeim mikla lánsfjárskorti, sem nú er.

Að öðru leyti skal ég svo ekki þræta um málið hér. Mér er áhugamál, að það haldi áfram, og vil þess vegna ekki vera að fara í neitt harðar umr., sem þó væri meira tilefni til heldur en ég hef hér gert.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég held, að hv. 5. þm. Reykv. hafi orðið mismæli í ræðu sinni áðan, og vil ég gefa honum tækifæri til þess að leiðrétta það. Hann komst svo að orði, að hann teldi að enginn skaði væri skeður, þótt till. mín um breyt. á þessu frv. væri felld. Ég held, að hann hafi ætlað að segja, að það væri enginn skaði skeður, þó að þessi till. væri samþ. Hvernig getur nokkur skaði verið skeður við það, þótt þeir, sem kaupa ríkisskuldabréf, sem ríkið býður út til þess að geta komið á þjóðnytjaframkvæmdum, fái það fé skattfrjálst? Hvernig getur nokkur skaði verið skeður við það, þótt menn, sem kaupa jarðræktarbréf ræktunarsjóðs eða önnur skuldabréf Búnaðarbankans, fái það skattfrjálst á sama hátt og frv. gerir ráð fyrir að sparifé sé það? Eða hvernig getur nokkur skaði verið skeður við það, ef t. d. fiskveiðasjóður býður út lán samkv. lögum um hann, þótt menn, sem veita það lán með kaupum skuldabréfa, hafi það skattfrjálst? Ég get ekki séð, að það sé neinn skaði skeður, þótt þeir, sem þannig leggja fé sitt í þær þjóðnytjaframkvæmdir, sem þessar stofnanir standa fyrir, fái það skattfrjálst. Þess vegna held ég, að þetta hafi verið mismæli hjá hv. þm. og að hann hafi hlotið að vilja segja það, að það gæti ekki orðið til skemmdar á frv., þótt þessi brtt. mín yrði samþ.

Mér fannst hv. þm. A-Húnv. gefa eitthvað í skyn um það, að ég væri andstæður þessu frv. og það kæmi fram í brtt. minni. Ég veit ekki, hvernig hann getur komizt að þeirri niðurstöðu. Ég lít svo á, að eins og frv. er núna,

þá mundi það hafa þær afleiðingar, að mjög vafasamt sé að samþ. það. Þess vegna hef ég gert tilraun til þess að koma fram endurbót á frv., til þess að ég geti fremur fylgt því og að það nái betur þeim tilgangi, sem ég ætla að vaki fyrir hv. flm. þess. Það tel ég að lýsi síður en svo andstöðu minni við frv. eða að ég vilji koma því fyrir kattarnef, heldur kemur aðeins fram í því það, að ég vil stuðla að því, að það verði endurbætt og hafi þar með meiri möguleika til þess að ganga áfram, ef það hefur það á annað borð, eins langt og þinginu er nú komið.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er nú aðeins örstutt athugasemd í tilefni af ræðu hv. þm. N-Þ. Mér varð ekki á neitt mismæli, þegar ég sagði, að það væri enginn skaði skeður, þó að hans till. væri felld nú. Og ég skal skýra það nokkru nánar. Ég viðurkenni góðan hug og tilgang hv. þm. með því að færa málið til betri vegar, eins og hann telur sig vilja gera með þessari till. En ég sagði ekki, þegar ég hélt því fram, að það væri enginn skaði skeður, þótt till. væri felld, að það væri einhver skaði skeður, þótt menn fengju skattfrjáls skuldabréf Búnaðarbankans, fiskveiðasjóðs, iðnlánasjóðs o. s. frv. Það er ekki hægt að leiða þá ályktun af fyrri orðunum. En það, sem ég átti við, var þetta: Það koma fram á síðustu stundu nokkrar tegundir verðbréfa, sem lagt er til að verði skattfrjálsar. Ég geri ráð fyrir, að það þurfi miklu meiri athugunar við, hvort það séu ekki fleiri tegundir verðbréfa og hverjar þá, sem ættu að koma þarna undir. Mér dettur t. d. í hug: Hví ekki veðdeildarbréf Landsbankans eins og sumt, sem þarna er talið fram? Og þess vegna segi ég, að á þessu stigi málsins, sem við nú stöndum, má gjarnan láta bíða til næsta Alþingis að taka ákvarðanir um það, hvaða verðbréf — því að það er töluvert annars eðlis líka — skuli koma inn í þetta. Og það spillir ekkert því, þótt meginefni málsins væri slegið föstu nú, um skattfrelsi sparifjár, — þótt því væri slegið föstu nokkrum tíma eða ári áður en einhverjar tegundir verðbréfa væru gerðar skattfrjálsar.

Þetta var það, sem ég átti við, og vænti þá, að það sé leiðrétt, og annað ætla ég mér ekki með þessari stuttu athugasemd minni að gera. Ég hef sagt áður í umr. um þetta mál, að mér fyndist, að það kæmi fyllilega til athugunar, hvort einhverjar tegundir verðbréfa ættu ekki að vera skattfrjálsar eins og spariféð, og vitnaði þar í dæmi frá löggjöf Finna. Og það, sem fyrir mér hefur vakað, og það, sem ég meinti áðan, var aðeins það, að sá þáttur málsins væri ekki nógu athugaður nú á þessu stigi, en það væri auðvitað nægur tími til að koma því síðar inn í, ef á meginefni málsins væri fallizt núna, eins og frv. liggur fyrir.

ATKVGR.
Brtt. 774,1 felld með 14:11 atkv.
— 774,2 felld með 14:12 atkv.
— 780 felld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, JG, JS, JörB, PÞ, SkG, StJSt, ÁB, EirÞ, EystJ, GG, HÁ, HV.
nei: IngJ, JóhH, JPálm, JR, KS, LJós, MJ, PO, SÁ, SG, ÁkJ, ÁS, EOl, EmJ, SB.
JÁ greiddi ekki atkv.
6 þm. (ÓTh, StgrSt, AE, BÓ, GTh, GÞG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Magnús Jónsson: Ég tel mjög mikla nauðsyn, að skuldabréf séu gerð skattfrjáls á sama hátt og sparifé, en þar sem hér virðist vera nokkuð tekið af handahófi, hvaða bréf séu undanþegin skatti, þá sé ég mér ekki fært að greiða till. atkv., eins og hún liggur hér fyrir, og segi því nei.

Frv. samþ. með 17:3 atkv. og afgr. til Ed.

Frv. var aldrei tekið á dagskrá í Ed.

---

45. Hlutatryggingasjóður bátaútvegsins (frv. sjútvn. Nd.).

Á 25. fundi í Sþ., 17. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins [118. mál] (þmfrv., A. 476).

Á 42. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Ottesen): Sjútvn. hefur flutt þetta frv. eftir ósk atvmrh. Í þessu frv. er lagt til, að sú breyt. verði gerð á l. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, að ákvæði laganna taki einnig til reknetaveiða á síldveiðum. Eins og l. eru nú, þá taka þau réttindi, sem l. ákveða, eingöngu til herpinótaveiða og hringnótaveiða, en eins og kunnugt er, þá er orðin sú breyting á um síldveiðar hér við land, að nú er farið að stunda reknetaveiðar miklu meira en áður var. Þessi veiðiaðferð hefur færzt mjög í vöxt hér við Faxaflóa á undanförnum árum, og nú á s. l. sumri jukust reknetaveiðar mjög seinni hluta veiðitímans fyrir Norður- og Austurlandi. Í hafinu austur af Íslandi voru veiðar þessar stundaðar í vaxandi mæli langt fram eftir hausti. Og sú litla raun, sem síldveiðarnar gáfu á s. l. sumri, var að langsamlega mestu leyti tengd við þær reknetaveiðar, sem stundaðar voru í hafinu austur af Íslandi. Af þessum ástæðum þykir rétt og enda nauðsynlegt, eins og nú er komið, að breyta lögunum á þann veg, að þau taki einnig til reknetaveiða. Það er sú eina breyting, sem farið er fram á með þessu frv. og gerð er grein fyrir allýtarlega í því bréfi, sem fylgir þessu

frv. frá þeirri n., sem fjallar um þessi mál á vegum ríkisstjórnarinnar. — N. leggur eindregið til, að þetta frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 13. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 15. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 50. fundi í Ed., 16. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

46. Lækkun skatta o. fl.

Á 46. fundi í Nd., 19. des., var útbýtt:
Frv. til l. um lækkun skatta á fjölskyldufólki, skattfrelsi á lágtekjum, skattfríðindi o. fl. [19. mál] (þmfrv., A. 491).

Á 49. og 50. fundi í Nd., 13. og 15. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 51. fundi í Nd., 16. jan., var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. því, sem hér liggur fyrir á þskj. 491, fylgir það ýtarleg grg., að það er af þeim sökum minni ástæða til að flytja ýtarlega framsöguræðu fyrir frv. Þó skal ég víkja að ýmsum helztu meginatriðum þess nú þegar.

Á s. l. þingi fluttum við, þm. Ak. og ég, þáltill. um heildarendurskoðun á skattalöggjöfinni, sem hafði stuðning hér í þinginu og var samþykkt. Kom greinilega fram við meðferð þess máls, að þm. almennt var fyllilega ljós nauðsyn þess að taka til gagngerðrar endurskoðunar skattalöggjöf landsmanna, og í því sambandi var einnig gert ráð fyrir að taka til sérstakrar meðferðar nýjan þátt þessara mála, sem ekki hafði áður sérstaklega verið rætt um, og það var tekju- og verkaskiptingin á milli sveitar- og bæjarfélaganna annars vegar og ríkissjóðs hins vegar. Skömmu eftir að þingi lauk skipaði ríkisstj. milliþn., sem var falið að vinna að þessari endurskoðun skattalöggjafarinnar og hefur unnið að henni. Hins vegar var það ljóst, þegar þetta þing kom saman, að n. var þá ekki búin að skila till. til ríkisstj., og lágu því ekki frv. fyrir eða till., þegar þingið kom saman, eins og reyndar hafði verið ráðgert. Og þegar lengra leið á þetta þing, þá var sýnt, að ríkisstj. mundi ekki flytja neinar sérstakar eða nýjar till. í þessum málum á yfirstandandi þingi. En ýmsir þm., og þ. á m. við flm. þessa máls, hv. 2. þm. Eyf. og ég, höfðum mikinn áhuga fyrir því, og lögðum við á það áherzlu innan okkar flokks, að það yrði að minnsta kosti gerð tilraun til þess að greiða fram úr þeim þáttum þessara mála til endurbóta, sem líklegt væri, að helzt mætti ná samkomulagi um og mikil nauðsyn knúði á með. Þess vegna afréðum við að flytja það frv., sem hér liggur fyrir, en má hins vegar skoðast sem bráðabirgðaúrlausn á miklu víðtækara verkefni, sem er heildarendurskoðun skattalöggjafarinnar. Þetta frv. eða rökin fyrir því að taka þessa þætti út úr eru m. a. þau, að það var full ástæða til þess að ætla, að minni ágreiningur væri um þá þætti skattamálanna, sem hér eru reifaðir, heldur en um ýmsar aðrar greinar þeirra, en hins vegar var á sama tíma vitað, að mjög knýjandi þörf var fyrir að gera till. til úrbóta í skattamálunum, sem miðuðu einmitt að því að lækka skatta á einstaklingum og þá sér í lagi fjölskyldufólki, eins og þetta frv. stefnir að.

Form þessa frv. er með nokkuð sérstökum hætti, því að segja mætti, að eðlilegra hefði verið að flytja efni þess sem brtt. við gildandi lagaákvæði í þeirri skattalöggjöf, sem nú er í gildi. En sannleikurinn er sá, að það mál allt reyndist mjög flókið, þegar við athuguðum það nánar, og var einnig erfiðara að setja málið þannig fram, svo að jafnskýrt kæmi í ljós, hvaða meginbreytingar vektu fyrir okkur í þessu máli. Þá er einnig á það að líta, að ef svo reyndist, að stuðningur væri fyrir meginefni málsins í þinginu, er auðvitað hægurinn á að breyta forminu, ef það eitt teldist ákjósanlegra.

Meginefni þessa frv. er lýst í sem fæstum orðum í upphafi grg., þar sem segir, að með þessu frv. sé að því stefnt, að á tekjuskattslöggjöfinni verði nú gerðar breytingar, sem aðeins snerta einstaklinga, þ. e. a. s. ekki fé-

lög og stofnanir, og miði að því að létta skatta á hjónum og barnafjölskyldum, afnema skatta af lágtekjum, veita viss skattfríðindi í sérstæðum tilfellum, heimilisaðstoðarfrádrátt og frádrátt við stofnun heimilis, og að gera skattaálagninguna einfaldari og sanngjarnari, þ. e. a. s., umreikningur á tekjum falli niður samfara nýjum og einfaldari skattstiga.

Þegar um það er að ræða að flytja breytingar á skattalöggjöfinni, sem m. a. eiga að stefna að því að létta skattþunganum af einhverjum aðilum, verður að sjálfsögðu að gera sér grein fyrir áhrifum slíkra breytinga á tekjuöflun ríkissjóðs. Í fjárlfrv. því, sem nú liggur fyrir þinginu, er gert ráð fyrir, að tekjur af tekjuskatti og eignarskatti, stríðsgróðaskatti og tekjuskattsviðauka nemi um 54 millj. kr. Við höfum, flm. þessa máls, haft náið samstarf við annan fulltrúa Sjálfstfl. í skattamálanefndinni, Sigurbjörn Þorbjörnsson. Hann er mjög kunnugur hinni tæknisku hlið þessara mála, en fram á síðasta ár var hann starfsmaður skattstofunnar. Höfum við látið fylgja frv. grg. hans um ýmsar tæknískar hliðar þessa máls, og m. a. kemur fram af þeirri athugun, sem hann hefur framkvæmt, að það má telja líklegt, að óbreyttri tekjuskattslöggjöfinni og þar sem aðstæður í þjóðfélaginu hafa verið svipaðar á árinu 1952 eins og á næstu árum á undan, að tekjuskatturinn, sem áætlaður er 54 millj. kr., muni gefa ríkissjóði allverulega hærri upphæð. Eftir hans útreikningum virðist það vera sem næst því um 68 millj. kr. Samkvæmt því var hér um að ræða 14 millj. kr. millibil, sem mátti lækka skatta um að okkar áliti, án þess að skerða tekjuáætlun fjárlaganna. En að sjálfsögðu er ekki ástæða til þess fyrir þm. að samþ. tekjuáætlun, ef þeir á sama tíma eru sannfærðir um, að hún hækki töluvert í reyndinni. Það er þess vegna, sem við bendum á, að þrátt fyrir okkar frv. og þó að það eigi að létta skattabyrðina af þeim, sem það nær til, um allt að 14 millj. kr., þá muni það ekki rýra þá upphæð, sem áætlað er að ríkissjóður fái af tekjuskattslögunum samkvæmt fjárlögunum.

Á undanförnum árum hefur það verið svo, að næstum því alltaf hefur farið fram úr áætluninni það, sem ríkissjóður hefur fengið vegna tekjuskattsins eða þeirra skatta, sem hér um ræðir, stundum um svipaða upphæð eins og hér er um að ræða og stundum miklu meira. Ef litið er á 10 síðustu ár, þá er það svo, að 1942 var áætlað í fjárlögum, að af þessum sköttum fengi ríkissjóður 3 millj. 150 þús. kr., en fékk það ár 20 millj. 471 þús. kr., m. ö. o. 17,3 millj. umfram eða 549,8% hækkun frá því, sem áætlað var. Þetta er hins vegar alveg sérstætt, því að hér eru að koma til framkvæmda ný lagaákvæði, og gerðu menn sér þá ekki grein fyrir, hvaða verkanir þau hefðu í sambandi við þær verðbreytingar, sem orðið höfðu í þjóðfélaginu á sama tíma. Þetta ár má auðvitað taka alveg út af fyrir sig, og gefur það ekki vísbendingu að öðru leyti um það, sem hér um ræðir. — Næsta ár, 1943, voru áætlaðar 23 millj. kr. Þá er nú hoppað í áætluninni úr 3 millj. upp í 23 millj., en þá fær ríkissjóður 34,8 millj., eða 11,8 millj. fram yfir áætlun, sem er 51,3% fram yfir það, sem áætlað var. — Svo kemur árið 1944, og þá mun Alþingi sennilega ekki hafa ætlað að brenna sig á því soðinu að áætla nú ekki nógu vel, og eru þá áætlaðar 32 millj., en hafði verið árið áður 34,8 millj., sem ríkissjóður fékk, en það ár fær ríkissjóður 29 millj. kr., eða 2,9 millj. minna en áætlað var, sem er minnkun frá áætluninni um 9,3%, og er það eina árið, sem ríkissjóður fær minna en það, sem áætlað var. En ég vil vekja athygli á því, að það, sem hér brást, var eingöngu stríðsgróðaskatturinn, sem var of hátt áætlaður. Tekjuskatturinn og eignarskatturinn fóru hins vegar fram úr áætlun. — 1945 voru áætlaðar 33 millj., verða 39,1 millj., þ. e. 6,1 millj. fram úr áætlun, eða 18,5%. — 1946 eru 32 millj. áætlaðar, en innheimtast 40,7 millj., þ. e. 8,7 millj. fram úr áætlun, eða 27,45%. — 1947 eru áætlaðar 38 millj., verða 49,7 millj., eða 11,7 millj. fram úr áætlun, sem nemur 30,98% umfram áætlun. — Árið 1948 eru áætlaðar 43 millj., en verða 62,2 millj., eða 19,2 millj. fram úr áætlun, sem þýðir 44,82% fram úr áætlun. Þetta ár má hins vegar líta einnig á með nokkuð sérstökum hætti, þar sem þetta er eignakönnunarárið, og við eignakönnunina komu fram miklu betri framtöl heldur en áður hafði verið, og má því taka það nokkuð út úr eins og fyrsta árið, enda er hér nærri 45% hækkun frá því, sem áætlað var í fjárlögunum. — Árið 1949 er áætlað 43 millj., en verða 51,9 millj., eða 8,9 millj. fram úr áætlun, sem er liðlega 20%. — Árið 1950 eru 42 millj. áætlaðar, sem verða 46,3, 4,3 millj. fram yfir áætlun, sem er 10,3%. — Og árið 1951 eru áætlaðar 36,2 millj., en verða 49,7 millj., sem er 13 millj. 460 þús. kr. fram úr áætlun, eða 37,13% hækkun.

Þetta hef ég viljað segja til þess að styðja þá skoðun okkar, að það sé ekki fjarri lagi, sem reiknað hefur verið út, að ætla megi, að að óbreyttum skattalögum muni tekjurnar af þeim sköttum, sem hér um ræðir, fara allverulega, við teljum 14 millj., fram úr þeirri 54 millj. kr. áætlun, sem fjárlög segja til um.

Það, sem menn hafa ekki gert sér nægjanlega grein fyrir á undanförnum árum, er, að enda þótt Alþingi hafi ekki með nýrri skattalöggjöf lagt nýja skatta á einstaklingana í þjóðfélaginu, þá hafa skattarnir stöðugt verið að hækka stórkostlega, og það er vegna þess, að dýrtíðin í landinu, hin sívaxandi dýrtíð, hefur gegnt hlutverki vaxandi skattpíningar ár frá ári. M. ö. o., eftir því sem dýrtíðin hefur vaxið, þá hefur aukizt hinn raunverulegi skattþungi þegnanna. Það hefur verið tekið tillit til dýrtíðaraukningarinnar í umreikningi á tekjum að vissu marki, en síðar hefur því sleppt, og þegar kemur fram yfir þetta mark, þá hefur skattahækkunin orðið gífurleg frá því, sem áður var, þó að engar breytingar hafi orðið á sjálfri skattalöggjöfinni. Það er sýnt fram á þetta með greinilegum töflum í grg. Sigurbjörns Þorbjörnssonar, í töflu A og B, sem fylgja frv. okkar og þm. hafa aðstöðu til að átta sig fullkomlega á, og skal ég ekki fara út í þær hér. Það er

líka nokkuð flókið til þess að rekja það í einstökum atriðum í framsöguræðu, en ég vil til frekari áréttingar því, sem þessar töflur sýna, benda á einstök dæmi til sönnunar því, hvernig skattarnir hafa hækkað aðeins vegna dýrtíðarinnar að óbreyttri skattalöggjöf. Þetta má sýna með því að taka sambærilegar tekjur árið 1941 og árið 1951. Árið 1941 er kaupgjaldsvísitalan að meðaltali 160 stig samkvæmt gömlu vísitölunni, og 1951 er kaupgjaldsvísitalan að meðaltali 393 stig samkvæmt gömlu vísitölunni. Sambærilegar tekjur verða þess vegna:

Ár 1941 30 þús. kr. svara til 73687,00 árið 1951
„ „ 35 „ „ „ „ 85968,00 „ „
„ „ 40 „ „ „ „ 98250,00 „ „

M. ö. o. eiga menn eftir þessu að öðru jöfnu að vera nokkuð jafnvel stæðir með 98 þús. kr. tekjur 1951 eins og þeir voru með 40 þús. kr. tekjur 1941.

Ef við lítum svo á álagða skatta af sömu tekjum við skattlagningu 1942, þ. e. a. s. af tekjunum 1941, og við skattlagningu 1952 af tekjunum 1951 hjá einhleyping, þá kemur það þannig út, að af 30 þús. kr. tekjum átti einstaklingur að greiða 1942 2809 kr., en af sambærilegum tekjum 1952, sem eru þá 73650 kr., 10999 kr. Þetta þýðir það, að af tekjum sínum 1942 greiddi einstaklingurinn í skatt 9,36%, en 1952 14,9%, sem þýðir hækkun um 59,5%. Af 35 þús. kr. tekjum 1942 greiddi einstaklingurinn 3800 kr., en af sambærilegum tekjum 1952 16321 kr. Hann greiddi þá 1942 10,85% af tekjum sínum í skatta, en 1952 18,98%, m. ö. o. hækkun um 74,9%, og af 40 þús. kr. tekjum greiddi einstaklingurinn 1942 4800 kr., en af sambærilegum tekjum 1952 21733 kr. Það þýðir 12% skatta af tekjunum 1942, en 22,12% skatta af tekjunum 1952, sem þýðir hækkun um 84,33%.

Af þessum dæmum sjá menn, hversu gífurleg skattahækkunin hefur orðið, eins og ég sagði, að óbreyttum skattalögum, en aðeins vegna hinnar geysilegu dýrtíðarhækkunar, sem orðið hefur í þjóðfélaginu.

Þetta sýnir auðvitað og sannar, hversu mikil nauðsyn það er að leiðrétta það misræmi, sem skapazt hefur, og eins og ég sagði í upphafi, að það er að öllu leyti fullkomin nauðsyn að taka skattalöggjöfina í heild til endurskoðunar, en það er þó sennilega varla nokkur þáttur þessarar löggjafar, sem er nauðsynlegra að endurskoða heldur en skattana á fjölskyldufólki, hjónum og barnmörgum fjölskyldum, því að þar kemur hin vaxandi skattabyrði langerfiðast niður, a. m. k. þegar tekjurnar eru komnar upp úr því, sem teljast má aðeins þurftartekjur, og liggur ákaflega þungt á öllum miðlungstekjum, sem eru milli 50 og 100 þús. kr., eins og nú er með því verðlagi, sem er í þjóðfélaginu.

Ég skal svo víkja nokkuð að einstökum greinum frv. Ég hef þegar vikið að hinni fyrstu, þar sem gert er aðeins ráð fyrir því að taka til meðferðar einstaklingana, ekki félög og stofnanir o. s. frv. — Í 2. gr. er hins vegar gert ráð fyrir nýrri grundvallarreglu í löggjöfinni, þar sem í gr. segir, að skattskyldum tekjum hjóna skuli skipta til helminga og skattur reiknaður af hvorum helming um sig. Þetta mál hefur verið nokkuð á döfinni hér á þingi og utan þings á undanförnum árum og stundum verið nokkuð miklar deilur um það, hvernig haga bæri skattalöggjöf hjóna, og upphaflega held ég að deilur hafi mest risið vegna þess misræmis, sem skapaðist í skattamálum hjóna, þegar konan vann utan heimilis, og komu fyrst fram tillögur um það að taka upp sérstakar reglur um skattlagningu hjóna, þegar konan ynni utan heimilisins. Á það var þó réttilega bent, að í sjálfu sér væri vinna konunnar utan heimilisins sízt merkilegri heldur en vinna konunnar á heimilinu og með því að taka það sérstaklega fyrir og setja sérreglur um það gæti einnig skapazt misræmi, miðað við þær konur, sem ynnu sín húsmóðurstörf á heimilinu. Með því að taka skrefið til fulls og skipta tekjum hjóna stöðugt í tvennt, hvort sem konan vinnur utan eða innan heimilisins, þá er siglt fram hjá öllum ágreiningi, sem af þessu leiðir, sem ég nú var að gera grein fyrir, og sannleikurinn er sá, að það má að vissu leyti teljast réttlátt mál og grundvallarhugsunin rétt, að bæði konan og maðurinn afli tekna til heimilisins, burt séð frá því, hvort þeirra er aflað með vinnu konunnar á heimilinu eða utan heimilisins eða beggja aðilanna á heimilinu og utan heimilisins, þannig að frá grundvallarsjónarmiði sé ekki óeðlilegt að líta á báða aðilana sem sjálfstæða skattgreiðendur, eins og 2. gr. frv. gerir ráð fyrir, og tekjum þeirra í heild sé skipt í tvo jafna hluta og skatturinn síðan reiknaður út eftir því. En á grundvelli þessarar greinar eru svo byggð að sjálfsögðu önnur ákvæði frv., bæði um persónufrádrátt og þó einkum og sér í lagi um skattstigann, sem að sjálfsögðu þarf að breytast verulega vegna þessarar grundvallarbreytingar, sem ég geri ráð fyrir að hv. þm. sé fyllilega ljóst. Við flm. erum nú einmitt þeirrar skoðunar, að það muni ekki hafa nema góð áhrif á skattaframtölin, að þáttur konunnar verði þar ríkari heldur en verið hefur, að hún komi þar fram og skrifi undir skattaframtölin með manni sínum, og sé í mörgum tilfellum líklegt til þess að hafa farsæl áhrif á fjármál hjónanna, að þau taki meiri þátt í fjármálastarfseminni og fjármálaumhugsuninni bæði, heldur en oft hefur verið og reynzt hjá hjónum. Að öllu athuguðu sýnist okkur, að það sé rétt að hníga að þessu ráði með einu eða öðru móti. Við höfum gert okkar ákveðnu tillögur um það að skipta skattskyldum tekjum hjónanna þannig, að þau að því leyti komi fram sem sjálfstæðir skattaðilar, skatturinn reiknaður af hvorum helmingi fyrir sig og svo lagður saman, þegar þeim reikningi er lokið.

3. gr. fjallar um persónufrádráttinn. Það hafa verið uppi hér till. og eru víst enn á þinginu um að hækka persónufrádráttinn. Að sjálfsögðu hefur mátt fara þá leið til þess að bæta úr þeirri gífurlegu skattahækkun, sem orðið hefur vegna dýrtíðarinnar, að hækka persónufrádráttinn og taka þá breytingu eina út af fyrir sig, því að hún hefði getað áorkað miklu. Í grg., sem fylgir frv., kemur berlega í ljós,

hversu persónufrádrátturinn hefur í raun og veru rýrnað gífurlega frá því, sem hann áður var, við þær verðbreytingar, sem orðið hafa á undanförnum árum. Persónufrádrátturinn ætti að vera meira en helmingi hærri en hann er í dag til þess að svara til þess, sem hann var 1942. Ef tekið er kaup Dagsbrúnarverkamanns og athugað, hvað persónufrádrátturinn var og er mikill hluti af grunnlaununum, þá kemur í ljós, að við skattlagninguna 1942 hefur persónufrádrátturinn fyrir einhleypinga verið 25,86% af launum Dagsbrúnarverkamanns og fyrir hjón 51,72%, miðað við 2400 vinnustundir. En ef þetta er borið saman við skatta 1953 af tekjunum 1952, þá kemur í ljós, að persónufrádrátturinn er 12,17% af grunnlaunum einhleypings, þegar miðað er við laun Dagsbrúnarverkamanns, þ. e. a. s. 12,17%, miðað við 25,86% 1942. Þegar tekinn er persónufrádráttur hjóna, þá er hann núna 24,35% af launum, en var 1942 51,72% af launum. Þetta er m. a. ein orsök þess, hversu sigið hefur á ógæfuhliðina fyrir launafólki og fjölskyldufólki sérstaklega í skattamálunum. Persónufrádrátturinn ætti að vera núna, miðað við, að hann væri sambærilegur við skattlagninguna 1942, fyrir einhleyping 8530.38 kr. og fyrir hjón 17060.76 kr., en er fyrir einhleyping 4150.00 kr. og fyrir hjón 8250 kr., m. ö. o., hann hefur rýrnað um meira en helming. Þess vegna leggjum við til í 3. gr., að persónufrádrátturinn sé hækkaður, en menn taki eftir því, að eftir þessu ætti hann að vera á hjónum, eins og ég sagði, rúmar 17 þús. kr., en við leggjum til, að hann sé 11300 kr., og það er vegna grundvallarbreytingarinnar að skipta tekjum hjóna í tvennt og vegna þess, hvernig skattstiginn er við það miðaður. Við teljum, að það svari nokkurn veginn til þess, að persónufrádrátturinn væri umreiknaður og sá hinn sami eins og hann var 1942, að einfaldlega þá feli frv. í sér þær upphæðir persónufrádráttar, sem sambærilegar væru við persónufrádráttinn 1942, þegar hliðsjón er tekin af þeirri grundvallarbreytingu, að tekjum hjóna er skipt og skattstiganum breytt í samræmi við það.

Þá er 4. gr. Hún er um skattfrelsi á lágtekjum, og höfum við sett þar það takmark, að skattur hjóna með 2 börn á framfæri og með hreinar tekjur samanlagt 30 þús. kr. eða lægri skuli falla niður og sama gildi svo um skatta annarra gjaldenda, sem greiða ættu jafnháa skatta eða lægri. Við höfum haft hjá okkur gildandi lög um lækkun skatta á lágtekjum, en bæði teljum við, að allt of skammt sé með þeim gengið, og svo er á því sá meginmunur, að ef við göngum inn á þá reglu að afnema skatta á lágtekjum, eins og við leggjum til, við ákveðið mark, þá er það gífurlegur fjöldi af skattþegnunum, sem þarf ekki að greiða skatta, en greiddi áður mjög litla skatta, sem ríkissjóð munaði lítið um, en hafði mikið erfiði við að leggja á og innheimta. Þessir skattar borguðu alls ekki vinnuna og fyrirhöfnina við að leggja þá á og innheimta þá, og vinnan og innheimtan verður enn þá meiri á þessum litlu sköttum, þegar verið er að taka upp nýjar reglur um að lækka þessa lágskatta, í staðinn fyrir að taka skrefið til fulls og fella þá alveg niður, án þess að ríkissjóð muni nokkuð verulega um það.

Það mætti segja, að þessu marki, að gera lágtekjurnar skattfrjálsar, mætti að vísu ná með persónufrádrættinum, með því að hækka hann, en það er á því sá galli, að ef maður hækkar persónufrádráttinn enn þá meira, þá nær sú hækkun einnig til hærri tekna og hátekna, sem maður ekki vildi með svo háum persónufrádrætti veita þau fríðindi, sem hann mundi veita. Þess vegna er nauðsynlegt við hliðina á því að leiðrétta persónufrádráttinn að taka einnig það skref að afnema og setja ákveðin mörk um það, hvar lágtekjurnar skuli vera skattfrjálsar.

Það er nánar gerð grein fyrir því í grg. Sigurbjörns Þorbjörnssonar, útreikningum hans, hvaða tekjur, miðað við mismunandi fjölskyldustærðir, mundu verða skattfrjálsar með þessu móti, og tel ég ekki ástæðu til þess að fara að rekja það sérstaklega.

Í 5. gr. er svo gert ráð fyrir sérstökum skattfríðindum í tvennum tilfellum. Ef gift kona vinnur utan heimilisins í fyrsta lagi, þá teljum við rétt að líta á hjónin svipað eins og tvo einstaklinga og veita fríðindi í sambandi við aðra útreikninga á persónufrádrættinum eða í hækkuðum persónufrádrætti, sem hjónin þá fá. Ástæðan til þess er sú, að með því móti þurfa hjónin að kaupa sérstaka heimilisaðstoð, sem gert er ráð fyrir að bæta þeim upp með breyttum persónufrádrætti, eins og segir í greininni. — Í öðru lagi er þarna um sérstök skattfríðindi að ræða fyrir einstæðar mæður og feður, sem eru með börn innan 16 ára aldurs á framfæri. Í slíkum tilfellum er lífsframfærið yfirleitt nokkuð erfitt fyrir aðila, og í mörgum tilfellum þarf þá að kaupa heimilisaðstoð og leggja út annan kostnað, þar sem annar makinn er fallinn frá eða nýtur ekki við lengur, og því rétt í skattalöggjöfinni að veita fríðindi í skattgreiðslum með hliðsjón af þessum sérstöku kringumstæðum hjá einstæðum mæðrum og feðrum, sem hafa börn á framfæri sínu, og leggjum við einnig til, að þau skattfríðindi séu útreiknuð í sambandi við sérstakar breytingar á persónufrádrættinum, sem hækkar í þessu tilfelli eins og greinin segir og gerð er nánari grein fyrir í grg.

Í 6. gr. leggjum við til, að það sé tekið sérstakt tillit til þess, þegar hjón stofna heimili. Fyrst og fremst vakir fyrir okkur með því að gera ungu fólki auðveldara en verið hefur að stofna til hjúskapar. Eins og öllum er ljóst, þá verður fyrsta hjúskaparárið oft og tíðum erfitt, vegna þess að það þarf að kaupa margt til búsins, og með hliðsjón af því er gert ráð fyrir að veita sérstök skattfríðindi við stofnun heimilisins, sem við einnig leggjum til að séu reiknuð út á grundvelli persónufrádráttarins, með því að hækka persónufrádrátt einstaklinganna á því ári, sem þeir stofna til hjúskapar, reikna hjónunum þá tvöfaldan persónufrádrátt, miðað við persónufrádrátt tveggja einhleypinga, á því sama skattári, sem þau stofna til hjúskap-

arins. Um þetta hafa verið till. hér í þinginu og annars staðar, einmitt að greiða fyrir frumbýlingum á einn eða annan hátt, þegar þeir eru að stofna til bús og hjúskapar.

Í 7. gr. er svo gerð grein fyrir þeim skattstiga, sem við leggjum til að skattarnir séu reiknaðir eftir, miðað við þær grundvallarbreytingar, sem við áður höfum lagt til og gerð hefur verið grein fyrir. Ég vil um þetta, aðeins til frekari áréttingar, vitna til þess, sem um það segir í grg. á þessa leið, að skattstiginn miðar fyrst og fremst að lækkun skatta á fjölskyldufólki. Einnig er gert ráð fyrir lækkun skattstiga frá núgildandi lögum á tekjum yfir 68600 krónur. Við gerum ráð fyrir því í 2. gr. frv., að allur umreikningur falli niður, og hærri tekjurnar nutu ekki umreiknings áður nema að litlu leyti og voru þess vegna ósambærilegar við þær lægri. En ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að þessi lækkun á hærri tekjum er í raun og veru ekki hugsuð frá okkur annað en formsatriði, vegna þess að á öðrum stað í frv. fellum við niður úr skattstiga sem svarar rúmlega hálfum hluta núgildandi stríðsgróðaskattstiga, en sá hluti skattsins rennur nú til bæjar- og sveitarfélaganna. Um leið og þetta er gert, er ákveðið í frv. að afnema takmörkunina á álagningu útsvara á tekjur yfir 200 þús. kr., sem áður var í lögum, og í stað þess að þessir skattgreiðendur séu taldir greiða skatt til ríkissjóðs, sem síðan er greiddur yfir til bæjar- og sveitarfélaganna eftir núgildandi reglum, er með þessari breytingu okkar veg og vanda af álagningu og innheimtunni sett yfir á bæjar- og sveitarfélögin, en ekki um að ræða neina raunverulega lækkun á heildarsköttum af þessum tekjum, þegar tekjuútsvörin eru tekin með í reikninginn. Við gerum þá ráð fyrir, að hérna opnist nýr möguleiki fyrir bæjar- og sveitarfélögin til álagningar útsvara, sem ekki var áður fyrir hendi, og mun ekki af veita.

Eftir skattstiganum hækka skattarnir á einhleypingum nokkuð, en lækka aftur verulega á fjölskyldufólkinu, eins og sýnd eru dæmi um í grg. og ég hygg ekki, að ég þurfi að gera nánari grein fyrir hér. Ég vil aðeins taka eitt eða tvö dæmi. Ef við tökum hjón með 2 börn á framfæri, þá eru þau skattfrjáls, ef þau hafa 30 þús. kr. tekjur. En af 32950 kr. tekjum hefði skattur á hjónum með 2 börn að óbreyttum lögum orðið 457 kr., en verður samkvæmt frv. 84 kr., og hjón með 2 börn á framfæri, sem hafa 36600 kr. skattskyldar tekjur, mundu að óbreyttum skattalögum eiga að greiða 639 kr., en samkvæmt frv. 152 kr.

Þá gerum við ráð fyrir því, að umreikningurinn falli niður og skattstiginn verði við það miðaður, að hvorki tekjuskattsviðaukinn né stríðsgróðaskattur reiknist við skattaálagningu á tekjur gjaldenda þeirra, sem þessi lög ná til, og eins og ég sagði áðan, að takmörk þau á útsvarsálagningu á tekjur yfir 200 þús. kr., sem sett eru í lögum frá 1942, um stríðsgróðaskatt, gildi ekki um þá gjaldendur, sem þessi lög taka til.

Svo er í 10. gr. það nýmæli, að upphæð persónufrádráttar samkvæmt 3. gr., upphæð skattfrjálsra tekna samkvæmt 4. gr. og tekjubil og skattaupphæðir samkvæmt 7. gr., sem er miðað við meðalkaupgjaldsvísitölu ársins 1952, skuli breytast til hækkunar eða lækkunar í samræmi við árlegar breytingar á meðalkaupgjaldsvísitölu. Þetta ákvæði á að miða að því, að verðbreytingar, hækkandi dýrtíð í landinu verki ekki ein út af fyrir sig sem stórkostleg skattahækkun á þegnana, þó að skattalöggjöfin að öðru leyti breytist ekki neitt, heldur að skattaálagningin að þessu leyti hreyfist til og frá eftir því, sem verðhækkanir eða verðlækkanir kunna að verða í þjóðfélaginu.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð við þessa 1. umr. um þetta frv. Það er skoðun okkar flm., að öll þau atriði, sem frv. tekur til, séu sanngirnismál, og hefði verið betur, að það hefði verið búið að taka þau fyrir fyrr og leiðrétta. Það er persónuleg skoðun mín, að við hefðum getað stefnt fram hjá mörgum erfiðleikum, sem við höfum átt við í þessu þjóðfélagi og ekki sízt nú á síðasta ári, í lok ársins, ef hliðsjón hefði verið tekin af slíkum tillögum fyrr og þeim komið í framkvæmd.

Ég skal ekki víkja nánar að því, að það kemur að vísu fram í ýmsum ráðagerðum og ákvörðunum, sem gerðar voru í lok ársins, að margt, sem þar var gert í sambandi við lausn allsherjarverkfallsins, var að nokkru leyti á svipuðum grundvelli eins og sumar þeirra till., sem hér eru fram bornar. En þá er augljóst mál, að það er rétt, sem ég segi, að ef þetta mál hefði fyrr verið tekið til úrlausnar og framkvæmda, þá hefði betur farið.

Það er svo að sjálfsögðu alltaf nokkrum vanda bundið að ganga frá frv. um breytingar á skattalöggjöfinni, slíku sem þessu. Við flm. munum að sjálfsögðu taka feginsamlega öllum ábendingum og breytingum til batnaðar á þessu frv., þar sem okkur kann að hafa yfirsézt og einhverjir hlutir mega betur fara, og höfum að sjálfsögðu ekkert á móti því, þó að eitt og annað sé í þessu frv. leiðrétt, ef meginatriðum málsins er haldið óskemmdum. Ég vil alveg hafa fyrirvara um það, að okkur kunni að hafa yfirsézt í einhverju af því, sem við höfum fram sett hér tölulega, og þá erum við reiðubúnir til þess að leiðrétta það, ef grundvallarsjónarmiðin fá að haldast. Vona ég svo, að þetta frv. fái góðar undirtektir þingsins, og leyfi mér að leggja til, að því verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. fjhn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vil þegar við þessa 1. umr. málsins lýsa yfir eindregnum stuðningi mínum við meginefni þessa frv. og jafnframt taka það fram, að Alþfl. mun í þessari hv. d. greiða atkv. með frv. í öllum meginatriðum þess, bera fram brtt., ef það kemur til endanlegrar afgreiðslu, við einstök atriði, en að meginstefnu til fylgja því. Þetta er að því leyti síður en svo undarlegt, þar eð Alþýðuflokksmenn hafa þegar á þessu þingi flutt frumvörp, sem ganga í sömu átt og ýmis meginatriði þessa frv., og þarf því engan að undra, þó að við tökum þessu frv. hið bezta og teljum það vera mjög gott, í raun og veru

eitt bezta frv., sem sézt hefur frá nokkrum þingmanni eða þingmönnum Sjálfstæðisflokksins í mörg ár.

Ég skal ekki orðlengja, eftir hina ýtarlegu ræðu hv. frsm., um hin einstöku atriði frv. eða frv. í heild, en á það vil ég benda, að ræða hans var að ýmsu leyti mjög athyglisverð. Í umr. um þau frv., sem við Alþýðuflokksmenn, sumpart einir og sumpart ásamt þingmönnum úr öðrum flokkum, höfum flutt til leiðréttingar á ranglæti gildandi skattalöggjafar, höfum við sýnt fram á, að skattþunginn hefur á undanförnum áratug, eða síðan fyrir stríð, vaxið mjög verulega á öllum almenningi í landinu. Við höfum sýnt fram á það, að persónufrádrátturinn hafi farið hlutfallslega mjög lækkandi og ætti í raun og veru að vera miklu hærri heldur en hann er núna, ef hann ætti að vera tiltölulega jafnhár og hann var fyrir stríð. Við höfum sýnt fram á það, að sú fjármálastefna, sem fylgt hefur verið undanfarinn áratug hvað skattálagningu snertir, hafi verið almenningi í landinu mjög óhagstæð. Það hafi verið um að ræða sívaxandi skattálögur á allan almenning, fyrst og fremst sökum þess, þó að skattstigar hafi verið óbreyttir, að skattupphæðir hafa ekki breytzt í sama hlutfalli og peningatekjur manna hafa breytzt. Þannig hefur skatturinn þyngzt hlutfallslega mjög mikið, þó að hann í krónutali hafi ekki vaxið mjög verulega. Við höfum talið, að þetta væri áfellisdómur, meira að segja þungur áfellisdómur, yfir þeirri fjármálastjórn, sem hér hefur verið undanfarinn áratug og er enn. Og það er vissulega rétt. Þegar þannig er á haldið stjórn skattamálanna, að skattur á öllum almenningi, meira að segja á hinum lægstu tekjum, er látinn fara mjög vaxandi, þá er það þungur áfellisdómur yfir þeim, sem ráðið hafa stjórn skattamálanna og fjármálastefnunni yfirleitt.

Nú hefur hv. 5. þm. Reykv. tekið algerlega undir þessa gagnrýni, sem við Alþfl.-menn höfum áður hér á þessu þingi flutt á fjármálastefnuna undanfarinn rúman áratug, og staðfest það enn með tölum til viðbótar þeim tölum, sem ég hef áður nefnt um þessi efni hér í þessum ræðustól, að þetta er rétt, að skattþunginn jafnvel á lægstu tekjum hefur farið mjög vaxandi undanfarinn rúman áratug. Er ég því mjög feginn, að okkur Alþfl.-mönnum skuli hafa bætzt liðskostur í ádeilu okkar á fjármálastefnuna undanfarinn áratug úr þessari átt. Fram hjá því má þó ekki ganga að minnast þess, hverjir það eru, sem bera ábyrgð á fjármálastefnunni síðastliðinn rúman áratug. Frá árinu 1939 og til 1950 var fjmrh. úr hópi flokks hv. 5. þm. Reykv., Sjálfstfl. Og nú er hann úr hópi Framsfl., og stjórnina í heild verður að gera ábyrga fyrir þessari fjármálastefnu, meðan henni er ekki andmælt af stuðningsmönnum hennar. Hér er því um það að ræða, að hv. 5. þm. Reykv., sem flytur þetta frv., er stuðningsmaður fjmrh., sem vill halda þessari stefnu óbreyttri, að því er bezt verður vitað. Þetta frv. og hin ágætu rök hv. 5. þm. Reykv. fyrir nauðsyn þess og gildi þess er því í raun og veru þung ádeila á fjmrh. hans eigin flokks í rúmlega áratug og á þá stjórnmálastefnu, sem núverandi ríkisstj. fylgir.

Það hafa áður legið fyrir og liggja enn fyrir þessu þingi till., sem ganga í sömu átt og mjög mikið af þeim atriðum, sem fjallað er um í þessu frv. Við þm. Alþfl. höfum flutt frv. um mikla hækkun persónufrádráttar. Það hefur ekki fengið góðar undirtektir, ekki heldur frá flokki hv. 5. þm. Reykv. Það hefur legið fyrir og liggur enn fyrir þessu þingi frv. um leiðréttingu á því ranglæti, sem hjón eru beitt í skattálagningu, frá okkur hv. 9. landsk. þm. Það frv. hefur ekki heldur fengið nægilega góðar undirtektir, ekki heldur frá nógu stórum hluta flokks hv. 5. þm. Reykv. Við hv. 8. landsk. þm. fluttum nú nýlega till., sem kom til atkv., um að hækka þá umreikningstölu, sem notuð er við umreikning skatts, á sama hátt og lagt er hér til í 10. gr. þessa frv. Sú till. var felld með öllum atkv. flokks hv. 5. þm. Reykv., Sjálfstfl. M. a. af þessum sökum þykir mér flutningur þessa frv. vera mjög athyglisverður, og ég vona, að hann beri vott um einlæg og varanleg sinnaskipti hjá flm. þessa frv. og hjá sem mestum hluta Sjálfstfl.

Ég geng út frá því sem vísu, með tilliti til fyrri umræðna og yfirlýsinga um þau mál, sem hér eru til umr., að hv. Sósfl. muni einnig vera fylgjandi öllum meginatriðum þessa frv. Þannig hefur fulltrúi hans í fjhn. þessarar hv. d. oftar en einu sinni talað. Sá flokkur hefur og staðið að flutningi nokkurra frv. eða till., sem ganga í svipaða átt og hér er um að ræða.

Ef því Sjálfstfl. þessarar hv. d. og þingsins yfirleitt stendur einn og óskiptur, eða mikill meiri hluti hans, að þessu frv., þá er fylgi þess tryggt. Það er þess vegna mjög nauðsynlegt og gagnlegt að fá um það skýra vitneskju, hver er afstaða Sjálfstfl. til þessa máls. Að sjálfsögðu þarf einnig að fá um það vitneskju, hver er afstaða hv. Framsfl. til málsins. Úr hans hópi hefur hins vegar ekki verið talað þannig, að mikil ástæða sé til þess að ætla, að frá honum fáist fylgi við málið í heild eða að mjög verulegu leyti. En það þarf ekki til. Framgangur málsins er tryggður, ef hv. Sjálfstfl. vill styðja við bakið á hinum tveim ágætu flm. þessa frv., ljá þeim lið í baráttu sinni fyrir því og samþ. frv. Og það er þetta, sem mig nú langar mjög eindregið til þess að fá að vita, hver er afstaða Sjálfstfl. til þessa máls. Er hann með því, eða er hann á móti því? Og þá, ef hann er skiptur um málið, hversu mikill hluti hans má telja að verði með því, og hversu mikill hluti hans má vænta að verði á móti því? Sannleikurinn um þetta mál er sá, að Sjálfstfl. hefur örlög þess í hendi sér. Hann getur ekki komið því fram einn, en hann getur fengið til þess stuðning Alþfl., og ég geri ráð fyrir, að hann geti einnig fengið stuðning Sósfl. Hann getur að vísu drepið það eða svæft það einn. Og ef málið verður drepið eða svæft, þá er það sök Sjálfstfl. og hans eins. Spurningin um örlög þessa máls er því sú, hvort hv. fyrri flm. frv., hv. 5. þm. Reykv., hefur sinn flokk, Sjálfstfl., með sér eða á móti sér í þessu máli. Það ætti að koma í ljós þegar við þessa umr.

um svo stórmerkilegt mál sem hér er um að ræða. Gerist það ekki, þá mun það koma fram, er málið hlýtur afgreiðslu við 2. eða 3. umr. málsins. Og eftir því munu menn vissulega bíða með hinni mestu eftirvæntingu, því að hér er um brýnt og mikið hagsmunamál að ræða fyrir allan almenning þessa lands. Þess vegna mun hann vissulega fylgjast með því af mjög miklum áhuga, hvar Sjálfstfl. stendur í málinu, hvort hann er á móti hv. 5. þm. Reykv. eða hvort hann er með honum.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Í febrúarmánuði í fyrra skipaði fjmrn. 5 menn í n. til þess að endurskoða lög um skatta og útsvör o. fl. Var n. skipuð í tilefni af þál., sem samþ. var á síðasta þingi. Þessi n. er ekki enn búin að ljúka störfum, og hafa því engar till. frá henni verið lagðar fyrir þetta þing. Viðfangsefni n. reyndist yfirgripsmeira og vandasamara en svo, að henni tækist að skila áliti og till. um það til ríkisstj. á nýliðnu ári. Og á þessari stundu er ekki vitað, hvenær skattamálanefndin muni ljúka störfum, en það mun vera vilji hennar að skila áliti og till. svo fljótt sem verða má.

Það hefði að sjálfsögðu verið mjög æskilegt, að skattamálanefndin hefði getað skilað till. til ríkisstj. það tímanlega, að unnt hefði verið að leggja þær fyrir þetta þing. Þetta hefur því miður ekki tekizt. En þess er að vænta, að undirbúningi nýrrar löggjafar um skatta og útsvör verði lokið áður en næsta þing kemur saman, svo að þá verði hægt að taka þau mál til meðferðar, því að vissulega er brýn þörf breyt. á lögum um þessi efni.

Hér hefur verið lagt fram frv., á þskj. 491, varðandi fáein atriði skattamála. Flm. málsins eru 2 hv. þdm., en við athugun þess sést, að frv. er runnið frá öðrum fulltrúa Sjálfstfl. í skattamálanefndinni. Hefur hann sett hér í frv.-form till. um fáa einstaka þætti skattamálanna, sem auk margs annars hafa verið til umr. og athugunar hjá skattamálanefndinni. Ekki er þetta þó allt upphaflega frá honum sjálfum komið. T. d. höfðu framsóknarmennirnir í skattamálanefndinni orðið fyrri til að leggja þar fram till. um frumbýlingsfrádrátt, en efni þeirrar till. hefur höfundur frv. tekið upp í 6. gr. þess.

Það eru óneitanlega dálítið einkennileg vinnubrögð hjá þessum nefndarmanni að taka till., sem eru til athugunar hjá n., þar á meðal till., sem samnefndarmenn hans hafa lagt þar fram, og láta bera þær fram í frv. á Alþ. án þess að minnast á það við nefndarmenn eða leita eftir samþykki þeirra til slíkrar meðferðar á málum, sem liggja fyrir n. Ef málum hefði verið svo komið, að þessi eini nefndarmaður hefði orðið öðrum nefndarmönnum fyrri til að leggja fram í n. heildartill. um þau mál, sem þar eru til meðferðar, en þær ekki fengið þar áheyrn, eða það lægi fyrir, að n. væri ósammála um afgreiðslu þeirra mála, sem hún á að gera till. um, þá gat það verið eðlilegt og skiljanlegt, að sérstakar till. frá honum kæmu fram hjá ríkisstj. eða á Alþ. En slíku er hér ekki til að dreifa. Þessi nefndarmaður hefur ekki orðið öðrum nefndarmönnum fyrri til að leggja fram till. um ýmis þau vandasömu viðfangsefni, sem n. er að vinna að. Ég er ekki að ásaka hann fyrir það. Vegna þess, hvað verkefni nefndarmanna er margþætt og vandasamt, tel ég, að þeim verði ekki með sanngirni ámælt fyrir það að hafa ekki enn lokið nefndarstörfum, enda er mér ekki kunnugt um, að það hafi verið gert.

Skattamálanefndin á ekki aðeins að gera till. um álagningu skatta til ríkissjóðs, heldur einnig um útsvörin til bæjar- og sveitarfélaga. Og það mun sennilega reynast erfiðari þátturinn í starfi n. Sveitar- og bæjarfélögin eru mjög mörg og fjárhagur þeirra og þarfir mjög mismunandi. Útsvörin eru aðaltekjustofn þeirra, en þær reglur, sem nú gilda um álagningu útsvara, eru mjög ófullkomnar, svo að nauðsynlegt er að setja um þetta ný og ákveðnari fyrirmæli, þó að erfitt kunni að verða að sníða þar stakk við allra hæfi.

Í frv. þessu eru till. um tekjuskattsgreiðslur einstaklinga, en engar till. um breyt. á sköttum félaga. Höfundur frv. virðist líta svo á, að fremur megi dragast að setja ný lagafyrirmæli um skatta félaga en einstakra manna. Um þetta er ég honum ósammála. Ég tel ekki minna aðkallandi að setja ný lög um skatta og útsvarsgreiðslur félaga, og til stuðnings þeirri skoðun vil ég nefna dæmi um skattgreiðslur einstaklinga og félaga.

Fyrst skal nefnt dæmi um einstakan skattgreiðanda í Reykjavík, sem ég sé þó ekki ástæðu til að nafngreina. Samkv. skattskránni 1952 hefur maður þessi, sem er kvæntur, en ómagalaus, haft um 150 þús. kr. skattskyldar tekjur árið 1951. Samanlagðir skattar og útsvar hans 1952 námu um 90 þús. kr., eða 60% af skattskyldum tekjum. Hann hefur því eftir af tekjum sínum um 60 þús. kr., þegar hann er búinn að borga skatta og útsvar.

Næst er dæmi um hlutafélag, sem hefur iðnrekstur. Skattskyldar tekjur þess 1951 voru um 55 þús. kr. Ríkisskattar þess árið 1952 eru 25%, en útsvar 67% af skattskyldu tekjunum, eða alls 92%.

Þá er annað hlutafélag, sem líka er iðnaðarfyrirtæki. Skattskyldar tekjur þess urðu um 175 þús. kr. Ríkisskattar 44% af skattskyldu tekjunum. En sá hluti stríðsgróðaskatts félagsins, sem ríkið greiðir til bæjar- og sveitarfélaga, er 8%. Skatturinn, sem fer til ríkisins, er því nettó 36% af skattskyldum tekjum félagsins, en útsvar þess, að frádregnum þeim hluta, sem ætla má að lagður sé á eign þess, er um 59% af skattskyldu tekjunum. Samanlagðir skattar og útsvar nema því 103%, miðað við skattskyldu tekjurnar.

Svo er þriðja og síðasta dæmið um skatt- og útsvarsgreiðslur félags. Það er hlutafélag, sem framleiðir útflutningsvörur úr innlendum hráefnum. Skattskyldar tekjur félagsins 1951, samkv. skattskránni, hafa verið rúmlega 50 þús. kr. Ríkisskattarnir nema 25% af skattskyldu tekjunum, en útsvarið hvorki meira né minna en 140%.

Þessi dæmi ættu að nægja til þess að sýna, að ekki sé síður þörf að setja ný ákvæði um skatt- og útsvarsgreiðslur félaga en einstaklinga. Ákvæði gildandi laga um, að samanlagðir skattar og útsvar megi ekki nema meira en 90% af skattskyldum tekjum, eftir að þær hafa náð vissri hæð, hafa verið sniðgengin og raunar að engu gerð með álagningu svo nefndra veltuútsvara. Um þessi veltuútsvör gilda engin lög, heldur eru þau lögð á eftir ákvörðunum sveitarstjórna og niðurjöfnunarnefnda. Og til eru niðurjöfnunarnefndir, sem verjast allra frétta um það, hvernig þær leggi veltuútsvörin á eða hve miklu þau nemi í heild. Veltuútsvörin eru sérstaklega þungbær fyrir mörg fyrirtæki og ósanngjörn, því að sama gildir um þau og tekjuútsvörin, að ekki er heimilt að draga þau frá tekjum, áður en skattur er á þær lagður. Má vissulega ekki dragast lengi úr þessu að veita atvinnufyrirtækjum vernd gegn ósanngjarnri álagningu veltuútsvara, svo að þau þurfi ekki árum saman að búa við þau ókjör, sem mörg þeirra eiga nú við að stríða í þessum efnum.

Tekjuskatturinn samkv. frv. þessu á að koma í stað tekjuskatts, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatts, sem einstaklingar borga nú. Engar upplýsingar fylgja frv. um það, hvað ætla megi að þessi nýi skattur nemi miklu í heild, samanborið við þá skatta, sem á að fella niður í staðinn. En ég hef gert athugun á því, hver áhrif frv. mundu verða í vissum tilfellum. Áður hef ég sagt frá skattgreiðslu mannsins, sem hafði 150 þús. kr. skattskyldar tekjur 1951 samkv. skattskrá Reykjavíkur 1952. Enn er ekki kunnugt, hvað tekjur hans árið 1952 hafa numið miklu, en ég áætla skattskyldar tekjur hans það ár jafnmiklar og árið áður, 150 þús. kr. Að óbreyttum lögum á þá maður þessi að borga á árinu 1953 í tekjuskatt, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatt samtals rúmlega 48 þús. kr., en af því hefur ríkissjóður eftir um 40 þús., þegar hann hefur skilað hluta bæjar- og sveitarfélaga af stríðsgróðaskattinum. En samkv. frv., sem hér liggur fyrir, ætti maður þessi að borga í tekjuskatt árið 1953 kr. 18690.00. Skattur hans mundi þannig lækka um miklu meira en helming, eða úr rúml. 48 þús. kr. í 18—19 þús. kr.

Svo tek ég dæmi af hjónum, sem hafa 30 þús. kr. hreinar tekjur, en engan ómaga á framfæri. Þau borga í ár eftir gildandi lögum 619 kr. í tekjuskatt, en ættu að borga samkv. frv. 318 kr. Lækkunin hjá þeim nemur 301 kr. Hjón með jafnmiklar hreinar tekjur, 30 þús. kr., og eitt barn á framfæri borga nú 459 kr. Þau ættu að borga samkv. frv. 152 kr. Það er 307 kr. lækkun. Hjón með sömu tekjur, 30 þús. kr., og 2 börn á framfæri borga nú 330 kr. Þau eiga að vera skattfrjáls samkv. frv.

Dæmin, sem ég hef hér nefnt, sýna þetta: Hjón, sem eru ómagalaus og höfðu 150 þús. kr. skattskyldar tekjur næstliðið ár, þ. e. 151800 kr. hreinar tekjur, mundu fá lækkun á ríkissköttum, sem nemur fast að 30 þús. kr., ef frv. þetta verður samþ. En hjón, sem höfðu 30 þús. kr. hreinar tekjur, fá um það bil 300 kr. skattalækkun.

Frv. þetta er nefnt „Frv. til laga um lækkun skatta á fjölskyldufólki, skattfrelsi á lágtekjum, skattfríðindi o. fl.“ Þessi fyrirsögn gefur ekki rétta hugmynd um aðalefni frv. og er því villandi. Ef höfundi og flm. hefði þótt ráðlegt að gefa frv. fyrirsögn, sem segði til um efni þess, þá hefðu þeir átt að nefna það frv. til laga um stórkostlega lækkun skatta á hátekjumönnum, lækkun eða afnám lítilla skatta á lágum tekjum o. s. frv.

En flm. hefur bætzt liðsauki nú þegar úr einni átt. Hv. 3. landsk. þm. lýsti því yfir í ræðu sinni hér áðan, að hann mundi eindregið styðja þetta frv. í höfuðatriðum þess, og hann gerði meira. Hann tilkynnti, að Alþfl., hans flokkur, mundi einnig styðja frv. í meginatriðum. Og eiginlega gaf hann nú yfirlýsingu fyrir hönd Sameiningarfl. alþýðu — Sósfl. líka um stuðning við málið, eða gerði ráð fyrir stuðningi þaðan. Og mér skildist á hv. 3. landsk. þm., ræðu hans, að hann teldi þetta eitthvert bezta frv., sem sézt hefði hér um langan aldur, a. m. k. frá Sjálfstfl. Eiginlega skildist manni einnig síðar í ræðu hans, að þetta væri nú mál Alþfl., en þeim flokki hefði bætzt þarna liðskostur í málinu allálitlegur. Ég býst við, að það hefði einhvern tíma þótt fyrirsögn hér fyrr á árum, ef Alþfl.-menn á þingi hefðu gerzt sérstakir talsmenn frv. um svo stórkostlega lækkun skatta á hátekjumönnum sem hér er í þessu frv.

Ég tel að vísu, að það geti komið til mála að lækka eitthvað skatta á tekjuháum einstaklingum, þegar ný skattalög verða sett. En svo mikla lækkun á sköttum þeirra sem stefnt er að með þessu frv. tel ég ekki réttmæta, þegar litið er á tekjuþörf ríkisins og fjáröflunaraðferðir þess að öðru leyti. Þegar rætt er um þetta frv., er líka fyllsta ástæða til að vekja athygli á því, að við undirbúning fjárlaga fyrir þetta ár, sem væntanlega verða endanlega afgreidd mjög bráðlega, hefur verið reiknað með því, að ákvæði laga um tekjuskatt, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatt haldist óbreytt þetta ár. M. a. af þeirri veigamiklu ástæðu er ekki hægt að fallast á frv. Fyrsti flm. þess, hv. 5. þm. Reykv., sem er frsm. málsins, á sæti í fjhn. þessarar d. Honum er vel kunnugt um það, og hinum flm. sjálfsagt líka, að það var orðið samkomulag milli stjórnarfl. að framlengja tekjulöggjöf á þessu ári, þá sem áður hefur gilt, í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna. Er því nokkuð einkennilegt, að þeir skuli flytja slíkt frv.

Ég gat þess áðan, að hjón, sem höfðu 150 þús. kr. skattskyldar tekjur árið sem leið, mundu fá lækkun á sköttum til ríkisins á þessu ári, sem nemur fast að 30 þús. kr., ef frv. þetta verður samþ. En nú getur verið, að sá hagnaður þeirra yrði að einhverju leyti af þeim tekinn með hækkuðu útsvari til bæjarfélagsins, og er jafnvel gert ráð fyrir slíku í grg. þessa frv. Um þetta er þó allt í óvissu, og enginn getur um það sagt fyrir fram eða birt um það nokkra útreikninga, vegna þess að engar lögfestar reglur eru um álagningu útsvaranna. Enginn stafkrókur er heldur í frv. þessu um það, að

nokkuð af hagnaði gjaldenda af skattalækkun frv. eigi að renna til bæjar- eða sveitarfélaga.

En hér er einmitt komið að kjarna málsins. Lög um skatta til ríkissjóðs og útsvör til bæjar- og sveitarsjóða þarf að undirbúa og afgreiða *samtímis*. Þetta var Alþ. ljóst í fyrra, þegar það samþ. ályktun um heildarendurskoðun laga um skatta og útsvör. Og skattamálanefndin stefnir að því í starfi sínu að skila samræmdum till. um þetta hvort tveggja. Þegar sett eru lög um skatta til ríkisins, þarf að hafa hliðsjón af því, hvað útsvörin nema miklu, svo að hæfileg takmörk verði sett fyrir heildargreiðslum gjaldenda, jafnt einstaklinga sem félaga, til *ríkisins og bæjar- og sveitarsjóða*. En fram hjá þessu er alveg gengið í frv., sem hér liggur fyrir. Þar eru aðeins till. um fáein atriði viðkomandi tekjuskatti til ríkisins, en ekkert hreyft við útsvarsmálinu. Auk þess er aðalefni frv. þannig, eins og ég hef þegar sýnt, að ekki er hægt að fallast á það.

Hv. frsm. málsins var í einum kafla ræðu sinnar að tala um það, hvað skattahækkunin á *almenningi* hefði *orðið mikil* á undanförnum árum, án þess að ákvæðum skattalaganna hefði verið breytt. Ég vil út af þessu í ræðu hans vekja athygli á því, að í grg. með frv., neðst á bls. 5, segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með hliðsjón af tekjuskattsstigunum sjálfum hefur engin raunveruleg aukning á skattþunga frá árinu 1942, af tekjum 1941, til ársins 1952, af tekjum 1951, átt sér stað hjá þeim, sem njóta umreiknings á tekjum.“ — Og síðast í þeirri sömu málsgr., á bls. 6, þar sem verið er að skýra frá því, að birt sé tafla þar á eftir um skattgreiðslurnar, segir, með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið: „er þetta hvort tveggja sett fram í eftirfarandi töflum, og mun það nægja til að sýna fram á, hvernig óbreyttir skattstigar og vaxandi dýrtíð hafa aukið raunverulega skattbyrði þeirra aðila, sem ekki njóta umreiknings á tekjum, en þeir, sem njóta umreiknings, hafa staðið í stað.“

Nú liggur það fyrir, að á þessu nýbyrjaða ári munu allir þeir einstaklingar að fullu njóta umreikningsins, sem hafa allt upp í 68850 kr. tekjur, og það held ég að við getum ekki kallað lágtekjur eins og nú er ástatt.

Það er margt, sem taka þarf til athugunar við endurskoðun skatta- og útsvarslaga. Við ákvörðun tekjuskatts þarf, eins og ég hef áður vikið að, að hafa í huga, hvað útsvörin nema miklu, og setja fyrirmæli um þau, svo að samanlagðar upphæðir þessara útgjalda fari ekki úr hófi fram. Það þarf að fyrirbyggja, að félög verði látin borga samtals í ófrádráttarhæfa skatta og útsvör meira en sem nemur öllum skattskyldum tekjum þeirra, eins og nú á sér stað í mörgum tilfellum vegna veltuútsvaranna. Slík skattheimta er til hindrunar heilbrigðum atvinnurekstri, og hér þarf að ráða bót á. Eignaframtalið þarf að lagfæra. Fasteignir eru nú yfirleitt taldar til eignarskatts með aðeins hluta af raunverulegu verði þeirra, en peningaeignir eru metnar fullu verði. Hér er óviðunandi ósamræmi, sem þarf að leiðrétta. Ákvæðum um persónufrádrátt þarf að breyta. Skattamál hjóna þarf að taka til sérstakrar athugunar, og margt fleira þarf að athuga og gera till. um, þótt ekki sé hér talið. Og við endurskoðun laga um skatta og útsvör þarf að sjálfsögðu að minnast þess, að ríki og bæjar- og sveitarfélög þurfa að fá fjárþörfum sínum fullnægt á einhvern hátt. En allt þarf þetta að athugast í heild og afgreiðast í einu lagi, því að mörg þýðingarmikil atriði málsins eru svo nátengd, að afgreiðsla þeirra þarf að fylgjast að, svo að nauðsynlegt og eðlilegt samræmi verði í lagafyrirmælum um þessi mál. Till. um heildarlöggjöf um skatta og útsvör þarf sem allra fyrst að leggja fyrir þingið. Frv., sem hér liggur fyrir, getur ekki komið að gagni við lausn málsins.

Flm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg fleiri orð um þetta mál, en vil þó aðeins víkja að því, sem fram hefur komið hjá þeim tveim hv. þm., sem um þetta hafa talað. Manni heyrðist það á tóninum í ræðu hv. þm. V-Húnv., að hann teldi sig hafa sagt hér mörg spakleg orð, og fór hann fögrum orðum um það, að ekkert mætti nú gera í þessu máli, nema taka allt í heild og skoða allt nógu rækilega í samanburði hvað við annað.

Það er auðvitað alveg ljóst, að það er viðurkennd regla og háttur þeirra, sem vilja tefja fyrir umbótum og framgangi einstakra mála, að vera með þennan sífellda söng um það, að það megi ekki gera neitt nema gera allt í einu. Og ég vil leyfa mér að segja það, að það er fullkomlega ámælisvert hjá hv. þm. V-Húnv., formanni skattamálanefndarinnar, hversu seint starfsemi þeirrar nefndar gengur. Það er af þeim sökum, sem þm. telja sig knúða til að taka einstaka þætti þessa máls út úr heildarskipun málanna og reyna að knýja á dyrnar að fá þeim framgengt.

Þessi n. var skipuð og starfar samkv. ákvörðun Alþingis og hafði samkv. ákvörðun Alþingis fyrirmæli um að hafa lokið störfum áður en þetta þing kom saman. Þingið samþ. í fyrra, að endurskoðun skyldi fara fram fyrir næsta þing.

Hv. þm. sagði, að það væri einkennilegt, að ég og meðflm. minn skyldum flytja þetta mál, þar sem okkur væri kunnugt um tekjuöflunarfrv. stjórnarinnar og ég væri búinn í fjhn. að samþykkja tekjuöflunarfrumvörpin, — og svo kæmi ég með frv. eins og þetta. Ég skýrði þetta í minni ræðu þannig: Ég hef í fjhn. samþykkt tekjuöflunarfrumvörp, sem ég að athuguðu máli tel að viss þáttur úr gefi um 14 millj. kr. meira en önnur n. í þinginu, fjvn., áætlar að muni verða af þessum tekjuöflunarákvæðum. Þess vegna segi ég: Það er óhætt að breyta þeim. — Og breytingar þær, sem ég legg til, eru miðaðar við þessa niðurstöðu. Ég vil svo segja þessum hv. þm., að það er ekki einungis Alþfl., sem hefur tekið þessu frv. vel, eins og kom fram í ræðu hv. 3. landsk., sem ég þakka fyrir góðar undirtektir við málið. Við vorum á bæjarstjórnarfundi hér í Reykjavík í gær. Eini fulltrúi Framsfl. í bæjarstjórninni flutti

þar till., þar sem hann lagði til, að öll meginatriði þessa frv., vegna þess, hvað þau væru sjálfsögð réttlætismál, væru notuð og tekin upp í störfum niðurjöfnunarnefndar við álagningu útsvara. Hann hampaði þar mjög þessu frv. og taldi öll atriði frv., öll nýmælin, sem fram í því kæmu, vera til stórra bóta. Ég get því hér í þingsölunum þakkað fyrir þann stuðning frá fulltrúa Framsfl., sem við höfum þegar fengið við þetta mál, þó að það hafi ekki verið frá hv. þm. V-Húnv.

Hv. þm. V-Húnv. reiknaði út einstök dæmi. Ég get ekki fullyrt neitt um, hvort þau eru rétt reiknuð eða ekki, vil hafa allan fyrirvara um það. Þó að hann sé reikningsglöggur, þá getur honum skotizt. En við skulum ganga út frá því, að það sé ekki og að þau séu rétt reiknuð. Og reikningar hans áttu að sýna það, að lágtekjufólkið lækkar lítið, en hátekjufólkið lækkar mikið. Hann tók dæmi af hjónum með 150 þús. kr. tekjur og sagði, að þetta þýddi lækkun í skatti á þeim um 30 þús. kr., eða eitthvað þar um bil, eins og hann komst að orði. Nú sýndi ég einmitt fram á, að m. a. einn þáttur þessa máls væri það, að vegna þess, hvernig skattstiginn væri upp byggður, og vegna þess, að umreikningnum væri sleppt og þar af leiðandi yrði um verulega tekjuskattslækkun á háum tekjum að ræða, þá væri í frv. ákvæði um það, að bæjar- og sveitarfélög mættu óhindrað leggja á hátekjurnar og fengju nýjan möguleika til þess að ná nýjum tekjum af hátekjufólkinu, sem lækkaði þarna í tekjuskatti. Eins og segir í grg. og ég vitnaði til, þá er það okkar meining, og vakti ekki fyrir okkur, að hér væri um lækkun skatta á hátekjum að ræða, eins og hv. þm. smjattaði á, heldur aðeins að bæjar- og sveitarfélögunum gæfist hérna möguleiki til nýrrar tekjuöflunar, sem ekki mundi veita af, eins og ég komst að orði. Þar skýtur þess vegna hv. þm. algerlega yfir markið með því að telja, að við flm. þessa frv. séum með okkar till. og formi skattstigans að reyna að lækka raunverulega skatta hátekjufólks til hins opinbera, þegar saman eru tekin ríkissjóður, bæjar- og sveitarfélög. Hitt er svo annað mál, að ég sagði það einnig, að ef mönnum sýnist, að eitthvað í formi þessa máls sé þannig, að þeir vildu leiðrétta það, þá er auðvitað á það að líta. Og ef hv. þm. V-Húnv. væri að meginefni með málinu, þó að hann t. d. vildi gera till. um breytingar á skattstiganum, þá er svo fjarri mér að halda því fram, að það sé endilega þessi skattstigi og enginn annar, sem komi til greina. Vissulega mætti athuga, ef menn á annað borð efnislega vilja fylgja meginatriðunum, efri hlutann á þessum skattstiga og breyta honum eitthvað. En í raun og veru þýddi það að mínu áliti ekkert annað en að rýra þá möguleika, sem við teljum okkur vera að skapa fyrir bæjar- og sveitarfélögin til þess að taka skatta af þeim tekjum, sem þarna eru hæstar.

Ég vil vísa algerlega á bug sem röngu því, sem hv. þm. V-Húnv. sagði, að það væri gert ráð fyrir því í grg. frv. að taka lækkunina af lágtekjuhjónum í útsvör. Það er gert ráð fyrir því í grg., á bls. 6, að taka lækkunina af hátekjufólkinu, en ekki lágtekjufólkinu, fólkinu, sem hefur tekjur yfir 68600 kr., eins og þar kemur skýrt og greinilega fram. En einmitt umreikningurinn, eins og hv. þm. tók fram, nær nú til þessara tekna. Þetta kemur skýrt fram í grg., og ég taldi, að það hefði komið svo greinilega fram í minni framsöguræðu, að það hefði ekki gefið neitt tilefni til þess að hártoga það á þann hátt, sem hv. þm. gerði í sinni ræðu.

Annars er ég að öðru leyti algerlega sammála hv. þm. V-Húnv. í því, sem hann sagði um samanburð á sköttum og útsvörum og það ófugstreymi, sem í því er, að skattar og útsvar samanlagt fari fram úr heildartekjum fyrirtækja vegna veltuútsvara og annarra skattaákvæða, sem gilda. Þetta erum við alveg sammála um, og ég er honum einnig að sjálfsögðu sammála um þá brýnu nauðsyn að endurskoða um leið skattalöggjöfina á félögum engu síður en einstaklingum. En sannleikurinn er sá, að málin geta dregizt úr hófi fram, og það er þess vegna, sem við vildum freista þess að taka út úr einn þátt þessara mála, sem vissulega er einfaldara að eiga við heldur en allt málið í heild og við álítum að auðveldara ætti kannske að vera að ná samkomulagi um heldur en um aðrar greinar. Og það er staðreynd, og hv. þm. vita það, að deilurnar í skattamálunum á undanförnum árum hafa risið miklu hærra um skattlagninguna á atvinnuvegunum og félögunum heldur en um skattana á einstaklingunum. Það hafa verið háværar deilur um skattlagningu samvinnufélaga annars vegar og einkarekstrarins, hlutafélaga og einstaklinga, hins vegar o. s. frv. ár eftir ár í þingsölunum. Um þetta hafa menn deilt aftur á bak og áfram. Það skyldi enginn verða glaðari en ég, ef það fengist einhver lausn — og því fyrr því betra — og niðurstöður í þeim málum. En af þeirri reynslu, sem ég hef haft hér í þinginu og annars staðar, þá taldi ég — og við flm. báðir — fulla ástæðu til þess að ætla, að það yrði auðveldara að ná samkomulagi um skattlagningu á einstaklingana heldur en á félögin og atvinnureksturinn, sem hins vegar er fullkomin nauðsyn að náist sem allra fyrst samkomulag um endurskoðun á. Hv. þm. benti á ákaflega örðuga aðstöðu, sem sá atvinnurekstur á við að glíma, sem þarf að borga yfir 100% af tekjum sínum í skatta og útsvör samanlagt. Það er gott, að hann nefndi þetta dæmi, og málið er í góðra manna höndum, þar sem hv. þm. V-Húnv. er, til þess að leiðrétta þetta misræmi. Og ég veit, að það muni margur maður fagna því að hafa heyrt hans áhuga á því að leiðrétta nú þetta mikla misræmi. Ætli það sé ekki um það bil í fyrsta skipti, sem hann kemur fram? En hann mun sennilega hafa öðlazt þennan áhuga við þau störf, sem hann hefur innt af hendi í skattamálan. á s. l. ári, og þá er það gott, að reynslan hefur sannfært hann um þá miklu nauðsyn, sem er á breytingum í þessu efni.

Ég vil svo alveg vísa á bug ákúrum, sem hv. þm. V-Húnv. var hér með í garð Sigurbjörns

Þorbjörnssonar, eins af nefndarmönnum í skattamálan. Hann deildi á hann fyrir það og taldi það einkennileg vinnubrögð, að hann skyldi gera till., t. d. á einum stað í frv. um frumbýlingsfrádrátt, án þess að spyrja framsóknarmennina um leyfi. Nú er sannleikurinn sá, að það er ekki Sigurbjörn Þorbjörnsson, sem gerir till. um frumbýlingsfrádrátt eða sérstök skattfríðindi við stofnun heimilis, heldur er það hv. 2. þm. Eyf. og ég. Við teljum okkur ekki þurfa að spyrja hv. þm. V-Húnv. eða neinn aðila í skattamálan. um leyfi til þess. Og þegar hv. þm. virtist vera eitthvað særður yfir því, að þeir framsóknarmenn í skattamálan. hefðu nú í sumar komið með þessa till. um frumbýlingsfrádrátt á undan Sigurbirni Þorbjörnssyni og það væri þeim mun verra af þeim sökum, að hann skyldi nú vera að stela þessari hugmynd, þá vil ég upplýsa hv. þm. um það, að þetta er margra ára hugmynd og ályktun, sem ungir sjálfstæðismenn hafa gert á þingum sínum og ítrekuð hefur verið á landsfundum Sjálfstfl. En það vill svo til, að við flm. erum einmitt fyrrverandi og núverandi formenn Sambands ungra sjálfstæðismanna, sem, eins og ég sagði, fyrir mörgum árum er búið að setja fram þessar hugmyndir og var búið að gera þessar kröfur til löggjafarvaldsins, sem hér um ræðir, að einmitt væri létt skattabyrðin við stofnun heimilis og þannig reynt að greiða fyrir heimilismyndun ungs fólks. Mér hefur aldrei dottið í hug að væna framsóknarmenn um neinn stuld í þessu máli, þó að þeir hafi sett fram þessa till. í skattamálan. Þegar ég frétti af því, þá fagnaði ég því, að þeir skyldu hafa tekið upp till. okkar ungra sjálfstæðismanna í þessu máli.

Ég tel mig nú með þessu hafa leiðrétt það, sem leiðrétta þarf á þessu stigi málsins í ræðu hv. þm. V-Húnv. — Um ræðu hv. 3. landsk. vil ég segja það, að það skýtur ákaflega skökku við og er því miður nokkuð langt frá staðreyndum, að fulltrúar Alþfl. hafi haldið uppi stöðugri gagnrýni á skattamálin hér á síðasta áratug og við séum með þessu að taka upp till., sem þeir hafi verið með og hafi verið undirstaðan undir þeirra gagnrýni, og séum með flutningi þessa máls eiginlega að hefja ádeilur á fjmrh. úr hópi sjálfstæðismanna og úr hópi framsóknarmanna. Ég skal nú ekki fullyrða um það, hef ekki haft tíma til að átta mig á því, en ég man ekki eftir neinum merkum till. um breytingu á skattamálunum frá fulltrúum Alþfl., a. m. k. á fyrra helmingi þessa áratugs. Það getur verið, að þar sé eitthvað að finna, en ég man nú ekki eftir því í fljótu bragði. Ég man ekki eftir því, þegar form. Alþfl. var forsrh., veitti forstöðu ríkisstjórn frá 1947 til 1949, að þá hafi þessar till. verið nokkuð á baugi hjá Alþýðuflokksmönnum. Síður en svo. Og það er ekki hægt að tala um fjmrh. úr hópi einnar stjórnar eða annarrar. Sú stjórn, sem fer með völd á hverjum tíma, verður auðvitað í heild að bera ábyrgð á fjármálastjórninni, það er augljóst.

Ég vil leyfa mér að vænta þess, að þrátt fyrir þá gagnrýni, sem kom fram í ræðu hv. þm. V-Húnv., þá sé samt í öllum aðalatriðum fylgi við meginefni þessa máls innan beggja stjórnarflokkanna, Framsfl. og Sjálfstfl. Hitt held ég að menn kunni að greina þar á um, hversu geyst skuli fara eða hversu hægt skuli fara. Og það kom greinilega fram í ræðu hv. þm. V-Húnv., að hann vill ekki hafa þá málsmeðferð hér að samþykkja neinar breytingar á skattalögunum, eins og nú er komið, nema gera það á þeim í heild. Nú verð ég að vísu að virða honum þetta til vorkunnar og telja, að það hafi enginn þm. eðlilegri ástæðu til þess að taka málinu svona heldur en hann, sem er sjálfur form. í endurskoðunarn. skattalaganna, það er alveg rétt. Hann hefur fram yfir aðra ástæðu til að vilja halda málinu í heild í höndum sér. En það hins vegar, eins og ég segi, má ekki misnota. Það má á engan hátt misnota þá heildarendurskoðun, sem á döfinni er, til þess að tefja óeðlilega fyrir einstökum þáttum, sem hægt ætti að vera að ná góðu samkomulagi um og eru þess eðlis, að þeir eru líklegri til skjóts samkomulags en aðrir þættir.

Hv. 3. landsk. þm. spurði um afstöðu Sjálfstfl. sérstaklega og hvort málið yrði svæft o. s. frv. Eins og ég segi, þá veit ég ekki betur en minir flokksmenn séu í meginatriðum sammála höfuðefni þessa frv. Það mun vera ágreiningur um það innan míns flokks, eins og hins stjórnarflokksins, hversu hægt sé að hraða þessu máli mikið. En um það, hvort málið verður svæft eða ekki, þá er óhætt að slá því föstu, að þessar till. verða nú ekki svæfðar. Það kunna að vera áhöld um það, hvort hægt sé að koma þeim fram á því þingi, sem nú er. Við flm. munum beita allri okkar orku til þess, að málið nái fram að ganga á þessu þingi. Og eitt er víst, að við höfum fulla trú á því, að efni þessa frv. sé þannig vaxið, að það verði ekki svæft, og á ég þar við, að það muni í öllum meginatriðum verða fyrr eða síðar að lögum. Hvort okkur auðnast að koma því fram á þessu þingi, er undir hælinn lagt, eins og ég sagði. Við munum beita okkur fyrir því, eftir því sem föng standa til, og það verða menn að skilja, að við hefðum auðvitað kosið að fara af stað miklu fyrr með þetta frv., til þess að reyna að tryggja því framgang á þessu þingi, hefðum við ekki þurft að bíða eftir því að átta okkur á því, hvort það kæmu einhverjar till. frá skattamálan. Og þeir, sem eru í þeirri aðstöðu að geta ekki borið fram frv. fyrr en jafnseint á þingi eins og raun varð á með þetta frv., eru að vísu alltaf í þeirri hættu, að þeim gangi erfiðar að tryggja framgang málsins á því yfirstandandi þingi. En hvað sem því líður, hvort sem það tekst eða ekki, eins og ég segi, þá er það mín þjargfasta trú, að það muni ekki langt undan, að meginefni þessa frv. og þær nauðsynlegustu leiðréttingar, sem það gerir á skattalöggjöfinni, nái fram að ganga.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en örfáum orðum þarf ég að bæta við það, sem ég áður sagði.

Hv. þm. V-Húnv. taldi það nokkrum tíðindum sæta, að fulltrúi Alþfl. skyldi mæla með

því, að frv., sem í felst lækkun skatta af hátekjum, skuli hljóta meðmæli þm. Alþfl. og Alþfl. í heild. Um þetta er það að segja, að ég lýsti því áðan yfir, að við mundum fylgja þessu frv. í öllum meginatriðum, en flytja við það brtt., ef það kæmi til endanlegrar afgreiðslu, — brtt. í samræmi við þau frv., sem við þegar höfum flutt á þinginu, sumpart einir og sumpart ásamt öðrum.

Að því er snertir eitt nýmæli eða breytingu þessa frv., hjónaskattinn, er það að segja, að sú till., sem ég er meðflm. að, flyt ásamt hv. 9. landsk. þm., er allmiklu öðruvísi heldur en sú skipan, sem hér er gert ráð fyrir, að því leyti, að í okkar frv. er einungis gert ráð fyrir því, að konum skuli reiknaður hluti af tekjum manns síns upp að vissu marki. En hér er gert ráð fyrir því, að öllum tekjum, hversu háar sem þær eru, skuli skipt til helminga. Að þessu leyti gerir þetta frv. ráð fyrir því, að hinar breyttu reglur um sérsköttun hjóna lækki skatt af hátekjum miklu meira en leiða mundi af samþykkt frv. okkar hv. 9. landsk. þm. Það leiðir af sjálfu sér, að ef við Alþfl.-menn flyttum brtt. við þetta frv., þá mundum við m. a. hafa breyt. í þessa átt. Það mundi hafa þau áhrif, að skattalækkunin á háum tekjum yrði ekki eins mikil og hún yrði samkv. þessu frv. óbreyttu. Og ég hygg, að ein höfuðástæða þess, hversu háar tölur hv. þm. V-Húnv. fékk út, þegar hann reiknaði út skattalækkunina á hjónum með 150 þús. kr. í skattskyldar tekjur, sé sú, að hann hefur auðvitað reiknað með skiptingu á tekjum hjóna til helminga eins og frv. gerir ráð fyrir. Skattalækkunin mundi því verða miklu minni, ef hliðstæðum reglum yrði beitt og gert er ráð fyrir í frv. okkar hv. 9. landsk. þm. — Ég get gjarnan tekið það fram og hef raunar látið það í ljós áður í umr. um skattamál hjóna, að ég tel þá reglu, sem hér er gert ráð fyrir, að skipta tekjum hjóna ávallt til helminga, hversu háar sem þær eru, ekki réttláta, vegna þess að þá væri háum tekjum ívilnað óeðlilega mikið. Ég tel þá reglu, sem gert er ráð fyrir í frv. okkar hv. 9. landsk. þm., að hafa þar á ákveðið hámark, miklu eðlilegri og skynsamlegri. Auðvitað má endalaust deila um, hvert það hámark á að vera.

Annars þarf hv. þm. V-Húnv. ekki að ámæla Alþfl. fyrir að lýsa fylgi sínu við skattafrv., þó að í því felist nokkur lækkun skatta á háum tekjum. Ég er alls ekki þeirrar skoðunar, að það geti aldrei undir nokkrum kringumstæðum komið til mála að lækka skatta, þótt af háum tekjum sé. Það væri fráleit afstaða í skattamálum, að skattar ættu alltaf að haldast óbreyttir ár eftir ár, áratug eftir áratug, líklega eilíflega, í því hámarki, sem þeir einu sinni hafa komizt upp í. Það nær auðvitað engri átt. Þess vegna skammast ég mín ekkert fyrir að játa það, að undir vissum kringumstæðum getur auðvitað komið til greina að lækka skatt, þótt á háum tekjum sé, sérstaklega að lækka skatt til ríkisins eins, vegna þess að ýmis rök má að því leiða, að heppilegra sé að skattleggja háar tekjur til sveitarfélaga heldur en til ríkisins. En varðandi gagnrýni hans á Alþfl. í þessu tilliti vildi ég mega minna á það, sem raunar þegar er fram komið, að fulltrúi flokks hans í bæjarstjórn Reykjavíkur hefur þegar lagt til, að þessar reglur verði látnar gilda við álagningu útsvara í Reykjavík. Það tel ég mjög hæpið að gera, og sérstaklega ef ástæða væri til að halda, að þessar reglur næðu fram að ganga við skattaálagningu til ríkissjóðs, því að þá nær auðvitað engri átt að láta sams konar reglur gilda um skattaálagningu eða um útsvarsálagningu til sveitarsjóða. Það væri að ívilna háum tekjum algerlega að ástæðulausu og allt of mikið. Undirtektir mínar undir þetta frv. eru því síður en svo undarlegar eða ámælisverðar frá sjónarmiði þeirra manna, sem þó telja, að skattstigar eigi að vera mjög stighækkandi, eins og ég tel. Undirtektir bæjarfulltrúa Framsfl. í bæjarstjórn Reykjavíkur undir frv. eru hins vegar ámælisverðar frá því sjónarmiði séð, ef hann gerir ráð fyrir því, að þetta frv. nái fram að ganga hér á hinu háa Alþ.

Annað atriði var það í ræðu hv. þm. V-Húnv., sem ég vildi og minnast á. Ég hafði auðvitað tekið eftir því áður, þótt ekki gerði ég það að sérstöku umtalsefni í ræðu minni áðan. Það er það, sem hann las upp úr grg. Sigurbjörns Þorbjörnssonar, þar sem segir, að umreikningurinn tryggi það, að þeir, sem hans njóta, greiði tiltölulega jafnháan skatt nú eins og þeir gerðu, þegar reglurnar um umreikninginn voru teknar upp, þ. e. a. s., skattþunginn á þessu fólki hafi ekki aukizt frá því að umreikningsreglur voru teknar upp. Þessi staðhæfing Sigurbjörns Þorbjörnssonar í grg. er ekki rétt. Skattþunginn á þessu fólki hefur einnig aukizt vegna þess, að umreikningstalan, sem umreikningurinn er byggður á, sýnir ekki þá breyt., sem raunverulega hefur orðið á verðgildi peninga. Hún er fundin út eftir öðrum og sérstökum reglum og táknar ekki þá breytingu, sem hefur orðið á verðgildi peninga, þ. e. a. s., hún táknar ekki þá aukningu, sem hefur orðið á peningatekjum. Séu tekjur nú umreiknaðar með umreikningstölunni, þá verða þær ekki sambærilegar við þær tekjur, sem menn höfðu við sömu störf, þegar umreikningurinn var tekinn upp. Um þetta hef ég áður rætt í sambandi við till., sem við hv. 8. landsk. þm. fluttum um breyt. á útreikningi umreikningstölunnar, og hirði ekki um að skýra það nánar hér á þessu stigi í sambandi við þessar umr. En þetta er tvímælalaust rétt. Ástæðan til aukningar skattþungans er m. a. sú, að umreikningstalan er þannig reiknuð, að hún sýnir alls ekki breytingu á raunverulegum tekjum skattgreiðendanna, og þess vegna er sjálfsagt að færa útreikning þessarar umreikningstölu í það horf, að niðurstaðan sýni raunverulega breytingu á gildi peninganna.

Hv. 5. þm. Reykv. sagðist ekki hafa orðið var við miklar till. af hálfu Alþfl. á fyrri hluta síðasta áratugs. Ég vil í því sambandi minna hann á, að á síðustu árunum fyrir 1940, 1938 og 1939, var starfandi mþn. í skattamálum, þar sem Alþfl. átti ágætan fulltrúa, Jón Blöndal hagfræðing, og þær till., sem sú n. samdi

og lagði fram, voru grundvöllurinn að þeim umr., sem fóru fram um skattamál næstu 4—5 ár og voru uppistaðan í hinum nýju skattal., sem sett voru 1942, og þau skattal. gilda í öllum meginatriðum enn. Í þessum till. setti Alþfl. fram alveg skýr og rækileg sjónarmið í skattamálunum, sem að vísu náðu ekki fram að ganga nema að mjög litlu leyti við setningu skattal. 1942. Í till., sem Alþfl.-menn fluttu á þingi varðandi lausn dýrtíðarmálanna á árunum 1942 og 1943, voru síðan ýmis meginatriði þessara tillagna fulltrúa Alþfl. í skattamálan. 1938—39 tekin upp, og í málflutningi Alþfl., samþykktum flokksþinga hans og í ræðum fulltrúa hans hér á Alþ. voru þessar till. Jóns Blöndals hagfræðings frá skattamálan. 1938—39 hvað eftir annað ítrekaðar og endurteknar. Menn hafa því ekki þurft að fara í grafgötur um það, hver hefur verið vilji Alþfl. í skattamálunum, hvorki á fyrri hluta síðasta áratugs, síðara hluta hans né nú.

Hv. þm. var fáorður um það, hver afstaða Sjálfstfl. til málsins raunverulega væri. Hann sagðist vona, að hún yrði honum hagstæð. Það vona ég líka. Ef hún verður honum og frv. hagstæð, þá nær þetta frv. fram að ganga í meginatriðum. Nái frv. ekki fram að ganga, verði það drepið eða svæft, er ekki um það að villast, hvaða flokkur ber á því ábyrgð; það verður flokkur hv. 5. þm. Reykv., Sjálfstfl.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

47. Sala Grísarár í Hrafnagilshreppi.

Á 50. fundi í Nd., 15. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja þjóðjörðina Grísará í Hrafnagilshreppi núverandi ábúanda [202. mál] (þmfrv., A. 528).

Á 51. og 52. fundi í Nd., 16. og 19. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 53. fundi í Nd., 20. jan., var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þess gerist ekki þörf að fylgja þessu frv. með langri ræðu. Í grg. þess er í meginatriðum tekið fram um rök til þess, að frv. er flutt, en þær röksemdir eru í stuttu máli, að jörð þessi var fyrir nokkrum árum byggð núverandi ábúanda hennar. Jörð þessi var eyðijörð, þegar hún var byggð honum, en var byggð honum til nokkurra ára og með því skilyrði, að hann hefði að þeim tíma loknum lokið við að byggja upp á jörðinni bæði íbúðarhús og gripahús. Hann hefur unnið að ýmsum framkvæmdum á jörðinni, svo sem tiltekið er í grg. Hins vegar hefur hann ekki séð sér fært að ráðast í þessar miklu framkvæmdir. Bæði er það, sem hv. þm. er skiljanlegt, að menn vilja ógjarnan ráðast í slíkar framkvæmdir nema hafa nokkurn veginn vissu um áframhaldandi rétt til jarðarinnar, og því vildi hann ekki í þetta leggja, nema hafa vissu um að geta eignazt jörðina, og í annan stað það, að það eru einnig erfiðleikar á því að hafa á skömmum tíma lokið þeim framkvæmdum, sem nauðsynlegar eru í þessu efni.

Hreppsnefnd viðkomandi hrepps, Hrafnagilshrepps í Eyjafirði, hefur mælt eindregið með því, að orðið sé við beiðni ábúandans um sölu á jörðinni, og leggur áherzlu á, að hún telji heppilegt, að hann eignist jörðina.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um málið, en vil aðeins geta þess, að mér láðist að athuga það við flutning málsins, að hér var enn til meðferðar í hv. d. frv. til l. um heimild til sölu á nokkrum jörðum, og hefði væntanlega verið eðlilegast, að till. um sölu þessarar jarðar hefði komið þar inn í, enda hefur hv. landbn. tekið inn þar fleiri jarðir en upphaflega voru í því frv. Ég vildi þess vegna, til þess að greiða fyrir framkvæmd málsins og þar sem mér virðist það vera eðlileg málsmeðferð, leggja til í fyrsta lagi, að þessu frv. verði að sjálfsögðu vísað til hv. landbn., og jafnframt mælast til þess við hv. n., að hún taki þetta mál til athugunar í því formi, að ef hún sæi sér fært að mæla með því, sem ég vona að hún geri, þá taki hún efni þess upp í það frv., sem hér liggur fyrir og mun nú eiga að vera hér til 2. umr. í dag, og taki þá það til athugunar milli 2. og 3. umr. og taki málið upp sem brtt. við það frv., ef hún sér sér fært að mæla með samþykkt á sölu þessarar jarðar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið, en legg til, að frv. sé að lokinni þessari umr. vísað til hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

48. Íbúðarhúsabyggingar í kaupstöðum og kauptúnum.

Á 53. fundi í Nd., 20. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um rétt manna til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum og opinbera aðstoð í því skyni [207. mál] (þmfrv., A. 551).

Á 54. fundi í Nd., 21. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 23. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Fyrsta ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er sú, sem venjulega hefur verið, þegar skyld mál hafa verið flutt eins og þetta, nauðsynin á því að bæta úr slæmu húsnæði og húsnæðisskorti hér á okkar landi. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þá nauðsyn. Hún er öllum hv. þm. kunn, og ekki sízt þeim, sem hér í Reykjavík eru og horfa upp á það daglega, hvílíkan húsnæðisskort allur þorrinn af sérstaklega verkamönnum í Reykjavík á enn við að búa. Og ég veit, að það er hjá öllum hv. þm. a. m. k. vitneskja um, hve ófært það húsnæði er orðið, sem sérstaklega það fólk, sem býr í gömlu herbúðunum, kjöllurum og alls konar útihúsum, á hér við að búa. Og hv. þm. utan af landi þekkja líka, hve húsnæðið þar þarf víða á stórkostlegum endurbótum að halda.

Hér í Reykjavík er ástandið þannig, að lög, sem sett voru fyrir 23 árum og bönnuðu íbúðir í kjöllurum, hafa aldrei verið framkvæmd. Og samtímis hefur ástandið versnað svo, að íbúðirnar í kjöllurum, sem bannaðar voru þá, eru taldar skárri íbúðir heldur en íbúðirnar í herbúðunum núna. Af mannúðarástæðum og heilbrigðisástæðum er þess vegna engum efa bundið, að veruleg endurbót í þessu efni á rétt á sér. En það er önnur ástæða, sem ég álít líka rétt að leggja áherzlu á í sambandi við flutning þessa frv. Það er að slá því föstu, að íslenzkir borgarar, sem ekki eiga íbúðir sjálfir, hafi lagalegan rétt, skilyrðislausan rétt til þess að mega byggja yfir sig. Fyrir nokkrum árum, svona 6—7 árum, þurfti ekki að ræða um það hér á Íslandi, hvort menn hefðu þennan rétt. Það hafði hver einasti Íslendingur þennan rétt til þess að mega byggja yfir sig. Hann var hins vegar oft mismunandi illa settur til þess að geta framkvæmt þennan rétt. Hann hafði máske ekki efnahagsleg skilyrði til þess að geta byggt, sem sé fátæktin hindraði hann máske í því að framkvæma þessi mannréttindi sín, og það er, eins og allir hv. þm. vita, ekki ótítt um okkar stjórnarskrá og okkar mannréttindi. Ástandið, sem nú ríkir, er hins vegar það, að menn eru sviptir þessum rétti. Menn þurfa að sækja sérstaklega til yfirvalda til þess að fá rétt til þess að byggja yfir sig, þó að þeir jafnvel geti það efnahagslega séð.

Í byrjun síðasta stríðs voru sett húsaleigulög hér á Íslandi. Þessi húsaleigulög voru sett út frá því sjónarmiði, að aðflutningur byggingarefnis væri þá svo stopull og erfiður, að það væri tvísýnt, að menn gætu notað sér þann almenna rétt, sem þeir höfðu til þess að byggja yfir sig. Þess vegna var það ákveðið, að húseigendur voru sviptir sínum rétti til þess að mega segja mönnum upp. Meðan svo var, þá var ef til vill hægt að fóðra það, að einhverjar takmarkanir væru á því, hve mikinn rétt menn hefðu til þess að byggja í landinu. Nú hafa hins vegar húsaleigulögin verið afnumin, þannig að nú hafa húseigendur rétt til þess að reka hvern mann út úr sínu húsi. Hvert er þá orðið ástandið, sem leigjandi, sem enga íbúð á, á við að búa? Það er það, að hann getur búizt við því, að honum sé sagt upp í því húsnæði, sem hann er, einn góðan veðurdag. Hann þarf að leita til ákveðinna opinberra aðila um leyfi til þess að fá að byggja, ef hann einhvern veginn treystir sér til þess, og hann er ekki viss í að fá það leyfi. M. ö. o., núverandi löggjöf heimilar að reka einn mann út á götuna og neita honum um leið um leyfi til þess að byggja yfir sig. Núverandi löggjöf heimilar að reka mann út á götuna og banna honum að hafa nokkurs staðar möguleika til þess að hafa þak yfir höfuðið. Þetta er algerlega óþolandi ástand. Þetta er svívirðingarblettur á okkar löggjöf, að þau réttindi skuli ekki a. m. k. vera fyrir menn, sem ekki eiga íbúð sjálfir, að þeir hafi réttinn til þess að byggja yfir sig. Og ég vil í 1. gr. þessa frv. þess vegna slá því föstu, að menn hafi slíkan rétt, að menn hafi slíkan almennan rétt. Enn fremur legg ég það til, að sú skylda sé lögð á hendur byggingarnefnd viðkomandi kaupstaðar eða kauptúns að mæla út lóð handa mönnum til byggingar slíkra íbúðarhúsa, en geri þó þá athugasemd þar, að byggingarnefnd viðkomandi kaupstaðar geti gert það að skilyrði gagnvart manni, sem hún mælir út lóð handa, að menn byggi saman, þannig að það geti ekki hver maður krafizt þess að fá lóð út af fyrir sig, heldur geti byggingarnefnd sagt: Hér útvegum við þér möguleika til þess að byggja íbúð handa þér, en það verður að vera í húsi, þar sem þú slærð þér saman með t. d. 3 öðrum eða með 6 öðrum, eða í slíkum byggingum, allt að 3 hæða húsi. Ég set þetta vegna þess, að það er alveg óhugsandi að ætla sér að skapa stóra bæi eða borgir á þann hátt, að þar séu eintóm einbýlishús. Það rís enginn kaupstaður og engir íbúar kaupstaðar eða stórs bæjar og borgar undir slíku skipulagi á borgarbyggð. Þess vegna vil ég tryggja byggingarnefnd þennan rétt. Nú sem stendur er það hins vegar vitanlegt, að Íslendingar hafa ekki rétt til þess að fá útmældar lóðir sér til handa, þannig að þetta er nýr réttur, sem nú er tryggður, að þeir geti fengið útmældar lóðir sér til handa, ýmist sjálfum sér eða ásamt öðrum. Og ég veit, að það er nú sem stendur þannig hérna í Reykjavík, að nú fá menn ekki slíkar lóðir, nema því aðeins að fjárhagsráð sé búið að leyfa mönnum að byggja. M. ö. o., menn geta hvorki fengið lóð né rétt til þess að byggja yfir sig nú sem stendur, svo framarlega sem þeim er vísað út á götuna.

Þessi 1. gr. fer þess vegna beinlínis fram á að slá föstum þeim mannréttindum, að Íslendingur, sem ekki á íbúð sjálfur, eigi kröfu til þess að geta fengið útmælda lóð handa sér einum eða með öðrum og eigi rétt á að byggja. Þetta eru svo einföld mannréttindi, að þetta vonast ég til að menn geti fallizt á.

Nú skal ég taka það fram, að Sósfl. og ég fyrir hans hönd hef áður flutt frv. um almennt frelsi til bygginga á Íslandi á þessu þingi. Því frv. hefur verið vísað til ríkisstj. eða sama sem fellt. Í því frv. var gengið út frá, að menn hefðu almennan rétt til að byggja íbúðarhús, m. ö. o., menn hefðu rétt til þess að byggja íbúðarhús, hvort heldur handa sjálfum sér til þess að selja þau, til þess að leigja þau eða hvernig sem það væri, bara almennan rétt til byggingar íbúðarhúsa. Þessu frv. var vísað frá. Þess vegna hef ég í þessu frv. eingöngu bundið mig við rétt manna til þess að byggja handa sjálfum sér, en hins vegar er gert ráð fyrir, að menn hafi rétt til þess að skapa sér samtök um slíkt. Og í þessu frv. er þess vegna að öllu leyti miðað við það, að menn byggi handa sjálfum sér og geri til þess ýmiss konar samtök.

Ég hef svo tekið upp í þetta frv. þá löggjöf, sem fyrir er um þessi mál. Það má ef til vill segja, að það orki alltaf tvímælis, hvaða aðferð sé rétt að hafa í slíkum efnum. Þessi aðferð var höfð 1946, þegar lögin um útrýmingu heilsuspillandi íbúða voru sett. Þá voru þau lög tekin þar upp í heild, lögin um gömlu verkamannabústaðina og lögin um byggingarsamvinnufélög. Og þetta var allt fellt saman í eina stóra löggjöf. En það var gert með þeim sama hætti eins og ég hef gert hér, að lagagreinarnar eru orðaðar eins og þær voru í hinum upprunalegu lögum. Þess vegna stendur hér sem sé í 2. gr.: „Stofna skal byggingarsjóð", en hann hefur verið stofnaður fyrir meira en 20 árum, og þannig er það líka í lögunum frá 1946, sem eru sett 17—18 árum eftir að gömlu lögin voru sett. Ég hef álitið rétt að halda þeirri fyrirmynd, sem þar var gefin. Ástæður til þess, að mér þótti réttara að taka öll gömlu lögin upp, þó að sum af þeim séu ekki nema lítið breytt, voru tvær, fyrir utan þessa fyrirmynd frá 1946. Fyrri ástæðan er sú, að þegar maður gerir brtt. við gömul lög, jafnvel gömul lög, sem eru í 2—3 mismunandi lögum frá mismunandi árum, þá verður þetta svo ruglingslegt, að það er varla mögulegt fyrir þann almenna mann að átta sig á þessu. Enn fremur er ég satt að segja orðinn leiður á því að sjá hérna í þinginu koma lög, sem eru t. d. eins og eitt af þeim lagafrv., sem liggja fyrir okkur núna, sem er frv. til laga um breyt. samtals við 5 mismunandi lög frá mismunandi árum, um 20 ára tímabil, og öll lögin talin upp í fyrirsögninni. Ég verð að segja það, að það er hrákasmíði að ganga svona frá lögunum. Það er til skammar fyrir okkur að afgreiða lög á þennan hátt. Við höfum fengið t. d. stjórnarfrv., sem hafa verið svona, og ég skal taka það fram, að þm. eru almennt ekki með svona frágang á sínum lagafrv. Það er ríkisstj., sem býr lög svona skammarlega út. Ég hef í fjhn. alltaf gert athugasemdir við það að láta lögin fara svona frá okkur. Enn fremur verð ég að segja annað. Ég er orðinn svo leiður á því að sjá sömu lögin framlengd alltaf ár eftir ár hérna í þinginu og orðin svo ruglingsleg, að það er varla hægt nema fyrir lögfræðinga að finna út úr, hvað séu raunveruleg lög, eins og t. d. er með mikið af skattalögunum, þannig að ég vildi þess vegna leggja þetta þannig fyrir, þó að ég hafi alls ekki ætlað mér að gera neinar stórbreytingar á þessum köflum, sem ég hef tekið hér upp, þannig að það væri bara skýrara, almennur maður gæti skilið þetta og það væri ekki verið að gera þetta svo flókið, að það væri svo að segja óskiljanlegt.

Nú skal ég þess vegna fara og það mjög fljótt yfir, hverjar eru höfuðbreytingarnar, sem ég legg til að gera í sambandi við þá gömlu kafla, sem ég tek hér upp. Það er í I. kaflanum, þ. e. gömlu lögunum um verkamannabústaðina, fyrst og fremst ein breyt. í 4. gr., og það er um tekjurnar til verkamannabústaðanna. Ég tek þar upp ákvæði um, að ríkissjóður skuli leggja árlega í sjóðinn helming af tekjuafgangi ríkisins af einkasölu á tóbaki. Eins og þeir þm., sem muna eftir gömlum ákvæðum, vita, þá var, þegar lögin um tóbakseinkasölu voru sett, 1931, þetta ákvæði í lögum. M. ö. o., þegar tóbakseinkasalan var fyrst sett á, þá var sagt við þjóðina: Við erum að setja þessa einkasölu á til þess að láta helminginn af ágóðanum af tóbakseinkasölunni renna til verkamannabústaðanna. — Hinn helmingurinn átti, ef ég man rétt, að renna til bygginga í sveitum. Svo var, eins og oft vill verða, þessu kippt burt seinna, þegar búið var að fá tóbakseinkasöluna og þann mikla ágóða, sem af henni er. Þá var tilganginum, sem yfirlýst var að væri með því að setja hana, kippt burt. Ég vil setja þetta aftur í sitt gamla far, sem það einu sinni var, þó að það væri ekki nema mjög stuttan tíma. Og ef byggingarsjóðir verkamannabústaðanna fá nú helminginn af tekjum tóbakseinkasölunnar, eins og þeim var ætlað 1931, þá eru það um 14 millj. kr., ef ég man rétt, eftir áætlun síðustu fjárlaga. Og það mundi vera mjög verulegt framlag til eflingar verkamannabústaðanna, sem vitað er að hafa verið í peningahraki.

Þá geri ég enn fremur þá breytingu í 5. gr., að bæði byggingarfélög verkamanna, sem hér eru í Reykjavík, fái að starfa. Eins og menn rekur máske minni til, þá var á árinu 1939 með sérstökum bráðabl. það gamla byggingarfélag alþýðu, sem byggt hafði gömlu verkamannabústaðina við Hringbraut og rutt brautina hér með verkamannabústöðum, svipt réttinum til þess að hafa um hönd byggingarstarfsemi. Og ég veit, að þær ráðstafanir mæltust yfirleitt mjög illa fyrir. Ég legg til, að þarna sé þetta leiðrétt, þannig að hinu gamla byggingarfélagi alþýðu, sem á enn þá þessa gömlu bústaði og eftir því sem mér bezt skilst er tiltölulega efnað félag, sé leyft að starfa aftur við hliðina á því félagi, sem síðan hefur starfað. Og slíkt getur ekki orðið til annars en að efla byggingarstarfsemi verkamanna, og það vil ég vona að nú sé hægt að fallast á.

Í 7. gr. geri ég þá breytingu, að stjórn byggingarfélagsins skuli skipuð fimm mönnum, það sé ekki kippt burt þeim ákvæðum, sem fyrirskipa það, að félmrn. skuli útnefna formann og að hlutfallskosningar skuli viðhafðar, sem sé að félögin ákveði það sjálf, svo sem tíðkast

um allan slíkan félagsskap, samvinnufélög, verkamannafélög og önnur slík.

Þá skal ég enn fremur taka það fram, að ég hef með aðstoð skrifstofu Alþingis, eða réttara sagt fyrir hennar tilstilli og athugun, látið breyta þarna útreikningum á gömlu ákvæðunum í 7. gr. um, hvaða tekjur menn þurfa að hafa til þess að öðlast þessi réttindi. Það er útfært þarna bara með þeim upphæðum, sem nú gilda samkv. þeim gömlu ákvæðum, þannig að það er sem sé fært í samræmi við núgildandi verðlag, þ. e. í 4. undirgreininni í 7. gr.

Annað er ekki í þeim gömlu lögum verkamannabústaðanna, sem ég hef breytt, og í byggingarsamvinnulögunum engu.

Í 3. kaflanum hins vegar, um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, er höfuðbreytingin sú, að ég tek lögin þarna upp eins og þau voru og legg til í síðasta kaflanum að afnema frestunarákvæðin á þeim lögum, þannig að svo framarlega sem mitt frv. yrði samþ., þá er kaflinn um útrýmingu heilsuspillandi íbúða aftur kominn til framkvæmda. Og sveitarfélögin hafa þar með þann rétt, sem þeim var gefinn með samþykkt þeirra laga til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum og fá til þess aðstoð hins opinbera, eins og upprunalega var ætlazt til. Þessi kafli fer sem sé fyrst og fremst fram á það, að það komist aftur í gang, verði aftur í gildi þau lagafyrirmæli. Og ég hef breytt fyrirsögninni um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, tekið upp gömlu fyrirsögnina í stað þeirrar nýju.

Allir þessir þrír kaflar miða sérstaklega við það, að mönnum sé hjálpað til þess að hagnýta sér þann rétt, sem þeim er gefinn með 1. gr. laganna. Þar er þeim gefinn sá almenni réttur til að byggja, sá lagalegi réttur til að byggja. Þessir þrír kaflar miða að því að tryggja þeim, sem fátækir eða tekjulitlir eru, efnahagslega möguleika til þess að framkvæma þennan félagslega rétt.

Í 4. kaflanum, um lánadeild smáíbúðarhúsanna, sem líka er tekinn að mestu orðrétt upp, hef ég gert nokkrar breytingar. Í fyrsta lagi að ákveða með 39. gr., að það skuli fela Landsbankanum eða annarri lánsstofnun stjórn lánadeildarinnar ásamt reikningshaldinu og öðru slíku, þannig að það sé tryggt, að þessi lánadeild smáíbúðarhúsa sé rekin á eðlilegan hátt. Með því miða ég við, að þegar menn sækja þarna um lán úr þessari lánadeild, þá geti menn verið öruggir um, að þeir sæti þeirri venjulegu meðferð, sem menn hljóta almennt í lánsstofnunum. Það sé sem sé í fyrsta lagi farið eftir fyrirmælum laganna um, hverjum skuli veita þetta, eins og mælt er fyrir í 43. gr., og í öðru lagi, að bankastjóri eða forstjóri hvaða lánsstofnunar sem er taki því næst þau eðlilegu tillit, sem hverjum forstöðumanni lánsstofnunar þykir almennt rétt að taka. Ég verð að lýsa því yfir, að ég treysti hverjum sem er af forstjórum þeirra banka, sem hér eiga hlut að máli, og annarra lánsstofnana til þess að rækja þetta, en ég álít það hneykslí, eins og var á síðasta ári, að úthlutun lána úr þessari lánadeild smáíbúðarhúsa sé sett í hendur tveggja manna, sem annar er formaður fyrir hinu pólitíska félagi sjálfstæðismanna í Reykjavík og hinn formaður fyrir hinu pólitíska félagi framsóknarmanna í Reykjavík, og þessir menn séu svo án nokkurs tillits til laga og venjulegra siðgæðishátta látnir úthluta þessu eins og þeim þóknast og án nokkurra reglna. Slíkt er hneykslí, sem ekki á að viðgangast, og ég álít, að það sé ólíkt betur komið í höndum venjulegra bankastjóra eða forstjóra lánsstofnana heldur en þannig í höndum ákveðinna pólitískra fulltrúa, sem ríkisstj. skiptir á milli sín að útnefna.

Enn fremur legg ég til í 40. gr., að framlagið sé alls 30 millj. kr. Með þeim upphaflegu ákvæðum og með því, sem nú var til meðhöndlunar á þinginu, þá var það um 20 millj., þannig að eftir minni till. er það 10 millj. hærra. Enn fremur hækka ég ofur lítið réttinn, sem menn hafa til þess að fá lán út á ábyrgð samkv. 41. gr.

Þegar þessir fjórir kaflar hafa verið athugaðir, sem ég nú hef farið stutt yfir, þá eru þar með upp taldar þær mismunandi ráðstafanir, sem lagt er til í þessu frv. að gerðar séu til aðstoðar þeim, sem erfitt eiga með að byggja, og allar eru til fyrir.

Þá kem ég í 5. kaflanum, sem er nýr kafli, að rétti þeirra einstaklinga til veðlána, sem ekki njóta aðstoðar samkv. 1.—4. kafla þessara laga af einni eða annarri ástæðu. Þeir lenda út úr því, en vilja hins vegar og þurfa að byggja sér íbúð og hafa rétt til þess samkv. skilyrðum 1. gr. Þá geri ég með 44. gr. þá till., að veðdeild Landsbankans sé starfrækt þannig, að hún fullnægi skilyrðum þessarar greinar, og að í staðinn fyrir gömlu ákvæðin um helming af virðingarverði sérstakrar nefndar, sem Landsbankinn útnefnir, þá skuli þeir hafa rétt til þess að fá út á 1. veðrétt þriðjunginn af brunabótamati viðkomandi húss, og er mér vissulega ljóst, að það er allmikil hækkun. Enn fremur legg ég þarna til, að seðlabankanum sé það upp á lagt að kaupa þau bankavaxtabréf, sem veðdeildin lætur mönnum í té.

Ég hef áður vakið eftirtekt á því, að það er náttúrlega alveg ófært ástand, að veðdeildin sé ekki starfrækt. Nú sem stendur munu öll veðdeildarbréf, sem enn þá eru í gangi í öllum þeim 17 flokkum, sem gefnir hafa verið út þessi 50 ár, að upphæð 38 millj. kr. Eins og hv. þingmenn vita, þá er brunabótamat á öllum húsum á Íslandi 3500 millj. kr., þannig að það, sem veðdeild Landsbankans á í bankavaxtabréfum, hefur lánað út í veðlán, er rétt 1% af brunabótamati allra húseigna á Íslandi. Þetta nær vitanlega engri átt. Og þegar slík eign er til eins og húseignir Íslendinga nú skuldlítil, þá er það gefið, að þjóðin hefur fyllilega efnahagslegar aðstæður til þess í gegnum sinn seðlabanka að auka stórum — og það er algerlega tryggt — lán sín til þeirra manna, sem ætla að ráðast í að byggja.

Í 45. gr. er svo ákvæði um, að hver sá íslenzkur ríkisborgari, sem á íbúð samsvarandi þeim, sem um getur í 1. gr., — og þetta er alltaf miðað við íbúðir, sem ekki séu stærri en verkamannabústaðalögin gera ráð fyrir, sem sé

4 herbergi í hæsta lagi, — hann eigi kröfu á að fá lán út á 1. veðrétt í veðdeild Landsbanka Íslands samkv. ákvæðum 44. gr. Ég set þetta ákvæði alveg sérstaklega vegna þess, að ég held, að flestum mönnum hljóti að vera ljóst, að það er alvarleg efnahagskreppa yfirvofandi fyrir mjög mikið af þeim mönnum, millistéttarmönnum og verkamönnum, sem eignazt hafa íbúðir á síðustu 10 árum hér á Íslandi. Menn réðust í það af mikilli bjartsýni, sérstaklega fyrir 4—5 árum, að byggja hér eða kaupa sér hús eða íbúðir, gengu út frá tiltölulega öruggum lífskjörum og vildu leggja á sig mikla vinnu, eftirvinnu og aukavinnu auk venjulegrar vinnu, til þess að reyna að borga niður slíkar íbúðir. Almennt voru lánin, sem veitt voru út á slíkar íbúðir, þannig, að þetta var til ákaflega skamms tíma, fimm og tíu ára. Menn þóttust góðir, ef þeir fengu lengri tíma. Og nú hafa kjör manna versnað svo mikið, dýrtíðin verið aukin svo stórkostlega, að fjöldinn allur af þessum mönnum á í miklum erfiðleikum með að halda sínum íbúðum. Hve mikill fjöldi það var, sem eignaðist íbúðir hérna í Reykjavík t. d. á þessum undanförnu tíu árum, má máske sjá af því, að — ég held ég hafi það rétt eftir — það séu taldir vera um 10 þús. eigendur fasteigna í Reykjavík, þannig að það er mjög mikið af bjargálna mönnum, sem eiga eigin íbúð, verkamönnum og millistéttarmönnum. En þeir eiga þetta að nafninu til og skulda ákaflega mikið út á það, og með sífellt þyngri sköttum og versnandi kjörum rísa þeir ekki undir því að eiga þetta, ef þeir verða að eignast það á skömmum tíma, þannig að þeir borgi þetta niður með lánum, sem eru bara til fimm eða tíu eða fimmtán ára. Meginið af öllum húsum og íbúðum, sem hér hafa verið byggðar, og það sama gildir víðast hvar úti um land, á undanförnum árum, er þannig húsnæði, að það á að geta komið þjóðinni að gagni 100—200 ár. Það nær vitanlega engri átt að leggja það á núverandi kynslóð og jafnvel bara að hún í parti af sínu lífi, 5 eða 10 eða 15 árum, borgi þessar eignir upp. Hver mundi verða afleiðingin af því, ef það væri gert? Afleiðingin mundi verða sú, að meginið af verkamönnum og fátækari millistéttarmönnum, sem nú eiga svona íbúðir, missir þær í hendurnar á húsabröskurum, sem kaupa þessar eignir upp á tiltölulega lágu verði, eiga sjálfir mikið fjármagn og leigja þetta síðan út fyrir okurverð á eftir. Þetta er þróun, sem þjóðfélaginu er ekki til heilla. Það er þjóðfélaginu til heilla, að þeim, sem hafa reynt að eignast þessar íbúðir, sé kleift að gera það. Til þess þurfa þeir að fá lán til langs tíma með sæmilegum vöxtum. Og það væri það, svo framarlega sem þeir fengju t. d. út á 1. veðrétt lán út á þriðjunginn af brunabótamati slíkrar íbúðar til 30—40 ára. Það mundi bjarga fjöldanum af þessum mönnum. Ég álít þess vegna, að þetta sé mál, sem allir þeir styðji, sem vilja stuðla að því, að menn, sem hafa af miklum dugnaði verið að reyna að eignast slíkt þak yfir höfuðið, fái að halda því; þeir séu ekki féflettir bókstaflega. En það er það, sem verið er að gera með núverandi efnahagspólitík, ekki síst efnahagspólitík hæstv. ríkisstj., þegar gengið er að mönnum eins harðvituglega með skatta og annað slíkt eins og nú er. Þegar samtímis atvinnuleysi er skipulagt þannig í þjóðfélaginu, að í fyrsta lagi eftirvinna og aukavinna er varla til, t. d. fyrir verkamenn, og í öðru lagi þar að auki ekkert öryggi fyrir fasta vinnu árið um kring, heldur þvert á móti tilfinnanlegt atvinnuleysi stóra tíma ársins, þá er það alveg auðséð, að með slíkri efnahagspólitík verður fjöldinn allur af verkamönnum og millistéttarmönnum, sem eitthvað hefur eignazt af íbúðum yfir sig á undanförnum áratug, féflettur; þeir verða rúineraðir. Þess vegna eru 44. og 45. gr. hjá mér um rétt einstaklinga til veðlána til þess að tryggja það, að menn hafi aðgang að lánsstofnununum til þessara framkvæmda, til þess að geta haldið þannig þessum eignum.

6. kaflinn er um innflutning byggingarefnis. Hann er að mestu leyti óbreyttur, nema byrjunin. Þar er ákveðið, að innflutningur á byggingarefni skuli vera frjáls, svo framarlega sem innflutningur á nokkrum vörum sé frjáls, og hins vegar eftir gömlum fyrirmælum, svo framarlega sem hann ekki er það og höft eru á honum. Ég álít, að það eigi að vera alveg óhætt fyrir þjóð, sem er að byggja upp sitt land, þjóð, sem tók við landinu svo að segja húsalausu hvað varanleg hús snerti um aldamótin, að leyfa innflutning á byggingarefni, svo lengi sem hún yfirleitt gefur innflutning á nokkrum vörum frjálsan og svo lengi sem nokkur maður hefur efni á því að byggja í landinu. Þess vegna hef ég sett þetta ákvæði þarna inn í.

Ég vil, eftir þetta stutta yfirlit um þær breytingar, sem ég hef gert þarna á, leyfa mér að vona, að þetta frv. fái góðar viðtökur hér í hv. d., og vil leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. sé því vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn. Ég held áreiðanlega, að lögin um verkamannabústaði og slík hafi lengst af verið í þeirri nefnd í þessari hv. deild.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 57. fundi í Nd., 27. jan., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

49. Afréttarland Garða á Álftanesi.

Á 34. fundi í Sþ., 29. jan., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um leigunámsheimild á landsvæði úr afréttarlandi jarðarinnar Garða á Álftanesi [210. mál] (þmfrv., A. 640).

Á 59. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

50. Orlof.

Á 3. fundi í Ed., 3. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 16 26. febr. 1943, um orlof [28. mál] (þmfrv., A. 28).

Á 5. fundi í Ed., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Árið 1942 færði íslenzkum alþýðusamtökum mjög mikilvæga ávinninga á ýmsum sviðum. Aðdragandi þeirra var sem kunnugt er skæruhernaðurinn svo nefndi, og árangurinn birtist í samningum Dagsbrúnar við atvinnurekendur síðari hluta sumars 1942. Með þeim samningum var viðurkenndur 8 stunda vinnudagur, og auk þess var orlof verkamanna samningsbundið tvær vikur á ári, og skyldu atvinnurekendur greiða verkamönnum orlofsfé, þannig að þeir héldu launum í leyfi sínu. Á næsta ári gaf Alþ. síðan samningi þessum lagagildi með l. um orlof, en þau eru mjög mikilvægur áfangi í réttindabaráttu íslenzkrar alþýðu. Ég veit, að ég þarf ekki að ræða um menningarlegan ávinning af þessari lagasetningu, sjálfsagða hvíld og hressingu eða það, hvernig íslenzk alþýða hefur kynnzt landi sínu betur en fyrr með stórauknum ferðalögum. Ég veit, að allir alþm. telja þessi l. sjálfsagt menningarmál. En þar með er ekki sagt, að l. hafi verið fullkomin við fyrstu smíð, og með frv. því, sem hér er flutt, eru lagðar til þrjár breyt. á þessum l.

Meginbreytingin er sú, að sumarleyfið lengist upp í 18 virka daga eða sem svarar þriggja vikna orlofi og að orlofsfé hækki í samræmi við það upp í 6½% af kaupi. Þriggja vikna orlof er nú orðið mjög algengt hjá embættismönnum, starfsmönnum og ýmsum iðnaðarmönnum og mun af almenningi vera talinn mjög eðlilegur og hæfilegur tími, og erlendis hefur þriggja vikna almennt orlof færzt mjög í vöxt á undanförnum árum. Væri hægt að rekja um það mörg dæmi, en eðlilegasta hliðstæðu má telja hin Norðurlöndin, sem oft hafa verið okkur fyrirmynd í félagsmálum, og munu þó þeir, sem hægast vilja fara í þeim málum, viðurkenna, að þau geri sig ekki sek um neina ofrausn á þessu sviði og rasi ekki um ráð fram. Norðmenn samþ. l. um almennt þriggja vikna orlof þegar 1947, og hafa þau gefið hina beztu raun og þykja nú jafnsjálfsögð og tveggja vikna orlof áður. Svíar hafa framkvæmt sömu breytingu, og á s. l. vetri tryggðu dönsku alþýðusamtökin öllum meðlimum sínum þriggja vikna orlof með heildarsamningum við atvinnurekendur. Við erum þannig orðnir eftirbátar hinna Norðurlandanna á þessu sviði, og er með frv. aðeins lagt til, að við fylgjumst með þeim.

Í annan stað leggur frv. til, að orlofsréttur-inn nái einnig óskertur til hlutarsjómanna. Í orlofsl. er ráð fyrir gert, að atvinnurekendur greiði hlutarsjómönnum hálft orlofsfé, en helmingur fjárins sé tekinn af hlut sjómannanna sjálfra. Verður ekki séð, að nein sanngirni mæli með því, að hlutarsjómenn séu afskiptir á þessu sviði, og hafa þeir raunar oft meiri þörf orlofs en ýmsir aðrir.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir, að fyrningarákvæðum laganna verði breytt. Í 15. gr. orlofsl. segir: „Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum falla úr gildi fyrir fyrning, ef þær hafa ekki verið viðurkenndar eða lögsókn hafin innan loka næsta orlofsárs eftir að kröfurnar stofnuðust." — Þessi tilhögun er óeðlileg. Þess eru mörg dæmi, að af þessu ákvæði hafa hlotizt óþægindi og misskilningur. Virðist eðlilegra, að fyrning orlofsfjár fylgi algerlega sömu reglum og fyrning kaupgjalds, og er það lagt til í þessu frv.

Ég minntist á það í upphafi, að verkamannafélagið Dagsbrún hefði tryggt meðlimum sínum tveggja vikna orlof eftir harða, en nokkuð sérstæða deilu 1942. Nú er svo komið, að íslenzku alþýðusamtökin hafa gert að sinni kröfuna um þriggja vikna orlof, og er enginn ágreiningur um þau mál innan þeirra. Var þetta ein meginkrafa samtakanna á baráttudegi þeirra 1. maí s. l., og á því er enginn vafi, að alþýðusamtökin munu ekki lengi fást til þess að láta það viðgangast, að íslenzkir verkamenn séu eftirbátar félaga sinna á Norðurlöndum á þessu sviði. Ef Alþingi fæst ekki til að breyta orlofslögunum, benda allar líkur á, að aukið orlof verði knúið fram af verkalýðsfélögunum sjálfum í samningum við atvinnurekendur, samningum, sem ef til vill fengjust ekki fyrr en eftir kostnaðarsamar deilur. Þetta er ekki sagt sem nein hótun, enda er ég ekki bær um að hóta neinu á þessu sviði. Þetta er aðeins að horfast í augu við staðreyndir og reynslu undanfarinna ára.

Annað hliðstætt réttindamál mætti vera Alþingi nokkur aðvörun. Árum saman lágu fyrir þingi frumvörp um breytingar á vökulögunum, sem tryggðu sjómönnum 12 stunda hvíld á sólarhring. Alþingi fékkst aldrei til að sinna þessu frv., og afleiðingin varð sú, að sjómenn háðu tvö langvinn verkföll til að tryggja sér þessa sjálfsögðu hvíld, en þær vinnustöðvanir kostuðu þjóðina marga tugi milljóna króna. Allar líkur benda á, að hægt hefði verið að komast hjá þessari stórfelldu sóun á verðmætum, ef Alþingi hefði gáð að sér og farið að till. um 12 stunda hvíld, og sú hvíld mun senn verða

talin svo sjálfsagt réttlætismál, að enginn mun vefengja hana. Ég tel víst, að Alþingi læri af þessari reynslu og hindri, að til hliðstæðra atburða komi út af þeirri breytingu á orlofslögunum, sem hér er lögð til og verður tvímælalaust framkvæmd með samningum utan þings, ef hún fæst ekki afgreidd hér á þingi nægjanlega snemma.

Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Hv. flm. lét svo ummælt, að með setningu orlofslaganna hefði náðst mikilsverður áfangi í réttindabaráttu verkalýðsins. Ég vil taka undir þessi ummæli hv. flm. og um leið lýsa ánægju minni yfir því, að hann og hans flokkur er nú kominn á þessa skoðun. Ég minnist þess, að á árinu 1943, þegar lögin um orlof voru afgreidd hér á Alþingi eftir undirbúning fyrrv. félmrh., Stefáns Jóh. Stefánssonar, þá var því haldið fram af flokksmönnum hv. flm., að þessi löggjöf væri með öllu óþörf og lítils virði, því að verkalýðsfélögin mundu sjálf sjá svo um í gegnum samninga við atvinnurekendur, að þetta yrði knúið fram, enda hefði Dagsbrún þá fengið í samningum orlofsrétt viðurkenndan. Ég fagna því mjög þeim sinnaskiptum, sem nú koma í ljós hjá hv. flm. eða flokksmönnum hans, — hann mun ekki hafa haft orð fyrir þá á þeim tímum.

Ég er einnig sammála flm. um það, að eðlilegt sé og sjálfsagt, að sömu þróun verði reynt að halda hér eins og orðið hefur í nágrannalöndum okkar hér, Norðurlöndunum öllum, þar sem nú þegar hefur verið lögfest í tveim löndunum, Svíþjóð og Noregi, 3 vikna orlof á ári.

Ég er því meginatriðum þessa frv. fyllilega samþykkur og mun vinna að því, að það nái fram að ganga. En í þessu sambandi vil ég taka það fram, að í raun og veru þarf að endurskoða orlofslögin öll, sem er næsta eðlilegt, því að þau eru bráðum 9 ára og voru fullkomin frumsmíð, þegar þau voru sett. Einstök atriði laganna þarf að sjálfsögðu að athuga og færa til samræmis við það, sem reynslan sýnir að nauðsynlegt er umfram það, sem hér er fram tekið í þessu frv. Ég skal þó játa það, að ég álít, að ekkert sé því til fyrirstöðu, að þetta frv. nái samþykki fyrir því, þó að þessari endurskoðun verði ekki lokið nú, því að þetta atriði á að minni hyggju ekki að þurfa að valda neinum sérstökum deilum. Hins vegar skal ég benda á, að það mun tíðkast nokkuð, því miður, og jafnvel færast í vöxt, að orlofsfé sé greitt í peningum, en ekki merkjum, þannig að greiðslan, 4% nú, eða 6½%, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., verði ekki til þess að tryggja það, að verkamaðurinn fái það orlof, sem til er ætlazt. Ég álít, að þetta meðal annars sé eitt af því, sem beri að athuga í sambandi við endurskoðun laganna. Og fleiri atriði mætti tilnefna, sem ég hirði ekki að tefja tímann með að rekja hér.

Ég er sem sagt ánægður yfir því, að þetta frv. er komið fram, og mun styðja að því, að það nái hér afgreiðslu, en vil jafnframt taka það fram, að ég tel nauðsynlegt og eðlilegt, eftir nærfellt 10 ára reynslu, að löggjöfin í heild verði tekin til endurskoðunar, þótt ég telji ekki nauðsynlegt af þeim sökum að fresta afgreiðslu þessa frv., því að það má eins endurskoða þau, þó að þessi breyting sé samþ.

Flm. (Magnús Kjartansson): Ég vil þakka hv. 4. þm. Reykv. fyrir góðar undirtektir við þetta frv., en hins vegar hygg ég, að það sé á einhverjum misskilningi byggt, þegar hann ræðir um einhver sinnaskipti míns flokks í sambandi við þetta mál. Sósfl. hefur ekki tekið neinum sinnaskiptum í sambandi við það, eins og bezt sést á því, að það var að hans frumkvæði, að Dagsbrún gat knúið þetta fram 1942. Hitt hygg ég að rétt muni vera, að einhverjar deilur kunni að hafa sprottið um það, eins og oft endranær, þegar lögin voru samþ. hér á þingi, að Alþfl. hafi reynt að gera þetta að stórum flokkspólitískum sigri sínum og að honum hafi þá verið á það bent, að í raun hafi Dagsbrún verið búin að knýja þetta fram áður en það fékkst samþ. á þingi. — Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að fara neitt að skattyrðast um fortíð þessa máls, og ég vænti þess, að einnig þingmenn annarra flokka taki jafnvel undir sjálft frv. og hv. 4. þm. Reykv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

51. Atvinnustofnun ríkisins.

Á 3. fundi í Sþ., 7. okt., var útbýtt frá Ed.: *Frv. til l. um Atvinnustofnun ríkisins* [48. mál] (þmfrv., A. 48).

Á 6. fundi í Ed., 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Ég ætla, að það hafi verið árið 1935, sem sett voru lög um vinnumiðlun og vinnumiðlunarskrifstofur, sem voru lögboðnar þá í öllum kaupstöðum landsins. Það skal játað, að talsvert var fundið að starfsemi þessara vinnumiðlunarskrifstofa og þá sérstaklega það, að þeim var ekki gert kleift að liðsinna þeim, sem atvinnulausir voru, og ekki var hægt nokkuð greiðlega að útvega vinnu hjá atvinnufyrirtækjum og einstaklingum, sem höfðu atvinnurekstur með höndum.

Að sjálfsögðu hefði þurft að bæta aðstöðu þessara skrifstofa, fá þeim meira verkefni og veita þeim meira vald til framkvæmda. Á það höfum við Alþfl.-menn þrásinnis bent fyrr og

síðar. Á s. l. ári hvarf hins vegar hæstv. ríkisstj. að því ráði að afnema með öllu vinnumiðlun ríkisins, fella niður þátttöku þess í starfsemi þessara vinnumiðlunarskrifstofa og afskipti af þeim, með þeim árangri, að nú er ekki nema ein vinnumiðlunarskrifstofa starfandi, Ráðningarskrifstofa Reykjavíkurbæjar, og að ég hygg með einhverju lífi í einum hinna kaupstaðanna. Ég álít, að einhver hörmulegustu mistök, sem hæstv. ríkisstj. hefur framið, af mjög mörgum séu einmitt þessi, að leggja niður vinnumiðlunarskrifstofurnar einmitt á þeim tíma, sem sýnilegt er, að atvinnuleysi er aftur að verða landlægt hér á landi.

Frv. það, sem við berum hér fram, tveir Alþfl.-menn, í þessari hv. deild, á þskj. 48, er um stofnun Atvinnustofnunar ríkisins. Það hefur verið borið fram hér á tveim þingum og var svar okkar við till. ríkisstj. um að fella niður vinnumiðlun af hálfu ríkisins, sem ég drap á áðan.

Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir því, að komið verði á fót stofnun, Atvinnustofnun ríkisins, sem á að hafa með höndum þau verkefni, sem í 1. gr. segir. Það er í fyrsta lagi skráning allra vinnufærra manna og samning launaskýrslna. Þetta verkefni er nú, eins og komið er, tiltölulega mjög auðvelt. Hagstofan hefur nú fengið vélar, sem vinna öll verk, sem að manntali og manntalsskrá lúta, á mjög ódýran og fljótlegan hátt. Skrár eru þegar fyrirliggjandi um alla menn á starfsaldri, þ. e. a. s. 16—67 ára, eftir umdæmum eða sýslufélögum landsins. Þessar skrár er því auðvelt að fá og merkja út úr þeim sérstaklega þá, sem eru launþegar, þ. e. a. s. hafa tekjur sínar fyrir vinnu í annarra manna þjónustu.

Þá er ætlazt til, að stofnunin semji heildarskýrslur um tekjur allra launþega á landinu. Verð ég að segja, að furðulegt má telja og ekki vansalaust, að slíkt yfirlit um tekjurnar sem hér er gert ráð fyrir skuli ekki vera fyrir hendi. Það er aumt að þurfa að játa það, að enginn veit með vissu, hversu mikill hluti af þjóðartekjunum er arður af ýmiss konar starfsemi, arður af eignum, og hversu mikið er laun fyrir vinnu í annarra manna þjónustu. Allar aðrar þjóðir leggja á það hið mesta kapp að hafa sem gleggstar skýrslur um skiptingu tekna þjóðarinnar milli hinna einstöku stétta, fyrst og fremst milli þeirra, sem atvinnurekstur hafa með höndum, og hinna, sem fá tekjur sínar sem laun fyrir vinnu í annarra manna þjónustu. Það er alveg sjálfsagður hlutur og undirstaða undir margvíslegum athugunum og nauðsynlegum aðgerðum, að þessar skýrslur séu fyrir hendi það nýjar og traustar, að á þeim megi byggja.

Hið annað verkefni þessarar stofnunar á að vera það að hafa með höndum atvinnuleysisskráningu. Það er bersýnilegt, enda viðurkennt af öllum, að skilyrði þess, að hægt sé að afstýra atvinnuleysi, er fyrst og fremst það, frumskilyrðið, að fyrir hendi séu áreiðanlegar upplýsingar um tölu þeirra manna, sem vantar vinnu, og um þau verkefni, sem fyrir hendi eru á hverjum stað; hvar menn vantar til vinnu og hvar skortur er á atvinnu, þannig að hægt sé að flytja á milli þeirra staða, þar sem skortur er á atvinnu annars vegar og skortur á verkafólki hins vegar. En slíkt er að sjálfsögðu með öllu ómögulegt, nema glöggar skýrslur séu fyrir hendi um ástandið á hverjum einstökum stað í þessu efni, ekki einasta með tilliti til staða, heldur einnig með tilliti til atvinnuleysis innan einstakra atvinnustétta. Þetta er hið annað verkefnið, sem Atvinnustofnuninni er ætlað að hafa með höndum.

Í þriðja lagi á hún að hafa með höndum leiðbeiningar um stöðuval. Það lýtur að almenningi, þeim mönnum, sem óska þess að leita aðstoðar hjá stofnuninni um ábendingar og ráðleggingar í þessu efni. Það er viðurkennt af öllum, að menn eru mismunandi hæfir til mismunandi starfa, og það er bæði þeim sjálfum og þjóðfélaginu fyrir beztu, að þeir komist á sína réttu hillu. Ég minnist þess, að nýlega flutti Páll S. Pálsson, sem hefur kynnt sér þessi mál í Bretlandi, í útvarpinu mjög athyglisvert erindi um aðgerðir Breta í þessum efnum, um leiðbeiningar við stöðuval í því mikla landi. Var þar bent á margt, sem er til eftirbreytni og fyrirmyndar. Sérstaklega má einnig benda á það, að að því er varðar unglinga, sem eru að leggja út í lífið, eru enn óráðnir, hvaða starfsemi þeir velja sér, er ákaflega þýðingarmikið að eiga kost á því, að hæfir menn leiðbeini þeim í því efni, menn, sem geta byggt athuganir sínar á þekkingu, bæði þekkingu á hæfni og sálarlífi manna og líka á því, hvernig atvinnuástandið er í landinu á hverjum tíma. Í Noregi hefur mjög mikið verið unnið að þessum málum hin síðari ár, og ég hygg, að yfirleitt sé það álit þeirra manna, sem til þekkja þar í landi, að árangurinn, sem þar hefur náðst, sé eftir atvikum mjög góður.

Þá er enn fremur gert ráð fyrir, að þessi stofnun hafi með höndum vinnuþjálfun. Á það sérstaklega við þá menn, sem eru að einhverju leyti fatlaðir eða örkumla, þannig að þeir geta ekki unnið nema ákveðin störf. Slíka menn þarf að aðstoða til þess að nema þau og þjálfa líkama sinn til þeirra, því að í mörgum tilfellum geta þeir orðið fullgildir menn til afkasta við sérstök störf, þó að þeir séu ófærir til annarrar vinnu. Og það er að sjálfsögðu hrein sóun á starfsorku fólksins, ef slíkum mönnum er ekki hjálpað til þess að komast í þann sess eða að því starfi, sem þeim hentar bezt og hæfileikar þeirra benda til.

Þá er í sjötta lagi gert ráð fyrir því, að öryrkjavinna sé einnig í höndum þessarar stofnunar. Hér á landi eru nú á milli tvö og þrjú þúsund, líklega allt að þrjú þúsund öryrkjar yfir 50%, þ. e. a. s. menn, sem hafa glatað allri eða verulegum hluta starfsorku sinnar. Talsvert mikill hluti af þessu fólki, — ég gizka á ekki minna en fjórði parturinn, — mundi geta unnið nytsöm, gagnleg störf, ef gerðar væru ráðstafanir til þess, að þeir gætu hagnýtt starfskrafta sína. Það mætti gera á margan hátt. Í fyrsta lagi með því að útvega þeim í atvinnulífinu, á hinum almenna vinnumarkaði, störf við þeirra hæfi. Í Bretlandi eru t. d. laga-

ákvæði um það, og vísa ég þar aftur til erindis, sem Páll S. Pálsson flutti í útvarpið nýlega um þessi efni, — í Bretlandi eru ákvæði um það, að fyrirtækjum, sem hafa tiltekna tölu starfsmanna í sinni þjónustu, skuli skylt að taka ákveðna hlutfallstölu öryrkja í vinnu. Eftir því sem mér er sagt, þá hefur þessi ráðstöfun gefið góða raun og aðeins örsjaldan þurft að beita lagaþvingun í þessu efni, því að í langflestum tilfellum hefur þetta náðst með samkomulagi við hlutaðeigandi atvinnufyrirtæki og þá stofnun, sem hefur vinnumiðlun handa öryrkjunum með höndum. Öðrum mætti hjálpa með því að sjá þeim fyrir vinnustað og verkefni við þeirra hæfi. Enn aðrir, eins og til dæmis berklasjúklingar á Reykjalundi, geta því aðeins notað sína starfskrafta, að þeir geti unnið á sama stað og þeir dveljast, þ. e. a. s., að þeim sé séð fyrir vist á dvalar- og vinnuheimili. Þarf ég ekki að benda á reynsluna á Reykjalundi; öllum er hún kunn og mælir með sér sjálf. Loks eru svo þeir menn, — og á ég þar sérstaklega við ungt fólk, — sem ég áðan drap á í sambandi við vinnuþjálfun, þ. e. a. s. þeir, sem eru örkumla menn eða fatlaðir á einn eða annan hátt, en geta að loknu sérstöku námi, bóklegu eða verklegu, unnið störf til jafns við aðra menn.

Allar þessar ráðstafanir hygg ég að sjálfsagt væri að fela þessari einu og sömu stofnun og þá einnig unglingavinnu, þ. e. a. s. fyrir unglinga á aldrinum 16—20 ára, sem ekki eru þegar ráðnir við föst störf. Það vita allir, sem til þekkja, hversu erfitt er hér á hverju einasta vori, þegar unglingarnir koma úr skólunum, að sjá þeim fyrir nokkurri vinnu. Fjöldi þessara unglinga gengur á milli fyrirtækja og einstaklinga í atvinnuleit og hálft sumarfríið fer kannske í að leita sér að atvinnu, og mega þeir heita heppnir, nú hin seinni árin tvö, ef þeim lánast þá að finna hana. Slíkt ástand er alveg óviðunandi, og sjálfsagt er að gera skipulagðar ráðstafanir til þess að greiða fyrir mönnum að fá vinnu, sem bezt hentar þeim. Nú er svo komið víða, sem er mjög skiljanlegt, að verkalýðsfélög úti um land hafa ákvæði um það, að félagsmenn þeirra sitji fyrir vinnu á staðnum, og er þá í flestum tilfellum loku fyrir það skotið, að t. d. unglingar og námsfólk héðan úr Reykjavík geti sótt þangað sína sumarvinnu, sem oft hefur hentað því vel og komið sér ágætlega.

Loks er svo gert ráð fyrir því, að úthlutun atvinnubótafjár verði einnig í höndum þessarar stofnunar. Það er alveg bersýnilegt, að eins og högum okkar háttar nú og verði haldið sömu stefnu eða svipaðri í atvinnu- og fjármálum og verið hefur, þá verður að reikna með því, að vissan hluta ársins sé alveg óhjákvæmilegt að leggja fram fé til atvinnubóta til þess að bæta úr vinnuskorti, beinum atvinnuskorti, til að afstýra neyð. Þetta er einnig viðurkennt með því frv., sem nú liggur fyrir Nd. um stofnun sérstaks sjóðs í þessu skyni. En augljóst er, að eigi þessar framkvæmdir að ná því marki, sem að er stefnt, og jafnframt að vera unnar þannig, að þær verði til frambúðargagns fyrir þjóðfélagið í heild sinni og þau héruð, þar sem framkvæmdirnar eru inntar af hendi, þá þarf að hafa þar nokkra forsjá, þá þarf að vera búið að gera áætlanir og leggja niður fyrir sér, hvaða verkefni séu næst og hversu þeim skuli hagað á hverjum tíma.

Þetta eru þau verkefni, sem atvinnustofnuninni er ætlað að hafa með höndum. Ég ætla, að ég muni það rétt, að hæstv. dómsmrh. hafi mælt, bæði fyrir sinn munn og iðnmrh., við opnun iðnsýningarinnar, sem allir kannast við, hér nú fyrir skömmu eitthvað á þá leið, að dýrmætasta verðmæti hverrar þjóðar væri starfsorka landsfólksins og það að láta starfsorkuna fara til ónýtis væri hvort tveggja í senn, sóun verðmæta og þjóðfélagsböl, sálardrepandi, ef svo mætti segja, — ég vil ekki segja, að hann hafi notað það orð, — fyrir þá menn, sem atvinnulausir standa og eiga þess ekki kost að hagnýta starfsorku sína sér til gagns og öðrum til nytsemdar. Ég vil alveg fullkomlega taka undir þessi ummæli hæstv. ráðherra. Það, sem þetta frv. stefnir að, er að tryggja það með bættu skipulagi, að sem allra minnst af starfsorku þjóðarinnar fari til ónýtis og að hún notist á hverjum tíma sem allra bezt og hagkvæmlegast bæði fyrir einstaklingana og fyrir þjóðfélagið í heild. Gert er ráð fyrir í þessu frv., að stjórn þessarar stofnunar verði í höndum sjö manna ráðs, sem sé skipað þannig, að tveir séu tilnefndir af samtökum verkalýðsfélaganna í landinu, tveir af samtökum iðnrekenda í landinu og þá komi þar fram sérþekking og sjónarmið þessara tveggja aðila. Hinir þrír séu tilnefndir af ríkisstj., og er ákveðið, að einn þeirra skuli vera læknisfróður maður, annar hagfræðingur og hinn þriðji kona. Ég skal að sjálfsögðu játa það, að það má um það deila, hver tilhögun á stjórn slíkrar stofnunar sem þessarar sé heppilegust, en ég hygg, að þær ábendingar, sem bornar eru fram hér í þessari grein, séu mjög nærri því, sem almennt mundi vera skoðað eðlilegt í þessu sambandi. Það er sjálfsagt, að að þessu starfi læknisfróður maður, sem getur kynnt sér eða hefur þekkingu á því, sem að hinni heilsufræðilegu hlið starfsins lýtur. Sama er einnig um hagfræðing í sambandi við áætlanir um framkvæmdir og samningu skýrslna og annað slíkt, og loks er enginn vafi á því, að verulegur hluti þess fólks, sem leitar til þessarar stofnunar, er konur á ýmsum aldri og því alveg eðlilegt, að sjónarmið kvenna eigi þess einnig kost að njóta sín þar. Og svo að sjálfsögðu, eins og ég sagði fyrst, þá er eðlilegt, að samtök verkamanna og atvinnurekenda eigi þar einnig hlut að máli. — Ég skal svo ljúka máli mínu og vil leyfa mér að gera það að tillögu minni til hæstv. forseta, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

52. Húsaleiga.

Á 7. fundi í Ed., 13. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um húsaleigu [63. mál] (þmfrv., A. 63).

Á 8. fundi í Ed., 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 9. fundi í Ed., 16. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af allshn., og hefur n. tekið að sér fyrir hæstv. forsrh. að flytja það, en n. hefur í heild algerlega óbundnar hendur um frv. og um afstöðu til einstakra greina þess.

Þetta frv. var flutt á síðasta þingi af allshn. Nd., en það kom fram seint á þinginu, og mun mjög lítið hafa verið að málinu unnið á því þingi. Var frv. samið af n., sem hæstv. félmrh. skipaði og í áttu sæti Jónas Guðmundsson skrifstofustjóri, formaður, Hannes Pálsson frá Undirfelli, Magnús Jónsson héraðsdómslögmaður, Ólafur Sveinbjörnsson skrifstofustjóri framfærslumála Reykjavíkurbæjar og Þórður Björnsson bæjarfulltrúi. Ég mun ekki gera neina grein fyrir frv. hér. Það mun verða gert af öðrum, en þar sem allshn., sem flytur frv., hefur ekki tekið neina afstöðu til málsins, tel ég sjálfsagt, að milli umr. verði málið til athugunar hjá henni. — Ég legg svo til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. allshn. fyrir að hafa að beiðni minni flutt þetta frv., og eins og eðlilegt er, gerir n. það með þeim fyrirvara, að hún sem heild bindi sig ekki við frv. — hvorki sem heild né í einstökum atriðum.

Ég held, að það sé rétt, að ég segi örfá orð um þetta frv., hvernig það er til orðið og hver er tilgangur með því, af því að það hefur ekki verið kynnt hér í þessari hv. d. fyrr. En eins og hv. frsm. allshn. tók fram, var frv. lagt fram í hv. Nd. seint á þinginu í fyrra. Var það til meðferðar í allshn., en þá náðist engin afgreiðsla um frv., enda kom það svo seint fram, að það var ekki við því að búast, að svona stór lagabálkur og að sumu leyti með nýmælum gæti þá gengið fram.

Það er nú svo, eins og öllum hv. dm. er kunnugt, að húsnæðismálin eru einhver allra mestu vandamál, ekki einungis okkar þjóðar, heldur allra menningarþjóða, er óhætt að segja, og þó fyrst og fremst þeirra, sem búa við loftslag svipað og við gerum, kalt, umhleypingasamt og að ýmsu leyti erfitt, svo að það er ekki hægt annað en búa í vönduðum húsum, ef fólki á að geta liðið svona sæmilega þolanlega. Það liggur því í hlutarins eðli, að með slík mál, sem kosta jafngeysilega mikið fé eins og það kostar í okkar landi að koma upp íbúðum yfir fólkið, þá getur ekki annað verið en að löggjafarvaldið láti þessi mál allmikið til sín taka. En þó er það nú svo, að enn er ekki til nein almenn húsaleigulöggjöf hér í okkar ágæta landi. Það er engin almenn húsaleigulöggjöf til um samskipti leigutaka og leigusala og hvernig með þau mál skuli farið. Má segja, að það sé í raun og veru óeðlilega stór gloppa í félagsmálalöggjöf okkar, en þetta stafar vissulega af því, að bæir hér hjá okkur og stærri þorp hafa risið upp mjög skyndilega á síðustu áratugum, og af þeim ástæðum hefur þetta dregizt m. a., að Alþ. hafi tekið þessi mál til meðferðar á þann hátt að afgr. þau eins og virðist að eðlilegt væri. En ég lít svo á, að Alþ. geti ekki lengur skotið sér undan þeirri skyldu að ganga frá fyrst og fremst almennri húsaleigulöggjöf, er snertir samskipti leigutaka og leigusala, svona í almennum atriðum. Auk þess er svo eðlilegt, að þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, annaðhvort vegna rásar viðburðanna, eins og þegar styrjaldir ganga, eins og komið hefur nú fyrir okkar kynslóð oftar en einu sinni að undanförnu, — styrjaldir, sem raunverulega hafa haft sömu áhrif á líf okkar Íslendinga eins og við værum beinir þátttakendur í þeim, að þá séu aftur sett ýmis sérákvæði varðandi þessi mál, sem þá er ekki víst að þurfi að standa nema mjög takmarkaðan tíma. — Ég vil skjóta því hér inn í, að þetta frv., sem hér liggur nú fyrir á þskj. 63, er greinargerðarlaust, en það stafar af því, að samhljóða frv., sem lagt var fram í fyrra, fylgdi ýtarleg grg., og það er ætlazt til þess, að hv. alþm. geti fengið þá grg., sem mun vera á þskj. 268 frá Alþ. í fyrra, þannig að óþarfi hafi verið að fara að prenta hana upp aftur. Ég hygg, að allir geti fengið aðgang að henni, það sé nóg til. Vildi ég fyrst og fremst benda hv. dm. á þetta.

Það er enn einkennilegra, að mér virðist, að ekki skuli nein almenn húsaleigulöggjöf vera komin hér hjá okkur varðandi hús í bæjum og þorpum, þegar við aðgætum það, að við eigum ábúðarlöggjöf frá árinu 1883, — ábúðarlög, sem fjalla um ábúð á jörðum og eru í raun og veru algerlega hliðstæð við það, sem húsaleigul. ættu að vera fyrir þá, sem í þéttbýli búa. Ég er ekki í neinum vafa um það, að það þætti vera stór gloppa og alveg óhafandi, ef ábúðarlöggjöfinni hvað jarðeignir í sveitum snertir væri kippt burt; það þætti óhæfa á allan hátt. En í raun og veru er engu minni ástæða til þess, að almenn ákvæði gildi um samskipti leigutaka og leigusala í kaupstöðum og kauptúnum, heldur en hvað jarðir snertir. Og að því leyti má segja, að það sé enn meiri ástæða, að nú eru þau heimilin orðin miklu fleiri, sem þetta snertir, heldur en sveitaheimili og þess vegna a. m. k. alls ekki síður ástæða til þess, að um þau séu sett ákveðin ákvæði. Það tók nú Alþ. í þann tíma milli 20 og 30 ár að komast að samkomulagi um ábúðarlöggjöfina. Hún var búin að flækjast fyrir þinginu í — held ég — yfir 20 ár, þegar l. voru loks sett árið 1883. Ég vil nú vona, að það taki ekki Alþ. eins langan tíma að koma sér saman um hæfilega og sanngjarna húsaleigulöggjöf eins og það tók það á þessum tímum. En nú er þetta þó búið að vera hér fyrir Alþ. í nokkur ár, allt frá

1949, án þess að Alþ. hafi verulega fjallað um málið enn þá.

Það er svo, að afskipti Alþ. af húsaleigumálum hafa hingað til eingöngu verið þau, að þegar sérstaklega hefur hert að í þeim tveim heimsstyrjöldum, sem geisað hafa, þá hafa verið sett ákvæði um húsaleigu, að mestu leyti miðuð við Reykjavík og einstaka staði aðra, en ekki nokkur almenn ákvæði um þetta efni. Það er fyrst með l. nr. 24 frá 1917, um húsaleigu í Reykjavík, sem afskipti Alþ. hefjast af þessum málum, og þau l. voru svo í gildi með nokkrum breytingum til ársins 1927. Þá voru þau afnumin að öllu. Og það er svo ekki aftur fyrr en með l. nr. 10 frá 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í sambandi við það, að aftur voru leidd í l. ákvæði um húsaleigu, viss ákvæði, sem fjölluðu sérstaklega um húsaleigu hér í Reykjavík, en þó um fleiri staði. Þessum l. var svo á ýmsan hátt breytt á árunum 1940 og 1941 og kannske oftar, ég man það ekki svo vel. En þetta sýnir það mjög áþreifanlega, hver þörf er á almennum húsaleigul., því að þegar sérstaklega herðir að fyrir slík áhrif sem þessar styrjaldir hafa haft á athafnalíf okkar á ýmsum sviðum, þá er einmitt gripið til þess að setja ákvæði um þetta. Svo er horfið frá því aftur, þegar áhrif styrjaldanna fjara út, nokkrum árum eftir að þær eru stöðvaðar. Þetta sýnir það greinilega, að þegar mest reynir á eru það veikustu hlekkirnir, sem bila, þar sem ekki hafa verið sett viðhlítandi ákvæði með löggjöf, og kemur þá greinilegast í ljós. Það er svo árið 1950, að ákveðið var, að gildandi húsaleigulöggjöf þá, þ. e. a. s. húsaleigulöggjöfin frá 1939 og með ýmsum breytingum síðar, skyldi úr gildi falla á tímabilinu frá 1. okt. 1950 til 14. maí 1952. En þessi ákvæði skyldu falla niður með nokkru millibili á þann hátt, að þau ákvæði l., sem snerta leigu á einstökum herbergjum, skyldu úr gildi falla 1. okt. 1950, en 14. maí 1951 skyldu úr gildi falla ákvæði l. um atvinnuhúsnæði og í öðru lagi ákvæði l. um íbúðir, sem eru í sama húsi og húseigandi býr í sjálfur, en önnur ákvæði l. skyldu svo falla úr gildi 14. maí 1952. En þá voru þau ákvæði þó framlengd með l. nr. 30 frá 1952 til 14. maí 1953, og það var gert vegna þess, að það lágu beiðnir fyrir um það frá Reykjavíkurkaupstað, að þau ákvæði l. yrðu þá framlengd og yrðu ekki úr gildi felld, jafnvel þó að heimild væri til þess, að bæirnir sjálfir gætu tekið upp þau ákvæði, sem þar var um að ræða.

Það er óhætt að segja það, að með frv. félmrn. og þáverandi félmrh. frá 1949 var gerð fyrsta tilraun til heildarlöggjafar um húsaleigumál hér á landi. Ég sé ekki ástæðu til að fara hér út í einstök atriði þess frv., enda eru mörg þeirra mjög samhljóða því frv., sem hér liggur fyrir, en það frv. hafði verið undirbúið af færum mönnum og verið höfð til hliðsjónar húsaleigulöggjöf í nágrannalöndum okkar, en Alþ. sinnti lítið því máli, þegar það þá var lagt fram, og gekk það ekki fram. En þegar ég kom að félmrn., varð mér skjótt ljóst, þegar ég fór að athuga um afskipti þess rn. af húsaleigumálum og hvernig ástatt væri um þau atriði yfirleitt, að mikil þörf væri á því, að sett væri fyrst og fremst almenn húsaleigulöggjöf, sem gilti um land allt hvað ýmis atriði snerti, og á þeim grundvelli var það, sem ríkisstj. varð sammála um það, að skipuð yrði n. til þess að rannsaka þessi mál. Þessi n. var svo skipuð 19. júní 1951, og var svo fyrir mælt, að hún skyldi semja frv. að almennri húsaleigulöggjöf, en einnig taka til meðferðar þau atriði, sem hún teldi að þörf væri á varðandi einstaka staði á landinu vegna sérstakra húsnæðisvandræða þar og erfiðleika. Eins og hv. frsm. allshn. gat um, var Jónas Guðmundsson skrifstofustjóri í félmrn. formaður þessarar n. Auk hans voru tilnefndir í n. Magnús Jónsson hdl., alþm. nú, Ólafur Sveinbjörnsson skrifstofustjóri framfærslumála Reykjavíkur og þeir Hannes Pálsson frá Undirfelli og Þórður Björnsson bæjarfulltrúi í Reykjavík. Þessi n. skilaði áliti í fyrrahaust, þegar nokkuð var á þing liðið, og er það sá lagabálkur, sem nú liggur hér fyrir; rn. gerði að vísu lítils háttar breyt. á frv. eins og það lá fyrir, en í öllum meginatriðum er það lagt fram eins og n. skilaði því. Nú ber þess að gæta, að n. var alls ekki sammála um öll atriði þessa frv., en þó um meginkjarna þess er óhætt að segja.

Níu fyrstu kaflar frv. fjalla um almenna húsaleigulöggjöf, þ. e. a. s. um þau atriði, sem leigutaka og leigusala skipta og þeir verða að koma sér saman um, hvernig með skuli farið. Í raun og veru er n. alveg sammála um þessa fyrstu 9 kafla. Undanskilin er þó 1. gr. frv., því að í raun og veru heyrir hún efnislega til 10. og 11. kafla frv., en ekki almennu húsaleigul., og fellur því efnislega undir þar, en að öðru leyti er óhætt að segja, að n. hafi raunverulega verið sammála um þessa níu kafla frv., sem eru almenn húsaleigulöggjöf, og þykja mér því miklar líkur til þess, þar sem þetta frv. var líka borið undir ýmsa aðila, að samkomulag geti orðið hér á Alþ. um þennan hluta frv., hvað sem öðru kann að líða. Ég fyrir mitt leyti teldi það mikið til bóta, að þessi almenna húsaleigulöggjöf yrði afgr., hvað sem öðru liði.

Um hina kafla frv., þ. e. a. s. fyrst og fremst 10. og 11. kafla, skal það tekið fram, að þar urðu nm. ekki sammála, en frv. er þannig fram sett, að það er meiri hl. n. fyrir hverri gr. í þeim köflum frv., en ýmis sérskilningur og sérgreinargerðir komu fram frá nm., líklega öllum eða því nær öllum, og er það allt saman fært hér inn í grg. frv. eins og það var flutt í fyrra. En þessir kaflar eru um heimildir til handa bæjarstjórnum og sveitarstjórnum, ef þær vilja setja einhver sérákvæði vegna þess, hvernig ástatt er í húsaleigumálum hjá þeim, sérstaklega ef sérstök vandræði eru fyrir hendi; þá geti þær gripið til þess að setja ýmiss konar sérákvæði um það, hvernig með þau mál skuli farið. Ég get vel búizt við, að um þessa kafla frv. geti orðið ýmiss konar ágreiningur hér á hinu háa Alþ. og ýmsir alþm. vilji kannske koma þar að ýmsu, sem ekki er í þessum köflum nú, en ég vil taka það fram, að hér er fyrst og fremst um heimildir að ræða til handa bæjarstjórnum og ekki verið að fyrirskipa þeim

að gera neina hluti, nema þeim finnist sjálfsagt og nauðsynlegt að gera það. Og ég lít svo á, að það sé alveg sjálfsagt að veita bæjar- og sveitarstjórnum nokkuð rúmar hendur í þessu máli. Ég tel það ekki eðlilegt og heppilegt að neinu leyti, að Alþingi eitt fari með þau mál, heldur sé það mjög í anda þess lýðræðis, sem við búum við, og þeirrar sjálfstjórnar, sem sveitarfélög hafa að ýmsu leyti hjá okkur, að sveitarstjórnir og bæjarstjórnir fái sjálfar að ákveða allmikið um það, innan viss ramma að sjálfsögðu, hvernig með slík mál skuli fara. Það er að vísu svo og rétt að taka það fram, að þegar ég hér segi, að þessir kaflar fjalli um heimildir til handa sveitarstjórnum, þá er nokkur undantekning frá því að því leyti, eins og 1. gr. frv. segir, að heimildarákvæði 10. og 11. kafla skuli vera í gildi í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri til 14. maí 1955. Um þessi ákvæði, sem eru þau einu ákveðnu fyrirmæli í þessum köflum, má segja það, að um þau var allmikill ágreiningur í n., og verður sjálfsagt litið ýmislega á það, hvernig með skuli fara. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara hér að rökstyðja, hvers vegna þessi ákvæði eru sett hér inn. Það er skýrt greinilega frá því í grg. frv. frá í fyrra, og geta hv. dm. lesið þar um það ákvæði. Og yfirleitt ætla ég ekki hér að fara að rekja sérálit hinna einstöku nm. um þessa kafla frv. Það er hægara að athuga það í n., og er ég að sjálfsögðu fús til þess að ræða við hv. allshn. um frv. bæði almennt og sömuleiðis um þau atriði þess, sem sennilegt er að helzt valdi ágreiningi hér á Alþingi.

En það, sem ég vildi að lokum leyfa mér að taka fram, er það, að ég fyrir mitt leyti legg mikla áherzlu á það, að hið háa Alþingi taki nú þetta frv. til rækilegrar yfirvegunar. Ég hef ekki trú á, að það verði undirbúið betur af hálfu rn. en nú er orðið. Það var lögð í þetta mikil vinna, fyrst 1949 og síðan af þeirri n., sem skipuð var snemma á árinu í fyrra og kynnti sér húsaleigulöggjöf þá enn á ný hér í nágrannalöndum okkar, bæði í Norðurlöndum og Bretlandi og jafnvel víðar, og það tekið mjög til hliðsjónar um þau ákvæði, sem þar eru, svo að ég hygg, að það sé ekki eftir neinu að bíða um það, að Alþingi fari nú að taka ákvörðun um, hvað það telji rétt að gera í þessu máli. En til lengdar verður það áreiðanlega ekki, að ekki verði sett hér almenn húsaleigulöggjöf af Alþingi, það er ég alveg sannfærður um. Það er óviðunandi, eins og þjóðfélag okkar nú er byggt upp, þó að allt annað væri fyrir nokkrum tugum ára, þegar þjóðin þá bjó að mestu leyti í sveitum, og giltu þá að sjálfsögðu hin almennu ákvæði ábúðarlaganna um þessi samskipti hvað það snertir. Ég sé nú ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en skal taka það fram aftur, að ég skal ávallt vera reiðubúinn að ræða við hv. allshn. um þetta frv., þegar n. getur farið að sinna því.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Eins og kunnugt er, hafa lög um húsaleigu vakið allmikið umtal sérstaklega í þessum bæ og hér á hv. Alþingi undanfarin ár. Ég hef nú reynt að kynna mér nokkuð það frv., sem liggur hér fyrir á þskj. 63, og tel rétt að láta koma fram nokkrar athugasemdir í sambandi við málið hér við 1. umr., vegna þess að ég á ekki sæti í þeirri hv. n., sem flytur frv. og fær það svo til frekari athugunar. Og í sambandi við það vildi ég þá fyrst og fremst mega vænta þess, að áður en málið verður látið ganga til 2. umr. hér í þessari hv. d., þá verði það sent til umsagnar til aðila hér í þessum bæ, þ. e. Fasteignaeigendafélagsins og Félags leigutaka eða hvað það heitir, svo að þeim gefist kostur á því að koma fram þegar á fyrsta stigi málsins þeim athugasemdum, sem þeir telja að nauðsynlegt sé að athuga og ræða við n., áður en frv. kemur til 2. umr. Ég tel, að það sé eðlilegasta meðferðin á málinu.

Ég er sammála hæstv. ráðh. um það, að fyrstu kaflar frv. muni ekki vekja mjög mikinn ágreining í deildinni, svo framarlega sem felld er í burtu 1. gr. frv. eins og hún er nú, því að hún tilheyrir reyndar öðrum köflum og mun að sjálfsögðu vekja nokkurt umtal og nokkurn ágreining. En að öðru leyti eru þeir aðrir kaflar allir, sem hæstv. ráðh. minntist á, þess eðlis, að þeir munu ekki vekja stórkostlegan ágreining um málið. Þó eru þar einstök atriði, sem mér sýnist að sé mjög vafasamt að sé hægt að leggja á leigusala eða leigutaka, eins og t. d. það, að menn skuli samkv. 12. gr. skila húsum sínum meindýralausum og svo leigutaki aftur að skila því í þannig ástandi þegar hann skilar því. Við þekkjum það nú hér í þessum bæ og sjálfsagt ekki síður annars staðar, að baráttan við meindýrin er svo stórkostlegt mál, að það er varla á valdi sérhvers húseiganda eða sérhvers leigutaka að ráða þar einn um.

Þá vildi ég einnig beina því til hv. n., hvort hún mundi geta upplýst fyrir 2. umr., hvaða kostnað það hefði í för með sér fyrir aðila að láta meta og taka út alla leigu, eins og gert er ráð fyrir í frv. Hér er um nýmæli að ræða, sem mun kosta allmikið fé. Að vísu er þetta í ábúðarlöggjöfinni, og það mun vera komið þaðan fyrir áhrif þeirra manna, sem eru henni vel kunnugir, en það er sýnilegt, að þetta kemur til með að kosta viðkomandi aðila, hver sem greiðir það, margfalt meira fé en það kostar hlutfallslega að taka út jarðir í sveitum landsins. Hér er um að ræða að taka út, — ja, kannske herbergi á hverjum mánuði, ef einstaklingum eru leigð herbergi, ef til vill íbúðir tvisvar sinnum á ári, ef skipt er um eigendur, svo að það út af fyrir sig hlýtur að hafa stórkostlegan kostnað í för með sér. Væri ákaflega fróðlegt að fá einhverja hugmynd um þann kostnað, áður en frv. fer út úr þessari deild, og þá er eðlilegast, að það komi frá n., áður en það kemur til 2. umr.

Ég vil einnig leyfa mér að benda hér á, að hér er nýmæli, sem er vafasamt að sé hægt að leggja á leigutaka, að hann skuli greiða bæta allt það tjón, sem hlýzt af gáleysi eða vanrækslu hans sjálfs. Ef á að taka þessi ákvæði bókstaflega, á hann að sjálfsögðu að greiða brunabætur, sem kynnu að stafa af því, að hann hefði farið óvarlega með eld. Ég vil aðeins leyfa mér að benda á þetta, úr því að

málið er hér til umr. Ég veit, að það hefur ekki vakað fyrir þeim, sem sömdu löggjöfina. Það hefur sjálfsagt vakað fyrir þeim, að hann ætti aðeins að bæta það, sem ekki væri bætt með almennum vátryggingum, en það verður nú ekki skilið öðruvísi, eins og það er hér í frv., heldur en að honum beri að bæta allt það tjón, sem hlýzt af gáleysi eða vanrækslu af hans hendi.

Ég skal ekki á þessu stigi ræða meira um sjálft frv. Það veltur svo ákaflega mikið á því, eins og ég tók fram í upphafi, hvort 1. gr. frv. verður samþ. eða ekki, hvort tilefni gefst til þess að ræða raunverulega 10. og 11. kafla frv. Sé þar aðeins um heimildarlög að ræða, þá er það látið á vald viðkomandi sveitarstjórnar, og gefst þá miklu minna tilefni til að ræða um þau ákvæði, sem þar standa. Sé hins vegar ætlazt til þess, að þessum ákvæðum sé beitt skilyrðislaust einhvern ákveðinn tíma, t. d. til 14. maí 1955, eins og ákveðið var í 1. gr., þá horfir málið að sjálfsögðu allt öðruvísi við, og gefst þá tækifæri til þess að ræða það milli umr., eftir því sem séð verður, hvaða breytingum málið tekur hér í þessari hv. deild. En ég legg alveg sérstaka áherzlu á, — og er það að gefnu tilefni, — að annaðhvort verði frv. sent til umsagnar, — það þarf ekki að tefja málið, — eða hv. n. kalli a. m. k. þessa aðila til sín og fái frá þeim allar þær upplýsingar, sem þeir vilja gefa í sambandi við málið, og þær upplýsingar séu látnar hv. d. í té, áður en málið er afgreitt til 3. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 63, n. 348 og 402, 397).

Frsm. meiri hl. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 63, var upphaflega samið af n., sem hæstv. félmrh. skipaði, og var lagt fyrir hv. Nd. á síðasta þingi, er komið var að lokum þings, og varð ekki úr neinni afgreiðslu á því þingi. Það var svo lagt fyrir hv. Ed. nú í haust um miðjan október eða svo, og hefur allshn. haft málið til meðferðar síðan.

Allshn. skrifaði nokkrum aðilum og óskaði umsagnar um frv. Þar á meðal var ritað þeim þrem bæjarstjórnum, sem rætt er um í 1. gr. frv., bæjarstjórnum Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Akureyrar, og óskað eftir því, að þessar bæjarstjórnir segðu álit sitt á málinu. Það hafa verið gerðar margar tilraunir, bæði símleiðis og skriflega, til þess að fá svar frá bæjarstjórnunum, en þau svör hafa ekki borizt. Hins vegar hafa borizt svör og liggja í gögnum n. frá húsaleigunefnd Reykjavíkur, Fasteignaeigendafélagi Reykjavíkur og Leigjendafélagi Reykjavíkur.

Eins og segir í nál. meiri hl. á þskj. 402, þá hefur n. ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. með örlitlum breyt., en er þó ekki sammála um eitt atriði, sem hefur nokkuð mikla þýðingu í sambandi við þetta mál. Minni hl. hins vegar leggur til, að frv. verði felllt.

Í aðalatriðum má segja, að frv. þetta mætti skiptast í tvennt, eins og kemur raunar fram í nál. minni hl. Það eru annars vegar almenn ákvæði um viðskipti manna varðandi húsnæði og leigu á húsnæði, og hins vegar eru heimildarákvæði, sem ætlazt er til að notuð séu, þegar sérstaklega örðugt ástand er varðandi húsnæði. Hin almennu ákvæði er að finna í 9 fyrstu köflum frv., þ. e. a. s. að 2. málsgr. 1. gr. þó undanskilinni, sem ég kem að síðar, og er óhætt að segja, að allir nm. hafi verið sammála um þessa 9 fyrstu kafla. En það, sem n. gat ekki orðið sammála um, var það, hvort gefa skyldi út eða afgreiða sérstök lög um þessa 9 fyrstu kafla og láta svo ráðast með þau ákvæði, sem er að finna í 10. og 11. kaflanum, ellegar hvort tengja skyldi allt málið saman. Var það álit meiri hl., og á því byggjast þau álit, sem hér hafa verið lögð fram. M. ö. o., að 1. gr. fráskilinni mun ekki vera verulegur ágreiningur grundvallarlegur um fyrstu 9 köflana, en þó finnast þar atriði, sem allir munu ekki vera sammála um og eru ekki.

Um 1. kaflann, almennu ákvæðin, er ekki neitt sérstakt að segja, nema það mætti kannske nefna það með 3. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að félmrn. gefi út eyðublöð fyrir venjulega leigumála, að það mundi geta verið til hagsbóta fyrir alla, en kannske sérstaklega fyrir leigutaka, að slík eyðublöð væru löggilt, því að núna hafa verið gefin út eyðublöð um húsaleigusamninga, en þau eru oft meira stíluð á það að vera til hags fyrir leigusala. Þess vegna mætti halda, að það ákvæði, sem hér um ræðir í 3. gr., gæti orðið sérstaklega til hagsbóta fyrir leigutaka.

2. kaflinn er um leigufardaga og uppsögn húsnæðis. Þar er í rauninni ætlazt til, að lögfestar séu þær reglur, sem hafa gilt og gilda um uppsögn og leigufardaga húsnæðis, og þarf ég ekki að rekja það nánar, þar sem hv. þdm. hafa frv. fyrir framan sig. Það er gert ráð fyrir, eins og verið hefur, að almennir fardagar séu 14. maí og 1. okt. og að uppsagnarfrestur sé einn mánuður á einstökum herbergjum, bifreiðaskýlum o. s. frv., þrír mánuðir á íbúðum og sex mánuðir á atvinnuhúsnæði. — Svo er um afhendingu á leiguhúsnæði. Þess skal getið hér, að það kom áreiðanlega fram við 1. umr. málsins hjá einhverjum hv. þdm., að það mundi vera mjög vandasamt að skila húsnæði samkvæmt 12. gr. meindýralausu, og má það vera, a. m. k. þar, sem ekki hafa verið gerðar sérstakar herferðir á þær óvættir, sem kallaðar eru einu nafni meindýr, en meiri hl. n. gat nú ekki fallizt á að fella þetta niður, vegna þess að það er eðlilegt, að húsnæði, þar sem eru kakkalakkar, rottur og önnur meindýr, er alls ekki leiguhæft, svo að það verður eiginlega að vera kvöð um það, að húsnæðið skuli vera án þessara galla. — Að öðru leyti eru í þessum kafla algerlega venjulegir viðskiptahættir gagnvart húsnæðinu, sem bæði hefur nú verið reynt að innleiða um húsnæði og eru líka um önnur viðskipti manna á meðal.

Ég vil geta þess, að meiri hl. ber hér fram brtt. við 10. gr., að í staðinn fyrir, að leigutaka beri að annast aflýsingu þinglesins leigumála, þá beri leigusala að gera það. Okkur þótti það eðlilegra. — Þá er orðalagsbreyting, sem n. ber fram við 18. gr. Höfundar frv. hafa notað „að breyttu breytanda". „Nú tekur leigumáli til húss eða hluta af húsi, sem ekki var fullokið, er leigumálinn var gerður, og ber þá að beita ákvæðum 11., 13. og 15. gr., að breyttu breytanda." Okkur þykir fara betur á því, að hér komi: „eftir því sem við á", og höfum við gert þessa breytingu á einum tveimur, þremur stöðum, þar sem þetta orðalag er: „að breyttu breytanda".

4. kaflinn er um stað og stund leigugreiðslu. Það er gert ráð fyrir því, að aðalreglan sé sú, að húsaleiga sé greidd fyrir fram mánaðarlega og að hún sé greidd á heimili leigusala eða á öðrum þeim stað, sem hann tiltekur innan héraðs. Í 19. gr. 4. málsgr. er ákvæði um það, ef húsaleiga er greidd fyrir fram fyrir lengri tíma en 6 mánuði, og skal þá leigusali greiða leigutaka 6% vexti af fjárhæðinni. Meiri hl. n. þótti þetta ekki vera nógu skýrt og leggur til í 3. brtt. sinni, að þessu sé breytt þannig, að það misskiljist ekki, og standi þar: „og skal leigusali þá greiða vexti af þeirri fjárhæð, sem er umfram gjaldfallna húsaleigu." Það átti að standa þarna „6% vexti", en hefur fallið niður. Ég þyrfti þá líklega annaðhvort að prenta það upp eða láta líta á það sem leiðréttingu. Það vantar inn í. (Gripið fram í.) Nei, það er ekki hægt að líta á það sem leiðréttingu í samræmi við greinina. Þá verðum við að gera um það skriflega brtt.

Þá er 5. kaflinn um skyldu leigusala, og þar er fyrst um viðhald hins leigða húsnæðis utanhúss og greiðslu skatta o. s. frv. og svo hvernig með skuli fara, ef húsnæði rýrnar eða spillist, eftir að leigumáli tekur gildi. Það er aðeins snúið við orðum hérna í 20. gr. í 4. kafla. Það er bara orðalagsbreyting, sem n. þótti fara betur. En svo kemur sá kafli, sem meiri hl. n., sem að öðru leyti er sammála, gat ekki orðið sammála um, og það er alger nýjung hér, þar sem talað er um viðhaldsskyldu leigutaka. Það er gert ráð fyrir því í frv., að leigutaki annist á sinn kostnað allt viðhald þess húsnæðis, er hann hefur á leigu og leigusala ber ekki að annast samkvæmt 22. gr., en það á við húsnæðið utan húss. N. taldi, þegar hún var að ræða þetta, þ. e. a. s. meiri hl. hennar, áður en hún skiptist, að þetta ákvæði væri til bóta, að það væri eiginlega tvennt, sem mætti telja því til gildis. Annars vegar það, að það mundi vera gengið betur um hið leigða húsnæði, þegar vitað væri, að leigutaki ætti sjálfur að annast viðhaldið, og þá líka það, að það yrði auðveldara fyrir leigutaka að láta gera þær umbætur, sem honum þættu nauðsynlegar, þar sem líka er gert ráð fyrir því í frv., að ef leigutaki skilar húsnæði, þegar hann fer úr því, í betra ástandi en hann hefur tekið við því, þá reiknist það honum til góða, þegar hann skilar húsnæðinu. Enn fremur taldi n. þegar hún ræddi um þetta, að margir mundu geta annazt viðhald á íbúð sinni án þess, að tilfinnanlegt væri. Þeir menn, sem kunna með að fara málningu, veggfóður og þess háttar eða einhverjar smíðar, mundu geta gert þetta án þess að finna mikið fyrir því, en það er auðvitað undirskilið, að leiguupphæð verði nokkuð miklu vægari, þegar leigutaki tekur að sér viðhald húsnæðis síns. Við töldum sem sé, að það væru líkur til þess, að betur yrði gengið um húsnæði, það færu minni verðmæti til spillis og að fleiri menn gætu notfært sér eigin vinnu, ef þessi regla væri upp tekin. Hins vegar er gert ráð fyrir því í frv. eins og það liggur fyrir, að leigutaki annist kostnað á öllu því húsnæði, sem hann hefur á leigu, allir leigutakar með öðrum orðum. Við, sem erum með þessu ákvæði, töldum þó réttara, að þessi viðhaldsskylda næði aðeins til íbúða, en ekki til einstaklingsherbergja, og það gerðum við vegna þess, að okkur virtist sem samfara viðhaldsskyldu hlyti að koma sú regla, að húsnæði yrði yfirleitt, sem kallað er, tekið út, þegar skipti yrðu á leigutaka, og þar sem iðulega er þannig, að leigjendaskipti eru oftar að einstaklingsherbergjum heldur en íbúðum og þetta fyrirkomulag er nú óreynt hér á landi, þá töldum við hv. 1. þm. N-M., sem erum með viðhaldsskyldunni, að réttara mundi að binda þetta aðeins við íbúðir, og höfum samkvæmt því lagt til, að upphaf 29. gr. verði þannig: „Leigutaki, sem hefur á leigu íbúð, sem er eitt herbergi og eldhús eða meira, skal annast á sinn kostnað allt viðhald þess húsnæðis, er hann hefur á leigu og leigusala ber ekki að annast samkvæmt 22. gr." Að öðru leyti ætlumst við til þess, að kaflinn standi óbreyttur.

Við 1. umr. þessa máls hér í deildinni spurði einn hv. þm., ég ætla, að það hafi verið hv. þm. Barð., um það, hvað mikið sú úttekt, sem gert er ráð fyrir á húsnæðinu, mundi kosta. Það er nú örðugt að gera sér grein fyrir því, en sannleikurinn er sá, að húsaleigunefndir, t. d. húsaleigunefnd Reykjavíkur, annast núna mat á húsnæði, sem er náttúrlega miklu minna en úttekt sem þessi mundi vera, en að líkindum mundi þetta verða í framkvæmdinni þannig, að húsaleigunefnd mundi hafa með það að gera, eða einhverjir úr húsaleigunefnd, — það yrðu í byrjun settar upp ákveðnar reglur fyrir því, hvað ætti að meta, hvernig ætti að skila hverjum hlut, miðað við málningu, veggfóður, lykla, hreinlætistæki, í hvernig ástandi það væri o. s. frv., og menn, sem eru þessu kunnugir, segja mér það, að slík úttekt mundi yfirleitt komast svo mikið upp í vana, að hún yrði mjög fljótgerð og mjög ódýrt verk, þegar á annað borð væri búið að skapa sér reglu um það, hvernig hún skyldi fram fara. (Gripið fram í.) Hvaða menn eru það? Ja, það eru nú t. d. þeir, sem starfa í húsaleigunefnd, og þeir, sem sjálfir hafa séð matsgerðir húsaleigunefndar, því að hún hefur metið náttúrlega mörg hundruð sinnum húsnæði hér í þessum bæ, og maður veit, að það er ekki nema skammur tími, sem það tekur hana, og hún er orðin vön þessu og fljót að gera sér grein fyrir því, í hvernig ástandi húsnæðið er, hvað það ætti að kosta o. s. frv. Það er viðbúið, að það taki kannske örlítinn

tíma að koma þessu á, en áreiðanlega mun það, þegar þetta væri komið í fulla framkvæmd, vera til bóta, en þetta er nýmæli hjá okkur, og það er ákaflega eðlilegt, að fólk sé í vafa um það í fyrstu, hvernig eigi við því að bregðast, en án þess að ég hafi nú nokkra greinargóða skýrslu um það, þá veit ég, að t. d. í Danmörku er allt húsnæði tekið út við leigjendaskipti, einnig einstaklingsherbergi, og er þá gengið lengra heldur en t. d. við ætlumst hér til, sem þó erum með þessu ákvæði.

7. kaflinn er um aðgang leigusala að leigðu húsnæði, þegar hann ætlar að fara að leigja það út eða láta gera við það o. s. frv., og svo er 8. kaflinn um það, hverjir geti gengið inn í leigusamning, sem gerður hefur verið. Þarna er lagfæring, sem meiri hl. n. gerir við 39. gr. Okkur fannst hún ekki ljós eins og hún var og gerðum ráð fyrir því, að það mundi vera prentvilla eða eitthvað því um líkt og breyttum því, að það skyldi verða tilkynnt með minnst hálfs mánaðar fyrirvara, ef það ætti að fara að leggja leiðslur og m. ö. o. að róta húsnæðinu meira heldur en er gert við venjulegar smáviðgerðir.

Þá er 9. kaflinn um rétt leigusala til að rifta leigumála, og er talið upp í níu liðum, hvað til þurfi að koma, til þess að leigusali geti rift leigumála, og er það náttúrlega í fyrsta lagi, ef ekki er staðið í skilum með leiguna, og í öðru lagi ýmislegt annað, sem til getur komið og er bætt um í lögunum.

Þetta eru þeir 9 kaflar, sem eru almenn ákvæði um húsaleigu og um viðskipti leigusala og leigutaka. Svo koma hér 10. og 11. kaflinn. Fyrri kaflinn, 10., er heimildarákvæði fyrir sveitarstjórnir, og 11. kaflinn er um húsaleigumiðstöð. Það er gert ráð fyrir því í 49. gr., að þegar mikil húsnæðisekla sé í kaupstað eða kauptúni, sem hefur 500 íbúa eða fleiri, þá geti sveitarstjórn ákveðið með sérstakri samþykkt, að koma skuli til framkvæmda í sveitarfélaginu að einhverju eða öllu leyti ákvæði þessa kafla, og ákvæðin felast aðallega í því, að það sé sett á stofn húsaleigunefnd, sem fari með mál milli leigutaka og leigusala, og hins vegar í því að setja nokkur höft á það, hvenær leigusala er heimilt að segja upp leigusamningi um húsnæði. Núna er í gildi samkvæmt l. samþykktum 15. maí 1950 slík binding, en bindingin, sem gert er ráð fyrir í heimildarákvæði 61. gr., er nokkru rýmri heldur en sú binding, sem nú er í gildi og gildir til 14. maí í vor. Þar er gert ráð fyrir, að yfirleitt sé óheimilt að segja upp leigusamningi á húsnæði, nema þess sé brýn þörf til íbúðar fyrir leigusala sjálfan eða skyldmenni, sem þar er tilgreint, en undantekið er þó íbúðarhúsnæði, sem er á sömu hæð og húseigandi býr sjálfur og hefur sama ytridyrainngang. Einstaklingsherbergi eru undanskilin og atvinnuhúsnæði. M. ö. o. nær þessi kvöð einungis til íbúðarhúsnæðis, sem er á annarri hæð heldur en húseigandi býr sjálfur, þ. e. a. s. ef ekki er sami útidyrainngangur, og ekki til annars, og svo náttúrlega til húsa, sem húseigandi býr ekki í sjálfur.

11. kaflinn er svo um húsaleigumiðstöð. Þar segir, að heimild leigumiðstöðvar til ráðstöfunar á húsnæði geti aldrei náð til þess leiguhúsnæðis, sem er í því húsi, sem húseigandi býr í sjálfur. M. ö. o., það er svo til ætlazt, að ákvæði 11. kafla geti aldrei náð til annars húsnæðis heldur en þess, sem er aðeins haft til útleigu, — aldrei til húsnæðis í því húsi, sem húseigandi býr í sjálfur.

Í þessum tveimur köflum felast ákvæði, sem ágreiningur mun sjálfsagt verða um hér í hv. Alþ., og svo er gert ráð fyrir því í 1. gr. frv., að þessi heimildarákvæði gildi á þeim stöðum, þar sem sérstaklega hafa verið og eru vandræði með húsnæði, þ. e. í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri, um tveggja ára bil, frá 14. maí 1953 til 14. maí 1955, en nokkur bindingarákvæði eru í gildi núna til 14. maí 1953. Þessi heimildarákvæði, sem gert er ráð fyrir í 10. og 11. kafla, munu þannig, ef hv. Alþ. samþ. frv. í þá átt, sem meiri hl. leggur til, ná til þessara staða. — Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja þetta nánar að sinni. Aðrir nm. munu gera grein fyrir sínum skoðunum.

Frsm. minni hl. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Ég hef ekki getað orðið samferða meðnm. mínum og hef borið fram nál. á þskj. 348, þar sem ég legg til, að frv. verði felld. Eins og ég tek fram í þessu nál., er þetta frv. raunverulega tvíþætt. Annars vegar eru ákvæði einkaréttarlegs eðlis um samband húseiganda og leigutaka, og eru þau í fyrstu níu köflunum, að undanteknu seinna ákvæðinu í 1. gr. Þessi ákvæði álít ég að eigi fullkominn rétt á sér og séu sums staðar til bóta, sérstaklega tel ég það vera til bóta, að viðhaldsskylda er þarna sett yfir á leigutaka, sem hafa stærra húsnæði á leigu en eitt herbergi, eftir því sem n. leggur til. Auðvitað verður þetta til að lækka leiguna sem svarar viðhaldskostnaði leigusala, en ég álít, að með þessari tilhögun verði svo miklu betur farið með leiguhúsnæði, að það verði þjóðfélagslegur sparnaður að því, og að leigutaki geti í mörgum tilfellum innt af hendi viðhaldsskylduna með miklu minni kostnaði heldur en leigusali gæti gert. Ýmsar aðrar smávægilegar breyt., sem meiri hl. n. hefur lagt til í nál. á þskj. 402, get ég fallizt á, enda eru það að mestu orðalagsbreytingar, en aðrar breytingar smávægilegar. Hins vegar get ég ekki fallizt á brtt. hv. 4. landsk. þm. (StgrA) á þskj. 497, enda eru það einmitt breytingar á þeim greinum, sem ég tel að frv. bæti úr frá því réttarástandi, sem nú er.

En það, sem gerir það að verkum, að ég hef lagt til, að frv. verði felld, er það, að í 2. málsgr. 1. gr. og 10. og 11. kafla frv. eru tekin ákvæði, sem eru gersamlega óskyld níu fyrstu köflum frv. Þar eru tekin opinber-réttarleg þvingunarákvæði til þess að hefta umráðarétt manna yfir eignum sínum. Þetta getur verið fullkomlega heimilt á neyðartímum, en það er ekki svo vel um frv., að það geri ráð fyrir því, því að það segir beinlínis og án nokkurra fullnægjandi raka, að því er mér skilst, í 2. málsgr. 1. gr., að neyðarástand ríki í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri og skuli ríkja þar, skilst mér, til 14. maí

1955, og þess vegna er þessum höftum haldið til þess tíma.

Ef neyðarástand ríkir og ástæða er til að hefta meðferð manna á húsnæði sínu, — en ég tel, að stefna beri að því að upphefja þau höft, sem þegar eru fyrir, og gera menn sem frjálsasta að umráðum þessara eigna sem annarra, en ekki að auka við höftin frá því, sem nú eru gildandi lög, eins og gert er í 11. kafla laganna, — þá álít ég, að gera verði það með sérstökum ákvæðum í hvert skipti, þegar vitað er, að neyðarástand ríkir, og ekki fara harðar í sakirnar heldur en nauðsyn krefur á hverjum stað og á hverjum tíma. Að blanda saman þarna algerlega einkaréttarlegum reglum um sambandið milli leigusala og leigutaka og svo þvingunarráðstöfun gagnvart húseigendum á tímum eins og núna og gera að ákveðinni reglu í vissum kaupstöðum, tel ég, að sé að fara alveg öfuga leið við það, sem löggjafinn hefur gert, og sé óforsvaranlegt í þessu frv. Það hefði verið meira vit í því, þótt ég hafi ekki viljað leggja það til, að leggja það á vald hlutaðeigandi bæjarstjórna, hvort þær álitu, að það ástand ríki, að það sé nauðsyn á sérstökum höftum í þessum efnum, en það er ekki gert með frv., heldur er það látið gilda skilyrðislaust þennan ákveðna tíma á þessum tilteknu stöðum. Með þessu er líka verið að halda uppi meira eða minna óþörfum kostnaði. Mér er sagt, að kostnaður af húsaleigunefnd sé núna á milli 200 og 300 þús. kr. fyrir ríkissjóð á ári, og þessu er verið að halda við, án þess að upplýst sé, að nauðsyn sé á því, og eins og hv. 8. þm. Reykv. tók fram í framsöguræðu sinni, þá ganga sumar þessar greinar í þessu frv., sem lagt er til að samþ. verði, lengra í því að hefta umráðarétt manna yfir eignum sínum heldur en gildandi lög gera núna. (Gripið fram í.) Nei, þær ganga lengra. Ef maður á húsnæði núna og býr í húsinu, þá hefur hann rétt til að leigja það út sjálfur, en eftir þessu frv. er það ekki nema sama hæðin, sem hann hefur þá umráð yfir; hann verður að búa á sömu hæð. (Gripið fram í.) Það stendur þá öfugt í mér, ef það gengur ekki lengra en samkvæmt gildandi lögum. Það má vera, að mér hafi missézt þarna, en ég held þó ekki.

Þá er verið að stinga upp á að setja upp enn þá eina stofnunina til þess að hefta umráð manna yfir húseignum sínum, og það er þessi húsaleigumiðstöð, sem á að svipta þá að miklu leyti rétti til að velja úr hópi þeirra leigutaka, sem þeim kunna að bjóðast í sambandi við leigu húsnæði. Það mun ekki ofsagt af því, að húseigendur hér á landi eru þeir menn, sem löggjafinn hefur að sumu leyti — bæði á ófriðarárunum og eftir ófriðinn fyrri og á seinni styrjaldarárunum og eftir hann — lagt einna mest höft á af öllum þegnum hér á landi og farið einna harkalegast með. Jafnframt er talað um húsnæðisleysi, og sjálfsagt þarf að byggja sem allra mest af góðu húsnæði og menn að reyna að koma sér upp húsi yfir höfuðið. En það er sannarlega ekki til þess að ýta undir menn með að koma upp húsum yfir sjálfa sig og ef til vill að festa peninga sína til þess að byggja hús til að leigja þau út, ef umráðaréttur þeirra yfir þessum eignum á að vera miklu takmarkaðri en yfir öðrum eignum. Ástandið hefur verið þannig undanfarið vegna hins mjög mikla og óeðlilega aðstreymis hingað til Reykjavíkur, að það hafa verið nokkur húsnæðisvandræði og mikil stundum. En ég man eftir því, að fyrir síðustu heimsstyrjöldina var þetta alveg öfugt. Þá stóðu leiguíbúðir iðulega auðar hér, — svona 200—300 íbúðir, og var byggt jafnvel heldur meira en fólksfjöldinn jókst í Reykjavík. Þetta hefur breytzt núna vegna aðstreymisins, eins og ég sagði áður, og vegna þeirra hafta, sem sett hafa verið á fjárfestingu, en nú er aftur straumurinn að breytast þannig, að það er byggt það mikið, sérstaklega af smáíbúðum, að það má búast við, að þetta sé að komast og komist alveg á næstunni í normalt horf. Og ég held, að það sé þjóðfélaginu fyrir beztu í þessu eins og öðru, að sem mest frelsi ríki á venjulegum tímum og að löggjafarvaldið sé ekki að búa til að óþörfu höft á menn. Það er nóg fyrir af þeim samt, þegar varla er unnt að hreyfa sig án einhverra hafta.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessa framsögu lengri, en ég leyfi mér að leggja til, þar sem ekki fékkst samkomulag við meðnm. mína um að fella ákvæði 2. málsgr. 1. gr. og 9. og 10. kafla úr lögunum, að frv. verði fellt, en ef það skyldi fara gegnum 2. umr., þá áskil ég mér rétt til að koma með brtt. við 3. umr. um að fella þessi ákvæði niður.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég get tekið það strax fram, að ég er samþykkur því frv., sem hér liggur fyrir, í meginatriðum og hef enda skrifað undir það nál. meiri hl. n., sem leggur til, að það verði samþ., að vísu með nokkrum minni háttar breyt. Og það, sem fyrst og fremst gerir það að verkum, að ég tel nauðsynlegt að samþ. þetta frv., eru einmitt þau ákvæði þess, sem hv. þm. Seyðf., sem hefur klofið n. og skilað minnihlutaáliti, — þau ákvæði, sem hann var nú að gera grein fyrir að valdi því, að hann vill aftur á móti fella frv. Ég álít sem sagt, að það sé enn þá, eins og verið hefur um alllangt skeið undanfarið, það vandræðaástand í húsnæðismálunum hér í Reykjavík og í ýmsum af hinum stærri kaupstöðum landsins a. m. k., að það mundi horfa til hreinna vandræða og meira eða minna öngþveitis, ef látin væru falla úr gildi þau ákvæði, sem nú gilda um takmarkanir á því, að leigusalar geti sagt upp leigðu íbúðarhúsnæði, en eins og kunnugt er, mundu þau ákvæði falla úr gildi nú við næsta flutningsdag, ef þau eru ekki endurnýjuð.

Hv. þm. Seyðf. var að vísu að ræða um það hér áðan, að þetta væru mjög óeðlilegar takmarkanir á eignarrétti viðkomandi manna, þ. e. a. s. húseigendanna, og mundu valda þeim ýmsum óþægindum, sem hann telur að séu óréttmæt. Þó komst hann nú svo að orði, að slíkar ráðstafanir gæti verið heimilt að gera á neyðartímum. En ég held, að það megi einmitt heimfæra undir það ástand, sem nú er í húsnæðismálunum, að það sé í raun og veru neyð-

arástand. Ég get ekki kallað það öðru nafni en því, þegar svo er ástatt, að t. d. hér í Reykjavík er fólk svo þúsundum skiptir og þ. á m. mikill fjöldi barna, sem býr í algerlega óhæfu húsnæði og heilsuspillandi húsnæði. Það má nefna t. d. brakkana, sem mjög mikill fjöldi fólks býr í og margir hverjir eru gersamlega óhæfir til íbúðar, þó að fólk neyðist til þess að búa í þeim, og sömuleiðis ýmsar kjallaraíbúðir, sérstaklega í eldri húsum í bænum, sem margar hverjar eru sennilega ekkert betri, heldur jafnvel kannske enn þá meira heilsuspillandi heldur en jafnvel brakkarnir, vegna þess hversu mikill raki er í ýmsum slíkum kjallaraíbúðum. Ég held sem sagt, að ástandið sé þannig, að það megi heita neyðarástand í þessu efni, og þess vegna séu líka ekki aðeins réttlætanlegar þær takmarkanir, sem nú eru í l. varðandi rétt húseigendanna til þess að segja upp leigðu húsnæði, heldur sé blátt áfram nauðsyn að halda þessum ákvæðum við, meðan ekki er bætt úr því ástandi, sem almennt ríkir í húsnæðismálunum, sérstaklega hér í Reykjavík og á ýmsum öðrum stöðum, sem líka koma til greina í þessu sambandi. Það er þess vegna þetta, sem gerir það fyrst og fremst að verkum, að ég er með því og tel nauðsynlegt, að þetta frv. verði samþ.

Að hinu leytinu álít ég líka rétt, að það séu sett lög um hin almennu viðskipti leigutaka og leigusala, eins og gert er hér í fyrstu 9 köflunum af þessu frv., sem hér liggur fyrir. Um þetta hafa ekki verið nein lög í gildi, og þar sem slík viðskipti eru, eins og kunnugt er, svo almenn sem hér er um að ræða og varða hagsmuni svo mikils fjölda fólks, þá tel ég rétt, að það séu settar um það fastar reglur í lögum, sem báðir aðilar geti haldið sig við og séu þá einnig skyldir að halda sig við í þeim viðskiptum, sem þarna eiga sér stað. Um það hefur heldur í raun og veru ekki verið ágreiningur í n., að það væri rétt að setja lög um þessi almennu viðskipti. Hv. þm. Seyðf. hélt því að vísu fram, að það væri rétt — eins og hann nefndi hér líka áðan — að aðgreina þetta alveg. Lögin, sem um þetta væru sett, ættu að vera sjálfstæð út af fyrir sig, en síðan, ef talið væri óhjákvæmilegt að setja eða halda við þvingunarákvæðum varðandi leigu húsnæðis, þá ætti það að vera í öðrum lögum.

Ég get í sjálfu sér vel fallizt á þessa röksemdafærslu út af fyrir sig, að það hefði verið kannske rétt að flytja um þetta tvö frv. og hafa almennu ákvæðin í l. út af fyrir sig, — þau ákvæði, sem ætlazt er til að gildi til frambúðar, og þá hefði auðvitað verið hægt að flytja jafnhliða annað frv. varðandi takmarkanirnar á uppsögn leiguhúsnæðis. En af því að þetta var ekki gert, þá mundi það sennilega hafa leitt til þess, ef n. hefði farið að kljúfa þetta í sundur í tvö frv., að erfitt hefði orðið að fá þetta mál afgr. hér á þinginu, og n. vildi þess vegna ekki — eða a. m. k. ég fyrir mitt leyti vildi þess vegna ekki á því stigi, sem málið þá var komið á, fallast á þessa skiptingu, þó að hún út af fyrir sig gæti verið eðlileg og réttmæt.

En þó að ég sé samþykkur þessu frv. í meginatriðum og hafi skrifað undir nál. meiri hl. n., þá eru það samt viss ákvæði hér í þessum almenna hluta frv., sem ég er ekki samþykkur meiri hl. n. um, og það er, eins og hv. frsm. þegar hefur tekið fram, varðandi ákvæðin um viðhaldsskyldu leigutaka. Í frv. er sem sagt gert ráð fyrir því, að viðhaldsskyldu á leigðu húsnæði verði skipt þannig, að leigusali annist aðeins viðhald húseignarinnar utanhúss, en leigutaka hins vegar gert að skyldu að annast allt viðhald innanhúss, þ. e. a. s. í þeim herbergjum, sem hann hefur á leigu, og þeim hluta húsnæðis að öðru leyti, sem hann notar einn út af fyrir sig, en ekki sameiginlega með öðrum leigutökum í sama húsi. Eins og þetta er sett hér fram, þá felst í þessu bein hækkun á hinni lögleyfðu húsaleigu eða því hámarki, sem ákveðið er um húsaleigu, því að þessari viðhaldsskyldu leigutaka er bætt við, án þess að nokkurt tillit sé tekið til þess í sambandi við ákvæðin um hámarksleigu hins leigða húsnæðis. Hv. frsm. lét að vísu falla orð á þá leið, að það mundi vera undirskilið, að leigumáli yrði vægari af þessum sökum, en ég held, að það sé misskilningur. Það eru áreiðanlega ekki í frv. nein ákvæði um það, að um leið og þessi viðhaldsskylda er færð yfir á leigutaka, þá skuli lækka húsaleiguna. Meira að segja er það svo, að í þessum almenna hluta frv. eru engin ákvæði um hámark á húsaleigu. Það ákvæði er aðeins í heimildarköflunum, sem á eftir koma, en ef samþ. verður 1. gr. frv., þar sem ákveðið er, að þessi heimildarákvæði skuli gilda sem lög í tilteknum bæjum til 14. maí 1955, þá kemur að vísu líka í lög það ákvæði, sem í þessum köflum er sett um hámark húsaleigunnar og gildir þá a. m. k. í þessum viðkomandi bæjum einnig þennan tiltekna tíma, en mundi ekki gera það lengur, nema það verði framlengt þá með einum eða öðrum hætti. Og hitt er a. m. k. alveg víst, að þrátt fyrir það, þó að þessi viðhaldsskylda sé færð yfir á leigutaka, þá gerir frv. ekki neins staðar ráð fyrir því, að leigan verði af þeim sökum neitt lækkuð. Þetta ákvæði hefur þess vegna í för með sér, að sett er í lög ákvæði um það, að húsaleiga skuli hækka eða megi hækka frá því, sem hún nú er, en það álít ég fyrir mitt leyti ekki ástæðu til að gera.

Ég hef þess vegna leyft mér að flytja um þetta atriði og annað atriði, sem er í beinu sambandi við það, þ. e. a. s. úttekt á leigðu húsnæði, brtt. um að fella þessa viðhaldsskyldu leigutaka niður og vil þá einnig að falli niður ákvæðið um úttekt leiguhúsnæðis, en ég tel, að það standi beinlínis í sambandi við þetta og þeirrar úttektar sé ekki þörf, ef leigusali annast allt viðhald á húsnæðinu, eins og verið hefur hingað til. Fyrsta brtt. mín varðandi þetta efni er þess vegna við 22. gr. frv. Eins og frv. er núna, þá fjallar þessi 22. gr. um skyldur leigusala til þess að halda við hinu leigða húsnæði utanhúss, en ég vil taka inn í þessa grein skyldu leigusala til þess að halda húsnæðinu við, bæði utanhúss og innan, sem sagt taka upp í hana ákvæði, sem eru nú í 29. gr. um skyldu leigutaka til þess að halda húsnæðinu við inn-

anhúss. Af þessu leiðir auðvitað það, að ég legg til, að 29. gr. falli aftur niður og þessi viðhaldsskylda sé sem sagt öll látin hvíla á leigusala eins og verið hefur og ákvæðin um það komi þá öll í þessa sömu grein frv. Þó hef ég bætt hér við sem 2. málsgr. þessarar væntanlegu 22. gr., ef mín till. yrði samþ., ákvæði um það, að heimilt skuli þó vera að ákveða í leigusamningi, að leigutaki skuli annast viðhald hins leigða húsnæðis að meira eða minna leyti, enda sé þá fullt tillit tekið til þess til lækkunar á leigumála.

Þau rök, sem meiri hl. n. hefur fært fyrir því, að heppilegra væri, að leigutaki annist viðhaldið innanhúss, eru, að þeir telja, að í því mundi felast trygging fyrir því, að betur yrði gengið um húsnæðið, ef leigutaki þyrfti sjálfur að annast og kosta viðgerðina og viðhaldið á því. Og þetta má að sjálfsögðu til sanns vegar færa. Ég vil þess vegna hafa opna leið til þess, þó að ekki sé tekin upp þessi regla og leigutaki skyldaður til þess að gera þetta, — þá vil ég hafa opna leið til þess, ef leigusali og leigutaki vilja gera um það samning, að leigutaki annist þetta viðhald, enda sé það þá á þeim grundvelli, að leigumálinn verði þá lækkaður, sem því nemur. Með því móti er hægt að ná þessum sama tilgangi sem meiri hl. n. hefur viljað ná og sjálfsagt hefur líka vakað fyrir þeim, sem samdi frv. og setti þetta ákvæði inn í það, en það er þá aðeins á grundvelli frjálsra samninga leigusala og leigutaka og byggt á því, að leigumálinn verði þá lækkaður sem þessu nemur, þannig að raunverulegur kostnaður af viðhaldinu hvíli eftir sem áður á leigusala, þ. e. a. s. þeim, sem á eignina, því að það verður þó að teljast eðlilegur hlutur, að menn haldi sjálfir við sínum eignum, en komi því ekki yfir á aðra aðila. Ég held þess vegna, að ef þessi till. mín verður samþ., þá sé alveg opin leið með eðlilegum hætti að ná þeim tilgangi, sem vakir fyrir þeim mönnum, sem þetta ákvæði vilja hafa í frv. eins og nú er, en hins vegar sé ekki gengið — að því er ég tel — með óeðlilegum hætti á hagsmuni leigutaka með því að skylda hann til að halda við eign, sem hann á ekki sjálfur.

Þetta er meginefnið í mínum brtt. Eins og ég sagði áðan, þá er önnur till. bara um það að fella niður 29. gr., sem er afleiðing af þessu, og 3. og 4. brtt., um að fella niður 35. og 36. gr., eru aðeins um það að fella niður ákvæðið um úttekt á húsnæði, sem einnig er í raun og veru afleiðing af þessu ákvæði um viðhaldsskylduna, og síðan einnig að fella niður eða sameina í eitt 5. og 6. kaflann. Það leiðir líka af þessu sama, því að ef viðhaldsskylda leigutaka er felld niður, þá er auðvitað ekki hægt að hafa sem kaflafyrirsögn „Viðhaldsskylda leigutaka", og er þess vegna eðlilegt, að þessir tveir kaflar rynnu saman í einn og yrði fyrirsögnin þá: „Skyldur leigusala og leigutaka", því að það eru auðvitað ýmsar skyldur, sem hvíla á leigutaka eftir sem áður, þó að viðhaldsskyldan yrði af honum tekin.

Síðasta brtt. mín, sem er aftur efnisbreyting á frv. og um annað atriði heldur en ég hef nú fjallað um, er breyt. á 61. gr. Það er ein grein í heimildarköflunum og varðar takmarkanirnar á því, að segja megi upp leigðu húsnæði. Þar er talað um, að leigusala sé óheimilt að segja upp leigusamningi um húsnæði, nema honum sé að dómi húsaleigunefndar þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig og svo fyrir skyldmenni í beina línu, sem þar er nánar tiltekið, en síðan kemur hér í stafliðnum upptalning á því húsnæði, sem komi þó ekki undir þetta ákvæði, og þ. á m. er í 1. tölul. íbúðarhúsnæði, sem er á sömu hæð og húseigandi býr sjálfur á og hefur sama ytridyrainngang. Ef svo háttar til, þá nær takmörkunin ekki til þess húsnæðis, heldur má samkv. frv. segja upp þeim íbúðum, þar sem svo stendur á. Þetta ákvæði eða ákvæði líkt þessu mun hafa verið sett inn í l., sem síðast voru sett til framlengingar á þessum takmörkunum á uppsagnarákvæðum leigðs húsnæðis, með þeim rökum, að þar sem leigusali byggi í sama húsi eða á sömu hæð, — ég man nú ekki fyrir víst, hvernig ákvæðin eru í gildandi l. núna, og það hefur komið upp svolítill ágreiningur um það hér í umr., — en þar sem hann byggi sem sagt í svo miklu nábýli við leigusala, að hætta væri á því, að leigusali hefði sérstök óþægindi af sambýlinu, þá væri honum heimilt að segja þessu leiguhúsnæði upp þrátt fyrir þær takmarkanir, sem annars eru í því efni. Nú lít ég hins vegar þannig á, að þó að það kynnu að hafa verið einhver rök fyrir því að hafa þessa undantekningu, þá falli þau rök niður, ef samþ. verða þau ákvæði, sem frv. gerir ráð fyrir að nú verði sett í lög um hin almennu viðskipti leigusala og leigutaka, því að í 9. kafla frv. eru mjög ýtarleg ákvæði um það, hvenær rifta megi leigumála, ef leigutaki uppfyllir ekki þær skyldur, sem honum eru settar í þessum almennu ákvæðum frv. Þetta er talið hér upp í 9 töluliðum. Ég skal aðeins benda þar á t. d. 7. töluliðinn, þar sem leigusala er heimilt að rifta leigumálanum, ef leigutaki níðir húsnæðið og ræður ekki bót á því, sem miður fer, þegar er leigusali krefst þess, og í 8. liðnum enn fremur, ef leigutaki vanrækir þrátt fyrir áminningar leigusala skyldur þær, er á honum hvíla til að sjá um, að góð regla og umgengni haldist í hinu leigða húsnæði, sbr. 32. gr. Og í 32. gr. er mælt svo fyrir, að leigutaka sé skylt að sjá um í fyrsta lagi, að fullkomins hreinlætis sé gætt í umgengni allri utanhúss og innan á eign þeirri, sem hann hefur á leigu, og í öðru lagi, að hávaði sé ekki í húsnæði hans umfram það, sem samrýmist góðum sambýlisháttum og fyllstu tillitssemi til annarra, og í þriðja lagi, að allt heimilisfólk hans sýni fulla kurteisi og prúðmannlega umgengni við sambýlisfólk sitt, og enn frekari ákvæði eru um þetta. Ef leigutaki uppfyllir ekki öll þessi ákvæði og ýmis önnur, sem hér eru talin upp í þessum 9. kafla frv., þá getur leigusali riftað leigusamningi og látið hann fara úr húsnæðinu þrátt fyrir þær takmarkanir, sem að öðru leyti felast í 9. og 10. kafla frv., þannig að eftir að slíkt sem þetta hefur verið lögleitt, þá tel ég enga minnstu ástæðu til þess að heimila uppsögn frekar á því

húsnæði, sem er í sama húsi eða á sömu hæð og leigusali býr í sjálfur, því að honum eru allar dyr opnar til þess að losna við þá leigjendur, sem haga sér þannig í hinu leigða húsnæði, að það sé honum til nokkurs tjóns eða óþæginda.

Ég hef þess vegna lagt til í þessari 6. og síðustu brtt. minni, að þessi 1. tölul. 61. gr. frv. falli niður og að þær takmarkanir, sem þá felast í 61. gr., nái til alls leiguhúsnæðis, sem búið er í, en eftir standa þá ákvæðin í 2. og 3. tölulið, þannig að þetta nái ekki til einstaklingsherbergja og ekki til atvinnuhúsnæðis.

Ég hef þá gert grein fyrir þessum brtt. mínum. Aðalefni þeirra er sem sagt það, að ég vil ekki, að það sé tekin upp sem lögbundin skylda leigutaka að annast um viðhald á eign, sem hann á ekki, hins vegar sé opin leið til þess að gera það með samningi við leigusala, ef viðkomandi aðilar telja það heppilegra og vilja koma sér saman um það og þá á þeim sanngirnisgrundvelli, að tillit sé tekið til þess í leigumálanum. — Hitt meginatriðið í minum till. er svo þetta, sem ég nú síðast var að ræða um, að þessi takmörkun á uppsögn leiguhúsnæðis nái til allra fjölskylduíbúða án tillits til þess, hvort leigusali býr sjálfur í húsinu eða ekki.

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

53. Togarakaup og togveiðibáts (frv. KK)

Á 8. fundi í Ed., 14. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast fyrir Húsavík lán til kaupa á togara [69. mál] (þmfrv., A. 72).

Á 9. fundi í Ed., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram hér í hv. d. frv. það, sem nú liggur fyrir til 1. umr., um, að ríkisstj. verði veitt heimild til þess að ábyrgjast fyrir Húsvíkinga lán til þess að kaupa togara, annaðhvort ábyrgjast fyrir bæjarfélagið út af fyrir sig eða fyrir hlutafélag, sem bæjarfélagið yrði þátttakandi í. Ég hef gert þetta eftir eindregnum óskum bæjarstjórnar Húsavíkur, svo sem fylgiskjal það, sem prentað er með greinargerð frv., ber með sér. Á bak við óskir bæjarstjórnarinnar standa svo samþykktir borgarafundar í Húsavík. Húsvíkingar hafa komizt að þeirri niðurstöðu, m. a. með því að líta til næsta bæjarins við sig, Akureyrar, að helzta bjargráð til að bæta úr atvinnuleysisböli vetrarmánaðanna í Húsavík sé að fá þangað togara, er gangi þaðan til veiða og leggi þar upp afla sinn.

Í Húsavík eru nú íbúar á fjórtánda hundrað. Höfuðatvinnuvegirnir í Húsavík eru sjávarútvegur og landbúnaður, svo sem lengi hefur verið. Landbúnaðurinn er til mikilla þæginda og drjúgrar matbjargar og hollustu, en sjávarútvegur verður að leggja til, auk mikillar matbjargar, sem hann leggur til, aðalpeningatekjur fólksins til viðskipta og verzlunar, í skatta og skyldur, til umbóta og framfara o. s. frv. Vel má nú segja, að alltaf hafi verið vöntun á atvinnu í Húsavík á vetrum, jafnvel atvinnuleysi, því að aflaskortur er þar venjulega á vetrum og sjór lítið sóttur, vegna þess að hvorki er afli í sjó né gæftir að staðaldri. En áður fyrr þoldu menn þetta ástand betur en nú. Lífshættir voru allt aðrir þá í Húsavík eins og annars staðar í landinu. Þá voru skattar litlir, því að samfélagið hafðist þá lítið að og hafði því lítinn tilkostnað og krafðist lítilla framlaga. Menn grófu mó úr jörðu til eldsneytis. Nú kaupa menn erlent eldsneyti og rafmagn. Áður sóttu menn vatn í læki eða brunna. Nú kaupa menn vatn í vatnsveitunni. Ég nefni þetta sem dæmi um auknar og sjálfsagðar þarfir. Vegna þessara atriða og margs annars gátu menn þá þreyð þorrann og góuna atvinnulausir, þótt menn geti það alls ekki lengur. Og að menn geta það ekki nú, stafar ekki af ódugnaði í afköstum og kemur ekki heldur af breyttu náttúrufari landsins eða illum stjórnvöldum, heldur meiri lífskostnaði, betri aðbúð, auknum þörfum. Stöðugt vaxandi þarfir hafa kallað eftir meiri atvinnu og stöðugri, og nú orðið kalla þær eftir atvinnu alla mánuði ársins, því að alla mánuði ársins þarf að standa straum af útborgunum, sem útheimtast til þess að lifa — eins og nefnt er — menningarlegu og mannsæmandi lífi.

Eftir því sem fólki fjölgar meira í bæ eða kauptúni með atvinnuhætti eins og venjulegastir eru, eftir því reynir meira á þolrif atvinnuveganna. Húsavík hefur fram að þessu haldið í horfi og sinnt, að ég tel, umbótum og kröfum tímanna sómasamlega. Þetta hefur tekizt af því, að Húsavík hefur sent burt stærri báta á vetrum til útgerðar og margt manna hefur farið í atvinnuleit á fjarlæga staði. En nú hrekkur þetta ekki til lengur. Nú þarf aukna atvinnu heima. Samt er í Húsavík, sem betur fer, ekkert neyðarástand enn þá, en það getur orðið, og það blasir við fram undan, ef ekki er aðhafzt. Það þarf, sem betur fer, ekki að reisa, heldur styðja, og það er alltaf hægara að styðja en reisa. Frv. þetta er ósk um stuðning, sem Húsvíkingar álíta að sér sé mikilsverður og muni hrökkva til ávinnings næsta áfanga.

Frá Húsavík á togari ekki erfiðara að sækja til miða heldur en frá Akureyri, en togaraútgerð á Akureyri er talið að hafi gengið vel.

Á Húsavík er höfn fyrir togara og löndunaraðstaða. Þar er hraðfrystihús, sem er almenningseign. Þar er saltfisksþurrkunarhús, sem líka er almenningseign. Þar eru fisksöltunarhús til reiðu. Þar er síldarverksmiðja, sem vinnur fiskúrgang. Hana á ríkið, og hún mundi að sjálfsögðu hafa ávinning af auknum verkefnum.

Húsavík er einn af 13 kaupstöðum landsins.

Aðeins í þrem þessara bæja eða kaupstaða er nú engin togaraútgerð. Það er í Húsavík, Ólafsfirði og Sauðárkróki. Ríkið hefur veitt öllum hinum kaupstöðunum 10 eða íbúum þeirra meiri og minni aðstoð til þess, að þangað fengjust togarar. Enn fremur hafa þó nokkur kauptún orðið þvílíkrar aðstoðar aðnjótandi. Hér er þess vegna alls ekki nýmæli á ferð, ekki verið að biðja um að skapa fordæmi, heldur er farið fram á jafnrétti. Ég tel aðstöðuna heima fyrir í Húsavík þannig, að hún sé mun betri til þess að hagnýta togaraafla en víða annars staðar, og þörfina fyrir aukna atvinnu tel ég tvímælalausa. Svo vel vill líka til, að hæstv. ríkisstj. hefur starfandi atvinnumálanefnd, og sú atvinnumálanefnd kom til Húsavíkur í sumar og athugaði þar aðstöðu og atvinnuhætti og atvinnuástand. Mér þætti mjög eðlilegt, að n., sem um þetta mál fjallar væntanlega, leitaði álits þessarar n., og ég efast ekki um, að það álit muni votta það, að ég hef hér með því, sem ég hef sagt, skýrt rétt frá.

Í frv. er ekki tiltekin lánsupphæð, sem ríkið megi ábyrgjast, en hins vegar er tiltekið hundraðshlutfall af stofnkostnaði, 90% hámark ábyrgðar á lánum og auðvitað með þeim fyrirvara, að kaupverð togarans verði við hæfi eftir áliti ríkisstj. Þetta, 90% ábyrgð fyrir stofnláni, 1. veðréttar lán er falið þar í, mun vera það hlutfall, sem viðgengizt hefur um aðstoð ríkisins, þó að sums staðar hafi ekki verið svo hátt farið, en annars staðar hefur líka áreiðanlega verið meiri hjálp veitt. Ég sé engar líkur til þess, að Húsvíkingar geti lagt fram í upphafi meira en tíunda part stofnkostnaðar. Ekki er hægt að vita með vissu, hvert stofnverðið kann að verða. Helzt munu Húsvíkingar hugsa til þess að kaupa einhvern hinna fyrri nýsköpunartogara. Gamla togara vilja þeir alls ekki, og er það ekki láandi. Togara af nýjustu gerð telja þeir sér yfirleitt ofviða að verði, enda veit ég engan þeirra falan. Hins vegar mun Húsvíkingum hafa boðizt í sumar og haust fleiri en einn togari úr hópi eldri nýsköpunartogaranna, þeirra, sem ekki eru í bæjareign.

Ég leyfi mér að vænta þess, að hið háa Alþ. telji við eiga að taka þessu frv. vel og samþykkja það. Ég óska, að málinu verði að aflokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 72, n. 196).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Hv. fjhn. fól mér að hafa framsögu með nál. sínu í þessu máli. Ég get verið hér mjög stuttorður, af því að ég gerði sem flm. grein fyrir málinu við 1. umr. og fskj. málsins eru mjög vel upplýsandi um aðalatriði þess.

Fjhn. sendi málið til atvinnumálanefndar þeirrar, sem hæstv. ríkisstj. hefur starfandi. Þetta var sjálfsagt að gera. Atvinnumálanefndin hafði í sumar sem leið ferðazt til Húsavíkur og kynnt sér rækilega atvinnuhætti, atvinnuaðstöðu og atvinnuhag í Húsavík. Nefndin staðfesti í svari sínu það, sem ég sagði við 1. umr. málsins, að atvinnuleysi sverfur mjög að í Húsavík á vetrarmánuðunum. Atvinnumálan. lýsir yfir, að það sé skoðun sín, að togari, sem legði afla sinn á land í Húsavík, sé líklegasta ráðið til þess að draga úr árstíðabundnu atvinnuleysi þar.

Hv. 1. þm. Eyf., form. fjhn., fór þess á leit við fjhn., að hún tæki upp till. um, að ríkisstj. yrði ekki aðeins heimilað að ábyrgjast lán til togarakaupa vegna Húsavíkurkaupstaðar, heldur einnig vegna Ólafsfjarðarkaupstaðar. Ólafsfirðingar eiga við svipað atvinnuleysi að stríða og Húsvíkingar. Þeir hafa einnig mikinn áhuga fyrir að bæta úr því atvinnuleysi með togaraútgerð, telja það helzta eða jafnvel eina sýnilega úrræðið. Í bréfi sínu talaði atvinnumálan. um þann möguleika, að Húsavík og hafnir við Eyjafjörð, t. d. Ólafsfjörður, hagnýttu í félagi togaraafla. Niðurstaðan af athugun og umræðum þessara mála í fjhn. var svo ályktun um að mæla með því, að l. verði út gefin, sem heimili ríkisstj. að ábyrgjast lán fyrir báða kaupstaðina, Húsavík og Ólafsfjörð, til togarakaupa eða fyrir hlutafélög, sem kaupstaðirnir séu þátttakendur í, og nái heimildin hvort sem heldur er til ábyrgðar vegna kaupa eins togara fyrir báða kaupstaðina saman eða kaupa á sínum togaranum fyrir hvorn kaupstað. Verður þá ríkisstj. að meta, hvort sé heppilegra.

Brtt. þær, sem fjhn. flytur á þskj. 196, eru við þetta miðaðar. Enn fremur er sú breyting líka samkv. till. n., að í stað þess að í frv. segir, að togarinn skuli vera veðsettur til tryggingar, þegar ábyrgðin sé veitt, þá segir í till. n., að þær tryggingar skuli settar, sem ríkisstj. meti gildar. Verður það þá samningsmál, hvernig tryggt er, og af n. hálfu ætlazt til, að ríkisstj. geti verið kröfuharðari um tryggingar en frv. áður gerði beinlínis ráð fyrir.

Ég hef sem flm. frv. ekkert við þessar breyt. að athuga. Ég tel mjög eðlilegt, jafnvel sjálfsagt, að Ólafsfjörður fái sams konar aðstoð og Húsavík, þótt það sé fámennari staður. 10 kaupstaðir af 13 kaupstöðum alls í landinu, sem til eru, hafa áður fengið aðstoð til togarakaupa beint eða óbeint og nokkur kauptún þar að auki. Stuðningur við Húsavík og Ólafsfjarðarbæ er því eins og nú er komið hreint og beint jafnréttismál. Ég treysti ríkisstj. til að verða ekki miklu kröfuharðari um tryggingar við þessa kaupstaði en hún hefur áður verið við hina kaupstaðina. Ég þakka meðnm. mínum í fjhn. fyrir það, að þeir hafa allir orðið sammála um að mæla með jákvæðri afgreiðslu málsins, og ég leyfi mér að vænta þess, að hv. d. samþykki frv. með þeim breyt., sem fjhn. leggur til á þskj. 196.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skal sízt hafa á móti því, að aðstoð verði veitt til nauðsynlegrar atvinnuaukningar á Húsavík og Ólafsfirði, en ég vil benda á, að hér er um allmiklu víðtækara mál að ræða. Nú þegar er lagt fram frv., sem var útbýtt hér áðan, um sams konar eða svipaða aðstoð fyrir nokkur Vestfjarðakauptún. Og þá hlýtur að vakna sú spurning — og raunar strax af tilefni þessa frv. eins, hvaðan eigi að taka þau veiðiskip, sem ætlunin er að fyrir ríkisíhlutan fari til þessara staða. Er ætlunin að kaupa ný skip til landsins, eða er ætlunin að taka skip frá öðrum stöðum, og hvaðan á þá að taka skipin? Ég vil lýsa því yfir, að ef ætlunin er að taka skip frá einhverjum stöðum, þá verður, áður en skipin eru tekin þaðan, að gefa aðilum á þeim stað samsvarandi hlunnindi eins og ætlunin er að veita þeim á hinum nýja stað. Minn ágæti vinur og velviljaði forustumaður í ýmsum þörfum umbótamálum, hv. 1. þm. N-M., skaut því fram, hvort ekki væru ýmsir togarar undir hamrinum. Það kann vel að vera. En mundu ekki þeir aðilar, sem eru nú í vandræðum með sín skip, geta bjargað sér, ef þeir ættu völ á slíkum hlunnindum eins og hér er um að ræða? Það er fyrsta spurningin, sem úr verður að leysa. Og ef ekki þeir sömu fyrri eigendur, eru þá ekki einhverjir aðrir aðilar á sama stað, sem eru fúsir til þess að taka að sér útgerð skipanna, ef þeir eiga kost á sams konar aðstoð? Ég vil lýsa því yfir, að að svo miklu leyti sem ætlunin kann að vera að beita þessari ábyrgð til þess að fá einhverja togara t. d. frá Reykjavík, þeim stað, sem ég er þm. fyrir, þá er ég algerlega andvígur því, að slík hlunnindi séu veitt öðrum stöðum, nema Reykvíkingum sé samtímis boðið upp á sams konar hlunnindi, ef þeir halda skipunum hjá sér.

Þannig er þetta mál miklu víðtækara en svo, að hægt sé að afgreiða það með einu slíku frv. Það er vitað mál, að árstíðabundið atvinnuleysi er því miður ekki síður hér í Reykjavík og á ýmsum öðrum stöðum heldur en t. d. Húsavík og Ólafsfirði, og geri ég ekki lítið úr erfiðleikum þessara kaupstaða á vissum tímum árs. En það er vitað, að Reykjavík þolir ekki, með því stöðuga aðstreymi, sem hingað er af fólki, og vexti bæjarins, að vera svipt þeim atvinnutækjum, sem þegar eru hér. Menn verða að horfast í augu við það. Það kann að vera, að einstaka skip liggi nú, vegna þess að fjárhagsörðugleikar séu svo miklir, að ekki hafi verið hægt að gera það út eða skapa nýjan grundvöll fyrir útgerð þess. Þá er það fyrsta að athuga, hvaða ráðstafanir þarf að gera, til þess að útgerðin á þessum skipum geti haldið áfram. Og það er miklu eðlilegra, að ráðstafanir séu gerðar til þess, að útgerðin geti haldið áfram á þeim stað, þar sem skipin eru og fullvíst er og áreiðanlegt að á útgerðinni þarf að halda vegna atvinnuástandsins á þeim stað, heldur en að fara að reyna að skapa grundvöll fyrir útgerð togara á þeim stöðum, þar sem togaraútgerð hefur aldrei verið. Ég held þess vegna, að hv. n. verði að athuga þetta mál töluvert betur, athuga, hvaða staði hún er að svipta atvinnumöguleikum með þessu frv., eða ef ætlunin er að kaupa ný skip erlendis frá, að segja þá svo beinlínis og binda heimildina við það. Og þá tel ég fyrir mitt leyti, að frv. sé miklu aðgengilegra. Það mundi gerbreyta viðhorfi til málsins hjá mér. En að öðru leyti finnst mér langeðlilegast, að þessu frv. verði breytt í almenna heimild til sveitarstjórna um, að þær eigi rétt á slíkum hlunnindum eins og hér er ætlunin að veita einhverjum tilteknum þeirra.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þegar frv. þetta var til umr. í hv. fjhn., benti ég á, að samþykkt þess hér í þessari d. mundi hafa allvíðtæk áhrif og við þetta mundu bætast ýmsar kröfur, sem kæmu frá öðrum aðilum. Var þegar vitað um, að því hafði verið hreyft á öðrum vettvangi að fá allvíðtækar tryggingar fyrir taprekstri og til kaupa á ýmsum öðrum skipum en hér um ræðir. Gaf ég þeirri nefnd, sem með þau mál fer, einnig upplýsingar um þetta atriði, sem hér um ræðir, en henni þótti sjálfsagt ekki ástæða til þess að taka það til athugunar á þessu stigi málsins, þar sem þetta mál hefði ekki legið beinlínis fyrir henni. Ég tjáði þá n., að ég mundi ekki geta fylgt frv. eins og það er á þskj. 72, þar sem aðeins er sagt, að „ábyrgðin má vera fyrir upphæð, er nemur allt að 90% af kaupverði togarans, enda sé kaupverðið ekki óeðlilega hátt að áliti ríkisstj." — og svo síðar, að „togarinn sé veðsettur ríkinu eða til tryggingar lánsfénu". Ég minntist þá á það við n., að það yrði að setja aðrar og miklu meiri tryggingar fyrir ábyrgðinni heldur en hér er talað um í þeirri grein, enda féllst n. á það, eins og hv. frsm. hefur nú þegar skýrt frá og kemur fram í nál., að þar er breytt meginmálsgr. þannig: „enda sé kaupverðið ekki óeðlilega hátt að áliti ríkisstj. og tryggingar settar, sem hún metur gildar," — án þess þó að taka það fram í gr., hve þær skuli vera háar. Nú hefur hv. frsm. sagt hér í umr., að hann vænti þess og treysti því, að hæstv. ríkisstj. verði ekki kröfuharðari við Húsavík og þá náttúrlega að sjálfsögðu ekki heldur við Ólafsfjörð um tryggingu fyrir ábyrgðinni, sem gefa á, en hún hefði verið um aðra staði. Í þessu liggur beinlínis krafa frá hans hálfu, að hér sé ekki krafið um meiri tryggingar en þær, að skipið eitt verði trygging fyrir 90% af kaupverði, því að það eru fordæmi fyrir því, að slíkt hefur verið látið ganga um önnur skip. Ég tjáði hv. flm. þegar í n., að ég gæti ekki undir neinum kringumstæðum fellt mig við, að málið yrði afgreitt á þann hátt, sem hann nú óskar eftir að gert verði, þ. e. að ríkisstj. geri ekki meiri kröfur til tryggingar fyrir þessum kaupum en hún hefur gert í sambandi við aðra staði. Það kemur hv. flm. ekki á óvart. Og ég minntist þá á að setja það inn í frv., hver sú lágmarkstrygging ætti að verða. Um það varð ekki samkomulag, og ég féllst á, að á þessu stigi málsins skyldi ég fylgja frv., með því að sett yrði það ákvæði, sem ég þegar hef lýst, þ. e. að ríkisstj. tæki gilda þá tryggingu, sem sett væri fyrir ábyrgðinni. Nú hef ég rætt þetta nokkru nánar einnig í sambandi við önnur mál og fengið það

svar, að hæstv. ríkisstj. þætti það miklu betra, að það yrði sett eitthvert lágmarksákvæði í sambandi við tryggingarnar. Og áður en ég fer lengra út í þetta atriði, vil ég aðeins rekja svolítið, hvernig þetta allt er tilkomið.

Þegar hinir 10 seinni togarar voru keyptir og þeim var úthlutað hér, hafði farið fram ákaflega mikil gengisfelling, frá því að togararnir voru pantaðir og þar til þeir voru afhentir. En það hafði aftur valdið þeim erfiðleikum, að margir af þeim mönnum, sem pöntuðu togarana á sínum tíma, en þeir voru þá yfir 30 að tölu, treystu sér ekki til að taka við skipunum með þeim kjörum, sem fyrri skipin voru afhent með. Það varð því að ráði, að ríkisstj. skyldi ábyrgjast í fyrsta lagi það lán, sem var á 1. veðrétti í skipunum, en það var um 70%, og síðan skyldi hún lána um 20% af skipsverðinu til 20 ára. Þetta var beinlínis gert til þess að finna kaupanda að þessum skipum innanlands, en þurfa ekki að selja þau aftur á erlendum markaði, sem vel var hægt að gera, og láta þau þá ekkert koma heim. Þótti réttara að hjálpa útgerðinni hér heima til þess að eignast þessi skip á þann hátt, sem ég hef hér tjáð. En aðalástæðan fyrir þessu var þá gengisfallið.

Þegar kaupskilmálum að þessum skipum var breytt sem hér segir, urðu það margir kaupendur að þeim, að ekki var hægt að uppfylla óskir þeirra manna, sem vildu kaupa ný skip með þessum kjörum. Þá var horfið að því að kaupa eitt skip innanlands af eldri skipunum til þess að bjarga alveg sérstöku ástandi á Siglufirði, og það var keypt fyrir allmiklu hærra verð en fyrri eigendur höfðu gefið fyrir það. Var það látið með þessum sömu kjörum til Siglufjarðar, ekki af því, að það þyrfti að koma skipinu út, heldur beinlínis vegna þess, að það þurfti að bjarga þeim stað í sambandi við atvinnumál. *(BSt:* Ekkert frekar en Ólafsfirði t. d.) — Ekki frekar en Ólafsfirði, en það var nú samkomulag um, að þetta yrði gert þá og aðeins í sambandi við Siglufjörð. Nú hafa komið kröfur frá öðrum stöðum, eins og Húsavík og Ólafsfirði, um að fara inn á þessa sömu braut.

Þegar litið er á afkomu þeirra skipa, m. a. þeirra skipa, sem fóru til Siglufjarðar, þá er sýnilegt, að hér þarf að spyrna við fótum. Það var engan veginn nægilegt, að ríkið hjálpaði Siglufirði til þess að kaupa nýtt skip og ábyrgðist allt að 90% af kaupverðinu, heldur hefur nú komið til ríkisstj., þó að það hafi ekki komið til þessarar hv. deildar, ósk eða bein krafa um alveg nýja aðstoð upp á hvorki meira né minna en 3 millj. kr., 1½ millj. kr. fyrir hvort skip. Er hér um að ræða það tap, sem þessi skip hafa orðið fyrir á einu ári. Þess vegna er það frá minu sjónarmiði, eins og ég sagði nefndinni á sínum tíma, þegar þetta var rætt þar, engin trygging fyrir því, að Húsavík, Ólafsfjörður eða aðrir staðir geti haldið uppi sínum atvinnumálum, þó að ríkið hjálpi til þess að láta þá hafa slíkt atvinnutæki eins og hér um ræðir með 90% láni eða ábyrgð fyrir samsvarandi upphæð. Það er enginn rekstrargrundvöllur fyrir slíku atvinnufyrirtæki, eins og ég raunverulega margtjáði nefndinni. Hv. flm. till. sagði þá, að það yrði jafnan að vera eftir mati hæstv. ríkisstj. á hverjum tíma og hún gæti þá sett fram, eins og hann minntist einnig á í sinni frumræðu, þær kröfur, sem henni sýndist. En þegar hann einmitt á sama tíma gerir þá kröfu, að ekki séu settar meiri tryggingar fyrir láni til þessara skipa, sem hér um ræðir, heldur en gert var fyrir þeim skipum, sem áður hafa verið af hendi látin, þá sé ég ástæðu til þess að hreyfa þessu máli nú og bera fram brtt. við frv. þegar á þessu stigi.

Ég vil því leyfa mér að leggja til, að aftan við meginmálsgr. á þskj. 196 verði bætt: „Þó skal lágmark tryggingar auk trygginga í skipinu sjálfu og ábyrgð sveitarsjóðs viðkomandi sveitarfélags aldrei nema minna en 500 þús. kr. fyrir hvert skip.“ Það er sú upphæð, sem ég minntist á í n. að væri sú lægsta trygging, sem hægt væri að hugsa sér að hvaða aðili sem væri hefði, svo að hann væri öruggur um rekstur, a. m. k. fyrst um sinn. Það eru dæmi þess, að þessi skip hafi tapað miklu stærri upphæðum, en með sæmilegum árangri, sæmilegri veiði og sæmilegum rekstrarafgangi mætti búast við, að svona fyrirtæki þyrfti þó ekki miklu meira en 500 þús. kr. til rekstrarfjár á fyrsta ári.

Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að á undan 1. veðrétti í skipi ganga jafnan sjóveðskröfur skipshafnar. Og þegar um er að ræða vinnulaun skipshafna, sem nema allt að 2 millj. kr. á ári, þá þarf ekki að koma fyrir ákaflega stórt áfall til þess, að sjóveðskröfurnar einar nemi ekki þeirri upphæð, sem hér um ræðir, og þá er að sjálfsögðu veðhæfni skipsins einskis virði. Ég teldi meira að segja, að þessi upphæð væri ekki nægjanlega há, nema til komi einnig ábyrgð sveitarsjóðanna, því að ef sveitarsjóðirnir eru lítils eða einskis virði, þá ætti að hækka þessa upphæð stórkostlega til þess að tryggja það, að þeir misstu ekki skipin, ef einhver áföll skyldu koma fyrir.

Ég vil því leyfa mér að leggja þessa brtt. fram hér, afhenda hana hæstv. forseta, en vil um leið mjög óska þess, að umræðum um þetta mál verði nú frestað og n. gefist kostur á því að ræða þessa nýju brtt., áður en málið verður tekið til atkvæða hér við 2. umr.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi brtt. við brtt. á þskj. 196:

„Aftan við meginmálsgreinina bætist: Þó skal lágmark tryggingar auk trygginga í skipinu sjálfu og ábyrgð sveitarsjóðs viðkomandi sveitarfélags aldrei nema minna en 500 þús. kr. fyrir hvert skip.“

Þessi till. er of seint fram komin og þar að auki skrifleg og þarf afbrigði, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 212) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Ég mun að vísu verða við ósk hv. þm. Barð. um að ljúka ekki þessari

umr. nú, en mun þó veita þeim hv. þdm. orðið, sem höfðu kvatt sér hljóðs áður en hann bar þessa ósk fram. Þó mun nú ekki vera kostur á því, að einn þeirra geti tekið til máls, því að það er forseti deildarinnar og hvorugur varaforsetinn sjáanlegur.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Mér virðist, að frv. þetta, sem hér liggur fyrir, hafi hlotið mjög rausnarlega afgreiðslu hjá n., þar sem allir nm. virðast vera nokkurn veginn samþykkir till. í aðalatriðum. En samkv. ræðu hv. þm. Barð. virðist hann hafa nokkra sérstöðu í málinu, sem hann vill nú láta fram koma með sérstakri brtt. Ég veit ekki, hvort hv. n. hefur gert sér fyllilega grein fyrir því, hvaða afleiðingar það kynni að hafa, ef till. hennar yrðu samþ. í þinginu. En það er greinilegt, að áhrifin láta ekki á sér standa. Nú þegar er komið fram frv., eins og hæstv. dómsmrh. gat um í sinni ræðu, — frv. þess efnis að ábyrgjast lán til kaupa á togara og togveiðibát fyrir Ísafjörð og sjávarþorpin við Ísafjarðardjúp. Að sjálfsögðu hafa fleiri staðir eða þorp rétt á slíkri fyrirgreiðslu en Ólafsfjörður og Húsavík, og ef frv. sem þetta er samþ., verður ekki séð, að hægt sé að synja öðrum stöðum um slíka fyrirgreiðslu. (*Forseti:* Hvað um staði, sem þegar hafa fengið svona fyrirgreiðslu?) — Ég skal ekki segja um það, hvort hægt er að ræða um þá staði, sem þegar hafa fengið fyrirgreiðslu, en það eru margir staðir á landinu, sem enga fyrirgreiðslu hafa fengið og geta með alveg sama rétti óskað eftir slíkri fyrirgreiðslu eins og Ólafsfjörður og Húsavík. Ég geri ráð fyrir, ef þetta yrði samþ., að þingið mundi standa mjög höllum fæti um að synja slíkum beiðnum. En það hefur að líkindum ekki vakað fyrir hv. n., að samþykkt frv. kynni að hafa slíkar afleiðingar, en ég skal þó ekkert fullyrða um, hvað hv. n. hugsar í því efni.

Mér virðist, að brtt. n. sé í raun og veru lítil breyt. frá sjálfu frv., þó að í till. sé tekið fram, að settar skuli tryggingar, sem ríkisstj. metur gildar. Hv. frsm. hefur nú farið fram á, að þetta verði skilið þannig af ríkisstj., að þeir staðir, sem nefndir eru í frv., verði ekki látnir sæta þyngri búsifjum í þessu efni en þeir staðir, sem þegar hafa fengið togara. Hv. þm. Barð. taldi sig nú ekki geta fallizt á þetta sjónarmið og hefur þess vegna borið fram till. um það, að umræddir staðir skuli leggja fram ákveðna fjárhæð til kaupa á skipunum. Segja má, að það sé í rétta átt að gera stöðunum að skyldu að leggja fram ákveðna fjárhæð. Það sýnir þó, að einhver snefill af grundvelli sé fyrir rekstri skipanna. Ég veit ekki, hvort þessir staðir hafa gert sér grein fyrir því, hvaða fjárhagslega ábyrgð þeir eru að binda sér. Það er kunnugt, að tap í einni veiðiför slíkra skipa getur orðið svo mikið, að staðir eins og Húsavík og Ólafsfjörður gætu ekki risið undir því, — ég segi tap í einni veiðiför. Það sýnir, hversu óskaplega varhugavert er fyrir fátæk bæjarfélög að taka að sér áhættumikinn stórrekstur, en ég kalla það stórrekstur fyrir lítið bæjarfélag að reka togara. Og áhættan er geysileg, eins og oft hefur sýnt sig. Við höfum því reynsluna fyrir okkur. Flest af þeim bæjarfélögum, sem hafa keypt togara, hafa því miður ekki getað rekið þá svo, að þeir gætu borið sig, og flestir af þeim hafa ekki getað staðið undir tapinu. En hvað hugsa þá þessir staðir, sem hér er um að ræða? Hafa þeir gengið út frá því, að þeir gætu sjálfir staðið straum af taprekstri, sem af skipunum kynni að leiða fyrst í stað? Eða reikna þeir með því, að tapið lendi jafnóðum á ríkissjóði og það kemur fram? Reikna þeir með því, að ríkissjóður verði að greiða tapið, en hafi ekki aðstöðu til og muni ekki telja það hyggilegt að taka skipin af bæjarfélögunum? Þetta vandamál liggur einmitt fyrir í dag. Þessi vandi er þingi og ríkisstjórn á höndum í dag, að ákveða, hvort þau skip, sem hafa verið rekin af bæjarfélögum með stórtapi, eigi að halda áfram að vera á þeirra vegum, og þá hvernig eigi að koma því fyrir, að skipin geti haldið áfram að vera á sömu stöðunum. Þegar um þetta er rætt, gera menn sér ekki ætíð ljóst, að verið er að stofna fjárhag þessara bæjarfélaga í geipilega hættu. Jafnvel bæjarfélag eins og Vestmannaeyjar, sem má telja vel stætt og stendur vel að vígi, vegna þess að þar er einhver mesta veiðistöð landsins með stóran bátaflota, hefur nú undanfarið verið að kikna undir taprekstri tveggja togara.

Þetta er því ekki eins einfalt mál og hv. n. virðist telja það, að ekki þurfi annað en að samþ. l. á þingi, til þess að þessi tvö bæjarfélög, sem hafa árstíðabundið atvinnuleysi, geti fengið til sín stórrekstur með því að tryggja 10% af andvirði togaranna og án þess að geta sýnt fram á, að þau hafi nokkur tök á að standa undir þessum rekstri. Ef bæjarfélag ræðst í slíkt fyrirtæki, án þess að hægt sé að segja, að það geti annazt útgerðina á venjulegum heilbrigðum rekstrargrundvelli, þá er enginn grundvöllur fyrir þessari fyrirgreiðslu, vegna þess að þá getur þetta bæjarfélag ekki haldið uppi rekstrinum, nema ríkissjóður taki að sér tapið og greiði það og hjálpi svo bæjarfélaginu til þess að halda taprekstrinum við, ef það sýnist óhjákvæmilegt vegna atvinnuástandsins.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Mér þótti vænt um að heyra það, að hæstv. dómsmrh. sagðist ekki vera því mótfallinn út af fyrir sig, að Húsavík og Ólafsfirði yrði veitt aðstoð til þess að komast yfir togara. En hann vildi fyrst og fremst fá upplýsingar um það, hvaðan ætti að taka þá togara, hvort það væri meiningin að kaupa nýja togara til landsins eða flytja til togara í landinu. Og enn fremur virtist mér hann telja það alveg sérstakt áhættumál að samþ. svona frv. með þeirri brtt., sem fyrir liggur, ef það væri ætlunin að taka togara, sem þegar er til í landinu, og flytja.

Ég get svarað því að því er snertir Húsavík, að það hefur ekki vakað fyrir áhugamönnum þar að fara fram á það, að keyptur væri togari til landsins, og það er vegna þess, að yfirleitt virðist ekki líta svo út, að þeir, sem fara með völd í landinu, telji, að af gjaldeyrisástæðum séu möguleikar á slíku, og líka vegna hins, að

þegar það vitnaðist, að Húsavík hefði hug á því að fá sér togara, þá bárust henni ýmis tilboð um kaup á togurum. Það virðist þess vegna liggja á lausu fyrir þann stað, sem vill fá sér togara, að geta fengið hann. En því skal ég bæta við, að það voru ekki bæjarfélög, sem buðu togara, heldur einstakir menn, — það voru togarar úr einkarekstri, sem boðnir voru.

Viðvíkjandi því, hvað hættulegt sé að samþ. svona l. vegna þeirra, sem ekki mættu missa togarana, þá vil ég benda á það, að hér er aðeins um heimild að ræða og enga fordæmisheimild. Þó að frv. væri samþ., þá er ekki þar með leitt í lög, að Húsavík og Ólafsfjörður skuli fá togara frá stað, sem alls ekki má missa togara, heldur er aðeins heimilað, að ríkisstj. megi veita þeim aðstöðu til þess að fá togara, og það er eftir fyrir Húsavík og Ólafsfjörð að vinna ríkisstj. til þess. Og mér finnst votta fyrir meira vantrausti á ríkisstj. heldur en ég hef haft og heldur en mér finnst eiginlega eðlilegt að ríkisstj. hafi á sjálfri sér, þegar það á að verða aðalatriðið hjá einum úr hæstv. stjórn, að hér sé hættumál á ferðinni, þegar aðeins er um heimild handa ríkisstj. að ræða. Um fordæmi með slíkri heimild er ekki að tala að þessu sinni, því að hér eru komnir á undan beint og óbeint 10 bæir. Hér er um jafnréttismál að ræða. Og ef nú fordæmið væri, ef það væri einhver eftir í landinu, sem teldi sig hafa alveg sama rétt og þessir bæir, þá held ég, að það sé bara einn, og það er bærinn Sauðárkrókur. Það er eini bærinn, sem ríkið á eftir að veita aðstoð til togarakaupa, auk Húsavíkur og Ólafsfjarðar.

Svo er annað. Mér virtist koma fram hjá hæstv. dómsmrh., að hann teldi eðlilegra að veita þessa heimild sem almenna heimild vegna sveitarfélaga. Mér hafði ekki hugkvæmzt, að það gæti samrýmzt að vera á móti þessari heimild, vegna þess að hún væri að einhverju leyti hættuleg á þá leið, sem áður greinir, en með því, að heimildin yrði gerð almenn snertandi öll sveitarfélög. Mér finnst þess vegna ekki laust við, að grunsamlegt sé, að einhverjar aðrar ástæður séu fyrir því, að bandað er á móti þessu frv., heldur en þær, sem látnar eru í veðri vaka. Og þykir mér þá kenna ósanngirni vegna þess, sem á undan er gengið. En vitanlega mundi ég ekki hafa við það sérstaklega að athuga sem flm. þessa frv., þó að heimildin yrði víkkuð, því að ég er ekki að biðja um sérréttindi fyrir Húsavík. Ég ætlast til þess, að það verði metið af ríkisstj., þegar heimildir sem þessar eru notaðar, hversu réttmætar þær eru. Og þegar til mats kemur að því er snertir Húsavík, þá er ég viss um það, að þar er aðstaða og þar er þörf, sem réttmætt er að taka til greina.

Hv. þm. Barð. gerði hér að umtalsefni tryggingaratriðið. Og ég játa það, að hann hafði minnzt á málið á svipaðan hátt í fjhn. eins og hann gerði hér áðan. En hann hafði þó sætt sig við þá niðurstöðu, sem kemur fram í till. þeirri, sem n. flytur. Þess vegna finnst mér veðrið hjá honum skipast á helzt til skammri stund — eða ganga fljótt upp aftur. En þá hefur hann líka hreinsað sig af því að standa að rausnarlegri afgreiðslu, sem hæstv. viðskmrh. vildi segja að afgreiðsla fjhn. hefði verið. Ég álít, að það sé rétt að krefjast skynsamlegra trygginga, en þó álít ég, að af því að hér er um jafnréttismál að ræða, eins og ég hef lagt áherzlu á, þá þurfi að gæta hófs í slíku, ef á ekki að gera mun á mönnum í landinu. Og enn fremur kemur það til greina, að oft er það svo, að þeir, sem þurfa á aðstoð að halda, eru einmitt þeir, sem örðugast eiga með að setja miklar tryggingar. Þess vegna leita þeir aðstoðar. Og víst væri það svo, að ef bæirnir væru þess megnugir að kaupa sér togara án ríkisaðstoðar, þá mundu þeir gera það.

Hæstv. viðskmrh. talaði allmikið um þá áhættu, sem ráðizt er í af bæjum með því að reka togaraútgerð, og víst er sú áhætta til, en áhætta atvinnuleysisins og áhætta sú, sem í því felst að hafast ekkert að vegna atvinnuleysis, er líka mikil, og þó að hægt sé að benda á slæm dæmi um togararekstur, þá eru líka til önnur dæmi, og einmitt þeir bæir, sem frv. talar um, hafa dæmin hjá sér um togararekstur, sem hefur borið sig vel og talinn er til mikillar farsældar á sínum stað. Það er sem sé togaraútgerðin á Akureyri. Aðstaða til miða fyrir togara frá Húsavík og Ólafsfirði og mörg önnur aðstaða er ekkert verri þar heldur en á Akureyri.

Ég hafði vænzt þess, að þetta mál gæti fengið nokkuð greiðan byr í gegnum þessa hv. d., en hins vegar mun ég ekkert fjargviðrast út af því, þó að málinu sé frestað um stund og tekið fyrir aftur í n. Ekki sízt, ef það gæti orðið til þess, að t. d. hæstv. ríkisstj. gæti bent á leiðir til úrlausnar fyrir þessa bæi, sem jafngiltu því, að þeir fengju togara, eða fyndi flöt á því að veita umbeðna aðstoð á þann hátt, sem hæstv. stjórn er ekki hrædd við fyrir sjálfa sig og landið.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Það er fullkomlega rétt, að eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, virðist það hið mesta nauðsynjamál fyrir Húsavíkurkaupstað að fá aðstoð til atvinnuaukningar á staðnum, og að ýmsu leyti virðist líkleg leið í því efni sú, sem bent er á í frv., sem hér liggur fyrir. En því verður ekki neitað, að það eru fleiri staðir, sem svipað er ástatt um og með sama rétti geta vænzt aðstoðar frá ríkinu til atvinnuaukningar heima hjá sér. Hv. fjhn. hefur nú fallizt á að bæta við Ólafsfirði og veita honum kost á sömu aðstoð eins og Húsavík. Í Nd. er borið fram frv. af einum öflugasta stuðningsmanni hæstv. ríkisstj., hv. þm. N-Ísf., þess efnis, að svipuð aðstoð sé látin í té Ísafjarðarkaupstað og Bolungavík. Og ég tel víst, að áður en þessu máli lýkur, þá drífi víðar að sams konar beiðnir studdar mjög svipuðum rökum.

Ég er alveg sammála því, sem hæstv. dómsmrh. sagði hér áðan, að það, sem menn verða fyrst að gera sér grein fyrir í þessu sambandi, er, hvaðan skipin eiga að koma. Er ætlunin, að þessir togarar, sem einstökum stöðum er hjálpað til að kaupa, séu teknir frá öðrum

stöðum hér innanlands, eða er ætlunin að kaupa þá frá útlöndum? Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. um það, að sú leiðin sé miklu æskilegri að reyna að fá til viðbótar skip til að bæta úr á þessum stöðum. Í því sambandi vil ég minna á, að í hv. Nd. liggur núna frv. um togarakaup ríkisins til atvinnujöfnunar, þar sem einmitt er viðurkennd þessi þörf og jafnframt getuleysi einstakra sveitarfélaga til þess að bæta úr henni hvert um sig. Ég held því, að það væri fyllsta ástæða til þess fyrir hv. fjhn., sem sýnilega hefur áhuga á að leysa þetta mál, að taka það upp til athugunar, nema hæstv. ríkisstj., sem að mörgu leyti mætti telja eðlilegt, tæki að sér forgöngu í þessu máli, t. d. með því, eins og hæstv. dómsmrh. drap hér á áðan, sem mér virðist mjög skynsamlega mælt og athugað, að almennar reglur yrðu settar um stuðning af hálfu ríkisvaldsins og aðstoð til þess að gera þeim sveitarfélögum, sem þörf er á atvinnuaukningu, fært að afla sér tækja í því skyni. En þess er varla að vænta, að þm. einstakra kjördæma sjái sér fært að bera fram till. um slíkt efni. Þess er að sjálfsögðu að vænta í því sambandi, úr því að hæstv. ríkisstj. sér og viðurkennir þessa nauðsyn, að hún taki að sér forgöngu í málinu og beiti sér fyrir því að fá almennar heimildir í þessu efni, sem hún svo að sjálfsögðu notar ekki meira en fært þykir. Það er augljóst mál, og verður að meta á hverjum tíma nauðsynina og möguleikana á hverjum stað.

Hv. frsm. virtist telja, að hér væri ekki fordæmi skapað, þó að Húsavík yrði veitt þessi aðstoð og Ólafsfirði líka, hér væri aðeins um heimild að ræða fyrir hæstv. ríkisstj. og aðrir væru þar að auki búnir að fá nokkra aðstoð í þessu efni á undan. Að því er heimildina snertir, þá hefði ég nú hugsað, að Húsvíkingum og jafnvel hv. þm. sjálfum þætti nú lítið varið í að fá þessi l., ef heimildin yrði ekki notuð, því að sjálfsögðu er það ætlun hv. þm., að þetta verði ekki aðeins skrautfjöður í hans hatt, heldur ætti það að fá frv. samþykkt hér á Alþ. að verða til gagnsemdar plássinu, þannig að það verði atvinnuaukning og skip komi til staðarins. Það vil ég ekki draga í efa að sé hans ætlun, enda erfitt fyrir ríkisstj. að uppfylltum þeim skilyrðum, sem sett hafa verið í l., að synja um að nota slíka heimild.

En í sambandi við þetta mál langaði mig til að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., hvort ástandið hjá togaraútgerðinni væri nú ekki þannig, að hún þegar af þeim ástæðum sæi ástæðu til þess að bera einhverja till. fram sjálf í þessu efni, en ekki bíða eftir því, að dreifðar till. komi frá hinum einstöku kjördæmaþm. varðandi þetta mál. Hv. þm. N-M. skaut því hér inn, að nú væru 11 togarar undir hamrinum, og ég ætla, að hann hafi fengið þessar upplýsingar úr skýrslu hæstv. ríkisstj., sem birt hefur verið í blöðunum undanfarna daga. Það segir sig sjálft, að það hefur ekki litla þýðingu fyrir þá staði, þar sem þessi skip hafa verið starfrækt, hvað um þau verður. Stöðvast reksturinn og liggja skipin, eða verða skipin seld í burtu til annarra stöðva? Mér virðist, að hæstv. ríkisstj. geti ekki aðgerðalaust horft á þetta og látið arka að auðnu, hvernig fer. Það er búið, eins og hv. flm. frv. tók fram áðan, að veita nokkrum kaupstöðum ábyrgðir í því skyni, að þeir geti aflað sér þessara skipa og þar með aukið atvinnulífið hver hjá sér. Sum þessi skip hafa verið rekin með tapi um lengri eða skemmri tíma, og virðist komið svo hjá sumum sveitarfélögum og sumum einkafyrirtækjum einnig og ekki síður, að nú sé komið í þrot. Ég fæ ekki betur séð heldur en að líklegasta leiðin í þessu efni sé sú að reyna að steypa saman í eitt félag þeim togarafyrirtækjum, hvort heldur er sveitarfélaga eða einstakra manna, sem eru komin í greiðsluþrot og ekki geta haldið starfsemi sinni áfram. Áhættan við rekstur eins togara er tiltölulega miklu meiri en ef um fleiri skip er að ræða, eins og raun sannar, því að venjulega er það svo þar, sem um fleiri skip er að ræða, að það er nokkuð misjöfn útkoman, og næst nokkurn veginn jöfnuður í gegnum það. En eitt skip, sem verður fyrir stórfelldum halla, getur orkað því, að fjárhagur lítils bæjar- eða sveitarfélags megni ekki að reisa þar rönd við — standa undir því. Ég held því, að það væri fullkomlega tilefni til þess, að hæstv. ríkisstj. athugaði, hverjar leiðir væru líklegastar til þess að halda þessum skipum í rekstri án þess að raska atvinnuhlutföllum í landinu frá því, sem nú er, og leggja kapp á það að fá til landsins nokkur ný skip, sem síðar mætti nota til atvinnujöfnunar í landinu, annaðhvort þannig, að þau yrðu beinlínis gerð út af ríkinu, „eventuelt“ í félagi við einstök bæjarfélög, eða þá að þau yrðu látin til einstakra sveitarfélaga á sama hátt eins og þeir togarar, sem fyrr hafa komið. En að gera beinar ráðstafanir til þess, að eitt sveitarfélag geti fengið skip úr öðrum verstöðvum, sem hafa jafnmikla nauðsyn fyrir það og þar sem skilyrði eru engu lakari til rekstrarins, er óneitanlega háskaleg braut. Ég vil ekki gera lítið úr nauðsyn Húsvíkinga, og ég tel alveg eðlilegt og sjálfsagt, að þeir fái sams konar fyrirgreiðslu og stuðning eins og veitt verður öðrum sveitarfélögum, en ég vildi mjög beina því til hv. n. og hæstv. ríkisstj., ef frv. verður samþykkt, að ekki séu gerðar ráðstafanir til þess, að skipin séu tekin frá einum stað, þar sem þörf er fyrir þennan atvinnurekstur, og flutt á þá staði, sem greinir frá í þessu frv.

Mér þykir það miður, að hæstv. ríkisstj. heyrir ekki mál mitt. Ég hefði mjög gjarnan viljað heyra, hvort hún í fyrsta lagi mundi ekki vilja taka til athugunar að setja almennar reglur, eins og hæstv. dómsmrh. drap hér á áðan, um stuðning til sveitar- og bæjarfélaga í þessum efnum, sem einnig gæti náð til Húsavíkur, og í öðru lagi, hvað ríkisstj. hyggst hafast að til að afstýra stöðvun svo og svo mikils hluta togaraflotans og koma í veg fyrir, að stórfelld röskun á atvinnuháttum í einstökum byggðarlögum leiði af þessum erfiðleikum togaraútgerðarinnar.

Umr. frestað.

Á 25., 26. og 27. fundi í Ed., 13., 14. og 17. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Ed., 18. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 72, n. 196, 212, 249).

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er nú nokkuð langt síðan ég kvaddi mér hljóðs við fyrri hluta þessarar umræðu, og var það þá af tilefni, sem fram hafði komið í umræðum. Mér eru nú úr minni fallin — og hef ekki hirt um að lesa þær umr., sem áttu sér stað — sum þau atriði, sem þá var hreyft og ástæða hefði verið til að svara. Ég get því mjög stytt mál mitt, en vil þó ítreka það meginatriði, sem ég tel mestu máli skipta um afgreiðslu þessa máls, og það er, hvaðan eigi að fá það skip, sem hér um ræðir. Það er vitnað til þess, að ýmis bæjarfélög hafi notið sams konar hlunninda sem hér eigi að veita fyrst Húsavík og síðan Ólafsfirði eftir brtt. Þetta er mjög villandi frá sagt. Í fyrsta lagi eru það ekki öll sveitarfélög, sem hafa fengið jafnmikinn styrk og hér er ætlazt til að veittur verði. Það er ekki allsherjarregla, að því er ég bezt veit. Það, sem mestu máli skiptir, er það, að það eru sannarlega fá sveitarfélög, sem hafa verið styrkt til að fá skip úr öðrum sveitarfélögum. Það er allt annað mál, hvort menn veita sveitarfélagi eða einhverjum öðrum aðila styrk til þess að kaupa skip erlendis frá eða láta byggja það eða hvort menn veita styrk til þess að taka atvinnutæki af einum til þess að fá öðrum, og málið er á þeim grundvelli flutt, og hv. flm., þm. S-Þ., lýsti beinlínis yfir því, að það væri sín ætlun að hafa þann hátt á. Ég fyrir mitt leyti get ekki stutt þetta frv., nema ég viti, hvaðan eigi að taka skipið og hvort sá staður, sem á að taka skipið frá, sé verr staddur en sá staður, sem á að flytja skipið til. Og ég vil benda hv. nefnd á, að fyrirspurn sú, sem hún hefur lagt fyrir þessa nefnd, sem vitnað er til, atvinnumálanefnd, er auðvitað mjög villandi, ef einungis er spurt um það, hvort þörf sé á skipi á Húsavík eða Ólafsfirði. Það, sem átti að spyrja nefndina að, var þá, hvaða stað hún vildi tilnefna, þar sem hún teldi ekki þörf á skipinu. Og ég vil fara þess á leit við hv. nefnd og treysti því, að áður en þetta mál fær afgreiðslu hér við 2. umr., þá verði því enn frestað og þessi atvinnumálanefnd spurð þessarar ákveðnu spurningar. Hún er sú: Hvaðan telur atvinnumálanefnd að eigi að taka það skip, sem á að láta Húsavík í té? (Gripið fram í.) Mér finnst hv. þm. N-M. mjög skjátlast hans venjulega velvild og góðvild og víðsýni, að hann skuli bera fram svo fráleita spurningu, vegna þess að ég svaraði henni við fyrri hluta þessarar umræðu, þegar svipað hljóð heyrðist úr sama horni, og það var, að það tjáir ekki að gera samanburð á stöðum, nema báðum sé veittur sami réttur, og ég er sannfærður um, að það skip, sem hér liggur, mundi ekki liggja hér, ef einhverjum aðila, ekki aðeins bæjarfélagi Reykjavíkur, heldur ég vil segja hvaða aðila öðrum í Reykjavík sem hægt væri til að nefna væri veittur sams konar réttur eins og hér er ætlazt til að veita Húsvíkingum. Það er einmitt þetta, að það er ekki hægt að una því, — og í því felst engin óvild til Húsvíkinga eða Ólafsfirðinga, — að atvinnutækin séu flutt frá þeim stöðum, þar sem þau hafa verið sett upphaflega, og svo eigi að veita öðrum stöðum hlunnindi, sem ekki fengust á fyrri staðnum, til þess að gera þau út. Þar við bætist, að allir vita, — ef til vill því miður, en það er engu að síður staðreynd, — að almennt eru lakari skilyrði til útgerðar togara hvort heldur er á Húsavík eða Ólafsfirði en í Reykjavík.

Hv. þm. S-Þ. lét sér sæma síðast að vera með dylgjur um það, að það byggi eitthvað annað undir mínum athugasemdum en fram kom. Nú veit ég, að sjálfur er hv. þm. þekktur allra mest þingmanna að heilindum, bersögli og sannfæringarkrafti, þannig að það er ekki vegna þess, að hann ætli aðra menn sér líka, ef þeir mæla sér um hug. En ég vil þá líka fullvissa hann um það, að það er áreiðanlegt, að mér býr ekkert illt í hug til þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, hvort heldur Húsvíkinga eða Ólafsfirðinga. Ég vil fyllilega styðja þeirra mál, en ég vil ekki styðja það á þann veg, að tekið sé skip héðan úr Reykjavík, þar sem ég er þm., og fengið þeim með hlunnindum, sem ekki fást veitt Reykvíkingum. Ég vil ekki una slíku ranglæti. Með því halla ég ekki á Húsvíkinga eða Ólafsfirðinga, heldur er það hv. þm., sem vill halla á Reykvíkinga.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta mál, en ég vil óska þess, vegna þess að hér er um slíkt mál að ræða, sem mjög mikla þýðingu hefur bæði fyrir fólkið á öllum þeim stöðum, sem hér eiga hlut að máli, og eins almenna þýðingu, að þessari umræðu verði frestað og þeirra viðbótarupplýsinga aflað, sem ég óskaði eftir, vegna þess að þær viðbótarupplýsingar geta haft bæði þýðingu varðandi afstöðu mína og annarra við þessa umræðu og eins haft áhrif á þær brtt., sem við kynnum að vilja bera fram við 3. umr., og vegna þess að hv. nefnd hefur af einhverjum ástæðum borið fram mjög ófullkomna spurningu til atvinnumálanefndar. Ég vil ekki segja, að eitthvað annað hafi búið þar undir, eins og hv. þm. S-Þ. hreytti í mig á dögunum, en á þeim sannast, að skýzt þótt skýrir séu. Þeim hefur tekizt illa að búa málið þannig í hendur þingdeildarinnar, að hægt væri af sanngirni að gera sér grein fyrir afstöðu til þess.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef áður lýst réttmætri nauðsyn þessa frv. Ég hef gert grein fyrir mikilli þörf Húsavíkur fyrir aukið atvinnulíf, og ég hef skýrt frá möguleikum þeim, sem Húsavík hefur yfir að ráða til að hagnýta togaraafla, og lýst aðstöðu staðarins til höfuðmiða þeirra, er íslenzku togararnir sækja. Ég hef líka áður bent á, að Ólafsfjörður er í þessum efnum mjög hliðstæður Húsavík, þó að þar sé fólk ofur lítið færra en í Húsavík. Loks hef ég undirstrikað, að með frv., að viðbættri till. fjhn., er ekki farið fram á annað til handa Húsavík og Ólafsfirði en aðstoð, sem ríkið hefur áður veitt meira og minna og líka í því formi, sem hér er lagt til, öðrum kaup-

stöðum og það öllum öðrum kaupstöðum en þessum tveimur og Sauðárkróki. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þetta með fleiri orðum. Það er allt deginum ljósara.

Hæstv. dómsmrh. er víst horfinn burt úr deildinni, en ég tel nokkra ástæðu til að minnast á þá ræðu, sem hann flutti hér rétt áðan. Ég ætla að draga það, ef honum skyldi skjóta aftur inn í deildina, áður en ég hef lokið máli mínu, en koma líka inn á ræðu hans, hvort sem hann verður viðstaddur eða ekki, því að það er ekki hægt að fylgja mönnum eftir úr deildinni, sízt af öllu ráðherrum.

Fjhn. afgreiddi málið upphaflega einhuga og óklofin, eins og þskj. 196 ber með sér, en þegar frá leið sá hv. þm. Barð. eftir því að hafa ekki gert ágreining og flutti þess vegna brtt. á þskj. 212. Þegar hafin var 2. umr. um málið, óskaði svo þessi hv. þm. eftir því, að fjhn. tæki málið til umræðu á ný, sérstaklega með tilliti til sinnar tillögu. Það var orðið við óskum hv. þm. og umr. frestað, en þar sem hv. formaður nefndarinnar var forfallaður vegna veikinda, þá dróst það þangað til í gær að taka málið fyrir í nefndinni. Í gær ræddi svo fjhn. um málið á ný og tillögu hv. þm. Barð. Samkomulag varð ekki. Hv. þm. Barð. hélt fast við sína till., en aðrir nm. gátu ekki fallizt á hana. Tillagan er um það, að tiltekið lágmark tryggingar, 500 þús. kr., auk veðs í togurum þeim, sem keyptir kunna að verða, og auk ábyrgða hlutaðeigandi sveitarsjóða, sé sett. Meiri hl. taldi, bæði með tilliti til ábyrgðarkjara, sem ýmsir aðrir kaupstaðir hafa fengið hjá ríkinu við togarakaup, og einnig vegna óvissu um, hvernig og hvers konar tryggingar viðkomandi kaupstaðir gætu sett, þá væri réttara og eðlilegra að ákveða, að settar skuli tryggingar, sem ríkisstj. metur gildar, svo sem tillaga nefndarinnar áður hljóðaði um. Meiri hl. leggur þess vegna eindregið til, að till. hv. þm. Barð. verði felld. En vegna þess að sú tillaga kom fram, þá flytur meiri hlutinn tillögu á þskj. 249 til þess að útiloka þann skilning, sem af felldri tillögu hv. þm. Barð. gæti komið fram, að fyrir meiri hlutanum vaki, að ríkisstj. eigi ekki að taka meiri tryggingar en í togurunum sjálfum. Ríkisstj. á samkv. áliti meiri hl. að taka þær tryggingar, sem hún metur gildar, máske tryggingar eins og hv. þm. Barð. leggur til og tiltekur, máske aðrar, sem lántakendur hafa fram að leggja og eru gildar að áliti ríkisstj. Meiri hl. álítur það rétt að sjálfsögðu, að togari sé veð, en auk þess skuli til viðbótar vera tryggingar, sem heimildarhafi meti gildar. Til þess að þetta komi greinilega fram, leggur meiri hl. til, að ákvæðin um ábyrgðina hljóði eins og segir á þskj. 249 eða á þá leið: „Auk veðs í togurunum skulu settar tryggingar, sem ríkisstjórnin metur gildar.“ Ég vænti þess, að hv. deild fallist á þetta og felli tillögu hv. þm. Barð., ef hann tekur hana ekki aftur, sem í raun og veru væri eðlilegast, og ég vænti þess, að hv. deild samþykki frv. með brtt. meiri hlutans.

Viðvíkjandi ræðu þeirri, sem hæstv. dómsmrh. flutti hér áðan í framhaldi af því, er hann hafði sagt við 1. umr. og sagt hefur verið frá af öðrum, vildi ég taka fram, að ég þóttist þá hafa svarað spurningu hans um það, hvaðan ætti að taka skipið, — svarað henni að því leyti sem hægt er að svara vegna Húsavíkur, en það er hún, sem aðallega hefur farið af stað að hugsa um togarakaup, afla hlutafjár og leita eftir kauptilboðum. Húsavík hefur ekki samið við neinn um kaup á skipi, en henni hafa borizt tilboð frá nokkrum stöðum. Þau tilboð eru ekki frá bæjarfélögum, heldur einkafyrirtækjum, og mér finnst í raun og veru hart að ætlast til þess, að hér við umræðu málsins á Alþ. liggi ákveðið fyrir, hvaða skip á að kaupa. Hér er aðeins farið fram á heimild til þess, að ríkisstj. megi veita aðstoð, ef um kaup semur, og þá vitanlega ef um kaup semur við þann, sem ríkisstj. telur að megi selja. Mér finnst mjög fjarstæðulegt af hæstv. ráðh. að halda því fram, að fyrir þurfi að liggja, þegar heimild sé veitt, hvaða skip eigi að kaupa, vegna þess að ríkisstj. og þar með hæstv. ráðh. á að meta það, þegar kallið kemur, hvort sá staður, sem skipið hefur verið í, má missa það, og undarlegt þykir mér það, ef svo er komið, að hæstv. ráðh. telur, að það eigi að vera ófrjáls sala á togurum frekar en öðru í landinu, — ef hann heldur, að það geti ekki komið fyrir, að eðlileg verzlun geti átt sér stað með þessi skip milli staða.

Hæstv. ráðherra lagði til, að umræðu yrði frestað og fjhn. leitaði á ný upplýsinga hjá atvinnumálanefnd ríkisins, leitaði svars við spurningu á þá leið: Hvar er staður, sem má missa skip? Þótt svo virtist vera, að hæstv. ráðh. mislíkaði það, að ég vefengdi, að hann væri heils hugar með því að styðja Húsavík, eftir ummælum þeim, sem féllu hér við umræðuna um daginn, þá get ég nú ekki annað en látið í ljós, að mér virðist þessi spurning, eins og hann orðaði hana og eins og hann ætlast til að hún sé borin fram, bera fullkominn svip þess, að verið sé að tefja mál, og rök mín fyrir því eru þau, að ég tel, að það eigi alls ekki við að leggja slíka spurningu fyrir í undirbúningi þessa máls hér. Ég tel, að sú spurning eigi að berast fram, þegar málið kemur á annað stig, þegar að því kemur, að staðurinn, sem kaupa vill skip, leitar þess, að ríkisstj. noti þá heimild, sem hér er verið að óska eftir, og það komi þá í hlut hæstv. stjórnar að bera fram slíka spurningu og meta, hvort rétt er að veita heimildina til að flytja skip á milli staða. Ég sé þess vegna ekki minnstu ástæðu til þess að draga afgreiðslu málsins hér í hv. deild til þess að leita svara við þessari spurningu. Það er áreiðanlegt, að þeirra svara verður leitað, og því áreiðanlegra er það, sem hæstv. ráðh. hefur sýnt það, að hann hefur alls ekki öfgafulla löngun til þess að uppfylla óskir Húsvíkinga.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Þegar ég kvaddi mér hljóðs við fyrri hluta þessarar umr., var það einkum og næstum eingöngu til þess að þakka hv. meðnm. mínum fyrir það, að þeir höfðu fallizt á þá ósk mína og till. í n., að bætt yrði í frv. sams konar heimild um ábyrgð fyrir Ólafsfjarðarkaupstað til togarakaupa eins og frv. gerir ráð fyrir að Húsavík-

urkaupstað verði veitt. Nú hefur að vísu dregið úr þakklæti mínu til eins af hv. nm., þar sem hv. þm. Barð., einn af nm., boðar nú, að hann muni snúast gegn frv., ef brtt. frá honum verði ekki samþ., þó að hann hefði áður skrifað fyrirvaralaust undir nál. Eru mér þetta vonbrigði. En meiri hl. fjhn. hefur þó óbreytta afstöðu til málsins í höfuðatriðum og algerlega óbreytta afstöðu hvað snertir það atriði sérstaklega, að Ólafsfjarðarkaupstaður fylgist í þessu efni með Húsavíkurkaupstað.

Brtt. nefndarinnar í nál. viðvíkjandi Ólafsfjarðarkaupstað er tvímælalaust réttmæt. Þar eru um flest a. m. k. mjög svipaðar ástæður eins og í Húsavík og sízt minni ástæða til þess að rétta Ólafsfjarðarkaupstað hjálparhönd heldur en Húsavík. Það vita allir, að aflaleysi á báta hefur verið sameiginlegt böl í þremur landsfjórðungum undanfarið og þar á meðal og ekki hvað sízt Norðlendingafjórðungi. Þess vegna er það og af fleiri ástæðum, þó að þetta sé aðalástæðan, að það er árstíðabundið atvinnuleysi í bæjum og kauptúnum á Norðurlandi, og hefur svo verið undanfarin ár, og þetta frv. er nú einkum borið fram til þess að bæta úr því árstíðabundna atvinnuleysi. En ég held, að megi fullyrða það, að það sé enn meira um slíkt atvinnuleysi í Ólafsfirði heldur en nokkurn tíma í Húsavík og það af eðlilegum ástæðum, því að Húsavík hefur fleiri möguleika en Ólafsfjörður. Það er t. d. minni verzlun við umhverfið í Ólafsfirði, og það er minni landbúnaður í Ólafsfjarðarbæ heldur en í Húsavíkurbæ, og fleira kemur til. Aftur á móti eru möguleikar til þess að gera út togara og um hagnýtingu aflans mjög svipaðir, eftir því sem ég bezt fæ séð, á báðum þessum stöðum. Það mega heita komnar hafnir á báðum stöðunum, að minnsta kosti er þess að vænta að því er Ólafsfjörð snertir, að eftir næsta sumar verði þar komin fullgild höfn. Í Ólafsfirði er að vísu ekki síldarverksmiðja eins og í Húsavík, en þar er frystihús, þar er niðursuðuverksmiðja og fleiri tæki til þess að hagnýta afla. Ég sé því ekki annað en að hvað það snertir séu eins miklir möguleikar í Ólafsfirði eins og annars staðar.

Í sambandi við þetta mál, sérstaklega um að bæta Ólafsfirði inn í frv., vil ég taka fram, að mér finnst alveg sjálfsagt, ef af framkvæmdum verður í þessu efni, að Dalvíkurkauptún og fleiri kauptún við Eyjafjörð fái að vera þátttakendur í fyrirtækinu með Ólafsfjarðarkaupstað. Þetta var ráðgert á meðan verið var að reyna að fá einn af þessum 10 togurum, seinni „nýsköpunartogurunum", til þessara staða. Yrði þá það að sjálfsögðu í því formi, að hlutafélag yrði stofnað, þar sem þessi kauptún sem slík gætu verið þátttakendur og svo sennilega einstaklingar einnig.

Tveir hæstv. ráðh. úr Sjálfstfl., svo og hv. þm. Barð., hafa nú andmælt þessu frv. eins og það liggur fyrir með brtt. n., og þeir hafa haft hér ýmis varnaðarorð um togaraútgerð almennt, bent á hina fjárhagslegu hættu, sem togaraútgerð er samfara, o. s. frv. Ég er ekki lokaður fyrir þeim rökum, sem þeir hafa þar flutt fram. Mér finnst bara um þessa menn, að þeir átti sig fullseint á þessari hlið málsins, og vil nú aðeins minna á, að þegar mest var hér talað um svo kallaða „nýsköpun", þá hefðu þær ræður, sem þessir tveir hæstv. ráðh. hafa haldið um þetta mál, þótt bera vott um þröngsýni og afturhald, a. m. k. ef Framsfl.-menn hefðu haldið þær þá. En þessi varnaðarorð geta að sjálfsögðu verið jafnréttmæt fyrir því.

Við fyrri hluta þessarar umr. vék hæstv. dómsmrh. að því, að það lægi fyrir Nd. frv. svipaðs efnis um togara handa Ísafirði og öðrum kauptúnum við Ísafjarðardjúp. En ég vil benda á það, sem einnig hefur komið fram hjá hv. frsm. n., að þetta frv. og það frv., sem fyrir Nd. liggur, eru ekki alveg hliðstæð. Ég veit ekki betur en að Ísafjarðarkaupstaður hafi þegar fengið togara með svipuðum hætti og hér er farið fram á. Ég sé því ekki, að Alþ. sé endilega bundið við að samþ. það frv., þó að þetta frv. yrði samþ., sem hér liggur fyrir nú í dag. Það er aðeins um það í raun og veru, að Húsavíkurkaupstaður og Ólafsfjarðarkaupstaður verði hins sama aðnjótandi eins og Ísafjarðarkaupstaður hefur nú þegar orðið.

Þá ræddi hæstv. dómsmrh. við fyrri hl. umr. nokkuð um það, hvaðan ætti að taka þessa togara, og að því er mér skildist taldi það skilyrði fyrir fylgi sínu við málið, að þeir yrðu ekki keyptir frá Reykjavík og ef til vill að þeir væru ekki keyptir frá neinum öðrum stað innanlands. Ég skal nú ekki segja um það, hvað Húsavíkurkaupstaður hefur hugsað sér í þessu efni, en ég held, að ég geti fullyrt það, að Ólafsfjarðarkaupstaður hefur enga ákveðna ætlun um það enn, hvort hann muni falast eftir togara innanlands eða utan. En ef togarar eru til kaups á annað borð innanlands, sé ég ekki, að það sé neitt verra, þó að Húsavík eða Ólafsfjörður gætu fengið slíkan togara heldur en t. d. að þeir yrðu seldir burt úr landinu, og það hefur komið fyrir, að togarar hafi verið seldir héðan úr landi, þó að það hafi ekki skeð enn um þessa nýjustu togara. Það eru yfirleitt ekki fá skip, sem seld hafa verið úr landi, og ég vil undirstrika það, sem hv. frsm. n. sagði nú áðan um þetta atriði málsins, að mér er ómögulegt að sjá annað en að hæstv. ríkisstj. hafi þetta atriði í sinni hendi. Þar sem frv. er aðeins í heimildarformi til ríkisstj., þá vitanlega getur hún sett svo að segja hvaða skilyrði sem hún vill fyrir því, að heimildin verði notuð, m. a. þau, að togararnir séu fengnir frá þeim stað, sem hún hefur ekki á móti.

Svo að ég víki aftur að því, sem hér hefur verið sagt um þá miklu áhættu, sem því er samfara að gera út togara, þá geri ég alls ekki lítið úr því, því að mér er það ákaflega ljóst, að því fylgir áhætta. Því virðist líka fylgja áhætta ekki svo lítil að gera út báta, og einkum ef sú skrúfa kaupgjalds og verðlags heldur áfram, sem verið hefur undanfarið og nú sýnist vera í uppsiglingu í enn ríkari mæli en nokkru sinni fyrr, þá er auðvitað þessi hætta mikil, og þá gæti auðvitað farið svo að lokum, að ekki einasta togaraútgerð hlyti að leggjast hér niður, heldur hvers konar atvinnurekstur. Þetta skal ég játa. En mér finnst, að það megi samt

ekki miða löggjöf við þá verstu möguleika, sem fyrir kynnu að koma, frekar en t. d. það, að það getur auðvitað komið fyrir, við skulum segja á ófriðartímum, að ýmiss konar hætta steðji þá að skipum og öðrum atvinnutækjum. Það dettur engum manni í hug að miða við það, þegar þeir eru að ráðgera um það, hvort eigi að leggja í atvinnufyrirtæki eða ekki. En þó að ég geri ekki lítið úr þessu á neinn hátt, þá má þó benda á það, að þrátt fyrir allt hefur það sýnt sig, að togaraútgerð getur borið sig og að togaraútgerð hefur sums staðar borið sig allt til þessa dags. Það mun vera um það eins og í fleiru, að veldur, hver á heldur. Ég veit ekki betur en að útgerð tveggja Akureyrartogara, sem gerðir eru út af hlutafélagi, sem bærinn á mikinn hluta í, hafi borið sig til þessa, og mér er líka kunnugt um það, að togari á Akureyri, sem er í einkarekstri, hefur líka borið sig. Það stendur nú svo einkennilega á, að eigandi togarans er sjálfur skipstjóri á honum, a. m. k. þegar mest á ríður, og hefur það áreiðanlega sitt að segja.

Þrátt fyrir það, eins og ég hef margtekið fram, að ég sé sízt að segja, að þessi varnaðarorð séu hreinar grýlur, þá finnst mér samt, að Alþ. geti samþykkt þessa heimild til hæstv. ríkisstj., því að það er þá ríkisstjórnarinnar að meta horfurnar eins og hvað annað, áður en hún veitir sína ábyrgð eða er hjálpleg um lánsfjárútvegun.

Hér hefur komið fram ósk um það frá hæstv. dómsmrh., að málinu yrði nú enn frestað við 2. umr., til þess að fjhn. gengi úr skugga um það, hvar ætti að fá þessa togara, sem hér er ráðgert að veita Húsvíkingum og Ólafsfirðingum hjálp til þess að eignast. Ég hugsa, að það verði þá að fresta málinu til næsta þings og kannske til þar næsta þings, því að ég tel það alveg óvíst og dreg það mjög í efa, að nokkur aðili, sem við þetta mál er riðinn, sé við því búinn að svara þessu nú. Að sjálfsögðu mundi þetta verða athugað og leitað tilboða o. s. frv. og það svo metið á sínum tíma. Mér finnst alveg fráleitt að ætla þingnefnd að fara að fást við þetta. Að sjálfsögðu skal ég sem formaður n. ekki skorast undan því að taka þetta til athugunar og að n. reyni að afla sér upplýsinga, ef það er þá hægt, ef meðnm. mínir óska þess, en mér lízt nú þannig á, að það yrði ekki hægt á stuttum tíma að ganga á nokkurn hátt úr skugga um það, hvar þessir togarar mundu verða keyptir. Að fara að spyrja atvinnunefndina um það, hvaða staðir hér á landi megi missa togara, það álít ég í raun og veru alveg tilgangslaust líka. Ég býst við, að fyrsta svarið yrði það, að það mætti í sjálfu sér enginn staður missa togara, ef möguleikar væru til að reka þá þar, sem þeir eru nú staðsettir. Mér finnst sem sagt þetta mál ekki liggja fyrir. Það er alls ekki komið að þessari hlið málsins, að mér finnst. Þess vegna finnst mér alveg fráleitt að fara enn að fresta þessu máli út af þessu atriði, og ég get ekki verið grunlaus um það, að slík ósk sé nú kannske fram borin til þess að koma málinu fyrir kattarnef, a. m. k. á þessu þingi, því að það er alveg auðséð, að við þessu er ekki hægt að fá fullnægjandi svar á þessu þingi — ekki sízt ef það yrði nú búið fyrir jól.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil nú í fyrsta lagi þakka hv. formanni n. fyrir að hafa orðið við þeirri beiðni minni að taka málið til athugunar á ný í nefndinni, og ég sé líka, að þó að ég hafi ekki náð því takmarki, sem ég ætlaðist til, þ. e. að fá hv. nefnd til að fallast á mína till. á þskj. 212, þá hefur nú við frekari umr. um þetta mál í nefndinni skotið upp þeirri hugsun hjá hv. meiri hl., að sú till., sem nefndin bar fram sameiginlega á nál., hafi ekki verið hugsuð út í æsar. Um það ber vitni brtt. meiri hl. n. á þskj. 249. Þegar því hv. frsm. og flm. frv. sagði áðan, að nefndin hefði öll verið sammála um að leggja til, að málið næði fram að ganga eins og n. gekk frá því, þegar hún samdi nál., en að síðar hefði þm. Barð. séð eftir því, hvernig hann hefði afgr. málið, eins og hann orðaði það, séð sig um hönd, þó að hann hefði ekki gert ágreining í n., þá vil ég nú benda á það, að mér sýnist, að einnig hv. meiri hl. n. hafi séð sig um hönd, þó að hann hafi hins vegar ekki að fullu og öllu viljað fallast á mínar till. í málinu. Honum virðist áreiðanlega, að sinn málstaður hafi ekki verið svo sterkur, að hann sæi ekki ástæðu til þess að víkja ofur lítið frá þeirri braut, og skal ég síður en svo áfellast það. Ég tel, að það sé hv. nm. til sóma, en ekki til vansa.

Ég hefði því ekki talið það neina goðgá, að hv. form. hefði reynt að láta brjóta þetta mál nokkru meira til mergjar heldur en gert hefur verið og þá enn frestað umr., en ég geri það ekki að till. minni. Ég skal hins vegar benda á, hvers vegna ég tel, að þetta væri rétt, en það er alveg sérstaklega vegna þess, — og það vil ég biðja hv. dm. að taka til athugunar, — að hæstv. fjmrh. hefur ekki fengizt til þess að ræða þetta mál við n., og tel ég þetta veigamikið atriði. Hæstv. ráðh. hefur ekki heldur fengizt til að vera við umr. um þetta mál hér í þessari hv. deild, þrátt fyrir það að hann hafi fengið aðvaranir um það og þrátt fyrir það að það hafi verið óskað eftir því, að hann gæfi hér yfirlýsingu í sambandi við málið, því að ég trúi hæstv. forseta fullkomlega til þess að hafa flutt þau skilaboð, enda hefur hann viðurkennt við mig, að hann hafi gert það, og það út af fyrir sig sýnir einhverja veilu í málinu. Það er einmitt ástæðan fyrir því, að ég held enn fastar við mína till., að hæstv. ráðh. vill ekki hér lýsa því yfir, hvað hann teldi að sínu leyti vera nægilega tryggingu fram yfir skipið sjálft. Ef um þetta hefðu fallið einhver orð frá hæstv. ráðh., sem ég hefði getað tekið gild á þessu stigi, þá skyldi ég hafa tekið mína till. aftur, en hæstv. ráðh. forðast alveg að koma nálægt þessu máli hér. Þó að það séu tveir af ágætustu flokksmönnum hans og stuðningsmönnum stjórnarinnar, sem bera þetta mál fram, þá skýtur hann sér samt sem áður undan þessari skyldu og undan þessari ábyrgð í sambandi við afgreiðslu málsins. Og þess vegna hélt ég nú, að jafnágætir menn eins og þessir tveir menn eru, sem standa að þessu máli, vildu meta svo mjög

þennan undandrátt hæstv. ráðh. til að koma sér undan ábyrgð, að þeir vildu ekki knýja fram þennan bagga á hæstv. ráðh. gegn hans vilja, því að ég get ekki litið öðruvísi á en hann sé andvígur því að taka við þessari löggjöf eins og hún er samkv. frv. Það er mín skoðun á málinu. Þess vegna álít ég, að það sé rétt, að hv. formaður n. taki málið til athugunar á ný. Mér er það alveg ljóst, að ef till. mín á þskj. 212 verður felld, þá mundi hver ráðh., sem væri fylgjandi þessu máli, telja sig hafa heimild til þess að krefjast ekki þeirrar ábyrgðar eða tryggingar, sem felst í till., og skjóta sér undir þann raunveruleika, að meiri hl. hv. Ed. hefði ekki viljað setja svo þung skilyrði fyrir ábyrgðinni. Þess vegna er tvöföld ástæða til þess nú, úr því að till. er komin fram, að samþ. hana, nema því aðeins að það felist í atkvgr. þeirra manna, sem fella till., að þeir vilji láta afhenda togara til þessara staða, þó að slík trygging sé ekki gefin sem hér um ræðir. Þess vegna missa öll orð hv. flm. um það, að ríkisstj. skuli jafnan meta tryggingarnar gildar, alveg marks, þegar það er skoðað í þessu ljósi. Það má segja, að ekki hefði verið eins mikil ástæða til þessa, ef till. hefði aldrei komið fram, en nú er hún fram komin og hefur þess utan orðið þess valdandi, að meiri hl. hv. n. hefur hallazt að hugmynd minni um meiri tryggingu, þó að hann hafi ekki viljað stíga sporið til fulls til þess að mæta þeim óskum, sem ég hef sett fram í sambandi við málið.

Ég skal þá fara nokkrum orðum um það hér, hvaða rök hafa verið færð fyrir því, að sjálfsagt sé að veita Húsavík og Ólafsfirði þann stuðning, sem hér er farið fram á. Rökin hafa raunverulega verið tvenns konar. Annars vegar, að þetta sé gert vegna atvinnuhátta á stöðunum — vegna atvinnuleysis á stöðunum mætti segja, þ. e. a. s., það sé hreint atvinnubótamál. Og með tilvísun til þess og þeirra raka, sem fram voru færð í n. í sambandi við þá hlið málsins, var málið sent til atvinnumálanefndarinnar, sem hefur gefið um það sitt álit. Þegar málið var sent til n., þá var aðeins minnzt á frv. eins og það var upphaflega, en ekki þær brtt., sem síðar hafa komið fram, m. a. ekki þá brtt., sem snertir Ólafsfjörð. Ég geri alveg ráð fyrir því, að ef sú brtt. hefði einnig verið send til n., þá hefði það síður en svo orðið til þess, að hún hefði lagzt á móti frv. eða torveldað gang þess á nokkurn hátt. Ég geri ráð fyrir, að atvinnumálanefndin hefði komizt að þeirri niðurstöðu, sem hv. 1. þm. Eyf. hefur haldið hér fram, að Ólafsfjörður þyrfti engu síður aðstoð en Húsavík í sambandi við atvinnumál og hefði engu síður aðstöðu til að taka á móti slíkri aðstoð eins og hér um ræðir. Ég sé því ekki ástæðu til þess að senda málið aftur til n. eða ræða við n. um málið af þeim ástæðum, að fram hafi komið þessi brtt., þó að hún verði samþykkt. Hitt er svo annað atriði, að ég veit ekki, hvort atvinnumálanefndin hefur gert sér það fyllilega ljóst, hve mikið fé þarf úr ríkissjóði til þess, að hér verði nokkur atvinnubót að, og það er það, sem skilur á milli mín og hv. flm. frv. Ég tel, að það sé mikill bjarnargreiði gerður þessum mönnum, ef þeim væri leyft og þeir aðstoðaðir til þess að kaupa togara, hvar sem hann væri keyptur, ef þeir hefðu ekki meira fé yfir að ráða og meiri tryggingar á bak við sig en 10% af andvirði skipanna. Það má segja, að það sé annars vegar mál kaupstaðanna beggja, þegar málunum sé komið svo langt, og hins vegar hæstv. ríkisstj. að gera út um það atriði síðar. Má fullkomlega halda því fram. En endirinn skal í upphafi skoða, er gömul og góð regla. Og ég vil í sambandi við það leyfa mér að lesa hér upp nokkrar tölur í sambandi við rekstur togara, þar sem undirbyggingin hefur verið þetta veik eða litlu sterkari en hér er gert ráð fyrir, sem ég tel að sé meginástæðan fyrir því, hvernig farið hefur um þá togaraútgerð, því að það er alveg vitanlegt, að þó að ýmsir togarar hafi borið sig í rekstri undanfarin ár, eins og hv. 1. þm. Eyf. sagði, þá er það alveg sýnilegt, að það eru fyrst og fremst þeir togararnir, þar sem aðilar hafa hætt svo að segja öllu sínu fé, en ekki fé ríkissjóðs, og hafa þar af leiðandi miklu meiri ábyrgðartilfinningu og miklu sterkari löngun til þess að láta fyrirtækið bera sig til blessunar fyrir sig og það fólk, sem þess nýtur, heldur en hinir, sem í upphafi gera kröfu til ríkissjóðs og hugsa ekkert eða lítið um, hver afleiðingin verður.

Í sambandi við þetta skal ég benda á, að hér er í einum rekstrarreikningi rekstrarhalli á einu ári upp á rúmar 1200 þús. kr. á einu skipi. Í öðrum er halli upp á rúmlega 1500 þús. kr. bara á einu ári. Hér er í þeim þriðja halli upp á 2279000 kr. árið 1951. Hér er enn halli upp á 2837000 kr. yfir þrjú ár á einu skipi, og hér er 831000 kr. halli á einu skipi yfir eitt ár, og hér er halli upp á 1497 þús. á einu skipi og nærri 200 þús. á öðru skipi, einnig miðað við eitt ár, og hér er 463 þús. á einu skipi, einnig miðað við eitt ár.

Ég hygg, að þessar tölur séu nægilegar til þess að sýna, að það er engin fullkomin trygging fyrir ríkissjóð, þó að heimtað sé auk veðréttar í skipi, sem ákveðið er 90% af kaupverðinu, 500 þús. kr. til þess að mæta rekstrartapi, sem kynni að verða á skipinu. (Gripið fram í.) Já, það er eins og hæstv. forseti segir, ríkisstj. er heimilt að takmarka þetta og heimta meiri ábyrgð, en hvers vegna kemur þá ekki hæstv. ráðh. til þess að lýsa stefnu sinni hér í þessu máli, hvers vegna er hv. þm. að binda þennan bagga á flokksbróður sinn, hæstv. fjmrh., að honum óviljugum? Það hefur ekkert verið gefið upp um það hér, hvorki við n. né hv. d., að hæstv. ráðh. vilji taka á móti þessu hér eða hann hafi myndað sér nokkra skoðun á því, hvaða tryggingar hann vilji krefjast. Og þegar ég sem ábyrgur þm. hef þessi gögn í höndunum, sem sýna beinlínis, að það er engan veginn öruggt fjárhagslega fyrir ríkissjóð að gefa heimild til að aðstoða neinn aðila á því sviði, sem hér er farið fram á, þá er von, að ég vilji fá einhverja tryggingu fyrir því, að það sé ekki farið út í þetta nema með meira öryggi fyrir ríkissjóð heldur en tekið er fram hér í þessu frv.

Nú má fullkomlega segja það og það með réttu, að það geti verið sjálfsagður hlutur að styðja að togaraútgerð eða öðrum atvinnumálum, þó að það kosti ríkissjóð þær upphæðir, sem ég hef hér minnzt á, en frá mínu sjónarmiði má þó aldrei ganga lengra en það, að viðkomandi aðili, hvort heldur það er einstaklingur, bæjarfélag eða hlutafélag, hafi svo mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við rekstur-inn, að hann missi ekki áhuga fyrir afkomunni, því að það er alveg áreiðanlegt, að afkoma þeirra togara, sem hv. 1. þm. Eyf. minntist hér á áðan, er beinlínis slík sem hún er vegna þess mikla verks, sem þeir menn hafa lagt í að stjórna fyrirtækjunum og hugsa um þessi mál, sem eiga sinna hagsmuna að gæta þar meira en nokkurt bæjarfélag hefði, ef það ætlar að fá ríkissjóð til að standa undir 90% af kaupverðinu og taka á sig þess utan alla áhættu af öllum skuldum, sem eiga forgangsrétt fyrir framan þær kröfur, sem liggja á skipunum.

Það er ekki af neinni andúð við Húsavík eða Ólafsfjörð, að ég hef sett þetta fram, heldur aðeins til þess að benda á þá hættu, sem í þessu liggur. Það hefði því ekki verið óeðlilegt, að atvinnumálanefndin hefði rætt við fjhn. út frá þessu sjónarmiði: Lítum við svo á, að þessum stöðum þurfi að hjálpa um svona og svona miklar fjárfúlgur, sem við þá einnig leggjum til að verði lagðar í togara, eða ef um það væri að ræða, þá væri hægt kannske að leggja það í önnur fyrirtæki, sem hefðu minni áhættu? — Um það skal ég ekkert segja á þessu stigi málsins, — en þær umr. hafa ekki farið fram á milli atvinnumálanefndarinnar og fjhn., eins og kunnugt er.

Hin hliðin á málinu, sem hv. flm. minntist á, er það að skapa jafnrétti á milli Húsavíkur annars vegar og annarra kaupstaða á landinu. Ég hygg, að hann hafi nokkuð oft endurtekið þessi ummæli sín og þessi rök, og hann hefur haldið því hér fram hvað eftir annað, að Húsavík sé raunverulega nú orðið eini kaupstaðurinn á landinu, sem ekki hafi fengið þessi fríðindi, en hefur þó fallizt á, að Ólafsfjörður sé einnig einn af þeim, sem ekki hafi fengið þau. En hér er um mjög mikinn misskilning að ræða. Þegar úthlutað var 32 togurunum fyrstu, þ. e. a. s. fyrri nýsköpunartogurunum, sem kallað var, þá voru ekki veitt önnur eða meiri fríðindi til kaupanda en það, sem um getur í l. um stofnlánadeildina. Þá fengu einstaklingar eða félög að láni út á ný skip ⅔ af kostnaðarverði, og út á aðrar eignir allt að ⅚. Þessir aðilar urðu, áður en þeir gátu fengið skipin, að leggja inn alla sína nýbyggingarsjóði vaxtalausa, þar til þeir tóku á móti skipunum, og þannig átti að binda allt það fé í fyrirtækjunum til tryggingar því, að þeir gætu einmitt staðið undir sínum hluta. Annað fé urðu þeir svo að leggja fram sjálfir án nokkurrar aðstoðar. En bæjarfélög gátu fengið lánað ¾ af kostnaðinum, þ. e. 75%. Þetta eru reglurnar, sem giltu um hina fyrri nýsköpunartogara. (Gripið fram í.) Eftir hvaða l. fengu þeir það? Nei, mætti ég aðeins benda hv. þm. á það, að það er hreinn misskilningur hjá honum. Þeir hafa ekki fengið neitt í viðbót út á þau skip, sem voru afhent af fyrri flokknum. — Nú skal ég koma að síðari flokknum. Eftir að búið var að úthluta 32 togurum með þessu greiðslufyrirkomulagi, sem ég vil nú taka fram að ég var algerlega á móti á þeim tíma, að það ætti að gefa nokkuð hagstæðari greiðsluskilmála til hreppsfélaga heldur en til einstaklinga, því að ég hef aldrei verið þeirrar skoðunar, að mannmargt félag, sem ekki hefur jafnsterka ábyrgðartilfinningu, eigi að fá betri kjör til þess að reka atvinnufyrirtæki heldur en fámennur hópur, sem hefur bæði þekkinguna og ábyrgðartilfinninguna. Það hefur ekkert breytzt hjá mér sú skoðun. En þetta var samþykkt á sínum tíma hér, og þeir fengu þessa aðstoð. Þegar búið var að úthluta, eins og ég sagði áðan, þessum 32 togurum eftir þessum reglum, þá var samið um 10 nýja togara til, allmiklu stærri og dýrari skip, og um þá togara sótti fjöldi manna, byggt á því, að þeir kostuðu hlutfallslega ekki meira verð en fyrri skipin. En þegar þeim skipum var fullokið, þá hafði orðið gengisbreyting hér í landinu, og nú var þetta verð ekki rúmar 3 millj. kr. eins og á hinum skipunum, heldur var þetta verð um 9 millj. kr. á þessum skipum, sumpart vegna þess, að skipin voru miklu stærri og meira fylgdi í raun og veru í kaupunum, því að það var nú svo, að með síðari skipin var allt látið fylgja með í kaupunum, allur útbúnaður, öll siglingatæki, sem ekki fylgdu með í fyrri skipunum, en þá voru þessi skip komin upp í 9 millj. og sum upp í 10 millj. kr. Ríkisstj. hafði þá fengið lán út á þessi skip í Englandi sem svaraði 70%, og það var látið gilda sem 1. veðréttur á þeim skipum og ríkisábyrgð með því láni. Þetta þótti ekki nóg til þess að geta komið skipunum út og komið þeim til starfrækslu hér, og var þá farin sú leið að heimila ríkissjóði að leggja til eða lána 20% af andvirði skipanna, þannig að kaupendurnir greiddu aðeins 10%, en fengju 90% lánað með ábyrgð ríkissjóðs. En hér er bara um allt annað atriði að ræða. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að mæta þeim mönnum, sem höfðu áður pantað þessi skip á allt öðru verði heldur en endanlega varð, til þess að þeir gætu haldið sér við þá samninga, sem þeir höfðu boðizt til að gera, og hins vegar að hjálpa til þess að standa að einhverju leyti undir þeim aukna kostnaði, sem varð hér vegna þess, hversu skipin urðu miklu dýrari.

Það skal viðurkennt, að þegar þessum skipum var úthlutað, þá kom einnig til athugunar að binda þessa úthlutun að nokkru leyti við nauðsynlegar atvinnubætur á einstökum stöðum og þó sérstaklega á Ísafirði, Siglufirði og Akranesi. Það voru ekki nægilega mörg skip til þess að úthluta í alla þessa staði. Akranes fékk því ekkert af þessu og hefur þar af leiðandi ekki fengið neina aðstoð á þann hátt, sem hv. flm. minntist á, og er því einn af þeim kaupstöðum, sem ekki hafa hlotið þetta hnoss, en hann sækir einmitt nú mjög fast að fá að vera með í þessum leik, og ég er alveg viss um það, að þegar frv. kemur til hv. neðri deildar, þá mun hv. þm. Borgf. bera fram tillögu um að setja

þar inn ákvæði um það, að hann njóti sömu réttinda eins og hv. flm. hefur barizt fyrir að Húsavík fengi að njóta, vegna þess að aðrir bæir hafa fengið þau. Akranes fékk einn af hinum fyrri togurum með þeirri aðstoð að fá 75% lán og tryggingu frá ríkissjóði, og það er lægri upphæð heldur en 90%, sem hér er farið fram á. Þó að 500 þús. kr. séu látnar fylgja sem trygging, þá er sú upphæð allverulega lægri heldur en hér er farið fram á. Sama má segja um Ísafjörð. Hann fékk af fyrri flokknum eitt skip með 75% tryggingu ríkissjóðs, en hann fékk þó einnig af seinni flokknum eitt skip með 90% lánum og tryggingu, en með þeim rökum, sem ég hef skýrt hér í sambandi við það mál og er byggt á allt öðru en hér er farið fram á í þessu frv. Siglufjörður fékk hins vegar ekkert af hinum nýju skipum, en til þess að bjarga þar atvinnumálunum, sem raunverulega ekkert kom við í sambandi við úthlutun þessara skipa, var hann aðstoðaður til þess að kaupa eitt af hinum fyrra flokki, sem flutt var héðan úr Reykjavík til þess að starfrækja það á Siglufirði, og hann fékk þá aðstoð, sem hér um ræðir, og það má raunverulega segja, að það sé eini kaupstaðurinn á landinu, sem hefur fengið alveg sérstaka aðstoð, þ. e. ábyrgð á 90% af kaupverði annarra skipa heldur en þeirra, sem voru flutt ný inn í landið. Enginn annar kaupstaður á landinu hefur fengið slíka aðstoð fyrr en Siglufjörður. Og ef nú á að veita hana Ólafsfirði og Húsavík, þá sé ég ekki annað en að það sé réttmætt — og vísa þar til raka hv. flm. — að allir aðrir bæir á landinu njóti sömu hlunninda og að þeir fái þá ekki hver um sig einn togara, heldur fái þeir því fleiri togara, því fleiri menn sem eru í þeim bæjum en eru samanlagt í Húsavík og Ólafsfirði. Að öðru leyti verður þetta ekki gert að neinu réttlætismáli, en það er það, sem hv. flm. leggur aðaláherzluna á, að það sé afgreitt héðan sem réttlætismál, og þá vænti ég þess, að hann geri sér ljóst, að hann eigi ákaflega erfitt með að neita t. d. Reykjavík um aðstoð til að kaupa a. m. k. 30 togara, ef reiknað er, að þessir tveir fái einn togara samanlagt, eða 60, ef hugsað er að láta einn í hvorn stað. En mér þætti nú gaman að sjá, hvort hv. flm. mundi í alvöru sjálfur fylgja því eða gera tilraun til þess að fá hæstv. fjmrh. til þess að fylgja því að taka ábyrgð á kaupum á 60 skipum fyrir Reykjavíkurbæ, allt að 90% af kaupverði skipanna, og engin trygging væri gefin önnur en sú, sem farið er fram á hér í þessu frv. En það væri réttlætismál, og þarf ég ekki að minnast á þetta hér af því að ég sé þm. Reykv. eða ég viti ekki, að hæstv. dómsmrh. og aðrir hv. þm. Reykv. hér hafa fullkomlega komið auga á þetta réttlætisatriði, en mér þótti rétt að taka þetta fram, vegna þess að hv. flm. hefur lagt afar mikla áherzlu á þetta atriði í málinu. Ég held, að það mætti þá fara að hugsa um, hvort ekki þyrfti að leggja á nýja skatta, ef það ætti að tryggja ríkissjóði nægilegar tekjur til þess að standa undir þeim kostnaði, sem þannig gæti orðið, ef rekstur þeirra yrði ekki hagkvæmari heldur en verið hefur á þeim togurum, sem ég hef þegar bent á og sýnt fram á, að meginástæðan fyrir því er sú, að aðilarnir hafa ekki haft sömu hagsmuna að gæta í sambandi við reksturinn eins og þeir, sem hafa lagt í það meira fé.

Hv. flm. og hv. 1. þm. Eyf. hafa lagt á það mjög mikla áherzlu jafnan, að hér væri aðeins um heimild að ræða, sem ríkisstj. þyrfti ekki að nota og mundi ekki nota nema því aðeins að hún gæti fengið allar þær tryggingar, sem hún kynni að meta gildar. Ég geri ráð fyrir því, að þegar hæstv. ríkisstj. á sínum tíma hefur veitt ábyrgð fyrir hinum ýmsu lánum til eins og annars í landinu, þá hafi vakað fyrir henni á þeim tímum, að það væru nægilegar tryggingar fyrir þessum lánum, bæði í sambandi við raforkumál, hafnarmál og fleira í landinu, en það er nú þó komið svo nú, að hæstv. ráðh. hefur nýlega lagt fyrir fjvn. lista yfir 30 millj. kr., sem ríkissjóður hefur orðið að greiða sjálfur vegna þessara ábyrgða, og það er ekki sýnilegt annað en að það þurfi að taka allar þessar 30 millj. kr. inn á fjárlögin fyrr eða síðar, ef ríkissjóður ætlar ekki að verða vanskilaaðili, því að af umframtekjum er ekki hægt að greiða þessa upphæð. Það mundi hins vegar kosta mjög stóran, nýjan skatt á þjóðina. Nú hygg ég, að það sé sameiginleg skoðun mín og hv. flm., að fjárlagafrv. eins og það er nú þoli engan veginn, að bætt sé inn á það þeim 30 millj., sem hér um ræðir, og það verði því að reyna að fara einhverja aðra leið um það mál, og ég hygg, að hann sé mér líka sammála um það, að það sé ekki sæmandi hvorki honum né mér eða neinum af þeim hv. þm., sem eiga að bera ábyrgð á fjárlögunum, að skila þeim með greiðsluhalla á þessu ári eða á neinu ári, nema því aðeins að alveg sérstaklega stæði að einhver óhöpp, sem ekki er hægt að sjá á nokkurn hátt fyrir og yrði að gera út úr neyð, en þá er það ekki heldur furða, þótt bæði hann og ég setjum okkur niður til þess að athuga, hvort það sé rétt fyrir okkur að binda slíkan bagga á hæstv. ríkisstj. og ríkissjóðinn sem hér um ræðir, ef heimildin er notuð. Sé hins vegar heimildin ekki notuð, þá er hér um að ræða að ná einhverju öðru takmarki heldur en stefnt er að. En ég ætla hvorki hv. flm. né hv. form. fjhn. það, að þeir séu með þetta mál sem eitthvert auglýsingamál til þess að vekja á sér athygli svona rétt fyrir kosningar, og það er einmitt vegna þess, að ég er ekki að ætla þeim það, að ég hef óskað eftir því að fá hæstv. ráðh. til viðtals í nefndinni og reyna að fá um það samkomulag við hann, en það hefur ekki fengizt, eins og hv. meðnm. mínum er vel ljóst.

Hv. frsm. sagði hér áðan, að þess væri ekki að vænta, að fyrir lægi hér kauptilboð um ákveðið skip, hæstv. ríkisstj. og viðkomandi ráðh. yrðu að meta það á hverjum tíma, hvort þeir staðir gætu misst skipin, sem hugsað væri að taka þau frá, ef þau væru keypt innanlands. Nú vildi ég gjarnan út af þessu spyrja hv. flm.: Ætlast hann til þess, ef frv. þetta verður að lögum, að heimildin verði ekki notuð af hæstv. ríkisstj., nema hún öll sé sammála um málið? Hans orð féllu þannig, að það væri á valdi

hæstv. ríkisstj. að meta tryggingarnar gildar og að hún þyrfti ekki einu sinni að framkvæma heimildina eftir löggjöfinni, þótt nægileg trygging væri fyrir hendi, heldur gæti hún einnig sett að skilyrði, að fullkomið samkomulag fengist um það, að það skerti ekki atvinnumöguleika annarra staða á landinu með því að flytja þaðan atvinnutæki. Er það hans meining og vill hann viðurkenna það, áður en atkvgr. fer fram um frv. að lokinni þessari umr., að heimildina ætti ekki að nota af hæstv. ríkisstj., nema hún sé alveg sammála öll um þessi tvö atriði, annars vegar, að tryggingin sé nægileg, og hins vegar, að það sé ekki verið að íþyngja öðrum stöðum með því að taka þaðan skip til þess að flytja þau til Húsavíkur eða Ólafsfjarðar? Ef þessi yfirlýsing kemur frá hv. þm., þá breytir það náttúrlega ákaflega mikið minni afstöðu til málsins.

Þá sagði hv. þm. einnig, að hann tryði því varla, að hæstv. ráðh. vildi banna þannig sölu innanlands með því að fylgja ekki málinu á þeim grundvelli, að það væri verið að taka togara t. d. frá Reykjavík. Ég hygg, að hér sé einhver mjög mikill misskilningur hjá hv. flm., því að það tvennt er ákaflega ólíkt að banna með lögum sölu skipa frá einum stað til annars innanlands af þeim ástæðum, að það gæti torveldað atvinnubætur á einum stað, þótt það hjálpi öðrum, eða hitt, að hæstv. ríkisstj. og Alþ. séu með sérstakri löggjöf að ýta undir það, að þetta verði gert, þ. e. a. s. taka á sig alla fjárhagslega ábyrgð af slíkum kaupum og sölum. Það er reginmunur hér á milli. Ég hygg, að hæstv. dómsmrh. mundi aldrei koma til hugar að gera tilraun til þess að banna með lögum að selja togara úr Reykjavík, ef það er kaupandi að honum og hann hefur fé til þess að kaupa skipið. En það er ekki það, sem er verið að hugsa um hér. Það er verið að biðja ríkissjóð um að leggja til ábyrgð fyrir 90% af kaupverðinu og taka á sig ábyrgð kannske á annarri jafnhárri upphæð án þess að gefa nokkra tryggingu fyrir því, að upphæðin verði greidd, og það er ákaflega mikill eðlismunur á þessum tveimur atriðum. Nú get ég þess utan upplýst það, að hverju einu einasta af þessum skipum, sem flutt voru til Reykjavíkur, var úthlutað viðkomandi aðilum með þeirri kvöð, að það yrði ekki selt úr bænum aftur, og það var þess vegna, sem Reykjavíkurbær keypti þau eða krafðist þess, að honum yrði úthlutað svo og svo mörgum skipum til þess að tryggja atvinnurekstur þeirra hér. Það er því náttúrlega engin furða, þó að hv. þm. Reykv. spyrji um það í sambandi við þessi mál, hvort það sé hugsað að kaupa skip úr Reykjavík. Ég get líka upplýst, að þessi loforð hafa verið sniðgengin. Þegar Akurey var keypt úr Reykjavík, þá var skipið ekki keypt, heldur var félagið keypt upp og skipið þannig flutt og rekstur þess allur úr Reykjavík, þó að heimilisfang skipsins sé enn Reykjavík.

Hv. 1. þm. Eyf. sagði, að hann væri ekki að ásaka okkur neitt, sem vildum fara varlega í þessu máli, og hann gæti að mörgu leyti fallizt á þau rök, sem við hefðum fært fram „til aðvörunar", eins og hann orðaði það, en þau væru bara allt of seint fram komin. En ég vil nú benda á, að þau eru þó ekki komin það seint fram, að þau hafi ekki haft þau áhrif, að hann og aðrir hv. fjhn.-menn hafi talið ástæðu til þess að spyrna svolítið við fótum, af því að þeir hafa séð, að rökin eru rétt, þótt þau séu ekki komin fram á fyrsta stigi málsins. Ég vil hins vegar endurtaka það hér, að ég bar strax fram á fyrsta stigi umræðnanna í hv. fjhn. öll þau rök, sem ég nú er að tala fyrir hér, þó að ég hins vegar skrifaði ekki undir nál. með fyrirvara eða gæfi út sérstakt nál., og það var vegna þess að ég bjóst við því, að það væri hægt að ræða um þetta mál við hæstv. ráðh. af fullri sanngirni og með fullri ábyrgð, því að það samstarf, sem ég hef haft við hæstv. ráðh. í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, hefur allt verið á þann veg, að hann hefur annars vegar sýnt fulla ábyrgð í starfi sínu og ég hins vegar sýnt honum og fullan trúnað. En þegar kemur að þessu máli, þá bregzt hann alveg embættisskyldu sinni, þ. e. að koma og ræða um málið hér í deildinni, því að það er sannarlega ekki lítil ástæða fyrir hann sem fjmrh. að ræða það hér, ef hann vill bera fulla ábyrgð á afgreiðslu þess og þeim fjárlögum, sem afgreiðsla þess hefur áhrif á. Hefur hann sýnt fulla ábyrgð í miklu smærri atriðum en hér um ræðir. Er því sannarlega full ástæða til þess að krefja hann til ábyrgðar hér í þessari hv. deild, á meðan verið er að ræða þetta stórkostlega fjárhagsmál.

Ég vil hins vegar enn, út af því, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði hér, að það hefði áreiðanlega verið talið afturhald á nýsköpunartímunum, ef það hefðu verið haldnar slíkar ræður af framsóknarmönnum eins og við höfum haldið hér í sambandi við þetta mál, benda hv. þm. á, að í fyrsta lagi eru þau rök, sem eru færð hér, byggð á reynslunni, þeirri reynslu, að atvinnutækin þola ekki takmarkalausar kröfur. Hins vegar er það svo, eins og ég tók fram áðan, að þau skipin, sem mest hafa tapað, höfðu ekki nægilegan fjárhagsstyrkleika á bak við sig frá eigendunum sjálfum til þess að skapa nægilegan áhuga á rekstri skipanna. Ég skal í sambandi við það leyfa mér að benda hér á, — ég er alveg að ljúka mínu máli, — að við höfum nú með að gera eitt fyrirtæki, sem að vísu er ekki togari, heldur annað útgerðarfyrirtæki, sem er með um 2½ millj. kr. eignir og skuldir, en hlutaféð í þessu fyrirtæki eru einar 35 þús. kr. Hvernig í ósköpunum er hægt að búast við nokkurri ábyrgð frá þeim mönnum, sem starfrækja fyrirtæki með 2½ millj. kr. eignir í höndunum og bera sjálfir ekki ábyrgð nema á einum 35 þús. kr. í rekstrinum, og fyrir það m. a. er þetta fyrirtæki komið eins og það er komið nú, að það verður að leita til ríkissjóðs, vegna þess að það hefur vantað algerlega þann fjárhagslega grundvöll til þess að starfrækja fyrirtækið annars vegar og fjárhagslega ábyrgð þeirra manna, sem reka það, hins vegar.

Ég vil svo aðeins að síðustu leyfa mér að lýsa því yfir, að vegna þeirrar tillögu, sem fram er komin á þskj. 249 frá meiri hl. n., og í

trausti þess, að hv. meiri hl. n. taki málið enn til athugunar og sveigist enn meir inn á mína tillögu á þskj. 212, mun ég taka till. aftur til 3. umr. Verði mín tillaga ekki samþ. við 3. umr. eða önnur till. komin fram, sem er nær minni till. heldur en till. á þskj. 249 og þá nái fram að ganga, mun ég ekki sjá mér fært að fylgja frv. út úr deildinni, þrátt fyrir það þó að ég hafi ekki skrifað undir nál. með fyrirvara, og vísa ég þá til þess, sem ég frá upphafi hef sagt í n. og skýrt hér nú.

Forseti (BSt): Út af margendurteknum ummælum hv. þm. Barð. út af því, að hæstv. fjmrh. er hér ekki viðstaddur, vil ég geta þess, að ég lét hæstv. ráðh. vita um það, að hans nærveru væri óskað þegar þetta mál væri til umr., en þar sem hv. þm. vildi leggja sérstakan skilning um afstöðu hæstv. ráðh. til málsins sökum þess, að hann væri ekki viðstaddur, þá virðist mér það nú töluvert vafasamt, því að eins og hv. þm. veit og allir hv. dm. hér, þá er það ekki nema venjulegt, að hæstv. ráðh. séu ekki viðstaddir hér, jafnvel þó að þau mál, sem undir þá heyra, séu til umr. Og enn fremur skal ég benda á það, að hæstv. fjmrh. er þm. í Nd., og mætti þá ætla, að hann geymdi sér að láta sína afstöðu til málsins í ljós, þangað til málið kæmi til þeirrar d., sem hann á sæti í.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Vegna margendurtekinna ummæla hæstv. forseta um, að ráðh. séu hér lítið viðstaddir í d., þá vil ég segja, að ég tel þau ummæli að verulegu leyti mjög ómakleg. Störfum ráðh. er þannig hagað, að bæði þurfa þeir að sinna störfum í báðum d. þingsins og geta þegar af þeirri ástæðu ekki ætíð verið við í hvorri d. sem er, heldur verða oft að gera upp á milli, í hvorri d. þeir eiga að dvelja, og þá með eðlilegum hætti eru þeir frekar í þeirri d., þar sem þeir eru þm. En þessu til viðbótar kemur það, að þeir hafa margvíslegum öðrum störfum að sinna, sem ekki sízt eru aðkallandi á meðan Alþ. situr. Þess vegna er þeim ómögulegt og þeir mundu ekki með nokkru móti komast yfir það að gegna öllum þeim störfum, sem á þeim hvíla, ef þeir ættu ætíð að sitja á fundum Alþ. Þeir verða að láta daglega afgreiðslu mála ganga fyrir, margháttaða samninga, bæði innan stjórnarinnar og milli þingfl. til þess að greiða fyrir þingstörfum og við aðra aðila. Allt þetta verður að ganga fyrir því að sitja ætíð inni í þd. Þess vegna er það mjög ómaklegt, þegar verið er af hæstv. forseta að sveigja að ráðh., að þeir séu ekki *(Forseti:* Ég hef ekkert sveigt að ráðh. fyrir það.) viðstaddir, og a. m. k. heldur hv. 1. þm. N-M. naumast svo ræðu hér nú orðið, að hann minnist ekki á það, að ráðh. séu ekki viðstaddir, og er á stundum hættur að fást til að greiða atkv., nema þeir séu nærstaddir. Nú skal ég játa, að það gæti verið töluverð freisting að láta hv. 1. þm. N-M. ekki ætíð greiða atkv., og þess vegna væri það viðbótarástæða fyrir ráðh. til þess að vera í burtu. En samt held ég, að það ráði tiltölulega litlu um þessar margumtöluðu fjarvistir ráðh. Allir þm. ættu að vita, að störfum ráðh. er þannig háttað, að þeir geta ekki með nokkru móti ætíð setið inni í d. Hitt vil ég svo segja að lokum, áður en ég hverf frá þessu, að ég held, að allir ráðh. reyni, ef eftir því er sérstaklega óskað og þeir eru ekki bundnir af öðrum störfum, að vera viðstaddir. En það kann líka svo að vera, að þeim sé það ekki mögulegt, og þá tjóir ekki um það að tala.

Ég ætlaði ekki aðallega að ræða um þetta, þó að mér þætti skylda mín að minnast á þetta í beinu framhaldi af því, sem hér var sagt, heldur aðeins taka fram út af þeim ummælum, sem hér hafa komið fram í umr., að það er engin afsökun fyrir því, að þetta frv. er einhliða og flutt með tiltekna staðarhagsmuni fyrir augum, en ekki reynt að leysa alþjóðarþörf eins og skyldi, að það skuli aðeins vera heimildarfrv. Vitanlega ætlast hv. flm. og hans stuðningsmenn ekki til þess, að heimildin sé aðeins til þess að sýnast, heldur hljóta þeir að ætlast til þess, að þarna séu þeir að leysa eitthvert mál. En ef þeir segja: Við viljum ekki taka afstöðu til þess, hvaðan skipin á að taka, heldur ætlum við öðrum að leysa þann vanda, — þá eru þeir með málið jafnóleyst eftir sem áður, og þá er ekki um gagnlega till. að ræða, heldur um eitthvað allt annað, sem ég skal ekki lýsa. Það tjáir ekki fyrir hv. þm. að segja, að þeir flytji frv. í trausti þess, að málið verði stöðvað af hæstv. ríkisstj. (Gripið fram í.) Ja, hví vill þm. sjálfur ekki leysa það með alþjóðarhag? Honum hefur verið bent á það, hvað til þess þarf, og hví vill hann ekki sjálfur gera það? Það er vegna þess, að hann tekur aðeins helming málsins, þann, sem honum virðist vera auðveldari, og ætlar svo öðrum að leysa hinn helminginn, þann, sem er óþægilegur. En sá óþægilegi hluti fylgir með á sínum tíma og verður að leysast. Og áður en menn taka afstöðu með málinu eða móti, þá er það mjög eðlileg krafa, sem ég vil ítreka enn, að því verði svarað, hvaðan á að taka þau skip, sem hér er um að ræða, og af hverju vilja ekki stuðningsmenn þessa máls veita aðilum á þeim stöðum, sem á að taka skipin frá, sams konar hlunnindi eins og þeir ætla sínum vinum og skjólstæðingum.

Forseti (BSt): Út af ummælum hæstv. dómsmrh. vil ég geta þess, að ég kannast ekki við, að ég hafi verið með nokkrar ádeilur, a. m. k. ekki að þessu sinni og ekki í gær, til hæstv. ráðh. út af því, að þeir mættu ekki hér í d. Það var hv. þm. Barð., sem var með ádeilur út af því, að hæstv. fjmrh. væri hér ekki mættur, og það hafa oft komið kröfur til mín frá ýmsum hv. dm. um það, að ég sæi um það, að þessi og þessi hæstv. ráðh. væri hér viðstaddur. Ég get ekki tekið slíkt að mér.

Að öðru leyti út af því, sem hæstv. ráðh. sagði um starf ráðh. og annað slíkt, þá get ég látið mér það skiljast. En benda má á það, að hæstv. ráðherrar, allir þeir, sem nú eru í rn., eru jafnframt þm. og þingsköp hafa ákveð-

ið að segja um skyldu alþm. til þess að sækja þingfundi. En hitt er rétt, að það verður síðar gerð krafa til þeirra ráðh., sem ekki eru þm. í þeirri d., sem um er að ræða, að þeir mæti, heldur en hinna. Annars skal ég taka það fram sem forseti þessarar d., að ef um einhverja ásökun væri að ræða frá minni hendi í þessu efni, sem ekki er, þá væri hún nú sízt til hæstv. dómsmrh., því að það vita allir hv. þdm. hér, að hann sækir hér mest fundi af hæstv. ráðh.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég vissi, að hv. þm. Barð. er vel íþróttum búinn, en aldrei hafði ég búizt við því, að hann væri svo fimur, að hann færi í gegnum sjálfan sig á þann hátt, sem hann hefur gert í þessu máli. Þeir, sem hafa lesið nál., sem fjhn. gaf út, geta séð afstöðu hans þar. Þeir, sem hafa hlustað á ræður hans hér, hafa getað séð fimi hans við að taka breytta afstöðu. Skýrslur þær, sem hann gaf um, með hvaða hætti einstakir bæir og menn í einstökum bæjum hafa getað gerzt eigendur togara á undanförnum árum, voru mjög óljósar og að því er ég tel villandi. Ég er að vísu ekki undir það búinn á þessu stigi að liða þær sundur, en eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið um aðstoðina til ýmissa bæjarfélaga, t. d. Seyðisfjarðar, sem fékk togara úr fyrri innkaupunum, þá skilst mér, að þar hafi verið um alveg sambærileg hlunnindi eða aðstoðarhlunnindi að ræða og hér er farið fram á. Skýringar hv. þm. á því, hvers vegna þeim, sem fengu síðari togarana, var veitt 90% ábyrgð fyrir lánum, eru allmikið villandi, því að þær byggjast aðallega á því, að vegna þess að peningagildi var breytt og verð hækkað, þá hefði orðið að hækka þetta hlutfall. En það eru ekki rétt rök að telja, að hlutfallið hefði átt að breytast af þeim ástæðum. Hitt væru rétt rök, að segja, að nú séu komnir þeir tímar og hefðu verið að koma, þegar þeir togarar komu inn, að miklu örðugra sé fyrir bæjarfélög og einstaklinga að fá lán án þessarar aðstoðar heldur en var þegar togararnir fóru fyrst að flytjast til landsins, og fyrir breyttar aðstæður til þess að útvega lán og tryggja lán vegna þess, hvað þau séu torfengin, þá sé mjög eðlilegt, að nú sé veitt hámark aðstoðar. En það er ekki einu sinni hámark aðstoðar, sem Húsavík hefur farið fram á eða ég fyrir hennar hönd með frv. Það er mun meira en 90%, sem ríkið hefur aðstoðað t. d. Siglufjörð við að fá sinn seinni togara.

Það er hægt að segja sem svo, að heppilegra sé, að einstakir menn eða einstök fyrirtæki reki togarana, og ég skal játa það, að ég hefði talið það æskilegra, ef einhver aðili á Húsavík hefði verið nægilega sterkur til þess að taka upp togararekstur, en því er ekki til að dreifa. Aðalatriðið fyrir staðinn er að fá togararekstur, til þess að almenn atvinna geti stuðzt við hann, og úrræði er ekki annað fyrir hendi en að sveitarfélagið beiti sér fyrir því. Þess vegna er frv. fram komið. Það er alveg rétt, að togaraútgerðin hefur borið sig mjög misjafnlega, og það er í ljós komið með þennan rekstur sem allan annan, að það fer mjög eftir því, hverjir fara með hann. Eitt af því, sem fullyrt hefur verið í mín eyru að hafi skipt allmiklu máli, þar sem togarar hafa verið reknir, er það, hvort tök hafa verið á því fyrir þá, sem togarana hafa rekið, að fá frystan aflann með hagfelldu móti. Niðurstaðan hefur víða orðið sú, að frystihúsin hafa grætt, þó að togararnir hafi tapað. Þessi reynsla kvað vera mjög áberandi, og ég vil taka fram, að einmitt Húsavík hefur skilyrði til þess að vera sjálfri sér nóg að mestu leyti um þetta atriði. Þeir sömu aðilar sem hugsa sér að reka þar togara hafa ráð á frystihúsaðstöðu. Og þess vegna er það, að þeir geta vænzt þess, að sá ávinningur, sem aðrir hafa haft af að skipta við togarana með því að taka hjá þeim fisk til frystingar, geti fallið togaranum hjá þeim sjálfum í skaut.

Hv. þm. Barð. spurði mig að því, hvort ég liti svo á, að þegar til þess kæmi, að stjórnin ákvæði það, hvort hún notaði heimild eða ekki, sem hún fengi, í þessu falli heimild handa Húsavík og Ólafsfirði, þá ætti það að koma til kasta allrar stjórnarinnar að taka ákvörðunina eða valdið að vera hjá einstökum ráðh. Ég vil lýsa því yfir, að í stóru máli sem þessu og sem stuðningsmaður stjórnarinnar lít ég svo á, að stjórnin öll eigi að taka þátt í að ákvarða í slíku máli. Ég vil ætlast til þess, að stjórn, sem ég styð, þó að hún sé frá tveim flokkum, hafi samvinnu um slík mál sem þessi. Og í raun og veru get ég lýst því yfir, að það hafa komið fyrir atvik í starfsemi þessarar ríkisstj., sem ég álít að betur hefði farið á, að hefði verið samráð um.

Hæstv. dómsmrh., sem er landskunnur fyrir velvilja, sanngirni og liðleika í viðskiptum við þegna þjóðfélagsins, heldur áfram, að ég tel, að ýta á móti framgangi þessa máls. Hann telur, að ég vilji aðeins leysa helming þess. Ég tel, að hér á Alþ. eigi ekki með lögum að leysa svona mál nema að þeim helmingi, sem hér er farið fram á að veita heimild til þess að ríkisstj. leysi. Ég hef borið fram málefni Húsavíkur, en ég tel þrátt fyrir það alls ekki rétta þá ásökun ráðh., að ég sé mikill sérréttindamaður vegna Húsavíkur. Ég hef sannað það með því að fylgja strax till. um, að Ólafsfjörður njóti sömu réttinda, og ef nú hæstv. ráðh. vildi láta verða af því að bera fram till. í samræmi við þá yfirlýsingu, sem hann gaf við fyrri hluta þessarar umr. um, að hann teldi, að heimildin ætti að vera fyrir öll sveitarfélög, þá mundi ég ekki verða á móti þeirri breyt. á málinu, því að ég tel, að sem mest jafnrétti eigi að ríkja í landinu. Og ég hef lagt áherzlu á það, að nú væri búið að gera svo mikið fyrir tíu bæi, að einmitt væri það jafnréttismál, að Húsavík og Ólafsfjörður fengju aðstoð til þess að kaupa togara eins og aðrir bæir. Ég er viss um það, að ef lögin yrðu gerð almenn og heimild veitt öllum sveitarfélögum, þá mundi hæstv. dómsmrh., sem rekur ættir sínar til Húsavíkur, vera með Húsavík og telja rétt, að Húsavík yrði í fremstu röð til að fá togara, jafnvel þótt hann minntist ekkert uppruna síns, bara ef hann beitti sínum venjulega liðleika og sanngirni.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. þm. S-Þ. (KK) fór svo fögrum orðum um mig, sem ég veit, að hann mælir af heilum hug eins og allt annað, er af hans munni gengur, að ég held, að það fari bezt á því, að ég felli deilur við hann niður um málið, ekki sízt þar sem hann vitnaði svo fagurlega til minnar ættar og uppruna, enda er loks svo komið fyrir mína þrákelkni hér í þessum umr., þá, að bera fram það, sem rétt er, að ég held, að okkur greini ekki mjög mikið á milli. Ef hv. þm. stendur við það, að hann vilji fallast á að breyta þessu frv. í almenna heimild, þar sem öllum verði gert jafnt undir höfði, þá skal ég styðja málið. Ég lýsti því yfir í minni fyrstu ræðu, og ég endurtek það. Því miður held ég, að hv. þm. hafi verið nokkuð lengi að komast á þennan leiðarenda, en úr því að hann er þangað kominn, þá býð ég hann velkominn í samfélag við mig. — Ég vildi fara þess á leit, að umr. verði nú frestað.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að beina eindregnum tilmælum til hæstv. forseta í þá átt, að hann sæi sér fært að taka þetta mál nú út af dagskrá, þannig að n. gæti tekið málið til athugunar á ný og séð, hvort ekki væri hægt að semja um till., sem bæði flm. og hæstv. ráðh. gætu fallizt á, þannig að málinu mætti ljúka með samkomulagi í d., ef sá möguleiki er fyrir hendi, sem mér virðist ástæða til að ætla.

Umr. frestað.

Á 29. og 30. fundi í Ed., 20. og 24. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Ed., 25. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 72, n. 196, 212, 249, 263).

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég þakka fyrir leyfið til að gera athugasemd og skal reyna að misnota það ekki, en tala stutt.

Ég lét um daginn þau orð falla að gefnu tilefni frá hæstv. dómsmrh., að ef hann flytti till. um að gera heimild þá, er frv. felur í sér, að heimild handa ríkisstj. til þess að ábyrgjast almennt fyrir sveitarstjórnir lán til togarakaupa, þá mundi ég geta stutt þá till. Ég flutti frv. vegna Húsavíkur sérstaklega sem þingmaður þar, en mér fannst hugsun sú, sem hæstv. dómsmrh. lét í skína, fara honum mjög vel sem landsföður þeim, sem tekið hefur að sér að hugsa jafnt um öll landsins börn, hvar sem þau eru búsett, og hét því að styðja þá hugsun, ef hún kæmi fram í till. En hún hefur enn ekki komið fram.

Aftur á móti flytur hæstv. dómsmrh. mjög einhæfa till. og hlutdræga á þskj. 263. Í þeirri till. horfir hann bara á hag þeirra, sem með einhverjum ráðum eru búnir að komast yfir togara. Vegna þeirra lætur hann ekki nægja, að ríkisstj. sé heimilað að veita úrlausnir, heldur er henni fyrirskipað að gera það. „Hún skal", segir í till., ef sótt er um ábyrgð til kaupa á skipi, sem skrásett hefur verið á öðrum stað, leita eftir því, — það dugir ekki minna en hún fari í leit eftir því, hvort þar sé engan að finna, sem fáanlegur sé til að gera skipið út, og hún „skal" bjóða honum, ef hann finnst, allt að 90% ábyrgð fyrir láni, — minna dugir ekki, hver sem þessi aðili er. M. ö. o. á að synja stöðum, sem ekki hafa þegar fengið til sín togara, um aðstoð til togarakaupa innanlands, meðan nokkur fyrirfinnst, sem vill taka við togaranum með 90% ábyrgð ríkisins á þeim stað, sem hann hefur áður verið. Engu máli skiptir samkv. till., hvort meiri þörf er annars staðar, hvort betri aðstaða kann að vera til að reka togarann annars staðar, hvort hann er í einkarekstri, en á að verða fjöldafyrirtæki annars staðar, hvort sá, sem finnst í leitinni, er þurfinn fyrir 90% ábyrgð eða ekki, — hún „skal" boðin. Ríkisstj. er ekki heimilað að fara eftir ástæðum, heldur er henni fyrirskipað kalt og ósveigjanlega að veita mönnum á stað, sem hefur togara, hverjir sem það eru, fyllstu ábyrgðaraðstoð og fyrirbyggja með því sölu milli staða, þó að hún væri eðlileg. Eftir till. virðist mér, að braskarar fái óvenjulega aðstöðu til þess að heimta ríkisábyrgð til togarakaupa, ef það liggur ekki fyrir svart á hvítu, að þeir séu óhæfir, því að ríkisstj. „skal" gefa þeim kost á ábyrgðinni, bara ef þeir eiga heima þar, sem togarinn hefur verið skráður og gerður út.

Slík löggjöf sem till. er um mundi leiða af sér flutning fólks frá þeim stöðum, sem nú biðja um aðstoð til togarakaupa, til þeirra staða, er stuðninginn fá. Till. er þess vegna í raun og veru illa dulbúin bending um það, að fólk skuli flytja til Reykjavíkur og annarra þeirra staða, sem togara hafa. Þar hefur það forréttindin. Og hvenær skyldi hafa komið fram á Alþ. till., sem boðið hefur jafnótvírætt bröskurum upp á ríkisábyrgð og skyldað ríkisstj. til þess að veita hana? Aldrei, að ég hygg. Till. er að mínu áliti alls ekki samboðin hæstv. dómsmrh. sem landsföður, og taki hann ekki till. aftur, þá tel ég, að hv. d. verði að fella hana til þess að bjarga bæði sóma málsins og sóma ráðherrans.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég var nú bundinn við önnur störf og gat þess vegna ekki verið hér á fyrri hluta þessa fundar; það skiptir nú ekki miklu máli. Mér er að vísu sagt, að minn ágæti vinur, hv. þm. S-Þ., hafi haldið hér ágæta og vel undirbúna skrifaða ræðu með miklum snillibrag, eins og hans var von og vísa. Vonast ég til þess, að mér endist aldur til þess að lesa hana einhvern tíma í elli minni, en geri nú ráð fyrir því, að ég hirði ekki um það fyrr en ég hef ekki öðrum störfum að sinna, og skal þess vegna leiða hest minn hjá því afreksverki að þessu sinni.

Till., sem ég flyt hér, er rækilega rökstudd af mér fyrr í þessum umr. Segja má, að í henni sé samandreginn kjarni þess, sem ég hef haldið fram. Ég hef síður en svo á móti því, að Húsavík — allra sízt Húsavík — og ekki heldur Ólafsfjörður, fái togara með tilstyrk ríkisvalds-

ins, ef með því er ekki hallað á aðra. Ef Húsvíkingar vilja t. d. kaupa togara frá öðru landi, þá er heimildin til þess alveg óskert fyrir mína till. Sú eina takmörkun, sem í henni felst á tilstyrk ríkisins, er sú, að gefa á aðilum, sem ríkisstj. metur til þess hæfa að gera út skip, kost á því að kaupa skip, sem taka á frá þeim stað, sem það hefur verið á, ef þeir aðilar vilja gera skipið áfram út þaðan. Þetta er alþekkt ákvæði í l., að aðilum er veittur forkaupsréttur, — þekkjast t. d. forréttindi innansveitarmanna til kaupa á jarðeignum umfram utansveitarmenn og er gamalt og gott fyrirmæli, sem mjög er eðlilegt að eigi einnig við hér. Og það má öllum vera ljóst, að það er mjög óeðlilegt að taka togara burt frá þeim stað, sem fyrst og fremst hefur byggt upp afkomu sína á togaraútgerð, — taka hann burt með tilstyrk þess opinbera og ætla að fara með hann þangað, sem togari hefur aldrei verið gerður út, þó að til séu aðilar á fyrri staðnum, sem vilji tryggja útgerð skipsins. Og það tjáir ekki að segja, að með því sé verið að fá bröskurum skipið í hendur, vegna þess að þetta er komið undir mati ríkisstj., og ég veit, að hv. þm. S-Þ. tekur okkur í núverandi stjórn, ekki sízt mig og hv. 1. þm. S-M. saman, sem næga ábyrgð fyrir því, að þetta skip yrði ekki látið í óvandaðra hendur, enda vitum við það, að það eru nógir fjársterkir aðilar hér í Rvík, sem sækjast eftir eignum, svo sem t. d. S. Í. S., svo að við nefnum aðeins eitt dæmi, sem mjög hefur sótzt eftir því að ná undir sig margs konar eignum hér í bænum, og er því mjög óeðlilegt, ef það er sérstaklega hugstætt hv. þm. S-Þ. að halda, að skipin hljóti endilega að lenda í höndum braskara, þó að sá háttur sé á hafður, sem ég legg hér til. En aðalatriðið er, að um leið og menn vilja veita Húsvíkingum og Ólafsfirðingum réttmætan styrk, þá sé það tryggt, að ekki séu að ófyrirsynju tekin burt atvinnutækin þaðan, sem þau hafa verið, ef hæfir aðilar fást til að gera þau út þaðan framvegis. Það er þetta, sem í minni till. felst, og vonast ég til, að þingheimur geti á það fallizt.

Um leið og ég lýsi ánægju minni yfir, að mér gafst tækifæri á að bera fram þessa brtt., vil ég lýsa vonbrigðum mínum yfir því, að hv. n. skuli ekki hafa notað þann tíma, sem gefizt hefur, til þess að spyrja atvinnumálanefndina að því, sem nauðsynlegt var að fá vitneskju um til viðbótar hennar fyrri umsögn, hvaðan hún ætlaðist til, að skipið væri fengið, sem ætti að fá Húsvíkingum í hendur.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Eins og þessi till. hæstv. dómsmrh. á þskj. 263 er orðuð, þá á ég ákaflega erfitt með að fylgja henni, enda þótt aðalatriði hennar séu með þeim hætti, að ég mundi vilja fylgja þeim. Mér virðist það vera rétt, sem hv. þm. S-Þ. sagði í sinni ræðu, að samkv. þessari brtt. sé hvaða braskari sem vera skal gerður jafnréttháir bæjarfélagi eða hlutafélagi, sem bæjarfélag er þátttakandi í og mundi þá hafa þar væntanlega yfirráð. Hins vegar finnst mér sjálfsagt, að sams konar aðili á stað, sem skip væri skráð á, fengi sama rétt og í þessu tilfelli Húsavík og Ólafsfjörður. Ég vil þess vegna leyfa mér að bera fram brtt. við þessa till. hér á þskj. 263, þannig, að í stað orðanna „einhver aðili, sem hún metur til þess hæfan," komi: hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélag eða hlutafélag, sem bærinn eða hreppurinn er þátttakandi í — þannig að till. orðist þá þannig: „Ef ábyrgð samkv. 1. málsgr. á að veita til kaupa á skipi, sem skrásett er á öðrum stað innlendum, og það hefur verið gert út þaðan, þá skal ríkisstj. leita eftir því, hvort hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélag eða hlutafélag, sem bærinn eða hreppurinn er þátttakandi í, er fúst til þess að gera skipið þaðan út, og gefa honum þá kost á sams konar ábyrgð til kaupanna."

Ég vil svo leyfa mér að leggja þessa till. fram.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi skrifleg brtt. við brtt. á þskj. 263 frá Brynjólfi Bjarnasyni:

„Í stað orðanna „einhver aðili, sem hún metur til þess hæfan," komi: hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélag eða hlutafélag, sem bærinn eða hreppurinn er þátttakandi í."

Þessi till. er of seint fram komin og þar að auki skrifleg og þarf tvöföld afbrigði, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 304) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég hefði nú ekki tekið þátt í þessum umr. frekar en þegar er orðið, ef það hefði ekki verið vegna orða hæstv. dómsmrh., er hann lét nokkra undrun í ljós út af því, að n., sem fjallaði um þetta mál, hefði ekki spurt atvinnumálanefnd svo kallaða um það, hvar ætti að fá þessi skip, sem frv. ráðgerir að stuðningur verði veittur til að kaupa fyrir Húsavíkurkaupstað og Ólafsfjarðarkaupstað. Sem form. þessarar n. vil ég taka það fram, að ég leit fyrir mitt leyti svo á, að þetta væri í sjálfu sér ekki verk n., sem um málið fjallaði sem þingmál. Mér finnst þetta verkefni ríkisstj., þegar til þess kemur, hvort eigi að nota þá heimild, sem í frv. felst, ellegar ekki. Þá vitanlega athugar ríkisstj. allar aðstæður og þá þar með, hvaðan hentugast muni vera að fá skipið eða skipin. Ég hygg, að þetta eigi fjöldamargar hliðstæður hér á Alþingi um ýmiss konar framkvæmdir, að þingnefndir hafi ekki ráðagerðir um það, á hvern hátt eitt eða annað er framkvæmt í einstökum atriðum af málefnum, sem ríkisstj. er falið með l. eða á annan hátt að framkvæma og gera. Ég geri líka ráð fyrir því, að atvinnumálanefndin hefði yfirleitt ekki getað svarað þessu verulega. Þetta hlýtur að fara eftir því, ef um innlend skip væri að ræða, hvort þau eru föl eða ekki föl o. s. frv.

Hæstv. ráðh. sagði nú, að sín till. hefði verið rækilega rökstudd áður, og rétt er það, að hann var búinn að tala áður í þessu máli og rökstyðja það töluvert rækilega, að ekki bæri að taka skip af stöðum, sem þegar hefðu eign-

azt þau, en mér finnst samt, að þessi till., eins og hún liggur fyrir, hafi ekki verið rökstudd áður af hæstv. ráðh. Þegar ég heyrði hans ræðu, þá áleit ég að sjálfsögðu, að hann ætti við það að setja sams konar heimild til handa ríkisstj. um það að stuðla að eigendaskiptum á sama stað eins og er í frv. En í till. hans er miklu meira en heimild. Þar er sú skylda hreint og beint lögð á ríkisstj. að leita uppi aðila á þeim stað og vita, hvort hann er ekki fáanlegur til að ganga inn í togarakaup með þessum skilmálum. Mér finnst ekki, að þetta sé á neinn hátt sambærilegt forkaupsrétti á jörðum, eins og hæstv. ráðh. var að vitna til og vildi líkja þessu við, því að þar er ekki um neinn slíkan stuðning að ræða. Þegar t. d. ábúandi á jörð á forkaupsrétt og næst honum hreppurinn, eru ekki á boðstólum 90% af kostnaðarverðinu sem lán, þó að þessir aðilar vilji nota sinn forkaupsrétt, svo að þetta er allt annað.

Brtt. hv. 1. landsk. þm. við þessa brtt., sem til umr. er, bætir að sumu leyti nokkuð úr göllum hennar, en þó ekki algerlega, því að hans brtt., — að því er mér virtist, ég hef nú ekki athugað hana mjög nákvæmlega, — heldur þessari skyldu. Hún er ekki um heimild til ríkisstj. eins og frv. er að öllu leyti byggt upp. Hún breytir því ekki, svo að þótt hún mundi bæta nokkuð úr, þá finnst mér, að hún mundi setja óeðlilegan fleyg í þetta mál.

Annars verð ég að segja það, að sem stjórnarstuðningsmaður treysti ég hæstv. ríkisstj. vel til þess að sjá um það, að þetta fari ekki fram á þann hátt, að öðrum verði að tjóni. Og mér finnst ekki þurfa þarna frekari varnagla heldur en það, að ríkisstj. hefur þetta í hendi sinni. Að vísu má búast við stjórnarskiptum einhvern tíma og þá komi, skulum við segja, verri ríkisstj. heldur en sú, sem nú er. En eins og stendur verður þó að miða við það, hvaða ríkisstj. við höfum. Og ég sé enga ástæðu til að vera að álíta það, að ríkisstj. muni gangast fyrir því, að togari sé tekinn af einhverjum stað, sem er bráðnauðsynlegt að hafa slíkt atvinnutæki, og senda hann til Húsavíkur eða Ólafsfjarðar. Ég óttast ekki neitt slíkt.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Segja má, að ekki taki því að halda áfram löngum þrætum um þetta, en eins og ég benti rækilega á við fyrri hluta þessarar umr., þá er málið aðeins leyst að hálfu leyti með því frv., sem hér liggur fyrir, og þess vegna mjög eðlilegt, að þeir, sem raunverulegan áhuga hafa fyrir lausn þess, vilji tryggja það, að lausnin sé alger, en ekki aðeins að nafninu til.

Ástæðan til þess, að ég taldi æskilegt, að atvinnumálanefnd ríkisins yrði spurð um það, hvaðan hún vildi að þetta skip yrði tekið, er sú, að þessi n. var skipuð til þess að finna ráð við svo kölluðu tímabundnu atvinnuleysi. Nú hefur hún að gefnu tilefni frá fjhn. Ed. Alþingis lýst yfir því, að hún teldi það geta orðið til þess að draga úr hinu árstíðabundna atvinnuleysi í allfjölmennum kaupstað eins og Húsavík, að þar verði gerður út togari, þótt hún taki jafnframt fram, að henni sé ljóst, að fjárhagslegur grundvöllur fyrir togaraútgerð sé hæpinn á Húsavík — eins og annars staðar á landinu — eins og sakir standa nú, eins og segir í þessu áliti. En n. var ekki einungis skipuð til þess að ráða fram úr vandræðum Húsvíkinga, heldur annarra landsmanna. Hún er búin að fá skýrslur hvaðanæva af landinu, og það, sem okkur, sem eigum að byggja á hennar áliti, er nauðsynlegt að fá að vita, er þetta: Er nokkurs staðar sá staður, þar sem togari er gerður út, að n. telji óhætt að taka hann þaðan, án þess að af því skapist vandræði og atvinnuleysi? — Það tjáir ekki að vitna í rök n., eins og hv. fjhn. hefur gert hér undir forustu okkar ágæta hæstv. forseta, fyrir því, að skipið eigi að koma til Húsavíkur, ef n. getur ekki bent á neinn stað, þar sem hún telur togara vera ofaukið. Þess vegna eru þessir hv. þm. aðeins að tala um helming málsins, eins og ég hef oft sagt áður, og það er alveg nauðsynlegt, ef menn vilja nokkuð leggja upp úr þessari umsögn hv. atvinnumálanefndar, að krefja hana sagna um það, hvaðan skipið á að koma. Og það segir í raun og veru alveg sína sögu, af hverju hv. fjhn. undir forustu hæstv. forseta og með hv. þm. S-Þ. sem frsm. fæst ekki til þess að spyrja n. Dettur nokkrum í hug, að þeir mundu ekki strax hlaupa til þess að spyrja n., hvaðan á að taka skipið, ef þeim kæmi til hugar eitt augnablik, að n. gæti vísað á einhvern stað, þar sem togara væri hér ofaukið? Það er vegna þess, að þeir vita fyrir fram, að n. mun reynast ófáanleg til þess að vísa á nokkurt skip, sem þessi tregða er í þeim. Og það er vegna þess lærdóms, sem af þeirri tregðu má draga, að ég vakti athygli á því, að þessi langi tími hefur verið látinn líða án þess að spyrja n. þessarar sjálfsögðu spurningar. (*Forseti:* Stundum eru togarar smíðaðir.) Já, það er einmitt það, sem ég legg áherzlu á í þessu og er að benda á, að ef fyrir þessum hv. þm. vakir að fá togara til Húsavíkur án þess að gera öðrum illt, þá er að beina málinu inn á það, sem hæstv. forseti nú segir, að fá smíðaðan togara. Hæstv. forseti sagði í sinni ræðu áðan, að auðvitað yrði að halda þannig á þessu máli, að skip yrði fengið frá einhverjum stað, þar sem tjón yrði ekki af því, að skipið yrði tekið burt, — ja, það er allt eftir því, við hvers tjón er miðað.

Hv. 1. landsk. og hv. þm. S-Þ. þykjast allt í einu vera mikið á móti bröskurum, og væri óskandi, að þeir væru sjálfum sér samkvæmir í því. En ég spyr: Hver halda þeir að mundi græða á því, ef skip væri keypt einhvers staðar að, t. d. úr Rvík, skip, sem kostaði í innkaupi milli 2—3 millj. kr. og þeir, sem fást við útgerð og stunda hana sem brask, vilja selja nú fyrir 5—6 millj. kr.? Hv. þm. S-Þ. er hér að berjast fyrir því, að það verði látnar 2 eða 3 litlar millj. kr. í vasann á einhverjum manni, sem hann kallar braskara. Svona eru hans raunverulegu áhugamál. (*Gripið fram í:* Peningagildið hefur breytzt.) Já, peningagildið hefur nú breytzt, en ætli það sé nú ekki samt svo, að þeir verði fegnir að fá þessar litlu 2 eða 3

millj. kr.? Svona er þetta mál í pottinn búið. Það er beint til þess að gefa þessum mönnum svona stórar fjárhæðir, sem hv. þm. eru hér að berjast á móti því, að þetta mál sé afgr. á skynsamlegan hátt.

Ég vil aðeins vekja athygli á því vegna þess, sem hæstv. forseti sagði í ræðu sinni, að það kvæði við nýjan tón hjá mér nú í þessari brtt., að í ræðu, sem ég hélt hér 18. nóv. og hef af tilviljun fyrir framan mig, segi ég að minnsta kosti tvisvar og verð að endurtaka, úr því að svo glöggur maður sem hæstv. forseti hefur ekki einu sinni heyrt það þá, — ég vil segja það í þriðja skipti, sem ég segi þar, með leyfi hæstv. forseta: Ég vil fyllilega styðja þeirra mál, en ég vil ekki styðja það á þann veg, að tekið sé skip héðan úr Rvík, þar sem ég er þm., og fengið þeim með hlunnindum, sem ekki fást veitt Reykvíkingum.

Um breyt. hv. 1. landsk. er það að segja, að ég er henni andvígur, en ég vil þó miklu heldur samþ. frv. með þeirri breyt. heldur en óbreytt.

ATKVGR.
Brtt. 249 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 212 tekin aftur til 3. umr.
— 196,1, svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
— 304 felld með 6:5 atkv.
— 263 felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, LJóh, SÓÓ, ÞÞ, BBen, GJ, HG.
nei: KK, RÞ, StgrA, VH, BrB, FRV, HermJ, BSt.
PZ greiddi ekki atkv.
1 þm. (GÍG) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Haraldur Guðmundsson: Enda þótt ég telji þessa till. mjög á annan veg en ég hefði kosið, sbr. atkvgr. mína um brtt. áðan, þá sé ég mér ekki fært að greiða atkvæði á móti till., þar sem ella er engin trygging fyrir því, að ekki verði keypt skip héðan úr Rvík til þess að fullnægja þörfum þeirra staða, sem um ræðir í frv. Ég hlýt því að segja já við brtt., í trausti þess, að ákvæðið verði fært til betri vegar í hv. Nd.

1. gr., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 196,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um heimild handa ríkisstj. til þess að ábyrgjast fyrir Húsavíkurkaupstað og Ólafsfjarðarkaupstað lán til togarakaupa.

Á 32. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 305).

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Þar sem mér er kunnugt um það, að hæstv. dómsmrh. hefur hugsað sér að koma fram hér með brtt. við þetta frv. og að minnsta kosti ræða eitthvað um það, þá teldi ég það rétt og er ósk mín, þar sem hann er ekki kominn í d., að umr. væri frestað um stundarsakir.

Forseti (BSt): Hæstv. dómsmrh. hefur fengið að sjálfsögðu dagskrá eins og aðrir þdm. og er kunnugt um, að þetta mál er á dagskrá. Samt get ég orðið við þeim tilmælum að fresta umr. um stundarsakir. Er það hér með gert, málið ekki tekið út af dagskrá.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það var mikið rætt um þetta mál við 2. umr., og það kom greinilega fram, að hér í d. er meiri hluti fyrir því að breyta frv. í veigamiklum atriðum. Ég er því að láta hreinrita brtt., sem ég tel að hljóti að ná samþykki, eftir því sem umr. og atkv. féllu hér síðast. Sú brtt. er í þá átt að bæta aftan við 1. gr. sams konar till. og var felld á dögunum, en þó á þann veg, að þau réttindi, sem þar átti að veita hverjum aðila á staðnum, sem ríkisstj. teldi hæfan til útgerðar, ættu að veitast sveitarfélaginu eða félagi, sem það væri þátttakandi í. Það má segja, að þetta sé ekki veruleg breyting frá þeirri till., sem hv. 1. landsk. flutti hér síðast og ég lýsti þá yfir að ég mundi verða með að minni till. fallinni. Nú féll hún, og þó að ég telji þennan hátt lakari en mína till., þá tel ég hana þó mun betri en sjálft frv. og vil því leggja til, að slík brtt. verði samþykkt, og vonast til, að hæstv. forseti veiti mér færi á því að ljúka hreinritun á henni.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi brtt. við frv. frá Bjarna Benediktssyni:

„Aftan við 1. gr. frv. bætist ný mgr., svo hljóðandi: Ef ábyrgð samkv. 1. mgr. á að veita til kaupa á skipi, sem skrásett er á öðrum stað innlendum, og það hefur verið gert út þaðan, þá skal ríkisstj. leita eftir því, hvort sveitarfélag eða félag, sem það er þátttakandi í, er fúst til að gera skipið þaðan út, og gefa því þá kost á sams konar ábyrgð til kaupanna. Skal á þann hátt tryggja, að íbúar þess staðar, sem skipið hefur verið gert út frá, verði ekki sviptir atvinnumöguleikum með því, að meiri hlunnindi séu veitt af hálfu ríkisins til hagnýtingar atvinnutækjanna annars staðar."

Þessi brtt. er skrifleg og of seint fram komin og þarf því afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 336) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur nú skotið fyrir þetta mál öðru fótakefli. Menn minnast fótakeflisins frá 2. umr. Og viðinn í þetta kefli virðist hann nú hafa sótt í austurátt, þangað sem hann er annars ekki talinn vanur að leita efnis. En till. ber þetta glöggt með sér, því þó að málað hafi verið yfir viðinn, þá grisjar í víðindin.

Það, sem ég hef fyrst og fremst við þessa till. að athuga, miðað við tilgang minn með að bera fram það frv., sem hér er til umr., er það, að í till. er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. sé skyld

að leita uppi kaupanda á útgerðarstað skips, sem á að selja, leita uppi vilja bæjarstjórnar eða félags, sem bæjarstjórn á að taka þátt í, og um leið skyldug að veita slíkum aðilum sams konar ábyrgð og farið er fram á í frv. að tilteknum bæjum sé veitt. Nú er það vafalaust tilgangur með ríkisábyrgð jafnan, slíkri sem hér um ræðir, að veittur sé stuðningur til sjálfsbjargar. Og nauðsynin á að veita slíkan stuðning hlýtur að fara eftir því, hversu erfitt þeir aðilar eiga með sjálfsbjörgina, sem fara fram á stuðninginn. Það hefur líka orðið sú reyndin um togaraábyrgðir hjá ríkinu, að þær hafa verið mjög veittar eftir efnum og ástæðum. Mér skilst eftir ábyggilegum heimildum, að t. d. hafi sumir aðilar ekki af eigin rammleik lagt fram öllu meira en 300 þús. kr. af ca. 10 millj. kr. kaupverði, en fengið aðstoð ríkisins með ábyrgðum til að standast straum af ca. 97%. Ég segi ekki, að þetta hafi ekki verið nauðsynlegt — ég segi það alls ekki. Ég segi einmitt, að það sé nauðsynlegt, að þær heimildir, sem ríkisstj. eru veittar, séu miðaðar við það, að hún megi fara eftir efnum og ástæðum, nauðsyn og sanngirni. Ég hef litið svo á, að Húsavík þyrfti 90% ábyrgð, en ég þykist viss um það, að ýmis bæjarfélög og félög, sem myndu uðust með þátttöku þeirra bæjarfélaga, mundu ekki þurfa jafnmikla ábyrgð. Og það er alls ekki rétt, að ríkið veiti svo háa ábyrgð, nema nauðsyn beri til. En brtt. sú, sem hér liggur fyrir, skyldar ríkisstj. til þess að veita þá ábyrgð, sem í frv. ræðir um, hverju bæjarfélagi og hverju því félagi öðru, sem slíkt bæjarfélag er þátttakandi í, án tillits til þarfar. Í henni gætir ekki þess grundvallar, sem á að gæta um ríkisábyrgðir. En þar sem þessi till. er hreinlega afturgengin till., sem hér var felld við 2. umr., þá vænti ég, að hv. d. sé sjálfri sér svo samkvæm, að hún felli afturgönguna líka og samþ. frv. eins og það liggur fyrir óbreytt.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það voru í rauninni tvær athugasemdir, sem komu fram við þessa till. frá hv. þm. S-Þ. Önnur var sú, að till. væri smíðuð úr austrænum viði. Við því er því til að svara, að við höfum lengi fengið rekadrumba á fjörur Íslands, og menn hafa talið, að margir þeirra kæmu alla leið frá Síberíu, og engum hefur til hugar komið, að það ætti að kasta viðnum í sjóinn aftur, jafnvel þótt upprunninn væri þaðan, heldur talið sjálfsagt að hagnýta viðinn, eftir því sem þörf væri fyrir hann.

Annars lýsti ég því strax yfir þegar till. hv. 1. landsk. kom fram, að þó að ég teldi hana lakari en mína, þá mundi ég verða með henni að minni till. felldri. Og í raun réttri hefði verið rökvísast, að hún hefði verið flutt sem varatill. við mína till., en ekki sem brtt., og þá er ég viss um, að hún hefði verið samþ., en ekki felld. Og það er í öruggri vissu um það, sem ég ber till. fram nú í þessari mynd. Annars er á henni nokkur munur frá því, sem hv. 1. landsk. flutti hana. Hann vildi takmarka þetta við hlutafélög, en í minni till. er þessi heimild veitt öllum félögum, sem sveitarfélög eru þátttakendur í. Kemur þar fram sá efnismunur, sem gerir það að verkum, að enginn vafi er á því, að það er fjarstæða að tala um, að þessari till. ætti að vísa frá. Þetta er till. um annað.

Að öðru leyti vil ég segja það, að hv. þm. S-Þ. staðfesti enn þann mun, sem er á milli minnar skoðunar og hans í þessu máli, að ég vil láta þetta vera almenna heimild, þannig að allir njóti jafnréttis, en hann vill gera upp á milli borgaranna. Það er það sjónarmið, sem ég get ekki fallizt á.

ATKVGR.
Brtt. 212 felld með 9:4 atkv.
— 336 samþ. með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: RÞ, SÓÓ, ÞÞ, BBen, BrB, GJ, HG, JJós, LJóh.
nei: StgrA, VH, FRV, KK, PZ, BSt.
2 þm. (GÍG, HermJ) fjarstaddir.
Frv., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 33. fundi í Nd., 2. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 337).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 63. og 64. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 66. fundi í Nd., 4. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 337, n. 674, 708, 726 og 727, 744).

Frsm. 2. minni hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég hef í nál. á þskj. 708 mælt með þessu frv. eins og það liggur hér fyrir hv. d.

Nú hafa að vísu komið fram ýmsar brtt., eftir að ég skilaði nál., og mun ég eftir athugun á þeim brtt. og eftir að ég hef heyrt, hvernig flm. þeirra flytja rök fyrir máli sínu, taka afstöðu til þess, hvort ég greiði atkvæði með eða móti brtt., allt saman fyrst og fremst miðað við það, að höfuðatriði frv. eins og það liggur nú fyrir deildinni geti náð samþykki Alþ.

Ég er þeirrar skoðunar, að það sé sjálfsagt og eðlilegt að veita þeim tveim kaupstöðum á Norðurlandi, sem hafa óskað eftir heimild um ríkisábyrgð vegna togarakaupa, þessa heimild, og er það aðalatriðið. Ég veit að vísu, að það geta verið sterk rök fyrir því að bæta þar við ýmsu, sem komið hefur fram frá einstökum þm., en mín afstaða til þeirra brtt. miðast við það, hvað ég tel að mundi verða líklegast til þess, að málið gengi í gegnum þessa hv. d.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál frekar að sinni, umfram það, sem í nál. segir, en legg höfuðáherzlu á, að það verði nú á Alþ. orðið við tilmælum þeim, sem fyrir

liggja frá Húsavíkurkaupstað og Ólafsfjarðarkaupstað um ábyrgðarheimild vegna kaupa á togurum til útgerðar frá þessum tveimur norðlenzku bæjum.

Eins og ég sagði áðan, má vafalaust segja, að það sé þörf víðar til fyrirgreiðslu almannavaldsins til stuðnings því, að hægt sé að fá togara eða önnur fiskiskip gerð út frá öðrum stöðum á landinu, en ég tel þó fyrir mitt leyti, að höfuðatriðið sé, úr því að nú er þingi brátt að ljúka, að miða við það, og það mun ég gera með mínu atkvæði, þar sem ég teldi þá líklegast, að höfuðkjarni málsins næði fram að ganga áður en þingi lýkur.

Frsm. 1. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Þetta mál hefur verið alllengi í fjhn. þessarar hv. d. Það kom til fjhn. 12. des., og *ég hef held ég á flestum fundum, sem fjhn.* hefur haldið síðan, óskað eftir afgreiðslu á þessu máli. Það hefur gengið erfiðlega að fá hana til þess, og loks í lok janúar gaf ég út stutt nál., 28. jan., þar sem ég lagði til, að þetta frv. yrði samþ., og 30. jan. var þetta mál tekið fyrir í fjhn., og þar var gengið formlega frá álitum nm., sem reyndust því miður mjög sundurleit, þannig að nú er svo komið, að hér liggja fyrir fjórir minni hl., og geta þeir nú varla verið miklu fleiri. Á þeim fundi lagði hv. form. n., hv. þm. V-Húnv., til, að málinu væri vísað til ríkisstj., og ég var satt að segja farinn að örvænta um það, að nokkur leið væri að koma þessu máli í gegn, svo þungt hefur verið á það lagzt. Ég gerði það aðeins að minni till. í nál., að frv. væri samþ. Ég gerði það með tilliti til þess, að höfuðatriðið í þessu máli væri að reyna að fá málið fram, — mér liggur við að segja, í einhverri mynd, — þannig að það kæmist þó út úr þinginu, en kafnaði ekki í n. eða stöðvaðist í umræðunum á síðustu dögum þingsins. Fyrir mér er það þess vegna höfuðatriði að geta fengið málið samþykkt.

Ég verð að vísu að segja, að það er ekki heppileg aðferð um framgang mála á Alþ., þegar eitt mál kemur fram, eins og þetta mál í Ed. upprunalega viðvíkjandi Húsavík, að hengja mörg mál aftan í. Það er ekki heppilegt og það er ekki æskilegt að vera með þennan hátt á. Það væri æskilegra að afgreiða önnur slík mál sjálfstætt, láta hvert mál fá að ganga út af fyrir sig. Hins vegar, svo fremi sem möguleiki er á því að koma málinu í gegn með því að það séu þarna fleiri, sem hafi samflot, þá álít ég það líka niðurstöðu, sem sé æskileg. Ég álít, að það hefði verið heppilegt, ef það hefði verið hægt að ná samkomulagi um örugga afgreiðslu málsins, að veruleg breyting hefði fengizt á 1. gr. eins og hún er nú, jafnvel brottfall, ef maður óttaðist ekki það, að málið yrði fellt í Ed. Vandræðin við að afgreiða mál út úr n. eins og fjhn. hefur afgreitt þetta mál núna, í fjórum minni hl., eru, að maður hefur ekki hugmynd um, hvernig flokkarnir raunverulega standa í þinginu að því að koma svona máli fram, og þegar sá stjórnarflokkurinn, sem hefur hjá sér fjmrh., sem þetta mál kemur sérstaklega undir, leggur raunverulega til að vísa því til stjórnarinnar, þá er ekki efnilegt á að lítast um að tryggja afgreiðslu á svona máli. Hins vegar er alveg gefið, að svo framarlega sem farið yrði að senda málið aftur í Ed., þá er allt málið komið í vandræði og hins vegar engin vissa fyrir, hvernig þeir flokkar, sem að þessu hafa staðið, mundu taka í það, þegar þangað kæmi.

Ef allt hefði verið með eðlilegum hætti, þá hefði átt að vera hægt að semja í fjhn. um afgreiðslu þessa máls, þannig að það myndaðist starfhæfur meiri hl., sem á bak við málið stæði og kæmi því í gegn. Því hefði ég fyrir mitt leyti gjarnan viljað stuðla að.

Ég vil freista að laga a. m. k. 1. gr., ef ekki verða meiri breytingar á henni gerðar, seinni málsgr., þar sem stendur: „sveitarfélag eða félag, sem það er þátttakandi í“ — að þessi orð: „eða félag, sem það er þátttakandi í“ — væru felld burt. Ég álít, að það væri mikil bót á þeirri grein. Og ég vil leyfa mér að leggja fram brtt. um það, að við 1. gr. komi svo hljóðandi breyting, að orðin í 2. mgr.: „eða félag, sem það er þátttakandi í“ — falli burt, og verð ég að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir því.

Ég mun fyrir mitt leyti haga afstöðu minni við atkvgr. viðvíkjandi þessum till., sem hérna liggja fyrir, þar sem allt er óvíst um, hvernig meiri hluti geti skapazt um málið, — ég mun haga því eftir því, hvernig mér lízt á að bezt verði hægt að tryggja framgang þessa máls hér í þessari d. og í Ed. Og ég vil vona, að hverjir þeir, sem standa að því að samþ. brtt., sem gætu þannig tryggt málinu betur framgang, tryggi það þá um leið, að það haldi áfram í þessari d. og verði samþ. í Ed. Hins vegar er þetta alveg ófært ástand, að mál, sem eru eins mikilvæg fyrir atvinnulíf ýmissa staða á landinu eins og þetta, séu látin liggja svona lengi eins og þarna er um að ræða í n. og allt sé svo komið í hönk á síðustu dögum þingsins með þau. Þetta nær ekki nokkurri átt í afgreiðslu mála hér á Alþ. Og ég álít, að staðir, sem eru að berjast við fátækt og atvinnuleysi, eigi skilið betri meðferð af hálfu Alþ. heldur en þetta. En höfuðatriðið verður nú sem sé að greiða úr þeirri hönk, sem þetta er komið í, og reyna að bjarga málinu þannig, að það verði þó afgreitt frá þinginu svoleiðis, að það geti komið þessum stöðum, fleiri eða færri, að gagni.

Ég vil svo leyfa mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 771) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. 3. minni hl. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Frv. það á þskj. 337, sem hér er til umr., um heimild handa ríkisstj. að ábyrgjast fyrir Húsavíkurkaupstað og Ólafsfjarðarkaupstað lán til togarakaupa, hefur verið samþ. í hv. Ed. og var vísað til fjhn. þessarar hv. d. í lok nóvembermánaðar. Síðan hafa n. borizt tilmæli frá hv. þm. N-Ísf. um að taka upp í frv. heimild til handa ríkisstj. til að ábyrgjast lán til kaupa

á togara og togveiðibát fyrir Ísafjörð og sjávarþorpin við Ísafjarðardjúp. Einnig hef ég með bréfi til fjhn., dags. 6. des. s. l., óskað eftir því, að n. tæki upp í frv. heimild handa ríkisstj. til að taka ábyrgð á láni til kaupa á einum togara fyrir Stykkishólmshrepp eða fyrir hlutafélag, sem hreppurinn væri þátttakandi í.

N. hefur rætt frv. á nokkrum fundum sínum, en ekki orðið alls kostar sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. hefur ekki fengizt í n. fyrir afgreiðslu frv. í einni eða annarri mynd, og gefin hafa verið út fjögur nál. Það fyrsta er á þskj. 674, frá hv. 2. þm. Reykv., annað á þskj. 708, frá hv. 8. landsk. þm. Báðir þessir hv. alþm. mæla með að samþ. frv. óbreytt. Þriðja nál. höfum við hv. 5. þm. Reykv. gefið út á þskj. 726, þar sem við mælum með samþykkt frv. með þeim breytingum, að ríkisstj. sé heimilað að taka ábyrgð á láni til kaupa á togara og togveiðibát fyrir Ísafjörð og sjávarþorp við Ísafjarðardjúp og togara fyrir hreppsnefnd Stykkishólmshrepps eða félagsmyndun, sem hreppsn. stendur að eða er þátttakandi í.

Fjórði minni hl. er hv. þm. V-Húnv., og hefur hann gefið út nál. á þskj. 727, þar sem hann mælir með samþykkt frv. með þeirri breytingu, að niður falli 2. mgr. 1. gr.

Það virðist í sjálfu sér óþarft að fara mörgum orðum um nauðsyn þess, að frv. verði samþ. á þessu þingi. Ég held, að allir nm. séu þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé fyrir hæstv. Alþ. að samþ. heimild handa hæstv. ríkisstj. um fyrirgreiðslur fyrir bæjarfélög þau, sem hér um ræðir og vissulega þurfa þess með, að þeim sé veitt aðstoð til að eignast togveiðiskip til að bæta úr því mikla atvinnuleysi, sem íbúar nefndra bæjarfélaga eiga við að stríða og getur haft hinar ískyggilegustu afleiðingar, ef ekki verður ráðin bót á því með þeim aðgerðum, sem frv. gerir ráð fyrir. Það er hvorki hollt né vænlegt fyrir þjóðarheildina, að þeir miklu fólksflutningar, sem átt hafa sér stað á s. l. 15 árum úr strjálbýli til Reykjavíkur, haldi enn áfram, enda hljóta þeir fyrr eða seinna að hafa mikil óþægindi í för með sér, ekki einvörðungu fyrir strjálbýlið, heldur einnig fyrir höfuðstað landsins.

Í bréfi mínu til hv. fjhn. gerði ég glögga grein fyrir atvinnuhorfum í Stykkishólmshreppi. Vitna ég þar í áskoranir, sem mér hafa borizt frá hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, verkalýðsfélagi Stykkishólms og samþykktum almenns borgarafundar, að ég hlutaðist til um að fá samþykkt Alþ. um heimild handa ríkisstj. til að ábyrgjast lán til togarakaupa. Sams konar áskoranir hafa einnig verið sendar hæstv. ríkisstj. Ég held, að það dyljist engum, að Stykkishólmur hefur óvenjugóð skilyrði til útgerðar á togara, þar sem þar eru tvö afkastamikil hraðfrystihús og aðstæður allar til rekstrar slíks skips eða skipa mjög góðar.

Ég vænti þess, að hv. dm. geti orðið sammála um að samþ. frv. í þeirri mynd, sem hv. 5. þm. Reykv. og ég leggjum til á þskj. 726.

Frsm. 4. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það er rétt, að mál þetta hefur verið alllengi til athugunar hjá fjhn. d., og stafar það einkum af því vitanlega, að það hefur ekki tekizt að ná samkomulagi í n. um afgreiðslu málsins. Nú hafa komið nál., 4 að tölu, frá nm. Einn stend ég að minnihlutaáliti á þskj. 727, sem er frá 4. minni hl. n. Það mun vera gömul og góð regla, að formaður verði síðastur af áhöfninni til að yfirgefa skip, þegar hættur ber að höndum, og þannig hefur verið hér.

Frv. þetta var borið fram í hv. Ed., og þar voru gerðar verulegar breytingar á því, áður en það kom hingað til Nd.

Samkv. 1. mgr. 1. gr. er ríkisstj. veitt heimild til að ábyrgjast fyrir Húsavík og Ólafsfjörð lán til kaupa á einum eða tveimur togurum, en í 2. mgr. sömu frvgr. er svo fyrir mælt, að ef ríkisstj. ætlar að veita ábyrgð samkv. 1. mgr. fyrir láni til kaupa á skipi, sem skrásett er á öðrum útgerðarstað hér á landi, þá skuli stjórnin leita eftir því, hvort sveitarfélag eða félag, sem það er þátttakandi í, vill gera skipið út frá þeim sama stað, þar sem það hefur áður verið, og ef svo reynist, er ríkisstj. skylt að gefa því kost á sams konar ábyrgð vegna kaupanna.

Samkv. þessu á sveitarfélag eða félag, sem það er þátttakandi í á útgerðarstað, þar sem togari er nú skrásettur, að hafa forgangsrétt til ríkisábyrgðar fyrir togarakaupaláni.

Það er fyllsta ástæða til að gera sér það vel ljóst, hvernig þetta yrði í framkvæmd, ef frv. verður samþ. óbreytt. Við skulum gera ráð fyrir t. d., að Húsavíkurkaupstaður ætti kost á að fá keyptan togara, sem nú er gerður út frá öðrum stað hér á landi, og leitaði eftir ríkisábyrgð fyrir láni til kaupanna. Ef ríkisstj. vildi nota heimild 1. til að veita Húsvíkingum slíka aðstoð, þá væri stjórninni skylt samkv. 1. að auglýsa eftir því, hvort sveitarfélag á þeim stað, þar sem togarinn hefur áður verið, eða félag, sem það er þátttakandi í, vildi gera skipið út þaðan, og ef svo reyndist, þá væri ríkisstj. ekki aðeins heimilt, heldur skylt að veita þeim aðila sams konar ábyrgð til togarakaupanna. Ekkert er ákveðið um það í frvgr., að hve miklu leyti sveitarfélag þyrfti að vera þátttakandi í félagi, sem krefðist ríkisábyrgðar. Eftir orðanna hljóðan væri skylt að veita útgerðarfélagi ábyrgðina, þó að bæjarfélagið ætti ekki nema örlítinn hlut í félaginu.

Af þessu er það fullkomlega ljóst, virðist mér, að vegna fyrirmælanna í 2. mgr. 1. gr. er ekki mögulegt fyrir ríkisstj. að nota heimild 1. mgr. 1. gr. til að ábyrgjast lán fyrir Húsavík eða Ólafsfjörð, ef ákvæði 2. mgr. eru látin haldast óbreytt. Ef ríkisstj. vildi veita þessum kaupstöðum norðanlands ábyrgð, þá mætti hún búast við því, að í stað þess að koma fram þeim stuðningi við þá staði, þá yrði hún að veita einhverju félagi á öðrum útgerðarstað ábyrgð fyrir láni, og fyrir fram gæti ríkisstj. ekki vitað, hvaða aðili yrði ábyrgðarinnar aðnjótandi.

Ég tel, að það megi segja, að í þessu ákvæði felist raunverulega bann við því, að togarar, sem nú eru gerðir út frá öðrum útgerðarstöðum hér á landi, verði seldir til Húsavíkur eða Ólafsfjarðar með aðstoð þess opinbera.

Ef samþykkt frv. á að geta komið að nokkru gagni fyrir þá staði, sem nú vantar togara, þá verður að fella úr því 2. mgr. 1. gr. Verði það ekki gert, þá er þýðingarlaust að mínu áliti að samþ. frv.

Ég viðurkenni, að þörf sé að stuðla að því, að þeir kaupstaðir, sem nefndir eru í frv., geti fengið atvinnutæki, svo að það fólk, sem nú er á þeim stöðum, þurfi ekki að flytjast þaðan burt. Þess vegna tel ég, að frv. þurfi að breytast þannig, að von sé um, að ákvæði þess geti komið að gagni við öflun atvinnutækja fyrir þá staði.

Það hafa komið hér fram brtt. frá 3. minni hl. fjhn. um að taka inn í frv. ábyrgð fyrir útgerðarfyrirtæki á fleiri stöðum. Um það sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða eða segja annað en það, að mér virðist, að eftir því sem fleira er tekið inn í frv., eftir því verði minni líkur til, að það geti orðið að gagni fyrir þá staði, sem upphaflega var ætlað að styðja með flutningi þess. En eins og ég hef áður sagt, þá legg ég aðaláherzluna á það, að 2. mgr. 1. gr. verði úr frv. felld, og flyt um það brtt. á þskj. 727.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þetta mál mun hafa verið lagt fyrir hv. Alþingi svo að segja í upphafi þings. Þá var það m. a. sent til umsagnar atvinnumálanefnd ríkisins og hún beðin að láta umsögn sína um málið í té innan viku. Ég taldi það ákaflega eðlilegt, að slíkt mál sem þetta ætti að komast mjög fljótlega gegnum þingið, eða þá, ef því væri ekki hugað líf, að það yrði þá fljótlega tekið af. Málið komst svo í gegnum hv. Ed., að vísu breytt. Þá var það ekki aðeins orðið heimild til þess að ábyrgjast fyrir Húsavíkurkaupstað allt að 90% af kaupverði togara, heldur einnig fyrir Ólafsfjarðarkaupstað, og skilyrði komið inn í frv., sem snerti þann stað, sem togari kynni að verða seldur frá til þessara staða. Maður hefði þá ætlað, að þegar svo var komið, þá væri frv. komið í þann búning, sem því var ætlað að hafa, þegar það yrði afgr., en það virðist ekki vera svo. Nú hefur n., sem málið hafði til meðferðar hér í þessari hv. deild, margklofnað um málið, og er komið í eindaga um afgreiðslu þess, svo að því verður varla hugað líf, nema sá kostur hefði verið fyrir hendi að fá frv. hér samþ. óbreytt. Sú leið mun þó því miður vera útilokuð. Þá er aðeins sá kosturinn fyrir hendi, ef maður ætlar að koma málinu í gegn fyrir Húsavík og Ólafsfjarðarkaupstað, að sætta sig við það, að gengið sé í ábyrgðir fyrir fleiri staði. Mér virðist því líklegast málinu til lífs, að maður verði að ganga að þeim kostinum að samþ. verulegar brtt. við frv., og mundi ég þá hallast að því, að samþ. yrðu þær till., sem tveir hv. þm. Sjálfstfl., sem mynda 3. minni hl. fjhn., hafa lagt fram og gera ráð fyrir að bæta við ábyrgðum fyrir Stykkishólm og Ísafjarðarkaupstað — og fyrir Bolungavík að því er snertir 200 tonna togveiðibát, og málið færi þannig til hv. Ed., sem væntanlega gæti þá fallizt á að veita þessum aðþrengdu stöðum öllum saman aðstoð í þessu formi.

Ég sem sé lýsi mig — eins og hv. 8. landsk. fyrir sitt leyti lýsti hér yfir áðan — fúsan til að fylgja þessu máli fram í hverju því formi, sem líklegast má verða til þess, að málið bjargist, fyrst og fremst fyrir þann stað, sem það var upphaflega borið fram fyrir, Húsavíkurkaupstað, og þá í annan stað fyrir þann kaupstaðinn, sem strax var skeyttur við málið, Ólafsfjarðarkaupstað, sem ótvírætt hefur mjög brýna þörf fyrir að fá togara eins og Húsavík.

Það er þannig ástatt um atvinnuhætti þarna norðanlands, að erfitt er að ná til fiskimiða á vélbátum yfir vetrarmánuðina og staðbundið atvinnuleysi ríkir þar 5—6 mánuði ársins og varla hægt að hugsa sér, að úr því verði bætt með öðru en togaraútgerð. Það virðist því einsætt, að ef hæstv. ríkisstj. vill bæta úr þessu staðbundna margra mánaða atvinnuleysi í þessum tveimur kaupstöðum sérstaklega, þá vilji hún það á sig leggja að veita ríkisábyrgð fyrir togara á þessa staði. Það er vitað, að Húsvíkingar hafa lýst sig reiðubúna til að leggja mikið á sig til þess að eignast togara. Það hefur farið fram fjársöfnun í héraði. Ekki aðeins Húsvíkingar, heldur bændur víða í Suður-Þingeyjarsýslu hafa boðið að leggja fram fé til þess að greiða þann hlutann, sem Húsavíkurkaupstaður á að greiða, og hefur þessi kaupstaður þannig búið sig undir það að öllu leyti að geta gengið frá kaupum á togara, sem hefur staðið til boða, og í raun og veru ekki staðið á öðru, að hægt væri að ganga frá kaupunum, heldur en að hin umbeðna ríkisábyrgð fengist — sú ríkisábyrgð, sem hv. þm. S-Þ. óskaði eftir að fá strax í byrjun þessa þings, en hefur þrátt fyrir það, þótt hann hafi góða aðstöðu í öðrum stjórnarflokknum, ekki komið málinu fram allt fram að þinglokum. Það liggja því nú fyrir yfirlýsingar frá báðum stjórnarandstöðuflokkunum um það, að þeir vilji fylgja málinu í hverju því formi sem helzt mundi skila því í höfn, og kemur þá til kasta stjórnarflokkanna, annars eða beggja, um að duga nú málinu á úrslitastundinni.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

Pétur Ottesen: Formaður fjhn., hv. þm. V-Húnv., viðhafði þau orð hér áðan, að hann sem formaður n. hefði nú síðastur yfirgefið það stóra strand, sem orðið hefði í fjhn. í þessu máli, sem vel ætti líka við, og er ekki að efa, að hann hefur gert það af björgunaráhuga, af áhuga fyrir því að bjarga mannslífum og góssi úr þessu stóra strandi.

Ég hef leyft mér að flytja hér brtt. við þetta frv., sem ég hef stílað inn í brtt. 3. minni hl. fjhn., og er hún um það, að ábyrgð verði tekin fyrir Akraneskaupstað vegna kaupa á togaranum Akurey. Ég var hér í dag með brtt. við frv. um breyt. á stofnlánadeildinni, þar sem bátaútvegsmönnum var veittur gjaldfrestur á afborgunum til stofnlánadeildarinnar. Ég var með brtt., sem gekk í þá átt, að sams konar ákvæði tækju og til togaranna. Þessi brtt. var hér fyrir skömmu felld í hv. d. og þar með er þá vitanlega úr sögunni sá aðstöðuléttir, sem orðið hefði fyrir þá, sem erfiðlega gengur með togara-

útgerðina, eins og er hjá sumum bæjarfélögunum. Nú hefur nokkrum bæjarfélögum verið veitt sú aðstaða, að ríkisstj. hefur verið heimilað í 22. gr. fjárl. að ganga í ábyrgð fyrir allt að 500 þús. kr. fyrir hvert skip. Það er vitað, að þessi aðstoð nær harla skammt til þess að greiða úr þeim greiðsluerfiðleikum, sem sum togaraútgerðarfélögin nú eru komin í. Og þannig er þessu háttað um Akraneskaupstað. Ég hef því leyft mér hér að bera fram brtt. um það, að hann komi undir þá ábyrgðarheimild, sem felst í þessu frv., að ríkissjóði sé heimilað að ganga í ábyrgð fyrir allt að 90% af kaupverði þeirra togara, sem þar um ræðir, bæði í frvgr. og þeim brtt., sem ég hef nú stílað mína brtt. við, og eru í rauninni fleiri rök, sem hníga undir það, að ég ber fram þessa brtt., heldur en ég hef enn talið.

Svo stóð á, þegar verið var að útdeila þeim 10 togurum, sem keyptir voru hér til viðbótar fyrir nokkrum árum, að þá hafði Akraneskaupstaður borið fram óskir um það, að hann fengi einn af þessum 10 togurum. Og sakir stóðu þannig, að samkv. þeim reglum, sem settar höfðu verið um úthlutun þessara togara, átti hann rétt á að fá einn af þessum togurum. En þessi réttur var af honum tekinn í skjóli þess, að nauðsynlegt taldist vegna atvinnuástæðna annars staðar á landinu að taka þennan togara og ráðstafa honum til annars kaupstaðar til þess að bæta úr þessum erfiðleikum. Þetta var og viðurkennt af ríkisstj. eða hæstv. forsrh., sem reifaði þessi mál eða var í andsvari fyrir þessi mál hér á Alþingi af hálfu ríkisstj., og höfðu fallið orð um það, að eðlilegt væri, að ef Akraneskaupstaður ætti þess kost að fá keyptan togara, þá nyti hann þeirra hlunninda, sem hann hafði haft rétt til að njóta, ef þessi réttur hefði ekki verið af honum tekinn. Nú bar svo að, að Akraneskaupstaður átti þess kost að fá keyptan togara héðan úr Reykjavík. En þá kom upp úr dúrnum, að Reykjavíkurbær hafði rétt á því í sambandi við aðstoð, sem hann hafði veitt við þessi kaup, að taka af skarið um það, að togarinn yrði seldur burt úr Reykjavík. Og þar með strandaði sá möguleiki. Ríkisstj. vildi ekki blanda sér inn í þetta deilumál, og þar með var úr sögunni sá stuðningur við kaupin, sem ríkisstj. hafði áður gefið vilyrði fyrir að fyrir hendi væri. Nú varð samt sem áður úr þessum kaupum. Akraneskaupstaður keypti þennan togara, en varð að fara nokkrar hliðargötur, til þess að þeim kaupum yrði komið í kring. Út úr þessu reis nokkur deila á milli Akraness og Reykjavíkurbæjar, en sú deila er nú alveg úr sögunni. Því var nefnilega þannig háttað, að þó að kaupin færu fram, þá varð togarinn eftir sem áður — eða það félag, sem að honum stóð — að eiga lögheimili hér í Reykjavík. En nú hefur án ágreinings heimilisfang hans verið flutt til Akraness, þannig að sú deila, sem reis út af kaupunum, er nú alveg úr sögunni og það mál að fullu jafnað.

Nú hef ég með skírskotun til þessa tvenns, að Akraneskaupstaður hefur nú fyrir það mikla þörf, vegna þess að erfiðlega hefur gengið með útgerð togaranna, en þeir eru hins vegar mjög sterkur þáttur í atvinnulífi kaupstaðarins, og að öðru leyti með tilliti til þessa fyrirheits, sem gefið var á sínum tíma af ríkisstj. um stuðning við kaup á þessum togara, leyft mér að bera fram þessa till. Og ég vænti þess, að þessi hv. d. líti á þörf Akraneskaupstaðar í þessu og jafnframt vilji hún staðfesta það fyrirheit, sem ríkisstj. gaf á sínum tíma um stuðning við þessi kaup. Ég legg því þessa till. mína hér fram og vænti þess, svo framarlega sem þetta mál hefur þann byr, að það verði afgr. hér í d., sem vænta má, að þá verði þessi till. mín einnig samþykkt.

Ég vil taka það fram að gefnu tilefni vegna þeirra ummæla, sem einhver hv. þm. hafði hér áðan, að þessar síðari till. mundu ef til vill verða til þess að spilla fyrir þeim, sem áður væru fram komnar, þ. e. a. s. vegna Húsavíkur og Ólafsfjarðarkaupstaðar, þá hefur vafalaust verið átt við það með þessum ummælum, að það væru þá fleiri orðnir um kaupin, svo að það gæti orðið nokkur reipdráttur um það, þar sem hér væri um að ræða kaup á togurum og flutning á milli staða hér innanlands. Þetta kemur vitanlega alls ekki til greina hvað mína till. snertir, þar sem hér er ekki um nein slík kaup eða tilfærslu að ræða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 68. fundi í Nd., 5. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 726,1. a samþ. með 16:10 atkv.

— 744 samþ. með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JÁ, KS, LJós, PO, SÁ, SG, StJSt, ÁkJ, ÁS, EOl, GG, GÞG, HV, SB.

nei: HelgJ, JóhH, JG, JS, JörB, PÞ, SkG, ÁB, EirÞ, EystJ, HÁ.

JR, MJ, EmJ greiddu ekki atkv.

6 þm. (JPálm, ÓTh, StgrSt, AE, BÓ, GTh) fjarstaddir.

Brtt. 726,1. b—c samþ. án atkvgr.

— 727 samþ. með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JG, JPálm, JörB, MJ, PÞ, PO, SÁ, SkG, ÁkJ, ÁB, EystJ, GG, HÁ, HelgJ, SB.

nei: JóhH, JÁ, JR, LJós, SG, ÁS, EOl, EmJ, GÞG, HV.

JS, KS, StJSt greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÓTh, StgrSt, AE, BÓ, EirÞ, GTh) fjarstaddir.

Brtt. 771 kom ekki til atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 15:4 atkv.

2. gr. samþ. með 17:2 atkv.

Brtt. 726,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:2 atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast lán til kaupa á togurum og togveiðibát.

Á 69. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 793, 794).

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég hef til þessa lýst litlu fylgi við það frv., sem hér liggur fyrir, en ekki hefur það fylgi aukizt við þær breytingar, sem orðið hafa á frv. í þessari hv. deild. Þegar frv. kom fyrst til umr. í Ed., þá lýsti ég þar minni afstöðu að nokkru, en hún er sú, að ég teldi heldur lítið ráðlegt að veita ríkisábyrgð til lítilla bæjarfélaga til þess að kaupa þessi dýru og stórvirku framleiðslutæki.

Ég get vel skilið það, að bæjarfélög vilji gjarnan auka atvinnuskilyrði sín. En þau verða þá að aukast á þann hátt, sem viðkomandi bæjarfélög fá við ráðið. Ég tel, að það sé í allt of mikið ráðizt fyrir lítil bæjarfélög, eins og t. d. Húsavík og Ólafsfjörð, að taka að sér rekstur á slíkum atvinnutækjum sem togararnir eru, vegna þess að það er hverjum manni ljóst, sem nokkuð þekkir til þessa atvinnurekstrar, að áhættan er svo mikil, að einn eða tveir veiðitúrar geta gert þessi bæjarfélög gjaldþrota. Við vitum það, að það hefur komið fyrir, að togarar hafa tapað 200—300 þús. kr. í einum túr eða á 3—4 vikum. Og það, sem einu sinni hefur komið fyrir í því efni, getur komið fyrir aftur. En það mælir ekki með þessu að mínu áliti, ef þessi bæjarfélög, sem ætla að fá þessi tæki til þess að auka atvinnu á staðnum, gera það með það í huga, að ef illa fer, þá eigi ríkið að hlaupa undir bagga. Það er ekki hægt fyrir Alþ. að viðurkenna þennan hugsunarhátt. En því miður hefur þetta viljað brenna við. Þetta var sagt fyrir, þegar ýmis bæjarfélög keyptu togara hér áður, og það er komið á daginn, að þeir spádómar reyndust réttir. Ég er ekki að segja, að það eigi ekki að hjálpa þessum bæjarfélögum til þess að auka atvinnuskilyrði sín. En það má ekki gera það á þann hátt, að fjárhag þeirra sé stefnt í beinan voða, eða með þeim hætti, að ef illa fer og bæjarfélagið getur ekki staðið undir því, þá eigi ríkið að taka við. Það er það sama sem gerzt hefur með nokkur bæjarfélög, sem nú eru í vandræðum með að standa í skilum með skuldir af sinni togaraútgerð. Ég skal ekki fara neitt frekar út í það hér; þingmönnum er öllum kunnugt, hvernig það stendur. En það er svo erfitt að ráða fram úr því öngþveiti, að ég hygg, að það sé ekki enn fundinn grundvöllur fyrir því að reisa það við, þannig að skipin geti verið á þeim stöðum, sem þau hafa verið gerð út frá hingað til, þó að það sé fullur vilji til þess hjá ríkisstj. og öðrum, sem hlut eiga að máli, að skipin megi halda áfram að vera á þessum stöðum og veita þar atvinnu. En það er líka athyglisvert, að eitt af þessum skipum tapar, ef ég man rétt, um 800 þús. kr. á einu ári. Því verður ekki neitað, að þeir togarar, sem eru nú í eigu bæjarfélaga, hafa flestir verið verr reknir en þeir togarar, sem eru í eigu einstakra manna eða félaga. Þetta er skiljanlegt. Þetta er sú gamla reynsla, sem við höfum af ríkisrekstri, að það er ekki sama þekking, sama reynsla og sama hugsun, sem þar liggur til grundvallar fyrir rekstrinum. Og það, sem er eitrið við rótina í þessu öllu saman, er það, að það er alltaf gert ráð fyrir því í sambandi við þessi skip, að ef hallast á, þá er það ríkið, sem hleypur undir baggann.

Til þess að leiðrétta lítils háttar þá breytingu, sem gerð hefur verið í hv. d. á frv., ætla ég að leyfa mér að bera hér fram brtt., sem ég verð að bera fram skriflega, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp þessa brtt.:

„Aftan við 1. gr. bætist svo hljóðandi málsgr.: Ef óskað er eftir ábyrgð skv. 1. gr. til þess að kaupa skip, sem gert hefur verið út frá öðrum stað innanlands, skal ábyrgðar synjað, ef sveitarfélag það, sem skipið hefur, færir rök að því, að nauðsynlegt sé vegna atvinnuskilyrða, að skipið sé kyrrt á staðnum."

Í þessari till. felst í raun og veru ekkert annað en sú stefna, sem ríkisstj. og Alþ. fylgir í dag, og það er að reyna til hins ýtrasta að halda skipunum á þeim stöðum, sem þau eru núna, en færa þau ekki úr stað, til þess að rýra ekki atvinnu þess staðar, sem skipin eru á. Hér er því ekki um neina nýlundu að ræða, heldur gert til þess að koma í veg fyrir, að þessi regla sé brotin, áður en hún hefur verið brotin á þeim stöðum, sem nú hafa skip, sem liggja undir hamrinum. Það er öllum ljóst, að hér er verið með þessari till. og þeirri till., sem sett var inn í Ed. af hæstv. dómsmrh., að koma í veg fyrir það, að skipin séu öll tekin úr Reykjavík og færð á staði úti á landi með því að gefa ríkisábyrgð þeim stöðum, sem vilja taka skipin frá Reykjavík. Hér er um þrjá togara að ræða, sem gert er ráð fyrir að hjálpa stöðum úti á landi til að kaupa. Það er vitanlegt, að þessir togarar verða ekki keyptir annars staðar en þá í Reykjavík og Hafnarfirði, og þá kannske sérstaklega í Reykjavík. Fjórði togarinn, sem hér er á frv., var í Reykjavík. Eigendur þessa togara höfðu fengið hann með því skilyrði, að hann yrði ekki seldur úr bænum. En togarinn siglir út úr Reykjavík með fölsku flaggi, og hann er færður yfir á annan stað undir fölsku yfirskini. Ég skal taka það fram, að mér er ákaflega vel við þann stað, sem togarinn fór á, því að það er minn fæðingarstaður. En þrátt fyrir það tel ég, að þetta hafi verið mjög rangt að farið gagnvart Reykjavík. Og nú er komið til Alþingis og óskað eftir því, að það taki ábyrgð á þessum togara, til þess að Akranes geti haldið honum eftir að vera búið að flytja hann til sín undir fölsku yfirskini. (Gripið fram í.) Ja, ég hef nú ekki orðið var við það, nema síður sé. (Gripið fram í.) Ja, það efast ég um. Ég er nú þm. fyrir Reykjavík og Reykvíkingur þar að auki.

Eins og ég sagði áðan, þá er það ekkert leyndarmál, að þeir togarar, sem á þessa staði mundu fara, mundu verða keyptir frá Reykjavík. Þingið væri þá með þessum ábyrgðarheimildum beinlínis að gera tilraun til þess að rýra afkomuskilyrði Reykjavíkur. Það er ekki nokkur heil brú í því að halda því fram, að það eigi að örva atvinnuskilyrði á einum stað með því að draga þau niður á öðrum. Þó að Reykjavík sé stærsti staðurinn, þá þarf hún líka að standa undir stærstu böggunum. Og ég verð að segja það, að það er hlálegt, að á sama tíma sem verið er að gera stórt fjárhagslegt átak til

þess að halda togurum á stöðum úti á landi, — togurum, sem hafa verið reknir með stórtapi og ríkissjóður verður að hlaupa undir bagga og borga fé til þess að halda þeim á staðnum, hvort sem það verður talið sem atvinnubótafé, lán eða á annan hátt, — það er hlálegt, að á sama tíma skuli Alþ. vera að samþykkja frv., sem beinlínis stefnir að því að draga togara frá einu bæjarfélagi á landinu til þess að rýra atvinnuskilyrði þar. Þetta er óþolandi ósamræmi í stefnu þingsins, ef svona ætti að fara að, því að það þýddi, að það yrðu látin önnur lög gilda um Reykjavík í þessu efni en aðra staði á landinu.

Svo að ég víki aftur að till., þá fjallar hún um það, að ábyrgðar verði synjað, ef skipið er tekið af öðrum stað og það sveitarfélag, sem togarann hefur haft, telur, að það rýri sín afkomuskilyrði. Ég tel, að einmitt þetta sé rétta leiðin til þess að sporna gegn því, að framið verði fullkomið ranglæti með þessum ríkisábyrgðum, sem hér er um að ræða. Ég vænti þess vegna, að hv. deild geti fallizt á þessi rök og samþykkt þá till., sem ég ætla að leyfa mér að afhenda hæstv. forseta.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt fram komna brtt. frá hæstv. viðskmrh. Hún er skrifleg og of seint fram komin og þarf tvöfaldra afbrigða við, sem ég leita hér með. Einnig þarf afbrigði um brtt. á þskj. 794, sem útbýtt var nú á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 796) og brtt. 794, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég held það sé nú ekki tími til almennra umr. um þetta mál. Vafalaust hafa flestallir þm. gert sér ljóst, að atvinnulífi úti um land á fjöldanum öllum af stöðum er stofnað í voða, ef ekki er hægt að fjölga þar togurum og veiðiskipum. Og möguleikinn fyrir Íslendinga á því að afla sér fleiri togara til landsins er tvímælalaust fyrir hendi, og möguleikinn til þess að reka þá er líka til, svo framarlega sem ríkisstj. lætur það afskiptalaust, að menn fái að framleiða í friði og selja út úr landinu og kaupa inn aftur í staðinn. Það er þess vegna bæði möguleiki til þess að fjölga togurum hingað til Íslands og eins að tryggja það, að fleiri togarar geti komizt út um land, eins og þörf er fyrir staðina þar, og það þó að samtímis sé fjölgað togurum hérna í Reykjavík.

Það, sem liggur fyrir okkur í sambandi við þetta mál núna, er, hvort við ætlum að koma þessu máli í gegn eða ekki. Ég kvartaði yfir því við 2. umr. þessa máls, hvað málið hefði legið lengi í fjhn. og að n. hefði ekki staðið í stöðu sinni með að afgr. þetta mál þannig, að það væri starfhæfur meiri hl., sem stæði á bak við það. Og það er slæmur verknaður gagnvart fátækum stöðum úti um allt land, sem eru að berjast fyrir því að fá togara, að leggjast þannig á málin í þinginu eins og þar var gert. Ég veit, að þetta kom til af því, að Framsfl. vildi ekki afgr. þetta mál með okkur sósíalistum í þinginu, sem var hægt. Þess vegna hefur nú verið gerð tilraun til þess að afgr. þetta mál með því að samþykkja við 2. umr. till., sem þm. og fjhn.-fulltrúar Sjálfstfl. hafa flutt. Ég álít, að það hvíli sú siðferðislega skylda á þeim, sem samþ. till. við 2. umr., að halda málinu áfram og koma því í gegn. — Nú hef ég heyrt, að Ed. hafi lokað. Ég álít, að það geti ekki gengið, að svo framarlega sem mál er samþ. hér nú við 3. umr. í síðari deild, þá sé neitað að taka það til einnar umr. í Ed. Hins vegar álít ég nauðsynlegt, að við, sem viljum reyna að koma þessu máli í gegn þannig, að það mætti verða að einhverju gagni, reynum að búa málið þannig í hendur Ed., að hún geti samþ. það. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja brtt., sem er á þskj. 794. Ég flutti brtt. við þetta mál við 2. umr. Sú brtt. mín kom ekki til atkv., vegna þess að önnur till. var samþykkt. Ég er hins vegar ákaflega hræddur um, eftir undirtektum Ed. undir málið þegar það var þar til umr., að eins og það liggur nú fyrir, þá séu lítil líkindi til þess, að Ed. samþykki það óbreytt. Ég veit hins vegar, að það er engin von til þess, að þetta mál gangi í gegn, svo framarlega sem á að flækja því fyrst milli deilda og síðan í Sþ. Ég vil þess vegna gera tilraun til þess, í samræmi við það, sem ég hef reynt frá upphafi í sambandi við að koma þessu máli í gegnum þingið, flytja hér brtt., sem mér þykir ákaflega líklegt að Ed. geti gengið inn á. Hún gengur ekki eins langt og sú till., sem Ed. samþykkti, en hún gengur þó nokkuð í áttina við það, þannig að þetta ætti að geta skoðazt sem sanngjörn málamiðlun, ef menn vilja reyna að koma málinu í höfn. Ég vil þess vegna leyfa mér að skora á hv. þdm. að samþykkja þessa brtt. mína og mælast til þess við hæstv. forseta, að hann beiti sínum áhrifum til þess, að Ed. taki málið til einnar umr. og afgr. það. Ég hef ástæðu til þess að ætla, að með samþykkt minnar till. væri líklegt, að Ed. samþ. málið. Og ég álít það vera ákaflega illa farið og illa gert, þegar búið er að tefja mál svona lengi eins og þetta, að tefja það nú við umr. þannig, að það komist ekki til Ed., ef hægt er að knýja fram, að hún sé opnuð. Þess vegna vil ég eindregið mælast til þess, að brtt. mín á þskj. 794 verði samþ. og hæstv. forseti beiti áhrifum sínum til þess að fá Ed. opnaða, þannig að hún taki málið til einnar umr., ef okkur tekst að afgr. það nú þegar.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég hef ekki tekið þátt í umr. um þetta mál enn, þótt það sé búið að vera lengi fyrir Alþingi og miklar umr. hafi farið fram um það. Ég mun heldur ekki nú fara að ræða þetta mál almennt, þótt að ýmsu leyti gæti verið ástæða til þess. Ég lít nú þannig á, að hvort tveggja sé jafnvitlaust, að álíta, að hægt sé að leysa öll vandræði flestra byggðarlaga hér á landi með því, að þangað komi togari á einn eða annan hátt, eins og hitt, sem að vísu engum manni dettur í hug heldur, að hægt sé að reka

hér útgerð án þess, að um mikla togaraútgerð sé að ræða. Og segi ég þetta einkum út af því, sem m. a. hv. 2. þm. Reykv. hefur oft látið í ljós í þessum umr., að það virðist svo sem menn álíti, að allt verði ágætt og atvinnulíf staða, sem við erfiðleika eiga að búa, blómstri og blómgist, aðeins ef hægt er að fá þangað togara. Þetta er að mínum dómi hinn mesti misskilningur. Togaraútgerð er þannig, að það þarf margt að vera þar samhliða, til þess að unnt sé að reka togara þannig, að til virkilegs hagræðis verði fyrir þau byggðarlög.

Í þessu frv., sem liggur nú hér fyrir hv. Nd., er búið að veita ríkisstj. heimild til að ábyrgjast lán fyrir allmarga staði úti á landi. Ég ætla ekki að fara að ræða það eða dæma þar í milli frá mínu sjónarmiði, hverjir af þessum stöðum hafi mesta þörf fyrir togara og hverjir minni. Það er ekki tími til þess og ekki ástæða til þess heldur. En það er alveg víst, að ef á að veita ábyrgð fyrir alla þá staði, sem hér eru nefndir í þessu frv., þá verður að veita fleiri byggðarlögum sömu hlunnindi og sömu möguleika, og vil ég í því sambandi nefna Sauðárkrókskaupstað. Hann hefur leitað til okkar þm. um það, að við leituðumst eftir því við Alþingi, að ríkisstj. fengi heimild til þess að ábyrgjast lán, ef Sauðárkrókur eignaðist togara. Ég er alveg sannfærður um það, að Sauðárkrókur hefur meiri rétt til þess að ná í slíkt atvinnutæki heldur en margir þeir staðir, sem hér eru taldir. Hann er fólksfleiri en margir þeir staðir, sem hér hafa fengið slíka ábyrgð í því frv., sem nú liggur fyrir. Og atvinnuskilyrðin eru þannig á Sauðárkróki og útgerðaraðstaða, að erfitt er að sækja sjó þar nema nokkuð langt og ýmsir erfiðleikar í því sambandi. Unnið hefur verið að hafnargerð á Sauðárkróki um langan tíma, sem því miður ýmis mistök hafa orðið með og tafið mjög fyrir því, að höfnin yrði þar til eins mikilla nota, bæði fyrir kaupskip og eins fyrir fiskiskip, eins og vænzt var og eins og þarf að verða. Nú eygir mjög í það, að þessi vandi leysist, væntanlega á þessu ári, með nýjum aðgerðum á höfninni, þannig að nú megi nokkuð treysta því, að innan skamms verði þar komin ágæt höfn fyrir fiskiskip af togarastærð, sem hefðu útgerð þaðan.

Allt þetta gerir það að verkum, að þegar við þm. Skagf. sjáum, að farið er að hrúga inn slíkum ábyrgðarheimildum eins og hér er gert fyrir marga staði hér á þessu landi, þá er alls ekki stætt fyrir okkur að gera ekki kröfu til þess, að Sauðárkrókskaupstaður fái þar jafnrétti, út frá því, sem ég hef hér nefnt um aðstöðu hans að ýmsu leyti, sem gerir það að verkum að okkar dómi, að við lítum svo á, að hann hafi þar forgang fram yfir ýmsa aðra staði. Það er af þessum ástæðum, að við leyfum okkur að bera fram skriflega brtt. við frv. eins og það liggur nú fyrir. Vildi ég, með leyfi hæstv. forseta, fá að lesa hana hér upp, en till. er þannig, að á eftir 4. tölulið, sem fjallar um heimild til að ábyrgjast lán fyrir hreppsnefnd Stykkishólms eða fyrir samtök, sem hún gengst fyrir og á hlut í, til kaupa á einum togara, komi nýr liður, 5. tölulíður, sem hljóðar þannig:

„Fyrir bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar — eða fyrir samtök, sem bæjarstjórnin gengst fyrir að verði stofnuð og á hlut í — til kaupa á einum togara.“

Ég tel ekki nokkurn minnsta vafa á því, að sé virkilegur þingvilji fyrir að afgr. þetta mál í því formi, sem það nú hefur, að taka upp jafnmarga staði, jafnmörg byggðarlög, stór og smá, sem fái slíka heimild eins og hér er um að ræða, þá sjái hv. þd., að það er alls ekki unnt og kemur ekki til mála að neita þessari till. okkar þingmanna Skagf. Það getur ekki komið til mála.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að mæla frekar fyrir till. Ég bjóst sannast að segja tæplega við því, að þetta mál kæmi hér fyrir nú, eða vissi það ekki með vissu. Virtust litlar líkur til, að það yrði afgr. hér á hinu háa Alþingi. En þar sem umr. er nú haldið áfram um frv., þá viljum við þm. Skagf. ekki láta hjá líða að koma þessari brtt. nú á framfæri. Verð ég því að óska eftir því, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir henni á þinglegan hátt, þar sem við verðum að leggja hana fram skriflega.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt fram komna brtt. frá hæstv. forsrh. og hv. 2. þm. Skagf. Hún er skrifleg og of seint fram komin og þarf tvöfaldra afbrigða við, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 797) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Magnús Jónsson: Það voru aðeins örfá orð í tilefni af þeim umr., sem hér hafa farið fram. Ég vil aðeins nota tækifærið til þess að segja það, að það er að vísu mjög nauðsynlegt, eins og fram hefur komið, að þeir staðir, sem teknir hafa verið inn í þetta frv., fái aðstoð til þess að kaupa togara og jafnvel önnur skip, svo sem gert hefur verið ráð fyrir. En mér virðist málið vera komið á þann grundvöll með æ nýjum till., sem inn í það koma um ábyrgðarheimildir, að mjög sé tvísýnt um úrslit þess og eiginlega meira en tvísýnt, vegna þess að það virðist svo málum háttað, að það verði ekki tekið fyrir í hv. Ed., þótt það verði afgr. hér út úr deildinni.

Ég vil láta það koma fram hér í þessari hv. d. varðandi Ólafsfjörð, sem var tekinn inn í þetta frv. í meðferð þess í Ed., að að minni hyggju stendur nokkuð sérstaklega á um hann. Ef til vill er hv. þm. það kunnugt, að þegar 10 togararnir síðustu voru keyptir til landsins, þá var mjög fast sótt af Ólafsfirðingum í félagsskap við Dalvíkinga að fá einn togara — og það svo mjög, að þeir höfðu þegar safnað loforðum heima fyrir um nægilegt fjármagn til þess að standa undir þeirri útborgun, sem átti að vera, þ. e. a. s. 800 þús. kr., sem gert var ráð fyrir að yrði fyrsta afborgun af skipinu. Þeim var hins vegar þá synjað um að fá togara. Í stað þess voru togarar seldir nokkrum öðrum stöðum með miklu vægari kjörum, þannig að þeir þurftu ekki að borga nema lítinn hluta þessarar upphæðar, og var það þá varið

á þeim grundvelli, að það væri meiri þörf, að þessir staðir fengju atvinnutæki, heldur en Ólafsfjörður og Dalvík. Ég þykist vita, að öllum hv. þm. sé kunnugt um það, að aðstaða þeirra, sérstaklega Ólafsfirðinga, er þannig, að það er algert sjávarpláss, þannig að kaupstaðurinn og íbúar hans verða að öllu leyti að byggja atvinnumöguleika sína á útgerð. Af þeirri sök er það þeim lífsnauðsyn að halda uppi sem öflugastri útgerð í bænum, sem geti verið þess umkomin að veita öllum bæjarbúum atvinnu. Það er því tvímælalaust, að það eru fáir staðir, sem til þessa hafa ekki fengið togara, sem hafa hans meiri þörf heldur en Ólafsfjörður. Af þeim sökum hefði mér fundizt eðlilegt, ef hefði verið hægt að sameinast um það hér á hinu háa Alþingi að afgr. þessar heimildir til Húsavíkur og Ólafsfjarðar, en bæta þar ekki inn í svo mörgum heimildum sem gert hefur verið og virðast, eins og ég sagði, ætla að hafa þær afleiðingar, að frv. nái ekki fram að ganga.

Ég vildi aðeins láta þessa skoðun mína koma fram hér. Ég hef hins vegar ekki viljað greiða atkv. gegn þeim heimildartill. öðrum, sem fram hafa komið, vegna þess að mér hefur virzt hugur þm. vera þannig, að það mundi fremur tefja fyrir framgangi málsins hér í þessari hv. d. heldur en greiða fyrir því, ef þær heimildir hefðu verið felldar.

Ég vil svo að lokum segja það, að þótt um það sé talað hér og t. d. af hæstv. viðskmrh., að það sé í mjög mikið ráðizt af litlum bæjarfélögum að kaupa togara, þá er það að vísu alveg rétt. En ég vil jafnframt vekja athygli á því, að sú stefna, sem upp hefur verið tekin hér á Alþingi og af hæstv. ríkisstj., — sem ég er út af fyrir sig alls ekki að lasta að gert hefur verið, en hefur þó sínar afleiðingar, — að halda áfram aðstoð við bæjarfélögin, sem fengið hafa togarana, til að tryggja það, að þau geti haldið þeim, hlýtur að sjálfsögðu að verka þannig á þau bæjarfélög, sem ella hefðu haft nokkra vantrú á getu sinni til þess að eignast slík framleiðslutæki, að þau hugsi sem svo: Ja, úr því að hinum aðilunum, sem hafa fengið tækin, er hjálpað til að halda þeim áfram, þá á það ekki að vera áhætta fyrir okkur að ráðast í slíkar framkvæmdir. — Nú er ég ekki með þessu að segja, að þetta sé heilbrigður hugsunarháttur, en engu að síður er hann til staðar. Og ég vildi nú að lokum leyfa mér að varpa fram þeirri hugmynd til athugunar fyrir hæstv. ríkisstj., ef þetta frv. nær ekki fram að ganga, hvort ekki eru möguleikar til, að það verði tekið til athugunar í sambandi við þá aðstoð, sem samþykkt hefur verið hér á Alþingi til nokkurra bæjarfélaga í sambandi við togaraútgerð þeirra, að það verði sett að skilyrði fyrir þeirri aðstoð, að togarar þessir leggi að einhverju leyti upp afla sinn á fleiri stöðum til þess að fullnægja atvinnuþörf íbúa þar einnig. Að minni hyggju hefur verið nokkuð misjafnlega skipt þeim togurum, sem til landsins hafa komið, á milli kaupstaðanna. Og mér finnst ekki nema eðlilegt, að þetta atriði væri mjög tekið til athugunar. — Ég vildi aðeins varpa fram þessari hugmynd og tilmælum til hæstv. ríkisstj., en ætla ekki að öðru leyti að lengja umræðurnar.

Eiríkur Þorsteinsson: Herra forseti. Þetta mál er eiginlega dreifbýlismál, eins og mörg mál, sem koma fyrir Alþingi, eru kölluð. Ég vil geta þess, að þegar ákveðið var að byggja seinni togarana, þessa 10, þá sótti Þingeyrarhreppur um einn þeirra. Hann fékk litla áheyrn hjá ríkisstj. og enga að endingu. Það skal játað, að við vorum ekki tilbúnir með fullkomin fjárframlög á þeim tíma, sem endanlega var ákveðið um þau. Það má segja, að við höfum þess vegna orðið af nýsköpunartogara.

Þannig er nú háttað um Vestfirði, eins og hv. þdm. er kunnugt, að bátaútgerð er útilokuð eins og nú er komið. Þess vegna höfum við horfið að því að leita á náðir ríkisstj. og Alþingis, og við gerðum það sérstaklega árin 1950 og 1951 að leita á náðir þeirra um hjálp til kaupa á gömlum togurum. Flateyringar og Þingeyringar hafa rekið þessa tvo togara nú í tæpt ár, og það hefur reynzt erfitt. Ef um það væri að ræða að hverfa að því ráði að fá nýrri togara eða nýsköpunartogara, eins og einn hv. þm. gat um áðan og kom fram með sem sína hugmynd, þá væri það nauðsyn fyrir þessi þorp. Ég vil þess vegna flytja hér fyrir þorpin í Vestur-Ísafjarðarsýslu, öll þrjú, till. um það, að á eftir 3. tölulið 1. málsgr. 1. gr. frv. bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:

„Fyrir Þingeyrar-, Flateyrar- og Suðureyrarhreppa til kaupa á einum nýsköpunartogara."

Ég tel, að ef einhverjir ættu að fá togara af nýrri gerð, þá væru engir betur komnir að þeim togurum en einmitt Vestfjarðaþorpin. Það er vitanlegt mál, að mestur hluti togaraaflans fæst út af Vestfjörðum, á svo kölluðum Halamiðum. Það sagði einn þekktur útgerðarmaður fyrir nokkrum árum, að enda þótt Landsbankinn væri tómur, þá væri bankinn suður af Reykjanesi alltaf auðugur. Það má til sanns vegar færa, að bankinn hérna fyrir sunnan hefur alltaf verið auðugur. Ég tel, að við Vestfirðingar eigum annan slíkan banka, sem alltaf hefur reynzt auðugur af verðmætum til hagsbóta fyrir land og lýð. Ég tel og hef alltaf talið, að það hafi verið misráðið, að fram hjá Vestfjörðunum var gengið þegar nýsköpunartogurunum var útdeilt um landið, og m. a. af þeim ástæðum, sem ég hef getið um, að fiskimið togaranna eru fyrst og fremst út af Vestfjörðum. Þess vegna tel ég, að ef hefja ætti nýjar framkvæmdir í byggingu togara nú á næstunni eða dreifa togurunum frá þeim stöðum, sem þeir nú eru á, þá væru engir staðir betur fallnir til þess að taka við þeim en einmitt Vestfirðirnir, og ég vil beina því eindregið til hv. Alþingis, að það hlynni fyrst og fremst að þeim stöðum, sem næstir eru beztu togaramiðum landsins. Ef ætlunin er að hefjast að nýju handa í þessu efni, sem ég tel að væri eðlilegt, þ. e. að byggðir væru nokkrir nýsköpunartogarar með dieselvélum, sem ég tel vera einu skipin, sem til mála getur komið að byggja í framtíðinni, þá ættu Vestfirðingar fyrstir að fá þá. Ég skal játa, að ég tel jafnhliða, að það væri eðlilegt, að á

næsta þingi, því að þessu þingi er að verða lokið, yrði athugað, hvort Alþingi sæi sig ekki knúið til að hefja ríkisútgerð á togurum úti um land, vegna þess að fjármagn er ekki til í hinum smærri þorpum til þess að halda útgerð þar gangandi. Og ekki hefur enn þá verið séð fyrir því í bönkum landsins, að þeir hjálpuðu sem skyldi togaraútgerð í smærri þorpum. Ef ekki er séð fyrir þessu í bönkunum, þá er það knýjandi nauðsyn, að ríkisvaldið sjái þessum þorpum farborða einmitt með ríkisútgerð togara.

Forseti (SB): Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að ef frekari umr. verða um þetta mál, þá mun ekki vinnast tími til þess að láta atkvgr. fara fram um það, þar sem aðeins eru fimm mínútur eftir af fundartímanum, þar til fundur á að hefjast í sameinuðu Alþingi. — Mér hefur borizt brtt. frá hv. þm. V-Ísf. Hún er skrifleg og of seint fram komin og þarf tvöfaldra afbrigða við, sem ég leita hér með.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 798) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, var í öndverðu flutt í Ed. af hv. þm. S-Þ. og var þá um heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast fyrir Húsavík lán til kaupa á togara. Þessu máli var í hv. Ed. vísað til fjhn. og var þar til meðferðar. Fjhn. Ed. leitaði um það umsagnar atvinnumálanefndar ríkisins. Í áliti sínu hefur fjhn. birt umsögn atvinnumálanefndar eða hluta úr henni. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Telja má upplýst, að vélbátaútgerð frá Húsavík yfir vetrarmánuðina sé lítt framkvæmanleg, svo að nokkru nemi, nema mjög skipti um til hins betra um aflabrögð, enda hafa hinir stærri bátar Húsvíkinga flutt sig á Suðurlandsmið undanfarnar vetrarvertíðir. Afleiðingin er atvinnuleysi á Húsavík yfir þennan tíma, nema unnt reynist að fyrirbyggja það, annaðhvort með öflun hráefna úr sjónum eða með stofnun einhvers konar iðnfyrirtækja, sem fólkið gæti haft atvinnu við, meðan stærri vélbátarnir eru fjarri heimamiðum."

Svo heldur atvinnumálanefnd áfram:

„Eins og sakir standa, er eigi unnt að benda á iðnaðarmöguleika til þess að fylla þetta stóra skarð í atvinnu Húsvíkinga. Virðist þá eigi annað úrræði fyrir hendi en að Húsvíkingar eignist umráð yfir veiðiskipi, sem sótt geti afla á fjarlægari mið og flutt hann til Húsavíkur, þótt að vetrarlagi sé, og verður að telja, að togari uppfylli bezt það hlutverk. Það er því skoðun n., að togari, sem legði afla sinn á land í Húsavík, sé líklegasta úrræðið til þess að draga úr árstíðabundnu atvinnuleysi þar."

Af því að hér er nú skammur tími til umr., þá skal ég ekki lesa hér upp allt álit atvinnumálanefndarinnar. En ég skal nefna það, að hún kemst að þeirri niðurstöðu, að Húsvíkingar mundu eigi að síður eiga nokkuð erfitt með að nýta til frystingar afla úr togara að fullu. Og þess vegna bendir hún á það úrræði .... *(Forseti:* Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að fundartíminn er liðinn, þannig að ef hann vill koma fram brtt., þá verður hann að flytja hana.) — Ég skal þá mjög stytta mál mitt. — En atvinnumálanefnd benti á það úrræði, að annar kaupstaður á Norðurlandi yrði hér í félagi við Húsavík um togarann, og er þar sérstaklega bent á Ólafsfjörð og Dalvík. Niðurstaða þessa varð svo sú, að Ed. gekk þannig frá frv., að í því fólst ábyrgðarheimild fyrir Húsavík og fyrir Ólafsfjörð. Og ég er að skýra frá þessu áliti atvinnumálanefndar vegna þess, að á því virðist frv. vera byggt eða meginefni þess eins og það var afgr. í hv. Ed.

Nú hefur málið verið hér um stund til meðferðar í þessari hv. d., og fjhn. d. hefur haft það til meðferðar. Mér er ekki kunnugt um, að sú n. hafi rætt neitt við atvinnumálanefnd ríkisins um þetta mál. Hins vegar hafa komið fram hér í d. brtt. frá ýmsum þm. þess efnis að taka inn ábyrgð á togurum fyrir ýmsa aðra staði. Mér virðist, að þær till. hafi ekki verið á sama hátt rökstuddar eins og þær till., sem samþ. voru í Ed., þar sem ég hef þegar gert grein fyrir því, að það byggðist beinlínis á áliti atvinnumálanefndar ríkisins, sem þar var samþ. Þess vegna hef ég nú leyft mér, ásamt hv. þm. V-Húnv., að flytja hér skriflega brtt. við frv. sem er á þá leið í stuttu máli, að það verði fært í það horf aftur, að ábyrgðin verði eingöngu til togarakaupa fyrir Húsavík og Ólafsfjörð.

Ég vildi mega vænta þess, að ef þessi brtt. yrði samþ., þá yrði frv. frekar framgangs auðið heldur en í þeim búningi, sem það nú er. Ég leyfi mér að afhenda hæstv. forseta þessa brtt.

Forseti (SB): Eins og hv. þm. sjá, þá er nú fundartíminn liðinn. Fyrir liggja sex brtt. við frv., og á mælendaskrá eru tveir hv. þm. Því miður er því ókleift að ljúka afgreiðslu þessa máls. Verður umr. um það því frestað.

Umr. frestað, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

54. Bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl.

Á 12. fundi í Ed., 21. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 5. apríl 1948, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl. [85. mál] (þmfrv., A. 95).

Á 13. fundi í Ed., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þegar ég lagði þetta frv. inn á skrifstofu Alþ., fór ég fram á, að með grg. yrði prentuð mynd, sem sýnir, hvernig umhorfs er í reykviskri braggaíbúð á því herrans ári 1952. Þessari beiðni minni var neitað og talið, að ekki hefði áður

verið gefið fordæmi um slíkar myndbirtingar sem ég fór fram á. Ég hygg þó, að þetta sé ekki alls kostar rétt. Í grg. hæstvirtra forseta var sagt, að aðeins hefðu verið birtar skýringarmyndir með fræðilegum ritgerðum og annað þess háttar. Ég minnist þess í þessu sambandi, að skömmu fyrir stríð kom hér fram á þingi frv. til l. ásamt allmikilli grg. frá núverandi landlækni, Vilmundi Jónssyni, um afkynjanir og vananir. Þeirri grg. fylgdu margar myndir, sumar litprentaðar. Meðal annars minnist ég þess, að þar voru myndir af allmörgum mannsandlitum, og tilefnið til þess að birta þau þar var, að þm. áttu að sjá út úr andlitunum, hvort þar væru vitrir menn eða heimskir, og á öðrum stað í grg. kom svo ráðningin. Að sjálfsögðu hafði sú myndbirting ekki neitt fræðilegt eða vísindalegt gildi í sjálfu sér og aðeins fram sett til þess að vekja þm. til umhugsunar, vekja athygli þeirra á vandamáli, fá þá til þess að gefa því meiri gaum. Og tilgangurinn með beiðni minni var nákvæmlega sama eðlis. Ég vildi undirstrika ástand, sem er ákaflega alvarlegt, og ég vildi, að það færi ekki fram hjá neinum hv. þm., hvað hann væri að gera, þegar hann tæki afstöðu til þess frv., sem hér er borið fram.

Það vita allir, að ástandið í húsnæðismálum er mjög alvarlegt. Rannsókn hér í Reykjavík var t. d. framkvæmd af hagfræðingi bæjarins 1948, og hún sýndi, að þá bjuggu 2114 manns í bröggum, þar af 838 börn. Árið 1950 var sams konar rannsókn framkvæmd, og þá voru íbúarnir í bröggunum 2210 og börnin 924. Braggabúunum hafði því fjölgað á þessu tímabili, og sú þróun hefur eflaust haldið áfram. Árið 1948 fór fram hliðstæð rannsókn í kjöllurum. Í þeim bjuggu þá 6085 manns, og af þeim var meira en ¼ börn, eða nánar tiltekið 27%. Trúnaðarmenn bæjarins dæmdu 38% þessara kjallaraíbúða lélegar til íbúðar og 12% mjög lélegar eða óhæfar með öllu. 20% þeirra, sem í kjöllurum bjuggu, höfðu aðeins til umráða eins herbergis íbúð. Þessar rúmar 6 þús. manna bjuggu allar í kjöllurum í trássi við l., því að 1929 voru kjallaraíbúðir bannaðar með l., og þau l. eru enn í gildi. Ótalið er, hverjir búa í hanabjálkaskonsum, skúrum og ýmsum furðulegum vistarverum.

Sérfræðingar Reykjavíkurbæjar hafa talið, að nauðsynleg byggingarþörf í Reykjavík væri ekki minni en 6—7 hundruð íbúðir á ári. Íbúðarbyggingarnar komust upp í þá tölu 1947, en síðan hefur þeim hrakað stöðugt, og síðasta ár voru byggðar aðeins 280 íbúðir í Reykjavík. Að vísu hefur vaknað nokkur áhugi fyrir byggingarmálunum hér á þingi í fyrra og í ár, og það er sjálfsagt að geta þess, að það er auðvitað framför út af fyrir sig, að fólki hefur verið leyft að byggja smáíbúðarhús af eigin rammleik. Ég vil þó ekki fara svo langt að kalla það eitthvert lofsvert afrek, því að það er svo sjálfsagt, að það ætti varla að þurfa að ræða það. Hins vegar vildi ég benda á það í því sambandi, að þetta byggingarform, slík smáíbúðarhús, sem virðist vera talið helzta bjargráðið núna, er auðvitað engin frambúðarlausn á þessum málum. Að halda því fram, að það eigi svo til að einskorða framkvæmdir einstaklinga við slíkar byggingar, en nota ekki þau stórvirku tæki, sem til eru hér í Reykjavík, til þess að koma upp stórum húsasamstæðum, er álíka viturlegt og að segja t. d. við bændur, að þeir megi ekki nota stórvirkar vinnuvélar við að slétta tún sín, heldur nota sín gömlu tól.

En hvað er það, sem þarf til þess, að hægt sé að byggja íbúðir? Annars vegar þarf gjaldeyri til að kaupa erlent efni, sem flytja þarf inn, hins vegar þarf vinnuafl til að nota efnið. Þetta eru ósköp hversdagsleg sannindi, en þó eru þau að verða næsta mikilvæg, eins og nú er komið í landinu. Svo að tekið sé dæmi, sem gefur nokkra hugmynd um þetta vandamál, skulum við áætla, að kostnaður við hóflega íbúð sé um 150 þús. kr. Sérfróðir menn segja mér, að erlendan kostnað megi áætla 20—25% af slíku kostnaðarverði miðað við fob.-verð. Sé reiknað út frá þessu, yrði heildarkostnaður við t. d. 600 íbúðir um 90 millj. kr., þar af erlendur kostnaður um 20 millj. Ég veit, að ég þarf ekki að segja hv. þm. frá því, að við höfum haft og höfum öll tök á að afla þess gjaldeyris, sem þarf til að byggja ekki 600, heldur 1200 íbúðir aukalega á ári. Allir vita, hvernig gjaldeyrinum hefur verið varið undanfarið í hvers kyns óþarfa og að verulegu leyti í mjög skaðlegan innflutning, t. d. á fullunnum erlendum iðnaðarvarningi, sem auðvelt er að framleiða hér innanlands. Þessi vitleysa hefur numið tugum milljóna króna. Auk þess framleiðum við nú engan veginn það magn af útflutningsafurðum okkar, sem við höfum getu til, og hefur verið áætlað, að hægt væri að framleiða fyrir um 200 millj. meira á ári en gert hefur verið. Það hefur verið borið við markaðsörðugleikum, en það veit þó hver maður, að auðvelt væri að selja t. d. freðfisk og fá í skiptum fyrir hann sement, timbur og annað, sem við þurfum til bygginga.

Það mun því ekki vera hægt að halda því fram með neinum rökum, að erfiðleikar séu á að flytja inn það efni, sem nauðsynlegt væri til bygginga. En hvað þá um hitt atriðið, vinnuaflið? Það veit hver þm. eins vel og ég, að vinnuafl er nægilegt á Íslandi og að atvinnuleysið hefur einmitt leikið byggingariðnaðinn hvað harðast. Það stendur því ekki á þeirri forsendu heldur. En hvað er þá að? Ef byggingarefni er tiltækt, ef vinnuafl er tiltækt, hvað er þá til fyrirstöðu, að verkafólkið ráðist á byggingarefnið og breyti því í hús? Ætti nokkuð að vera einfaldara og óbrotnara?

Það, sem vantar, er vilji stjórnarvaldanna. Og það viljaleysi er fært í gervi hagfræði og skrýtt hinum flóknustu tölum og skýrslum. Einn af forustumönnum Sjálfstfl., formaður Landssambands iðnaðarmanna, sagði fyrir nokkrum dögum, að til væri tvenns konar lygi: venjuleg lygi og hagfræði. Og eins og hagfræðin er nú notuð af sérfræðingum ríkisstj. er þetta því miður að verða sannleikur.

Ég skal ekki fara út í að ræða hinar furðulegu kenningar Benjamíns Eiríkssonar um efnahagsmál og annað slíkt, sem m. a. eru rök-

stuðningur byggingartregðunnar. En ég vildi mælast til þess við hv. alþm., að þeir hættu að bera vanhugsaða virðingu fyrir slíkum spekingum, en hefðu í staðinn í huga þau óbrotnu sannindi, sem enginn hagfræðingur getur haggað, að það er hægt að byggja hús, ef tiltækt er byggingarefni og vinnuafl, og að sú stjórn, sem ekki starfar samkvæmt svo óbrotnum meginreglum, er óstjórn. — Að svo mæltu legg ég til, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Það hefði nú ef til vill verið óþarft af mér að víkja úr forsetastólnum vegna þeirra orða, sem ég ætla að segja sér. Þau eru eingöngu út af því, sem hv. flm. beindi til forseta Alþ. út af mynd, sem hann vildi láta prenta með grg. þessa frv., en við forsetarnir ákváðum að ekki skyldi verða prentuð. Hv. flm. telur auðsjáanlega, að þessi verknaður okkar forsetanna hafi verið „bannhelgur verknaður", eins og hann kemst að orði í grg. á einum stað. En ég er þar á allt öðru máli. Hann telur, að fordæmi hafi þegar verið gefið fyrir því að prenta myndir. Og er það satt, eins og við forsetar gerðum grein fyrir í grg., sem hann mun hafa fengið, að þetta hefur komið fyrir, að það hefur verið leyft að prenta uppdrætti og myndir, ef þær hafa verið taldar upplýsa mál. En við gátum ekki séð, að þessi mynd, sem hafði birzt í Þjóðviljanum og þess vegna er kunnug, upplýsti málið nokkurn skapaðan hlut. Ég setti nú upp gleraugun, þegar ég var að skoða þessa mynd, og mér er eiður sær, að ég gat ekki greint neitt eða áttað mig á, hvað hvað eina væri, annað en ég sá eina könnu, sem hallaðist. Annað sá ég ekki. Og svo var eitthvað svart, og sást, að það var eitthvað, en hvað það væri, var ómögulegt að sjá.

Hv. flm. sagði, að þessi mynd hefði átt að undirstrika ástand. En hún undirstrikar ekki nokkurt ástand. Ég hygg, að ef ljósmyndavélar hefðu verið til frá landsins fyrstu byggð, þá hefði verið hægt að birta áþekkar myndir frá upphafi Íslands byggðar, og mun verða hægt að birta áþekkar myndir til loka Íslands byggðar, því að það er ómögulegt að sjá, að þetta sé t. d. íbúðarhús. Hvar eru sannanirnar fyrir því, að fólk búi í þessu, sem þarna er verið að mynda? Nei, þessi mynd upplýsir ekki nokkurn skapaðan hlut, og þess vegna var það, að forsetar Alþ. ákváðu, að hún skyldi ekki birt. Og hvernig og hverja getur þessi mynd upplýst, ef hún ætti eitthvað að upplýsa? Ekki aðra en alþm. Ekki les Helgi Hjörvar myndina upp í þingfréttum. Það er ekki komið sjónvarp hér, og ég hygg bara, að allir hv. alþm. hafi séð þessa dásamlegu mynd í Þjóðviljanum, svo að ég get ekki séð, að hún hefði upplýst nokkurn skapaðan hlut um þetta mál. Hv. flm. var t. d. í ræðu sinni að tala um, hve margar íbúðir væru, að mér skildist, líkar þessu. Hvað segir myndin um það? Hún segir bara það, að þarna sést kanna, sem hallast, og þetta er inni í einhverri byggingu. Það sést lítið um það, hvernig þessi bygging er, en það er ekkert um það, hvort yfirleitt sé búið í þessu. Engin sönnun er fyrir því, að í þessum bragga, sem þarna er myndaður, búi nokkur manneskja, — ekki nokkur sönnun fyrir því. Og sízt af öllu sannar myndin nokkuð um það, ef þetta er íbúð, hve margar slíkar íbúðir eru til. Þess vegna er það, að myndin sannar ekki neitt og upplýsir ekki neitt í þessu máli. — Það hefði getað verið meinlaust fyrir því, þó að myndin upplýsi ekki neitt, að gera það fyrir hv. flm. að birta myndina. En hitt er annað, að ef þm. yfirleitt fara að stunda það að láta birta myndir í þskj. af sjálfum sér eða einhverju öðru, þá kostar það töluvert, svo þó að það hafi stundum verið leyft áður að birta teikningar og myndir, sem hafa átt að upplýsa málin, þá held ég, að það sé alveg rétt að gera það ekki að reglu.

Flm. (Magnús Kjartansson): Ég ætla ekki að fara að deila neitt stórlega við hæstv. forseta Ed. um, hvernig haga skuli þskj. Hins vegar fyndist mér það rétt, að settar væru um það alveg ákveðnar, ófrávíkjanlegar reglur, hvernig t. d. myndabirtingu á þskj. skyldi háttað, þannig að í því gæti enginn misskilningur fólgizt. Eins og ég sagði í minni fyrri ræðu, tel ég t. d., að þessi mynd, sem ég bað um, sé hliðstæð myndum, sem birtust í ákveðnu þskj., sem kom fram fyrir stríð, og hafa átt að hafa sams konar tilgang.

Hvað því viðvíkur, sem hæstv. forseti sagði um, að þessi mynd sýndi ekki neitt, hún sannaði ekki neitt, það væri ekkert á henni að sjá o. s. frv., þá var það skýrt mjög ýtarlega hér í grg., hvaðan þessi mynd er. Og það var meira að segja sagt, hverjir byggju í þessum bragga, og sagt, hvar hann væri, nákvæmlega, við hvaða götu og númer hvað við götuna. Það var sagt nafn á konu, sem býr þar. Það var sagt, að það byggju þar 2 konur og 4 börn. Undir myndinni var skýring á því, hvað hún sýndi. Það kemur mjög ljóst fram á henni, hvað hún sýnir, með þeirri skýringu, þannig að mér finnst það vera furðuleg glámskyggni hjá hæstv. forseta, ef hann hefur ekki fengið neina hugmynd um það.

Það er rétt, að þessi mynd er ætluð hv. þm. Hún er þeim ætluð til þess, að þeir fari ekki með þetta mál eins og eitthvert pappírsgagn, eins og oft vill verða, heldur geri sér ljóst, að þarna er fjallað um líf og tilveru fjölmargra manna og að ákvarðanir Alþ. í þessum efnum hafa áhrif á það, hvernig þetta fólk getur hafzt við, hvernig kjör það lifir við árum saman. Og það var þetta, sem ég vildi undirstrika með þessari mynd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

55. Skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Á 13. fundi í Ed., 23. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa [93. mál] (þmfrv., A. 115).

Á 14. fundi í Ed., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 15. fundi í Ed., 27. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem liggur fyrir á þskj. 115, hef ég leyft mér að flytja hér í tilefni af þeirri reynslu, sem ég hef öðlazt í starfi mínu sem leigubifreiðarstjóri. Ég hef sem sé komizt á snoðir um það, að merkingu gatna og ekki síður einstakra húsa í kaupstöðum og þá fyrst og fremst þar, sem ég hef kynnzt þessu, bæði hér í Reykjavík og á Akureyri, er allmikið ábótavant og það svo, að það getur undir sumum kringumstæðum valdið talsverðum erfiðleikum og töfum að finna ákveðið hús, sem maður er beðinn að fara í. Af því hljótast stundum verulegir óþægindi, ekki aðeins fyrir viðkomandi bifreiðarstjóra, heldur líka fyrir það fólk, sem hefur pantað bíl á ákveðnum stað og ef til vill er tímabundið, þannig að einhver veruleg töf á því, að bíllinn komi á tiltekinn stað, geti valdið því, að viðkomandi maður komist ekki þangað, sem hann hafði ætlað sér, fyrir tilsettan tíma, — og ýmis önnur óþægindi geta af þessu hlotizt fyrir utan það, að af því hlýzt oft óþarfur akstur og þar með óþarfaeyðsla á dýrmætum varningi, sem fluttur er hingað til landsins fyrir erlendan gjaldeyri, en ekki verður komizt af án þess að hafa við slíkan rekstur sem þennan. Ég hef þess vegna komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri ástæða til þess að setja um þetta einhver ákvæði í l. til þess að tryggja það, að merkingar á götum og húsum væru það greinilegar, að ekki þyrfti að valda neinum óþægindum eða erfiðleikum að finna hvert hús, sem bifreiðarstjórar eða aðrir þurfa að komast til, hvort heldur er að nóttu eða degi.

Ég tel eðlilegt, að ef settar eru um þetta reglur í l., þá verði það miðað við þá staði á landinu, sem eru skipulagsskyldir að l., því að þetta er mjög skylt því efni, og hef þess vegna líka flutt frv. sem breyt. á l. um skipulag kauptúna og sjávarþorpa. Eins og hv. alþm. hafa sjálfsagt þegar gert sér grein fyrir, þá er miðað við það, að inn í þau l. verði bætt nýjum kafla um þetta efni, um merkingu gatna og húsa, og eru þá helztu atriðin í frv. þau, að samkv. 1. gr. skuli skylt á þessum tilgreindu stöðum, þ. e. a. s. þeim stöðum, sem skipulagsskyldir eru að l., að merkja greinilega allar götur og vegi og að skilti með nöfnum gatnanna séu fest upp á öllum gatnamótum, þannig að alltaf sé hægt að sjá, þegar maður kemur í eina götu, hvaða heiti hún ber. Þessu mun nú vera nokkurn veginn framfylgt svona í þessum helztu kaupstöðum, t. d. hér í Reykjavík. Þó finnast þess dæmi, að götur eru alls ekki merktar, svo að það er ástæða til þess líka, ef sett er um þetta regla á annað borð, að taka upp ákvæði um það.

Í 2. gr. eru fyrirmæli um það, að einnig skuli auðkenna öll hús, sem standa við skipulagðar götur eða vegi, með númerum og að númeratölunum skuli þannig fyrir komið á húsunum, að auðvelt sé að lesa þær utan frá götu eða vegarbrúninni. Ég held, að sé óhætt að fullyrða það, að þessu atriði sé þó nokkuð mikið ábótavant, m. a. hér í höfuðborginni. Það er allvíða, sem vantar númeraplötur á húsin, og jafnvel held ég að megi fullyrða það, að finna megi götur hérna í Reykjavík, þar sem ekki sé númer á einu einasta húsi, þ. e. a. s. ekki merkt á húsið neitt númer. Sömuleiðis á það sér líka stað, þar sem breiðir forgarðar eru fyrir húsum, að þó að númeraplötur standi á húsinu sjálfu, þá verða þau númer í mörgum tilfellum að minnsta kosti alls ekki lesin utan frá götunni vegna fjarlægðarinnar, eða þá í öðrum tilfellum, þó að fjarlægðin sé ekki mjög mikil, að trjágróður í þessum forgörðum skyggir svo á húsin, að ekki er með neinu móti hægt að sjá húsnúmerin utan frá götunni. Það, eins og gefur að skilja, veldur því, að númerið kemur ekki að gagni fyrir þann, sem fer um götuna og er að leita að því, ef það sést ekki þaðan. Þess vegna álít ég að sé nauðsynlegt að hafa í þessum reglum ákvæði um það, eins og hér er gert, að númerunum verði þannig fyrir komið, að það sé auðvelt að lesa þau utan frá götubrúninni, og ef það sé ekki hægt vegna fjarlægðar eða vegna þess að eitthvað skyggi á númerið utan frá götunni, þá verði það ekki haft á húsinu sjálfu, heldur á götuhliðinu. Þá hef ég sett hér einnig fyrirmæli um það, að ef hús á þessum skipulögðu stöðum standa það óreglulega, eins og enn þá á sér nokkuð víða stað, að ekki þyki fært að taka þau í númeraröð neinnar götu, þá skuli þeim gefið heiti og þau séu þá einnig merkt, — ef þau ekki hafa númer, þá náttúrlega stendur ekkert númeraskilti á þeim, — en í staðinn skuli þá skilti með heiti hússins fest á það eða með þeim hætti, að það verði auðveldlega lesið, eins og mælt er fyrir um númerin á þeim húsum, sem þar undir heyra.

Ég veit ekki, hvort mönnum — hv. þingmönnum t. d. — er það almennt kunnugt, að t. d. hér í Reykjavík, sem maður skyldi ætla að auðveldast væri að skipuleggja í þessu efni, er mjög mikið um það, að hús eru ekki númeruð. Það er kannske ekki rétt að nefna neinar tölur í því sambandi, vegna þess að ég hef ekki neinar ábyggilegar eða nákvæmar tölur um það, en ég hygg, að það muni skipta jafnvel hundruðum húsa hér í Reykjavík, sem ekki hafa neitt götunúmer, heldur ýmist heiti eða þá alls engin auðkenni. Og það gefur auðvitað að skilja, að það getur verið miklum erfiðleikum bundið fyrir jafnvel þá, sem eru allvel kunnugir í bænum, ef þeir eiga að geta fundið úr hundruðum húsa víðs vegar um bæinn og hér í útjöðrum hans hús, sem þeim er sagt ákveðið heiti á, ef þegar þangað kemur er ekkert auðkenni á húsinu, sem hægt er að átta sig á, enda eru mýmörg

dæmi um það, að slíkt hefur valdið ýmsum óþægindum og bagalegum töfum. Ég held, að það sé þess vegna nauðsynlegt líka í sambandi við þetta að merkja þessi hús ekkert síður en þau, sem eru númeruð við göturnar, og ef þannig stendur á, að ekki þykir fært að hafa þau í númeraröð neinnar götu, þá sé ekki annað fyrir hendi heldur en að gefa þeim nafn og auðkenna þau greinilega með því nafni.

Síðan er hér í c-lið greinarinnar reynt að draga upp meginreglu fyrir því, hvaða aðferð skuli nota, þegar verið er að ákveða númeraröð húsanna. Það má kannske deila eitthvað um það, en um það efni hef ég reynt að fylgja þeirri reglu, sem mér skilst að notuð hafi verið hér í höfuðstaðnum og mundi þess vegna gera sem minnst rask á því, sem fyrir hendi er í því efni á þessum fjölmennasta stað, sem l. kæmu til með að ná til, ef þetta frv. verður samþ. En ég held það sé heppilegt, ef þetta frv. á annað borð er samþ., að þá sé þó höfð einhver ákveðin *meginregla*, sem farið yrði eftir, til þess að þannig yrðu, að svo miklu leyti sem hægt er, samræmdar reglurnar á öllum þeim stöðum, sem l. kæmu til með að ná til. — Þá hef ég einnig sett fyrirmæli um það, að þegar ákveðin er númeraröð húsa við götur, þá megi ekki auðkenna hús með bókstaf auk götunúmersins. Það er þó nokkuð mikið um það, og ég býst við, að það sé aðallega frá eldri tíma, að hús eru númeruð ekki aðeins með raðtölunni, heldur einnig bætt við bókstöfum, þannig að kannske 3—4 hús bera sama götunúmerið, en auk þess A, B, C og D. Þetta veldur þó nokkrum óþægindum við að finna húsin, þ. e. a. s., þegar maður fer eftir götunni, þá telur maður svona í huganum um leið og maður fer fram hjá hverju húsi, en ef slíkir bókstafir — kannske hver af öðrum — koma inn í *númeraröðina*, þá ruglast maður náttúrlega mjög í þeirri tölu og kemur þess vegna að allt öðru húsi en maður ætlar að, ef maður horfir ekki stöðugt á númeraröðina, en það er eins og gefur að skilja nokkuð erfitt, þar sem mikil umferð er á götunum. Ég held, að það sé heldur engin ástæða til þess að hafa þetta þannig, heldur sé *sjálfsagt* að *láta* númeraröðina ganga sinn eðlilega gang, en nota ekki þessar bókstafamerkingar, nema því aðeins að sé að ræða um hús, sem ekki standa í götulínunni, heldur annaðhvort bakhús eða hús, sem standa á einhvern hátt fjær götunni og ekki heyra þess vegna beinlínis númeraröðinni til.

Þá er einnig hér nýmæli um það, að lýsa skuli upp númerin að nóttu til, þ. e. a. s., eins og það er orðað hérna, að lýsa númerið upp með útiljósi frá húsinu og að það sé skylt að láta útiljósið loga lögboðinn ljósatíma ökutækja. Það kann að vera, að mönnum finnist þetta óþarfa hótfyndni og sé verið að gera húseigendum og öðrum, sem hlut eiga að máli, óþarfan kostnað með þessu, en ég held, að það sé hvort tveggja, að sá kostnaður þurfi ekki að vera tilfinnanlegur, og svo hitt, að ef menn á annað borð fallast á það, að það sé nauðsyn á því að merkja hús yfirleitt greinilega, þannig að lesa megi númerin eða nafnheiti húsanna utan frá götunni, þá gildir það auðvitað ekki síður, heldur enn þá fremur yfir þann tíma, sem myrkur *er og að öðru leyti er erfiðara að átta sig á* númerum eða nöfnum húsa. En þar sem kunnugt er, að sá tími er hér á landi mjög langur í skammdeginu og yfir vetrarmánuðina, sem myrkur grúfir yfir, þá tel ég, að það sé enn nauðsynlegra að haga svo til, að hægt sé að lesa númerin ekkert síður yfir þann tíma sólarhringsins.

Síðan eru hér ákvæði varðandi framkvæmdaratriði þessa máls, þannig að bæjarstjórnum *og hreppsnefndum er þar falið að sjá um* framkvæmdir á þessum merkingum og merkingar á götum og vegum séu kostaðar af viðkomandi bæjar- eða hreppsfélagi, en merkingar á húsunum sjálfum af húseigendum, og býst ég við, að það sé það sama og yfirleitt gildir í þessum efnum nú.

Að síðustu er svo ákvæði um það, að ef þarf að breyta þinglesnum samningum eða öðrum skuldbindingum, sem hvíla á húsunum, vegna þess að húsið fengi annað númer þegar þetta kæmi til framkvæmda, þá skuli slíkar breytingar á samningum vera undanþegnar stimpilgjaldi.

Svo er loksins ákvæði um gildistöku l. og þar gefinn frestur til þess að koma þessu efni í það horf, sem frv. mælir fyrir, til 30. sept. næsta ár. Ég tel, að það ættu ekki að vera neinir sérstakir erfiðleikar á því, ef frv. yrði samþ. á þessu þingi — væntanlega fyrir áramót — að koma þessu til framkvæmda á þeim tíma, sem hér er tilgreindur.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta efni að svo komnu, en vil vænta þess, að þó að þetta kannske sé ekkert stórmál, þá vilji þó hv. þdm. fallast á, að það sé þörf á því að hafa þessar merkingar gatna og húsa í því lagi, sem hér er gert ráð fyrir, og vilji þess vegna fallast á að samþ. þetta frv. — Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. allshn.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 115, fer fram á það, að lögbundið verði, að merkja skuli eða nefna allar götur með nöfnum og númera hús.

Nú mun það vera svo, að í öllum kaupstöðum og flestum stærri kauptúnum landsins mun þetta hafa verið framkvæmt. Eftir því sem hv. flm., 4. landsk. þm., tók fram, þá munu vera nokkur brögð að því, t. d. hér í Reykjavík, að þetta sé ekki nógu vel framkvæmt, og ræddi hann mest um það á þeim grundvelli, þar sem hann var atvinnu sinnar vegna kunnugastur, að þetta væri ekki eins og skyldi. Ég skal nú ekki bera á móti því, að það sé nauðsynlegt að setja löggjöf um þetta efni, en ég álít, að ekki sé heppilegt að lögbinda þetta alveg skilyrðislaust, eins og gengið er út frá í frv. Nokkur atriði eru einnig í frv., sem ég hefði viljað gera aths. við — skal nú ekki gera það mikið á þessu stigi málsins, en vil þó benda á eitt, sem ég geri ráð fyrir að yrði nokkuð erfitt í framkvæmd. Það er ákvæðið um að lýsa upp húsnúmer allan þann tíma, sem skylt er að láta loga ljós á bifreiðum. Ég geri ráð fyrir því, að þó að svona

ákvæði sé sett inn í l., þá yrði framkvæmdin svo erfið, að ákvæðið hafi ekkert að þýða, geti gengið á einstaka stöðum, en sem algildri reglu hygg ég að ekki verði gott að framfylgja því. Og þetta hlýtur að verða einnig nokkur kostnaður fyrir húseigendur, því að þeir eiga sjálfir að kosta þessa lýsingu, eftir því sem mér skilst.

Ég vil benda þeirri hv. n., sem fær þetta frv. til meðferðar, á að athuga t. d. við skipulagsstjóra ríkisins, hvað hann segir um þetta. Grg. ber ekki með sér, hvort það hafi verið gert eða hvort hv. flm. hafi gert það. En þetta er það stórt mál, þar sem þetta er heill kafli, sem bætist við l. um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, að ég álít, að það væri rétt að fá hans umsögn um það.

En það er eitt, eins og ég drap á áðan, sem mér þykir athugavert í þessu sambandi, og það er að lögbjóða þetta skilyrðislaust. Maður veit um það, að það eru mörg þorp úti um land, sem eru þannig byggð, að þau eiga mjög erfitt með þetta. Götur eru óreglulegar og húsaskipan einnig. Þetta lagast ekki fyrr en þessar byggingar, sem fyrir eru, verða ónýtar og í staðinn byggist upp eftir nýju skipulagi, en þá, um leið og sú þróun á sér stað, er náttúrlega sjálfsagt að taka svona lagað upp. En samkv. frv. er aðeins gefinn frestur til næsta árs um það, að þá skuli þetta alls staðar vera komið í kring. Ég hefði getað hugsað mér, að þarna hefði komið viðbót, t. d. ný gr., sem hefði haft það inni að halda, að undanþágu mætti gefa frá þessum lagaákvæðum á þeim stöðum, þar sem mjög er erfitt að framfylgja þeim og skipulagsstjóri ríkisins t. d. mælti með undanþágunni. Ef slíkt ákvæði kæmi inn í l., þá álít ég, að það væri mikil bót. Ég vildi sem sagt taka þetta fram núna við 1. umr., áður en málið fer til n., til þess að biðja hv. n. um að taka þessi atriði til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. við það barst á þskj. 160.

---

56. Verkamannabústaðir.

Á 16. fundi í Ed., 28. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um útvegun fjár til byggingar verkamannabústaða [105. mál] (þmfrv., A. 137).

Á 18. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Ed., 31. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Á þinginu 1949 fluttu þm. Alþfl. frv. um útvegun fjár til byggingar verkamannabústaða. Þeir fluttu þetta frv. aftur á þinginu 1951, en í hvorugt skiptið fann frv. náð fyrir augum hv. þm. og hlaut því ekki afgreiðslu. Nú er þetta frv. flutt hér í þriðja sinnið, að mestu samhljóða hinum fyrri frv., þó að á því hafi verið gerðar tölulegar breyt. vegna breyttra aðstæðna.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, byggja byggingarfélög verkamanna alla sína tilveru og starfsemi á því fé, sem þau fá að láni frá byggingarsjóði verkamanna, fyrir utan það framlag, sem meðlimir félaganna sjálfra leggja af mörkum til bygginganna. Framlag félagsmanna til bygginganna hefur á undanförnum árum verið nokkuð breytilegt og hækkandi, en núna hin alseinustu árin hefur það yfirleitt um land allt verið komið upp í 30% af byggingarkostnaði, þannig að þau lán, sem byggingarfélögin þurfa að fá frá byggingarsjóðnum, nema 70% af kostnaðarverði bygginganna. Þessa fjár hefur byggingarsjóðurinn aðallega aflað með þrennu móti. Hann fær fast framlag frá ríkissjóði og sveitarfélögum, og er mér sagt, að þetta framlag nemi á árinu 1952 um 3,3 millj. kr. En við þetta er þó að athuga, að byggingarsjóðurinn mun ekki hafa getað ráðstafað allri þeirri upphæð til útlána, því að eitthvað af henni fer til að borga vaxtamismun vegna lána, sem sjóðurinn hefur orðið að taka með óhagstæðari kjörum en hann lánar peningana út aftur fyrir til byggingarfélaganna, þannig að það mun vera innan við 3 millj. kr. af þessari upphæð, sem byggingarsjóðurinn hefur til ráðstöfunar. Auk þess fær byggingarsjóðurinn lágt fast framlag frá ríkissjóði, en aðalmöguleika sína til hjálpar byggingarfélögunum hefur sjóðurinn þó í því ákvæði í lögunum um byggingarsjóð, sem heimilar honum að taka innlend lán með ríkisábyrgð til starfsemi sinnar. Á undanförnum árum hefur byggingarsjóðurinn mjög þurft á þessari lánsheimild að halda, og þó að starfsemi hans hafi hvarvetna átt miklum skilningi og velvild að mæta og allir þeir, sem hann hefur þurft að skipta við, hafi tekið vel á hans málum og greitt fyrir þeim eins og frekast hefur verið hægt, þá fer því mjög fjarri, að byggingarsjóðurinn hafi fengið lán til starfsemi sinnar eins og nauðsynlegt hefði verið, miðað við þá eftirspurn, sem er eftir lánum úr sjóðnum.

Á það hefur verið bent og það skal viðurkennt, að það var sjóðnum talsvert mikil hjálp, úr því sem komið var, þegar hann á árinu 1950 eða 1951 fékk greitt frá bönkunum eða ríkissjóði nokkurn hluta af þeim hagnaði, sem varð af gengisbreytingunni, og mun sú upphæð hafa numið um 7 millj. kr. Það var sjóðnum líka mikil hjálp, úr því sem komið var, þegar hann á þessu ári fékk 4 millj. kr. af tekjuafgangi ársins 1951. Þetta hjálpaði sjóðnum að sjálfsögðu mikið og varð til þess, að starfsemi sjóðsins gat orðið með nokkuð öðrum hætti en ella hefði orðið. Hinu má hins vegar ekki gleyma, þegar um þetta er rætt, að þær tekjur, sem sjóðnum þarna bættust af gengisbreyt., áttu sér þann aðdraganda, sem varð sjóðnum alldýr og byggingarstarfseminni yfirleitt til hinnar

mestu ógæfu. Það hefur verið athugað af fróðum mönnum, hversu mikið byggingar Byggingarfélags verkamanna í Reykjavík hafi hækkað í verði vegna gengisbreytingarinnar á sínum tíma. Þegar gengisbreyt. kom til framkvæmda, hafði félagið í smíðum 40 íbúðir, og hver þeirra hækkaði við gengisbreyt. um 20 þús. kr., þannig að áfall þessa flokks vegna gengisbreyt. varð 800 þús. kr. Nú hefur félagið í smíðum 20 íbúðir, og er hver þeirra 88 þús. kr. dýrari í byggingu en hefði orðið, ef genginu hefði ekki verið breytt, og allur flokkurinn, 20 íbúðir, um 1 millj. 760 þús. kr. dýrari. Þannig hefur kostnaðarverð þeirra íbúða, sem byggðar hafa verið í Reykjavík síðan genginu var breytt, hækkað um rösklega hálfa þriðju milljón. Þetta er eingöngu í Reykjavík, og er þá landið að öðru leyti eftir, og munu framkvæmdirnar ekki vera minni þar, þannig að á þeim tíma, sem nú er liðinn og er að líða síðan gengisbreyt. varð, er það lán, sem sjóðurinn fékk vegna gengisbreyt., eiginlega að mestu leyti þorrið og eingöngu í hækkaðan byggingarkostnað.

Eins og sakir standa hjá sjóðnum nú, á hann í fjárhagserfiðleikum miklum og engar líkur til þess, að hann geti mætt nema að mjög takmörkuðu leyti þeirri óhjákvæmilegu þörf, sem á hann leitar vegna byggingarstarfsemi byggingarfélaganna. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er því flutt í þeim tilgangi að reyna að skapa byggingarsjóðnum þær tekjur á næstu fjórum árum, sem nægja til þess, að sjóðurinn geti haldið áfram nokkurn veginn með sæmilegum hætti.

Í 1. gr. frv. er lagt til, að á árunum 1953—56 skuli ríkisstj. tryggja sölu á skuldabréfum, sem sjóðurinn gefur út með ríkisábyrgð, þannig að sjóðurinn hafi til umráða allt að 30 millj. kr. á hverju af þessum fjórum árum. Í frv. þeim, sem Alþfl.-menn fluttu á fyrri þingum um mjög svipað efni, var farið fram á lægri upphæð en hér er farið fram á nú. Í frv. 1949 var farið fram á það, að sjóðnum yrðu tryggðar 14 millj. á ári til útlána. Þessi upphæð var miðuð við það, að sjóðurinn gæti hjálpað til að koma upp 200 íbúðum. Verð hverrar íbúðar á árinu 1949 var um 108 þús. kr., og hefðu því 14 millj. til útlána á ári nægt sjóðnum til að mæta því. En eins og ég gat um áður, þá var þetta frv. því miður ekki samþ. Þegar frv. var flutt aftur á árinu 1951, þurfti að hækka upphæðina upp í um 25 millj. kr., því að þá var íbúðarverðið komið upp í 160 þús., og hefði því þurft um þá upphæð til þess að geta byggt 200 íbúðir. Nú, þegar þetta frv. er flutt í þriðja sinnið, kostar 80 fermetra íbúð í byggingu um 220 þús. kr., og kosta því 200 íbúðir um 44 millj., og miðað við 30% framlag frá kaupendum íbúðanna þarf sjóðurinn að hafa til ráðstöfunar á ári um 30 millj. kr. til að koma upp 200 íbúðum.

Eins og ég gat um áðan, þá eru fastar tekjur sjóðsins, sem hann hefur til ráðstöfunar, eitthvað innan við 3 millj., og er það því á milli 27 og 28 millj. kr., sem þarf að tryggja sjóðnum árlega, til þess að hægt sé að ná þeim 30 millj., sem frv. fer fram á.

Þær leiðir, sem frv. leggur til að farnar verði í þessum efnum, eru fyrst og fremst þær, að í 4. gr. þess er ákveðið, að ríkissjóður skuli sjálfur kaupa skuldabréf sjóðsins fyrir 4,5 millj. á ári. En það, sem þá vantar á til þess að ná 30 millj. kr., er gert ráð fyrir að ríkisstj. ýmist semji við banka og peningastofnanir um að lána, en að svo miklu leyti sem samningar ekki takast, þá sé ríkisstj. fyrirlagt að setja reglur um lánveitingar þeirra stofnana og tryggingarfélaga, sem ávaxta fé í verðbréfum eða útlánum á annan hátt, og er ríkisstj. heimilað að ákveða svo í reglum þessum, að þessum aðilum skuli skylt að ráðstafa ákveðnum hluta þess fjár, sem þeir verja til verðbréfakaupa á árunum 1953—56, til kaupa á skuldabréfum þeim, sem sjóðurinn gefur út samkv. heimild í lögum þeim, sem um hann gilda.

Það var athugað fyrir fáum árum, hversu mikið fjármagn þær stofnanir, sem hér um ræðir, lánuðu út á ári. Sú athugun benti til þess, að það væri um 36 millj. kr. á ári. Ég veit ekki nákvæmlega, hvaða breyt. hafa orðið á þessari upphæð síðan sú athugun var gerð. En ég hef fulla ástæðu til að ætla, að þar sé um nokkra og ekki óverulega hækkun að ræða, þannig að þessum sjóðum, sem hér er átt við, ætti ekki að vera um megn að ráða fram úr þessu.

Ég þykist ekki þurfa að gera neina sérstaklega ýtarlega grein fyrir því hér, hversu brýn þörf er á því, að byggingarsjóður verkamanna sé efldur, svo að hann geti haldið áfram og aukið sína starfsemi. Það er öllum kunnugt, að í kaupstöðum landsins og ekki síst hér í sjálfri höfuðborginni býr mikill fjöldi fólks við algerlega óviðunandi húsakost. Hér eru ótal kjallaraíbúðir, sem ekki geta talizt hæfar til íbúðar og margar barnafjölskyldur verða að hrúgast niður í, að ógleymdum þeim bröggum, sem eru hér víðs vegar um bæinn og margir hverjir eru í slíku ástandi, að enginn, sem ekki hefur séð það með eigin augum, mundi trúa. Þörfin á því að létta undir með byggingarfélögunum og hjálpa þeim til að halda áfram sinni starfsemi er því alveg ótvíræð. Í félögunum bíða nú um land allt fjölmargar fjölskyldur eftir íbúðum, og í Byggingarfélagi verkamanna í Reykjavík, svo að dæmi sé nefnt, bíða nú a. m. k. ekki færri en 600 fjölskyldur eftir að fá þar íbúð. Síðan félagið var stofnað, rétt í stríðsbyrjun, hefur það því miður ekki getað byggt yfir meira en 220 fjölskyldur, og hefur félagið þó alla tíð haldið áfram að byggja eins og það hefur frekast getað fengið peninga til. Þörfin á aðstoð hins opinbera til þessarar starfsemi er því ótvíræð, og verður ekki um hana deilt.

Ég hef heyrt menn halda því fram, að hugmyndin um smáíbúðarhúsin, sem mjög hefur verið haldið á lofti nú að undanförnu, kynni að verða þess megnug að leysa byggingarfélög verkamanna af hólmi, þannig að styrkur til smáíbúðarhúsanna ætti að vera fullnægjandi og ekki væri þörf á starfsemi byggingarfélaganna í framtíðinni. Ég skal fúslega viðurkenna, að það, sem gert hefur verið til þess að létta undir með smáíbúðarhúsabyggingunum, hefur orðið að miklu gagni. Og það er hið þarfasta

verk, sem sjálfsagt er að halda áfram og reyna að greiða fyrir eins og hægt er. En hitt er jafnvíst, að sú starfsemi er þess ekki umkomin að taka við því hlutverki, sem byggingarfélög verkamanna hafa haft með höndum til þessa og hljóta að hafa með höndum í framtíðinni. Veldur því margt. Fyrst og fremst er það staðreynd, að sú opinbera aðstoð, sem menn fá til byggingar þessara smáhúsa, er það lítil og það takmörkuð, að það er ekki á færi annarra en þeirra, sem eru nokkuð vel fjárhagslega stæðir fyrir, að ráðast í slíkar byggingar. Er það margathugað mál, að það er ekki nema að mjög takmörkuðu leyti á færi þess fólks, sem í verkamannabústaðafélögunum er og bíður eftir að fá þar íbúðir, að ráðast í og ráða við þessar smáhúsabyggingar, þannig að sú lausn kemur, eins og málið horfir núna við, ekki til með að leysa vanda þeirra, sem verst eru staddir. Svo er einnig annað, sem ekki má gleyma í þessu sambandi, og það er, að þessar smáhúsabyggingar hafa reynzt til muna dýrari en íbúðir þær, sem byggðar eru í verkamannabústöðunum.

Ég hef fengið mjög vel færan mann til þess að kynna sér það fyrir mig, hvaða kostnaður sé við byggingu þeirra smáhúsa, sem verið hafa að rísa upp hér í bænum og kringum bæinn nú að undanförnu. Hann hefur átt aðgang að reikningum og uppgjörum frá mörgum mönnum, sem byggt hafa slík hús, og niðurstaða þeirrar athugunar er sú, að rúmmetrinn í þessum smáhúsum kostar í byggingu ekki undir 735 krónum. Í þeirri upphæð er tekið tillit til þeirrar vinnu, sem eigendur íbúðanna leggja fram sjálfir. Í verkamannabústöðunum hins vegar kostar rúmmetrinn í 80 fermetra íbúðum, sem félögin hafa verið að byggja og eru mjög sambærilegar við smáhúsin, um 586 kr. Það er því alveg ljóst, að byggingarnar eru ódýrari hjá byggingarfélögum verkamanna en smáhúsin, þó að það skuli hins vegar fúslega viðurkennt, að það er mikill kostur, að eigendur smáhúsanna sjálfir geta lagt fram vinnu sína og sinna nánustu. En tölurnar sýna hins vegar greinilega, að íbúðirnar í verkamannabústöðunum eru ódýrari í byggingu en í smáhúsunum, enda hefur reynslan, t. d. hér í Reykjavík, ætíð verið sú, að verkamannabústaðirnir eru ódýrustu byggingarnar, sem hér hafa nokkru sinni verið byggðar, og byggingarfélögin hafa ætíð getað skilað byggingarkostnaði, sem hefur verið mjög verulega undir vísitölu hagstofunnar um byggingarkostnað í Reykjavík. Það má líka á það benda, að þessi smáhús eru náttúrlega miklu dýrari fyrir bæjarfélögin en byggingar eins og þær, sem byggingarfélög verkamanna hafa verið með. Veldur því miklu meiri gatnagerð, vatnsleiðslur, rafmagnsleiðslur og annað, sem því fylgir að byggja hús á dreifðu svæði í stað þess að hafa þau fleiri saman.

Reynslan hefur þannig sýnt, þegar litið er á samanburðinn á verkamannabústöðunum og smáhúsunum, að þó að smáhúsin hafi þann kost, að fólkið getur sjálft við þau unnið, þá eru hinar íbúðirnar ódýrari fyrir þá, sem byggja, og sveitarfélögin. Og byggingarfélögin gefa fjölda fólks færi á að eignast íbúð, sem ekki gæti eignazt smáhús og mundi, ef verkamannabústaðirnir hjálpuðu ekki til, verða að halda áfram að búa í óviðunandi kjallaraíbúðum og bröggum.

Ég vænti þess, að ég hafi gert nokkuð ýtarlega grein fyrir þessu frv. Ég þykist vita, að mönnum þyki vera farið hér fram á nokkuð stórar fjárhæðir, en það er eingöngu gert vegna þess, að þörfin fyrir þessa aðstoð er svo brýn og byggingarfélög verkamanna hafa sýnt það með allri sinni starfsemi frá fyrstu tíð og fram á þennan dag, að þau eru þess makleg, að þau séu styrkt og að þeim sé hjálpað til að halda áfram sinni starfsemi. Ég vil því mega vænta þess, að þetta frv. fái nú betri móttökur hér en það hefur áður fengið, og leyfi ég mér að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og nefndar. Það kann að vera nokkur vafi á um, í hvaða n. frv. eigi að fara. Ég leyfi mér að leggja til, að það fari í allshn., þó að ég leggi ekki á það neina sérstaka áherzlu, hvaða n. tekur við því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Till. um að vísa frv. til allshn. felld með 8:5 atkv.

Frv. vísað til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

57. Aukatekjur ríkissjóðs.

Á 16. fundi í Ed., 28. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um aukatekjur ríkissjóðs [106. mál] (þmfrv., A. 139).

Á 18. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Ed., 31. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, flytur fjhn. d. eftir beiðni hæstv. fjmrh. N. hefur ekki tekið afstöðu til einstakra atriða frv. eða þess sjálfs. Persónulega virðist mér frv. yfirleitt horfa til bóta. Hér eru dregin saman í einn stað fyrirmæli um aukatekjur, gjöld til ríkissjóðs, sem eru á dreif hér og hvar í löggjöf okkar. Hef ég við lauslegan samanburð tekið eftir því, að nokkur ný gjöld eru sett fram í frv., eins og t. d. viss leyfi, sem verður að greiða fyrir samkv. því. Einnig er töluverð hækkun ýmissa gjalda þar, eins og t. d. gjalda fyrir veðbókarvottorð, sem munu vera prefölduð, og þinglesturs lágra skjala. T. d. er svo um þúsund króna veðskuldabréf, að þinglestursgjald þess mun hækka núna eitthvað sjöfalt. En yfirleitt má hér líka, einkum í 7. og 8. kafla frv., þar sem hækkun er nokkuð mikil víða, taka tillit til þess, að þar er aftur

sleppt stimpilgjaldi, svo að gjaldandi þarf ekki í raun og veru að gjalda miklu hærri fúlgu til ríkissjóðs heldur en áður var. Annars verða þessi atriði athuguð miklu nánar af n. fyrir 2. umr. málsins, en þar sem hæstv. fjmrh. er viðstaddur í d. og mun útskýra þetta mál frekar, sé ég ekki ástæðu til þess að orðlengja meira um það.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. er samið af n., sem ég skipaði til þess að endurskoða gildandi lagaákvæði um aukatekjur ríkissjóðs. Í n. áttu sæti Jón Steingrímsson sýslumaður, formaður n., Júlíus Havsteen bæjarfógeti og Þorlákur Jónsson stjórnarráðsfulltrúi. Ástæðan til nefndarskipunarinnar var sú, að gagnger endurskoðun hefur ekki farið fram á aukatekjul. síðan 1921, að þau voru sett. Hafði rn. borizt áskorun frá Félagi héraðsdómara um að láta endurskoða l., auk þess sem það var álit endurskoðunardeildar fjmrn., að full þörf væri á slíkri endurskoðun. Aukatekjur ýmsar hafa verið innheimtar með viðaukum undanfarin ár, og auk þess hafa ný ákvæði um aukatekjur, sem ekki hafa verið innheimtar með álagi, verið að finna í dreifðum lagafyrirmælum. Þótti nauðsynlegt að sameina gjöld þessi í ein lög til þess að auðvelda innheimtuna og alla meðferð málsins. Þetta frv. er ekki fremur en það frv., sem kemur hér til meðferðar næst á eftir, flutt í tekjuöflunarskyni, heldur til þess að reyna að koma betri skipan á þessi mál.

Eins og ég sagði áðan, hafa ekki verið gerðar aðrar breytingar á aukatekjul. á undanförnum árum en þær, að viðaukar hafa verið settir á sum gjöldin og þessir viðaukar mjög mismunandi háir. Þessar hækkanir hafa orðið þess valdandi, að föst gjöld samkv. l. hafa hækkað óeðlilega lítið, ef miðað er við verðlagsbreytingar, þ. e. a. s., þau hafa raunverulega lækkað mjög mikið, en prósentugjöld, sem greiðast af gjaldstofni og hækkað hafa með vaxandi dýrtíð, hafa hins vegar hækkað óeðlilega mikið. Er mér tjáð, að nú sé t. d. þannig komið, að bú sé helzt ekki afhent til opinberra skipta, nema óumflýjanlegt sé, og eignir ekki seldar á opinberu uppboði, ef nokkurs annars er kostur. Þá eru ýmis gjöld tekin í aukatekjufrv., sem eru ákveðin nú í öðrum l., svo sem gjöld fyrir skipstjóraskírteini, mælingabréf o. fl., en eru þó alveg hliðstæð aukatekjugjöldunum. Einnig má þar nefna gjöld fyrir vélstjóraskírteini, skrásetningu vörumerkis o. fl.

Helztu nýmælin og breytingarnar, sem frv. gerir ráð fyrir, eru þau að taka þessar nýju tegundir gjalda inn í aukatekjul., sem ég hef áður greint frá, og þá enn fremur, að dómsmálagjöld eru nú ákveðin 100 kr. fyrir fyrirtekt máls, og eru sameinuð þar í eitt gjald þrjú gjöld, sem áður voru gjöld fyrir þingfestingu, fresti og dómtöku máls. Upp í þennan kafla eru tekin dómsmálagjöld í hæstarétti, sem áður voru ákveðin í l. nr. 112 1935. Gjöld samkv. þessum kafla aukatekjul. eru yfirleitt tvöfölduð eða þrefölduð frá því, sem nú er, nema dómsmálagjald í hæstarétti, sem er hækkað nokkru meira. Gjöld fyrir fógetagerðir samkv. II. kafla eru yfirleitt tvöfölduð. Skiptagjald samkv. III. kafla er lækkað úr 4,8% í 3%. Uppboðsgjald af lausafé samkvæmt IV. kafla er lækkað úr 8,5% í 6%. Uppboðsgjöld af fasteignum eru einnig lækkuð, en gjaldaflokkunum einnig nokkuð breytt. Notarialgjöld samkv. V. kafla l. eru yfirleitt tvöfölduð. Ákvæðum VI. kafla l. um þinglýsingar hefur verið breytt á þann hátt, að gjald fyrir aflýsingar hefur verið fellt niður, og telst það þá framvegis innifalið í þinglýsingargjaldinu. Þá hefur verið felld niður heimild banka og lánsstofnana til þess að fá ókeypis veðbókarvottorð. Gjöld fyrir leyfisbréf og skírteini samkv. VII. kafla og fyrir skrásetningar samkv. VIII. kafla hafa yfirleitt ekki verið ákveðin í aukatekjul., heldur í ýmsum sérlögum og reglugerðum, enda þótt þau hafi verið færð í aukatekjubækur hjá sýslumannsembættunum. En nokkur gjaldanna voru áður stimpilgjöld, en önnur voru áður talin með stimpilgjöldum, þau sem nú eru talin í þessu frv., en önnur hafa verið talin í öðrum l. Afgreiðslugjöld skipa samkv. IX. kafla eru nokkuð hækkuð. Áritunargjöld eru og hækkuð. — Heildarblærinn á þessu er sá, eins og ég sagði, að hér hefur ekki verið hugsað til þess að auka tekjur ríkissjóðs, heldur að samræma þessi gjöld, og eru sum þeirra lækkuð og önnur hækkuð, eftir því sem mþn. fannst vera sanngjarnt og rétt miðað við núverandi ástand.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Nú getur verið álitamál, hvort þörf er á að vísa frv. sérstaklega til n. Fjhn. mun að sjálfsögðu athuga þetta frv., þó að því sé ekki sérstaklega til hennar vísað, þar sem hún flytur það. Munurinn er sá einn, að ef málinu er sérstaklega til hennar vísað, þá mundi henni bera að gefa út nál.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það tíðkast nokkuð, að n. eru beðnar að flytja mál, og venjulega er þá sá háttur á hafður, að n. fara ekki vandlega yfir málin, áður en þær ákveða um flutninginn, heldur flytja málin með fyrirvara. Mér finnst rétt að gera það að reglu á hv. Alþ., ef það hefur ekki áður verið regla, að vísa öllum slíkum málum formlega til n., sem eru flutt af n. með þeim formála, sem þetta mál er flutt.

Forseti (BSt): Það hefur ekki beinlínis verið regla að vísa þessum málum sérstaklega til n., þótt það hafi stundum komið fyrir, en hins vegar hefur alltaf verið litið svo á, að n. bæri að athuga málið nánar, þótt því væri ekki sérstaklega til hennar vísað. Muninn álít ég þann einn, að ef málinu er sérstaklega vísað til n., þá ber henni að sjálfsögðu að gefa út nál. Annars mundu nægja brtt. eða aðeins einföld tilkynning til forseta um, að n. væri við því búin, að málið gengi áfram. Er það þá till., að málinu verði vísað til fjhn.? (*Fjmrh.:* Já.)

Frv. vísað til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

58. Stimpilgjald.

Á 16. fundi í Ed., 28. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um stimpilgjald [107. mál] (þmfrv., A. 140).

Á 18. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 19. fundi í Ed., 31. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Um þetta frv. er það sama að segja og það frv., sem var hér til umr. næst á undan. Það er flutt af fjhn. d. eftir beiðni hæstv. fjmrh. og það án þess að n. hafi tekið afstöðu til sérstakra atriða í frv. eða frv. í heild. Ég get bætt því við frá mínu eigin brjósti, að ég tel, eins og um hitt frv., hægt að segja, að það sé til töluverðra bóta. Einkum er því þannig varið, að þó að sé hækkað á stöku stað stimpilgjaldið frá því, sem áður var, og miðað við viðbótargjaldið, sem er núna, þá er aftur allvíða fellt niður stimpilgjaldið, og það eru þau smærri gjöldin, sem litlu muna, t. d. eins og stimpilgjald á veðbókarvottorðum, sem er kr. 1,20 núna brúttó, stofngjaldið kr. 0,50, og gerir það í raun og veru miklu hægara um vik að hafa það þannig. En aftur á móti virðast mér ákvæðin í bráðabirgðaákvæðunum vera allt of hörð, þar sem gert er ráð fyrir að hafa tífalt fasteignamat einnig í sveitum, ef ekki er gefið upp söluverð eignarinnar, og einnig má svipað segja um ákvæðin í öðrum lið þessara ákvæða til bráðabirgða. En sem sagt, það verður allt til athugunar hjá n. til 2. umr. og ekki ástæða til þess, að ég geri hér frekari grein fyrir þessu frv., þar sem hæstv. fjmrh. mun gera frekari grein fyrir því nú í þetta skipti. En ég vil taka það fram, að ég tel hér eina reglu til mikilla bóta, þó að umdeilt sé, hvort fresturinn er ekki fullangur. Áður varð að vera búið að stimpla eftir 2 mánuði stimpilskylt skjal, en nú eru þar settir 6 mánuðir. Ég tel það vafasamt, hvort þarna sé gætt meðalhófs og ekki sé fulllangur frestur settur.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. er samið af sömu n. og frv. til aukatekjul., sem var hér til umr. næst á undan. Á stimpilgjaldal. frá 1921 hefur ekki farið fram gagngger endurskoðun fyrr en nú. Nokkrar breyt. hefur Alþingi samþ. síðan þau voru sett, og eru þær helztar, að árið 1933 var ákveðið, að eigi skyldi greiða stimpilgjald af eignayfirfærslu fasteigna, þegar þær eru lagðar erfingja út sem arfur eða maka upp í búsamning hans. Og árið 1945 var það ákvæði sett, að þegar afsal tilgreinir ekki söluverð, þá skuli verð fasteignar ekki áætlað lægra en fimmfalt fasteignamat hennar. Þá hefur Alþingi á undanförnum árum heimilað að innheimta stimpilgjöldin með viðauka, og nam sá viðauki 100% árið 1950, en 140% árin 1951 og 1952. Þar sem gjöld samkv. stimpilgjaldal. hafa verið bæði föst gjöld og prósentugjöld, hafa hækkanir þær, sem heimilaðar voru, leitt til verulegs ósamræmis. Föstu gjöldin hafa hækkað um 140% aðeins, og er það miklu minni hækkun en verðlagsbreytingar þær, sem orðið hafa í landinu síðan 1921, gefa tilefni til. Hins vegar hafa gjaldstofnar þeir, sem prósentugjöldin eru greidd af, hækkað með vaxandi dýrtíð, og hefur þá hækkun prósentutalnanna orðið þess valdandi, að gjöld þessi eru orðin mjög há og í algeru ósamræmi við hin gjöldin, sem ákveðin hafa verið með fastri krónutölu.

Helztu breyt., sem frv. ráðgerir, eru þessar: Frestur til stimplunar verði lengdur úr tveimur mánuðum í sex. Heimild til að fela einstökum mönnum stimplun skjala verði felld niður og heimild bankanna til þess að stimpla nokkuð þrengd. Stimpilgjöld af afsölum verði lækkuð úr 2,4% í 2%, af veðskuldabréfum lækkuð úr 7,2‰ í 6‰ og af víxlum úr 2,4‰ í 2‰. Tilkynningar til hlutafélagaskrár skuli stimpla í staðinn fyrir hlutabréfin, því að vanhöld hafa viljað vera á því, að hlutabréfin komi inn til stimplunar. Skyldutryggingarskírteini bifreiða stimplist með 25 krónum. 41. gr. stimpillaganna frá 1921 verði felld niður. Stimpilgjöld þessi voru í flestum tilfellum greidd samhliða aukatekjugjöldum. Eru þau í frv., sem hér var til meðferðar áðan, um aukatekjur ríkissjóðs, sameinuð aukatekjugjöldunum eða tekin upp sem ný aukatekjugjöld, ef þau hafa ekki áður verið greidd samhliða þeim gjöldum. Er því hér í raun og veru að ræða um tilfærslu á milli lagaflokka, þar sem þessi gjöld þykja eiga betur heima í aukatekjul. — Ef skjal er ekki stimplað innan lögákveðins tíma, varði það sektum, er nemi jafnhárri upphæð hinu löglega stimpilgjaldi, en áður varðaði það sekt, sem nam fimmfaldri upphæðinni. En það ákvæði hefur yfirleitt ekki verið framkvæmt þannig. Þykir því sönnu nær, að það verði framkvæmt raunverulega, ef því er breytt á þessa lund. Enn fremur eru ákvæðin um stimpilfrelsi banka og lánsstofnana felld niður. Þá er sett bráðabirgðaákvæði hér um stimplun afsala, sem eigi tilgreina söluverð eða tilgreina það grunsamlega lágt, og skal það gilda meðan fasteignamat frá 1942 er í gildi. Samkv. þessu bráðabirgðaákvæði skal ákveða stimpilskylda fjárhæð eigi lægri en tífalt fasteignamat, ef ekki er tilgreint neitt söluverð, en ef söluverð er tilgreint grunsamlega lágt í afsali, þá skal sá, sem annast stimplunina, meta stimpilskylda fjárhæð þess og hafa hliðsjón af fasteignamati hinnar seldu eignar, brunabótamati og söluverði sambærilegra eigna. En því mati má áfrýja til fjmrn. eða leggja það undir úrskurð dómstóla. Þetta eru helztu breyt., sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég vil leyfa mér að óska eftir því, að þessu máli verði vísað til hv. fjhn., því eins og ég tók fram áðan í sambandi við hitt málið, þá finnst mér rétt að gera það að reglu á hv. Alþingi að vísa þeim málum, sem flutt eru af n. eftir tilmælum annarra, t. d. ráðherra, ætíð til n. aftur, ef þau eru með þeim formála, að n. hafi ekki tekið efnislega afstöðu til málsins með flutningnum. Þess vegna legg ég til, að þessu verði vísað til n.

ATKVGR.
Frv. visað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

59. Vélfræðikennsla.

Á 18. fundi í Ed., 30. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um kennslu í vélfræði [113. mál] (þmfrv., A. 152).

Á 20. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 152, um kennslu í vélfræði, er flutt af menntmn. að beiðni hæstv. menntmrh. Frv. er samið af mþn., sem samgmrn. skipaði árið 1949 til þess að athuga og gera tillögur um nauðsynlegar breytingar varðandi réttindi vélstjóra samkv. l. nr. 66 1946, svo og tillögur um fyrirkomulag á kennslu fyrir þá, sem ætla að gerast vélstjórar. Í n. þessa voru skipaðir 5 menn, en 3 af þeim, eða meiri hl. n., hafa samið og skilað því frv., sem hér liggur fyrir. Eins og ég gat um, er frv. flutt af menntmn., en n. hefur ekki tekið það þannig til meðferðar, að einstakir nm. hafi tekið ákveðna afstöðu til málsins, og hafa þeir allir óbundnar hendur um afgreiðslu þess. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara frekar út í þetta frv. nú á þessu stigi málsins, enda er hæstv. menntmrh. staddur hér í d., og ég geri þá ráð fyrir, að hann muni eitthvað ræða um það.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. gat um, þá var þetta mál sett í n. 1949, og í n. voru 5 menn, skrifstofustjóri samgmrn., Páll Pálmason, Jessen skólastjóri, Þorsteinn Loftsson, sem hefur haft á hendi námskeið Fiskifélagsins, Þorsteinn Árnason og Lúther Grímsson. Þessi n. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins og gat ekki heldur komið sér saman um að skila sameiginlegu nál., svo að meiri hl. n., 3 menn, skilaði því frv., sem hér liggur fyrir. Frv. er því lagt fram í samræmi við álit meiri hl. n., þessara þriggja manna.

Því er ekki að leyna, að það er talsvert djúpstæður ágreiningur í þessu máli, sérstaklega að því er snertir sameiningu kennslunnar á einn stað, en eins og kunnugt er, fer vélakennslan nú fram bæði í vélskólanum og á námskeiðum Fiskifélagsins. Frv., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi að því er snertir kennslu á vegum vélskólans og Fiskifélagsins, eins og verið hefur. Fiskiþingið 1951 lagði mikla áherzlu á það, að kennslan haldi áfram á fyrsta og öðru stigi, sem kallað er, hjá Fiskifélaginu. Mun það hafa haft nokkur áhrif á það, að meiri hl. af nm. skipaðist um þetta áframhaldandi fyrirkomulag.

Í þessu frv. eru nokkrar breytingar. Höfuðbreytingin má segja að sé sú, að inntökuskilyrðum í vélskólann sé breytt þannig, að hann er opnaður fyrir þá menn, sem hafa tekið annað stigið hjá Fiskifélaginu, en það er ekki heimilt nú, og þess vegna — ef þetta yrði að lögum — ætti undanþágum í þessu efni að fækka talsvert. Þar að auki er önnur höfuðbreytingin sú, að það er gert ráð fyrir, að sett sé á stofn aukanámskeið, 7 mánaða, við vélskólann til þess að undirbúa menn, bæði þá, sem hafa verið við nám í smiðjum og í Fiskifélaginu, undir verklegt lokapróf frá skólanum. En þeir, sem lokið hafa fjögurra ára námstíma við vélsmiðjur, þurfa ekki að sækja þetta námskeið. Svo er ein breyting hér í 16. gr., að ákveðið er, að 3. stigs próf gildi fyrir vélgæzlu á 1500 hestafla vélum á fragtskipum og 1000 hestafla á farþegaskipum, sem er rýmkun frá því, sem áður var. Að öðru leyti held ég að ekki séu neinar meginbreytingar í frv. En eins og ég gat um í byrjun, þá er meginágreiningur um það, hvernig skuli koma vélakennslunni fyrir.

Ég hef ekki sem ráðherra tekið afstöðu til þessa máls og taldi rétt, að það færi inn í þingið eins og það kom frá meiri hl. n. og að þingið tæki sína afstöðu um það, hvernig það vildi láta koma kennslunni fyrir í framtíðinni. Ég geri ráð fyrir því, að hv. n. taki þetta til nánari athugunar, vegna þess að þetta er mál, sem þarfnast mjög gaumgæfilegrar athugunar. Það er sótt fast af báðum aðilum, þ. e. a. s. þeim aðilum, sem annars vegar vilja halda kennslunni í því formi, sem hún er nú, og hins vegar þeim, sem vilja, að kennslan sameinist á einn stað í vélskólanum. Ég verð að segja, að frá mínu sjónarmiði finnst mér eðlilegast, að öll vélfræðikennsla í landinu sé sameinuð á einn stað, og hinn rétti staður að mínu áliti er vélskólinn, sem ríkið heldur uppi. Eðlilegt er, að námið geti verið samanhangandi og í eðlilegu áframhaldi frá lægri stigum til hærri stiga. Því fyrr sem tekin er ákveðin afstaða til þessa máls og því komið í það horf, sem það á að vera í í framtíðinni, því betra.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef nú hlustað á framsögu hjá hæstv. menntmrh. og hjá hv. frsm. í sambandi við þetta mál. Ég sé nú á ræðu hæstv. ráðh., að hann hefur ekki, sem ekki er von, haft tækifæri til þess að setja sig inn í meginatriði þessa máls, því að annars hefði hann rætt þau nánar, og mun ég nokkuð koma að þeim hér í minni ræðu.

Eins og tekið er fram í grg., sem fylgir frv. þessu, sem hér er til umr., skipaði samgmrh. nefnd árið 1949 til þess að athuga og gera tillögur um nauðsynlegar breytingar varðandi réttindi vélstjóra samkv. l. nr. 66 1946 svo og till. um fyrirkomulag á kennslu fyrir þá, sem ætla að gerast vélstjórar. Er nefndarskipun þessi tvímælalaust fram komin vegna frv., sem fram kom hér á Alþ. árið 1949 um mjög aukin réttindi mótorvélstjóra án þess jafnframt að auka kröfur þeirra til náms. Urðu um frv. þetta mjög

harðar deilur hér, enda var því sterklega mótmælt af vélstjórastéttinni. Náði frv., sem betur fór, aldrei fram að ganga. Nefnd sú, sem ég hef þegar minnzt á, er skipuð þannig, eins og hæstv. ráðh. tók fram, að samtök vélstjóra eiga þar einn fulltrúa, samtök mótorvélstjóra annan, vélstjóraskólinn þann þriðja, mótorfræðslan þann fjórða og ráðuneytið þann fimmta, og var hann formaður n. Það vekur strax nokkra furðu, að samtök útgerðarmanna eiga engan fulltrúa í n., og þó er vitað, að engir aðrir aðilar eiga meira undir því en einmitt þeir, hversu tekst um starf n. Milljónir verðmæta, sem þessi stétt manna ræður yfir, eru látnar í hendur þeirra manna, sem eiga að búa sig undir að gæta þeirra eftir þeim reglum og fyrirmælum, sem n. leggur til að lögfest verði, og segja má, að mikið velti á því um afkomu þessa atvinnuvegar, að hér sé vel og viturlega séð fyrir þörfum hans og öryggi. Og þegar vitað var um þá löngu og hörðu deilu, sem stóð hér á Alþ. um þessi mál 1949, er það gersamlega óverjandi að útiloka útgerðaraðilann frá þátttöku í framtíðarskipun þessara mála. Það vekur ekki minni furðu, að n., sem skipuð er til þess að koma á samkomulagi um mjög viðkvæmt deilumál, sem snertir fjölda manna í landinu, skuli ekki hafa megnað að komast nokkuð nær því að leysa vandann eftir nærri þriggja ára þrotlaust starf og að formaður n. skuli velja þann kostinn að kljúfa n. og láta meiri hl. skila till., sem á engan hátt leysa vandann og á engan hátt eru í samræmi við verkefnið, sem n. var falið. Allra mestu furðu kann það þó að vekja, að hæstv. menntmrh. skuli beita sér fyrir því að fá þessar till. lögfestar hér á Alþ. gegn sterkum mótmælum frá minni hl. n. og það eftir að hafa beinlínis fallizt á það að láta þetta mál ekki koma til afgreiðslu á Alþ. fyrr en það hefði fengið betri undirbúning. Þykir mér í þessu sambandi rétt að lesa hér upp kafla úr grg., er minni hl. hefur látið fylgja athugasemdunum, sem hann hefur gert við þetta frv., en þó eru ekki birtar með því, eins og þó hefði verið eðlilegast, svo að Alþ. hefði ekki verið alveg ókunnugt um afstöðu hans til málsins og þau rök, sem hann færir fyrir henni. En í þessari grg. segir svo:

„Árið 1949 skipaði samgmrn. nefnd til þess að athuga og gera nauðsynlegar till. varðandi réttindi til vélgæzlu. Í n. voru skipaðir Páll Pálmason, M. E. Jessen, Þorsteinn Loftsson, Þorsteinn Árnason og Lúther Grímsson. Meiri hl. n. kom sér saman um það frv., sem hér liggur fyrir, gegn eindregnum mótmælum þeirra einu manna í n., sem nokkuð til hlitar þekkja til vélgæzlu hér á landi og varða þessi mál mest, og gegn einróma áliti kennara við vélskólann í Reykjavík og við meira próf Fiskifélags Íslands. Að lokum látum vér undrun vora í ljós yfir því, að frv. þetta skuli vera fram komið, þar sem minni hl. n., þeir Lúther Grímsson og Þorsteinn Árnason, ásamt Gunnari Bjarnasyni, kennara við vélskólann í Reykjavík, gengu á fund menntmrh., herra Björns Ólafssonar, og gerðu fulla grein fyrir minnihlutaafstöðu sinni. Lýsti ráðh. þá yfir því, að umrætt frv. mundi ekki koma fram án þeirra vitundar, en slík hefur þó raun á orðið."

Af því, sem ég þegar hef tekið fram, er sýnilegt, að meiri hl. n. hefur fullkomlega misskilið hlutverk sitt. Í stað þess að snúa sér að því höfuðverkefni, sem n. var ætlað, þ. e. að endurskoða l. um atvinnu við siglingar og gera till. um breytingar á þeim, leggur meiri hl. n. fram frv. til l. um fræðsluskipulag og bætir þar svo inn í, alveg af handahófi, að menn skuli njóta réttinda til gæzlu við ákveðna stærð véla eftir að hafa lokið námi því, sem þar um ræðir. Ekkert er hugsað um að samræma þetta við önnur ákvæði um réttindi þessara aðila, sem þó eru gildandi í öðrum l. og beinlínis rekast óþyrmilega á hin nýju ákvæði og að sjálfsögðu ætti því að fella niður, ef frv. það, sem hér um ræðir, verður samþ. óbreytt. Verði hins vegar þessi nýju ákvæði felld úr frv., er svo að segja ekkert annað eftir af því en það, sem fyrir er í eldri l. um fræðsluna sjálfa. En mörg af þeim atriðum eru þannig, að þau eru orðin úrelt og þurfa að breytast með breyttum fræðsluháttum á öðrum sviðum. Meiri hl. n. lætur sér ekki koma til hugar að hrófla við þeim þætti málsins.

Ég kemst ekki hjá því að lýsa undrun minni yfir því, að formaður n. skyldi ekki finna meira til þeirrar ábyrgðar, sem á honum hvíldi um lausn þessa vandamáls, en svo að kljúfa n. og leggja síðan til, að lögfest yrði ákvæði, sem honum var kunnugt um að ekkert samkomulag gat fengizt um við þá aðila, sem áttu að búa við þetta í framtíðinni. Slík vinnubrögð eru vægast sagt ekki til fyrirmyndar og kunna engu góðu að stýra í löggjöf landsins. Væri fróðlegt í þessu sambandi að fá upplýst, hvort hann sem formaður n. hafi nokkru sinni leitað til samtaka útvegsmanna um álit þeirra á því deiluatriði, sem allt starf n. snerist um og aldrei varð útkljáð, og ef svo er, hver svör þeirra samtaka hafi verið. — Ég get í sambandi við þetta leyft mér nú að upplýsa, að ég átti tal um þetta fyrir nokkrum mínútum við formann n., og fullyrti hann við mig, að það hefði aldrei verið leitað til samtaka útgerðarmanna í sambandi við þetta deilumál, og harma ég það mjög. Þá hefði heldur ekki verið úr vegi, að skipaskoðunarstjóri ríkisins hefði eitthvað lagt til þessara mála, en ekkert kemur fram um það í grg., að leitað hafi verið álits þessara aðila eða hvaða till. þeir hafa haft í málinu, ef til þeirra hefur verið leitað. Verða þessi vinnubrögð öll ekki skýrð á annan hátt en að formaður n. hafi ekki verið sér þess meðvitandi, hversu þýðingarmikið atriði það var fyrir málið að fá um það fullt samkomulag, áður en það var sent til Alþingis. Og satt að segja var nefndarskipunin gersamlega óþörf, ef ekki mátti vænta þess árangurs. Ég kemst ekki heldur hjá því að lýsa undrun minni yfir því, að hæstv. menntmrh. felur hv. menntmn. þessarar d. að flytja þetta frv., athuga það og gera á því nauðsynlegar breyt. Ég ber að vísu fullkomið traust til þeirra hv. þm., sem sæti eiga í hv. menntmn., en mér er hins vegar ókunnugt um, að neinn þeirra hafi sérþekkingu á útvegsmálum, en mál þetta snertir fyrst og fremst og langmest sjáv-

arútveginn og þá menn alla, sem við hann starfa, einkum þegar vitað er, að nýmælin í frv. snerta á engan hátt fræðsluna, heldur réttindi þeirra manna, sem fræðslunnar njóta, og það samkv. fyrirmælum l., sem þegar eru í gildi og engin breyt. er gerð á, þótt endurprentuð séu í öðrum lagabálki. Það er því alveg ljóst, að hv. menntmn. verður að leita sér mjög víðtækra upplýsinga og umsagnar um þetta frv., áður en hún getur skapað sér fullkomna skoðun á málinu og metið að síðustu, hvort ákvæði frv. kunni í framtíðinni að færa sjávarútveginum og þeim, sem við hann starfa, böl eða blessun.

Þegar umr. fóru hér fram á Alþingi um þessi mál árið 1949, voru af mér færð full rök fyrir þeirri hættu, sem fælist í því að auka réttindi vélstjóranna án þess að auka jafnframt kröfur til þeirra til undirbúnings starfinu. Ég benti þá á, hversu sú braut hefði verið hættuleg, sem farið hefði verið inn á áður í sambandi við þessi mál, og hversu reynslan hefði sýnt, að sá varð eini árangur af þeirri tilslökun, sem þá var gerð, að fjöldi þeirra skipa, sem lætur draga sig að landi fyrir vélarbilanir vegna ónógrar þekkingar þeirra manna, sem gæta þeirra, hefur vaxið stórlega. Hefur síðan komið í ljós, að þessi fjöldi fer enn vaxandi, svo að til stórvandræða horfir, ekki einasta í sambandi við afkomu útvegsins, heldur og í sambandi við það öryggi, sem Alþingi raunverulega vill ekki verða til þess að skerða, en óhjákvæmilega verður stórkostlega skert, ef frv. það, sem hér um ræðir, verður að l. óbreytt. Það ber því sannarlega að snúa við á þeirri braut, sem illu heilli var þá mörkuð, en halda ekki lengra inn á hana, eins og hér er lagt til með þessu frv.

Í fljótu bragði mætti ályktа, að frv. um þetta efni, sem samið er undir forustu lögfróðs manns og af tveimur mönnum, sem um langt skeið hafa haft á hendi kennslu í þessum fræðum, annar sem skólastjóri vélskólans, hinn sem mótorfræðingur og kennari við mótornámskeið Fiskifélagsins, væri engin fjarstæða, og er það vel skiljanlegt, að bæði hv. menntmn. og hæstv. ráðh. léti nokkuð afvegaleiðast, ef aðeins væri litið á þetta eitt út af fyrir sig. En þegar vitað er jafnframt um andmæli þeirra aðila, sem við l. eiga að búa, og enn fremur, að kennarar við fyrrnefndar stofnanir telja hér stefnt í ranga átt og mæla gegn því, að frv. verði óbreytt að l., ber að brjóta málið til mergjar og athuga gaumgæfilega þær ástæður, sem kunna að liggja til þess, að ekki hefur náðst samkomulag um málið, m. a. um það, hvort sameina skuli fræðsluna undir eina stofnun í framtíðinni eða halda henni tvískiptri, eins og nú er gert og lagt er til að verði áfram samkv. ákvæðum frv.

Það er öllum kunnugt, sem eitthvað þekkja til þessara mála, að mótorvélafræðsla sú, sem Fiskifélag Íslands hefur haft á hendi um langt skeið, var hafin á þeim tíma, þegar vélskólinn hafði enga möguleika vegna húsnæðis- og vélaskorts til þess að annast þá kennslu jafnframt þeirri kennslu, sem honum bar að annast samkv. l., eins og einnig er ljóst, að þessi fræðsla varð að fara fram víðar en í Reykjavík og einkum á þeim stöðum, þar sem mótorbátaflotinn hafði aðsetur sitt. Þessi fræðsla var því bundin við smærri vélar og smærri verkefni. Þegar mótorvélarnar stækkuðu og urðu margbrotnari, var að vísu gert allmikið að því að auka fræðsluna, en þó engan veginn í neinu hlutfalli við stærð og margbreytni vélanna, og frv. það, sem hér um ræðir, gengur alveg fram hjá því meginatriði. Án þess að treysta grundvöllinn undir aukinni fræðslu er byggt ofan á, svo að stoðirnar hrynja, þegar byggingin hefur náð fullri hæð. Eftir að húsa- og vélakostur vélskólans jókst, svo sem kunnugt er, og einkum eftir að mótorvélarnar stækkuðu og urðu margbrotnari og þá alveg sérstaklega eftir að vitað er, að það eru einmitt mótorvélarnar, en ekki eimvélarnar, sem verða framtíðarvélar hér á landi í hvaða fleytu sem er, og að skammt er að bíða þess, að Íslendingar eigi svo að segja enga eimvél í skipi, var ekkert sjálfsagðara og eðlilegra en að færa alla mótorvélafræðsluna í vélskólann, því að hvaða verkefnum ætti sá skóli að sinna í framtíðinni, ef ekki þeim að undirbúa vélstjóra til gæzlu mótorvéla, bæði í fiskiskipum, flutningaskipum, farþegaskipum og verksmiðjum, þegar vitað er, að verið er að útrýma innan mjög fárra ára eimvélunum og búið er að útrýma þeim að langmestu leyti úr verzlunarflotanum? Annaðhvort er þá að leggja vélskólann alveg niður eða breyta honum í mótorskóla og hafa þá tvo mótorvélskóla í sömu borginni. Sjá allir, sem mál þetta vilja athuga hlutlaust, hversu mikil fjarstæða það væri. Um þetta atriði segir minni hl. n. það, sem hér skal greina:

„Engin rök liggja fyrir því, að kennslan þurfi að vera tvískipt, þar sem vélskólinn í Reykjavík hefur nú yfir að ráða húsnæði og tækjum, sem uppfylla þau skilyrði, sem gerð eru til kennslu í vélfræði hér á landi; og er því hispurslaust mótmælt, að nú þegar þurfi að leggja fram 2 millj. kr., til þess að vélskólinn geti annazt þessa þjónustu."

Þetta er m. a. sagt af manni, sem ég hygg að hafi setið í byggingarnefnd sjómannaskólans.

Eins og þegar er sagt, á kennsla í vélfræði aðeins að fara fram í vélskólanum í Reykjavík, en engin þörf á, að henni sé skipt milli tveggja stofnana, því að skipting kennslunnar hlýtur að draga úr hagnýtum áhrifum hennar og kennslukraftar nýtast betur í einni stofnun en tveimur. Kostnaður við eina kennslustofnun hlýtur einnig að vera minni en við tvær. En gert er ráð fyrir, að kostnaður við báðar stofnanirnar sé greiddur úr ríkissjóði. Af þessu verður ekki annað ráðið en að till. þær, sem fram eru settar um framtíðarskipun þessara mála, sbr. það frv., sem hér er til umr., hafi skapazt út frá persónulegum sjónarmiðum.

Skólastjóri vélskólans er innan fárra ára að láta af löngu og merku starfi, sem eðlilega hefur meira verið háð eimvélatækninni en mótorvélatækninni, þótt hann hafi hins vegar ávallt fylgzt með öllum breyt. á þessum sviðum. Það er vel skiljanlegt, að hann óski ekkert sérstaklega eftir því að beita sér fyrir þeirri breyt., sem er að mínu áliti og margra annarra manna alveg brýn nauðsyn á að gerð verði sem fyrst. Námskeiðskennari Fiskifélagsins í vélfræði hefur

haft þetta starf á hendi í áratugi. Hann telur sig að sjálfsögðu hafa vaxið með starfinu og kann því illa að verða á gamals aldri settur undir stjórn sér yngri kennara. Og það er ekki nema mannlegt, að hann vilji halda í þann sess, sem hann hefur þannig skapað sér. Hitt er svo allt annað atriði, að út frá slíkum forsendum er afar hættulegt að skipa þessum málum, þótt þriðji maður í meiri hluta n., sem vel kann að hafa slíkt sjónarmið, að margra ára embættisferill eigi sér meiri rétt en umbætur nýja tímans, gæti einnig fallizt á þessa skipun málanna. Það er einmitt nú alveg sérstakt tækifæri að koma á þeim umbótum í þessum málum, sem nauðsynlegar eru, en með allt öðrum hætti en ráð er gert fyrir í þessu frv. Það er hvorki nokkur ástæða né nokkur vilji fyrir hendi hjá neinum þeim, sem mál þetta snertir, að blaka hið minnsta við þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli, eða vanmeta á nokkurn hátt þeirra ágætu störf. Hitt verður að stöðva, að þeir fyrir einhvern reginmisskilning komi því fram, sem valda mundi miklu tjóni fyrir þjóðfélagið í heild.

Ég sagði hér áðan, að með frv. þessu, ef að l. yrði, væri verið að byggja ofan á veikar undirstöður. Um þetta atriði segir minni hluti n. í athugasemdum sínum: „Við inntökuskilyrði til I. stigs væri ekkert að athuga, ef því væri ekki ætlað að vera grundvöllur undir síðari námstigum. I. stigs nám getur engan veginn verið fullnægjandi undirbúningur undir II. stigs nám og ekki verið undirstaða til framhaldsnáms, nema að undangenginni ákveðinni verklegri reynslu svo og verklegri æfingu við smíðar."

Ég hygg, að þetta sé nægilegt til þess að sýna, að ég hafi farið hér með rétt mál.

Þá hélt ég því fram hér í upphafi máls míns, að nauðsynlegt hefði verið að fá fyrst lögteknar fyrirhugaðar breyt. á l. um atvinnu við siglingar, eins og til var ætlazt, því að með hliðsjón af þeim ákvæðum yrði síðar að ákveða fræðsluna. Þetta hefur raunar minni hluti n. einnig fundið, því að í lok 5. gr. frv. setur hann beinlínis fram, hvaða réttindi skuli fylgja því námi, sem ljúka skal á II. stigi. Það er ekki einasta, að þessi grein eigi hér ekki heima, heldur er hér um svo mikla fjarstæðu að ræða, að maður fær ekki skilið, að menn í ábyrgðarstöðu skuli hafa kjark í sér til að bera slíkt fram. Nægir að vísa til þess, að margfalt meiri vandi er að hafa á hendi gæzlu 900 hestafla dieselvélar en ef um eimvél af sömu stærð væri að ræða. Og þó eru í gildandi l. gerðar margfalt meiri kröfur til að gæta þeirrar síðari og ekki ætlazt til, að þeim ákvæðum verði breytt. Um þetta atriði segir minni hlutinn í sinni greinargerð:

„Um kröfur til náms í 5. gr. verður ekkert sagt að svo stöddu, að undanteknum 5. lið 2. málsgr. Vér mótmælum, að þær námskröfur, sem þar eru gerðar, veiti nægilega þekkingu til gæzlu á 900 ha. mótorvél, hvort heldur er í fiskiskipi eða öðru skipi. Í þessu sambandi er rétt að benda á, að ríkisvaldið hefur krafizt þess allt frá 1915, að miklu meiri kröfur séu gerðar til vélgæzlu á þeim skipum, sem hér um ræðir. Mótornámskeið Fiskifélags Íslands var upphaflega aðeins stofnað til þess að veita vélgæzlumönnum á fiskiskipum nægilega þekkingu, en aldrei til þess ætlazt, að það sæi fyrir vélgæzlumönnum á verzlunarflota Íslands, eins og ótvírætt er stefnt að með frv. þessu, enda ákveðið í l., að Fiskifélag Íslands skuli hafa þessa þjónustu, þar til vélskólinn er þess umkominn að taka hana að sér."

Meiri hluti n. gerir einnig till. um það í þessu frv., hvaða réttindi eigi að fylgja III. stigs námi, en aftur á móti er enginn stafur um það, hvaða réttindi skuli fylgja lokanáminu, eða IV. stigi. Munu þar eiga að gilda ákvæði annarra l., án þess þó að þau séu í nokkru samræmi við þessi ákvæði. Um þetta segir minni hluti nefndarinnar:

„Að voru áliti er námsskipting mjög ófullkomin og vélstjóraréttindi engan veginn í samræmi við það, sem áður greinir um þá, sem notið hafa kennslu samkv. I. kafla 5. gr."

Eins og ég hef þegar bent á hér að framan, er ruglað saman í frv. ákvæðum, sem eiga heima í allt öðrum l. og stangast verulega á við þau ákvæði, sem þar eru fyrir og ætlazt er þó til að ekki verði úr gildi numin. Hins vegar er engin tilraun gerð til þess að samræma sjálfa fræðsluna við þá þróun, sem átt hefur sér stað í fræðslulöggjöfinni almennt. Það sýnist vera ákaflega hjákátlegt, úr því að verið er að gera tilraun til þess að endurskoða l., að ekkert er hróflað við þeim ákvæðum, sem algerlega eru orðin úrelt fyrir breytta fræðslulöggjöf. Það sýnist vera allhæpið, að rétt sé að eyða nokkrum tíma eða miklum tíma í kennslu í þeim greinum, sem aðili á samkv. öðrum l. að hafa notið áður en hann er 16 ára að aldri, einkum þegar vitað er, að það aldurstakmark er sett sem skilyrði fyrir inntökunni. Að öðru leyti skal ég ekki fara frekar inn á einstök atriði frv.

Langsamlega bezta lausnin á þessu máli væri sú, að hæstv. ráðh. hlutaðist til um að stöðva þetta frv. nú og skipaði síðan n. til áframhaldandi undirbúnings á málinu. Væri nægilegt, að 3 menn væru valdir til þessara starfa, og ættu útvegsmenn að eiga þar einn fulltrúa, sem væri formaður hennar; hinir tveir ættu að vera frá vélstjórafélaginu og félagi mótorvélstjóra, sinn frá hvorum samtökum. Ég sé enga ástæðu til þess, að fræðslustofnanirnar hefðu þar fulltrúa. Þeirra fulltrúar hafa þegar sagt sitt síðasta orð, sem fyrir liggur hér í frumvarpsformi; annars ætti n. einnig ávallt að eiga aðgang að þeim til skrafs og ráðagerða. Skyldi það bregðast mót von minni, að hæstv. ráðh. hafi þennan hátt á, sem hér er bent á, vil ég mælast til þess við hv. menntmn. þessarar deildar, að hún sendi frv. til umsagnar til eftirfarandi aðila: Vélstjórafélags Íslands, Mótorvélstjórafélags Íslands, skipaskoðunarstjóra, samtaka útgerðarmanna og sameiginlegs fundar kennara og nemenda við Vélstjóraskóla Íslands og mótornámskeið Fiskifélagsins, enn fremur til Eimskipafélags Íslands, sem nú á glæsilegan mótorskipaflota og mætti því ekki vera alveg sama um, hve traust sú undirbygging er, sem ætlað er að standa undir fræðslu þeirra vélstjóra, sem þar vinna í framtíðinni. Hefur félagið í þjónustu sinni ungan og mjög vel lærðan vélaverkfræð-

ing, og væri ekki einskis virði að fá umsögn hans um þetta mál.

Ég vænti þess, að þegar fyrir liggja umsagnir frá öllum þessum aðilum, þá hafi hv. menntmn. aflað sér nægilegs forða til þess að leggja til, að málið verði afgr. með rökstuddri dagskrá í þessari hv. d. í trausti þess, að ríkisstj. láti undirbúa það betur fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis. Ég mun ekki, nema tilefni gefist til, ræða málið nánar í einstökum atriðum, en ég vil leggja til, því að ég hef ekki heyrt þá till., að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað aftur til hv. menntmn., sem þá athugar málið og væntanlega fellst á að leita þeirra umsagna, sem ég hef þegar minnzt á, ef ekki tekst samkomulag við hæstv. ráðh. um þá meðferð þessa máls, sem ég hef þegar bent á.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég viðurkenni fúslega, að ég hef ekki mikla þekkingu á þessum málum, sem hér er um að ræða. Hv. þm. Barð. er sérmenntaður í þessum efnum og því að mörgu leyti betur til þess fallinn og færari en ég að rökræða þetta mál. Þó kemur í ljós, að jafnslyngur ræðumaður og hann er hefur talið nauðsynlegt vegna þess, hversu sérfræðilegt þetta mál er, að búa sig sérstaklega undir þessar umr., og vil ég sízt átelja það. Ég hef ekki hugsað mér að taka mikinn þátt í þessum umr., enda hef ég ekki tekið afstöðu til málsins í heild, vegna þess að mér er ljóst, að það er verk sérfræðinganna að útkljá málið og koma sér saman um lausn þess.

Vel kann að vera, að rétt hefði verið að láta birtast með frv. álit minni hluta n., og má þá segja, að það hafi verið athugunarleysi af minni hálfu að gera það ekki, ef það hefur legið fyrir, þó að það sé nú ekki venja, ef frv. er ekki borið fram af n. í heild og ágreiningur gerður af minni hlutanum. En hv. þm. virtist vera að ásaka mig um það, að ég hefði borið fram eða látið bera fram álit meiri hlutans. Ég vænti, að honum finnist ekki, að það hefði verið meiri háttsemi af minni hálfu að láta bera fram álit frá minni hluta n. og leggja það fyrir þingið. Í þessu máli er um tvö sjónarmið að ræða, sem mér skilst, að megindeilan standi um. Það kann vel að vera, að ég hafi sagt við minni hluta n., að ég mundi tala við hann, áður en ég legði frv. fyrir, en ég minnist þess ekki, að ég hafi lofað að leggja ekki frv. fram nema fá samþykki minni hl. fyrir því.

Ég get ekki orðið við þeim tilmælum hv. þm. að stöðva frv. vegna þess, að það sé ekki nægilega undirbúið. Nefndin, sem í þetta var skipuð, var talin vera mjög hæf til þess að fjalla um það. En það sýnir sig, að n. klofnar í tvennt um þetta deilumál, sem við höfum nú rætt um. Og eftir þeim kynnum, sem ég hef af málinu og afstöðu þessara tveggja aðila, þá er ekki nokkur leið að fá samkomulag hjá þeim um málið. Þeir standa hvor á sínu máli og vilja ekkert þar um þoka. Það kann að vera skiljanlegt, að það sé erfitt að fá þessa aðila til að komast að einhverju samkomulagi, vegna þess að samkomulagið brestur á því, hvort það á að vera einn skóli eða tveir skólar. Þeir, sem vilja láta kennsluna vera í einum skóla, vilja ekki samþykkja það sjónarmið, að hún sé í tvennu lagi eins og nú. Þeir, sem eru með því, að kennslan sé í tvennu lagi eins og nú, eru á móti því, að hún sé öll sett undir vélskólann. Þannig stendur málið, og ég álít, að því sé engu betur borgið, þó að því sé vísað aftur annaðhvort til þessarar n. eða einhverrar annarrar n. í því skyni, að samkomulag náist. Ég hef ekki nokkra trú á, að samkomulag náist milli þessara aðila. Ég álít, að Alþingi verði að taka afstöðu til málsins og skera úr því. Að sjálfsögðu mun sú hv. n., sem um málið fjallar í þinginu, kynna sér alla málavöxtu svo sem framast er kostur og vera í sambandi við þá aðila, sem við málið koma. Á annan hátt verður þetta mál ekki leyst að mínum dómi. Ég hygg, að út af fyrir sig sé ekki hægt að deila um það, að málið er mál menntmn., en ekki sjútvn., þó að þetta snerti sjávarútveginn. Hins vegar efast ég ekki um, að hv. menntmn. setji sig í samband við alla aðila, sem hún þarf að fá upplýsingar hjá.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir nú allmiklu miður, að hæstv. ráðh. hefur ekki séð sér fært að láta athuga þetta mál betur, en ég skal hins vegar ekki eyða mínum tíma né tíma hv. deildar til þess að ræða um það nánar. En ég vildi mega leiðrétta hér eitt atriði, sem er ákaflega veigamikið atriði í þessu máli og lítur út fyrir að hæstv. ráðh. hafi ekki komið auga á. — Megindeilumálið er ekki um það raunverulega, hvort kennsla skuli fara fram í einni eða tveimur stofnunum, þar sem ríkið sjálft kostar báðar stofnanirnar. Tíminn mun leiða það í ljós, — og það veldur ekki neinu böli, þó að það dragist, — en tíminn mun leiða það í ljós, að þetta verður fært undir eina stofnun síðar meir, svo að það er engin ástæða til þess að vera að halda uppi sterkri andstöðu við málið af þeim ástæðum einum. Hitt er meginatriðið, — og það vildi ég biðja hæstv. ráðh. að athuga, — að með frv., eins og það er nú sett fram, eru hækkuð stórkostlega réttindi fjölda manna í landinu án þess að bæta við þá námi. Þetta er meginatriðið í málinu. Og þetta geta ekki þeir menn fallizt á, sem vita af margra ára reynslu, að það er undirstaðan undir vélgæzlunni, að byrjunarnámið sé sæmilegt. Það er ætlazt til þess hér, að nám, sem tekið er hjá Fiskifélaginu í þeirra lægstu deildum, sé sambærilegt og komi í staðinn fyrir annað nám, sem innt er nú af hendi annars staðar og aðrir menn verða að inna af hendi, ef þeir ætla að fara beint í vélstjóraskólann. Þetta er kjarni málsins. Nú hafa þessir menn leyfi til þess að vera vélstjórar á skipum með allt að 600 hestöflum. Þetta er sett upp í 900 hestöfl. Og þeir geta komizt upp í þessi réttindi án þess nokkurn tíma að hafa innt af hendi nauðsynlegt nám. Þetta er kjarni málsins. Og það er einmitt þetta atriði, sem ekki á heima í þessum lögum. Þetta á heima í l. um atvinnu við siglingar, en því er lætt hér inn til þess að verða gildandi ákvæði. Og þegar búið er að nema þetta í burtu úr frv., þá er raunverulega sáralítið eftir annað af frv. heldur en það, sem fyrir er í l. nú.

Ég vil biðja hæstv. ráðh. að athuga þetta mál, eins og ég einnig vil biðja hv. n. um að taka þetta mál betur til athugunar. Ég geri engan ágreining um það, eins og ég tók raunar fram fyrr, hvort málið er flutt af hv. menntmn. eða einhverri annarri n. Ég vil hins vegar benda á, að öll ákvæði í sambandi við fræðslu húsmæðraskóla eru látin fara í landbn., vegna þess að það er viðurkennt, að þetta sé mál landbúnaðarins, og þó eru það fjöldamargir aðilar, sem nema á húsmæðraskólum, sem búa í kaupstöðum og koma aldrei í sveit í landinu. (Gripið fram í.) Já, það eru sveitaskólarnir. En þetta er ekkert kappsmál fyrir mig. Ég þekki allt of vel þá ágætu hv. þm., sem eru í n., til þess að bera nokkurt vantraust til þeirra, að þeir fari vel og samvizkusamlega með málin, og sé ekki ástæðu til að tefja umr. um það. En ég vil enn leggja áherzlu á það, að numin séu burt úr frv., ef það á að ná fram að ganga, þau ákvæði, sem ekki heyra til þessu máli og hljóta að valda voðatjóni í þessu landi, ef samþykkt verða.

Það var líka á misskilningi byggt hjá hæstv. ráðh., og ég vil sannarlega biðja afsökunar á því, ef hann hefur getað skilið orð mín þannig, að ég væri að ásaka hann fyrir að láta birta meirihlutaálit n. Það er síður en svo, að mér hafi nokkru sinni dottið í hug að halda því fram. Hitt var eðlilegt, að minnihlutaálit hefði verið birt, til þess að Alþingi gæti séð þau rök, sem minni hlutinn færði fram. En að ég hafi álasað eða ásakað ráðh. fyrir að birta nál. meiri hl. n., er byggt á hreinum misskilningi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Í greinargerð frv. er það tekið fram, að nm. hafi óbundnar hendur um málið. Samkv. því, sem hér hefur áður verið gert, mun vera rétt að vísa málinu beinlínis til n., þó að það sé flutt af n., enda er fram komin till. um það.

Frv. vísað til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

60. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. RÞ).

Á 26. fundi í Ed., 14. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt [148. mál] (þmfrv., A. 233).

Á 27. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt. Er það á þskj. 233. Efni frv. er það, eins og í grg. segir, að heimila giftri konu, er aflar heimili sínu skattskyldra tekna, að draga frá skattskyldum tekjum heimilisins upphæð, sem svarar til kostnaðar við að hafa ráðskonu eða aðra hjálp til að annast heimilisstörfin. Upphæð þessa á að miða við það, hvað það kostar í kaupgjaldi, fæði og húsnæði að hafa ráðskonu á heimilinu, og er ætlazt til, að reiknað sé með árskostnaði, ef konan vinnur fullt ársstarf. En ef konan vinnur ekki fullt ársstarf, þá er ætlazt til, að frádráttur þessi sé í hlutfalli við þann tíma, sem það tekur konuna að afla þeirra tekna, sem heimilinu eru reiknaðar.

Það skal strax tekið fram til skýringar, að frádráttur sá, sem ætlazt er til að veittur sé samkv. frv. þessu, er ekki við það miðaður, að um sannanleg útgjöld sé að ræða, heldur er ætlazt til, að hann sé veittur án þess, að nokkur sönnun liggi fyrir um það, hvaða kostnaður hefur verið greiddur eða hvort nokkur beinn kostnaður hefur verið greiddur vegna tekjuöflunar konunnar. Þetta mundi vera í samræmi við það, sem nú á sér stað með frádrátt vegna barna. Sá frádráttur er veittur án þess, að fyrir liggi nokkur vitneskja um það, á hvern hátt börnin eru framfærð, aðeins er vitað, að þau þurfa á framfærslu að halda. Þetta er líka í samræmi við það, sem ætíð hefur átt sér stað, að heimilinu sé leyft að hafa skattfrjálsa vinnu einnar konu. Að vísu hefur á bak við þau fríðindi legið sú hugsun, að vinna konunnar á heimilinu sé verðlítil. En nú er sá skilningur að verða æ útbreiddari, að vinna konunnar á heimilinu sé verðmæt og að hún eigi að metast eftir því.

Þetta frv. styðst við þá skoðun, að þótt vinna konunnar á heimilinu skapi ekki raunverulegar tekjur, þá skapi hún verðmæti, sem eigi að meta. Og þegar litið er á það, hve vægilega hefur verið farið með heimilin við álögur skatta, þá sést, að núverandi fyrirkomulag, sem tekur af heimilunum þann rétt að hafa vinnu einnar konu skattfrjálsa, brýtur í bága við það, sem ætíð hefur verið talið sjálfsagt í þessu efni. Þetta vil ég biðja þá hv. n., sem fær frv. til meðferðar, að íhuga vandlega, því að þetta er sjónarmið, sem ekki hefur verið nægilega túlkað, en er ef til vill grundvallaratriði. Það er grundvallaratriði, þegar athuguð eru skattamál heimilanna. M. ö. o., löggjafinn hefur talið rétt að veita heimilunum sérstaka vernd að því er skattalögin snertir með því að leggja ekki skatta á þau verðmæti, sem vinna einnar konu skapar heimilinu. En við breyttar aðstæður hefur verið horfið frá þessu upprunalega og eðlilega sjónarmiði, þannig að heimilin verða að greiða skatt af vinnu konu, ef hluti af henni aflar heimilinu beinna tekna, og það þótt þær tekjur fari til þess að greiða fyrir önnur verðmæti, sem vinna konunnar á heimilinu hefði skapað, ef orka hennar hefði ekki farið til tekjuöflunarinnar. Ég

vek athygli á því, að þessi frádráttur á aðeins að miðast hlutfallslega við það, hvað það kostar að láta vinna heimilisstörfin. Þetta frv. ætti ekki, ef það yrði að l., að verða erfitt í framkvæmd, þar sem skýrslur vinnuveitendanna segja til um þann vikna- og mánaðafjölda, sem konan vinnur að beinni tekjuöflun, og þá jafnframt ef um ársstarf er að ræða.

Eins og kunnugt er, situr nú að störfum mþn. í skattamálum, sem vinnur að endurskoðun skattalaganna. Mér er ekki fullkunnugt um það, hvort nú á þessu þingi megi vænta tillagna n., en hitt mun mega fullyrða, að ekki verði á þessu þingi gengið frá nýjum skattalögum. Með frv. þessu er farið fram á lítils háttar lagfæringu á skattgreiðslum heimilanna, sem ekki mundi hafa veruleg áhrif á heildarupphæð skatttekna ríkisins. Leyfi ég mér því að vænta þess, að frv. þetta nái fram að ganga á þessu þingi, bæði vegna þess, að hér er aðeins um smávægilega leiðréttingu að ræða, og svo vegna hins, að ef frv. yrði samþ., þá fengist á því reynsla, hvernig framkvæmd samkvæmt því gæfist, og væri hægt að byggja á þeirri reynslu, er hv. Alþ. tekur skattamálin til endanlegrar meðferðar. — Ég leyfi mér svo að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

61. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. StgrA).

Á 27. fundi í Ed., 17. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt [149. mál] (þmfrv., A. 234).

Á 28. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hérna liggur fyrir, felur ekki í sér aðra breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt en þá, að barnsmeðlög til einstæðra mæðra og hvers konar bætur samkv. lögunum um almannatryggingar skuli ekki teljast sem tekjur við framtal til tekju- og eignarskatts.

Ég held, að menn hljóti að geta orðið sammála um það, að þessar bætur, sem hér er um að ræða, séu þess eðlis, að ekki sé ástæða til þess, að ríkið sé að taka af viðkomandi fólki nokkurn hluta þessara bóta. En eins og nú standa sakir, þá er það þó svo vegna þess, hversu persónufrádrátturinn samkvæmt skattalögunum er lágur, að þessar bætur allar verða að nokkru leyti skattskyldar, og á ýmsum stöðum er það að minnsta kosti svo, að í framkvæmdinni er lagður á þær tekjuskattur. Eftir því sem ég hef komizt næst, þá mun það vera svo, að bæði elli- og örorkulífeyrir samkv. almannatryggingalögunum mun vera um 2500 kr. hærri, hvort heldur er fyrir einstakling eða fyrir hjón, ef þau fá þennan lífeyri sameiginlega, heldur en persónufrádráttur viðkomandi aðila samkv. skattalögunum, og þessi hluti bótanna mundi þess vegna verða skattskyldur eins og lögunum er nú háttað. Um barnsmeðlög og barnalífeyri munu vera samkv. þeim frádrætti, sem notaður hefur verið s. l. ár hér í Reykjavík, um 800 kr. af barnalífeyri með hverju einstöku barni, sem skattskyldar yrðu. Það má náttúrlega segja, að slík upphæð mundi ekki verða skattlögð ein út af fyrir sig, en þar sem svo hagaði til, að um mörg börn væri að ræða, þá gæti vel komið til þess, að þetta leiddi til þess, að á barnalífeyrinn yrði lagður tekjuskattur. Fyrir ríkissjóð mun þetta ekki vera neitt stórt fjárhagslegt atriði, því að sá skattur, sem hann með þessum hætti hefur fengið og mundi fá, er náttúrlega ekki stór upphæð á mælikvarða fjárlaganna til dæmis og mundi ekki koma til með að muna miklu fyrir ríkissjóðinn, þó að það hins vegar muni dálitlu fyrir þá, sem hér eiga hlut að máli, vegna þess að þeir eru yfirleitt þannig efnum búnir, að þá munar um svo að segja hverja einustu krónu, auk þess sem þetta er tilfinningamál fyrir þá og að hinu leyti líka það réttlætismál, sem í raun og veru ætti fyrir löngu að vera búið að leiðrétta og að minnsta kosti ætti að minni hyggju ekki að draga lengur að leiðrétting yrði gerð á.

Ég álít, að það sé ekki þörf á því, að ég sé að skýra þetta frekar en ég þegar hef gert, — þetta liggur svo ljóst fyrir, — og ég vil vænta þess, að hv. þdm. séu mér sammála um það, að þetta sé það mikið réttlætismál, að ástæða sé til þess að samþykkja þetta frv., sem hér liggur fyrir. Og þó að því hafi nú verið borið við oft undanfarið, þegar fluttar hafa verið brtt. við lögin um tekju- og eignarskatt, að ekki væri ástæða til þess að afgreiða þær, vegna þess að þessi lög væru í endurskoðun, þá held ég nú samt sem áður, að vegna þess, hversu mikill dráttur virðist nú ætla að verða á þeirri endurskoðun, — það bólar ekki á, að árangur hennar ætli að koma fyrir þetta þing, sem nú situr, — þá sé ekki ástæða til þess að bíða með slíkar sjálfsagðar lagfæringar og breytingar eins og hér er um að ræða eftir þeirri almennu endurskoðun, heldur sé rétt að afgreiða það þegar í stað.

Ég vil þá leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

62. Skógrækt.

Á 27. fundi í Ed., 17. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um skógrækt [150. mál] (þmfrv., A. 237).

Á 28. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Eins og frv. ber með sér, þá er það flutt hér inn í d. eftir beiðni hæstv. ráðh., sem sendi landbn. frv. til flutnings. N. hefur ekki lesið það yfir og ekki enn tekið neina afstöðu til frv., hvorki í heild né einstakra atriða þess.
Frv. þetta er samið af skógræktarstjóra, og fylgir því grg., sem hann hefur samið líka og sent landbrh., og það kemur hér inn í d. algerlega í þeim búningi, sem það kom í frá stjórnarráðinu, og frá því í þeim búningi, sem það fékk það frá skógræktarstjóra, svo að á þessu stigi er ekki annað að gera við málið, væntanlega, heldur en vísa því áfram til 2. umr. og n., sem mun fara í gegnum það og athuga það og gera sínar till. um það í nál., sem þá kemur á sínum tíma.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég þarf ekki miklu við þetta að bæta. Þetta frv. er flutt eftir að gerðar hafa verið um það á fundum Skógræktarfélagsins margar samþykktir að koma þessu málefni fram, sem hér um ræðir. Er það um nokkru ríkari rétt skógareiganda til þess að lóga sauðfé, sem sækir í skóga, heldur en verið hefur í l. Það er vitanlega mikil ástæða til þess að athuga þetta mál í n., vegna þess að þetta er viðkvæmt mál. Málið hefur að vísu verið borið undir búnaðarþing, sem hefur gert ákveðnar till. í málinu. En því er ekki að leyna, að í þessu frv. er gengið nokkru lengra um rétt skógareiganda heldur en búnaðarþingið hefur fallizt á í sínum till., og er ástæða fyrir landbn., sem fær þetta mál til meðferðar, til að bera þetta ýtarlega saman. — Ég ætla svo ekki að orðlengja frekar um þetta. Það er eitt aðalatriðið, að n. athugi þetta mál mjög gaumgæfilega, því að þetta er að verða eitt af viðkvæmari málum hér í þessu landi, — réttur skógareiganda annars vegar og réttur þeirra, sem lifa af sauðfjárrækt, hins vegar. Og skal ég svo ekki á þessu stigi fjölyrða meira um þetta mál.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

63. Olíu- og benzínsala ríkisins.

Á 31. fundi í Ed., 25. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um innflutning og sölu ríkisins á olíu og benzíni [165. mál] (þmfrv., A. 287).

Á 33. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 287 frv. til laga um innflutning og sölu ríkisins á olíu og benzíni. Efni þessa frv. er í stuttu máli þetta: Í fyrsta lagi það, að ríkisstj. skuli gerast í allstórum stíl beinn þátttakandi í innflutningi á olíu og benzíni. Í öðru lagi, að það magn, sem ríkisstj. flytur inn af þessum vörum, skuli hún selja aðeins í heildsölu og á sama verði alls staðar þar á landinu, sem olíuflutningaskip getur landað í olíu- og benzíngeyma. Í þriðja lagi, að þetta verð, sem ríkisstj. selur þessar vörur fyrir, skuli vera kostnaðarverð olíunnar og benzínsins í aðalbirgðastöð ríkisstjórnarinnar, að viðbættum áætluðum meðalflutningskostnaði með olíuflutningaskipi ríkisins á hafnir úti um land. Í fjórða lagi, að ef félagasamtök, sem nánar eru tilgreind í frv., félagasamtök olíu- og benzínnotenda, sem óska að njóta slíkra viðskipta við ríkisstjórnina, geta ekki með öðrum hætti fengið afnot af olíugeymum, sem þó eru tiltækir á viðkomandi stað, þá er ríkisstj. veitt heimild til að taka slíkar eignir leigunámi eða eignarnámi og fá viðkomandi samtökum olíu- eða benzínnotenda eignirnar til afnota. Í fimmta lagi, til þess að fyrirbyggja, að nokkur sá aðili, sem kaupir þessar vörur í heildsölu af ríkisstj., væntanlega á miklu lægra verði en olíufélögin nú selja þær á, geti notað þessa aðstöðu til þess að afla sér milliliðagróða, þá er ríkisstj. gefin heimild til að ákveða hámarksálagningu í smásölunni, ef hún telur ástæðu til þess. Og svo í sjötta og síðasta lagi er ætlazt til þess, að olíukaupin, sem gert er ráð fyrir samkvæmt þessu frv., verði svo sem frekast er kostur á tengd sölu á aðalútflutningsvörum landsins, og er framkvæmdin þess vegna látin heyra undir sama ráðuneyti.
Tilgangur minn með því að flytja þetta frv., sem hér liggur fyrir og ég hef nú lýst að efni til, er fyrst og fremst sá, að með þessum aðgerðum gæti ríkisvaldið komið fram mjög lækk-

uðu verði á olíu og benzíni í landinu. Eins og hv. alþm. er kunnugt og að nokkru er vikið að í grg. fyrir frv., þá er olíu- og benzíninnflutningurinn til landsins orðinn einn allra stærsti, ef ekki alstærsti liðurinn í innflutningi erlendra vara til landsins. Á þessu yfirstandandi ári hefur þessi innflutningur samkvæmt upplýsingum í Hagtíðindum numið nálægt því 100 millj. kr., en af því sést, að heildarinnflutningurinn á þessu ári mun vafalaust verða talsvert mikið á annað hundrað millj. króna. Nú er þetta aðeins innflutningsverð vörunnar, en það þýðir aftur, að útsöluverðið, þegar kominn er á kostnaður við dreifinguna og sú álagning, sem seljendur olíunnar hér yfirleitt viðhafa, mun sjálfsagt verða nokkuð á þriðja hundrað millj. króna það ár, sem nú er að líða. Það er þess vegna auðséð, að það skiptir mjög miklu máli fyrir þær atvinnugreinar og þá einstaklinga, sem þessar vörur þurfa að kaupa og nota í stærri eða smærri stíl, að hægt sé að fá þessar vörur með réttu verði. Hins vegar mun það einnig kunnugt, að þeir aðilar, sem nú hafa með höndum sölu á þessum vörum, þ. e. a. s. olíufélögin, munu fyrst og fremst stunda þann rekstur með það fyrir augum að hafa af því sem mestan hagnað, enda kunnugra en frá þurfi að segja, að olíusala í heiminum yfirleitt er eitthvert mesta gróðafyrirtæki, sem sögur fara af, enda myndaðir um þá verzlun alþjóðlegir einokunarhringar, sem áreiðanlega hafa rakað saman of fjár fyrr og síðar, eins og vera mun á vitorði flestra manna, og það er svo, að þau olíufélög, sem hér starfa, eru einnig angar af þessum alþjóðlegu einokunarhringum og munu líka haga viðskiptum sínum eftir svipuðum leiðum og olíuhringarnir yfirleitt gera og hafa enda hér eins og annars staðar áreiðanlega grætt mjög mikið á þessari verzlun og safnað á þann hátt allmiklum auði.

Það væri nú kannske í raun og veru óþarfi að nefna nokkur dæmi til sönnunar þessum tilhneigingum olíufélaganna og olíuhringanna. Þó má aðeins minna á það, að ekki er lengra síðan en á s. l. sumri, að lesa mátti í blöðum, bæði hér og erlendis, þungar ákærur á hendur allmörgum olíufélögum og olíuhringum fyrir það, að þau hefðu misnotað aðstöðu, sem þau höfðu fengið m. a. í sambandi við það, sem kallað er alþjóðleg samhjálp, þ. e. a. s. í sambandi við þau hernaðarbandalög, sem mynduð hafa verið fyrst og fremst fyrir atbeina Bandaríkja Ameríku, og þær fjárveitingar og svo kallaða fjárhagslega aðstoð, sem veitt hefur verið í sambandi við það, — að þessi olíufélög og olíuhringar hafi misnotað sér aðstöðu, sem þau höfðu fengið í sambandi við þetta mál, til þess að halda uppi miklu hærra olíuverði heldur en ástæða var til, og safnað sér þannig aukagróða í sambandi við þessa starfsemi.

Við þurfum ekki heldur að fara út í lönd til þess að finna dæmi um fjáröflunaraðferðir olíufélaganna. Við höfum dæmin líka hér heima, og er þar skemmst að minnast þess, hvernig eitt olíufélaganna hér notaði sér t. d. gengislækkunina, þegar hún var framkvæmd hér árið 1950, til þess að hafa af því mjög verulegan aukagróða fram yfir það, sem félögin annars afla sér beinlínis með álagningunni á olíuna, þ. e. þeirri venjulegu álagningu. Einnig má minna á það, að á þessu líðandi ári komust olíufélögin hér upp með það að hækka olíuverðið um 10%, án þess að nokkur hækkun hefði orðið á olíuverði erlendis, þannig að með þessu tóku þau nýjan viðbótargróða af starfsemi sinni, og ef reiknað er með því, sem ég nefndi áðan, að olíusala olíufélaganna hér verði samanlögð á þriðja hundrað millj. króna yfir árið á útsöluverði, þá gera þessi 10%, — þótt ekki væri reiknað með nema 200 milljónum, — hvorki meira né minna en 20 millj. kr., sem olíufélögin með þessari einu og að því er verður að álíta ónauðsynlegu hækkun á verði olíunnar taka af olíunotendum hér á þessu eina ári umfram það, sem annars hefði verið með óbreyttu olíuverði, sem þó hefði áreiðanlega líka gefið þeim allverulegan gróða. Ég held þess vegna, að það sé hægt að slá því föstu, að verðlag á þessum vörum, eins og nú er háttað, sé yfirleitt óhæfilega hátt og miklu hærra en þyrfti að vera, ef þessi verzlun, þ. e. a. s. innkaup á olíunni til landsins og verzlunin með hana hér, væri rekin með heilbrigðum hætti, og álít ég þess vegna fulla ástæðu til þess, að löggjafarvaldið grípi hér í taumana, og þetta frv., sem ég hér flyt, er einmitt ætlað til þess að stemma stigu fyrir þessu óhæfilega verði á þeim vörum, sem hér er um að ræða.

Það þarf náttúrlega ekki að lýsa því, að þessi okurgróði, sem ég hér hef verið að ræða um, þrautpínir þá aðila, sem hér eiga hlut að máli og vöruna verða að kaupa, hvort sem það er til atvinnurekstrar eða annarra nota. Þar má í fyrsta lagi nefna okkar aðþrengda sjávarútveg, þar sem að mjög verulegu leyti er notuð olía til að knýja fiskiskipin — og reyndar verzlunarskipin líka nú orðið að ákaflega miklu leyti. Og með þeirri álagningu, sem nú er á olíunni og benzíninu, eru þessir útgjaldaliðir — fyrst og fremst olían, sem átt er við í þessu tilfelli — orðnir geysilega þungbærir bæði bátaútveginum og nú einnig togaraútgerðinni, og mundi hafa mjög mikil áhrif í þá átt að auðvelda þennan atvinnurekstur, ef lækkað yrði verulega verð á olíunni, eins og ég álít að hægt sé. Sama er að segja um verksmiðjur og fiskiðnaðarfyrirtæki, sem hér starfa, að því leyti sem þau nota olíu sem aflgjafa, en það eru ýmis stór fyrirtæki, sem það gera. Og í þriðja lagi gildir þetta um þær rafstöðvar, sem reknar eru með olíu. En svo er nú, að víða í landinu, þar sem vatnsafl hefur ekki verið virkjað til rafmagnsframleiðslu, eru reknar dieselstöðvar eða aðrar stöðvar, sem nota olíu sem aflgjafa. Þetta hefur orðið til þess, að rafmagn á þeim stöðum er yfirleitt mjög miklu dýrara en rafmagn, sem framleitt er í vatnsvirkjunum, og er það olíuverðið, sem mestu ræður um það, hversu þessi rafmagnsframleiðsla verður dýr. Eins og kunnugt er, hafa verið uppi háværar raddir og m. a. fluttar um það margar till. og frv. hér í þinginu, að nauðsynlegt sé að hlaupa undir bagga með þeim, sem þurfa að kaupa rafmagn háu verði frá þessum dieselrafstöðvum, með því annaðhvort að veita þeim styrk eða þá, eins og till. hafa líka verið uppi um hér í þinginu, að greiða

niður verðið á þessum stöðum með því að hækka rafmagnsverðið annars staðar, þar sem vatnsaflið er notað til rafmagnsframleiðslunnar. Það væri hægt að greiða mjög fyrir lækkun á raforkuverði frá þessum dieselstöðvum með því, að olíuverðið væri lækkað. Í fjórða lagi er það svo orðið mjög algengt, að menn nota olíuna til upphitunar húsa. Það er þess vegna mjög mikill fjöldi fólks, fyrir utan beinan atvinnurekstur, sem ég áður hef verið að tala um, sem hefur mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við olíuverðið. Fyrir alla þessa aðila, sem ég nú hef rætt um, er það þess vegna mjög þýðingarmikið, ef hægt væri að lækka olíuverðið til muna frá því, sem nú er, og álít ég þess vegna fullkomið tilefni til þess, að þessi mál séu athuguð mjög gaumgæfilega og leitazt við með einhverjum hætti — annaðhvort með þeim, sem ég legg til hér í þessu frv., eða þá einhverjum öðrum, sem talinn yrði heppilegri — að koma fram ráðstöfunum, sem yrðu til þess að lækka olíuverðið mjög frá því, sem nú er.

Það hefur oft verið á þessa hluti minnzt áður, og það, sem menn gjarnast hafa talað um í sambandi við þetta, hefur verið að koma á olíueinkasölu ríkisins. Það er að sjálfsögðu hlutur, sem vel getur verið til umræðu, en í sambandi við það er náttúrlega ýmislegt, sem þó kemur til athugunar, bæði það, að einkasölur eru af mörgum ekki sérlega vel liðnar og ekki litnar ákaflega hýru auga, enda hefur það verið svo um þær einkasölur, sem ríkið sérstaklega rekur, að þær hafa einkum verið notaðar til þess að afla ríkinu fjár og þannig orðið til þess, að þær vörur, sem þær einkasölur verzla með, hafa verið seldar miklu hærra verði en eðlilegt er og orðið þannig til þess að íþyngja almenningi og taka af honum fé, en þetta hefur ekki orðið til þess að afla hugmyndinni um einkasölur mjög mikilla vinsælda. Í öðru lagi mundi í sambandi við ríkiseinkasölu sennilega verða komið upp allflóknu og dýru kerfi, og ýmislegt er hægt að misnota í sambandi við það og gera dýrara en nauðsynlegt er. Samt sem áður er ég síður en svo að fordæma það, að vel geti komið til mála að koma upp einkasölu ríkisins á olíu og benzíni og slíkum hlutum. En í þetta sinn hef ég samt sem áður valið mér dálítið einfaldari leið í sambandi við þetta mál, eins og ég nú hef lýst, sem sagt þá, að ríkið taki ekki einkasölu á innflutningi og verzlun með þessa hluti, heldur aðeins hitt, að ríkisstj. gerist stór þátttakandi í þessum innflutningi á olíu og benzíni og selji þessa vöru síðan aðeins í heildsölu, til þess að þáttur ríkisins verði sem einfaldastur í þessu efni, en selji á það lágu verði og í það stórum stíl, að það hljóti að verða í raun og veru mælikvarði á það verð, sem olía og benzín verði seld á í landinu, eftir að ríkið hefði orðið jafnstór þátttakandi í þessari verzlun eins og hér er gert ráð fyrir. Þetta ætti að vera, eins og ég segi, mjög einfalt, og ætti ekki að þurfa að setja upp í sambandi við það neitt stórt eða dýrt bákn á vegum ríkisins. Og þetta ætti að vera sérstaklega auðvelt í framkvæmd fyrir ríkisstj. vegna þeirra aðstæðna, sem nú eru fyrir hendi í þessu efni. Í fyrsta lagi hagar svo til, að ríkið sjálft á stóra olíustöð hér uppi í Hvalfirði, eins og hv. alþm. er kunnugt um, og það þarf þess vegna ekki að gera neitt til þess að byggja olíugeyma til þess að taka á móti þeirri olíu, sem það flytti inn. Geymarnir eru þarna þegar fyrir hendi í eigu ríkisins. Það hefur verið svo undanfarið, að olía og benzín er flutt til landsins í stórum förmum og flutt allt með leiguskipum, vegna þess að Íslendingar eiga enn engin slík stór olíuskip. Það ætti að vera auðvelt fyrir ríkisstj. alveg á sama hátt eins og olíufélögin að fá slík leiguskip til þess að geta annazt þessa olíuflutninga til landsins. Í þriðja lagi á ríkið olíuflutningaskip af þeirri stærð, sem hentar til þess að dreifa olíunni frá aðalbirgðastöðinni og á hafnir úti um landið, þannig að það er fyrir hendi allt, sem til þess þarf, að ríkisstj. geti gerzt slíkur þátttakandi í olíuinnflutningnum og olíusölunni í heildsölu eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., og þarf sem sagt enga nýja fjárfestingu af hálfu ríkisins til þess að geta framkvæmt þetta. Þess vegna tel ég líka, að sú leið, sem ég hér hef valið, sé miklu einfaldari og auðfarnari og að því leyti heppilegri, eins og sakir standa nú, heldur en olíueinkasala.

Annar höfuðtilgangurinn með flutningi þessa frv., næst því að lækka stórlega olíuverðið, er svo hitt, sem mjög hefur líka verið á baugi nú undanfarið og fluttar um það till. hér í þinginu, að jafna olíu- og benzínverðið á hinum ýmsu stöðum á landinu. Eins og ég gat um áðan, þá hefur olíuinnflutningnum verið háttað þannig, að flutt hefur verið inn í stórum förmum, sem allir hafa svo verið losaðir í aðalbirgðastöðvar olíufélaganna hér í grennd við Reykjavík eða hér suðvestanlands. Þetta hefur verið gert af hálfu olíufélaganna til þess að fá flutningskostnaðinn minni með þessum stóru skipum, sem aftur hafa svo ekki vegna aðstæðna getað losað farminn í olíugeyma á smærri höfnum úti um land. En síðan hefur hátturinn verið sá, að olían hefur verið flutt með smærri skipum á hafnir úti um land, og sá flutningskostnaður hefur síðan verið lagður á verðið og olían og benzínið þannig seld á miklu hærra verði úti um landið heldur en hér og því hærra verði sem lengra hefur þurft að flytja olíuna eða aðrar aðstæður hafa gert það að verkum, að flutningskostnaður hefur orðið meiri. Verðmismunur hefur þess vegna á ýmsum stöðum orðið mjög mikill og hefur, eins og ég sagði áðan, valdið mikilli óánægju og verið uppi háværar raddir um það að koma fram jöfnunarverði á þessari vöru alls staðar á landinu. Ég skal nefna það til dæmis um þennan verðmismun, að nú fyrir nokkrum dögum mátti lesa það í einu dagblaðanna hér, að það munaði t. d. togara, sem gerður væri út á Siglufirði, 45 þús. kr. á tveggja mánaða útgerð, sá munur, sem er á olíuverðinu á Siglufirði og hér fyrir sunnan. Þetta sýnir, að það er enginn smáræðismunur, sem hér er á, og ekki að ástæðulausu, þó að uppi séu þær óánægjuraddir, sem ég gat um áðan, um þennan geysilega mismun á olíuverðinu. Sama gildir um benzínverðið, og er ekki minni munur þar hlutfallslega við vegar úti um landið. Þótt þær till., sem uppi

hafa verið um þetta, m. a. hér í þinginu, hafi haft marga formælendur hér, þá hafa allar framkvæmdir í þessu efni strandað á þeirri andstöðu, sem verið hefur hér, bæði hjá olíufélögunum sjálfum, af því að þau hafa ekki viljað taka á sig neinn kostnað af þessari verðjöfnun, þ. e. a. s., þau hafa ekki viljað minnka gróða sinn með því að taka á sig nokkurn hluta af flutningskostnaði olíunnar út um land, jafnvel þó að þau hafi fengið flutningskostnaðinn lækkaðan til landsins með þeim hætti að flytja það inn með svona stórum skipum, og hins vegar hefur að sjálfsögðu líka komið fram andstaða olíunotenda hér suðvestanlands gegn verðjöfnun, sem framkvæmd yrði á þann hátt að hækka olíuverðið hérna til þess að geta lækkað það aftur úti um land. Hins vegar mundi þetta verða mjög auðvelt, ef farin yrði sú leið, sem ég legg til hér í frv., að ríkisstj. annaðist innflutning á olíunni og dreifinguna í heildsölu til hafna úti á landi. Mundi verða mjög auðvelt í sambandi við verðlækkun, sem með þessum hætti yrði á olíunni, að koma verðjöfnuninni á, því að þá væri ekki aðeins hægt að lækka verðið á olíunni úti um land á þeim stöðum, þar sem það hefur verið hærra heldur en hér, heldur yrði vafalaust hægt, ef þetta yrði haganlega framkvæmt, að lækka verðið einnig hér á Suðvesturlandinu, ef minnkaður yrði sá mikli gróði, sem nú er á olíuverzluninni. Þess vegna væri þetta um leið tilvalið tækifæri til þess að framkvæma þá verðjöfnun, sem svo háværar kröfur hafa verið um undanfarið og fluttar hafa verið um margar till. hér í þinginu, þótt árangur af þeim hafi enn enginn orðið.

Þá vil ég fara um það nokkrum orðum, hverjir yrðu helzt væntanlegir viðskiptavinir ríkisstj. í sambandi við þessa verzlun og hvað gera þyrfti til þess að auðvelda þeim þau viðskipti, sem hér er um að ræða. Eins og ég nefndi áðan, þá er ekki gert ráð fyrir því, að ríkið annist dreifingu olíunnar eða benzínsins í smásölu, heldur aðeins að ríkisstj. selji í heildsölu og sjái um flutning á olíunni til þeirra, sem hafa aðstöðu til þess að kaupa þessar vörur í heildsölu. Þeir, sem fyrst og fremst mundu verða til þess að vilja njóta þessara viðskipta, eru ýmis olíusamlög og fyrst og fremst olíusamlög útvegsmanna, en slík samlög hafa verið mynduð á undanförnum árum á ýmsum stöðum í hinum stærri verstöðvum, bæði hér á Reykjanesskaganum og t. d. í Vestmannaeyjum og á Norðfirði og sennilega á nokkrum fleiri stöðum. Það er alveg gefið, að þessi samlög mundu fyrst og fremst, vegna þess að þau hafa þegar aðstöðu til þess að taka á móti olíunni í heildsölu, verða einna fyrst til þess að taka þátt í viðskiptum við ríkisstj., ef þessum hætti yrði komið á. Sama er að segja um þær síldarverksmiðjur, sem þurfa að nota olíu í stórum stíl og hafa geyma til þess að taka við henni, og önnur þau iðjuver, sem olíu nota og hafa svipaða aðstöðu til þess að taka við og geyma olíuna. Og svo eru í þriðja lagi þær olíurafstöðvar, sem ég var að tala um áðan. Þær mundu að sjálfsögðu líka koma hér til skjalanna og fá þannig aðstöðu til þess að fá olíuna með miklu lægra verði og þar með aðstöðu til þess að lækka verðið á þeirri raforku, sem þær framleiða. En jafnframt mundi þetta fyrirkomulag að sjálfsögðu ýta undir það, að stofnuð yrðu olíusamlög eða samtök olíunotenda á miklu fleiri stöðum en nú þegar eru fyrir hendi. Og þess vegna hef ég, í 3. og 4. gr. frv., gert ráð fyrir því, að þar sem slík samtök olíu- og benzínnotenda yrðu mynduð, en hefðu ekki möguleika á að fá aðgang að þeim tækjum, sem þeim eru nauðsynleg til þess að geta orðið kaupendur að olíunni eða benzíninu í heildsölu, ef slík tæki væru þó til staðar á viðkomandi stað, þá yrði, til þess að greiða fyrir þessum aðilum, ríkisstj. heimilað að taka slík tæki — hvort það eru nú olíugeymar eða önnur olíudreifingartæki — leigunámi eða eignarnámi og afhenda þessum samtökum olíu- og benzínnotenda þau til afnota. Um þetta eru sem sagt fyrirmæli bæði í 3. og 4. gr. frv. Ég tel alveg sjálfsagt og nauðsynlegt, ef farið er inn á þessa leið á annað borð, að ríkið fari þannig að gerast þátttakandi í olíuinnflutningi og olíuverzluninni, að þá verði til staðar heimild til þess að hjálpa á þennan hátt þeim samtökum, sem mynduð yrðu í því skyni að hafa slík viðskipti við ríkisstj. Það yrði þá bæði til þess að gefa miklu fleiri einstaklingum aðstöðu til þess að njóta þessara viðskipta og um leið til þess að greiða fyrir þeim viðskiptum, sem ríkisstj. sjálf hefði þannig með höndum. En síðan eru náttúrlega ýmsir aðrir staðir, þar sem engin slík tæki eru fyrir hendi, heldur yrði að byggja þau að nýju. En það eru þegar í lögum ákvæði, sem hægt er að nota til þess að greiða fyrir sams konar samtökum á þeim stöðum, og eru það l. nr. 110 frá 30. des. 1943, um olíugeyma o. fl. En samkv. þeim l. er heimilt að styrkja byggingu olíugeyma, ef ég man rétt, með allt að því 20%, eða ⅓ af byggingarkostnaði, og enn fremur heimild til þess að lána þeim aðilum, sem að byggingu slíkra geyma standa, ég held allt að 50% byggingarkostnaðarins.

Með því að samþ. þetta frv. og með því að framkvæma allar þær aðgerðir, sem ég nú hef talað um, eftir því sem þær eiga við á hverjum stað fyrir sig, þá ætlast ég til þess og álít, að það sé full ástæða til að ætla það, að hægt yrði að fá olíu til landsins og koma henni á hafnir víðs vegar úti um land til olíu- og benzínnotendanna með miklu lægra verði heldur en nú er á þessum vörum. Og eins og ég hef margtekið fram, þá álít ég, að það sé svo mikilsvert atriði bæði fyrir atvinnulífið í landinu og fyrir fjárhagslega afkomu mikils fjölda einstaklinga, að það sé ekki aðeins verjandi, heldur í raun og veru sjálfsagður hlutur, að ríkisvaldið grípi hér inn í og framkvæmi annaðhvort þessar eða þá aðrar aðferðir, sem taldar yrðu heppilegri til þess að koma fram þeirri verðlækkun á olíu og benzíni, sem áreiðanlega er hægt að gera.

Til þess svo að fyrirbyggja misnotkun í sambandi við smásöludreifinguna á olíunni, þá hef ég sett hér í 5. gr. frv. ákvæði um það, að ef ríkisstj. telur ástæðu til, þá sé henni heimilt að setja hámarksálagningu á vöruna í smásölunni, því að það væri náttúrlega hægt að hugsa sér þann möguleika, að einhverjir aðilar vildu nota

sér það, að ríkisstj. seldi olíu svo miklu lægra verði í heildsölu heldur en olíufélögin hafa gert, til þess að kaupa hana af ríkinu, en selja hana svo óhæfilega háu verði í smásölu. Þótt ekki séu miklar líkur til þessa, taldi ég samt rétt að hafa slíkan varnagla.

Það, sem ég nú hef sagt um þetta mál, er sem sagt það, að höfuðtilgangur minn með flutningi þess er að koma fram ráðstöfunum, sem ættu að verða til þess að lækka stórlega olíuverðið. En svo er náttúrlega ekki hægt og ekki heldur ástæða til að loka augunum fyrir því, að þessi innflutningur á olíu og benzíni, í jafnstórum stíl og hann er, hlýtur að geta verið mjög þýðingarmikið atriði, ef honum er beitt í sambandi við sölu á aðalútflutningsvörum okkar. Þess vegna hef ég líka sett í 6. gr. frv. ákvæði um það, að framkvæmdin á þeim aðgerðum, sem frv. gerir ráð fyrir, skuli vera látin heyra undir sama ráðuneyti og fer með viðskiptasamninga eða sölusamninga á aðalútflutningsvörum landsins. Því verður sjálfsagt haldið fram, að það sé ekki hægt að hafa mikið gagn af þessu í sambandi við sölusamninga á fiskinum okkar, vegna þess að hann sé ekki svo eftirsótt vara á heimsmarkaðinum, en olían hins vegar mjög eftirsótt og auðvelt að selja hana og þess vegna sé ekki hægt að jafna því saman. Það er að sjálfsögðu rétt, að það er mikill munur á þessu, og sérstaklega hefur það þó verið á meðan olíuhringarnir hafa verið einráðir um verzlunina á olíu og benzíni. En það eru nú sem betur fer að renna upp þeir tímar, að skörð eru að koma í þessa einokun olíuhringanna, og er í því sambandi skemmst að minnast atburðanna í Íran. Og ég held, að það sé engin sérstök bjartsýni að gera ráð fyrir því, að það kunni þegar að vera fyrir hendi og muni því meira sem lengra líður opnast möguleikar til þess að ná samböndum um olíuverzlun við lönd, sem ekki lúta einokun olíuhringanna og þess vegna mundu gjarnan vera til viðræðu um vöruskipti á olíu og öðrum vörum, sem þau þurfa að kaupa. Og ég álít, að það sé að minnsta kosti sjálfsagt að rannsaka alla möguleika, sem kynnu að vera fyrir hendi í þessu efni, og nota þá, eftir því sem frekast er kostur, í sambandi við sölu á útflutningsafurðum okkar.

Ég held, að ég hafi þá gert nokkurn veginn skýra grein fyrir efni þessa frv. og fyrir því, hvað vakir fyrir mér með flutningi þess, og vænti þess, að hv. þm. vilji taka það til alvarlegrar yfirvegunar. Og jafnvel þó að mikið sé nú talað um það, að þingi eigi að ljúka fyrir jól og nú fari að verða skammur tími til að afgr. mál, þá vildi ég þó vonast til þess, að sú n., sem fengi þetta mál til meðferðar, — og ég leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til hv. fjhn. (Gripið fram í.) Ja, mér skilst, að þetta sé nú viðskipta- og fjárhagsmál, en annars skal ég ekki hafa á móti því, að það fari til sjútvn., ef menn telja það heppilegra. — En ég vil sem sagt vænta þess, að þó að nú sé talað um þennan hraða á þingstörfum, þá vilji sú hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, gefa sér nokkurn tíma til þess að athuga það og skila áliti til d. um það, jafnvel þótt svo kynni þá að fara, að ekki ynnist tími til þess að afgr. málið endanlega frá þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9:1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

64. Menningarsjóður.

Á 19. fundi í Sþ., 28. nóv., var útbýtt frá Ed.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 54/1928, um Menningarsjóð* [170. mál] (þmfrv., A. 319).

Á 33. og 34. fundi í Ed., 2. og 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Ed., 5. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Samkvæmt l. nr. 7 frá 1928 er stofnaður Menningarsjóður, og hlutverk hans er að styðja almenna menningu í landinu, rannsókn íslenzkrar náttúru og þróun þjóðlegrar listar. Þetta var upphaflega hlutverk sjóðsins. Hlutverk hans er því mjög mikilvægt, en frá öndverðu hefur hann haft of litlar tekjur til að geta gert því þau skil, sem æskilegt hefði verið.

Með l. nr. 70 frá 1936 var því ákveðið bætt í frumlögin, að sjóðurinn skyldi fá árlega af óskiptum rekstrarhagnaði Áfengisverzlunar ríkisins í viðbót við aðrar tekjur upphæð, sem nægði til þess, að sjóðurinn hefði í heildartekjur 50 þús. kr. á ári. Aukatekjur sjóðsins hafa mjög þorrið á síðari árum, og áðurnefnd lagabreyting hefur lítið bætt úr fjárþörf hans, vegna þess að tekjurnar hafa að engu leyti haldizt í hendur við hækkun nauðsynlegra gjalda vegna vaxandi dýrtíðar á síðari árum. Sjóðurinn getur því ekki innt af hendi hlutverk sitt, nema honum verði séð fyrir auknum tekjum.

Frá öndverðu hefur áfengissölu í landinu verið ætlað alveg með sérstökum hætti að tryggja tekjur sjóðsins, og er með frv. þessu, sem hér er lagt fram, fylgt sömu stefnu með því að ætla sjóðnum 1% af tekjum Áfengisverzlunar ríkisins. Ef sjóðnum væru tryggðar þessar tekjur, þá telja forráðamenn hans, að hann mundi geta mjög sómasamlega innt af hendi það hlutverk, sem honum var í öndverðu ætlað.

Ég leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr., en þar sem frv. kemur frá n., þá mun ég ekki gera till. um, að frv. verði vísað til n.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er sýnilegt, að ef þetta frv. verður samþ. eins og það liggur hér fyrir, þá er fé tekið beint úr ríkissjóði samkvæmt fyrirmælum 1. gr., og er þá bundið með l.,

að þessi upphæð skuli ávallt greiðast til þessa verkefnis, hvernig sem háttar um hag ríkissjóðs. Ég tel þetta óheppilegt, og hefði slíkt sízt átt að koma frá hæstv. ríkisstj. sjálfri eða frá hæstv. menntmrh. Þetta er ein ástæðan fyrir því, að ég er á móti frv. eins og það er nú. En það er einnig önnur ástæða, sem gerir það að verkum, að ég er á móti frv., og það er, að því fleiri menn eða stofnanir sem eiga afkomu sína undir ágóða Áfengisverzlunarinnar, því örðugra mun reynast í framtíðinni að útrýma áfengisbölinu í landinu. Og sízt af öllu ætti hæstv. menntmrh. og stjórn Menningarsjóðs að vinna að því, að svo yrði. Og það er meginástæðan fyrir því, að ég er á móti frv. eins og það er.

Hæstv. ráðh. fór rangt með það, sem hann sagði hér áðan, að það verði fylgt sömu reglu og áður. Áður hefur þessi sjóður haft tekjur sínar af sektum í sambandi við brot á áfengislöggjöfinni, og það er allt annars eðlis heldur en hitt, að hann eigi að hafa hluta af tekjum Áfengisverzlunarinnar. (Gripið fram í.) Ja, það er ekki heldur sama stefna. Það er alveg ný stefna. Og það er einmitt þetta, sem er athugavert við það, að hér kemur nýr aðili til þess að taka upp baráttu fyrir því, að haldið sé áfram vínsölu í landinu til hagsbóta fyrir menninguna í landinu og til hagsbóta fyrir ríkissjóð, og það er það, sem ég er á móti.

Að lokinni þessari umr. óska ég mjög eftir því, að frv. verði vísað til hv. menntmn., og það alveg sérstaklega vegna þess, að það kemur fram í grg., að nm. áskilja sér rétt til að fylgja frv. eða vera á móti því eins og venja er til, þegar um flutning á frv. er að ræða fyrir hæstv. ríkisstj. Ég óska því eftir, að frv. verði vísað til n., svo að hún fái tækifæri til þess að athuga málið og gefa út um það nál. eins og hver önnur mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Ed., 16. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 319, n. 442).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Við 1. umr. þessa frv. var málið reifað að nokkru leyti af hæstv. menntmrh. Get ég því verið stuttorðari um það nú heldur en ella. Menntmn. er sammála um það, að styðja beri þessa stofnun, eftir því sem nauðsyn er á og fé vinnst til. Hún er einnig sammála um það, að það er hæfilegra og viðkunnanlegra og landinu til meiri sóma að leggja fram beint fé til stofnunarinnar, annaðhvort að hún hafi vissar tekjur af formlegri sölu og gróða ríkisins af áfengi eða þá beint úr ríkissjóði, sem væri heppilegast, heldur en hitt, að lifa á lögbrotum, áfengislagabrotum þegnanna, og það sé alveg háð því á hverjum tíma velgengni þessa sjóðs og aukning bókaútgáfunnar, að sem mest og flest áfengislögbrot séu háð í landinu, svo að sektir komi sem mestar til ríkissjóðs — eða réttara sagt til þessa sjóðs.

Eins og sakir standa virðist þessari stofnun vera allmikils fjár þörf, því að allir vita, hversu geysilega dýrtíð hefur nú aukizt og ekki sízt á sviði bókaútgáfu. Um hinar deildir sjóðsins skal ekki vera fjölyrt hér, því að þar má nokkuð sníða stakk eftir vexti, en þar sem stjórn þessa sjóðs, menntamálaráð, hefur hafizt handa um ýmsar merkar og ágætar útgáfur og menningarrit fyrir þjóðina, þá er erfitt að hætta þar við í miðjum klíðum, og í raun og veru er þjóðinni mjög nauðsynlegt að fá þau rit sem fyrst út. Það er búið að gefa út nú þegar fjögur bindi af Íslandssögu hinni lengstu, sem gefin hefur verið út, og menn bíða langeygðir eftir því, að meira komi af því riti, sem á að verða alls 10 bindi. Þegar er hafizt handa um Íslandslýsingu, mjög rækilega, sem einnig er mjög nauðsynlegt verk, þar sem við nú búum við lýsingu Þorvalds Thoroddsens á landinu, sem var ágæt og prýðileg á sínum tíma, en það leikur ekki á tveim tungum, að við erum orðnir á eftir flestum öðrum þjóðum um að hafa reglulega góða og fjölþætta lýsingu af landi okkar. Ég hygg jafnvel, að þar standi Grænland framar undir hinni svo kölluðu „ágætu stjórn" Dana með lýsingu af sínu landi. Þó að hún sé ekki færð í eina sérstaka bók, þá er í því riti, sem snertir það, líklega öllu rækilegri lýsing af flestum svæðum Grænlands heldur en nokkurn tíma er hér á voru landi, Íslandi. Þetta má ekki svo búið standa. Menningarsjóður er búinn að ráða sér ritstjóra, Eyfirðing, ágætan að því er virðist, vísindamann að mörgu framarlega, Steindór Steindórsson, og er þegar farið að hefjast handa og komnar nokkrar ritgerðir um það efni, sem þegar er búið að leggja fram fé til og kaupa. Í þriðja lagi er það, að historisk-topografiska lýsingu, sögulega staðháttalýsingu, eigum við ekki aðra hér heldur en Kaalund gamla, sem nú er þegar uppseldur, og þótt góður væri á sínum tíma, mun hann þykja ærið úreltur. Nú er þegar búið að ráða mann til framkvæmda um að gefa út sjálfstæða íslenzka bók um það efni, sem verður sennilega viðlíka stór og Kaalund, í tveimur bindum, og virðist sá maður vera mjög vel að sér í þeirri grein, og ætti að gera ráð fyrir, að sú bók yrði mörgum til gagns og ánægju. Einnig er það leikritaútgáfa þessa sjóðs, sem sýnist vera mörgum til gagns og gleði, og fleiri bækur eru slíkar, sem hann hefur á prjónunum nú og hefur gefið út, en þessar bækur, fræðibækur margar, er nauðsynlegt að séu ekki seldar við ofurverði, og því er það, að nauðsynlegt er og rétt að styrkja, eftir því sem föng eru á, þetta fyrirtæki.

Við nm. erum, eins og nál. ber með sér, nokkuð bogavarir um þetta atriði og vildum nú skjóta því undir hv. deild, hvort hún vildi ekki við þessa umr. samþykkja frv. eins og það nú liggur fyrir, en n. mun taka fyrir 3. umr. frv. til athugunar, hvort ekki sé heppilegra að breyta

því á annan veg, t. d. þannig, að framlagið komi beint úr ríkissjóði, en óskum þess helzt, að ekki verði farið að koma með slíkar breytingar nú við 2. umr., því að það er alltaf tími við 3. umr. til að athuga þetta, enda er ekki víst um nema fram komi fjárframlag nú á fjárlögum til sjóðsins, svo að það breytist þá nokkuð öll aðstaða, og verður sennilega beðið með 3. umr., en þá verður komið fram, hvað hæstv. stjórn og fjvn. vill gera á því sviði. Þess vegna er það ósk okkar, að nú við þessa umr. verði frv. samþykkt eins og það liggur fyrir og n. hefur flutt það, en við 3. umr. verður alltaf tækifæri til að koma með brtt., ef hv. dm. þykir ástæða til þess, eða n. jafnvel getur tekið til sinna ráða um það atriði, en eins og allir sjá, er nú ástand svoleiðis um tekjur sjóðsins, að ekki má við svo búið standa, nema því aðeins að hann leggi niður sína bókaútgáfu að mestu leyti.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls minntist ég á það, hvort hv. n. vildi ekki gera þá breytingu á þessu frv., að tekjurnar væru ekki bundnar við rekstrarhagnað Áfengisverzlunar ríkisins. Nú sé ég í nál., að hv. n. hefur ekki treyst sér til þess að koma fram með þá breytingu, sem ég minntist á, og þykir mér það miklu miður. Ég tók það fram þá og skal endurtaka það hér, að ég tel, að því fleiri aðilar sem eiga afkomu sína undir gróða Áfengisverzlunar ríkisins, því erfiðara verður að fá þeim málum kippt í það horf, sem nauðsynlegt er fyrir þjóðarheildina, enda er það ekki annað en að fara í felur með þetta framlag að vera að taka það af ágóða Áfengisverzlunarinnar, sem annars rennur óskiptur til ríkisins, svo að það er í raun og veru að taka þetta úr ríkissjóði. Ég sé einnig, að hv. n. leggur til, að frv. verði samþykkt. Að vísu sagði hv. frsm. í ræðu sinni hér, að það yrði athugað fyrir 3. umr. Sé ég ekki, hvers vegna á að geyma að ákveða um svo stórt fjárframlag sem hér um ræðir, hvorki meira né minna en hálfa milljón króna, er á að fara til bókaútgáfu til Menningarsjóðs, og hefði ég haldið, að það þyrfti að ræða um þau atriði nokkru nánar í sambandi við afgreiðslu fjárl. Það hefur ekki þótt rúm fyrir hálfa milljón króna á fjárl. nú, þótt það hafi verið til nauðsynlegri þarfa, m. a. til heilbrigðismálanna.

Ég vil mjög vara hv. deild við að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir nú, m. a. vegna þess, hversu erfitt er að koma saman fjárl. eins og stendur. Ég hygg, að það séu margir menn, sem heldur vildu láta eitthvað af þessu fé til þess að bæta úr aðkallandi þörf í sambandi við líknarstarfsemi en að keppa við frjálsa aðila um bókaútgáfu, jafnvel þótt það sé svo merk bókaútgáfa eins og hv. frsm. lýsti, en 500 þús. kr. árlega til slíkrar bókaútgáfu er ekkert lítið fé. Ég vil því leyfa mér að bera fram hér brtt., þrátt fyrir tilmæli hv. frsm., um að 2. málsgr. 1. gr. orðist svo:

„Ríkissjóður greiðir til Menningarsjóðs framlag eftir því, sem árlega er ákveðið í fjárlögum, enda sé það miðað við, að Menningarsjóður geti jafnan haldið áfram eðlilegri starfsemi."

Ég viðurkenni það, að Menningarsjóður eins og margar aðrar stofnanir á að halda áfram starfsemi sinni, en það verður alltaf að vera undir mati Alþingis, hvort það sé nauðsynlegt að leggja í það hálfa milljón árlega eða hvort hægt sé að koma því öðruvísi og heppilegar fyrir. Ég vil því leyfa mér að leggja þessa brtt. fram til hæstv. forseta. Ef hv. frsm. n. óskar þess, að hún sé tekin aftur til 3. umr. og því fylgja einhver loforð frá n. um það, að greininni verði breytt eitthvað í þá átt, sem ég fer fram á, þá skal ég að sjálfsögðu verða við þeim tilmælum, en að öðru leyti óska ég eftir því, að efnislega gangi atkvæði um þetta mál hér við þessa umræðu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 484) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil leiðrétta það hjá hv. þm. Barð., að hér er ekki í raun og veru verið að ræða um hálfa milljón, heldur er það í hæsta lagi í kringum 300 þúsundir, því að þegar hefur sjóðurinn 200 þúsundir eða nálægt því í sektafé, sem rynni auðvitað til ríkissjóðs, ef þetta frv. gengur í gildi, og verður séð um það, eins og í raun og veru má líka sjá á nál. okkar nm.

Ég held, að það skilji ekki svo mjög mikið á um það hjá okkur hv. þm. Barð., hvert ber að stefna í þessu, en ég vil sérstaklega, eftir því sem ég sagði áður líka, óska þess, að hann vildi draga þessa brtt. sína aftur til 3. umr., þar sem við nm. gefum í skyn, að við munum endurskoða þessa yfirlýsingu í nál. okkar fyrir 3. umr. Það er þannig, eins og ég drap á líka í fyrri ræðu minni, að það getur komið fyrir, að þessi hv. þm. sem formaður fjvn. eigi eða komi til að eiga drjúgan þátt í því að ákveða í þetta sinn skömmtun til sjóðsins. Ég geri ekki ráð fyrir því yfirleitt, að þetta frv. verði afgreitt héðan frá deildinni, fyrr en komin er nokkurn veginn vissa um það, hver sú greiðsla verður og það beint frá ríkissjóði eða hvort hún verður nokkur. Þess vegna er það, að mér þætti það heppilegast frá mínu sjónarmiði séð, og ég veit það, að samnefndarmenn mínir eru á sömu skoðun, að við fengjum hér nokkurn veginn ákveðna yfirlýsingu um, hvað deildin vill í þessu efni, hvort hún í raun og veru vill styðja þennan sjóð og þessar útgáfur, sem nú er verið að koma fram með, og ég hygg, að málið geti leystst, þótt á annan hátt kunni að verða heldur en með formlegu samþykki laga, og eigi ef til vill hægara með að leysast, svo að vel fari hjá öllum, einmitt með því að fá ákveðna og styrka viljayfirlýsingu hjá deildarmönnum. En sem sagt, ég tel það ekki viðunandi að hafa þessar sektartekjur til Menningarsjóðs. Ég tel það heppilegra — og við teljum það allir nm. heppilegra, að greiðslan komi beint frá ríkissjóði, heldur en frá áfengissölu ríkisins, ef því verður við komið, og þess vegna er það þannig, að við óskum eftir því núna að fá viljayfirlýsingu þing-

deildarinnar um stefnuna, hvort það á að styrkja Menningarsjóð eða ekki nú, en erum tilbúnir og meira að segja í samráði við hv. þm. Barð. að taka ákvörðun og tala við hann, ef hann tekur sína brtt. aftur núna til 3. umr. Ég vænti þess fastlega, að við fáum núna ákveðin svör og Menningarsjóður fái einnig frá deildinni svar um það, að hún vilji styrkja hann, ef ekki á annan hátt, þá á þennan, sem hér liggur fyrir.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. frsm. og hv. menntmn. fyrir þá yfirlýsingu, sem hann gaf hér, að hann teldi, að það væri heppilegra, að framlagið kæmi beint úr ríkissjóði, en að Menningarsjóður hefði tekjur sínar frá áfengisverzluninni, ef hægt væri að koma því þannig fyrir, og er það í fullkomnu samræmi við mína till. og umræður mínar um málið hér áður. Ég skal einnig gjarnan verða við tilmælum hv. frsm. um að taka till. aftur til 3. umr. Það, sem vakir fyrir mér, er aðeins að fá lausn málsins á sem eðlilegastan og beztan hátt, og er hér með till. tekin aftur til 3. umr. Ég vil hins vegar benda hv. frsm. á, að mér þætti ekki óeðlilegt, þegar um svo stóra upphæð er að ræða eins og hér, um 500 þús. kr., þá lægju fyrir hér hjá hv. deild nokkur gögn í sambandi við starfrækslu Menningarsjóðs. Þótt þau séu í höndum hv. frsm., þá eru þau ekki í nál., og hefði verið náttúrlega eðlilegast og æskilegast, að þau hefðu verið birt með nál., svo að þm. hefðu getað kynnt sér þau. Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að upplýsa, að bókaútgáfur núna í landinu og bókasöfn hafa upp undir 500 þús. kr. úr ríkissjóði fyrir utan þessa stofnun hér, m. a. fornritaútgáfur nokkuð, en þó hafa bókasöfnin nærri 300 þús. kr. beinan styrk og þess utan yfir 150 þús. kr. frá skemmtanaskattinum, svo að það er síður en svo, að hér sé skorið nokkuð við nögl sér í sambandi við útgáfu merkra bóka hér á landi. Auk þess gæti ég hugsað mér, að það væri meiri nauðsyn að láta einhverjar ákveðnar fúlgur til Menningarsjóðs í sambandi við ákveðin verk á vissum árum, þó að ekki sé sett fast framlag, eins og ætlazt er til hér, með lögum, en alltaf er ég til viðræðna um þessi mál við hv. n. og tek þar af leiðandi nú á þessu stigi mína till. aftur til 3. umr.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Það var ekki út af frv. sjálfu, sem ég ætla að taka til máls. Það var út af ummælum hv. þm. Barð. um það, að prenta beri hér mikil og mörg gögn í þessu máli. Það er auðvitað ágætt og gott að hafa þau prentuð, en ég kann betur við þann sið að safna gögnum til nefndarinnar og gefa aðeins útdrátt úr þeim, eins og í raun og veru er gert í grg. þessari. Ég er á þeirri skoðun, að það sé miklu heppilegra fyrir landslýðinn að verja fé í það að gefa út menningar- og merkisrit eins og til að mynda Menningarsjóður er að gefa út heldur en allt of langdregin og margupptuggin ummæli og álitsgerðir frá kannske 6—7 aðilum, sem hver étur upp eftir öðrum, og er ekki nema til kostnaðar og erfiðleika að gefa slíkt út á prenti. Þess vegna stendur þannig á því, að við förum jafnan, þar sem ég er frsm., hóflega í að láta prenta nema það, sem ég sé að er nauðsynlegast fyrir málið, en í þessu máli skal hv. þm. Barð. fá til umráða öll þau gögn, sem hér liggja fyrir hjá n., til lestrar og lærdóms.

ATKVGR.
Brtt. 484 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 13. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 54. fundi í Ed., 22. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 319, 484).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 484 felld með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KK, SÓÓ, GJ.
nei: PZ, RÞ, VH, ÞÞ, BrB, GÍG, HG, JJós, BSt.
FRV greiddi ekki atkvæði.
4 þm. (LJóh, StgrA, BBen, HermJ) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 12:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, KK, PZ, RÞ, SÓÓ, VH, ÞÞ, BrB, FRV, GÍG, HG, BSt.
nei: GJ.
4 þm. (LJóh, StgrA, BBen, HermJ) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Nd.

Á 55. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 57. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til menntmn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

65. Almannatryggingar (frv. RÞ).

Á 33. fundi í Ed., 2. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar [173. mál] (þmfrv., A. 341).

Á 34. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 35. fundi í Ed., 5. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 341, er um breytingu á l. um almannatryggingar og snertir aðeins ellilífeyrisþega, sem dvelja á elliheimili eða hliðstæðri stofnun.

Það er nú þannig, að mönnum ber ekki saman um það, hvort það muni vera alveg rétt, sem er þó ofan á um greiðslu ellilífeyris, að hjón hafi saman lægri lífeyri en ef tveir einstaklingar væru. En það er alveg áreiðanlegt og víst, að ef annað eða bæði af hjónum dvelja á elliheimili eða sjúkrahúsi, þá þurfa þau fulla ellilífeyrisuppbót alveg eins og einstaklingar.

Fyrri till. í þessu frv. gengur út á það, að þessu skuli vera breytt þannig. Nú er að vísu í l. frá 1951 ákvæði um það, að það sé heimilt, ef hjón eru eigi samvistum af heilsufarslegum ástæðum eða öðrum, ef tryggingar á að meta jafngildar, að úrskurða hvoru hjónanna um sig fullan einstaklingslífeyri. En hér er gert ráð fyrir því, að þetta skuli verða að reglum.

Í l. um almannatryggingar frá 1946, sem frv. þetta er til breytinga á, er gert ráð fyrir því, að það sé heimild til þess að hækka lífeyri ellilífeyrisþega, ef hann dvelur á elliheimili eða hjúkrunarheimili, um allt að 40%, ef um það er sótt. Einnig segir þar, að Tryggingastofnunin geti séð ellilífeyrisþega fyrir vist á elliheimili, og mundi þá væntanlega liggja í því, að Tryggingastofnunin ætti að greiða að minnsta kosti þau 40% umfram venjulegan ellilífeyri, sem gert er ráð fyrir í greininni.

Í till. þeirri, sem hér er lögð fram í þessu frv., er gert ráð fyrir því, að þetta skuli verða að reglu, og er það eingöngu gert með það fyrir augum, að það gamla fólk, sem dvelur á þessum hjúkrunarstofnunum, skuli ekki þurfa ævinlega að ganga bónarveg að því að fá þessa hækkun, sem því er nauðsynleg, ef það á að komast af með þau gjöld, sem því er ætlað að greiða og nauðsynlegt er að það greiði á þessum stöðum.

Ég þarf ekki að hafa þessi orð fleiri. Legg ég til, að málinu verði vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Mér þykir rétt, enda þótt þetta frv. væntanlega fari til heilbr.- og félmn., sem ég á sæti í, að vekja athygli á nokkrum atriðum í sambandi við þetta frv. nú þegar við 1. umr.

Eins og flm. tók fram, þá er meginefni þessa frv. það að breyta tveim tilteknum heimildarákvæðum í almannatryggingalögunum í fasta reglu, þannig að stofnunin sé skuldbundin til að greiða þá upphæð, sem þar um ræðir, hvernig sem á stendur hjá hlutaðeigandi manni.

Eins og hv. dm. og öllum er kunnugt um, þá er sú almenna regla í tryggingalögunum, að þær bætur, sem lögákveðnar eru, skuli greiddar hlutaðeigandi bótaþegum. Hins vegar, ef ástæða sé til að auka við þær upphæðir, sem l. ákveða, þá er það í heimildarformi, þannig að stjórn Tryggingastofnunarinnar getur metið það og ákveðið sumpart eftir reglum, sem ríkisstj. setur, hvort heimild þessi skuli notuð eða ekki. — Ég held því, að ef þessi tvö atriði, sem þetta frv. fjallar um, yrðu tekin úr heimildarákvæðum og breytt í fasta og lögboðna reglu, þá væri ástæða til að taka mörg fleiri heimildarákvæði l. á sama hátt.

Um 1. gr. er það að segja, að ég geri ráð fyrir, að þótt hún yrði samþ., þá mundi það því nær enga breytingu gera á framkvæmd l. Yfirleitt er framkvæmdin sú, að ef hjón eru á spítala eða elliheimili, þá er þeim greiddur tvöfaldur einstaklingslífeyrir, enda litið svo á, að þá komist þau undir ákvæði um að þurfa sérstaka hjúkrun og umönnun og því sé þá eðlilegt, að svo sé gert. Þó kann að vera, ef svo stendur á, að efnahagur hjóna er sá, að þau eiga ekki rétt til nema sáralítils lífeyris vegna efnahags, t. d. ekki nema fjórða parts af fullum lífeyri eða eitthvað slíkt, þ. e. a. s., ef þau hefðu nokkurn veginn lífvænlegar tekjur, — þá kann að vera, að í einstökum tilfellum hafi heimildarákvæðið ekki verið notað. En ég vil fullyrða, að að því er snertir 1. gr., þá má heita, að það mundi enga breytingu gera á framkvæmd laganna.

Að því aftur á móti er snertir 2. gr., gegnir nokkuð öðru máli. Á elliheimilum dvelja að sjálfsögðu bæði menn, sem geta verulega greitt fyrir sig sjálfir og hafa nokkrar tekjur, og líka þeir, sem engar tekjur hafa eða litlar umfram þá lífeyrisupphæð, sem þeir njóta frá Tryggingastofnuninni. Langflestir þeir, sem þar dvelja, fá hækkun allt að 40% — langflestir, en þó eru þar menn, sem hafa það háar tekjur, að þeir eiga ekki rétt á fullum lífeyri, kannske ekki einu sinni hálfum lífeyri, og það væri að sjálfsögðu, miðað við aðra bótaþega, ekkert réttlæti í því að greiða þeim þá fullan lífeyri með 40% álagi, þó að þeir eftir ákvæðum l. hefðu ekki rétt til að fá kannske nema fjórða partinn af lífeyri. Þar er mismunað þannig, að þeim, sem betur er settur, er greitt meira en hinum, sem verr er settur.

Auk þess skal ég benda á það, að í sambandi við þá breytingu, sem gerð var á ríkisframfærslulögunum fyrir nokkru í þá átt, að nú teljast gamalmenni, sem haldin eru ellisjúkdómum, til ríkisframfærslusjúklinga, þá var samið við ríkisstj. um það, að með öllum þeim, sem undir þessi ákvæði ríkisframfærslulaganna komast og fá því ókeypis vist á sjúkrahúsi eða heilsuhæli, skyldi greiddur af tryggingarinnar hálfu lífeyrir að viðbættum 20%. Það var gert með tilliti til þess, að ýmsir þessara manna áttu kannske ekki rétt á lífeyri eða ekki nema mjög lítlum. Ef þessi 2. gr. yrði samþ., þá mundi af því leiða mjög verulega röskun á framkvæmd þessa ákvæðis l., svo að ég held, að það þurfi að athugast betur en nú þegar hefur verið gert. — Mér þótti rétt að benda á þetta nú þegar við þessa umr., þó að ég geri ráð fyrir, að frv. fari til heilbr.- og félmn. og verði athugað þar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

66. Útvarpsrekstur ríkisins.

Á 27. fundi í Sþ., 12. jan., var útbýtt frá Ed.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins* [193. mál] (þmfrv., A. 513).

Á 48. fundi í Ed., 13. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, er útvarpið eitt af mestu áróðurstækjum allra landa. Engar aðrar stofnanir hafa slík skilyrði til þess á örskömmum tíma að hafa áhrif á fjölda manna til ills eða til góðs eftir því, hvernig starfseminni er hagað. Engin stofnun getur verið málum þjóðarinnar jafngagnleg og útvarpið, engin jafnhættuleg þjóðarheildinni, ef hún beitir áhrifum sínum til þess, sem miður skyldi. Allt þetta hefur Alþ. verið ljóst, þegar lögin um útvarpsrekstur ríkisins voru sett. Til þess að stjórna þessari stofnun eru samkv. lögum settir hvorki meira né minna en átta menn. Hefur þetta þótt nauðsynlegt til þess að tryggja fullt öryggi í rekstri stofnunarinnar, fullt hlutleysi, fulla sanngirni og fulla vizku í sambandi við rekstur þessarar valdamiklu stofnunar. Það verður ekki séð, að neinum af þessum aðilum hafi sérstaklega verið ætlað það starf að gæta hagsmuna ríkisins og þegnanna í rekstrinum, og sýnist þó, að það hefði ekki átt að vera neitt aukaatriði, og engan veginn óeðlilegt, að saman hefði farið fullkomin festa og heiðarleiki í meðferð á rekstrarfé og fullkomin festa og heiðarleiki í flutningi mála, hvort tveggja þetta verið fyrirmynd í stofnuninni, sem hafði slík áhrif á þjóðarheildina og hvern einstakling, sem útvarpið náði til. Það var sannarlega ekki einskis virði að geta jafnan bent á það í útvarpinu, hversu sú stofnun væri fyrirmynd annarra um alla starfsemi, bæði í hinum andlegu og veraldlegu málum, hvernig einmitt þar ríkti takmarkalaust réttlæti, frábær hagsýni, fyrirmyndar stjórnsemi, brennandi áhugi fyrir sífelldum umbótum, fórnfýsi og umfram allt samkomulag og friður um öll þau mál, sem stofnuninni komu við og aukið gátu hróður hennar og áhrif til góðs fyrir þjóðina alla.

Sjálfsagt hefur löggjafinn viljað tryggja þetta allt, er hann ákvað, að átta menn skyldu stjórna þessu fyrirtæki, en þeir eru sem hér segir:

1) Hæstv. menntmrh., sem samkv. lögum hefur yfirstjórn á stofnuninni og ber raunverulega meginþunga af ábyrgðinni á rekstrinum.

2) Útvarpsstjóri, sem annast hinn daglega rekstur, en ræður þó ekki yfir meginverkefni stofnunarinnar, þ. e. útvarpsefninu.

3) Skrifstofustjóri útvarpsráðs, sem einnig stjórnar hinum daglega rekstri og getur hagað honum á þann veg, eins og kunnugt er, að allverulegir og mjög afdrifaríkir árekstrar geta orðið við útvarpsstjóra, og það svo, að báðir verði óstarfhæfir við stofnunina og verði að víkja þaðan um óákveðinn og langan tíma, en hirði samt full laun, eins og kunnugt er.

4) Fimm útvarpsráðsmenn, sem eingöngu er ætlað það starf að ráða yfir því efni, sem flutt er í útvarpinu, en hafa þó engin völd til þess að ráða nokkru um aðra starfsemi útvarpsins. Þeir geta að vísu samið dagskrána og ráðið því, hve mikið fé er veitt til hennar, en fá hins vegar engu um það ráðið, hversu mikið fé það kostar að koma dagskránni til hlustenda eða yfirleitt að tryggt sé, að hún nái nokkru sinni eyrum þeirra óbreytt eða á réttum tíma, þar sem stjórnin á sjálfum rekstri stofnunarinnar er þeim alveg óviðkomandi.

Samkv. starfsmannaskrá ríkisútvarpsins er yfirstjórnin talin vera átta menn, en þar eru ekki meðtaldir hæstv. ráðh. og skrifstofustjóri útvarpsráðs, en hins vegar er þar talinn yfirverkfræðingur. Auk þess eru skrifstofustjóri aðalskrifstofunnar, fréttastjóri og auglýsingastjóri taldir með sem stjórnendur stofnunarinnar, og mætti því segja, að stjórnendurnir væru orðnir alls tólf menn.

Ég hygg, að þessar upplýsingar nægi til þess að sannfæra alla menn um það, að stofnuninni er þegar yfirstjórnað, ábyrgðinni er þegar dreift á of marga menn og árangurinn er óstjórn, eins og alls staðar og ávallt verður, þar sem slíkt fyrirkomulag er tekið upp. Frv. því, er ég hef hér borið fram á þskj. 513, er ætlað að bæta úr þessu, ef að lögum verður.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að útvarpsráð ráði útvarpsstjóra og segi honum upp — og útvarpsráð ráði starfsmenn útvarpsins og segi þeim upp. Útvarpsstjóri og starfsmenn starfa því á ábyrgð útvarpsráðs, ef þessi breyt. nær fram að ganga. Ræki útvarpsstjóri og starfslið ekki störf sín á viðunandi hátt, getur útvarpsráð sagt þeim upp, ef ekki er unnt að koma á nauðsynlegum umbótum. Er þetta bezta tryggingin fyrir því, að menn leggi sig fram til þess að vinna verkin svo, að vel fari, enda alveg nauðsynlegt í slíkri stofnun sem hér um ræðir. Á þennan hátt er byrðin flutt yfir á útvarpsráð, sem í eðli sínu á að bera hana og bera ábyrgðina gagnvart Alþingi, sem kýs það og getur á vissu tímabili skipt um ráðið eða um einstaka menn í ráðinu, ef því þykir ástæða til, hafi það ekki í hvívetna gert skyldu sína í sambandi við rekstur stofnunarinnar, m. a. gætt þess, að útvarpsstjóri og starfslið leysti þannig sín störf af hendi, að ekki væri ástæða til gagnrýni, svo sem verið hefur.

Í 2. gr. frv. er lagt til, að fækkað sé í útvarpsráði frá því sem nú er um tvo menn, úr fimm í þrjá. Það er betra að hafa þrjá menn í útvarpsráði með fullri ábyrgð en fimm menn án ábyrgðar, og það verða engin frambærileg rök færð fyrir því, að útvarpsráð með þremur

mönnum, sem valdir hafa verið til þess að ráða sér útvarpsstjóra, sé ekki nægilegt til þess að stjórna stofnuninni. Það er miklu frekar alveg víst, að stjórn stofnunarinnar verður öll öruggari og traustari með þessu fyrirkomulagi en með því fyrirkomulagi, sem nú ríkir.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að Alþ. ákveði árlega í fjárlögum upphæð afnotagjaldsins. Samkv. gildandi lögum er þetta nú ákveðið af hæstv. ráðh. eftir till. útvarpsstjóra og útvarpsráðs. En með því að afnotagjaldið er ekkert annað en skattur til þess að mæta útgjöldum í sambandi við ákveðna þjónustu, er eðlilegt og sjálfsagt, að þetta sé ákveðið af sjálfu Alþingi, en engum öðrum aðila sé gefin heimild til þess að ákveða það. Það er enginn eðlismunur á þessu gjaldi og t. d. póst- og símagjöldum, sem ákveðin eru af Alþ., en ekki af forstöðumönnum stofnananna eða ráðherra. Og svo mætti nefna fleiri dæmi svo sem skoðunargjöld skipa, bifreiða o. m. fl. Það hefur líka sýnt sig, að það fylgist jafnan að lítið aðhald í útgjöldum og takmarkalaus heimild til þess að hækka tekjur á móti gjöldum, og hefur þetta engu síður sannazt í rekstri útvarpsins en annars staðar, þar sem líkt stendur á.

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að útvarpsstjóri og útvarpsráð semji fjárhagsáætlun og sendi hana ráðuneytinu svo snemma sem þörf þykir í sambandi við undirbúning fjárlaga. Er þetta sjálfsagt, þar sem til þess er ætlazt, að ráðið beri einnig fulla ábyrgð á fjárreiðum og rekstri stofnunarinnar.

Með því að ákvæði um einkasölu á viðtækjum eru nú í lögum um útvarpsrekstur ríkisins, þykir ekki ástæða til þess að fella þau niður og semja um þá einkasölu sérstakt frv. En með því að tekjur af þessari starfsemi fara nú ekki lengur til rekstrar útvarpsins og engar líkur eru til, að á því sviði verði breyting framvegis, þykir rétt, að sú breyt. sé gerð hér nú, sem felst í ákvæðum 5. og 6. gr. frv. Það var eðlilegt og sjálfsagt, að útvarpið fengi á sínum fyrstu árum þessar tekjur. Hlustendur voru þá fáir og byrjunarkostnaður margvíslegur. En allt er þetta breytt nú. Síðan hefur útvarpið t. d. fengið mjög stóran tekjulið, sem ávallt fer vaxandi, en það eru tekjur af auglýsingum, og mjög verulegur hluti þeirra er beinlínis frá ríki og ríkisstofnunum. Þurfi stofnunin hins vegar á einhverjum tíma sérstakt fjárframlag, t. d. til fjárfestingar, sem ekki tilheyrir daglegum rekstrarútgjöldum, er ekkert eðlilegra en að ríkissjóður leggi það fram beint, annaðhvort sem lán eða sem óafturkræft framlag, ef sýnt er, að ekki þyki rétt að hafa gjöldin svo há, að unnt sé að safna sjóðum til slíkra framkvæmda.

Með 7. gr. eru felld niður þau lög, sem nú gilda og koma í bága við þetta frv., ef að lögum verður.

Í bráðabirgðaákvæði er gert ráð fyrir því, að þetta þing kjósi í fyrsta skipti útvarpsráð eftir fyrirmælum þessara laga og þá falli jafnframt niður umboð núverandi útvarpsráðsmanna.

Eins og kunnugt er, hefur útvarpsstjórastaðan nú verið auglýst, þar sem núverandi útvarpsstjóri lætur af störfum í lok þessa mánaðar. Það er því tilvalið tækifæri til þess að koma á þessari skipan á stjórn útvarpsins, sem er gert ráð fyrir í þessu frv., og verður að telja það miklu verr farið, ef sleppt yrði þessu tækifæri til að koma á breytingunum, eins og ég þegar hef lýst. Mætti þá svo fara, að það eitt, að búið væri að skipa nýjan útvarpsstjóra, yrði þröskuldur á vegi fyrir því að koma umbótunum á síðar. Það verður að vísu á þessu stigi ekkert sagt um það, hversu takast kann með skipun á þeim manni. Hún kann að takast vel, og hún kann að takast miður. Og þótt einhverra umbóta sé að vænta með nýjum manni, þá er engin trygging fyrir því, að þær verði á þann veg, sem helzt yrði kosið. En hvað sem um það er og hver svo sem verður fyrir valinu, þá er hitt fullvíst, að með því að sameina störfin og ábyrgðina fæst miklu öruggari stjórn á stofnuninni, og að því ber að stefna.

Þótt ég hafi lagt hér til, að skipunarvaldið í þessa stöðu sé fært úr höndum hæstv. ráðh. og falið mönnum, sem Alþ. velur til þess að bera ábyrgð á stofnuninni, er engan veginn til þess ætlazt, að yfirstjórn stofnunarinnar verði ekki eftir sem áður í höndum hæstv. ráðherra. Hér er ekki heldur um að ræða neitt vantraust á viðkomandi hæstv. ráðh. til þess að skipa hæfan mann í stöðuna, heldur hitt, að ég er þess fullviss, að það fyrirkomulag, sem hér er gert ráð fyrir, skapar miklu traustari stjórn á útvarpinu en það fyrirkomulag, sem nú er samkv. gildandi lögum og hefur verið nú um mörg ár.

Mér þætti ekki óviðeigandi, að hæstv. Alþ. vildi fá nokkur rök fyrir því, að stjórn útvarpsins hafi verið slík, að þörf sé þeirra breytinga á lögunum, sem hér um ræðir, eða að þær breyt. væru líklegar til þess að bæta úr því, sem ábótavant kann að vera í rekstrinum. Ég hef hér að framan sett fram nokkur skýr atriði máli mínu til sönnunar, en skal þó bæta hér nokkru við.

Samkv. fjárlögum frá 1952 voru tekjur útvarpsins áætlaðar 6175000.00 kr., en gjöldin kr. 5791891.00. Auk þess voru áætlaðar tekjur af rekstri viðgerðarstofu kr. 560000.00 og kostnaðurinn við rekstur þeirrar stofu kr. 554000.00. Og enn tekjur af viðtækjaverzlun 550 þús. kr., en kostnaður við þann rekstur 430 þús., og átti afgangurinn, 150 þús. kr., að fara til þjóðleikhússins, eins og ákveðið var með lögum á síðasta Alþingi.

Samkv. fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, fyrir árið 1953 hafa þessar tölur hækkað sem hér segir: Tekjur útvarpsins eru áætlaðar alls kr. 8900000.00 og kostnaðurinn við reksturinn kr. 7293000.00, tekjur viðgerðarstofunnar 852 þús. kr. og kostnaðurinn 831 þús. — og rekstur viðtækjaverzlunarinnar: tekjur 996 þús. kr. og kostnaðurinn 472 þús., eða rekstrarhagnaður rúmar 500 þús. kr., sem einnig er ætlazt til að fari til þjóðleikhússins.

Ég hygg, að það sé leitun í fjárlagafrv. að nokkurri stofnun, sem hefur hækkað svo mjög á einu ári eins og ríkisútvarpið. Ég hygg, að það sé óhætt að fullyrða, að meginástæðan fyrir því sé sú, að ábyrgðinni um stjórn útvarpsins

hefur verið skipt, eins og ég hef tekið fram hér að framan. Nú mætti spyrja um í sambandi við þetta hér, hvort hæstv. ríkisstj. hefði þá ekki átt að taka í taumana, hún hafi haft til þess vald samkv. lögunum og hennar hafi þá verið skyldan til þess að gera hér umbætur á. En það segir sig sjálft, að það er erfitt fyrir einstakan hæstv. ráðh. að ráða svo rekstri einnar stofnunar, hinum daglega rekstri, að hann fái þar nokkru verulegu um ráðið í sambandi við kostnað, nema því aðeins að skipta um stjórn í fyrirtækinu, en það er þeim örlögum háð, að þegar búið er að skipa slíkan embættismann, er ekki hægt að láta hann fara frá og setja annan inn, nema því aðeins að hann hafi gert *frámunaleg afglöp, og eru fá dæmi til þess*, að það hafi verið hægt að beita þessu valdi til þess að koma að nýjum mönnum eða nýrri skipan á, nema þá að breyta lögunum. En það er mjög athyglisvert, að rn. hefur nú með bréfi, sem það ritar 17. júlí, farið nokkrum orðum um bæði áætlunina og rekstur útvarpsins, og vil ég hér, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp nokkur atriði úr bréfinu. Þar segir svo:

„Það, sem einkum vekur athygli í áætluninni, er, að dagskrárfé fer næstum að hálfu til hljóðfæraleiks, þ. e. 800 þús. kr., þar af 500 þús. kr. til sinfóníuhljómsveitarinnar. Þetta er mjög hár liður, því að dagleg hljómlist útvarpsins virðist flutt af plötum. Fjármál sinfóníuhljómsveitarinnar þarf að leysa þannig, að hvorki útvarpið eða þjóðleikhúsið gjaldi í því sambandi meira en störf í þágu stofnunarinnar koma á móti."

Maður skyldi ætla af þessum ummælum, að hér væri verið að greiða eitthvað annað en fyrir þjónustu, því að það stendur beinlínis hér, að það ætti ekki að greiða nema fyrir starf, sem kæmi á móti, en einmitt sjálfu rn. finnst, að það sé hér einhver hængur á. Þá segir enn fremur:

„Innheimtukostnaðurinn á afnotagjaldi er allhár, eða 535 þús. kr. á s. l. ári. Í Danmörku er þessu þannig hagað, að menn verða að greiða afnotagjaldið á pósthúsunum og fá þá miða, sem líma ber á útvarpstækin. Síðan fer maður — eða menn — frá útvarpinu um og lítur eftir, hvort búið sé að greiða af tækjunum. Varðar það háum sektum, ef ekki er greitt fyrir tiltekinn gjalddaga, og eru þær sektir innheimtar án undanbragða. Ef til vill mætti draga eitthvað úr innheimtukostnaði hér með svipuðu fyrirkomulagi, þótt gera megi ráð fyrir, að menn mögli undan því og telji vafningasamt að minnsta kosti fyrst."

Þá segir hér enn fremur:

„Auglýsingataxti útvarpsins er nýhækkaður og svo hár, að ekki virðist tiltækilegt að hækka hann að sinni. Afnotagjald er hins vegar og hefur lengi verið mjög lágt, þótt það sé nýhækkað í 125 kr. Miðað við annað verðlag, t. d. gjöld fyrir blöð, gæti ekki talizt ósanngjarnt, að afnotagjaldið hækkaði í 250 kr. Það mundi gefa kr. 8875000.00 á næsta ári."

Þrátt fyrir það þó að rn. hafi ritað slíkt bréf, sem ég þegar hef hér lýst, þá hefur því ekki einu sinni tekizt að ráða bót á þeim misfellum, sem rætt er um í bréfinu. Og þegar fjvn. ræddi um þessi mál annars vegar við hæstv. ráðh. og hins vegar við útvarpsstjóra og útvarpsráð, þá kom langskýrast í ljós, hversu þessir aðilar allir saman dreifa ábyrgðinni og kenna hver öðrum um. Það er einmitt vegna þeirra samtala, sem ég sem formaður fjvn. hef átt við þessa menn árum saman, að ég hef nú komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé hið eina rétta í þessu máli að færa þessa ábyrgð saman, minnka yfirstjórnina á útvarpinu og gera þá menn meira ábyrga, sem raunverulega eiga að stjórna því. Það mundi sparast með því mjög mikið fé, auk þess sem hægt væri að fyrirbyggja margar aðrar misfellur, sem kunnugt er að þar hafa orðið.

Þá mætti segja: Hvers vegna tekur ekki fjvn. sig til og sker niður framlög til útvarpsins? Því er til að svara, að það er einmitt vegna þessa fyrirkomulags. Fjvn. ræður ekkert yfir afnotagjaldinu. Útvarpsstjóri, útvarpsráð og hæstv. ráðh. geta ákveðið það hátt eða lágt eins og þeim sýnist, og þeirri reglu hefur jafnan verið fylgt að láta það hækka, þegar á hefur þurft að halda til þess að mæta útgjöldum, án þess nokkru sinni að beita sér að hinni hliðinni, að spara í rekstrinum. Og þess vegna þýðir ekkert fyrir fjvn. að ræða um að skera niður, svo lengi sem hún og þingið einnig fær ekki leyfi til þess að ákveða gjaldið, hvað skuli koma á móti. Skal ég nú leyfa mér að lesa hér upp *dæmi um það fjársukk, sem ríkt hefur hér í* þessari stofnun, — og vil ég þó taka það fram, þó að ég ræði hér um þessa stofnun, að það er síður en svo, að hún sé nokkurt einsdæmi í sambandi við rekstur ríkisins. Þetta er að finna alls staðar meira og minna. En það er alveg sýnilegt, að það er vonlaust verk að fá nokkrar umbætur gerðar í heild á málunum, og er því eina ráðið að reyna að taka einhverjar ákveðnar stofnanir fyrir í hvert skipti. Og sem dæmi um það, hvernig hér er farið með málin, skal ég leyfa mér að lesa hér upp nokkur dæmi.

Útvarpsstjóri sjálfur situr á rúmlega 56 þús. kr. launum, og er það fullkomlega samkv. launalögum. Það er fyrir áhrif frá fjvn., að launaviðbætur, sem voru settar og greiddar um allmörg ár, voru numdar í burtu og eru nú ekki lengur. Hins vegar eru fulltrúa á aðalskrifstofunni, Þorsteini Egilsyni að nafni, greiddar kr. 6360.50 í eftirvinnu og Sigríði Bjarnadóttur gjaldkera kr. 2398.96.

Á innheimtuskrifstofunni, þar sem annars sýnist ekki vanþörf á að gæta hagsýni, eru fulltrúa Sigurði Sigurðssyni greiddar kr. 12561.92 í eftirvinnu ofan á 47700.00 kr. laun.

Þegar svo haldið er áfram, þá kemur auglýsingastjóri, sem er sjálfur stjóri hér yfir einhverjum ákveðnum fjölda manna og hefur kr. 1845.00 í eftirvinnu fyrir utan sín 40700.00 kr. laun, og annar auglýsingastjóri með kr. 4151.00, Valgerður Tryggvadóttir, og þriðji ritari við sömu starfsemi með 1222 kr. fyrir utan full laun.

Á fréttastofunni kemur fréttastjóri, sem ekki hefur eingöngu það verk að vera fréttastjóri í útvarpinu, heldur höfum við orðið varir við það

hér í fjvn., að hann hefur haft annars staðar laun fyrir önnur störf. Hann hefur nú 47764 kr. föst laun, en hefur þess utan kr. 6952.00 í eftirvinnu. Ja, það er nú ekki að furða, segi ég, þó að undirmennirnir verði nokkuð djarftækir til eftirvinnunnar, þegar sjálfir stjórarnir, sem eiga að stjórna þeim, sneiða sér slíkar sneiðar, enda er það svo, að Hendrik Ottósson fréttamaður, sem sjálfsagt starfar undir þessum ágæta fréttastjóra, hefur kr. 8200.00 í aukavinnu eftir að hafa haft 42700 kr. í laun. Og þá kemur presturinn Emil Björnsson, sem annars situr á launum hjá ágætum söfnuði hér í bænum, sem út af fyrir sig er ríkinu ekkert viðkomandi, og hefur ekki einasta kr. 42672.60 í föst laun fyrir að vinna hjá útvarpinu og á þá náttúrlega að skila þar fullum vinnudegi, en hann hefur líka kr. 8604.00 í eftirvinnu. Stefán Jónsson, sem einnig vinnur á sömu skrifstofu, hefur fyrir utan sín fullu laun, sem eru jafnhá, kr. 7867.00. Högni Torfason, sem einnig vinnur þar, hefur í eftirvinnu kr. 6805.00, og Margrét Indriðadóttir hefur fyrir utan sín fullu laun, kr. 37580.00, kr. 7806.98 í yfirvinnu, enda les hún prýðilega í útvarpið, eins og kunnugt er. Og Jónas Jónasson hefur fyrir utan sín laun einnig kr. 4291.00 í eftirvinnu.

Svo komum við að einum höfuðpaurnum, skrifstofustjóra útvarpsráðs, sem hefur nú gengið á föstum launum árið 1951, en allar þær upplýsingar hér um eftirvinnu, sem ég ræði um, eru miðaðar við það, sem hefur verið greitt árið 1951. Hann hefur nú, auk þess að ganga á fullum launum hjá útvarpinu, haft kr. 3500.00 í aukavinnu og þess utan ákveðið starf hjá Alþ. fyrir að lesa útvarpsfréttir, sem hann og gerir prýðilega. Baldur Pálmason hefur einnig kr. 6023.00 í aukavinnu.

Svo koma hinir smærri postular eins og Guðrún Reykholt, sem er hljómplötuvörður og passar upp á, að hægt sé að taka alltaf réttar plötur, þegar á að hella sinfóníuhljómleikum yfir þjóðina frá plötum, eins og sagt er í bréfi ráðherrans; hún hefur kr. 3321.00 í eftirvinnu fyrir utan sín föstu laun, og sama fær Sigríður Gísladóttir ritari. Þórarinn Guðmundsson hljómsveitarstjóri, sem annars hefur kr. 42672.00 í laun, fær kr. 5535.00 í aukavinnu, og Weisshappel pianóleikari fær hvorki meira né minna en kr. 13284.00 í aukavinnu og er þá kominn allmiklu hærra í launum en starfsbróðir hans, Þórarinn Guðmundsson, sem kallaður er þó hljómsveitarstjóri.

Svo kemur okkar ágæti þulur, Pétur Pétursson, sem hefur einnig rúmar 42 þús. kr. í laun; hann er með 7286.00 í aukavinnu. Og hinn ágæti Jón frá Múla, þulur, sem hefur sömu laun, hefur kr. 13824.30 í aukavinnu.

Svo koma magnarar í magnarasal. Fulltrúi þar, sem hefur líka rúmar 42 þús. kr. í laun, er með kr. 16773.00 í aukavinnu. Haraldur Guðmundsson magnaravörður hefur kr. 9817.00 í aukavinnu. Henry Eyland, sem einnig er á fullum launum, hefur kr. 12476.00 í aukavinnu. Knútur Skeggjason, sem einnig er þar við sama starf, hefur kr. 13450.00 í aukavinnu fyrir utan föstu launin. Jón Sigurbjörnsson hefur kr. 12425.00 í aukavinnu við sama starf. Svo kemur aðstoðarmaður, sem er þar á fullum launum, en hann hefur þá líka auk þess kr. 11833.00 í aukavinnu.

Síðan koma aðrir starfsmenn, m. a. stöðvarstjóri við Vatnsendastöðina, sem er á rúmum 40 þús. kr. launum, en hefur kr. 16085.00 í aukavinnu, og Emil Sigurðsson, þar einnig, sem hefur kr. 8396.58 í aukavinnu. Á Eiðastöðinni er einn ágætur stöðvarstjóri, sem hefur kr. 4428.00 í aukavinnu fyrir utan sín föstu laun, eða hefur haft árið 1951.

Svo kemur hér tæknideild. Þar hefur fulltrúi aðalverkfræðings fyrir utan sín laun kr. 8104.80. Og aðrir minni spámenn eru hér þrír, með kr. 5222.00, 5875.00 og 2543.00 í eftirvinnu.

Samanlagt nemur þessi aukavinna hvorki meira né minna árið 1951 en um 300 þús. kr., og ég fullyrði, að langstærsti hlutinn af þessari aukavinnu er fyrir vanstjórn á stofnuninni. Það er ekki einasta, að þetta fyrirkomulag skapi útgjöld fyrir þessa stofnun sjálfa, heldur skapar það slíkt fordæmi í sambandi við launagreiðslur hjá öðrum stofnunum, að það er gersamlega ómögulegt að halda niðri launagreiðslunum samkv. ákvæðum launalaga, enda hefur það sýnt sig alls staðar, að í því hafa verið mestu erfiðleikarnir við að fá fólk til að sætta sig við launalögin, að við stjórn á slíkum fyrirtækjum eins og ég hér ræði um var farið langt út fyrir ákvæði launalaganna á þann hátt, sem ég þegar hef lýst.

Ég skal m. a. leyfa mér einnig að benda á, að í tónlistardeild eru ráðnir menn eins og t. d. hinn ágæti tónlistarfulltrúi, Jón Þórarinsson, með kr. 42672.00 launum. En á sama tíma er ekki heimtað meira af viðkomandi aðila en svo, að hann getur með ágætum ráðið sig hjá annarri stofnun, sem einnig er haldið uppi af ríkisins fé allverulega og heitir tónlistarskóli, og þar hefur hinn sami ágæti maður kr. 39283.20 í laun. Annaðhvort er hér um framúrskarandi afkastamann að ræða eða það er heimtaður of lítill vinnutími hjá útvarpinu fyrir þau laun, sem honum eru greidd þar.

Ég hirði ekki að taka fram frekari dæmi til þess að sýna hverjum þeim, sem hlutlaust vill líta á þessi mál, að það er fullkomin ástæða til þess að bera fram frv. um endurbætur og endurskipulagningu á stjórn þessa fyrirtækis. Ég veit, að það er ekkert vel þakkað verk, en eftir að hafa setið inni með þann fróðleik, sem ég hef hér lesið upp, þá tel ég það þingskyldu mína að benda á þessar veilur og benda á möguleika til þess að laga þær. Og ég er þess fullviss, að ef frv. það, sem hér liggur fyrir, verður samþykkt og stjórnin skipuð á þann hátt, sem þar er fyrir mælt, þá má mjög mikið laga þær misfellur, sem hér eru á, og þá getur útvarpið orðið, eins og það á að vera, einnig fyrirmynd annarra stofnana í sambandi við fjárhagsrekstur, sem það því miður er ekki í dag.

Ég vil svo að lokinni þessari umr. leyfa mér að leggja það til við hæstv. forseta, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá menntmn., á þskj. 755, var útbýtt 5. febr., en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

67. Strandferðir.

Á 27. fundi í Sþ., 12. jan., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um samningsumleitanir við Eimskipafélag Íslands h/f um strandferðir [195. mál] (þmfrv., A. 515).

Á 48. fundi í Ed., 13. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Ed., 15. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þegar sjálfstæðisbarátta þjóðarinnar er athuguð, kemst maður fljótt að raun um, að einn veigamesti þáttur hennar frá upphafi er baráttan fyrir bættum samgöngum. Þjóðinni er það ljóst frá upphafi, að henni er lífsnauðsyn að brjóta af sér hlekki einangrunarinnar og tryggja ákveðnar samgöngur á milli landa og umhverfis landið. Án þess að þetta megi takast, er barátta fyrir betri kjörum á Íslandi vonlaus, frelsi í athöfnum og viðskiptum dauðadæmt og sjálfstæði þjóðarinnar draumur einn. Forustumenn þjóðarinnar eru því sí og æ að vinna að lausn þessara mála og senda meðal alls annars margar bænaskrár til konungs um að fá sem fyrst bætt úr þessum erfiðleikum, auk þess sem ýmsar aðrar leiðir eru farnar til þess að ná settu marki. Það eru að vísu alls staðar erfiðleikar á þessari braut, og margar tilraunir, sem gerðar eru, mistakast á einn eða annan hátt. En þjóðin gefst ekki upp. Henni er það ljóst, að verði þessi mál ekki leyst á viðunandi hátt, er barátta hennar fyrir sjálfstæði sínu og frelsi vonlaus með öllu. En þótt ýmsar tilraunir, sem gerðar voru á þessu sviði, mistækjust, þá leiddu þær þó allar nær hinu setta marki, og um aldamótin síðustu hafði náðst svo merkilegur árangur, að þá hafði verið komið á skipulagsbundnum ferðum á milli Íslands, Bretlands og Danmerkur með allsæmilegum skipum, eftir því sem þá gerðist, auk þess sem þá höfðu verið smíðuð tvö sérstök strandferðaskip til þess að annast hér skipulagsbundnar ferðir umhverfis landið yfir ákveðinn hluta ársins. Á fyrsta tug aldarinnar hefst hér nokkur samkeppni í samgöngum bæði á milli landa í millilandasiglingum og í strandsiglingum, sem allt verður til bóta. Eru þá einnig teknar upp sérstakar flóabátaferðir á milli Borgarness og Reykjavíkur, sem haldizt hafa æ síðan.

Þótt samgöngurnar væru um síðustu aldamót komnar í það horf, sem ég þegar hef lýst, og skipakostur og skipulagning ferðanna væri hvort tveggja vel við unandi eftir ástæðum, þótti sá ljóður á þessu ráði, að skipin, sem önnuðust ferðirnar, voru erlend, skipstjórnendur og skipverjar sömuleiðis. Það þótti því oft skorta mjög á skilning þessara aðila á þörfum landsmanna, og meðferð á fólki og farangri þótti vægast sagt engin fyrirmynd. Mun þetta hafa verið veigamesta ástæðan fyrir því, að hugur manna hvarflaði meira til þess aðila, sem á fyrsta tug aldarinnar hóf samkeppni hér í siglingum, þar sem hann var Íslendingur og þess því að vænta, að hann mundi frekar skilja þarfir og óskir þjóðarinnar í sambandi við samgöngumálin, og því líklegri til þess að koma á umbótum þar, sem þeirra væri full þörf, og þetta reyndist einnig svo a. m. k. í fyrstu. Hann lét m. a. smíða tvö ný skip til strandferða hér og manna þau íslenzkum skipstjórum, sem skildu og töluðu tungu lands vors og þekktu hagi þjóðarinnar. Þóttu þetta miklar umbætur, en þessi skip voru hér skamma stund.

Árið 1914 er hér aðeins eitt skip í strandferðum og það á allan hátt mjög ófullkomið, og þá brýtur þjóðin blað í þróunarsögu samgöngu- og siglingamálanna. Eimskipafélag Íslands hefur þá verið stofnað, og því er ætlað það hlutverk að sjá þjóðinni fyrir samgöngum á milli landa og umhverfis landið með íslenzkum skipum undir íslenzkri stjórn og með íslenzku starfsliði. Hroki erlendra yfirmanna í strandsiglingum er gerður landrækur, minnimáttarkennd Íslendinga er þurrkuð út, og þjóðin er öll sammála um, að nýir og stórir sigrar skuli vinnast undir fána Eimskipafélagsins í baráttunni fyrir umbótum í samgöngumálum, sem þjóðin er nú í fyrsta skipti að taka að fullu í sínar hendur. Mikilvægum og langþráðum áfanga er náð. Eimskipafélagið hefur samið um tvö ný og glæsileg skip, og þau hefja bæði göngu sína á fyrri hluta ársins 1915. Báðum þessum skipum var að vísu ætlað að taka upp samgöngur á milli landa, en þó eru öðru skipinu jafnframt ætlaðar strandferðir fyrir Suður- og Vesturlandi, en hinu fyrir Austur- og Norðurlandi. Fyrri heimsstyrjöldin hafði þá skollið yfir með öllum þeim truflunum í samgöngum, sem henni fylgdu, bæði hér á landi og milli landa. Skipin urðu því næstum frá byrjun að sinna meira þeim verkefnum að flytja vörur að og frá landinu, þótt þau jafnan önnuðust einnig hitt, að dreifa þeim umhverfis landið og safna saman þar útflutningsvörunni til útflutnings.

Ég átti sjálfur þess kost að vera áheyrandi og áhorfandi að móttökum annars þessara nýju skipa Eimskipafélagsins, er það í fyrsta skipti kom á hafnir austan- og norðanlands. Það mun seint gleymast þeim, sem þess áttu kost að vera þar viðstaddir, hversu almenn og takmarkalaus gleði fólksins var yfir þessu nýja skipi, „skipinu okkar“ eins og fólkið kallaði það, skipinu,

sem var að skapa þessu fólki nýja möguleika til þess að sigrast á erfiðleikunum, sem einangrunin hafði leitt það í.

Að áliðnu því sama ári tapaðist þetta glæsilega skip. Með þessu var skotið á frest þeim framkvæmdum að láta Eimskipafélagið annast allar ferðir, jafnt strandferðir sem millilandaferðir. Það var enginn hægðarleikur á þeim árum að kaupa ný og hentug skip í ferðirnar, og Eimskipafélagið varð eins og þá stóð á að nota vátryggingarfé hins tapaða skips til þess að kaupa fyrir það vöruflutningaskip, er fyrst og fremst gæti annazt flutningana á vörum að og frá landinu. Félagið hafði þá eigi heldur fjárhagslegt bolmagn til þess að kaupa nema þetta eina skip, og þá er það, að ríkissjóður kemur til skjalanna og ræðst í að kaupa skip til strandferða. Eins og áður er tekið fram, var ekki úr miklu að velja, er kaupa skyldi skip á þeim árum. Þó tókst að fá skip, sem hentaði að mörgu leyti vel í ferðirnar, en var hins vegar orðið gamalt, hafði þá verið hér í ferðum yfir tug ára. Var hér raunverulega um neyðarúrræði að ræða til þess að bæta úr mjög aðkallandi þörf. Var Eimskipafélaginu falinn allur rekstur á skipinu fyrir hönd ríkissjóðs í stað þess þá þegar að semja um það, að félagið tæki að sér ferðirnar gegn ákveðnu framlagi frá ríkissjóði eins og áður hafði verið gert.

Þetta skip tapaðist einnig eftir fá ár og hafði þá um langt tímabil þjónað íslenzkum hagsmunum. Vátryggingarupphæð þessa skips var þá notuð til þess að láta smíða fyrir það nýtt strandferðaskip, er kom heim um sumarmálin 1923. Var hér um að ræða mjög hentugt og gott skip, er bætti verulega úr þörfum landsmanna í sambandi við strandferðirnar. Útgerðarstjórn þessa skips annaðist Eimskipafélagið allt til ársins 1929, að Skipaútgerð ríkisins er illu heilli sett á stofn. Er því enn brotið blað í þróunarsögu strandferðamálanna á Íslandi.

Eitt með fyrstu verkum Skipaútgerðarinnar er að kaupa annað skip í strandferðirnar. Þá er málum svo komið í heiminum, að fullt jafnvægi hefur komizt á allt verðlag eftir heimsófriðinn, sem lauk 1918. Allar skipasmíðastöðvar í Evrópu hrópa á nýjar pantanir og meiri vinnu, og aldrei hefði verið auðveldara en þá að fá smíðað nýtt og gott skip, ódýrt og með hagkvæmum lánskjörum. Nýjum, góðum og hentugum skipum er þá lagt upp vegna kreppu, sem skollið hafði yfir, og boðin til sölu fyrir minna en helming verðs. En þá er keyptur nærri hálfrar aldar gamall kláfur, sem enginn vildi nota og engin skilyrði hafði til þess að uppfylla þær kröfur, sem gerðar voru til strandsiglinga. Með þessu var stigið spor meira en 30 ár aftur í tímann í strandferðasamgöngumálunum. Fyrir sjálfsagða og réttmæta gagnrýni á þessar gerðir neyðist Skipaútgerðin til þess að láta smíða nýtt og myndarlegt skip í strandferðirnar, sem kom hingað til landsins í byrjun síðari heimsstyrjaldarinnar, en þótt stærð og fyrirkomulag og hraði og þægindi væri allt með ágætum, þá þurfti endilega sú slysni að henda, að styrkleiki skipsins svaraði á engan hátt til þess, sem mestar kröfur eru gerðar til skipa, er sigla á vetrarferðum um Atlantshafið. Hefur það orðið til þess, að bæði viðhaldskostnaður og vátrygging hefur orðið mörgum sinnum kostnaðarsamari en þörf var á, ef skipið hefði verið traust og vel byggt. Völdu ráðamenn þann kost að láta smíða skipið samkvæmt fyrirmælum brezku skipaskoðunarinnar í stað þess að láta smíða það samkvæmt reglum hins heimsfræga Lloyd's Register of Shipping, sem er elzta, merkasta og öruggasta skipaflokkunarfélag í heimi, enda öll hin vönduðustu skip smíðuð eftir þeim reglum og undir þeirra eftirliti.

Áður en þetta nýja og glæsilega skip kemur heim, hafði það óheillaspor verið stigið, að Esja, sem smíðuð var 1923, var seld úr landi, en gamla hróinu, Súðinni, haldið og eytt í hana árlega fúlgum, sem námu allt að verði nýs skips af heppilegri stærð og gerð.

Þegar hér er komið málum, getur Alþingi ekki lengur látið mál þetta afskiptalaust. Það er kaldhæðni örlaganna, að fyrrverandi þm. og ráðh., Jónas Jónsson, sem allra manna mestan þátt átti í því að koma Skipaútgerð ríkisins af stað og um langan aldur valdi sér það illa hlutverk að verja allar gerðir hennar, illar og góðar, og taldi sig jafnan sjálfkjörinn verndara hennar, gerist nú fyrsti flm. að till. um, að sérstakri nefnd manna skuli falið að skipuleggja strandferðirnar og gera till. um það, hvernig þeim megi bezt koma fyrir. Margra ára reynsla forustumanna útgerðarinnar á þessu sviði var nú ekki lengur einhlít og óskeikul. Þingið féllst á þessa till. N. var skipuð og lagði fram mikla vinnu og fékk miklar upplýsingar og komst að sameiginlegri niðurstöðu um framtíðarskipun strandsiglinganna. Að sjálfsögðu var forstjóri Skipaútgerðarinnar skipaður formaður n. Hann einn nefndarmanna átti að hafa víðtæka og óbrigðula þekkingu á málinu, og því hefði mátt vænta þess, að hinir aðrir nm. yrðu honum sammála um flest þau atriði, sem ræða þurfti í þessu máli. En niðurstaðan varð allt önnur. N., sem skipuð var 4 mönnum, einum frá hverjum stjórnmálaflokki, varð eftir mjög ýtarlega athugun sammála aðeins um tvennt:

1) Að frumskilyrði fyrir hagkvæmum rekstri strandsiglinganna, sem hvort tveggja í senn gæfu þegnum landsins bezta og öruggasta þjónustu og kostuðu minnst útgjöld, væri, að allar strandsiglingar yrðu framvegis starfræktar af einum aðila, en ekki af mörgum, eins og jafnan hafði átt sér stað. Kæmi hér svo ótal margt til greina, sem spara mætti í rekstrinum, ef að því yrði horfið, og þá fyrst, er svo væri komið, mætti skipuleggja öruggar siglingar á hverja höfn, eftir því sem landsmönnum hentaði bezt.

2) Að skipakostur sá, sem Skipaútgerðin þá réði yfir, væri gersamlega ófullnægjandi og útilokað að fullnægja á viðunandi hátt þörfum fólksins með þeim skipakosti, sem hún hafði þá yfir að ráða, en það voru þau skip, sem hér skal greina:

a) Esja, sem eins og áður er sagt var mjög heppilegt skip til strandsiglinga og þá gaf nokkurn arð í strandferðum vegna yfirburða, miðað við þau önnur skip, sem notuð voru.

b) Súðin, sem eins og áður hefur verið lýst var frá upphafi ófær með öllu í þessar ferðir, en stórkostlegur rekstrarhalli á henni á hverju ári.

c) Alls konar leigubátar, sem kostaði mjög stórar fjárfúlgur fyrir ríkissjóð að starfrækja, en gáfu enga viðunandi þjónustu á móti og ekkert öryggi, hvorki í sambandi við flutning á fólki né vörum, og voru beinlínis útgerðinni til tjóns og vansa í slíkum ferðum.

Eins og ég gat um að framan, var enginn ágreiningur um þessar staðreyndir, enda ógerlegt að komast hjá því að viðurkenna þær, en lengra náði samkomulag n. ekki. Þegar hún skilar áliti, er hún þríklofin. Formaður n. skilaði séráliti. Lagði hann til, að strandferðirnar fengju til yfirráða 2 skip af sömu stærð og gerð og Esja, einn bát 300 smál., 3 báta 250 smál., 2 báta 150 smál., 1 bát 80—100 smál. og 1 bát 50—60 smál., eða alls 10 skip. Flota þennan allan átti ríkissjóður að eiga og gera út á sinn kostnað. Til þess að tryggja þessum skipakosti nægileg störf og nægar tekjur, skyldi koma upp umhleðsluhöfnum á nokkrum stöðum og öllum vörum, sem fluttar eru til landsins, skipað þar upp, og væri millilandaskipunum bannað að losa þær á öðrum stöðum á landinu. Síðan skyldu strandferðaskipin flytja þær á milli viðtökustaðanna. Á sama hátt skyldu þau safna allri útflutningsvöru til umhleðsluhafnanna, þar sem millilandaskipin, sem ekki máttu sigla á aðrar hafnir, skyldu taka við til útflutnings. Á þessar tillögur vildi enginn hinna nefndarmannanna fallast. Töldu þeir þær mundu hafa í för með sér allt í senn, óþarfan umhleðslukostnað, sem oft væri unnt að komast hjá, of mikinn kostnað og fjárfestingu fyrir ríkissjóð og skerðingu á rétti þess aðila, sem um 30 ára skeið hafði innt af hendi það þjóðnytjastarf að sjá landsmönnum fyrir samgöngum á milli landa, m. a. í tveimur heimsstyrjöldum, og flutt auk þess fólk og vörur umhverfis landið í stórum stíl, allt ríkissjóði svo til að kostnaðarlausu.

Till. gerði form. n. einnig um byrjunarframkvæmdir, en þær voru, að smíðað yrði svo fljótt sem unnt væri eitt skip líkt og Esja, og tveir bátar, 250 lesta hvor. Skyldu þessi skip öll notuð eingöngu til strandferða, en gömlu Súðinni þá jafnframt fargað. Lagði formaður fram áætlun yfir rekstur þessara skipa, miðaða við flutningsþörfina, eins og hún hafði verið mörg undanfarin ár, og við þá reynslu, sem fengizt hafði af rekstri Esju. Liggja fyrir hér þessar tillögur, eins og sjá má í þskj. frá 1945, en það var gert ráð fyrir, að rekstrartap á tveimur skipum eins og Esju og einum 300 smál. bát yrði ekki nema 1,2 millj. kr., og var gert ráð fyrir, að bæði skipin, Esja og Hekla, mundu standa nokkurn veginn undir rekstrarkostnaðinum. Í þessum málum gerðu einnig þeir Jón Axel Pétursson og Arnfinnur Jónsson, sem voru í n., sérstakar tillögur, og eins og ég gat um áðan, voru þeir sammála um, að strandferðirnar ættu allar að vera á einni hendi, og segja hér m. a. í sínu áliti, með leyfi hæstv. forseta:

„Ræður þar mestu um ónógur og óhentugur skipakostur og skipulagsleysi á strandferðum yfirleitt, að rekstrarhagurinn hefur verið svo sem raun ber vitni um.“

Eftir að þessar till. allar lágu fyrir, þótti ríkisstj. og Alþ. rétt að fallast á hina sameiginlegu till. n. að láta smíða eitt skip af líkri gerð og Esju og tvo báta um 250 smál. hvorn. Var þetta gert. En þá vill svo illa til, að þótt við smíði stærra skipsins sé gætt að fullu að notfæra sér fram komnar nýjungar í tækni og enn betur sé gengið frá gerð og fyrirkomulagi en verið hafði á Esjunni, þá er skipið sjálft byggt undir sama flokkunarfélag og Esja og jafnótraust, en það skapar aftur miklu dýrara viðhald og hærra vátryggingargjald, eins og ég hef áður bent á. Þessi sama skyssa er gerð í sambandi við smíði bátanna, enda er það engin nýlunda að sjá annan þeirra eða báða undir stórfelldum viðgerðum á dráttarbrautum, beinlínis vegna þess, hversu skipin eru veikbyggð.

Þykir mér nú rétt að bera saman nokkuð rekstraráætlun þá, sem gerð var af forstjóra Skipaútgerðarinnar, við rekstur skipanna, þegar skipakosturinn hafði verið endurnýjaður á þann hátt, sem allir nm. voru sammála um. Þá lá fyrir, eins og ég sagði áðan, að rekstrarhalli þessara skipa mundi verða um 1,2 millj. kr. á ári, og var þá gert ráð fyrir, að um 200 þús. kr. rekstrarhalli yrði á hvorum 250 smál. bátnum, en reynslan hefur sýnt, að árið 1949 — en þá voru öll skipin komin til starfa — er hallinn 3,8 millj. auk tæplega 900 þús. króna styrks til flóabáta, en það var ætlunin 1945, þegar gengið var frá þessum tillögum, að með því að koma upp hinum minni bátum, 250 tonna bátunum, mundi draga allverulega úr kostnaði við flóabátana, eða jafnvel leggja þá niður, þegar allir bátarnir væru komnir til starfa. 1950 er hallinn 3,9 millj. auk tæplega 1 millj. kr. til flóabáta, 1951 er hann 5,8 millj. auk flóabátastyrksins, 1952 er talið, að afkoman verði engu betri, og sama má segja um yfirstandandi ár. Eru öll líkindi til þess, að hallinn verði hár á yfirstandandi ári, eitthvað um 6 millj. kr., eftir þeim skjölum, sem fyrir liggja.

Til þess að draga eitthvað úr þessum gífurlega kostnaði hefur verið gripið til þess neyðarúrræðis að senda Heklu í Skotlandsferðir og taka hana frá þeirri þjónustu, sem henni var ætluð, og við það skapaðist gersamlega óþolandi ástand í samgöngumálunum umhverfis landið, og þó hefur einnig orðið allmikill halli á þeim ferðum. Var þá horfið að því að senda hana til suðrænni landa. Gaf það í byrjun nokkurn ágóða, og má þá búast við, að eftir því sem hallinn eykst á strandferðunum, verði Hekla og e. t. v. einnig Esja sendar því lengra frá skyldustörfunum.

Þetta er nú eitthvað annað en loforðin, sem gefin voru, þegar ákveðið var að smíða skipin. Og hvernig er þá hið núverandi ástand í þessum málum? Strandferðirnar hafa yfir að ráða tveimur ágætum skipum, eins og ég hef lýst, og tveimur strandferðabátum, sem öll eru byggð af nýjustu gerð. Hún hefur einnig yfir að ráða ýmsum öðrum fleytum, sem hún leigir til ýmissa ferða meðfram landinu og enn þá eru þannig, að þau eru ekki hæf í ferðirnar. En samt sem

áður er engin trygging fyrir ábyggilegum ferðum, sem fólkið má treysta. Skipin eru tekin, eins og ég lýsti áðan, út úr ferðunum til þess að hafa í millilandasiglingum, og þá er ástandið þannig í strandferðunum, að það er ekki nema eitt skip, sem verður að fara í hraðferðirnar. Það fer venjulega frá Reykjavík til Norðurlandsins. Öll rúm og allir farmiðar eru uppseld, svo að fólk frá öllu svæðinu frá Reykjavík til Akureyrar er svo að segja útilokað frá að ferðast með skipunum og er á þann hátt neytt til þess að ferðast með öðrum samgöngutækjum. Hefur þetta sérstaklega komið fram á s. l. sumri og sumrinu þar áður og mjög miklar umkvartanir komið um þessi mál frá öllum þeim íbúum, sem búa á Vesturlandinu, hversu sé algerlega óþolandi það ásigkomulag, sem er í strandferðamálunum á þessu sviði. En ríkissjóður leggur þessum fyrirtækjum til hvorki meira né minna en 6—7 millj. kr., eins og ég hef bent á.

Nú hafa komið fram nýjar kröfur frá Skipaútgerðinni um stórkostlegar fjárfestingar og fjárframlög til þess að byggja vöruskemmur hér í Reykjavík, sem munu kosta ekki minna en 4 eða yfir 4 millj. kr., og hefur verið sótt mjög fast á fjvn. annars vegar og fjárhagsráð hins vegar um að mæta þessum kröfum. Það er því eðlilegt, að það sé spurt: Er þetta eðlilegt? Er þetta allt þjónusta, sem hér er látin í té? Eru flutningarnir ódýrari? Eru fargjöldin ódýrari, og er gætt hér hagsýni á öllum sviðum?

Ég vil sem svar við þessum fyrirspurnum lesa hér upp nokkur gögn, sem eru bezta sönnunin fyrir því, að hér þurfi ýmissa umbóta við. Ég vil m. a. benda á, að í rekstri útgerðarinnar árið 1951 hefur verið greitt hvorki meira né minna en 2 millj. kr. í yfirvinnu við rekstur skipanna. Hér byrjar m. a. skrifstofustjórinn í Reykjavík með 4650 kr. í yfirvinnu, aðalbókarinn með 2760 og afgreiðslustjórinn með 15461 kr. Annar afgreiðslumaður er með 2298, og gjaldkerinn með 870, bókarinn með 4752, annar bókari með 2714 og svo þriðji bókari með 9514 og enn bókari með 5733, og enn er bókari með 2340 og enn bókari með 1459, og allt er þetta fólk, sem fært er upp á fullum launum fyrir utan þær tölur, sem ég hef hér lesið upp. Svo er enn bókari hér með 2775 og enn með 743 og enn annar bókari með 6497, en öll þessi eftirvinna hér á sjálfri skrifstofunni nemur rúmum 60 þús. kr. Er sýnilegt, að hér er haldið þannig á starfskröftum, að einskis hófs er gætt í launagreiðslum. Við fyrirspurnum frá fjvn. í sambandi við þessi atriði hafa fengizt þau svör frá forráðamönnum, að hér sé ekki hægt að spyrna við fótum, vegna þess að hér sé farið, bæði í sambandi við skrifstofuna og þó einkum og sér í lagi á skipunum, eftir reglum, sem gilda hjá Eimskipafélaginu, og það sé þess vegna mjög erfitt fyrir þessa stofnun að fara þar inn á nýjar brautir. Fjvn. eða ég sem formaður hennar hef ekki haft tækifæri til þess að sannprófa, hve mikið rétt er í því, en hitt er ljóst, að væri það rétt, sem ég skal út af fyrir sig ekkert efa á þessu stigi málsins, þá er því meiri ástæða til að færa þessa starfsemi beint undir þá stofnun, sem skapar þær reglur, að þessi starfsemi getur ekki sýnt fulla hagsýni í rekstrinum. Mætti þá vera, að þar yrðu einhverjar umbætur í sambandi við þeirra reglur síðar meir, þegar þeir fengju að glíma við þá örðugleika, sem strandferðirnar skapa.

Þegar svo komið er að skipverjum, þá eru fyrstu stýrimenn með 3630 kr. í eftirvinnu, aðrir stýrimenn með 9147 og þriðju stýrimenn með 5418 og svo loftskeytamenn með 3700, annar vélstjóri og þriðji vélstjóri með 4883. Svo koma smyrjarar. Þeir eru með 14498 kr. báðir, sex hásetar með 27126 kr., tveir viðvaningar með 80 þús. kr. í eftirvinnu saman, 40 þús. kr. hvor, matsveinn með 8236 kr., annar matsveinn með 8625 kr., þriðji með 8000 kr., búrmaður með 8864 kr. í eftirvinnu, annar búrmaður með 8600 kr., 11 þjónar með 64800 kr. í yfirvinnu, 4 þernur með 26096 kr. í yfirvinnu, bátsmaður með 20236 kr. í yfirvinnu og timburmaður með 14165 kr.

Þetta, sem ég hef lesið hér upp, er nú aðeins á einu skipinu. Ég nenni ekki að þreyta hv. deild með því að lesa upp fleiri tölur, sem mjög eru sambærilegar á hinum öðrum skipum, og tel, að þetta sýni, að rekstur Skipaútgerðarinnar er svo, hvað hagsýni snertir, fyrir neðan allar hellur, að það eitt út af fyrir sig væri nægjanlegt til þess að leggja ferðirnar niður, eins og ég hef lagt til hér í mínum till. Ég á við þá skipulagsbreytingu, sem ég hef talað um.

Eins og ég gat um áðan, þá bjóst ég við, að áætlun um kostnað á yfirstandandi ári mundi verða um 6 millj. kr. Hér er áætlun frá sjálfri Skipaútgerðinni, sem send hefur verið Alþ., og er þar gert ráð fyrir 5992000 kr. í rekstrarkostnað á ári. En að sjálfsögðu er ekki hægt og ekki unnt að gera ráð fyrir ýmsum öðrum útgjaldaliðum, enda hefur það alltaf verið svo, að reksturinn hefur orðið hærri en áætlanir hafa reynzt og áætlanir hafa verið gerðar, og má því búast við, að þessi kostnaður verði, eins og ég sagði áðan, yfir 6 millj. kr. á þessu ári og fer enda alltaf síhækkandi.

Nú vil ég í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að þegar Sjálfstfl. myndaði hér stjórn á árinu 1949, þar til núverandi hæstv. ríkisstj. tók við, þá var það eitt af verkum þáverandi samgmrh. að láta gera á því athugun, hvaða möguleikar væru til þess að koma á hagfelldari rekstri í Skipaútgerð ríkisins. Hann skipaði þá tvo vel hæfa menn til þess að athuga öll gögn hjá stofnuninni og gera till. um umbætur, ef það sýndi sig, að það væri ástæða til, en þessir menn höfðu ekki unnið þar nema örskamma stund, þegar núverandi hæstv. ríkisstj. var stofnuð og hæstv. núverandi (Gripið fram í.) — varla byrjaðir, rétt aðeins komnir í stofnunina til þess að tilkynna sig og láta vita, hvað verk þeirra væri, þegar núverandi hæstv. samgmrh. breytti hér til um og fyrirskipaði, að slík rannsókn eða athugun skyldi ekki fara fram. Hvað var á bak við slíka fyrirskipun? Hvað stóð á bak við hana? Var það hræðsla um það, að eitthvað kæmi upp í stofnuninni, sem ekki mætti sjást og ekki mætti vitnast, eða var það fullvissa hæstv. ráðh. um það, að þessi stofnun væri svo vel rekin, að það væri engu þar hægt að

umþoka til bóta, og ef svo var, hvers vegna mátti þjóðin þá ekki fá að vita það til þess að hafa það til fyrirmyndar í sambandi við annan rekstur? Þau gögn, sem ég hef bent hér á og lesið upp úr, benda ekki til þess, að það hafi verið meginástæðan. Það hefur verið eitthvað annað, sem vakti fyrir hæstv. ráðh. og hans ágæta flokki hér á Alþ. en fullvissan um, að ekkert væri hægt að bæta um í stofnuninni, að þessari rannsókn var hætt, sem þó var búið að fyrirskipa, að gera skyldi í stofnuninni.

Ég vil í sambandi við þetta einnig leyfa mér að benda á, að á þessu sama tímabili var látin fara fram rannsókn á rekstri sérleyfisbifreiða hjá póstinum, sem reknar höfðu verið um nokkurt skeið með stórkostlegu tjóni fyrir ríkissjóð. Og það höfðu á hverju ári í sambandi við afgreiðslu fjárlaga verið teknar upp samræður, sumpart við forstjóra þessarar stofnunar, við framkvæmdastjóra eða fulltrúa, sem falið var sérstaklega að sjá um þennan rekstur, og við viðkomandi þáverandi hæstv. ráðh., sem hafði yfirstjórn með þessum fyrirtækjum, hvort ekki væri hægt að gera hér einhverjar endurbætur á. Og þar komu þá fram alveg nákvæmlega sömu rökin eins og jafnan hafa komið fram frá Skipaútgerð ríkisins og frá þeim hæstv. ráðh., sem ber ábyrgð á þeim rekstri, að það sé engin leið að þoka þar neinu um til bóta, og það hefur enda verið gengið svo langt, að það sé engin ástæða til þess að láta fara fram á því neina athugun, eins og ég hef þegar skýrt frá. En þegar sams konar athugun var gerð á sérleyfisrekstrinum, þá kom þar einmitt í ljós, að það var svo mikið sleifarlag á þessum rekstri, að það þótti alveg sjálfsagður hlutur að leggja hann niður, og það datt engum lifandi manni í hug að standa á móti því. Fyrir þessar aðgerðir Sjálfstfl. á þeim tíma, sem gerðar voru beinlínis gegn mótmælum frá þeim mönnum, sem fyrr höfðu borið á þessu ábyrgð og fullyrtu jafnan við Alþ. og þjóðina, að hér væri allt í bezta lagi, var þetta fyrirtæki lagt niður til stórkostlegs hagnaðar fyrir ríkissjóðinn, þannig að hann losnaði við alla fjárfestingu í sambandi við það, sem var orðin milljónir, hann losnaði við allan rekstrarhallann, sem einnig var orðinn margar milljónir, og það, sem betra var, það var gefin miklu betri þjónusta til fólksins, eftir að það hafði verið skipt um aðila til rekstrarins. Ég hygg, að þetta séu nokkuð sterk rök fyrir því, að það sama eigi að ske hér í sambandi við strandferðirnar, á meðan ástandið er ekki betra en það er, eins og ég hér hef lýst.

Ég sé í dag, að aðalmálgagn Framsfl., Tíminn, sem alltaf er nú tilbúinn til þess að segja sannleikann um mig persónulega, heldur því fram mjög eindregið, að ef þetta frv. mitt verði samþ., þá sé verið að gefa fjársterkum einstaklingi stórkostlegar gjafir, margar milljónir eða tugi milljóna að verðmæti. Nú vil ég spyrja: Er það gjöf, ef hægt er að ná samkomulagi við Eimskipafélagið um að létta 6 millj. kr. byrði af ríkissjóði og skuldbinda sig í 25 ár til þess að reka þessar ferðir án nokkurs annars en að fá þau auðæfi eða þau verðmæti, sem Ríkisskip nú á eða hefur yfir að ráða, — sem vel mætti segja að væru eftir bókfærðu eignarverði allt að kannske 15 millj. kr., — væri það mikil gjöf, ef hægt væri að koma á slíkum samningum? Ég held, að það væri ákaflega mikil gjöf til þjóðarinnar, ef Eimskipafélagið vildi taka að sér að starfrækja í einn fjórðung aldar ferðir kringum landið, sem betur yrðu leystar af hendi heldur en strandferðirnar hafa verið nú samkvæmt reynslu undanfarinna ára, eins og ég þegar hef lýst, — ef þeir vildu taka það að sér að gera það, þótt þeir í eitt skipti fyrir öll fengju þessi verðmæti til þess að ná þeim samningum. Ég skil ekki þá reikningslist þeirra manna, sem geta haldið fram með nokkrum rökum, að hér sé um að ræða óhag fyrir ríkissjóð.

Ég skal svo ekki ræða þetta mál hér nánar. Ég þykist hafa gert fulla grein fyrir þeirri svo mjög aðkallandi þörf, að hér séu gerðar umbætur á, — vildi þó aðeins, áður en ég lýk máli mínu, leyfa mér að benda á, að jafnvel þykir sjálfsagt í þessari stofnun í dag og hefur þótt um margra ára skeið að hafa ekki nema einn endurskoðanda, sem hefur haft þetta fyrir aukastarf og hefur verið fastur starfsmaður ríkisstofnunarinnar allt sitt líf. Ég ber engar brigður á það, að slíkur maður hafi ekki gert það eins vel og honum hefur verið unnt, en hvergi annars staðar mundi það þykja öryggi að hafa aðeins einn endurskoðanda í fyrirtæki, sem veltir jafnmörgum milljónum og hér er um að ræða, en einnig það þykir sjálfsagt hjá þeim mönnum, sem bera ábyrgð á þessari stofnun, svo að oftrú þeirra á rekstri stofnunarinnar er ekki lítil.

Ég vil, eftir að þessari umr. er lokið, mega leggja til við hæstv. forseta, að málinu verði vísað til 2. umr. og til hv. samgmn. Það kynni að vísu að geta einnig heyrt undir hv. fjhn., þar sem um er að ræða afhendingu verðmæta, ef frv. yrði samþ., en ég vil ekki gera þá till., vegna þess að ég vil ekki brjóta þá meginreglu, sem hér hefur verið haldin, að slík mál færu til samgmn., treysti hins vegar hv. formanni n. til að fá málið afgreitt eins fljótt og hægt er, því þótt nú sé liðið nokkuð á þingtímann, þá tel ég samt, að hér sé um svo stórkostlegt mál að ræða, að það sé vel þess virði annaðhvort að halda um það aukafundi eða lengja þing nokkra daga, ef hægt væri að koma þessu máli í höfn eins og til er ætlazt með frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

68. Kirkjubyggingasjóður.

Á 59. fundi í Ed., 30. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um kirkjubyggingasjóð [212. mál] (þmfrv., A. 652).

Á sama fundi og 62. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 64. fundi í Ed., 3. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Ég hafði nú hugsað mér að fara nokkrum orðum um þetta frv., um leið og ég lýsti því, en hæstv. forseti hefur óskað eftir því, að framsöguræðan taki ekki langan tíma. Ég sé nú ekki samt annað en að ég verði að fara nokkrum orðum um málið, en ég skal reyna að stytta það eftir því, sem ég hef möguleika til.

Í stjórnarskrá íslenzka lýðveldisins segir svo í 62. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda."

Í samræmi við þetta greiðir íslenzka ríkið prestum þjóðkirkjunnar laun, kostar biskupsembættið og fleira, sem þeim málum tilheyrir. Og allar þær greiðslur, sem íslenzka ríkið greiðir nú til kirkjumála samkv. fjárlögum þessa árs, eru tæpar 6 millj. kr. Ekkert af þessu fé fer til kirkjubygginga af þeirri einföldu ástæðu, að ríkisvaldið, sem samkv. stjórnarskránni skal þó vernda og styðja þjóðkirkjuna, hefur engin afskipti af kirkjum, byggingu þeirra eða viðhaldi. Það viðfangsefni er fengið söfnuðum landsins, sem í langflestum tilfellum eru eigendur kirknanna nú orðið. Það er hverjum söfnuði skylt að hafa guðsþjónustuhús innan sóknarinnar, þar sem guðsþjónustur geta farið fram og önnur kirkjuleg starfsemi. Þessir hópar manna, söfnuðir, eru mismannmargir um allt land, en hafa þó þá skyldu á herðum að eiga að halda við og byggja kirkjur. Safnaðarmeðlimir eru allir þeir, ungir og gamlir, sem lögheimili eiga í viðkomandi sókn og tilheyra hinni íslenzku þjóðkirkju, en gjaldskyldir til kirkju sinnar eru þeir, sem náð hafa 16 ára aldri og ekki eru eldri en 67 ára. Gjald það, sem hver gjaldskyldur einstaklingur greiðir til kirkjunnar, ákveður ríkisvaldið. Það fer ekki eftir þörfum kirkjunnar á hverjum stað, heldur er það fyrir fram ákveðið með lögum, og ef það ekki nægir til rekstrar og viðhalds kirkjunnar eða til greiðslu þess kostnaðar, sem af hinni kirkjulegu starfsemi leiðir í sókninni, hefur sóknarnefnd heimild til að innheimta hundraðsgjald af útsvörum sóknarmanna, en undanskildir þeirri útsvarsgreiðslu eru þó allir ópersónulegir aðilar og útsvarsgreiðendur, félög og fyrirtæki, og dregur það mikið úr gildi þessarar heimildar. En þó er hún til bóta, þegar í vandræði er komið.

Samkvæmt því, sem ég hef nú drepið á, er þetta staðreynd: Ríkisvaldið viðurkennir og heitir að styðja hina íslenzku þjóðkirkju, og þetta er staðfest með stjórnarskrárákvæði, enda greiðir ríkið prestum laun og sér þeim fyrir bústöðum að nokkru leyti. Kirkjuhúsin eru að öllu leyti falin umsjá söfnuðum landsins. Þeir eiga að byggja þau, halda þeim við og annast rekstur þeirra að öllu leyti, greiða starfsfólki safnaðarins laun, og er þetta allt saman töluverður kostnaður. Tekjur kirknanna, sóknargjöldin, eru ákveðnar með lögum án nokkurs tillits til fjárþarfa þeirra til viðhalds og rekstrar. En sóknarmenn hafa fulla heimild til að neita að greiða til kirkju sinnar, þurfa ekki annað en segja einfaldlega, að þeir séu ekki í þjóðkirkjunni, og gengur þá greiðsla þeirra til Háskóla Íslands. Sóknargjöldin voru samkv. lögum s. l. ár sem næst 20 kr. á ári. 20 kr. á ári eru ekki miklir peningar í dag. Það má benda á það, að maður, sem vinnur fyrir venjulegu verkamannakaupi, mun vera rúmar 83 mínútur að vinna fyrir þeirri upphæð, sem honum er gert að skyldu að greiða til kirkju sinnar á ári.

Af þessu, sem ég hef nú sagt, er ljóst, að tekjumöguleikar safnaða landsins eru ekki meiri en svo, að gott má telja, ef tekjurnar hrökkva til að greiða rekstrarkostnað við guðsþjónustuhald og venjulegt viðhald kirknanna. Ef um meiri kostnað er að ræða, t. d. byggingu nýrra kirkna, mikla viðgerð þeirra eða endurbyggingar, ber viðkomandi söfnuði upp á sker hvað fjárhaginn snertir. Fámennir söfnuðir ráða ekki við að byggja kirkjur, þótt þeir séu fullir áhuga á málefninu. Þetta er öllum þeim, sem þessum málum eru kunnugir, ljóst, og þeim er einnig ljóst, að úr þessu verður að bæta.

Þegar um kirkjubyggingar er að ræða, er hvergi lán að fá til byggingarinnar nema í hinum almenna kirkjusjóði, en lán þau, sem sjóðurinn veitir, eru mjög lág, miðað við byggingarkostnaðinn. Er þá ekki um annað fé að ræða, eins og nú standa sakir, en það, sem safnaðarfólk leggur sjálft af mörkum með frjálsum samskotum og margháttaðri vinnu og fyrirgreiðslu. En hvað góður sem viljinn er, hljóta efnin að ráða, og fámennir söfnuðir ráða ekki við málið. Verður þá ekki annað fyrir en að biðja ríkisvaldið um hjálp. Fer það nú mjög í vöxt, að söfnuðir leiti til Alþingis um styrki vegna kirkjubygginga, sem hv. alþm. sjá sér ekki fært að sinna. Vil ég benda á, að fyrir Alþ. því, sem nú hefur fyrir nokkrum dögum gengið frá fjárlögum fyrir yfirstandandi ár, þar sem gjöldin eru áætluð 422 millj. kr. eða nálægt því, lágu fyrir fjárbeiðnir frá fimm kirkjum um byggingarstyrk að upphæð samtals 210 þús. kr., sem ekki þótti nokkur leið að verða við. Mér dettur nú ekki í hug að halda því fram, að allir þeir hv. alþm., sem greiddu atkv. á móti fjárbeiðnum kirknanna í þetta sinn, hafi gert það vegna þess, að þeir séu á móti kirkju og kirkjulegri starfsemi í landinu, heldur mun það vera hitt, að þeir sjá, að þarna er vandamál á ferðinni, sem leysa verði á annan hátt en þann að veita fjárfúlgur hvert sinn, sem um er beðið. Með því væri gefið fordæmi, sem leitt gæti út

í öfgar, og skal viðurkennt, að þetta eru nokkur rök, þótt veikluleg séu og haldlítil.

Það frv., sem hér liggur fyrir, fer inn á nýjar leiðir í þessu vandamáli. Hér er gert ráð fyrir að stofna sjóð, sem ríkissjóður greiði til árlega 500 þús. kr. í næstu 20 ár. Sjóður þessi láni síðan eftir vissum reglum til kirkjubygginga á landinu vaxtalaus lán til 50 ára. Lánin veitast eftir stærð kirknanna, og gerir það hægara fyrir um áætlanir á lánsupphæðum. Þá er gert ráð fyrir, að kirkjur, sem endurbyggðar eru eða verulega viðgerð fá, geti einnig fengið lán úr sjóðnum. Verði frv. þetta að lögum, tekst ríkissjóður þá skyldu á hendur að greiða árlega í sjóðinn 500 þús. kr. í næstu 20 ár, eða samtals 10 millj. kr. Þyki einhverjum hv. alþm. þetta vera mikil upphæð, sem varið sé í þessu skyni, má benda þeim á það, sem ég minntist hér á áðan, að fyrir Alþ. lágu fjárbeiðnir frá fimm kirkjum um 210 þús. kr. frá öllum. Þessar beiðnir og miklu hærri berast áreiðanlega hv. Alþ. á næstu árum, ef ekkert verður að gert, — munu berast látlaust og í vaxandi mæli. Það er alveg víst, að hv. alþm., hverjir sem þeir verða á næstu árum, geta ekki til lengdar staðið á móti þessum réttmætu kröfum, sem koma frá þúsundum landsmanna úr fjölmörgum byggðum landsins. Með þessu frv. er stefnt að því að geta mætt þessum kröfum og beiðnum, sem ég nú hef minnzt á, — mætt þeim að fullu, án þess að ríkissjóður finni til útgjaldaaukans. Með samþykkt þessa frv. er stigið stórt spor í menningarátt, hinu áhugasama safnaðarfólki úti um byggðir landsins er rétt örvandi hönd til að halda við og hafa í heiðri hina gömlu menningarstofnun íslenzku þjóðarinnar, kirkjuna.

Þó að nú sé áliðið þings og þingi senn lokið, þykir mér betra að koma þessu máli af stað. Það er þó kynning á því, og hv. alþm., sem nú eiga von á því að tala við kjósendur sína um allt land á næsta sumri, fá tækifæri til þess að kynnast hug kjósenda sinna um þetta mál. Og ég er í litlum vafa um það, að það verða margir hv. kjósendur, sem ekki hafa á móti því, að þm. þeirra styðji að þessu máli. — Ég hefði viljað fara nokkru nánar út í frv., en ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Ég vísa til grg., sem með frv. er, og ég vil þá að lokum leyfa mér, herra forseti, að óska eftir, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 9:1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.